Aðalskráning fornleifa í sveitarfélaginu Ölfusi

Áfangaskýrsla I



Ritstjóri: Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Höfundar efnis: Birna Lárusdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Stefán Ólafsson, Uggi Ævarsson og Unnur Magnúsdóttir

Reykjavík 2015

FS536-12021

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

Forsíðumyndin er af Klöpp ÁR-554:007 sem var þurrabúð í landi Bjarnastaða. Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

© Fornleifastofnun Íslands 2015
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 5511047
Netfang: instarch@instarch.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur 4

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 6

3. Fornleifaskrá 8

ÁR-539 Efri-Grímslækur 10
ÁR-540 Ytri-Grímslækur 20
ÁR-544 Breiðabólsstaður 28
ÁR-545 Vindheimar 53
ÁR-546 Litlaland 56
ÁR-547 Hlíðarendi 71
ÁR-549 Nes 89
ÁR-550 Hjáleður 126
ÁR-551 Erta 130
ÁR-552 Bartakot 132
ÁR-553 Þórðarkot 134
ÁR-554 Bjarnastaðir 138
ÁR-555 Beggakot 157
ÁR-556 Gata 163
ÁR-557 Þorkelsgerði 170
ÁR-557b Eima 193
ÁR-558 Torfabær 200
ÁR-559 Vogsósar 210
ÁR-559b Strönd 226
ÁR-560 Hlíð 240
ÁR-561 Stakkavík 251
ÁR-720 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Ölfushreppi 269
ÁR-731 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Selvogshreppi 271

4. Fornleifar og byggð í Selvogi 273

5. Niðurstöður 299

Heimildaskrá: 306

Viðauki I: Hnitaskrá í ISN93 311

Viðauki II: Örnefnakort Ingólfs Einarssonar 322

Viðauki III: Minjakort 326

1. Inngangur

Á vordögum 2012 gerðu Fornleifastofnun Íslands ses. og Sveitarfélagið Ölfus með sér samning um fornleifaskráningu á þekktum minjastöðum innan sveitarfélagsins. Í upphafi verks var áætlað að ríflega 1200 fornleifar væru óskráðar í sveitarfélaginu en áður höfðu um 500 fornleifar verið skráðar á völdum svæðum innan sveitarfélagsins. Ástæður fyrri skráninga voru af ýmsum toga, þó var oftast um að ræða skráningu á afmörkuðum reitum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Ekki var talin þörf á að heimsækja þessa minjastaði aftur og því var ákveðið að Fornleifastofnun kannaði einungis þá staði sem ekki höfðu verið rannsakaðir áður. Samningurinn gerir ráð fyrir að minjarnar verði skráðar á sex árum, eða um 200 fornleifar á ári. Gert var ráð fyrir að gefnar yrðu út þrjár skýrslur og að í hverri þeirra yrði að finna niðurstöður tveggja skráningaráfanga. Hér getur að líta fyrstu skýrsluna sem greinir frá niðurstöðum tveggja fyrstu skráningaráfanganna, sumrin 2012 og 2013.

Vorið 2012 hófst skráningin í Ölfusi. Hafist var handa á vesturhluta hins forna Selvogshrepps og voru skráðar allar þekktar minjar á eftirtöldum jörðum: Nes, Stóra Leður, Erta, Bartakot, Þórðarkot, Bjarnastaðir, Beggakot, Gata, Þorkelsgerði, Eima og Torfabær. Samtals fundust þar 261 minjastaðir auk fjögurra fornleifa sem töldust vera á fleiri en einni



Mynd 1. Afmörkun skráningarsvæðisins 2012-2013.

jörð (aðallega leiðir). Áður höfðu nokkrir minjastaðir verið skráðir innan jarðarinnar Ness í

tengslum við fyrirhugðaðar framkvæmdir og fornleifaskráning gerð á jörðum Strandakirkju, þ.e. Strönd, Vogsósum, Stakkavík og Hlíð.[1] Fornleifaskráningu í hinum forna Selvogshreppi er því lokið að Herdísarvík undanskilinni. Síðla sumars árið 2013 var skráningunni haldið áfram í gamla Ölfushreppi. Ákveðið var að halda áfram skráningu frá Selvoginum og láta landfræðilega legu jarðanna ráða ferðinni. Að þessu sinni voru skráðar jarðirnar Litlaland, Breiðabólstaður, Vindheimar, Efri- og Ytri-Grímsstaðir auk fornleifa á fleiri en einni jörð. Samtals voru skráðir 135 minjastaðir og hafa þá samtals verið skráðir 400 minjastaðir í fyrstu tveimur áföngum skráningarinnar. Á því svæði sem tekið var út sumarið 2013 höfðu áður verið skráðir 10 minjastaðir auk þess sem aðalskráningu var lokið á Hlíðarenda árið 2011.[2]

Við skýrslugerð var ákveðið að láta fylgja með upplýsingar um þau svæði sem höfðu verið skráð enda handhægt að hafa allar upplýsingar á sama stað. Samtals eru því upplýsingar um 602 minjastaði í skýrslunni.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt eins og aðrar skýrslur Fornleifastofnunar um fornleifaskráningu. Á eftir inngangi er sagt í stuttu máli frá löggjöf um minjavernd og sögu fornleifaskráningar (2. kafli) og í kjölfarið fylgir skrá yfir allar skráðar fornleifar á því svæði sem var til úttektar (3. kafli). Stuttur kafli um byggðasögu svæðisins og helstu minjaflokka fylgir í kjölfarið (4. kafli). Að lokum eru svo helstu niðurstöður skráningarinnar dregnar saman (5. kafli). Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og viðaukar með hnitaskrá og fornleifakortum sem sýnir dreifingu minjastaðanna.

Við skráningu var farið á allar jarðirnar, rætt við staðkunnuga og gengið á alla þekkta minjastaði. Á hverjum minjastað var staðháttum lýst, gefnar leiðbeiningar um hvar staðinn var að finna og minjum lýst. Þar sem tóftir eða önnur mannvirki var að finna voru þær teiknaðar upp og af þeim teknar myndir. Ástand allra minjastaðanna var metið og sömuleiðis hvort þeir teldust í hættu, og þá hvers vegna. Allir staðsettir minjastaðir voru hnitsettir og merktir inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf sem Sveitarfélagið Ölfus lagði til.

Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson gerðu svæðisskráningu (heimildakönnun) fyrir sveitarfélagið árið 1999 og vettvangsskráningin byggir á henni. Um fornleifaskráningu á vettvangi sáu þær Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Birna Lárusdóttir árið 2012 en árið 2013 sá Rangheiður ein um skráninguna. Skrásetjarar vilja koma á framfæri þökkum til heimildamanna sinna fyrir góða aðstoð og hlýjar móttökur.

[1] Birna Lárusdóttir, 2007, Uggi Ævarsson, 2007.
[2] Kristborg Þórsdóttir, 2011

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „ Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.


Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

3. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-191:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur sjálf fornleifaskráin þar sem upplýsingar er að finna um allar þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund.



Mynd 2. Dæmi um skráningu á minjastað.

Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er jafnan innan við 10 metrar. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt

við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.


Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru upplýsingar um 603 minjastaði á 21 lögbýli eða tæplega 29 minjastaðir að meðaltali á jörð. Að auki voru skráðir níu minjastaðir sem tilheyrðu fleiri en einni jörð.

ÁR-539 Efri-Grímslækur

1847: Bændaeign, 5 hdr. JJ, 76.
1542: Getið í kaupbréfi. DI XI, 146
1551: Getið í kaupbréfi. DI XII, 307
1708: "Ein jörð að fornu. En fyrir manna minni sundurdeild í tvo bæi [...] Kallast annað býlið Efre Grimslækur, en annað Sudre Grimslækur. Dýrleiki á báðum saman er x, v hver partur." JÁM II, 428. Ekki er vitað hvort Ytri- eða Efri-Grímslækur er upphaflega býlið.
1917: Tún 3.5 ha, 3/4 slétt. Garðar 1002 m2. "Grímslækir eru tveir, Efri-Grímslækur og Ytri-Grímslækur. Túnin liggja saman" Ö-Grímslækir, 1.

Túnakort Efri-Grímslækjar ÁR-539




Byggt á túnakorti frá 1920

ÁR-539:001 *Efri-Grímslækur* bæjarhóll bústaður 63°55.656N 21°18.942V
Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1920. Þar stendur að bærinn, heyhlaða og fl. tilheyri bæjarhúsunum. Kálgarður var sambyggður bæjarhúsunum til suðurs. "Efri-Grímslækur heitir eystri bærinn," segir í örnefnalýsingu. Fyrst var komið að Efri-Grímslæk árið 2004 í tengslum við kirkju- og bænhúsaskráningu. Bærinn er sunnan við malarveg sem liggur áfram að Ytri-Grímslæk ÁR-540 og Hrauni ÁR-541. Núverandi hús snúa eins og gamli bærinn og eru byggð í bæjarhólinn. Yngri húsin eru byggð á sama stað og íbúðarhúsið er ekki með kjallara. Stafnar eldri bæjarins snéru til suðurs.
Núverandi hús eru komin til ára sinna og ekki víst að mikið jarðrask hafi orðið við byggingu þeirra. Íbúðarhúsið er byggt 1927-1952.
Bæjarhóllinn er rúmum 220 m sunnan við malarveginn. Hóllinn er fremur lágur, að framan er mikil hleðsla sem er að hluta farin og síga og falla. Þessi hleðsla stóð fyrir framan eldri bæjarhúsin sem núna eru horfin. Gunnar Konráðsson, heimildamaður, á ljósmynd og málverk af eldri bænum. Bæjarhóllinn er 43x24 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki er hægt að áætla hæð hans sökum bygginga sem þar eru.
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Grímslækir, 1

ÁR-539:002 tóft hesthús 63°55.737N 21°18.950V
Útihús er merkt 150-160 m norðan við bæ 001 á túnakorti frá 1920. Að sögn Gunnars Konráðssonar, heimildamanns, var þetta hesthús sem tók fjóra hesta. Hesthúsið er 160 m 30 m suðaustan við Kishól 009. Því var breytt í reykkofa á seinni árum.





Mynd 3. Hesthús 002, horft til VSV.

Grasivaxið tún er umhverfis hesthúsið. Þar eru grónir hraunhólar víða.
Hesthúsið er 6x5 m að stærð, einfalt og snýr ANA-VSV. Það er ennþá undir þaki en víða er komið rof í það. Steinsteypa, net, bárujárn og timbur sést í þakinu. Veggirnir eru 1,5 m á hæð, bæði hlaðnir og steinsteyptir. Veggirnir eru algrónir að utan. Ekki var hægt að fara inn í hesthúsið, dyrnar stóðu á sér. Lofthæð uppi í mæni er 2,5 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-539:003 garðlag túngarður 63°55.797N 21°18.867V
Garðlag, líklega hluti af túngarði umhverfis gamla heimatúnið, er 260 m norðaustan við bæ 001. Túngarður er ekki merktur inn á túnakort frá 1920 og ekki er ljóst hvað réði afmörkuninni á túninu. Garðlagið er á sama stað og afmörkun túnsins til norðausturs. Það bendir til þess að túngarður hafi verið en ekki merktur inn þegar túnakortið var gert. Einnig er mögulegt að túngarðurinn sé yngri.
Slétt, grasivaxið tún eru umhverfis túngarðinn, uppi á gróinni hraunbrún. Rúmum 10 m norðan við túngarðinn er vírgirðing.

Túngarðurinn er varðveittur á 17 m löngum kafla. Hann liggur austur-vestur og er grjóthlaðinn. Hann er 0,4 m á hæð, 1 m á breidd og 1-2 umför af grjóthleðslu eru sjáanleg. Grjótið í túngarðinum er vaxið hvítum skófum og mosa. Hleðslugrjótið er fremur stórt og klunnalegt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mynd 4. Túngarður 003, horft til suðvesturs.

ÁR-539:004 heimild lambhús 63°55.687N 21°19.024V
Útihús er merkt 90 m norðvestan við bæ 001 á túnakorti frá því 1920. Öll útihús á Efri-Grímslæk stóðu á náttúrulegum hólum vegna flóðahættu frá Ölfusá. Búið er að slétta þau flest út að sögn Gunnars Konráðssonar, heimildamanns. Þetta var lambhús að hans sögn. Það er horfið, þar er malarborið svæði og grunnur yngri fjárhúsa sem líklega voru byggð yfir lambhúsið. Fjárhúsin sjást á loftmynd og einungis nokkur ár síðan þau voru rifin.
Malarsvæðið er 6x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hvergi sér til uppsafnaðara mannvistarlaga. Svæðið er í túni, í halla til suðuausturs niður af gróinni hraunbrún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-539:005 heimild fjárhús 63°55.691N 21°19.049V
Útihús er merkt á túnakorti frá 1920 um 110 m norðvestan við bæ 001 og 25 m norðvestan við lambhús 004. Þetta voru fjárhús að sögn Gunnars Konráðssonar, heimildamanns. Búið er að slétta þau út en hann mundi ekki nánara lag og gerð þeirra að öðru leyti.
Útihúsið var á grónum hraunhól. Klappir sjást í honum sunnanverðum. Allt umhverfis er ræktað tún.
Engin ummerki fjárhúsanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-539:006 *Gerði* örnefni tún 63°55.843N 21°19.026V
Gerði er merkt inn á örnefnakort Ingólfs Einarssonar frá 1968. Ekki er vitað hvort að hlaðnir veggir afmörkuðu það eða ekki. Örnefnið fær að njóta vafans og er með í þessari skráningu. Gerði er rúmum 520 norðan við bæ 001 og 200 m norðaustan við Borgarhól 017.
Gerði er slétt, grasivaxið tún inn á milli gróinna hraunhóla og kletta. Túnið hefur verið sléttað. Malarvegur að Ytri-Grímslæk ÁR-540 og Hrauni ÁR-541 liggur fast vestan við túnið.
Engin mannvirki er að sjá á þessum slóðum.
Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur 1968

ÁR-539:007 heimild útihús 63°55.719N 21°18.949V
Á túnakorti frá 1920 er útihús merkt um 120 m norðan við bæ 001 og 80 m ASA við lambhús 004. Sem fyrr var útihúsið á hól, þar er nú klettur.
Slétt tún. Þar eru grónir hraunhólar, nokkrir sprungnir en aðrir algrónir.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-539:008 *Hjallshóll* þjóðsaga hjallur 63°55.708N 21°19.114V
"Í Miðtúni efst, uppi við veginn út að Hrauni [ÁR-541], er allstór hóll sem heitir Hjallshóll eða Hjallhóll að sögn heimamanna, en Guðjón á Ytri-Grímslæk kallar hann Hjallhól. Á hólnum er hjallsrúst. Þar var leikvangur barna í eina tíð. Í Hjallshól bjó huldufólk áður," segir í örnefnalýsingu. Hjallhóll er 150 m norðvestan við bæ 001 og 20 m norðvestan við tóft 015. Hjallhóll er fast austan við malarveg að Ytri-Grímslæk ÁR-540 og Hrauni ÁR-541. Við norðausturhorn hólsins er braggi.


Mynd 5. Garðlag 008A, horft til norðurs.

Grasivaxin tún eru til allra átta nema vesturs, þar er malarvegur. Hólar eru víða í túninu.
Hjallhóll er gróinn hraunhóll, 31x25 m í þvermál, 3-4 m á hæð og snýr austur-vestur. Lítill hellir er norðaustan til í hólnum. Hjallurinn er horfinn en hann var úr timbri að sögn Gunnars Konráðssonar, heimildamanns. Garðlag liggur þvert yfir vesturhluta hólsins og annað hleðslubrot eftir suðurhliðinni. Samtals afmarka þau svæði sem er 20x10 m að stærð og snýr norður-suður. Í lýsingu þessari er þeim gefin bókstafur til aðgreiningar. Garðlag A liggur norður-suður yfir vesturhluta hólsins. Það er 20 m á lengd, 0,2 m á hæð og grjóthlaðið. Það má greina 1 umfar af grjóthleðslu í garðlaginu en líklega var það hlaðið undir vírgirðingu. Garðlag B er 5 m austan við garðlag A. Það er eins að gerð og lögun, er 5 m langt og liggur austur-vestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grímslækir, 1

ÁR-539:009 *Kishóll* þjóðsaga huldufólksbústaður 63°55.754N 21°19.991V
"Neðst í því [Aukatúni] er stór klapparhóll sem heitir Kishóll. Í honum er eða var mikil huldufólksbyggð," segir í örnefnalýsingu. Kishóll er 200 m norðan við bæ 001 og rúma 100 m norðaustan við Hjallhól 008. Rúma 30 m til vesturs frá hólnum er malarvegur að bæ 001.
Kishóll er stór hraunhóll. Hann er 40x20 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hann er 3-3,5 m á hæð og hliðarnar brattar. Klettar eru í hlíðum hólsins og sprungur eftir honum endilöngum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grímslækir, 1

ÁR-539:010 *Lambadý* lind vatnsból 63°55.686N 21°18.950V
"Suður frá honum [Hundaþúfuhóll], niður við Veitu [014], er uppspretta sem heitir Lambadý. Þar var lömbum brýnt," segir í örnefnalýsingu. Lindin er rúmum 50 m norðan við bæ 001 og 5 m austan við malarveg að bænum. Lindin var innan gamla heimatúnsins líkt og það er afmarkað á túnakorti frá 1920. Lambadý sprettur undan gróinni hraunbrún sem liggur norðan við bæ 001.
Lambadý er uppsprettulind eða "vatnsauga" og er blautur pollur í afar grónu túni. Túnið er mýrlent og blautir pollar, lækir og uppsprettur víða. Túnið er gróið, þýft og ekki nýtt til beitar. Dýið er 1 m í þvermál og djúpt. Ekki sást til botns m.a. vegna þess hve vatnið er gruggugt og djúpt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grímslækir, 1

ÁR-539:011 *Upphús* heimild hesthús 63°55.756N 21°18.934V
"Austan við Kishól [sjá 009] er gamalt hesthús sem heitir Upphús," segir í örnefnalýsingu. Hesthúsið var 50 m austan við Kishól 009 og 190 m norðan við bæ 001. Það var utan gamla heimatúnsins líkt og það er afmarkað á túnakorti frá 1920. Að sögn Gunnars Konráðssonar, heimildamanns, tók það sex hesta en auk þess voru þar

fjárhús og hlaða sem var gerð 1935. Upphús eru horfin af yfirborði sökum niðurrifs og túnasléttunar.
Grasivaxið tún. Þar eru grónir hraunhólar víða.
Engin ummerki hesthússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grímslækir, 1

ÁR-539:012 *Torfhóll* heimild rista 63°55.717N 21°18.919V
"Suður frá því [Upphúsi 011] er lítill hóll niður við mýrina, vestan við tjarnarendann. Hann heitir Torfhóll," segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er á mörkum blautrar mýrar og grasivaxins túns. Þessi skil afmakast af lágri, algróinni hraunbún. Torfhóll er 120 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 70 m sunnan við Upphús 011. Torf var líklega tekið í mýrinni sunnan hólsins en öll ummerki ristunnar eru horfin.
Smáþýfð, flöt og blaut mýri er sunnan við hólinn en gróið tún til norðurs. Hóllinn er náttúrulegur, 5 m í þvermál og klöpp ofan á honum.
Engin ummerki ristunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grímslækir, 1

ÁR-539:013 *Stekkatúnstjörn* garðlag stekkur 63°55.687N 21°18.759V
"Austan frá bænum er allstór tjörn sem heitir Stekkatúnstjörn." segir í örnefnalýsingu. Stekkatúnstjörn er 160 m austan við bæ 001 og tæpum 150 m suðaustan við Torfhól 012. Tjörnin er í blautu mýrlendi. Sunnan hennar tekur við land Hjallahverfis ÁR-533. Garðlag er sunnan hennar og er það hluti af vallargarði umhverfis stekkinn.
Flöt, grasivaxin og smáþýfð mýri, svokölluð Veita (sjá 014) er við tjörnina. Víða eru "vatnsaugu", lækjaruppsprettur og allt svæðið er blautt. Þar vex hvönn og gras. Svæðið er rakt og ekki má greina uppsöfnuð mannvistarlög þar né náttúrulega hóla.


Mynd 6. Garðlag 013, horft til norðurs.


Ekki er hægt að sjá stekkinn í Stekkatúni en þar er garðlag. Það er líklega hluti af vallargarði sem afmarkaði stekkatúnið og um leið stekkinn. Norður- og austurhlið vallargarðsins eru ennþá varðveitt. Garðlagið afmarkar svæði sem er 14x10 m og snýr norður-suður. Það náði líklega lengra til vesturs. Garðlagið er grjóthlaðið, 0,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Mest má sjá tvenn umför grjóthleðslu í því. Grjótið er mosavaxið. Ekki er vitað af hverju stekkurinn er horfinn, mögulega var borðið grjót úr honum eða hann sokkinn í mýri. Garðlagið er á kafi í gróðri og sést ekki nema staðið sé við það.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grímslækir, 1

ÁR-539:014 *Veita* heimild áveita 63°55.717N 21°18.889V
"Meðfram túnjaðrinum milli bæjarins og Stekkatúnstjarnar er mýri sem heitir Veita" segir í örnefnalýsingu. Að sögn Gunnars Konráðssonar, heimildamanns, var áveita í Veitu og er nafnið þannig tilkomið. Stíflur voru settar í læki og uppsprettur og veitt á mýrina til suðurs. Ekki má lengur sjá ummerki þess að hans sögn. Veita er mýrin austan og norðaustan við bæ 001 og allt að Stekkatúnstjörn.
Flöt, grasivaxin og smáþýfð mýri. Víða eru "vatnsaugu", lækjaruppsprettur og allt svæðið er blautt. Þar vex hvönn og gras. Svæðið er rakt og hvergi sést glitta í grjót.
Engin ummerki áveitunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grímslækir, 1

ÁR-539:015 tóft fjárhús 63°55.700N 21°19.070V

Tóft er tæpa 140 m norðvestan við bæ 001 og 20 m suðaustan við Hjallhól 008. Hún er rétt utan heimatúnsins eins og það er afmarkað á túnakorti frá 1920. Tóftin er líklega ekki forn en höfð hér með vegna forns





Mynd 7. Fjárhús 015, horft til norðvesturs.

byggingarlags. Miðað við stærð og gerð tóftarinnar er hér um fjárhús að ræða. Timbri og fleira rusli hefur verið safnað suðaustan við tóftina.

Fjárhúsin eru innan grasivaxins túns með grónum hraunhólum og klettum víða.

Tóftin er ofan á grónum hraunhól en klettar eru norðan og sunnan í hólnum. Fjárhúsin eru 7x6 m að stærð, einföld og snúa norðvestur-suðaustur. Timburdyr eru suðaustan í tóftinni og standa þær enn. Þakið er fallið inn í tóftina og rusl þar yfir í norðurhluta. Veggirnir eru hlaðnir, 1-1,3 m á hæð. Ekki sést glitta í skýr umför heldur glittir víða í grjót. Ofan á veggjunum er bárujárn, fiskinet, plast og timbur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-539:016 álagablettur 63°55.687N 21°18.718V



Mynd 8. Hólmi 016, horft til suðausturs.

"Í [Stekkatúns]tjörninni [sjá 013] er lítill hólmi nafnlaus. Skepnur fara ekki út í hann, þó grunnt sé, og álög banna að slá hann," segir í örnefnalýsingu. Stekkatúnstjörn er stór tjörn austan við bæ 001. Í henni eru nokkrir hólmar en að sögn Gunnars er þessi tiltekni hólmi nærri landi og vex á honum mjaðurjurt. Hólminn er tæpum 200 m norðaustan við bæ 001 og 30 m austan við garðlag 013.

Hólminn er í suðurhluta Stekkatúnstjarnar, lækur sem kallast Stokkós rennur úr tjörninni þar til suðurs. Hólminn er egglaga, 5x4 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er algróinn og náttúrulegur.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Grímslækir, 2

ÁR-539:017 *Borgarhóll* tóft hjallur 63°55.748N 21°19.144V

"Ofan vegarins út að Hrauni [ÁR-541], vestan við heimvegarhliðið, er allstór hóll sem heitir Borgarhóll. Á honum er rúst (hjalls)," segir í örnefnalýsingu. Borgarhóll er tæpa 240 m norðvestan við bæ 001 og 80 m norðan við Hjallhól 008. Hóllinn er stór og víðsýnt ofan af honum. Að sögn Gunnars Konráðssonar, heimildamanns, var byggður timburkofi á Borgarhól af breska hernum meðan á hernámi þeirra stóð hérlendis á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar. Húsið stóð þar í einhver ár en fauk síðan og engin ummerki þess sjáanleg. Um 10 m austan hólsins er malarveg að Hrauni.

Slétt, grasivaxið tún er til allra átta frá Borgarhól. Gaddavírsgirðing liggur eftir vesturhlið hólsins.






Mynd 9. Borgarhóll 017, horft til norðausturs.

Borgarhóll er stór hraunhóll, gróinn að hluta. Hann er 20-30 m í þvermál og 2-2,5 m á hæð. Í suðausturenda hólsins er grjóthlaðin tóft á milli tveggja kletta. Tóftin er 8x8 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er sunnar. Það er 7x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og sést 1 umfar af grjóthleðslu í þeim. Klettur afmarkar suðurhlið hólfsins. Hólfið var líklega opið til vesturs en þar afmarkast tóftin öll af þýfðum bakka. Hólf 2 er norðar. Það er 7x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og einungis 1 umfar af grjóthleðslu í veggjum. Hólfið var líklega opið til vesturs og grjót borið úr veggjum, þeir eru það lágir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grímslækir, 2

ÁR-539:018 *Vörðustekkur* heimild stekkur 63°55.730N 21°19.246V
Rétt fyrir vestan hann [Borgarhól 017] er stór klöpp sem heitir Vörðustekkshóll, vestan undir honum er rúst sem heitir Vörðustekkur," segir í örnefnalýsingu. Engin ummerki stekkjarins sjást lengur. Hann var 80 m vestan við Borgarhól 017 og tæpa 300 m norðvestan við bæ 001. Vestan við Borgarhól er afgirt tún nýtt til hrossabeitar. Suðurhluti þess hefur verið sléttaður en til norðurs er það en óræktað. Vörðuhóll er merktur á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1968. Stekkurinn er komin í tún ef sú staðsetning er rétt.
Til suðurs er flatt, grasivaxið tún en til norðurs eru hraunhólar og klettar.
Engin ummerki stekkjarins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grímslækir, 2; IE-Örnefnauppdráttur 1968

ÁR-539:019 *Hraunkvíar* tóft kvíar 63°55.668N 21°19.730V
Vestur frá þessum hólum [Vörðustekkshól 017 & Langhól] e[r...] Hraunkvíar efst út við Ytri-Grímslækjarmörk [ÁR-540]," segir í örnefnalýsingu. Hraunkvíar eru tæpum 650 m vestan við bæ 001 og 500 m vestan við Borgarhól 017. Um 10 m sunnan við kvíarnar er gaddavírsgirðing á landamerkjum við Ytri-Grímslæk. Líklegt er að örnefnið Hraunkvíar sé dregið af hrauninu umhverfis tóftina en hluti þess er nú komið í slétt tún.
Kvíarnar eru á mörkum slétts, grasivaxins túns nýtt til sláttar og óræktaðs túns. Gróið hraun er undir öllu svæðinu, einungis hraunhólar og -klettar eru í óræktaða túninu.
Tóftin er suðvestan undir grónum hraunhól. Klettar eru efst í hólnum og afmarka suðvesturhlið tóftarinnar. Hóllinn er 2 m hár, hliðar hans brattar og klettar efst. Tóftin sjálf er 8x8 m að stærð og einföld. Hún er grjóthlaðin en gróið er yfir vesturvegg að mestu. Aðrir veggir tóftarinnar eru 0,3-0,4 m á hæð og glittir í 1 umfar grjóthleðslu í þeim. Þeir eru einnig mjög grónir. Tóftin er opin til suðvesturs, undir fyrrnefndum klettum. Ekki






Mynd 10. Hraunkvíar 019, horft til norðurs.

mótar fyrir öðru hólfi inni í tóftinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grímslækir, 2

ÁR-539:020 frásögn brunnur 63°55.708N 21°20.118V
Að sögn Sigrúnar Sigurðardóttur og Óskars Þórs Óskarssonar, heimildamanna, var mannvirki tæpa 950 m vestan við bæ 001 og tæpa 300 m vestan við Hraunkvíar 019. Þau höfðu þetta eftir Gunnari Konráðssyni, fyrrum ábúenda á Efri-Grímslæk. Að sögn Óskars var mannvirkið í grasivöxnum bala í mosavöxnu hrauni. Þar endar náttúruleg lág í hrauninu. Við austurenda sömu lágar var Sigrún að pota í jarðveginn og sá hringlaga hleðslu, um 1 m í þvermál. Henni fannst móta fyrir tröppum niður að hleðslunni og taldi að þetta væri brunnur. Skrásetjari sá ekki mannvist á þessum slóðum en hola er í hrauninu þar sem hinn meinti brunnur á að vera.
Mosavaxið og gróið hraun er á þessum slóðum.
Engin ummerki mannvirkja sjást á yfirborði.

ÁR-539:021 *Brúarauga* vegur brú 63°55.654N 21°18.883V
"Austan við Grímslækjartjörn var kakkabrú fram á engjarnar. Á henni var trébrú skammt austan við Dagmálahólma og nefnist Brúarauga," segir í örnefnalýsingu. Í dag er vegslóði á sama stað og hlaðna brúin var áður. Ennþá má sjá timburleifar um 70 m austan við bæ 001. Það sést glitta í timbrið í gegnum gras og tilheyrði það brúnni.
Vegurinn liggur yfir blautt mýrlendi. Það er gróið og smáþýft. Víða eru vatnsuppsprettur og lækir.
Engin ummerki kakkabrúarinnar sjást á yfirborði. Núverandi vegur er bæði breiðari og hærri en sá eldri. Svæðið er einnig blautt og mikið viðhald þarf til að hleðslur sökkvi hreinlega ekki enn í dag. Vegurinn er nú 3-4 m á breidd, 0,3 m á hæð og er blautur. Vatn safnast fyrir í hjólförum þar og meðfram veginum. Brúarauga, þ.e. timburbrúin er einnig horfin, einungis timbrið ber henni vitni.
Hættumat: engin hætta



Mynd 11. Brúarauga 021, horft til ANA.

Heimildir: Ö-Grímslækir, 3

ÁR-539:022 heimild traðir 63°55.673N 21°18.947V
Heimreið er sýnd að bæ 001 úr norðri á túnakorti frá 1920. Núverandi vegur að bænum liggur á sama stað og heimreiðin. Að sögn Gunnars Konráðssonar, heimildamanns, var hún ekki hlaðin né veggir meðfram henni. Heimreiðin var troðin niður vegna umferðar, aðallega kúa. Rutt var yfir heimreiðina og malbikað á milli 1970-1980. Á túnakorti frá 1920 er heimreiðin 190 m löng.
Núverandi vegur liggur á nákvæmlega sama stað en er breiðari. Grasivaxin tún eru austan og vestan við veginn.
Engin ummerki heimreiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-539:023 heimild landamerki 63°56.020N 21°19.010V
"Landamerki eru samkvæmt bréfum: Úr Sólarsteini í Klapparhól, merktan X, þaðan í Lækjarbotnalæk, ræður hann í tjörn fyrir ofan Efri-Grímslæk, um Grímslækjarós í Lambeyraós. Út Lambeyraós upp Hraunsengjaós og í Lágengjaós í krossmark í Ferðamannahól [ÁR540:016] og tvær vörður [ÁR540:013 og ÁR541:012] saman upp í Tíðagötu (ÁR533:034]. Tíðagötu í Sólarstein," segir í örnefnalýsingu. Klapparhóllinn með áletruninni X er rúma 650 m norðan við bæ 001 og tæpa 450 m VNV við Steinahjáleigu 025.
Klapparhóllinn er langur og sléttur. Hann er fremst á náttúrulegri, lágri hraunbrún sem liggur norðaustur-suðvestur á þessum slóðum. Gaddavírsgirðing er þvert yfir hólinn á svipuðum stað og áletrunin var að sögn Gunnars Konráðssonar, heimildamanns. Hann hélt að gróið væri yfir stafinn og skrásetjari varð hans ekki var á vettvangi. Umhverfis hólinn og á honum sjálfum er mikið um lúpínu, mosa og lyng.
Engin ummerki áletrunarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grímslækir, 1

ÁR-539:024 *Sauðhústjörn* hleðsla fjárhús 63°55.791N 21°18.828V
"Norðvesturhorn Stekkatúnstjarnar er oft nefnt Sauðhústjörn. Sauðhús var þar rétt fyrir ofan," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar sauðahúsin voru. Fast við enda Sauðhústjarnar eru tvenn garðlög og ekki útilokað að þau tengist sauðahúsunum. Garðlögin eru 280 m norðaustan við bæ 001.




Mynd 12. Garðlög 024 A og 024B, horft til suðurs í báðum tilvikum.

Gróið, grasivaxið tún er við Sauðhústjörn. Gróin hraunbrún endar við tjörnina og blaut mýri tekur við.
Á svæði sem er 18x10 m að stærð og snýr norður-suður eru tvö garðlög. Var þeim gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Garðlag A er norðar. Það er 11 m að lengd, 0,5-1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Það er grjóthlaðið og liggur nánast í boga. Það liggur norðvestur-suðaustur og sveigir til suðurs. Þar endar það við lækjarsprænu, norðan við Sauðhústjörn. Garðlagið er sigið og líklega búið að bera grjót úr því. Garðlag B er sunnar. Það samanstendur af fimm stórum steinum sem liggja í beinni röð út í lítinn hólma í Sauðhústjörn. Líklega var þetta brú. Gaddavírsgirðing liggur á milli garðlaganna og endar í fyrrnefndum hólma.
Heimildir: Ö-Grímslækir, 2

ÁR-539:025 *Steina Hjáleiga* heimild bústaður 63°55.811N 21°18.752V
"Steina Hiáleiga bygð af heimalandi í manna minni, meir en fyrir 20 árum. Varaði bygðin 4 eður 5 ár, hefur síðan í legið." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708. Ekki er vitað hvar hjáleigan var með vissu né hvort að það var í landi Efri- eða Ytri-Grímslækjar. Gunnar Konráðsson, heimildamaður, taldi líklegt að örnefnið Steinamýri væri tengt hjáleigunni. Steinamýri er merkt inn á örnefnakort Ingólfs Einarssonar frá 1968, vestan við Lækjarbotnalæk. Hnit var tekið á hól sunnarlega í Steinamýri, um 320 m norðaustan við bæ 001 en afar ólíklegt er að hjáleigan hafi verið í mýrinni sjálfri. Fleiri hólar eru í mýrinni en þessi er umfangsmeiri en þeir.
Steinamýri er blaut og lækjaruppsprettur víða. Mýrin er gróin og smáþýfð.
Engin ummerki hjáleigunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM II, 429-30

ÁR-539:026 gerði rétt 63°55.755N 21°19.031V
Tæpum 200 m norðan við bæ 001 og rúmlega 30 m vestan við Kishól 009 er fjárrétt. Hún er líklega einungis nokkurra áratuga gömul en höfð í þessari skrá sökum forns byggingarlags. Réttin er 30 m austan við malarveg að bænum.
Óræktað, gróið tún með hraunhólum og stökum klettum er norðan við réttina. Gaddavírsgirðing liggur til norðvesturs og austurs frá réttinni. Girðingin afmarkar slétt, grasivaxið tún sunnan við réttina.






Mynd 13. Rétt 026, horft til vesturs.

Réttin er 16x11 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Réttin er grjóthlaðin og veggirnir standa enn. Þeir eru 2-3 m á breidd, 0,5-1,3 m á hæð og sést glitta í 3-6 umför grjóthleðslu í þeim. Op inn í réttina er í norðvesturhorni og liggur gaddavírsgirðing frá því til tveggja átta líkt og lýst er hér ofar. Timburgrind er í opinu til varnar búfénaði. Inni í réttinni og ofan á veggjum er rusl, m.a. timbur, járn og girðingarefni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-540 Ytri-Grímslækur

1847: Bændaeign, 5 hdr. JJ, 76.
1542: Getið í kaupbréfi. DI XI, 146
1551: Getið í kaupbréfi. DI XII, 307
1708: "Ein jörð að fornu. En fyrir manna minni sundurdeild í tvo bæi [...] Kallast annað býlið Efre Grimslækur, en annað Sudre Grimslækur. Dýrleiki á báðum saman er x, v hver partur." JÁM II, 428. Ekki er vitað hvort Ytri- eða Efri-Grímslækur er upphaflega býlið. Ekki er föst ábúð á jörðinni heldur er hún nýtt til hrossabeitar.
1917: Tún 3.4 ha, 6/7 slétt. Garðar 1514 m2. "Grímslækir eru tveir, Efri-Grímslækur og Ytri-Grímslækur. Túnin liggja saman" Ö-Grímslækir, 1.

Túnakort Ytri-Grímslækjar ÁR-540



Byggt á túnkorti frá 1920

ÁR-540:001 *Ytri-Grímslækur* bæjarhóll bústaður 63°55.560N 21°19.009V
Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1920. Þar stendur að bærinn og hlaðan tilheyri bæjarhúsunum. Stafnar bæjarins snéru til suðausturs. Sambyggður kálgarður var suðaustan við þau. Fyrst var komið að Ytri-Grímslæk árið 2004 í tengslum við kirkju- og bænhúsaskráningu."Ytri-Grímslækur er vestar í samliggjandi túni," segir í





Mynd 14. Bæjarhóll 001, horft til norðausturs og norðvesturs.

örnefnalýsingu. Ekki er föst ábúð á jörðinni. Hún er í eigu ábúaenda á Litlalandi ÁR-546 frá árinu 2005 og nýtt til hrossabeitar. Einnig er búið að byggja tvenn nýbýli og sumarbústaði í vestur- og norðvesturhluta jarðarinnar. Búið er að rífa öll hús á jörðinni fyrir utan eina skemmu. Í Sunnlenskum byggðum III sjást bæði skemman og bæjarhús sem voru byggð á 20. öld. Þau sjást einnig á loftmynd frá árinu 1999 og notast er við í þessari skráningu. Bæjarhúsin sem sýnd eru á túnakortinu voru fast norðaustan við íbúðarhús byggt árið 1925. Rafmagnsgirðing er fast sunnan og austan við bæjarhólinn sem enn er varðveittur og óraskaður að mestu.



Bæjarhóllinn er fast norðaustan við malarborið "hringtorg". Til vesturs fjarar hóllinn út, í átt að vélgröfnum skurði. Gróin tún eru til suðurs og norðurs. Allt umhverfis bæjarhólinn vex hvönn og er hún 2 m há. Bæjarhóllinn og nánasta umhverfi hans er mjög gróið. Vegurinn að bænum endar hér og stóð íbúðarhús byggt 1925 þar sem hringtorgið er. Grenitré er í miðju hringtorginu og var líklega í bakgarði íbúðarhússins frá 1925. Rúllur eru geymdar vestan við hringtorgið, við suðvesturhorn bæjarhólsins.

Svæðið er 40x35 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þar er bæjarhóll og kálgarður. Bæjarhóllinn snýr norðaustur-suðvestur og er 32x26 m að stærð og 0,6-2,3 m á hæð. Hann er grasivaxinn og sléttur að ofan. Á ljósmynd í Sunnlenskum byggðum III sjást útihús með bárujárnsþaki fast norðaustan við íbúðarhúsið. Þar voru bæjarhúsin líklega áður og útihúsin gerð á grunni þeirra. Eitthvað rask hefur því orðið á bæjarhólnum en hann er ósléttaður og tóftir ennþá varðveittar á honum. Suðvesturhlið bæjarhólsins afmarkast af hlöðnum vegg, líklega úr fyrrnefndu útihúsi. Veggurinn er 2,3 m á hæð og má greina 6 umför af grjóthleðslu í honum. Syðsti hluti bæjarhólsins er grasivaxinn og engar hleðslur eru þar. Þar er einungis gróinn bakki. Ofan á bæjarhólnum er ein dæld og tóft. Hluti af kálgarðinum er einnig varðveittur suðaustan við hólinn. Var hverju þessara mannvirkja gefin bókstafur í lýsingu þessari til aðgreiningar. Dæld A er í suðvesturhorni bæjarhólsins. Hún er 6x6 m að stærð, algróin og 0,3 m á dýpt. Til norðausturs frá dældinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Grímslækir, 3

ÁR-540:002 *Kirkjuhólar* heimild kirkju 63°55.446N 21°19.186V
"Kirkjuhólar heita smáhólar beggja megin vegarins út að Hrauni. Þeir eru í mörkum milli [G]rímslækjar og Hrauns [ÁR-541]," segir í örnefnalýsingu. Hvorki Gunnar Konráðsson, fyrrum ábúandi á Efri-Grímslæk, né Hrafnkell Karlsson, bóndi í Hrauni ÁR-541, könnuðust við Kirkjuhóla en þeir eru merktir inn á örnefnauppdrátt Hjallahverfis, Grímslækja og Hrauns eftir Ingólf Einarsson. Kirkjuhólar eru tæpa 260 m sunnan við bæ 001.
Gróin, óræktuð tún eru beggja vegna vegarins. Vírgirðing er á landamerkjum Hrauns ÁR-541 og Ytri-Grímslækjar liggur þvert yfir svæðið.
Að sögn Hrafnkels voru hér hólarnir sem mögulega voru brotnir niður þegar malarvegurinn var lagður á 20. öld. Þarna er bunga á veginum milli Ytri-Grímslækjar og Hrauns. Það er útskot á veginum austan til. Fleiri hólar eru á þessum slóðum en allir bera þeir önnur nöfn að sögn Hrafnkels og því afar líklegt að Kirkjuhólar séu komnir undir veginn.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Grímslækir, 4; IE-örnefnauppdráttur 1968

ÁR-540:003 heimild útihús 63°55.517N 21°19.152V
Útihús er merkt 130 m VNV við bæ 001 og 40 m norðvestan við rétt 019 á túnakorti frá 1920. Útihúsið var fast austan við malarveg sem liggur að Hrauni ÁR-541 og líklega horfið við þær framkvæmdir.
Grasivaxið tún með grónum, sléttum hraunhólum í aflíðandi halla í SSA er á þessum slóðum.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-540:004 heimild útihús 63°55.496N 21°19.131V
Útihús er sýnt 160 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 60 m sunnan við rétt 019 á túnakorti frá 1920. Útihúsið er horfið, líklega vegna sléttunar og niðurrifs.
Grasivaxið tún með grónum, sléttum hraunhólum í aflíðandi halla í SSA er á þessum slóðum.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-540:005 tóft fjárhús 63°55.449N 21°19.098V
Útihús er sýnt 230 m sunnan við bæ 001 og 80 m sunnan við útihús 004 á túnakorti frá 1920. Að sögn Gunnars Konráðssonar, heimildamanns, voru þetta fjárhús. Á loftmynd frá árinu 1999 sést að rautt bárujárnsþak var á fjárhúsunum en þau hafa síðar verið rifin. Fjárhúsin voru stækkuð frá því að túnakortið var gert.



Mynd 15. Fjárhús 005, horft til vesturs.

Grasivaxið tún með grónum, sléttum hraunhólum í aflíðandi halla í SSA er á þessum slóðum.
Fjárhúsin eru 30x16 m að stærð og snúa austur-vestur. Líklega skiptust þau í þrjú hólf og var hverju þeirra gefið

númer í lýsingu þessari. Hólf 1 er vestast í tóftinni og grafið inn í gróna hraunbrún. Það er 10x7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir sjást eingöngu að innan og eru hlaðnir úr grjóti. Þeir eru 2 m háir og má greina 7 umför af grjóthleðslu. Það var opið til austurs. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það er 18x7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hraunklöpp er í gólfinu til vesturs, veggirnir eru lægri en í hólfi 1 og hleðslan ekki eins vel hlaðin. Veggirnir eru 1,3-1,8 m á hæð og má greina 3-7 umför af grjóthleðslu í þeim. Timbur- eða bárujárnsþil var til austurs og þar dyr. Hólf 3 var norðan við hólf 2. Það var 9x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggirnir eru eingöngu varðveittir til norðurs. Þeir eru eins að gerð og lögun og í hófli 2. Dyr voru til austurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-540:006 garðlag túngarður 63°55.503N 21°18.980V
"Ein jörð að fornu. En fyrir manna minni sundurdeild í tvo bæi, þó hverfur einn garður um bæði túnin." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708. Að sögn Gunnars Konráðssonar, heimildamanns, var grjóthlaðinn túngarður umhverfis tún beggja bæjanna (Efri- og Ytri Grímslækjar) en hann er löngu horfin. Grjóthlaðið garðlag er suðvestan við Fjósatungu (sjá 010), á mörkum mýrlendis og gróinnar hraunbrúnar. Líklega eru þetta ummerki túngarðsins sem Gunnar man eftir og þess sem minnst er á í Jarðabókinni. Túngarðurinn er ekki sýndur á túnakortinu og þar virðist afmarkast af vírgirðingu. Líklega er garðlag 539:028 hluti af sama túngarði en það er ekki hægt að staðfesta án frekari heimilda.


Mynd 16. Túngarður 006, horft til austurs.

Heimatún beggja jarðanna, Efri- og Ytri-Grímslækjar, eru grasivaxin. Til austurs er blautt mýrlendi en gróin hraunbrún með hólum, klettum og hraunklöppum er til vesturs.
Túngarðurinn er grjóthlaðinn og liggur í sveig eftir hraunbrúninni. Hann er neðarlega í hraunbrúninni sem er 1 á hæð og algróin. Túngarðurinn er 1-1,2 m á breidd, 0,5 m á hæð og sést á 10 m löngum kafla. Hann liggur til norðurs og sveigir til suðvesturs. Það eru 2-3 umför grjóthleðslu í túngarðinum en hún er fallin að mestu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM II, 428

ÁR-540:007 *Krossmói* heimild nátthagi 63°55.603N 21°18.984V
Í kaupbréfi jarðarinnar Hrauns ÁR-541 frá 1551 segir:: "svo og skildi herra Ellendur fra ij stags eingi j Lanbeyrvm og þad eingi sem krosinum á Grimslæck til heyrir." "Í mörkum milli bæjanna (Efri- og Ytri-Grímslækjar, niður við mýrina, er stórþýfður móí, vel hálfur frá Efri-Grímslæk. Móinn heitir Krossmói. Þar myndi krossinn helgi, sem nefndur er í Íslenzku Fornbréfasafni, er mér tjáð, staðið hafa." segir í örnefnalýsingu. Krossmói er 80 m norðan við bæ 001, rétt sunnan við landamerki Efri-Grímslækjar ÁR-539. Þar er grasivaxin, lág hraunbrún og mýrlent austan hennar. Ekki er vitað hvar krossinn stóð. Að sögn Gunnars Konráðssonar, heimildamanns, var þarna nátthagi fyrir kýr en engin tóft.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: DI XII, 307; Ö-Grímslækir, 3;

ÁR-540:008 *Holtshús* heimild útihús 63°55.553N 21°19.141V
"vestan við heimveg, upp undir Hraunsvegi er hæð sem heitir Holtshús," segir í örefnalýsingu. Holtshús eru merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar og voru innan heimatúnsins líkt og það er afmarkað á túnakorti frá því um 1920. Húsið er ekki sýnt á túnakortinu og líklega ekki í notkun þá eða óbyggð. Hér er um útihús að ræða sem var rúmum 100 m vestan við bæ 001 og rúmum 40 m norðvestan við rétt 002. Öll ummerki hússins eru horfin og ekki mótar fyrir hleðslum eða öðru sem gefur nánara lag og gerð þeirra til kynna.
Holtshús voru í túni, á milli tveggja malarvega til vesturs og norðurs. Þar er gróinn hraunhóll, 1-1,5 m á hæð og

10 m í þvermál. Líklega var húsið á honum.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grímslækir, 3; IE- örnefnauppdráttur 1968

ÁR-540:009 *Jaðarskofi* heimild útihús 63°55.549N 21°18.941V
"Jaðarskofatjörn heitir vik út úr tjörninni austan við Fjósatungu [sjá 010]. Ofan við vik þetta er Jaðarskofi," segir í örnefnalýsingu. Jaðarskofi var um 60 m austan við bæ 001 og tæpum 60 m norðan við Fjóshól 010. Hann var rétt utan gamla heimatúnsins líkt og það er afmakað á túnakorti frá um 1920. Jaðarkofi var á hólrima sem þarna er. Allt umhverfis rimann er mýrlent svæði. Við norðausturenda hólrimans er vik í tjörninni sem kallast Jaðarskofatjörn. Staðsetning hússins bendir til þess að um útihús hafi verið að ræða
Vestan við Jaðarskofatjörn er blaut mýri allt að fyrrnefndum hólrima. Hann er grasivaxinn og smáþýfður.
Engin ummerki Jaðarskofa sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grímslækir, 4

ÁR-540:010 *Fjóshóll* heimild fjós 63°55.542N 21°18.946V
"Ofan við hana [Fjóstungu] austast er lítill klapparhóll, suðaustur frá Vemundarhól. Hann heitir Fjóshóll," segir í örnefnalýsingu. Fjóshóll var tæpa 90 m suðaustan við bæ 001, rétt utan heimatúnsins líkt og þar er afmarkað á túnakorti frá um 1920. Þarna eru nokkrir klapparhólar en Fjóshóllinn sjálfur er líklega horfinn. Norðvestan við (ofan) Fjósatungu er nú hringhlaðið mannvirki umhverfis uppsprettu og hluta af tjörninni. Mannvirkið er úr hraungrýti og innan þess er fiskeldi.
Malarvegur liggur að fiskeldinu úr vestri. Þar sem Fjóshóll er sýndur á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar er suðurendi fiskeldisins. Til vesturs og norðurs eru gróin tún.
Engin ummerki Fjóshóls sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grímslækir, 4; IE-örnefnauppdráttur 1968

ÁR-540:011 garðlag óþekkt 63°55.397N 21°19.036V
Grjóthlaðið garðlag er vestast í landi Ytri-Grímslækjar. Það liggur til vesturs frá Syðri Grímslækjartjörn, yfir austurhluta Ferðamannahóls 017 og sveigir til norðvesturs. Þar endar það í grónu túni, við grjóthrúgu.
Flatt, gróið tún. Víða eru lágir, grónir hraunhólar og stakir klettar.
Garðlagið er 0,5-0,7 m á breidd, 0,3 m á hæð og sést á rúmlega 40 m löngum kafla. Það er grjóthlaðið og er gert úr tvöfaldri steinaröð. Einungis eitt umfar grjóthleðslu er sjáanlegt. Grjótið er mosavaxið en ekki er gróið yfir það. Tilgangur þess er óljós en líklega var umfangið meira smbr. grjóthrúguna við norðvesturenda þess. Hér gæti verið um hluta af túngarði 006 að ræða, vörslugarð eða hleðslu undir vírgirðingu. Nánari upplýsingar þarf til að skera til um tilgang garðlagsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Mynd 17. Garðlag 011, horft til ASA.

ÁR-540:012 garðlag landamerki 63°55.659N 21°20.342V
Garðlag liggur á landamerkjum Ytri-Grímslækjar og Hrauns ÁR-541, í vesturhluta jarðarinnar. Það er nú innan nýbýlisins Stóragerðis sem var byggt um 2000. Það er í byggingu á loftmynd frá árinu 1999 sem notuð er í þessari skráningu. Garðlagið er tæpum 1 km vestan við bæ 001.
Mosavaxið hraun er á þessum slóðum. Lágir, mosavaxnir hraunhólar eru víða og lágir klettar. Hraunið sunnan og suðvestan við garðlagið hefur verið rutt í tengslum við skógrækt.
Garðlagið er tæplega 300 m langt og liggur norðvestur-suðaustur á landamerkjum jarðanna. Garðlagið hverfur á köflum við hraunkletta og gróið er yfir það á stöku stað. Líklega var girt ofan á það, á nokkrum stöðum sjást



Mynd 18. Garðlag 012, horft til ASA.

timburleifar úr girðingarstaurum. Garðlagið er grjóthlaðið og er 0,1- 0,3 m á hæð og 0,2 m á breidd. Það er gert úr einfaldri steinaröð.
Heimildir: Ö-Grímslækir, 4

ÁR-540:013 *Eiríksstekkatún* heimild stekkur 63°55.501N 21°19.568V
"Þaðan [frá Kirkjuhólum 002] nokkuð upp með mörkum er Eiríksstekkatún. Það er í landamerkjabréfi talið í mörkum, en er í landi Ytri-Grímslækjar og er þar innantúns," segir í örnefnaskrá. Eiríksstekkatún er 450 m vestan við bæ 001 og tæpum 350 m suðvestan við Ásastekk 014. Gunnar Konráðsson, heimildamaður, man ekki eftir tóft á þessum slóðum. Hann sagði að Guðjón gamli (Guðjón Eyjólfsson f. 1898, d. 1992) fyrrum ábúandi á Ytri-Grímslæk, hefði eitt sinn sýnt sér grjóthrúgu á hól, á merkjum við Hraun ÁR-541. Hrúgan var kölluð Eiríksstekkatún. Eiríksstekkatún er merkt inn á örnefnakort Ingólfs Einarssonar, skammt norðaustan við landamerkin.
Á landamerkjum Hrauns og Ytri-Grímslækjar er rafmagnsgirðing. Hraunhólar og -klettar koma víða upp úr sverði. Slétt, grasivaxið tún er í landi Ytri-Grímslækjar.
Lítil grjóthrúga er á klapparhól þar sem Eiríksstekkatún er sýnt á örnefnakortinu. Þetta er hrúga en ekki hlaðin varða. Ekki mótar fyrir uppsöfnuðum mannvistarlögum í túninu né annars staðar í næsta nágrenni sem gefur staðsetningu stekkjarins til kynna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grímslækir, 4; IE-örnefnauppdráttur 1968


ÁR-540:014 *Ásastekkur* heimild stekkur 63°55.564N 21°19.216V
"Í því túni, ofan Hraunsvegar en vestan heimvegarins er gamall stekkur sem heitir Ásastekkur," segir í örnefnalýsingu. Ásastekkur er horfinn. Hann var 170 m vestan við bæ 001 og 60 m vestan við Holtshús 008. Slétt, grasivaxið tún er á þessum slóðum. Það er ekki slegið heldur nýtt til hrossabeitar. Ásastekkur er sýndur á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1968.
Hraunklappir og grónir hraunhólar í túninu til norðurs og norðvesturs. Túnið er sléttað og hvergi sér til mannvistar á þessum slóðum.
Engin ummerki stekkjarins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Grímslækir, 4; IE-örnefnauppdráttur 1968

ÁR-540:015 *Hraunhús* heimild fjárhús 63°55.643N 21°20.115V
"Efst í hrauninu, innan girðingar er Hraunhús og stekkur við það. Þar var stíað áður fyrr," Gunnar Konráðsson, heimildamaður, kannaðist ekki við Hraunshús. Þau eru merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar frá 1968, á svipuðum slóðum og nýbýlið Stórageröi er nú. Að sögn Óskars Þórs Óskarssonar, ábúanda þar, var gerð deiliskráning áður en framkvæmdir hófust án þess að til tófta sæist. Svæðið er ósléttað og grjót líklega borðið úr fjárhúsunum.
Mosavaxið hraun er á þessum slóðum. Lágir, mosavaxnir hraunhólar eru víða og lágir klettar. Inn á milli eru lautir í hrauninu.
Engin ummerki fjárhúsanna sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Grímslækir, 4; IE-örnefnauppdráttur 1968

ÁR-540:016 tóft útihús 63°55.514N 21°18.995V

Útihús er 90 m sunnan við bæ 001 og 30 m VSV við Fjóshól 010. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1920. Útihúsið er byggt inn í gróna hraunbrún sem liggur þvert í gegnum land Ytri-Grímslækjar, beint vestan við Fjósatungu. Gömlu timbri er staflað upp við norðausturhorn útihússins.





Mynd 19. Útihús 016, horft til vesturs.

Útihúsið er austan í grónum hraunhól, á lágri algróinni hraunbrún. Austan hennar er blaut mýri. Allt umhverfis útihúsið er gróið tún.

Útihúsið er 5x5 m að stærð, einfalt og byggt inn í hraunbrún/hól til vesturs. Veggirnir eru líklega grjóthlaðnir en gróið yfir þá að utan. Að innan er hægt að greina 2 umför grjóthleðslu í þeim. Veggirnir eru 0,5 m á hæð en hrunið hefur úr þeim á nokkrum stöðum. Útihúsið er opið til austurs, út í mýrina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-540:017 heimild landamerki 63°55.392N 21°19.048V

"Landamerki eru samkvæmt bréfum: Úr Sólarsteini í Klapparhól, merktan X [sjá 539:023], þaðan í Lækjarbotnalæk, ræður hann í tjörn fyrir ofan Efri-Grímslæk, um Grímslækjarós í Lambeyraós. Út Lambeyraós upp Hraunsengjaós og í Lágengjaós í krossmark í Ferðamannahól og tvær vörður [sjá 540:013 og 541:012] saman upp í Tíðagötu [sjá 533:034]. Tíðagötu í Sólarstein," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Gunnars Konráðssonar, heimildamanns, sá Guðjón gamli [(Guðjón Eyjólfsson f. 1898, d. 1992)] krossmarkið í Ferðamannahól en sagði að það hefði horfið. Hér er átt við Guðjón Eyjólfsson, fyrrum ábúanda á Ytri-Grímslæk. Gunnar hafði aldrei séð krossinn og taldi gróið yfir hann. Landamerkin liggja þvert yfir austurhluta Ferðamannahóls og tilheyrir þetta svæði Ytri-Grímslæk ÁR-540.

Hóllinn er á mörkum sléttaðs túns til austurs og óræktaðs túns til vesturs í landi Hrauns.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Grímslækir, 1

ÁR-540:018 heimild traðir 63°55.561N 21°19.154V

Hreimreið er sýnd að bæ 001 úr VSV á túnakorti frá 1920. Að sögn Gunnars Konráðssonar, heimildamanns, var hún ekki hlaðin né veggir meðfram henni. Heimreiðin var troðin niður af völdum umferðar, þó aðallega kúa. Síðar var gerður malarvegur á sama stað og er hann enn notaður. Á túnakortinu er heimreiðin um 150 m löng.

Malarvegurinn liggur í gegnum gróin tún.

Engin ummerki heimreiðarinnar sést á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920


ÁR-540:019 tóft rétt 63°55.532N 21°19.119V

Útihús er merkt 100 m suðvestan við bæ 001 á túnakorti frá 1920. Þetta er rétt sem stendur enn og er 40 austan við sýsluveg að Hrauni ÁR-541. Rúmum 30 m norðan við réttina eru skemma og nokkur grenitré.

Réttin er í sléttu, grasivöxnu túni sem nýtt er til hrossabeitar. Víða eru grónir hraunhólar, stakir klettar og klappir. Réttin er á hraunklöpp og stendur ofar en túnið.

Réttin er 14x14 m að stærð og er einföld. Hún er grjóthlaðin, veggirnir eru reisulegir og lítið hrunið úr þeim. Op er líklega á vesturvegg, þar er hrun og einföld steinaröð. Veggirnir eru 0,5-0,7 m á hæð og það eru 2-5 umför grjóthleðslu í þeim. Hraunklöpp er innan réttarinnar, í vesturhlutanum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar






Mynd 20. Rétt 019, horft til norðausturs.

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-544 Breiðabólsstaður

1847: Bændaeign. 40 hdr. með Vindheimum ÁR-545. JJ, 76
1397: Getið í Vilchinsmáldaga. DI IV, 98-99.
1523: Getið í kirkjureikningum. DI IX, 158-159.
1542: Getið í kaupbréfi. DI XI, 146
1551: Getið í kaupbréfi. DI XII, 307
1561: Getið í tylftardómi. DI XIII, 622-623
1575: Getið í Gíslamáldaga. DI XV, 642.
1708: "Jarðýrleiki xl og so tíundast fjórum tíundum." JÁM II, 439.
"Kirkja var þar samkvæmt gömlum heimildum." segir í Sunnlenskum byggðum III.
1917: Tún 5 ha, 9/10 slétt. Garðar 1050 m2.



ÁR-544:001 *Breiðabólsstaður* bæjarhóll bústaður 63°55.235N 21°23.752V



Mynd 21. Bæjarhóll 001, horft til vesturs.

"Breiðabólsstaður var oftar nefndur Breiðabólsstaðir, eða stytt í Breiða [...] Bærinn stóð í túninu ofan við Bæjarlæk, þar sem á honum er hornrétt beygja frá suðvestri til suðausturs. Nú eru öll verksummerki afmáð á þeim stað, allt bæjarstæðið sléttað út." Bæjarhóllinn var skráður árið 2004 í tengslum við verkefnið bænhús á Íslandi. Bæjarhóllinn er nánast í beinni línu við eystri gafl á stóru húsi sem líklega var heimavist meðan skóli var rekin á jörðinni. Rúmir 200 m eru á milli hússins og bæjarhólsins. Bærinn sjálfur, var fluttur árið 1954, og er rúmum 350 m sunnan við bæjarhólinn.

Bæjarhóllinn er í ræktuðu túni sem notað er undir hrossabeit. Kirkjuskarð og Tíðargötur (sjá ÁR533:034) eru í beinni stefnu ANA við bæjarhólinn og telur Eric Guðmundsson, heimildamaður, það í tengslum við Hjallakirkju ÁR533:002.

Lítið sést til ummerkja á yfirborði vegna sléttunar. Eric man hvar bærinn stóð og ljósmynd er til af honum. Bæjarhóllinn er enn varðveittur en sléttað hefur verið yfir hann og öllum húsum rutt út. Bæjarhólinn er 40x30 m að stærð, snýr austur-vestur og er 0,5 m á hæð. Hér og þar mótar fyrir litlum dældum ofan á hólnum án þess að hægt sé að greina nánara lag bæjarhúsanna. Fyrir sunnan hólinn er áberandi þýft svæði. Stafnar bæjarins snéru til suðurs. Bærinn fór í eyði 1928 en jörðin nýtt áfram frá Vindheimum ÁR-545. Bæjarhúsin voru jöfnuð við jörðu árið 1955 eða 1956.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 1

ÁR-544:002 heimild kirkja 63°55.235N 21°23.752V

"1397: XCV. A Breidabolstad. Mariukirkia oc hins heilaga Olafs kongs a Breidabolstad j Olfusi a .xc. j heimalandi. iij. kluckur. rodukross. ein kiertistika med kopar. glodarkier. paxspialld. kirkiann aa eina kv. portio Ecclesiæ vmm .viij. ar oc .xx. tiu hundrad oc mork. Hun a vmm þat framm sem herra Michels maldagi vottar .iij. kyr er Andres gaf. Jnnan kirkiu. bryk yfer alltari. Laurentius lykneski. paxspialld steintt. portio Ecclesiæ vmm vj. ar næstu medan Jon hefr bued halfur fimtandi eyrer oc .xij. aurar af jordunni heima þar. fiellu nidur .xij. aurar er hann liet hlada veggi vmm kirkiuna oc gaf til alltarisklædi med liereptt. forn tiund adr vmm .iiij. ar hundrad oc .xij. Alnar," DI IV.

"8.7.1523 hafði Erlendur Þorvarðsson lögmaður fengið Skálholtskirkju Hof á Kjalarnesi í reikningsskap ýmissa kirkna, þ.á.m. Breiðabólstaðarkirkju sem var "af fallin med aullu" og lofaði hann að "giora upp breidabolstadar kirkiu" –" DI IX.

"1575: CLXXXVI. Breidabolstadur. Hälfkirkian ä Breidabölstad i Olvese. ä xc. i heimalande. Jordin xLc." DI XV. "Kirkja var þar samkvæmt gömlum heimildum." segir í Sunnlenskum byggðum III. Ekki er vitað hvar kirkjan var en líklega var hún nærri bæ 001. Ekki er vitað hvenær hún féll úr notkun.

Ræktað tún nýtt til hrossabeitar.

Engin ummerki kirkjunnar sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: DI IV 98-99; DI IX, 159; DI XV, 642; SB, 327

ÁR-544:003 tóft útihús 63°55.172N 21°24.013V

"Framan í rananum er lítill hellir sem heitir Skrínuhellir. Neðan við hann eru miklar húsatóttir," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1920 er eitt útihús merkt á þessum slóðum. Þarna eru samtals þrjár tóftir [sjá 011 og 056] sem allar eru innan gamla heimatúnsins. Þær eru flokkaðar sem útihús byggt á staðsetningu, gerð og lögun.

Útihúsið er 240 m vestan við bæ 001 og 50 m norðaustan við útihús 011. Framan við Skrínuhelli er trjálundur og



Mynd 22. Útihús 003, horft til suðausturs.

hann sést ekki sökum þess. Grenitrén eru beint norðan við tóftirnar, ofar í hlíðarbrúninni.
Útihúsið er í gróinni brekku sem hallar til suðurs niður frá hlíðarbrúninni. Klettar eru ofan við tóftina og grenitrjálundur.
Útihúsið er 24x10 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í þrjú hólf. Það er grafið inn í hlíðina til norðurs og vesturs. Hólf 1 er austast. Það er 6x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 2-3 m á þykkt og 1-1,2 m á hæð. Hólfið var opið til suðurs en fyllt upp í það með grjóti. Það má greina 3-4 umför af grjóthleðslu í veggjunum. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 8x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,4-0,6 m á hæð og minni umfangs en í hólfi 1. Líklega var ekki þak yfir hólfinu. Veggirnir eru algrónir en í norðurvegg sést glitta í grjót á stöku stað. Hólfið er opið til suðurs. Hólf 3 er vestast, er 8x6 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,4-0,6 m á hæð og algrónir. Hólfið er opið til suðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Breiðabólsstaður, 2

ÁR-544:004 heimild útihús 63°55.189N 21°23.736V
Útihús er merkt um 100 m suðvestan við bæ 001 og 200 m suðaustan við útihús 003 á túnakorti frá 1920. Útihúsið er horfið af yfirborði, líklega vegna sléttunar. Það var rétt norðan við Bæjarlæk en hann réð suðurmörkum túnsins.
Grasivaxið, slétt tún nýtt til hrossabeitar. Túnið er í aflíðandi halla til suðurs, frá hlíðarbrúnni.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-544:005 garðlag túngarður 63°55.337N 21°23.627V
"Á túngörðum og girðingum voru fjögur hlið. Aðalhliðið var Lækjarhlið austan bæjanna. Engjahlið var suðaustur frá bæjunum, um það lá leið að Hrauni og í Nauteyrar (ÁR720:003]. Veituhlið á Hafnarvegi. Stöðulhlið við Stöðul. Um það lágu allar leiðir til fjalls [m.a. Lágaskarðsleið ÁR721:015]." Túngarðurinn er ennþá varðveittur norðan við bæ 001 og Vindheima ÁR-545. Hann afmarkaði mun stærra svæði en sýnt er á túnakortum þessara bæja og heimatúnin þeirra lágu saman. Núverandi túngarður er norðar en sá sem sést á túnakortinu. Bæjarlækurinn afmarkaði suðurhlið túnsins á Breiðabólsstað en náði suður fyrir hann í Vindheimum. Á túnakorti Breiðabólstaðar er túnið 330x180 m að stærð og snýr austur-vestur en á túnakorti Vindheima er túnið 240x200 m og



Mynd 23. Túngarður 005, horft til austurs

snéri norður-suður.
Uppi á hlíðarbrúninni slétt, gróið heiðlendi. Grjót kemur víða í gegnum svörð.
Túngarðurinn afmarkar svæði sem er 515x75 m að stærð og liggur norðaustur-suðvestur. Hér er um að ræða norður- og austurhlið túngarðsins. Sem fyrr segir afmarkaði lækurinn líklega stóran hluta suðurhliðarinnar en vesturhliðin er horfin. Norður- og austurhliðar túngarðsins er grjóthlaðnar. Til norðurs er túngarðurinn uppi á hlíðarbrúninni og liggur síðan til suðausturs niður hana. Hann er 1-1,5 m á breidd, 0,2-0,4 m á hæð og það eru 1-3 umför grjóthleðslu í honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 8; Túnakort 1920

ÁR-544:006 *Hjallhóll* tóft hjallur 63°55.240N 21°23.702V
"milli bæjanna [Breiðabólsstaðar og Vindheima] var rúst sem hét Hjallhóll. (...) Þó er grjót upp úr grasrót á Hjallhól." Hjallhóll er rúmum 30 m austan við bæ 001 og rúma 80 m VSV við Vindheima 545:001. Hjallurinn var skammt norðan við Bæjarlæk en búið er að slétta yfir svæðið.



Mvnd 24. Hiallhóll 006. horft til austurs.

Hjallhóll er í grasivöxnu túni nýtt til hrossabeitar. Svæðið er í aflíðandi halla til suðurs, frá hlíðarbrúninni allt að bæjarlæknum.
Á Hjallhól mótar enn fyrir lágri tóft þrátt fyrir rask á svæðinu. Þar er einföld U-laga tóft, 16x14 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og algrónir. Grjót stendur uppúr sverði á stöku stað. Tóftin er opin til suðurs og óljóst mótar fyrir öðru hólfi í vesturenda. Vegna stærðar tóftarinnar er ólíklegt að um hjall sé að ræða, mögulega er þetta gerði eða kálgarður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 1

ÁR-544:007 *Bergmál* þúst útihús 63°55.186N 21°23.768V



Mynd 25. Þúst 007, horft til VSV.

"Önnur rúst, hringlaga, var sunnan við Breiðabólsstaðarbæ. Hún hét Bergmál. Báðar eru þessar rústir (Hjallhóll 006] afmáðar nú." Hringlaga þúst er 90 m sunnan við bæ 001 og 180 m austan við útihús 003. Hér er líklega um Bergmál að ræða og miðað við staðsetninguna var þetta útihús.
Grasivaxið, slétt tún nýtt til hrossabeitar. Túnið er í aflíðandi halla til suðurs, frá hlíðarbrúnni.
Þústin er 30x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún 1-1,5 m á hæð og grasivaxin. Hún er hæst í miðjunni en fjarar út til annarra átta. Til vesturs er brött brekka niður

frá þústinni. Lágar dældir eru ofan á hólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 1

ÁR-544:008 *Stöðull* tóft kvíar 63°55.338N 21°23.496V
"Upp af Gerði, upp við hlíðarbrúnina, heitir Stöðull." Stöðullinn var rúma 250 m norðaustan við bæ 001 og 170 m norðaustan við Vindheima 545:001. Á þessum slóðum er tóft, líklega frá tímum Hlíðardalsskóla. Gróinn moldarhóll er fast austan við tóftina, líklega uppmokstur úr tóftinni. Hún fær þó að vera í þessari skrá sökum forns byggingarlags.
Sunnan undir hlíðarbrúninni er búið að planta trjám, m.a. birki og víðitegundum. Gras, melur og lyng eru inn á milli trjánna.
Tóftin er 14x6 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er austar. Það er 10x5 m að innanmáli og er ílangt, það fer mjókkandi til vesturs í átt að hólfi 2. Veggirnir eru 0,3-1 m á hæð, niðurgrafnir og sjást ekki að utan. Í þeim eru 3-4 umför grjóthleðslu og hólfið er opið til austurs. Hólf 2 er vestar og afmarkast af bárujárnsþaki sem er yfir því. Hólfið er 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru niðurgrafnir og þakið rétt ofan við svörð. Lofthæðin er 1,8 m og veggirnir eru þiljaðir að innan. Bárujárn og þakpappi eru í þaki. Hólfið er opið til austurs en líklega var þar þil með dyrum.




Mynd 26. Kvíar 008, horft til vesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 2

ÁR-544:009 *Gamli-Garður* heimild óþekkt 63°55.158N 21°23.745V
"Syðst í Tumavelli er (eða var) rúst sem heitir Gamli-Garður." Tóftin var sunnan við Bæjarlækinn og því skammt utan heimatúnsins. Gamli-Garður var 50 m sunnan við Bergmál 007 og 140 m sunnan við bæ 001. Tóftin er horfin vegna sléttunar.
Slétt, grasivaxin tún nýtt til sláttar og beitar eru á Tumavelli.
Engin ummerki Gamla-Garðs sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 2

ÁR-544:010 *Ólafsvörður* tóft rétt 63°55.195N 21°24.090V
"Fram úr hlíðarbrúninni upp af túninu vestast, gengur snös eða rani. Uppi á brún ranans eru rústir. Þar voru réttir bæjanna. Þar heita Ólafsvörður," segir í örnefnalýsingu. Réttin er tæpum 300 m vestan við bæ 001 og 200






Mynd 27. Rétt 010, horft til suðurs.

m suðvestan við Hákarlabyrgi 013. Hún er utan túngarðs 005 en suðurveggurinn afmarkast af honum. Ólafsvörður eru undir þessu númeri í fornleifaskránni af þremur ástæðum, hlutverk þeirra er ekki afmörkun túns, þær hafa sérheiti og eru visst kennimark. Ólafsvörður eru efst uppi á hlíðarbrúninni og víðsýnt er frá þeim. Um 50 m til suðaustan við réttina er trjálundur, undir hlíðarbrúninni.
Uppi á fyrrnefndum rana er slétt, gróið heiðlendi. Grjót kemur víða í gegnum svörð.
Réttin er 18x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er grjóthlaðin og skiptist í tvö hólf. Til suðvesturs er hólf 1. Það er 10x7 m að innanmáli. Veggirnir eru 0,3 m á hæð, 1 m á breidd og má greina 1 umfar grjóthleðslu í þeim. Op er í suðvesturhorni, upp við túngarðinn. Hólf 2 er norðaustar. Það er 14x14 m að innanmáli og veggirnir eru eins og hólfi 1. Op er í austurhorni, upp við túngarðinn og annað til norðausturs. Í norðvesturhluta hólfsins er 1,5 m djúp hola. Tilgangur hennar er óljós.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 2

ÁR-544:011 tóft útihús 63°55.174N 21°23.974V
"Framan í rananum er lítill hellir sem heitir Skrínuhellir. Neðan við hann eru miklar húsatóttir [sjá 003 og 056]," segir í örnefnaskrá. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1920 og ekki í notkun þá. Útihúsið er 290 m VSV við bæ 001 og 50 m suðvestan við útihús 003.
Útihúsið neðarlega í gróinni brekku sem hallar til suðurs niður frá hlíðarbrúninni. Klettar eru ofan við tóftina og grenitrjálundur.





Mynd 28. Útihús 011, horft til suðurs.

Tóftin er 13x10 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er vestar. Það er 6x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 1,2 m á hæð og 2 m þykkir. Það glittir í 3-5 umför af grjóthleðslu í þeim. Ekki var hægt að fara inn í hólfið sökum veggja- og þakhruns. Ekkert op er sjáanlegt inn í hólfið og þetta mögulega hlaða. Hólf 2 er austar og líklega yngri viðbygging. Það er 7x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 0,4 m á hæð og má greina tvö umför í þeim. Hólfið er opið til suðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 2

ÁR-544:012 *Nýikofi* heimild hrútakofi 63°55.258N 21°23.752V
"Uppi í brekkunni, milli bæjanna, var gamall hrútakofi sem hét Nýikofi. Nú er hann horfinn," segir í örnefnaskrá. Nýikofi var rúma 40 m norðan við bæ 001 og 270 m norðaustan við útihús 003. Nýikofi er ekki sýndur á túnakorti frá 1920 og líklega ekki í notkun þá. Nýikofi er sýndur á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar.
Hlíðarbrúnin er 15-20 m há og brött norðan við bæ 001. Klettar eru efst í brekkunni en gras neðar.
Engin ummerki Nýjakofa sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 2; IE-örnefnauppdráttur 1968

ÁR-544:013 *Hákarlsbyrgi* tóft óþekkt 63°55.268N 21°23.920V
"Uppi á brúninni, upp af Breiða [001], er rúst sem heitir Hákarlsbyrgi," segir í örnefnaskrá. Byrgið er tæpum 160 m norðvestan við bæ 001 og 220 m sunnan við vörðu 025. Hákarlsbyrgi er uppi á hlíðarbrúninni og sést víða að. Ekki er ljóst af hverju nafnið er dregið.





Mynd 29. Hákarlsbyrgi, horft til SSA.

Uppi á hlíðarbrúninni er gróið heiðlendi. Mosi, lyng og klappir eru þar mest áberandi.
Tóftin er 7x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin skiptist í tvö hólf og er grjóthlaðin. Hólf 1 er norðar. Það er 3x3 m að innanmáli og er op í norðvesturhorni. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og glittir í 1-2 umför grjóthleðslu. Grjótið er vaxið hvítum skófum og mosa. Grjóthrun er inni í hólfinu og hvergi mótar fyrir opi. Hólf 2 er sunnar og var líklega topphlaðið. Það er 3x3 m að stærð en þakið er fallið niður. Hólfið er byggt upp við hraunklett til suðurs og afmarkar hann þá hlið. Austurveggurinn stendur uppi að hluta og er 0,6 m á hæð. Þar má greina 3 umför grjóthleðslu. Ekki er hægt að greina op en líklega var það til norðurs, yfir í hólf 1. Tilgangur tóftarinnar er óþekktur en nafnið bendir til tengsla við hákarlavinnslu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 2

ÁR-544:014 *Sneiðgata* gata leið 63°55.268N 21°23.920V
"Vestan þess [Hákarlabyrgis 013] liggur gata upp á brúnina, upp frá Breiðabólsstaðarbæ, og heitir Sneiðgata," segir í örnefnaskrá. Gatan sést ennþá upp hlíðarbrúnina, norðvestan við bæ 001 og er innan gamla heimatúnsins.
Gatan hefst í grasivöxnu, sléttu túni og liggur upp í gróna hlíðarbrún. Þar eru náttúrulegir paldrar og klettar efst.
Gatan liggur til norðvesturs frá bæ 001 og stefnir að trjálundi sem búið er að planta fyrir nokkrum áratugum. Austan við hann liggur gatan skáhallt upp hlíðarbrúnina og er einna greinilegust í mesta hallanum. Greina má leiðina á um 120 m löngum kafla og er hún grafin inn í hlíðina til norðurs. Hún er 2-2,5 m á breidd, slétt í botninn og algróin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 2



Mynd 30. Sneiðgata 014, horft til norðvesturs.

ÁR-544:015 *Beljuvað* heimild vað 63°55.228N 21°23.710V



Mynd 31. Beljuvað 015, horft til suðurs.

"Tvö vöð voru á Bæjarlæk, Beljuvað vestan við Hjallhól [006]", segir í örnefnalýsingu. Beljuvað er rúma 35 m suðaustan við bæ 001 og 20 m sunnan við Hjallhól 006. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var notað en líklega var það engjavegur.
Grynningar eru í Bæjarlæknum á þessum slóðum, hann mjór og bakkarnir ekki háir. Hvergi má þó greina skörð eða annað sem gefur vaðið til kynna. Girðing er norðan lækjarins og ekki hægt að fara hér yfir lengur.
Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 2

ÁR-544:016 *Meravað* heimild vað 63°55.195N 21°23.696V
"Tvö vöð voru á Bæjarlæk [...] og Meravað vestan við Breiðabólsstað," segir í örnefnalýsingu. Merarvað er 90 m suðvestan við bæ 001 og 230 m suðaustan við Hákarlabyrgi 013. Þar eru grynningar í læknum og bakkarnir ekki háir. Búið er að setja ræsi í lækinn á svipuðum slóðum og vaðið var. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var notað en líklega var það engjavegur.
Lækurinn er 3-3,5 m á breidd og grunnur. Ræsi er í læknum, gras þar yfir og vegslóði.
Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 2

ÁR-544:017 *Veitur* örnefni áveita 63°51.151N 21°23.730V
"Neðri hluti túnanna heitir Veitur. Þær skiptast um lækinn í Austur-Veitu austan við hann og Vestur-Veitu vestan hans," segir í örnefnalýsingu. Veitur eru 200-250 m sunnan við bæ 001. Ekki má greina nein ummerki um áveitumannvirki á svæðinu né eru heimildir um slíkt utan örnefnisins.
Austur-Veita er komin í slétt, grasivaxið tún sem nýtt til sláttar. Vestur-Veita er innan gamla heimatúnsins en hefur einnig verið sléttuð út.
Engin ummerki áveitunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 2

ÁR-544:018 *Presthús* heimild fjárhús 63°55.107N 21°24.018V
"Vestan túnsins fyrir ofan miðja Vestur-Veitu [017] var fjárhús sem hét Presthús, nú útsléttað," segir í örnefnalýsingu. Presthús voru rúmum 320 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 100 m sunnan við tóftir 011.
Slétt, grasivaxið tún nýtt til hrossabeitar. Gróið vik er til vesturs úr því, þar voru Presthús smkv. örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar.
Engin ummerki fjárhúsanna sjást á yfirborði.
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 2; IE-örnefnauppdráttur 1968

ÁR-544:019 varða eyktamark 63°54.955N 21°24.162V

"Ofan við Ruddablett er gömul varða, sem hugsanlegt er að heitið hafi Nónvarða vegna afstöðunnar við bæinn (gamla), en enginn man eftir nafninu," segir í örnefnalýsingu. Nónvarða er rúmum 600 m suðvestan við bæ 001 og tæpa 500 m sunnan við vörðu 049. Hún er í austurhlíðum Ássins og er lágreist.
Mosavaxin heiði. Klettar, melur og moldarflög eru víða.
Varðan er í miðju moldarflagi, í aflíðandi halla til austurs, niður af Ásnum. Hún er hlaðin á náttúrulegum kletti úr hraungrýti. Varðan er 1 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Það má greina 3 umför af grjóti í vörðunni en ekkert hrun er umhverfis hana.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 2



Mynd 32. Varða 019, horft til NNV.

ÁR-544:020 *Breiðabólsstaðarsel II* tóftaþyrping sel 63°56.958N 21°26.196V

Ómar Smári Ármannsson fjallar um þessar minjar á heimasíðu Ferlis. Þar segir: "Þegar FERLIR var á ferð um Krossfjöll var m.a. gengið fram á áður óþekktar - og þar með óskráðar selsminjar - ofan Krossfjalla. Minjarnar eru miklar og greinilegar; sjö rými og stekkur. [...]." Selið er ekki þekkt úr rituðum heimildum og er því nafnlaust. Hér er stuðist við nafngjöf Ómars Smára og selið nefnt Breiðabólsstaðarsel II. Það er 3,8 km norðvestan við bæ 001 og 1,7 km NNA við Breiðabólsstaðarsel 028. Selið er undir norðurhlíðum Krossfjalla.



Mynd 33. Tóftir 020 A-C eru til vinstri og tóft 022 D til hægri.



Mynd 34. Tóftir 020 E-F eru til vinstri og tóft 020 G er til hægri.

Allt umhverfis selið er mosavaxið hraun. Meðfram norðurenda Krossfjalla er mjótt undirlendi og er selið þar,

byggt upp við fjallshlíðarnar.



Á svæði sem er 100x40 m að stærð og snýr norður-suður eru sjö tóftir. Ástand þeirra allra er svipað, veggirnir útflattir og tóftirnar grónar. Var hverri tóft gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Tóft A er byggð norðan undir fjallshlíð Krossfjalla og er sú stærsta á svæðinu. Hún er 20x7 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í fjögur hólf. Austast er hólf 1. Það er 1,5x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er byggt upp við klett til suðurs en aðrir veggir eru hlaðnir. Þeir eru 0,3-0,4 m að hæð og má sjá tvenn umför grjóthleðslu í þeim. Op er á miðjum norðurvegg. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 5x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,4-0,6 m á hæð og glittir í grjót hér og þar. Op er á miðjum norðurvegg. Hólf 3 er vestan við hólf 2. Það er 5x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru algrónir og 0,6-1 m á hæð. Tóftin er betur varðveitt að sunnan en til norðurs. Op er sem fyrr á miðjum norðurvegg. Hólf 4 er vestan við hólf 3. Það er byggt upp við hraunbrún að sunnan. Það er 3x3 m að innanmáli og op er til norðurs. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og grónir. Það má greina 1-2 umför af grjóti í þeim. Tóft B er 2 m vestan við tóft A, fast upop við gróna hraunbrún til suðurs. Hún er 7x7 m að stærð og einföld. Veggirnir eru 0,4-0,6 m á hæð, 2-2,5 m á breidd, algrónir og reisulegri að innan en utan. Op er á miðjum norðurvegg. Tóft C er 5 m vestan við tóft B. Hún er 7x6 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og má greina 2 umför af grjóthleðslu í þeim. Þeir eru mosavaxnir og útflattir. Op er á miðjum austurvegg. Tóft D er 20 m norðan við tóft A. Hún er 6x5 m að stærð, einföld og snýr suðaustur-norðvestur. Veggirnir eru 0,3 m á hæð, útflattir og algrónir. Op er á miðjum suðurvegg. Tóftir E og F eru uppi á mosavaxinni hraunklöpp, tæpum 50 m norðan við tóft D. Tóft E er sunnar. Hún er 3x3 m að stærð, einföld og grjóthlaðin. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og má greina eitt umfar grjóthleðslu í þeim. Ekkert op er inn í tóftina. Tóft F er 2 m norðaustan við tóft E. Hún er 6x5 m að stærð, einföld og grjóthlaðin. Hún snýr norður-suður og líklega er op í suðausturhorni. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og má greina 1-2 umför af grjóti í þeim. Tóftin er lyngivaxin að innan líkt og hluti af veggjunum. Tóft G er nyrst og er tæpum 30 m norðan við tóft F. Tóftin er 8x8 m að stærð, einföld og er opin til norðvesturs. Veggirnir eru útflattir og lyngivaxnir. Tóftin er í viki inn í hraunbrúnina, suðaustan við mosavaxin hraunhól.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: http://www.ferlir.is/?id=17726

ÁR-544:021 *Rifjabrekkur* heimild áningarstaður 63°54.539N 21°24.019V

"Graslendið austan við Draugshelli [sjá 546:026) heitir Rifjabrekkur. Þar var áningastaður langferðamanna," segir í örnefnalýsingu. Rifjabrekkur eru 1,4 km SSV við bæ 001 og tæpum 800 m sunnan við Nónvörðu 019. Malbikaður vegur að Hlíðarenda ÁR-547 liggur skammt sunnan við Rifjabrekkur.

Rifjabrekkur eru suðaustan undir Ásnum. Þar eru 7-10 m háar brekkur og Bæjarlækurinn, eða Austurbæjarlækur eins og kallaðist hér, rennur þar við.

Engin ummerki áningarstaðarins sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 3

ÁR-544:022 *Stekkjardalur* tóft stekkur 63°54.840N 21°24.500V

"Ofantil á miðjum Ás er lítill dalur sem heitir Stekkjardalur. Hann virðist vera gígur. Tvær djúpar holur eru niður úr botni hans. Lítil rúst er austantil í Stekkjardal," segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er tæpum 350 m suðvestan við Nónvörðu 019 og tæpum 1 km suðvestan við bæ 001. Stekkurinn er í vesturhluta Stekkjardals en ekki til austurs líkt og segir í örnefnalýsingu.

Stekkjardalur er sem fyrr segir gamall gígur og afar skjólgott þar ofan í. Gígurinn er 3-5 m djúpur og 70 m í þvermál. Lágir klettar eru meðfram brún hans og hraun. Tvær djúpar holur eru þar ofan í og mikill gróður. Aðallega gras, mosi og lyng.





Mynd 35. Stekkur 022, horft til vesturs.

Stekkurinn er hlaðin upp við gígbrúnina. Hann er 10x5 m að stærð, snýr suðvestur-norðaustur og skiptist í tvö hólf. Veggirnir eru líklega grjóthlaðnir og tóftin er í aflíðandi halla til norðausturs, niður í gíginn. Hólf 1 er norðaustar. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Veggirnir eru útflattir, 1-1,5 m á breidd, 0,4 m á hæð og algrónir. Hólfið er opið til norðurs en suðurhlið afmarkast af einfaldri, mosavaxinni steinaröð. Hólf 2 er suðvestar. Það er 3x3 m að innanmáli og var króin. Veggirnir eru líkt og í hólfi 1 en ekkert op er sjáanlegt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 3

ÁR-544:023 *Bræðraborg* varða samgöngubót 63°55.052N 21°24.494V

"Ofan Ássins og vestur frá Ólafsvörðum (sjá 010) eru á hlíðarbrúninni vörður tvær, sem ber við loft frá Breiðabólsstað. Þær heita Bræðraborg. Þær eru nú hálfhrundar," segir í örnefnalýsingu. Bræðraborg er 400 m norðan við stekk 022 og 700 m suðvestan við bæ 001. Önnur varðan er hrunin en hin stendur að mestu. Tilgangur varðanna er óþekktur en mögulega voru þær vegvísar á leið 720:004 eða að Ingjaldsborg 024.



Mynd 36. Bræðraborg 023, horft til suðurs.

Gróið mólendi er á þessum slóðum. Mosi og lyng eru ráðandi en hraungrýti og moldarflög eru víða.

Einungis voru 1-2 m á milli varðanna en þær voru hlaðnar á hraunhellu eða -hól. Sú syðri er hrunin og ber grjótdreif henni einungis merki. Sú sem enn stendur er norðar. Undistöður hennar eru 2 m í þvermál og er hún 1,4 m á hæð. Varðan mjókkar lítillega upp og má sjá 10 umför í henni. Efsti hluti vörðunnar er líklega fallinn niður. Grjótið er vaxið hvítum skófum og mosa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 3

ÁR-544:024 *Ingjaldsborg* tóftaþyrping fjárskýli 63°55.044N 21°21.717V

"Um 3 - 4 hundruð metrum vestar [en Bræðraborg] á brúninni er mikil rústaþyrping, og vel gróið kringum þær. Þar eru rústir af nokkrum hringlöðnum fjárborgum og einu 100-sauðahúsi. Steindór Egilsson byggði það 1912. Þetta heitir Ingjaldsborg," segir í örnefnalýsingu. Ingjaldsborg er tæpum 200 m vestar en Bræðraborg 023 og rúmlega 850 m suðvestan við bæ 001. Þar eru ummerki um þrjár fjárborgir og eitt fjárhús sem líklega er yngra. Bygging þess raskaði fjárborgunum og grjót án efa borið úr þeim við byggingu þess.






Mynd 37. Fjárborg 024 A til vinstri og fjárborg 024 B til hægri.

Ingjaldsborg er á grasivöxnu svæði. Allt umhverfis er heiði með mosa, lyngi og þúfum. Víða eru moldarflög og hraungrýti.

Á svæði sem er 32x23 og snýr austur-vestur eru fjórar tóftir og garðlag. Var hverju þeirra gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Fjárborg A er austast. Hún er hrunin og einungis mótar fyrir útveggjum hennar. Grjóthrúga er inni í fjárborginni, líklega frá því að fjárhúsið var gert. Fjárborgin er 7 m í þvermál og grjóthlaðin. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð og sést 1 umfar grjóthleðslu. Vesturveggurinn er best varðveittur og er 2-2,5 m á





Mynd 38. Tóft 024 C, horft til norðurs.

breidd. Ekkert op sést inn í tóftina. Fjárborg B er 2 m vestan við fjárborg A. Stutt, grjóthlaðið garðlag tengir þær saman. Fjárborgin er vel varðveitt og var mögulega notuð samtíða fjárhúsi C en það er byggt upp við vesturvegg hennar. Fjárborgin er 9 m í þvermál, einföld og op er miðjum suðurvegg. Veggirnir eru 0,6-0,8 m á hæð og það eru 4 umför grjóthleðslu inni í tóftinni. Að utan eru veggirnir algrónir. Fjárhús C eru byggð 1912 og eru yngri en fjárborgirnar. Þau er 23x9 m að stærð, snúa norður-suður og skiptast í tvö hólf. Lýsingin hefst í suðurhluta fjárhúsanna, í hólfi 1. Það er 9x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á miðri suðurhlið og eru veggirnir sérstakir í laginu þar. Hleðslurnar eru ílangar og líkjast helst stefni á skipi. Veggjaþykktin er 5 m og myndast því nokkurs konar "gangur" inn í hólfið. Veggirnir eru 1,2-1,5 m á hæð og að innan eru 6 umför grjóthleðslu. Annað op er í norðurenda, yfir í hólf 2. Hrun er yfir austurvegg hólfsins að mestu. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það er

6x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er verr varðveitt en hólf 1. Veggirnir eru 0,7-1 m á hæð og hrunið hefur úr þeim. Op er sem fyrr segir yfir í hólf 1. Fjárborg D er vestan við fjárhús C og er óskýr. Fjárhús C eru líklega byggð yfir austurvegg hennar og hluti undir þeim. Greinilegustu ummerkin er bogadregin þúst, 7x5 m að stærð og 0,3 á hæð. Þústin er algróin en hér og þar glittir í eitt umfar grjóthleðslu. Garðlag E er 16 m suðvestan við fjárhús C. Það er óskýrt og nánast útflatt. Það er sést á 10 m löngum kafla og er bogadregið. Það er 0,3 m á hæð, 0,5 m á breidd og algróið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 3

ÁR-544:025 varða óþekkt 63°55.384N 21°23.874V
"Skammt norður frá Hákarlabyrgi [013] er dálítil hæð sem heitir Rella. Uppi á henni stendur varða," segir í örnefnalýsingu. Varðan er tæpum 220 m norðan við Hákarlabyrgi 013 og tæpum 300 m norðan við bæ 001. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan er hlaðin.
Rella er gróinn hraunhóll. Klappir og hraungrýti eru á hólnum inn á milli mosa og lyngs.
Varðan er ekki mikil umfangs. Hún er 1,5 m í þvermál, 0,4 m á hæð og er hrunin. Einungis má greina 2 umför neðst í henni en til suðurs er grjóthrun. Grjótið er mosa- og grasivaxið.
Hættumat: hætta
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 4


Mynd 39. Varða 025, horft til norðausturs.

ÁR-544:026 *Rjúpnavarða* varða óþekkt 63°55.421N 21°24.463V
"Suður frá Vatnsstæðum, en vestan við Rellu [025] er Rjúpnavarða," segir í örnefnalýsingu. Rjúpnavarða er tæpum 500 m vestan við vörðu 025 og tæpum 700 m norðvestan við bæ 001. Tilgangur vörðunnar er óþekktur en mögulega var hún vegvísir á gamalli leið eða vísaði á einhvern stað.
Gróin heiði. Víða er hraungrýti í moldarflögum inn á milli mosa og lyngs.
Rjúpnavarða er nánast horfin. Hún var hlaðin upp á hraunhellu en þar er einnig fuglaþúfa. Enn má greina undirstöður vörðunnar en hún var 1 m í þvermál. Varðan er 0,3 m á hæð en var líklega hærri þrátt fyrir að grjóthrun sjáist ekki.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 4


Mynd 40. Rjúpnavarða 026, horft til austurs.

ÁR-544:027 *Sauðbrekknavarða* varða óþekkt 63°55.494N 21°25.167V
"Norðvestar [en Rjúpnavarða sjá 026] er Sauðbrekknavarða," segir í örnefnalýsingu. Sauðbrekknavarða er 600 m vestan við Rjúpnavörðu 026 og rúman 1,2 km norðvestan við bæ 001. Staðsetning hennar er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar en skrásetjari fann hana ekki. Líklega er varðan hrunin og gróið yfir hana. Tilgangur vörðunnar er óþekktur en mögulega var hún vegvísir á gamalli leið eða vísaði á einhvern fyrirfram ákveðin stað en sú þekking horfin nú.
Gróin heiði. Víða er hraungrýti í moldarflögum inn á milli mosa og lyngs.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 4; IE-Örnefnauppdráttur 1968


ÁR-544:028 *Breiðabólsstaðarsel* tóftir sel 63°56.144N 21°26.658V

"Inn af Löngudölum eru aðrir, grösugir dalir sem heita Kvíadalir. Eru klettabríkur milli þeirra. Mesta bríkin heitir Kvíadalaberg, nokkurra metra hátt standberg, sem horfir mót austri. Austan undan því eru allgreinilegar rústir. Þar stóð Breiðabólsstaðarsel. Tætturnar eru: 1) Tvö hús sambyggð, úti á grundinni, utanmál 6 m. lengd og 13 m. breidd, beggja húsanna. 2) Eitt hús upp við bergið, utanmál þess: 6 m. breidd og 5 m. lengd. 3) Lítið hús rétt við hlið hins, um 2 m. sinnum 2 m. að utanmáli," segir í örnefnalýsingu. Breiðabólsstaðarsel er 500 norðvestan við garðlag 053 og tæpa 3 km norðvestan við bæ 001. Þetta er falleg selstaða og allt svæðið umhverfis.

Selið er í grösugum dal, undir klettabergi. Þar vex gras, lyng og mosi.

Selið er á svæði sem er 15x15 m að stærð. Þar eru þrjár tóftir sem gefin var bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Tóft A er nyrst. Hún er 10x7 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í þrjú hólf. Hólf 1 er suðaustast í tóftinni. Það er 1x1 m að innanmáli og er opið til suðurs. Veggirnir eru 0,4-0,6 m á hæð og algrónir, hvergi sést





Mynd 41. Breiðabólsstaðarsel 028, horft til suðurs.

glitta í grjót. Þeir eru útflattir og allt að 2 m beiðir. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Op er á miðjum suðurvegg, yfir í hólf 1. Það er 2x2 m að innanmáli og veggirnir eru eins og í hófli 1. Hólf 3 er vestan við hólf 1. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er opið til suðurs og sést glitta í steina þar. Veggirnir eru 0,4-0,5 m á hæð, 2 m breiðir og algrónir. Tóft B er 1 m sunnan við tóft A og er byggð upp við klett til vesturs. Tóftin er 7x5 m að stærð, einföld og snýr NNA-SSV. Veggirnir eru 0,5-0,6 m að hæð og algrónir. Op er á miðjum austurvegg. Tóft C er byggð upp við sama klett og tóft B en hann afmarkar suðvesturhornið. Einungis 0,5 m eru á milli tóftanna. Tóft C er ofar í brekku, við klettabergið sem selið er undir. Tóftin er 4x3 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru algrónir, 0,3-0,4 m á hæð og hvergi sér í grjót. Op er til austurs, upp við klettinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 5

ÁR-544:029 varða óþekkt 63°56.068N 21°26.856V



Mynd 42. Varða 029, horft til norðurs.

Rúma 200 m suðvestan við sel 028 og 3 km norðvestan við bæ 001 er vörðubrot, uppi á klettahrygg í svokölluðum Kvíadölum. Tilgangur vörðunnar er óþekktur.

Náttúrulegur hraunás er vestan við Kvíadalaberg og graslendi á milli þeirra. Varðan er uppi á hraunásnum sem er 8-10 m á hæð, á mosavöxnu svæði.

Varðan er lítil og eingöngu hlaðin úr sex steinum. Þeim er raðað á hraunklöpp og mynda lítið vörðubrot. Varðan er 1 m

á þvermál og 0,4 m á hæð.
Hættumat: engin hætta

ÁR-544:030 *Mómýri* náma mógrafir 63°56.118N 21°24.519V

"Suður frá Krossfjöllum austanverðum, austan Ása er allstór dalur. Innsti hluti hans heitir Torfdalur. Innst í honum er mýri sem heitir Mómýri. Þar var tekinn mór," segir í örnefnalýsingu. Torfdalur er rúma 1,7 km norðan við bæ 001 og tæpa 350 m norðan við tóftir 051.

Torfdalur er sléttur og gróinn til norðurs, Bæjarlækurinn á upptök sín í dalnum og rennur eftir honum. Dalurinn afmarkast af 10-15 m háum en aflíðandi brekkum til allra átta nema suðausturs.

Mómýri er sem fyrr segir nyrst í Torfdal. Hún er blaut, slétt og grasivaxin. Á svæði sem er 30x10 m að stærð voru líklega mógrafir. Þar er blautur pollur í grænni mýri og líklega um staka mógröf að ræða. Tvær aðrar, stakar mógrafir eru einnig varðveittar til suðvesturs frá pollinum. Þær eru 4x2 m að stærð, 0,2 m á dýpt og mold er í botni þeirra.



Mynd 43. Mógrafir 030, horft til suðvesturs.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 5

ÁR-544:031 tóft heystæði 63°56.064N 21°24.386V

Tóft er rúma 1,6 km norðan við bæ 001 og 150 m suðaustan við mógrafir 030. Hún er í suðurhluta Mómýrar í Torfdal. Vestan við tóftina er jarðrof og lækjardrag. Bratt er til suðausturs niður frá tóftinni. Svæðið er rakt og tóftin mögulega verið heystæði eða notuð til að þurrka mó.

Tóftin er á lágum grasbala. Lækur rennur fast vestan og sunnan við tóftina. Gróið heiðlendi er austan og norðan við hana.

Tóftin er 11x5 m að stærð, einföld og snýr NNA-SSV. Tóftin er nánast útflött og óskýr. Veggirnir eru 0,3 m á hæð, algrónir og signir. Mosi og lyng vex á tóftinni en op er í suðvesturhorni. Það sem einna helst gefur til kynna að um tóft sé að ræða er hleðslusteinn í opinu og gróðurfarið. Mun meira gras vex á tóftinni en nánasta umhverfi.





Mynd 44. Tóft 031, horft til norðausturs.

Hættumat: engin hætta

ÁR-544:032 *Mylla* heimild mylla 63°55.294N 21°23.513V

"Suðaustan við Vindheimabæ [545:001] var Mylla við Bæjarlæk," segir í örnefnaskrá. Myllan er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar frá 1968. Hún var rúma 220 m suðaustan við bæ 001 og 160 m norðaustan við Vindheima 545:001.

Myllan er horfin. Norðan lækjarins eru gróðurhús og borhola með heitu vatni sunnan hans. Lækjarbakkarnir eru hlaðnir og steyptir að hluta í tengslum við þessi mannvirki. Ekki er vitað hvort að einhver þessi mannvirki séu

byggð á grunni myllunnar.
Engin ummerki myllunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 6; IE-örnefnauppdráttur 1968

ÁR-544:033 *Oddstótt* tóft óþekkt 63°55.316N 21°23.322V
"Neðan við Flatir, aðeins austan við austasta hús Hlíðardalsskólans, er rúst sem heitir Oddstótt," segir í örnefnaskrá. Oddstóft er tæpa 400 m ANA við bæ 001 og 160 m austan við myllu 032. Tóftin er líklega ekki mjög gömul en hún byggð með fornu byggingarlagi. Að sögn íbúa svæðisins var tóftin nýtt sem leikkofi barna um árabil. Veggir hennar voru úr timbri en þeir voru rifnir niður árið 2012. Um 60 m sunnan við tóftina eru nokkur íbúðarhús fólks tengdu Hlíðardalsskóla og komin vísir að íbúagötu.
Hraunhólar koma víða upp sverði á þessum slóðum. Á milli þeirra eru mosa-, grasi- og lyngivaxin svæði. Birkitré vaxa einnig hér og þar.
Oddstóft er 7x6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún hlaðin sunnan við náttúrulegan klett sem afmarkaði norðurhlið tóftarinnar. Tóftin skiptist í tvö hólf og hefst lýsingin í því syðra. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,4-0,5 m að hæð og glittir í 1-2 umför af grjóthleðslu í þeim. Op er á miðri



Mynd 45. Oddstóft 033, horft til norðurs.


suðurhlið. Hólf 2 er norðar og afmarkast af steinsteyptum veggjum. Það var líklega "inni" í tóftinni. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,8 m á hæð en hleðslusteinar eru í neðri hluta veggjanna, ásamt steypu. Op er í suðausturhorni hólfsins, yfir í hólf 1.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 6

ÁR-544:034 *Steingríms gamla-stekkatún* heimild stekkur 63°55.391N 21°23.119V
"Sunnan í Hellishólum er greinileg rúst sem heitir Steingríms gamla-stekkatún," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn fannst ekki þrátt fyrir leit skrásetjara. Svæðið sunnan, suðvestan og vestan Hellishóla var þaulgengið án þess að stekkjarins yrði vart. Staðsetning stekksins er sýnd á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar. Stekkurinn var rúma 550 m norðaustan við bæ 001 og tæpa 220 m norðaustan við Oddstóft 033.
Hellishólar eru gróin hrauntunga. Klettar koma víða upp úr sverði sem og lágir hraunhólar. Svæðið er mosa-, lyngi og grasivaxið. Lágreistur kjarrgróður hefur einnig náð þar fótfestu.
Engin ummerki stekkjarins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 7; IE-örnefnauppdráttur 1968

ÁR-544:035 *Breiðabólsstaðarborg* tóft fjárskýli 63°55.403N 21°22.610V
"Litlu austar [en Steingríms gamla-stekkatún 034] er hár stórgrýtishóll, með rúst. Hann heitir Breiðabólsstaðarborg, oft Breiðaborg," segir í örnefnalýsingu. Breiðabólsstaðarborg er tæpum 1 km ANA við bæ 001 og 700 m norðaustan við Stekkjatún 037. Fjárborgin er áberandi þegar ekið er eftir Hlíðardalsvegi. Víðsýnt

er frá fjárborginni til allra átta.
Gróið hraun er allt umhverfis hólinn sem fjárborgin er á. Þar vex mosi, gras og lyng. Klettar koma víða uppúr sverði.






Mynd 46. Breiðabólsstaðarborg 035, horft til suðurs.

Fjárborgin er efst á grónum hraunhól. Klettar eru á hólnum og er fjárborgin hlaðin á milli þeirra. Klettarnir eru suðvestan, suðaustan og norðaustan við tóftina. Fjárborgin er sunnarlega á hólnum og er ferhyrningslaga. Hún er 8x8 m að stærð, einföld og grjóthlaðin. Veggirnir eru 0,2-0,5 m á hæð og 1 umfar af stóru grjóti sést í þeim. Það er tekið úr hólnum sjálfum og er ekki verið hentugt í hleðslur. Vesturveggurinn er best varðveittur og þar eru 2-3 umför af grjóti. Op er í norðvesturhorni en hrunið er fyrir það að mestu. Til norðurs frá fjárborginni, uppi á hólnum er grasivaxið svæði og hleðsla þar á brúninni. Mögulega eru þetta ummerki um aðrekstrargarð eða annað hólf. Hleðslan samanstendur af einföldri steinaröð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 7

ÁR-544:036 *Þrívörður* varða samgöngubót 63°54.806N 21°22.020V
"Suðvestur frá Dagmálahæð er lægð sem heitir Siggulág. Suðvestan við hana eru Þrívörður," segir í örnefnaskrá. Þrívörður eru 900 m suðaustan við stekk 037 og rúman 1,6 km suðaustan við bæ 001. Þrívörður eru merktar inn á Örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar frá 1968. Rúmum 200 m frá áætlaðri staðsetningu minjastaðarins er´núverandi þjóðvegur að Þorlákshöfn.
Vörðurnar eru horfnar. Þær voru á gróinni hrauntungu í svokölluðum Sandmótum. Þar er mikið um mosa, melur og hraun kemur víða uppúr sverði.
Engin ummerki um vörðurnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 7; IE-örnefnauppdráttur 1968

ÁR-544:037 *Stekkjatún* tóft stekkur 63°55.061N 21°22.954V
"...í norður frá Þrívörðum [sjá 036] er Stekkjartún, ekki langt fyrir sunnan þjóðveginn, suður frá Langamóa," segir í örnefnaskrá. Stekkjatún er rúma 700 m suðaustan við bæ 001 og rúma 550 m suðaustan við Oddstóft 033. Stekkjatún er í litlum dal eða laut í grónu hrauni og sést ekki fyrr en að er komið.
Gróið hraun er á þessum slóðum. Á nokkrum stöðum eru grónir bollar eða dalir og er stekkurinn í einum slíkum. Dalurinn er 2-3 m djúpur en klettar eru í brúninni.
Stekkurinn er 24x9 m að stærð, snýr NNA-SSV og skiptist í 3 hólf. Hólf 1 er vestast og stærst í tóftinni. Það er hlaðið sunnan undir brún dalsins, framan við hellisgjögur. Hólfið er 24x5 m að innanmáli og snýr SSV-NNA. Vesturveggur hólfsins er byggður inn í náttúrulega brekku. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 0,3-1,5 m á hæð og gróið er yfir þá á köflum. Einungis glittir í 1 umfar gjóthleðslu í þeim. Veggirnir eru hæstir framan við hellinn en lægstir til suðurs. Op er í suðausturhorni. Hólfið er mjög gróið að innan og ekki sér til mannvistar inn undir gjögrinu. Hólf 2 er suðaustan við hólf 1. Það er 8x2 m að innanmáli og snýr SSV-
NNA. Veggirnir eru grjóthlaðnir en algrónir og eru 0,4 m á hæð. Víða glittir þó í grjót án þess að um skýr umför





Mynd 47. Stekkur 037, horft til norðausturs.

sé að ræða. Hólfið er opið til SSV. Hólf 3 er NNV við hólf 2. Það er 2x2 m að innanmáli og byggt inn í brekku til norðurs. Ekkert op er sjáanlegt á yfirborði inn í hólfið. Veggirnir eru 0,4 m á hæð, grjóthlaðnir og algrónir. Hólf 2-3 eru líklega stekkurinn en hólf 1 fjárhús. Til SSA frá tóftinni liggur grjóthleðsla. Hún er hlaðin úr stóru grjóti og það er 1 umfar í henni. Þetta er líklega varnargarður sem lokaði hluta af dalnum sunnan við tóftina. Garðlagið er 5 m langt og endar við hraunklett að sunnan.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 7

ÁR-544:038 *Grjótavarða* varða samgöngubót 63°54.566N 21°21.259V



Mynd 48. Grjótavarða 038, horft til SSV.

"Sunnan Sandmóa eru hraunklappir og svartur sandur niður að sjó, og heitir Sandur. Þar er ofantil grýtt belti austan frá Ölfusá að Afætum, og heitir Grjót. Þar, í suður frá Klapparhólum, er Grjótavarða, á aflöngum hól." Grjótavarða er 2,4 km ANA við bæ 001 og rúma 750 m suðaustan við Þrívörður 036. Tilgangur vörðunnar er óljós.

Varðan er á mosavöxnum hraunhól. Efst á hólnum er slétt hraunklöpp og er varðan þar. Mosi og lúpína vex á þessum slóðum og sandur er inn á milli þeirra.

Grjótavarða er 1,4 m á hæð og 1,5 m í þvermál. Hún "mjókkar upp" og má greina 9 umför grjóthleðslu í henni. Varðan stendur enn og ekki hefur hrunið úr henni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 7

ÁR-544:039 *Hálffaravarða* varða samgöngubót 63°54.117N 21°23.699V

"Niðri á sandi, ofan við Leirur, er varða sem heitir Hálffaravarða eða Varða í Hálfförum," segir í örnefnaskrá. Varðan er 2,1 km sunnan við bæ 001 og 600 m suðaustan við Vörðuás 050. Varðan er á landamerkjum Breiðabólsstaðar og Litlalands ÁR-546.

Hraun er á þessum slóðum. Stakir klettar, hraunhellur og -klettar koma víða uppúr sverði. Mosi og melgresi eru áberandi allt umhverfis.

Hálffaravarða er 2 m í þvermál en hrunin að mestu. Það má greina 2 umför af grjóthleðslu og tilheyra þau undirstöðum vörðunnar. Ekkert grjóthrun er hjá vörðunni og grjót líklega borið úr henni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 8



Mynd 49. Varða 039, horft til austurs.

ÁR-544:040 *Skriða* heimild bústað


Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: "Vindheimar [ÁR-545] og Skriða voru hjer hjáleigunöfn. Þær bygðust báðar fyrst í voru minni, þar sem aldrei hafði fyrr bygð verið. Varaði bygðin hjer um 10 eður 12 ár, hafa nú í auðn verið 19 ár eður skemur." Þetta er eina heimildin sem getur Skriðu en ekki er vitað hvar býlið var. Af þeim sökum var ekki hægt að staðsetja minjastaðinn sem var þó líklega innan gamla heimatúnsins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM II, 440

ÁR-544:041 *Þorlákshafnarsel* tóftir sel 63°58.174N 21°27.023V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir um Breiðabólsstað í Ölfusi: "Skipsuppsátur á jörðin í Þorlákshöfn fyrir selstöðu í heimalandi."



Í 1. bindi sögu Þorlákshafnar eftir Skúla Helgason segir: "Frá fornu fari mun Þorlákshöfn hafa haft í seli í Breiðabólsstaðarlandi í Ölfusi... Þorlákshafnarsel stóð undir Votabergi, sem er skammt fyrir norðan þjóðveginn um Þrengslin, sem svo eru kölluð sunnan Hellisheiðar... Selrústirnar, eins og þær líta út nú á dögum, eru ekki beinlínis við bergið sjálft heldur við lítinn hamraskúta kippkorn frá. Rústirnar eru vallgrónar en skýrar. Aðalhúsið, sem sýnist vera, er um 4 m á lengd og 2 m á breidd, líklega selbaðstofan, en af enda hennar er örlítið hús, sem gæti hafa verið eldhús, en til hliðar og nær skútanum er þriðja húsið, ef til vill mjólkurhús, rösklega 3 m á lengd og 1.5 m á breidd, en við enda þess örlítill kofi, sem gæti hafa verið smalabyrgi eða hundakofi." Á myndasíðum sömu bókar framan við miðju er uppdráttur af selinu sem Kristján Eldjárn hefur gert þann 28.09.1963 og sömuleiðis ljósmynd af Skúla Helgasyni þar sem hann stendur og virðir fyrir sér rústirnar. Þær eru friðlýstar eins og frá segir í Friðlýsingarskrá: "Breiðabólsstaður. Rústir Þorlákshafnarsels undir Votabergi á Hellisheiði. Skjal undirritað af ÞM 20.01.1976. Þinglýst 16.06.1977." Tóftirnar eru enn mjög greinilegar, um 300 m norður af Þrengslavegi en um 100 m suður af Votabergi, sem er lóðrétt hamrastál sem liggur frá norðri til suðurs vestan



í Meitilstagli, sem gengur frá fjallinu Litla-Meitli til suðurs. Selið er um 13 km norður af Þorlákshöfn. Það hefur einnig verið nefnt Hafnarsel, t.d. á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar frá 1969.
Tóftirnar eru vestan undir stöku bjargi sem er suðvestan Votabergs. Um 20 m vestan tóftanna er ágætlega gróið hraun en grösugar grundir eru undir berginu og þar vestar, sunnan undir fjallinu.



Mynd 50. Tóftir 041, horft til vesturs og suðurs.

Tóftirnar eru tvær og ná alls yfir svæði sem er um 75 x 15 m stórt. Seltóftin sjálf (I.) er norðar og austar, vestan undir háu bjargi. Að auki er stök tóft (II.) 60-70 m suðvestar, austan undir stakri klettaborg. Í meginatriðum skiptist seltóftin (I.) í fjögur hólf og er alls um 14 x 14 m stór. Tvö sambyggð hólf liggja Í beinni línu til vesturs út frá áðurnefndu bjargi. Það vestara (A) snýr með dyr í vestur og er mjög lítið, um 1 x 0,5 m N-S að innanmáli. Austara hólfið (B) er stærra, um 4 x 1 m að innanmáli frá austri til vesturs og er op á því vestast í norðurátt. Ekki er opið milli hólfa A og B. Mikil gróska er í veggjum sem eru allt að 1,2 m háir að utanverðu. Þessi hólf virðast samtíða. Hólf C gengur til SSA frá B og er grafið inn í brekku að austanverðu en uppbyggt að vestan. Það er um 3 x 1 m stórt og snýr SSA-NNV. Dyr eru á vesturlanghlið og örlar þar á grjóti í hleðslum. Tóftin er lágreistari og minni gróska í veggjum en í A og B, mesta hleðsluhæð um 0,3 m. Fjórða hólfið, D, er fast norðan við A og sambyggt því. Það liggur A-V og er um 5 x 1 m stórt að innanmáli. Dyr snúa í norður en hugsanlega einnig í austur þar sem kletturinn slútir yfir mjög gróskumikinn blett. Vesturhluti D er óskýr og siginn. Um einum metra vestan við D er ónýtt friðlýsingarskilti, þ.e. aðeins staurinn eftir. Í norðanverðum klettinum, sem er austan við tóftirnar, er örlítill skúti innundir bergið og þar hafa verið lagðar hellur. Sennilega er það seinni tíma verk en þó ekki óhugsandi að skútinn hafi verið geymslustaður. Skráningunni 2007 virðist bera ágætlega saman við uppdrátt Kristjáns Eldjárns í Sögu Þorlákshafnar. Á henni er þó sýnd ein agnarsmá tóft (nefnd hundakofi) til viðbótar sunnan við hólfið sem hér er kallað C. Tóft II. er rúma 60 m suðvestur af I. Hún er miklu óljósari og signari en sú fyrrnefnda og sennilega aðeins um eitt byggingarstig að ræða. Tóftin er hlaðin austan undir klettahól, og hefur verið hlaðið með henni að norðan og austan en kletturinn hefur þjónað sem vesturhlið. Alls er tóftin um 7 x 4 m stór frá norðri til suðurs. Op hefur sennilega snúið í suður. Veggjahleðslur eru mjög óverulegar, aðeins um 0,3 m háar en grjót gægist upp úr á nokkrum stöðum. Þess má geta að götur liggja milli tófta I. og II., væntanlega gamla leiðin um Þrengsli (sjá Ár-721:060).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM II, 440; SH I, 51; Friðlýsingarskrá, 68; IE- örnefnauppdráttur 1968

ÁR-544:042 *Gerði* heimild tún 63°55.314N 21°23.526V
"Upp af Gerði, við hlíðarbrúnina er stöðull," segir í örnefnalýsingu. Gerði er jafnframt merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar frá 1968. Gerði var 230 m norðaustan við bæ 001, þar er nú gróðurhús, steinsteyptur húsgrunnur og borhola. Mikið rask hefur orðið á þessu svæði.
Ekki er vitað hvort að gerðið var afmakað með garðlagi eða hvort einungis er um örnefni að ræða. Hér er nú gróið svæði en klettar og steinar koma víða upp úr sverði.
Engin ummerki Gerðis sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 1; IE-örnefnauppdráttur 1968

ÁR-544:043 heimild leið

"Götur miklar og gamlar liggja um selrústirnar (sjá 544:041], sem þá hafa verið sérlega mikið troðnar til sels og frá því, en ekki var þarna alfaraleið," segir í sögu Þorlákshafnar. Á heimasíðu Ferlis segir: "Heimild er til um leið ofan við selið. Þar segir m.a.: "Götur miklar og gamlar liggja um selrústirnar, sem þá hafa verið sérlega mikið troðnar til sels og frá því, en ekki var þarna alfaraleið." Í annarri lýsingu segir að "upp úr grasgeira ofan við Votaberg er sniðgata í snarbrattri hlíðinni, upp á brúnina, og heitir Tæpistígur [sjá 044]." Ekki er ljóst hvaða leið þetta er en hugsanlega var farið frá selinu um Tæpastíg sem sameinaðist þessum götum sem lágu líklega að Lágaskarðsleið ÁR721:015.

Heimildir: Skúli Helgason, 51; http://www.ferlir.is/?id=4350

ÁR-544:044 *Tæpistígur* heimild leið 63°58.305N 21°26.961V

"Upp úr grasgeira ofan við Votaberg er sniðgata í snarbrattri hlíðinni, upp á brúnina, og heitir Tæpistígur," segir í grein í Farfuglinum frá 1975. Votaberg er vestan í Meitilstagli sem gengur til suðurs úr fjallinu Litla-Meitli, skammt ofan við Þorlákshafnarsel 041

Smá grasgeiri er ofan eða norðan við Votaberg.

Ekki sést greinilegur stígur þar nú. Tæpistígur hefur áreiðanlega ekki verið alfaraleið en hugsanlega leið smala eða leitarmanna eða einhverra sem vildu stytta sér leið yfir á Lágaskarðsleið ÁR-721:015. Þegar upp af Tæpastíg er komið er svæði dálítið norðar sem nefnist "Milli Meitla", lægð milli Stóra- og Litla-Meitils. Þar hefur sennilega verið hægt að fara niður af fjalli til austurs og áleiðis norður í Lágaskarð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Farfuglinn 19(1), (1975), 12

ÁR-544:045 hleðsla óþekkt 63°58.233N 21°26.898V

Hleðsluleifar eru í krika 500-600 m norðvestur af Votabergi.

Grasgeirar undir fjallshlíð. Ofan við staðinn er uppgengt í litla kvos eða dalverpi ofar í hlíðinni.

Hrúgan er á mörkum þess að hægt sé að kalla vörðu. Grjót hefur verið borið saman í hrúgu sem er um 1 m í þvermál og um 0,4 m há. Hrúgan er nokkuð mosagróin en tilgangur með henni óljós. Þó hefur gamla Þrengslaleiðin ÁR-721:060 væntanlega legið þarna um og mögulegt að hér hafi verið varða við hana. Einnig er mögulegt að ætlunin hafi verið að merkja uppgönguleið á fjallið.

Hættumat: engin hætta



Mynd 51. Hleðsla 045, horft til norðvesturs.

ÁR-544:046 heimild náttstaður 63°58.233N 21°26.898V



Mynd 52. Náttstaður 046, horft suðausturs.

Í grein í Farfuglinum frá 1975 segir: "Undir Votabergi lágu Vesturleitarsmalar eina nótt í fyrstu fjárleit á haustin." Votaberg er standberg vestan í Meitiltagli, en það gengur til suðurs frá Meitlum. Bergið sést vel frá þjóðveginum um Þrengsli. Skammt suðvestan við það er Þorlákshafnarsel 041.

Hátt og þverhnípt en furðu slétt hamrastál. Undir því er grösug brekka mót vestri.

Smástallur er undir berginu áður en brekkan tekur við niður á jafnsléttu. Ekki er augljóst hvort smalar hafa

hafst við þar eða neðar, undir brekkunni. Í heimildinni er ekki minnst á kofa eða skýli og líklegast að menn hafi hafst við undir berum himni eða e.t.v. í tjaldi. Hleðslur sjást undir berginu, mjög veigalitlar og líta út eins og ókláraðar. Um er að ræða hólf, hlaðið á þrjár hliðar, um 4 x 3 m stórt A-V, en bergið skýlir að austanverðu. 6 m sunnan við hólfið gengur bein hleðsla niður frá klettinum til vesturs, rúmlega 8 m löng og 6 m norðan við hólfið er L-laga hleðsla sem gengur fyrst um 4 m til vesturs en sveigir svo um 90° í norður og fjarar þar út eftir 4-5 m. Varla stendur steinn yfir steini og ekki útlit fyrir að hleðslur hafi nokkurn tíma verið háar. Samkvæmt Birni Pálssyni, héraðsskjalaverði á Selfossi, eru hleðslur þessar hluti af leikmynd frá Hrafni Gunnlaugssyni og teljast því auðvitað ekki til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Farfuglinn 19(1), (1975), 12

ÁR-544:047 varða óþekkt 63°55.544N 21°20.046V



Mynd 53. Varða 047, horft til norðausturs.

Lítil varða er 10-15 m sunnan við malbikaðan veg sem liggur að Hlíðarenda ÁR-547. Hlutverk vörðunnar er óþekkt en hún er líklega ekki mjög forn. Hér er fremur um reglulega hrúgu að ræða. Varðan fær að njóta vafans og höfð hér með vegna forns byggingarlags.

Varðan er hlaðin á klöpp í grónu hrauni.

Ekki má greina skýrar hleðslur í vörðunni, það er frekar eins og grjótinu hafi verið staflað saman. Varðan er 1 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Grjótið er hvorki vaxið mosa né skófum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

ÁR-544:048 varða samgöngubót 63°56.263N 21°24.049V



Mynd 54. Varða 048, horft til NNA.

Varða er tæpa 2 km norðan við bæ 001 og 80 m vestan við Raufarhól við Þrengslaveg. Hún var líklega vegvísir á gömlu þjóleiðinni um Þrengsli 721:060 sem lá á þessum slóðum.

Mosavaxið hraun. Klettar og steinar koma víða upp úr sverði á milli hraunklapparhóla.

Varðan er fornleg ásýndar og er hlaðin á hraunklöpp. Hún er 1,5 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Hún er líklega hrunin að einhverju leyti en enn má greina 3 umför grjóthleðslu. Hleðslugrjótið er fremur stórt og vaxið mosa og skófum.

Hættumat: engin hætta

ÁR-544:049 varða óþekkt 63°55.215N 21°24.122V

Varða er tæpa 350 m vestan við bæ 001 og tæpa 200 m VSV við Hákarlabyrgi 013. Varðan er uppi á hlíðarbrúninni og sést ekki frá bænum. Tilgangur vörðunnar er óþekktur. Þó virðist sem þessi varða, Rjúpnavarða 026 og Sauðbrekknavarða 027 gætu hafa verið vegvísar á leið 054. Nánari heimildir þarf til þess að staðfesta það.

Uppi á hlíðarbrúninni er gróið heiðlendi. Mosi, lyng og klappir



Mynd 55. Varða 049, horft til norðvesturs.

er þar mest áberandi.
Varðan er hrunin að hluta en grunnur hennar sést að mestu. Hún er 2 m í þvermál og má greina 2-3 umför af grjóthleðslu. Varðan er 0,5 m á hæð og grjótið er vaxið hvítum skófum og mosa.
Hættumat: engin hætta

ÁR-544:050 *Vörðuás* heimild landamerki 63°54.389N 21°24.091V
Vörðuás er á merkjum Breiðabólsstaðar og Litlalands ÁR-546. Vörðuás er merktur inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar frá 1968. Við suðurenda Vörðuáss var húskofi frá 20. öld en hann er horfinn, trjágróður og girðingarleifar bera því vitni. Vegurinn að Hlíðarenda liggur þvert yfir Vörðuás.
Sléttur, gróinn hraunás. Þar vex lyng og mosi.
Engin varða sést á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: IE-örnefnauppdráttur 1968

ÁR-544:051 tóftir mógrafir 63°55.950N 21°24.331V
"Sunnan við Mómýri [030] er dálítil slétt vallendisflöt, sem heitir Torfdalsflöt. Á henni miðju eru rústir, sennilega mókofarústir," segir í örnefnaskrá. Tóftirnar eru tæpa 350 m suðaustan við mógrafir 030 og 1,4 km NNA við bæ 001.
Mómýri er þurr til suðurs og mikið gróin. Þar vex helst elfting, gras og mosi.
Tóftirnar eru syðst í fyrrnefndum Torfdal og eru á svæði sem er 30x10 m og snýr norður-suður.
Tóft A er norðar.



Mynd 56. Tóft 051 A og 051 B. Horft er til suðurs á báðum myndum.

Hún er 5x5 m að stærð, hringlaga og er einföld. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og algrónir. Þeir eru grjóthlaðnir og sést glitta í eitt umfar í gegnum grasið. Tóftin er opin til vesturs. Tóft B er 20 m sunnan við tóft B. Hún er 7x7 m að stærð, ferköntuð og er einföld. Veggirnir eru grjóthlaðnir og 0,7-0,9 m á hæð. Þeir eru algrónir, einungis sést glitta í steina hér og þar. Tóftin er opin til vesturs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 6

ÁR-544:052 varða samgöngubót 63°55.921N 21°24.160V
Varða er í Kaplabrekku, austan við Torfdal. Hún er syðst, uppi á brekkubrún og sést víða að. Hún er afar líklega vegvísir á Lágaskarðsvegi ÁR721:015. Varðan er 1,3 km norðan við bæ 001 og rúmum 450 m suðaustan við mógrafir 030.
Kaplabrekka er syðsti hluti brekku eða hlíðarbrúnar. Hún er 10-15 m há og brött. Uppi á brekkunni er melur og hraungrýti en meiri gróður er eftir því sem neðar dregur.
Varðan er 2 m í þvermál og 1 m á hæð. Hún er hlaðin á hraunklöpp og stendur enn. Varðan er grjóthlaðin og má greina 5 umför í henni. Grjótið er vaxið mosa og skófum.
Hættumat: engin hætta


Mynd 57. Varða 052, horft til suðurs.

ÁR-544:053 garðlag vörslugarður 63°55.964N 21°26.224V



Mynd 58. Garðlag 053, horft til norðurs.

Garðlag er á milli Fagradals og Kvíadala. Það er hlaðið austan megin á náttúrulegum ás, þvert yfir moldarflag. Ekki sér til garðlagsins í grónu heiðlendi beggja vegna við flagið. Garðlagið er 2,4 km norðvestan við bæ 001 og tæpa 500 m suðaustan við Breiðabólsstaðarsel 028. Hér er mögulega um garðlag sem getið er í örnefnaskrá en þar segir: "Fleiri mannvirkjarústir eru í Kvíadölum (garðbrot)."
Uppblásið skarð eða lág liggur þvert norðvestur-suðaustur í gegnum ásinn sem er 10 m hár. Brekkurnar eru aflíðandi og grónar. Þar vex mosi, lyng og einstaka víðirunni.
Garðlagið er 20 m langt og liggur norður-suður. Það er grjóthlaðið og liggur sem fyrr segir þvert yfir moldarflag. Í moldinni sést móta fyrir einfaldri steinaröð, 0,5-1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Grjótið í hleðslunni er fremur stórt.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 5

ÁR-544:054 gata leið 63°56.134N 21°26.639V



Mynd 59. Leið 054, horft til suðausturs.

Gata sést liggja frá bæ 001, til norðvesturs að Breiðabólsstaðarseli 028. Hún sést allt frá norðvesturhorni gamla heimatúnsins og er auðrakin allt að selinu sem er tæpa 3 km í burtu. Skrásetjari gekk ekki alla leiðina, hún er að hluta til rakin á loftmynd.
Í Kvíadölum liggur gatan í grónu mólendi. Hér og þar eru moldarflög og hraunklettar. Gatan hlykkjast á milli lágra ása og fer upp á hæðir.
Gatan er lítið annað en stór kindagata á yfirborði en það er greinilegt að hún hefur verið fjölfarin á sínum tíma. Gatan er 0,5-1 m á breidd, 0,3 m á dýpt og mold er í botninum. Hún liggur í stórþýfi á köflum og tekið er að gróa yfir á hana á stöku stað. Gatan liggur til suðausturs frá selinu, fer sunnan við Fagradal og sunnan undir Sauðbekkur. Þar kemur hún að gamla heimatúninu og ekki er útilokað að Rjúpnavarða 026, Sauðbrekknavarða 026 og varða 049 hafi verið vegvísar. En frekari heimildir þarf til að staðfesta það.
Hættumat: engin hætta

ÁR-544:055 gata leið 63°55.914N 21°25.538V




Mynd 60. Leið 055, horft til austurs.

Gata sést liggja til vesturs frá Lágaskarðsvegi 721:015, sunnan við Krossfjöll og sameinast leið 054 nokkuð sunnan við Breiðabólsstaðarsel 028. Gatan var öll rakin á vettvangi og var líklega notuð til þess að tengja þjóðleiðirnar Lágaskarðsveg ÁR721:015 og Ólafsskarðsveg ÁR721:052 saman.
Gróið heiðlendi er á þessu svæði með moldarflákum og hraunklettar eru víða.

Gatan sést hlykkjast til norðvesturs úr miðjum Torfdal og sveigir til vesturs undir Krossfjöllum. Hún er greinileg á tæplega 2 km löngum kafla. Leiðin hverfur á köflum en er auðrakin þrátt fyrir það. Leiðin er 0,4 m á breidd, 0,2 m á dýpt og mold er í botni hennar.
Hættumat: engin hætta

ÁR-544:056 tóft útihús 63°55.155N 21°24.058V
"Framan í rananum er lítill hellir sem heitir Skrínuhellir. Neðan við hann eru miklar húsatóttir [sjá 003 og 011]," segir í örnefnaskrá. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1920 og ekki í notkun þá. Tóftin er 6 m austan við tóft A og 230 m vestan við bæ 001.






Mynd 61. Útihús 056, horft til austurs.

Útihúsið er í gróinni brekku sem hallar til suðurs niður frá hlíðarbrúninni. Klettar eru ofan við tóftina og grenitrjálundur.
Tóftin er 8x6 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Hún er grafin inn í hlíðarbrúnina til norðurs. Veggirnir eru 0,6 m á hæð og 2 m á þykkt. Það má greina tvö umför grjóthleðslu í þeim. Op er á miðjum suðurvegg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-545 Vindheimar

1847:"...Vindheima getur engin jarðabók, og er jörð þessi því að líkindum nýbýli frá Breiðabólsstað." Bændaeign, 40 hdr með Breiðabólsstað. JJ, 76.
1708: "Vindheimur og Skrida voru hjer hjáleigunöfn. Þær bygðust báðar fyrst í voru minni, þar sem aldrei hafði bygð verið. Varaði bygðin hjer um 10 eður 12 ár, hafa nú í auðn verið 19 ár eður skemur," JÁM II, 440
1917: Tún 4.8 ha, 7/8 slétt. Garðar 886 m2.



Byggt á túnakorti frá 1920

ÁR-545:001 *Vindheimar* bæjarhóll bústaður 63°55.264N 21°23.618V



Mynd 62. Vindheimar 001, horft til VSV.

"Vindheimar stóðu um 200 m ofar í brekkunni. Einnig þar er mest allt útsléttað, nema íbúðarhús, sem byggt var 1930, aðeins neðan við bæjarstæðið, niðri við lækinn. Það er nú kennarabústaður Hlíðardalsskólans, og er nefnt Vindheimar, eins og áður," segir í örnefnaskrá. Fyrst var komið að bæjarhól Vindheima árið 2004 í tengslum bænhúsaskráningu sem þá var unnið að. Bæjarstæði Vindheima er komið úr notkun og standa þar engin hús lengur. Milli bæjarstæðanna á Breiðabólstað og Vindheima eru um 125-130 m. Vindheimar eru austan við Breiðabólstað.
Bæjarhóllinn er tiltölulega flatur og er notaður undir hrossabeit.
Bæjarhóllinn er 20x12 m að stærð en lítið sér til uppsafnaðra mannvistarlaga sökum mikils gróðurs. Árið 2004 var svæðið að hluta autt, þ.e. ógróið, og ekki langt síðan síðasta íbúðarhús bæjarins brann. Árið 2013 var svæðið algróið hvönn að stórum hluta og ekki nýtt. Snúrustaurar eru fast vestan við bæjarstæðið og vélgrafinn skurður sunnan við það.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 1

ÁR-545:002 tóft útihús 63°55.273N 21°23.722V
Útihús er sýnt 80 m VNV við bæ 001 á túnakorti frá 1920. Útihúsið er 80 m NNA við Breiðabólstað 544:001, ofarlega í Hlíðarbrekkunni.
Norðan við útihúsið eru klettar efst í hlíðarbrúninni en til suðurs grasivaxið tún nýtt til hrossabeitar. Útihúsið er á



Mynd 63. Útihús 002, horft til suðurs.

sléttum palli í brekku með náttúrulegum pöldrum.
Útihúsið er 9x9 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er ANA. Það er 6x3 m að innanmáli og snýr SSA-NNV. Það er opið til suðurs. Veggirnir eru 0,5-1 m hæð og hrundir að hluta inn í hólfið. Í þeim má sjá 2-3 umför grjóthleðslu. Hólfið er byggt inn í brekkuna til norðurs og veggirnir sjást sem gróinn bakki að utan. Ekki er hægt að greina hvort að jata eða garði voru inni í hólfinu sökum mikils gróðurs. Hólf 2 er VSV. Það er 5x2 m að innanmáli og snýr SSA-NNV. Það er einnig opið til suðurs og hrunið hefur úr veggjum. Veggirnir eru 0,4-1 m á hæð og má greina 3 umför grjóthleðslu í þeim. Þeir eru greinilegri að innan en að utan.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-545:003 heimild útihús 63°55.190N 21°23.581V

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1920, um 150 m sunnan við bæ 001. Það er horfið af yfirborði, líklega sökum túnasléttunar.

Þar sem útihúsið var er slétt, grasivaxið tún nýtt til hrossabeitar.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-545:004 vegur traðir 63°55.328N 21°23.593V

Traðir eru merktar til ANA frá bæ 001 inn á túnakort frá 1920. Þær lágu skáhallt upp hlíðarbrekkuna, út heimatúnið og sameinuðust líklega leið 544:055 og Lágaskarðsvegi 721:015.

Suðvesturhluti traðanna liggur í sléttu, grónu túni. Við tekur stórþýfð brekka og óræktuð tún þegar austar dregur. Þar er búið að planta grenitrjám.

Traðirnar eru varðveittar í norðausturhluta heimatúnsins og rétt utan þess. Hér er um upphlaðinn, vagnfærann veg að ræða. Hann er varðveittur á 70 m löngum kafla, neðst í hlíðarbekkunni. Vegurinn er 3 m breiður, sléttur og gras vex í botninum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1920



Mynd 64. Traðir 004, horft til suðvesturs.

ÁR-546 Litlaland

1847: Bændaeign, 10 hdr. JJ, 76
1542: Getið í kaupbréfi. DI XI, 146
1708: "Jarðardýrleiki x og so tíundast fjórum sinnum." JÁM II, 441.
1917: Tún 3.7 ha, 9/10 slétt. Garðar 782 m2.



Byggt á túnakorti frá 1920


ÁR-546:001 *Litlaland* bæjarhóll bústaður 63°54.563N 21°25.663V
"Litlaland stendur í grunnum hvammi eða dal, undir sömu hlíð og eystri Hlíðarbæirnir. En þar er hlíðin lág, nema á litlum kafla fyrir austan túnið. Þessi staðarákvörðun er miðuð við þann stað sem bærinn hefur staðið frá fornu fari. En nú, 1968, er bærinn staðsettur austur í Ás, miðsvæðis, þó eldra bæjarstæði og tún sé greinilegt. [...] en Fjósabrunnur var austan við fjósið, austasta húsið í bæjarröðinni," segir í örnefnalýsingu. Eldra bæjarstæði Litlalands er tæpum 700 m vestan við núverandi íbúðarhús. Gamla heimatúnið er óraskað að mestu en var ræktað upp á einhverjum tímapunkti. Sléttað hefur verið yfir bæjahólinn og öllum húsum þar rutt út. Á túnakorti frá 1920 sést að stafnar bæjarins snéru til suðurs og sambyggður kálgarður var þar.
Bæjarhóllinn er því sem næst í miðju gamla heimatúninu. Það er grasivaxið og fremur slétt. Það er ekki slegið heldur nýtt til hrossabeitar. Túnið er í aflíðandi halla til suðurs, niður frá fyrrnefndri hlíð.




Mynd 65. Bæjarhóll 001. Horft til norðurs og VNV.

Bæjarhóllinn er 32x25 m að stærð, 0,5 m á hæð og snýr austur-vestur. Hann er grasivaxinn og sléttað hefur verið yfir hann. Hlíðar hólsins eru aflíðandi en víða eru þýfðir og beinir bakkar án þess að hægt sé að segja til um lögun eða gerð bæjarhúsanna. Hér og þar sjást stöku hleðslusteinar í gegnum grasið. Greinilegt er að ennþá eru töluverð mannvistarlög undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Litlaland, 1; Túnakort 1920

ÁR-546:002 tóft útihús 63°54.604N 21°25.772V

Mynd 66. Útihús 002, horft til ASA.

Útihús er merkt rúma 110 m norðvestan við 001 og rúma 200 m VNV við útihús 004 á túnakorti frá 1920. Það er í norðvesturhorni heimatúnsins, suðaustan undir klettum í hlíðarbrúninni.

Grasivaxið tún er allt umhverfis tóftina og klettabelti til norðvesturs. Lágir hólar og stakir steinar eru hér og þar í túninu.
Tóftin er 12x6 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Hún er grafin inn í hlíðina til vesturs og afmarkast sú hlið af því. Veggirnir eru 0,3-1 m á hæð, 2 m á beidd og má sjá 3 umför grjóthleðslu í þeim. Stór hluti af veggjunum hefur hrunið niður. Op er á miðri austurhlið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-546:003 þúst útihús 63°54.547N 21°25.632V



Mynd 67. Þúst 003, horft til suðausturs.

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1920, 30 m sunnan við bæ 001 og tæpa 120 m VSV við útihús 004. Lágur hóll sem skarar til suðurs fram á lága brekkubrún er þar sem útihúsið var.
Grasivaxið tún nýtt til hrossabeitar er á þessum slóðum. Hóllinn er 10x8 m að stærð, 0,5 m á hæð og snýr austur-vestur. Afar líklegt er að hér sé mannvist undir sverði.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920


ÁR-546:004 heimild útihús 63°54.580N 21°25.523V



Mynd 68. 20. aldar húsgrunnar og veggir þar sem útihús 004 var áður.

Útihús er merkt rúmum 115 m austan við bæ 001 á túnakort frá 1920. Á 20. öld var stærri, steinsteypt útihús byggt á grunni þess útihúss sem sýnt er á túnakortinu. Það voru fjárhús og niðurgrafin hlaða til norðurs. Á loftmynd frá 1999 eru fjárhúsin ennþá undir þaki að hluta en nú (2013) eru steinsteyptir veggir, súrheysturn og grunnar það eina sem eftir er. Ólíklegt er að ummerki útihússins hafa varðveist undir sverði.
Grasivaxið tún er allt umhverfis húsgrunnana. Lágir hólar og stakir steinar eru hér og þar í túninu.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-546:005 *Litlalandsstekkatún* tóftir stekkur 63°54.722N 21°25.205V



"Austur frá túninu er hamrabelti í hlíðarbrúninni. Undir því, skammt fyrir austan túnið er Stekkatún, líka nefnt Litlalandsstekkatún, nú rúst á gróinni grund," segir í örnefnaskrá. Stekkatún er rúma 450 m norðaustan við bæ 001. Þar eru þrjár tóftir á grasivöxnu svæði.
Tóftirnar eru sunnan undir hamrabelti, um 5 m háu. Þar er fjárborg er uppi á hól og tvær minni tóftir við hana. Umhverfis tóftirnar og meðfram hamrabeltinu er gróið svæði. Sunnan þess er mun minni gróður, moldarflög og grjót.
Svæðið er 40x40 m að stærð og þar eru þrjár tóftir. Var hverri þeirra gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Tóft A er fjárborg og er á 1 m háum og grónum hól norðaustan við hinar



Mynd 69. Til vinstri eru tóftir 005 A og B en til hægri er tóft 005 C.

tóftirnar. Líklega er hóllinn að stórum hluta uppsöfnuð mannvistarlög. Tóftin er 11 m í þvermál og er einföld. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 2,5 - 4 m á breidd og 0,5 - 0,6 m á hæð. Að utan eru þeir algrónir en að innan er einungis grjót. Þar má greina 1-2 umför grjóthleðslu en nokkuð er tekið að hrynja úr veggjunum. Fjárborgin er opin til suðurs. Tóft B er 2 m sunnan við fjárborg A. Norðurendi tóftarinnar er byggður upp að hólnum sem fjárborgin er á. Tóftin er því yngri en hóllinn. Tóftin er 7x4 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Tóftin er opin til norðurs, beint á móti opi fjárborgar A. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og má greina 1 umfar grjóthleðslu í þeim. Ekki er hægt að greina hólfaskiptingu í tóftinni en hún var ekki undir þaki. Tóft C er 3 m VNV við tóft A, fast við fyrrnefndan hól. Tóftin er 4x4 m að stærð, einföld og mun signari en hinar tóftirnar. Veggirnir eru 1 m á breidd og 0,4 m á hæð. Þeir eru algrónir og hvergi sér glitta í grjót. Tóftin er opin til vesturs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Litlaland, 1

ÁR-546:006 *Hulduklettur* þjóðsaga huldufólksbústaður 63°54.526N 21°25.784V
"Litlu sunnar [en Sölvhella] er allstór klettur sem heitir Hulduklettur. Þar bjó huldufólk," segir í örnefnaskrá. Hulduklettur er 130 m VSV við bæ 001, við túngarð 025. Hann var innan heimatúnsins. Engar sögur tengjast huldufólkinu í Hulduklett. Kletturinn er stakstæður, skammt suðaustan undir klettabrún á þessum slóðum. Hann er um 1 m á hæð og fremur áberandi.
Kletturinn er á mörkum gróins túns til austurs og móa til vesturs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Litlaland, 1



Mynd 70. Hulduklettur 006, horft til SSV.

ÁR-546:007 *Bæjarbrunnur* heimild brunnur 63°54.512N 21°25.776V
"Austan við Hulduklett [006] var Bæjarbrunnur," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með vissu hvar brunnurinn var. Austan við Hulduklett er lækjarspræna og er líklegt að brunnurinn hafi verið nærri henni.
Klettabelti er norðan og vestan við vatnsupptökin. Allt umhverfis er blautt mólendi.
Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Litlaland, 1

ÁR-546:008 *Fjósabrunnur* heimild brunnur 63°54.561N 21°25.649V
"...en Fjósabrunnur var austan við fjósið, austasta húsið í bæjarröðinni," segir í örnefnaskrá. Brunnurinn var um 20 m austan við bæ 001. Austan við bæjarhól 001 er grasivaxið og slétt tún. Engin ummerki brunnsins sjást á

yfirborði og líklegt að fyllta hafi verið upp í hann.
Bæjarhóllinn er nánast í miðju gamla heimatúninu. Það er grasivaxið, fremur slétt en smáþýft hér og þar. Túnið er ekki slegið heldur nýtt til hrossabeitar. Túnið er í aflíðandi halla til suðurs, niður frá fyrrnefndri hlíð.
Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Litlaland, 1

ÁR-546:009 tóftir beitarhús 63°54.436N 21°25.600V
Tvær tóftir eru 240 m sunnan við bæ 001 og 200 m norðaustan við vörðu 030. Að sögn Jennýjar Erlingsdóttur, heimildamanns, er önnur tóftin áberandi og sést vel þegar að er komið. Tóftirnar eru norðarlega á svokallaðri Veituklöpp.




Mynd 71. Tóftir 009 A og B, horft til norðurs.

Tóftirnar eru á náttúrulegum ás, Veituklöpp. Þar eru gróðurflákar inn á milli moldarflaga og malarvalla. Mosi, ras og lyng vex þar.
Á svæði sem er 50x10 m og snýr norður-suður eru tvær tóftir. Var hvorri þeirra gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Tóft A er sunnar. Hún er 20x7 m að stærð, snýr NNV-SSA og skiptist í tvö hólf. Lýsingin hefst sunnar, í hólfi 1. Það er 10x3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Veggirnir eru 1 m á hæð og algrónir að utan. Að innan má sjá 3-5 umför grjóthleðslu í þeim. Grjóthlaðinn garði liggur meðfram báðum veggjum. Þeir eru 0,3 m á hæð en horfnir á köflum sökum grjóthruns úr veggum. Op er á miðri suðurhlið. Hólf 2 er norðar og var líklega hlaða. Það er 5x2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Ekki var hægt að fara inn í hólfið sökum mikils grjóthruns úr veggjum. Gólfið er 0,4 m dýpra en í hólfi 1. Veggirnir eru 1,4 m háir að utan og þar glittir í 2 umför grjóthleðslu. Tóft B er 25 m norðar. Hún er nánast útflött, einungis mótar fyrir veggjunum sem moldarrofi í grónu mólendi. Tóftin er 14x8 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Op er í suðausturhorni. Veggirnir eru 0,1-0,2 m á hæð og afmarkast af moldarrofi. Þar má sjá einn og einn hleðslustein. Afar líklegt er að grjót hafi verið borið úr tóftinni. Norðurveggurinn er einna greinilegastur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Litlaland, 1



ÁR-546:010 *Baugamýri* heimild mógrafir 63°54.434N 21°25.819V
"Vestur og niður frá túninu er mýrlendi sem heitir Eystri-Baugar. Þar er mótekja í Baugamýri," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með fullri vissu hvar mógrafirnar voru nákvæmlega og ekki mótar fyrir þeim á yfirborði. Líklega var fyllt upp í þær eins og algengt var. Þetta svæði er mekt Eystri-Bugar á örnefnauppdrætti

Ingólfs Einarssonar frá 1968 og sem fyrr segir er það mýrlent. Mógrafirnar voru 250 m suðvestan við bæ 001 og 150 m norðvestan við vörðu 030.
Mýrlent er norðan við bæjarlækinn og var mótekjan þar. Svæðið er slétt og gróið.
Engin ummerki mótekjunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Litlaland, 1; IE- örnefnauppdráttur 1968

ÁR-546:011 gripir
"Vestur og niður frá túninu er mýrlendi sem heitir Eystri-Baugar. Þar er mótekja [010] í Baugamýri. Þar fannst ævaforn tréreka í mónum. Hún er nú í Þjóðminjasafninu," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með vissu hvar rekan fannst nákvæmlega. Án frekari heimilda er ekki hægt að staðetja fundarstaðinn nákvæmlega.
Heimildir: Ö-Litlaland, 1

ÁR-546:012 þúst óþekkt 63°54.472N 21°25.292V



Mynd 72. Þúst 012, horft til NNA.

Tóft er við Litlalandslæk, fast norðaustan við Veituklöpp að sögn Jennýjar Erlingsdóttur. Hér er fremur um þúst en tóft að ræða. Hún er 350 m suðaustan við bæ 001 og 260 m austan við tóftir 009.
Þústin er á mörkum slétts, óræktaðs túns og náttúrulegs áss sem kallast Veituklöpp. Ásinn er mosa- og lyngivaxin en túnið er gróið og Litlalandslækur rennur eftir því miðju.
Þústin er 8x7 m að stærð, 0,2- 0,5 m á hæð og snýr norðvestur-suðaustur. Suðurhlið þústarinnar er einna greinilegust og hæst. Hvergi glittir í grjót né annað sem gefur nákvæmara lag mannvirkisins til kynna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Litlaland, 1

ÁR-546:013 *Litlalandsveita* heimild áveita 63°54.490N 21°25.033V
"[Litlalandslækur] rennur sunnan við Bugana, og hlykkjast svo norðan undir Veituklöpp, um Litlalandsveitu, sem af heimamönnum er nefnd aðeins Veita. Hún er allstórt graslendi sunnan og austan túnsins (gamla)," segir í örnefnaskrá. Litlalandsveita er 200 m suðaustan við bæ 001. Ekki er vitað hvort að áveita var á þessu svæði. En það er líklegt enda auðvelt að stífla lækinn og grafa skurði. Örnefnið bendir einnig til þess að svo hafi verið og því haft með í þessari skrá. Litlalandsveita er víðferm, nær allt frá hlíðarbrúninni til norðvesturs og að Afætuklöpp til suðausturs og er alls um 1 km að lengd og 100-200 m að beidd.
Litlalandsveita er í sléttum túnum. Þau eru nýtt til hrossabeitar.
Engin ummerki áveitu sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Litlaland, 2

ÁR-546:014 *Steinbogi* heimild brú 63°54.506N 21°25.538V
"Á Litlalandslæk er brú fram undan bæjarstæðinu gamla og grjótborin braut [sjá 015] yfir mýrina. Brúin heitir Steinbogi," segir í örnefnalýsingu. Steinbogi er 180 m SSA við bæ 001 og rúma 100 m norðaustan við tóftir 009. Svæðið sunnan við gamla heimatúnið er mýrlent og blautt. Litlalandslækur breiðir þar úr sér og myndar litla farvegi víða.
Svæðið er grasivaxið og blautt. Hraungrýti kemur víða uppúr sverði án þess að um skýr mannvirki sé að ræða.
Engin ummerki brúarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Litlaland, 2

ÁR-546:015 hleðsla leið 63°54.506N 21°25.538V
"Á Litlalandslæk er brú [sjá 014] fram undan bæjarstæðinu gamla og grjótborin braut yfir mýrina," segir í örnefnaskrá. Svæðið sunnan við gamla heimatúnið er mýrlent og blautt. Litlalandslækur breiðir þar úr sér og



Mynd 73. Leið 015, horft til SSA.

myndar litla farvegi víða. Hvergi sér til leiðar á þessum slóðum en nokkrir steinar sjást í einu af farvegum lækjarins um 150 m suðvestan við bæ 001.
Á einum stað má sjá nokkra steina yfir lækinn og eru það líklega ummerki um leiðina.
Steinarnir eru 5-6 talsins og eru með reglulegu millibili einum lækjarfarveginum. Þeir liggja norðvestur-suðaustur og enn er hægt að fara þar yfir. Ekki er um eiginlegan veg að ræða en þetta eru líklega einu ummerki um leiðina sem eftir eru á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Litlaland, 2

ÁR-546:016 *Lækjarfar* heimild áveita 63°54.370N 21°25.844V
"Vestan við Litlalandsheiði er lægð nokkur í klappirnar. Þar heitir Lækjarfar. Þar var læknum veitt suður í Sand um sláttinn," segir í örnefnalýsingu. Lækjarfar er tæpum 400 m suðvestan við bæ 001 og 70 m VNV við vörðu 030. Lækjarfar er náttúruleg lægð á milli tveggja klapparása fast sunnan við Litlalandslæk. Að sögn Jennýjar Erlingsdóttur, heimildamanns, var lækurinn stíflaður hér og vatninu veitt til suðurs í gegnum lægðina.
Lækjarfar er sem fyrr segir náttúruleg lægð. Hún er slétt og grasivaxin. All umhverfis er óræktað tún nýtt til hrossabeitar.
Engin ummerki um áveituna sem og stífluna sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Litlaland, 3

ÁR-546:017 *Helluvað* heimild vað 63°54.382N 21°25.834V
"Móts við Lækjarfar [sjá 016] er vað á læknum. Það heitir Helluvað," segir í örnefnaskrá. Helluvað er rúmlega 350 m suðvestan við bæ 001 og 100 m sunnan við mógrafir 010. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var notað en líklega var það engjavegur sem sameinaðist Heyklif 018 sunnan við Litlalandslæk.
Litlalandslækur er 0,5-1 m á breidd og liggur í hlykkjum á þessum slóðum. Lækurinn er um 0,5-1 m djúpur en hvergi má sjá rennu eða grynningar í honum.
Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Litlaland, 3

ÁR-546:018 *Heyklif* gata leið 63°54.355N 21°25.897V



Mynd 74. Leið 018, horft til VSV.

"Vestan við Lækjarfar [016] er klöpp ofan núverandi vegar, en framan lækjarins. Gatan lá áður yfir hana, og heitir Heyklif þar sem hún lá ofan af henni að norðan. Þaðan sést heim að Hlíðarenda. Svo lá gatan upp með læknum," segir í örnefnaskrá. Leiðin er sýnd á Herforingjaráðskorti frá 1909. Þar sést hún liggja til suðvesturs frá bæ 001 og til vesturs að Hlíðarenda sunnan við Litlalandslæk. Þetta er gömul þjóðleið.
Gatan liggur í grónum túnum og yfir mosa- og lyngivaxna klapparása. Svæðið er nýtt til hrossabeitar.
Götuna má rekja sunnan við Litlalandslæk og líklega er hún öll varðveitt smbr. við Herforingjaráðskortið. Leiðin er rudd og var vagnfær. Hún er 2-3 m á breidd og 0,2 m djúp. Í botni hennar eru klappir, mold og lyng. Ekki er hægt að greina staka paldra í henni en nokkuð er um þúfur.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Litlaland, 3; Herforingjaráðskort nr. 37 1909.

ÁR-546:019 *Litlalandssel* tóftaþyrping sel 63°55.357N 21°27.343V
"upp á fjallinu, ofan Lyngbrekkna og Grislingahlíðar, er hraun austur frá Búrfelli. Það heitir Litlalandshraun. Í



Mynd 75. Litlalandssel 019, til vinstri er tóft A en tóft B er til hægri.

því austarlega er Litlalandssel, í stefnu frá Búrfelli á Kerlingarberg," segir í örnefnalýsingu. Í MA ritgerð Ómars Smára Ármannssonar segir: "Það er utan í hól þar sem heiðina tekur að halla verulega til suðurs. Tóftin er norðvestan í hólnum og við hlið hennar er stekkur. Hóllinn sjálfur er holur innan og er hægt að ganga í gegnum hann. Hann hefur líkast til verið hluti af selbúskapnum. Selið sker sig nokkuð úr umhverfinu því meira gróið er í kringum hólinn er annars staðar á svæðinu. Selið er mjög gróið. Þó má sjá móta fyrir rýmum. Veggir eru um 60




Mynd 76. Hellir 019 C horft til suðurs og þúst D, horft til vesturs.

cm að hæð. Fallin varða er á hraunhól ofan (norðvestan) við selið." Litlalandssel er 2 km norðvestan við bæ 001 og 1,7 km norðvestan við nátthaga 027. Þar eru þrjár greinilegar tóftir, tvær þústir, hellir og varða. Flestar minjarnar eru signar, grónar og óskýrar.

Selið er í mosa- og lyngivöxnu hrauni. Víða eru klettar, lágir hólar og moldarflög.

Selið er á svæði sem er 90x40 m að stærð og snýr austur-vestur. Þar eru þrjár tóftir, tvær þústir, varða og hellir. Var hverju þeirra gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Tóft A er byggð fast vestan við gróinn hraunhól í miðju svæðisins. Hún er 3x2 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er grjóthlaðin og ekki er hægt að greina op en líklega var það til austurs. Það má sjá



eitt umfar af mosavöxnu grjóti í 0,4 m háum veggjunum. Klettar í hólnum afmarka vesturhliðina. Tóft B er byggð vestan í sama hól. Tóftin er 9x6 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í þrjú hólf. Suðaustast er hólf 1. Það stendur ofar en hin hólfin sem bendir til annars byggingarstigs eða jafnvel notkunar á mismunandi tímum. Hófið er 4x2 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Klettur efst í hólnum afmarkar austurhliðina en aðrir veggir eru hlaðnir. Ekki er ljóst hvort að þeir voru eingöngu grjóthlaðnir, þeir eru það grónir. Veggirnir eru 2-3 m á breidd, 0,6-1 m á hæð og algrónir að utan. Að innan glittir í tvö umför af hraungrýti. Líklega var op á norðvesturhlið. Hólf 2 er VSV við hólf 1. Það er 1,5x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,4-0,5 m að hæð og algrónir. Hér og þar glittir í einn og einn stein. Með góðum vilja má greina op til austurs, utan við veggi í hólfi 1. Hólf 3 er norðvestan við hólf 1. Það er 1,5x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á miðjum vesturvegg. Veggirnir eru 0,4 m á hæð, 1,5 m á breidd og algrónir. Hellir C er í fyrrnefndum hól, í miðju svæðisins. Hér er fremur um sprungu en helli að ræða þar sem hægt er að skríða í gegn. Hellirinn er 2,5 m langur, snýr norðaustur-suðvestur og lofthæð er mest 2 m. Engin mannvirki eru greinileg þar. Við suðurenda sprungunnar er mögulega hleðsla en hún var óskýrt sökum gróðurs og þyrfti að skoða þetta nánar. Þúst D er 30 m norðvestan við tóft A, í grónu viki inn á milli gróinna hraunbakka. Hún er 5x5 m að stærð, 0,3 m á hæð og algróin. Óljóst mótar fyrir opi til suðausturs. Þúst E er á milli tóftar B og þústar D. Hún er 15x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er óljós og afmarkast af þýfðum bakka sem er 0,2 m hár. Varða F er 30 m norðan við tóft



Mynd 77. Til visntri er varða F en til vinstri er tóft G.

B. Hún er grjóthlaðin og líklega hrunin að hluta, grjótdreif er umhvefis hana. Varðan er 0,8 m í þvermál, 0,5 m á hæð og er uppi á lágri hraunbrún. Það má sjá 3 umför hraungrýtis í henni. Varðan var líklega notuð sem vegvísir að selinu. Tóft G er 30 m norðaustan við tóft A. Þetta er grjóthlaðinn stekkur. Tóftin er 9x4 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í tvö hólf. Austar er hólf 1. Það er 5x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og má sjá 1-3 umför af hraungrýti í þeim. Op er á austurhlið, inn í stekkinn og annað á vesturhlið yfir í hólf 2. Grjótið í veggjunum er mosavaxið. Hólf 2 er vestar og er króin. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og má sjá 1 umfar af hraungrýti. Í norðurhlið hefur þremur hellusteinum verið snúið upp á rönd og þeir afmarka þá hlið. Innan í stekknum vex mosi og lyng.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Litlaland, 4; Ómar Smári Ármannsson; 165

ÁR-546:020 heimild bústað
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 170 segir: "Hjáleiga var byggð hjer í túninu fyrir hjer um 50 árum, varaði bygðin 2 eður 3 ár og hefur aldrei síðan bygst nema eitt ár, og nú í eyði legið í næstliðin 20 ár." Ekki er vitað hvar hjáleigan var staðsett en líklega var það nærri bæ 001. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja býlið.
Heimildir: JÁM III, 441

ÁR-546:021 heimild landamerki
"Landamerki eru bókfærð þannig: [...] Við Litlaland: [...] Þaðan [úr Þrívörðum 547:026] í Fuglstapaþúfu, í Nátthagaöxl [sjá 027], í vörðu sem stendur við Stórugjá. Þaðan í Eiturhól - Fjallið eina," segir í örnefnaskrá. Öll örnefnin eru þekkt í þessari lýsingu. Að sögn Jennýjar Erlingsdóttur, heimildamanns, er ekki varða við Stórugjá.

Stórgjá er löng og ekki er hægt að hnitsetja minjastaðinn án frekari upplýsinga.
Heimildir: Ö-Hlíðarendi, 1

ÁR-546:022 garðlag vörslugarður 63°54.276N 21°26.473V

Garðlag er á milli tveggja klapparhóla, austan við Fuglastapa(þúfu) nálægt merkjum milli Litlalands og Hlíðarenda ÁR-547.
Garðlagið er í grýttum klapparmóa en snarbratt er niður af því til suðurs á láglendi.
Garðlagið er hrunið og sokkið. Það er um 12 m á lengd og snýr austur-vestur. Það er um 1 m á breidd og um 0,3 m á hæð, sjást 2 umför grjóthleðslu í því.
Hættumat: engin hætta



Mynd 78. Garðlag 022, horft til austurs.

ÁR-546:023 varða óþekkt 63°54.247N 21°26.436V

Stæðileg varða er sunnan undir Fuglastapa(þúfu), um 500 m austan við bæjarhól Hlíðarenda ÁR-547:001.
Varðan stendur á klöpp í grónum klapparmóa.
Varðan er um 0,5 m í þvermál og um 1 m á hæð. Í henni sjást 4 umför af grjóthleðslu. Varðan er lítt gróin og virðist vera ungleg. Ekki er ljóst hvaða hlutverki varðan gegndi en hún er nærri mörkum milli Hlíðarenda ÁR-547 og Litlalands og er mögulega landamerkjavarða.
Hættumat: engin hætta



Mynd 79. Varða 023, horft til suðurs.

ÁR-546:024 heimild traðir 63°54.564N 21°25.635V

Heimreið er sýnd til suðausturs frá bæ 001 á túnakorti frá 1920. Ekki er vitað hvort að hún var upphlaðin eða veggir meðfram henni. Á túnakortinu er hún 60 m löng.
Grasivaxið tún nýtt til hrossabeitar er á þessum slóðum Sléttað hefur verið yfir svæðið og heimreiðin líklega horfið við þær framkvæmdir.
Engin ummerki heimreiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920


ÁR-546:025 garðlag túngarður 63°54.544N 21°25.566V

Á túnakorti frá 1920 er túngarður sýndur umhverfis allt gamla heimatúnið. Hann er ennþá varðveittur og sést til allra átta. Túngarðurinn afmarkar sama svæði og sýnt er á túnakortinu.
Gamla heimatúnið er grasivaxið og fremur slétt. Það er ekki slegið heldur nýtt til hrossabeitar. Túnið er í aflíðandi halla til suðurs, niður frá hlíðarbrún. Sunnan þess er mýrlendi við Litlalandslæk. Túngarðurinn afmarkar heimatúnið til allra átta.
Túngarðurinn afmarkar svæði sem er 240x230 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er grjóthlaðinn og sambyggð tóft er við austurhlið hans. Túngarðurinn er 0,5-2 m breiður og 0,2-0,4 m á hæð. Hann er einna best varðveittur til austurs þrátt fyrir að vera útflattur. Greina má 1-4 umför grjóthleðslu í túngarðinum og ekkert hefur gróið yfir þær. Til norðurs er túngarðurinn hlaðinn á milli kletta og ofan á sumum þeirra. Ekki var hlaðið ofan á kletta þar sem búfénaður komst ekki sjálfur. Suðurhlið túngarðsins er verst varðveitt. Þar lá hann í mýrlendi og líklega sokkinn þar niður. Vel er þó hægt að rekja hann þar. Tóft B er sem fyrr segir við austurhlið





Mynd 80. Til hægri sést túngarður 025 fyrir norðan túnið en til vinsti eru hólf, austan við heimatúnið.



túngarðsins. Hún er 19x10 m að stærð, snýr NNV-SSA og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er sunnar. Það er 7x7 m að innanmáli og op er í norðvesturhorni, innan úr heimatúninu. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og 1-2 m á beidd. Þeir eru grjóthlaðnir og má greina 2-4 umför grjóthleðslu í þeim. Hólf 2 er norðar og er 6x6 m að innanmáli. Hólfið mjókkar til NNV. Veggirnir eru eins og í hólfi 1 nema op er á miðri vesturhlið. Túngarðurinn liggur frá vesturhlið tóftarinnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-546:026 *Draugshellir* þjóðsaga draugur 63°54.477N 21°24.317V

"Rétt ofan við Vörðuás [sjá 544:050], við markagirðinguna milli Breiðabólsstaðar og Litlalands, er lítill hóll og í honum lítill hellir, sem heitir Draugshellir. Um hann er skráð saga í Þjóðsögu Jóns Árnasonar, útg. 1955, um pilt sem lézt þar fyrir 200 árum. Hann var jarðsettur að Hjallakirkju, en þoldi ekki í jörðu, gekk því aftur, settist að í hellinum og gerði ferðamönnum glettingar," segir í örnefnaskrá Breiðabólsstaðar. Á heimasíðu Ferlis segir: "Hellirinn var lokaður fyrir allnokkru síðan (sennilega um 1960) til að varna fé inngöngu. [...] Heimamaðurinn fylgdi þátttakendum á vettvang. Benti hann á stað í túninu, vestan hóslins, og sagði hann gömul landamerki hafa legið úr vörðu [544:039] sunnar í Leitarhrauni með línu í klofa í hlíðinni norðaustan við bæinn. [...] Hafist var handa við mokstur. [...] Eftir að hafa grafið



Mynd 81. Hellisop Draugshellis 026.

mannhæðardjúpa holu og rúmlega það, opnaðist hellirinn, Hreinsað var frá opinu og við blasti hinn fallegasti fjárhellir. [...] því til hliðar við innganginn, í moldinni virðist votta fyrir hleðslum." Draugahellir er 20 m sunnan við tóft 029 og 1,1 km austan við bæ 001.
Draugshellir er sem fyrr segir á mörkum Breiðabólstaðar ÁR-544 og Litlalands. Núverandi mörk eru spölkorn austar en áður var og er vírgirðing þar. Gróið, óræktað tún í halla til suðurs er umhverfis hellinn. Skjólbelti er 4 m vestar og birkitré við austurenda hellisopsins.
Hellisopið sést ennþá enda einungis um 10 ár síðan það var opnað aftur. Ekki er hægt að fara inn í hellinn né sjá þar inn, opið er það lítið. Það er 3x1 m að stærð og moldarhrun er allt þar umhverfis. Lofthæðin inni í hellinum virðist vera um 1 m, séð ofan frá.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 3; http://www.ferlir.is/?id=4213

ÁR-546:027 *Nátthagaöxl* heimild nátthagi 63°54.514N 21°26.526V
"Austast í Hlíðarendafjalli er hvasst horn með klettum í brún. Það er í Hlíðarendamörkum og heitir Nátthagaöxl. Austan við er stór, gróinn hvammur sem heitir nátthagi," segir í örnefnalýsingu. Nátthagi er rúmum 700 m vestan við bæ 001 og tæpum 500 m norðan við vörðu 023. Engar tóftir né önnur mannvirki er að sjá í svokölluðum Nátthaga. Svæðið er ofarlega í Hlíðarendafjalli og afmarkast af stórum hluta af náttúrulegum klettum að ofan sem og neðan. Svæðið fær að njóta vafans og haft hér með þrátt fyrir að engin mannvirki séu þar.
Hvammurinn er umkringdur klettabelti til vesturs og norðurs. Aflíðandi, grasivaxnar brekkur til suðurs og austurs. Lítill hluti svæðisins er gróinn.
Engin ummerki nátthagans sjást á yfirborði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Litlaland, 3

ÁR-546:028 hleðsla kálgarður 63°54.655N 21°25.662V
Að sögn Jennýjar Erlingsdóttur, heimildamanns, er hlaðið gerði við kletta skammt norðan við gamla heimatúnið. Gerðið er 170 m norðan við bæ 001 og tæpa 400 m vestan við stekk 005. Klettar eru ofarlega í hlíðarbrúninni og er gerðið fast undir þeim til austurs. Lag, staðsetning og gerð þess bendir til þess að um kálgarð sé að ræða.





Mynd 82. Kálgarður 028, horft til norðurs.

Kálgarðurinn er í halla til suðurs, niður hlíðarbrúnina. Svæðið er gróið en óræktað. Víða kemur grjót uppúr sverði.
Kálgarðurinn er 7x7 m að stærð og er einfaldur. Veggirnir 0,2-0,3 m á hæð og 1 m á breidd. Þeir eru líklega grjóthlaðnir en gróið er yfir allar hleðslur. Op er í suðausturhorni en ekki sér móta fyrir beðum inni í tóftinni sjálfri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-546:029 tóft heystæði 63°54.489N 21°24.318V
Tóft er 20 m norðan við Draugshelli 026 og 1,1 km austan við bæ 001 að sögn Jennýjar Erlingsdóttur, heimildamanns. Tóftin er fast vestan við landamerki Breiðabólsstaðs ÁR-544 og líklega lá eldri landamerkjagirðing þvert yfir hana á einhverjum tímapunkti. Núverandi landamerkjagirðing er fast austan við





Mynd 83. Tóft 029, horft til NNV.

tóftina. Skjólbelti er 10 m vestan við tóftina og er hlykkur á því þar, við Draugshelli.
Tóftin er í grasivöxnu en óræktuðu túni. Hún er innan afgirts svæðis sem ekki er nýtt til beitar. Sunnan við tóftina er hola, 0,5-1 m á dýpt.
Tóftin er 10x10 m að stærð og er einföld. Veggirnir eru 0,5 m á hæð, 1,5 m á breidd og algrónir. Það sést glitta í grjót í norðausturhorni. Ekkert op er sjáanlegt á yfirborði. Grjóthleðsla, undistöður undir girðingu, liggja þvert yfir tóftina. Búið er að taka þá girðingu niður. Lag og staðsetning tóftarinar bendir einna helst til þess að um heystæði sé að ræða í tengslum við Draugshelli 026.
Hættumat: engin hætta

ÁR-546:030 varða óþekkt 63°54.359N 21°25.762V



Mynd 84. Varða 030, horft til NNA.

Lítið vörðubrot er 200 m suðvestan við beitarhús 009 og tæpa 400 m SSV við bæ 001. Varðan er við vesturbrún Djúpadals, í Litilandsheiði. Rúmlega 30 m sunnan við vörðuna er nýlegur reiðvegur. Hlutverk vörðunnar er óþekkt.
Varðan er á mosa- og lyngivaxinni hraunklöpp. Djúpdalur er stór "hola" eða "laut" í klöppina og er aðþekkjanlegur.
Varðan er 1,8 m í þvermál og var líklega ekki hærri, ekkert hrun er sjáanlegt umhverfis hana. Í miðju vörðunnar eru timburleifar og mögulega var hún hlaðin umhverfis staur. Varðan er 0,3 m á hæð og sjá má 2 umför grjóthleðslu í henni. Neðstu steinarnir eru algrónir mosa.
Hættumat: engin hætta

ÁR-546:031 gata leið 63°55.345N 21°27.287V




Mynd 85. Leið 031, horft til suðausturs.

Leið sést liggja að Litlalandsseli 019. Á heimasíðu FERLIS segir m.a. um leiðina: "Selstígurinn hefur verið fremur stuttur, eða um 20 mínútna langur. Farinn hefur verið Ólafsskarðsvegurinn [ÁR721:051] upp frá bænum og beygt út af honum ofan við brúnina. Þar er hægt að rekja hann svo til beint í selið." Gatan var rekin um 100 m til suðausturs frá selinu. Mögulega er varða 033 vegvísir á þessari leið.
Gatan er í mosa- og lyngivöxnu hrauni. Víða eru klettar, lágir hólar og moldarflög.
Gatan er greinileg til suðausturs frá selinu en eftir tæpa

100 m verður hún óskýr. Hún hlykkjast í átt að brúninni og Ólafsskarðsvegi neðan hennar. Gatan er einföld og 0,2 m djúp. Hún er gróin í botninn og líkist kindagötu.
Heimildir: http://ferlir.is/?id=4350

ÁR-546:032 hleðsla útihús 63°54.606N 21°25.787V
Í norðvesturhorni heimatúnsins er hellir og liggur túngarður 025 upp að honum. Hleðsla er framan við hellinn, lokar honum og hann var nýttur sem útihús. Hellirinn er 130 m norðvestan við bæ 001 og 13 m norðvestan við útihús 002. Hellirinn er ofarlega í hlíðinni en er ekki áberandi sökum hleðslunnar sem er grasivaxin og fellur inn í túnið.
Grasivaxin brekka er til suðausturs frá hellinum. Neðan hennar er gamla heimatúnið en klettar fyrir ofan.
Hellirinn er náttúrulegur og engin mannvirki inni í honum né ummerki um að t.d. berghöld hafi verið klöppuð þar. Lofthæðin inni í hellinum er mest 2 m. Hleðslan lokar öllu opi hellisins. Hún er 11x2 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,5-1,1 m á hæð og grjóthlaðin. Hleðslan er hæst innan í hellinum og lítið gróin. Að utan er hún algróin. Mest má sjá 4 umför af grjóti innan í hellinum. Op inn í hellinn er í suðurenda.





Mynd 86. Hellir 032, horft til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-546:033 varða óþekkt 63°54.903N 21°26.249V
Varða er tæpa 800 m norðvestan við bæ 001 og 90 m norðvestan við vörður 034. Varðan er uppi á hlíðarbrúninni og víðsýnt er frá henni. Hlutverk vörðunnar er óþekkt en mögulega var hún vegvísir á leið 031 að Litlalandsseli 019. Þetta þarfnast þó staðfestingar.
Varðan er á mosavaxinni hraunklöpp, uppi á klettabrún.
Varðan er hrunin. Hún er 1 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Einungis má greina eitt hlaðið umfar neðst í vörðunni annars er bara grjótdreif. Ekkert hrun er umhverfis vörðuna en mögulega var grjót borðið úr henni í nærliggjandi vörður 034 og 035.



Mynd 87. Varða 033, horft til norðausturs.

Hættumat: engin hætta

ÁR-546:034 varða óþekkt 63°54.861N 21°26.210V
Tvær vörður eru 90 m suðaustan við vörðu 033 og 700 m norðvestan við bæ 001. Vörðurnar eru uppi á sömu brún og varða 033 en eru minni umfangs.
Vörðurnar eru á klapparhól, uppi á hlíðarbrúninni. Þær eru fremst á klettabrúninni, efst og allt í krin eru klappir, stakir steinar og mosi.
Á svæði sem er 8x2 m að stærð og snýr NNV-SSA eru tvenn vörðubrot. Varða A er NNV. Hún er 0,4 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Varðan er illa hlaðin og fremur eins og grjótinu hafi verið staflað upp en ekki hlaðið.



Mynd 88. Varða 034 A, hoft til austurs og varða 034 B, hoft til austurs.

Það má greina 4 umför í vörðunni sem er ekki stæðileg. Varða B er 7 m SSA við vörðu A. Hún er stærri en fyrri varðan en samanstendur í raun bara af þremur steinum sem staflað hefur verið upp. Hún er 0,4 m í þvermál og 0,6 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

ÁR-546:035 varða óþekkt 63°54.805N 21°26.222V



Mynd 89. Varða 035, horft til suðurs.

Varða er 640 m vestan við bæ 001 og 100 m sunnan við vörður 034, uppi á hlíðarbrúninni. Hlutverk vörðunnar er óþekkt.

Varðan er á mosavaxinni hraunklöpp, uppi á klettabrún.

Varðan er hrunin en umfang hennar er meira en hinna varðanna [sjá 033 og 034] sem eru uppi á sömu brún. Varðan er 1 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Hún er hlaðin upp á litlum klapparhól og enn má sjá nokkra steina sem hafa hrunið úr vörðunni þar. Það má greina 1-3 umför grjóthleðslu í vörðunni og er það vaxið mosa og skófum. Greinilegt er að varðan forn miðað við lag hennar og gerð.

Hættumat: engin hætta

ÁR-546:036 gata leið 63°54.757N 21°26.680V

Götur liggja þvert eftir ásnum ofan við Nátthaga 027. Þær lágu vestur að Búrfelli og sameinuðust Ólafsskarðsvegi 721:051.


Göturnar liggja eftir heiði vaxinni mosa, grasi og lygni. Víða koma hraunhólar, -klettar og stakir steinar upp úr sverði. Svæðið er í aflíðandi halla til SSA, niður af Hlíðarendafjalli.

Göturnar lágu eflaust til VNV frá bæ 001 og óljóst má sjá móta fyrir þeim á loftmynd skammt sunnan við vörðu 035. Það bendir til þess að varðan hafi verið vegvísir á þessari leið. Göturnar eru greinilegar í svokölluðum Búrfellsmóum og auðraktar. Þær hlykkjast til vesturs í átt að Búrfelli, sveigja þar til norðvesturs og sameinast yngri Ólafsskarðsveginum við Geitafell. Skrásetjari rakti göturnar einungis í svokölluðum Búrfellsmóum en þær eru afar greinilegar á loftmynd. Göturnar eru lítið annað er kindagata. Það má einungis greina 1-2 paldra sem eru 0,3 m breiðir og 0,2 m djúpir. Göturnar eru grónar en hér og þar er mold í botni þeirra.

Hættumat: engin hætta

ÁR-547 Hlíðarendi


Túnakort byggt á teiknuðu korti frá 1918



"Jarðardýrleiki xx og so tíundast fjórum sinnum." JÁM II, 441. "Landamerki eru bókfærð þannig: þrívörður við sjó í Markhól, merki L.M., í Fálkaklett. Við Litlaland; Austur miðjan Sand frá sjó til heiðar, í vörðu, sem er klappaður kross í klöppina undir vörðunni, úr henni í þrívörður. Þaðan í Fuglastapaþúfu, í Nátthagaöxl, í vörðu sem stendur við Stórugjá. Þaðan í Eiturhól - Fjallið eina. Ath. Þrívörður við sjó eru ekki nærri Hlíðarendalandi og Fjallið eina er utan takmarka Ölfuss." Ö-Hlíðarendi, 1. Jörðin fór í eyði árið 2001 þegar síðasti ábúandi, Ólafur H. Þórðarson lést. Hluti heimatúnsins er nýttur fyrir hrossabeit í dag (2011) en túnin virðast ekki vera nytjuð að öðru leyti.

1917: Tún 7 ha, 7/8 slétt. Garðar 943 m2.

ÁR-547:001 *Hlíðarendi* bæjarhóll bústaður 63°54.245N 21°27.041V



"Bærinn stendur undir Hlíðarendafjalli, í hvammi milli Ytra-Buganefs að austan og Áss að vestan," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1918 sést að bærinn stóð nyrst í túninu, fast norðan við læk sem rennur um það. Tveir matjurtagarðar voru sunnan við bæ, annar þeirra fast sunnan við íbúðarhúsið og hinn fast austan við þann fyrrnefnda. Þeir eru skráðir með bæjarhólnum. Í bókinni Ísland Howells er ljósmynd af bænum frá því skömmu fyrir aldamótin 1900. Á myndinni er sést bærinn sem virðist vera með grjóthlaðna veggi og fjórar burstir. Stafnar húsanna virðast ýmist vera úr timbri eða forskalaðir. Bárujárn er á þökum. Á myndinni sjást einnig tveir grjóthlaðnir kálgarðar (þeir sömu og á túnakorti) og hellulagður stígur sem liggur yfir Bæjarlækinn (sjá brú 038), á milli kálgarðanna og að bæ. Traðir 030 eru á milli kálgarðanna og á ljósmyndinni er fjöldi hesta í tröðunum. Jörðin fór í eyði árið 2001 þegar síðasti ábúandi, Ólafur H. Þórðarson lést. Hluti heimatúnsins er nýttur fyrir hrossabeit í dag (2011) en túnin virðast ekki vera nytjuð að öðru leyti eða aðrir hlutar jarðarinnar.



Mynd 90. Bæjarhóll Hlíðarenda 001, horft til norðvesturs.

Bæjarhóllinn er sunnan undir brekkum Hlíðarendafjalls og er í skjóli af því. Lækurinn sem rennur um túnið kemur upp norðan og vestan við bæjarhólinn og rennur meðfram honum að vestan- og sunnanverðu en beygir svo til ASA. Deiglent er austan við bæjarhólinn og lítil tjörn er vestan við hann.

Bæjarhóllinn er um 80x32 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er hæstur í vesturenda en lækkar snarlega

þegar komið er austur fyrir miðjan hólinn. Hann er grösugur og hæstur er hann um 2 m. Um 25 m austan við vesturenda hólsins stendur hús sem byggt er úr viðarfarmi skips sem strandaði árið 1896. Það sama ár voru miklir jarðskjálftar á Suðurlandi og skemmdust margir bæir eða hrundu. Ekki fundust heimildir um það hvort Hlíðarendabærinn hrundi í skjálftunum en væntanlega hefur hann orðið fyrir miklum skemmdum og þörf verið á því að endurbyggja hann. Endurbætur á gamla íbúðarhúsinu stóðu yfir þegar skráning fór fram á jörðinni 2011 og var búið að grafa rennu meðfram sökkli hússins. Hellulögð stétt er við suðausturhorn hússins, um 3x0,5 m að stærð, snýr austur-vestur. Húsið er ekki með kjallara og ekki er að sjá að mikið rask hafi orðið á bæjarhólnum. Um 6 m suðvestur af húsinu sést óljóst móta fyrir garðlagi sem er um 12 m langt og liggur til suðurs. Það er útflatt en er um 0,2 m á hæð. Líklegt er að þetta séu leifar af kálgarði. Fast norðan og austan hússins er malarplan, liggur vegur að planinu og bænum úr suðri og heldur áfram til NNV að nýju húsi við lækjaruppsprettu og byggt var í tengslum við vatnsverksmiðjuna sem risin er á jörðinni. Austan við planið er gróið yfir byggingaleifar húsa sem stóðu á hólnum á síðari hluta 20. aldar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Hlíðarendi, 1; Túnakort 1918

ÁR-547:002 heimild útihús 63°54.218N 21°26.974V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 80 m suðaustan við bæ 001, um 15 m austan við núverandi heimreið.
Útihúsið var í túni á þeim hluta þess sem komið er í órækt. Skammt norðaustan við staðinn þar sem útihúsið stóð að líkindum er vindrafstöð og hefur orðið nokkurt jarðvegsrask í kringum hana.
Ekki sést til minja um útihúsið en gróður er grænni þar sem það stóð en annarsstaðar í næsta nágrenni. Mögulegt er að mannvirkjaleifar leynist undir sverði. Á milli vindrafstöðvar og útihúss er raskað svæði þar sem gróið er yfir grjót. Ekki er útilokað að þetta sé grjót úr útihúsinu.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918


ÁR-547:003 gryfja útihús 63°54.212N 21°27.296V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús vestast og nyrst í túninu, um 230 m vestan við bæ 001. Grunn dæld eða gryfja er á þessum stað, um 215 m VSV við bæ 001 og um 60 m norðan við fjárhús 004.
Útihúsið var austan undir dálítilli hæð í túninu sem hallar mót austri. Til norðurs eru grýttar brekkur Hlíðarendafjalls.
Þar sem útihúsið var að líkindum sést nú grunn dæld sem er um 1,5x1,5 m að innanmáli og er um 0,2 m að dýpt. Dældin er algróin og ekki sést í hleðslur.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918



Mynd 91. Gryfja 003, horft til suðurs.

ÁR-547:004 tóft fjárhús 63°54.181N 21°27.293V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 260 m suðvestan við bæ 001, í vesturjaðri túnsins. Tóft útihúss sést enn á þessum stað, er um 230 m suðvestan við bæ 001.
Tóftin er í sléttuðu túni, í aflíðandi brekku mót austri. Rafmagnskassi er fast sunnan við tóftina, grafin leiðsla liggur frá honum til austurs og mögulega einnig til vesturs upp á Ásinn.






Mynd 92. Tóft 004, horft til norðvesturs

Tóftin er grjóthlaðin en að hluta grafin inn í hól í túninu. Óvíst er hvort hóllinn er alveg náttúrulegur eða að hluta manngerður. Tóftin er tvískipt. Hún er um 17x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Vesturmörk tóftarinnar eru þó óljós. Mesta hæð veggja er um 1,5 m og sjást 5 umför af grjóti í hleðslum. Ekki er veggur á austurgafli tóftarinnar og hefur að líkindum verið timbur- eða bárujárnsþil á þeirri hlið. Hólf I er í austurenda tóftarinnar. Það er um 10x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Steyptur garði er í því miðju og skiptir því í tvær krær. Austast í garðanum er fjárbað sem er um 2x0,5 m að innanmáli. Garðinn er um 0,5 m á hæð og breidd. Úr hólfi I er aðeins brún niður í hólf II í vesturenda. Það er niðurgrafin hlaða og er hún um 0,5 m lægri en hólf I. Hún er um 4x4 m að innanmáli en mikið hefur hrunið inn í hana úr veggjum. Húsið hefur áreiðanlega verið í notkun fram eftir 20. öld.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-547:005 tóft útihús 63°54.146N 21°27.259V





Mynd 93. Tóft 005, horft til ANA.

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús 270 m suðvestan við bæ 001, á mörkum móa og túns. Tóft er enn á þessum stað, um 255 m suðvestan við bæ 001.


Túnið hefur verið fært út til vesturs eftir að túnakortið var gert og er því tóftin inni á miðju túni í halla til austurs.

Tóftin er grafin inn í aflíðandi halla og veggir hennar standa ekkert upp úr túninu. Innri brún veggja er enn skýr og eru um 0,5 m á hæð. Tóftin er um 6x2 m að innanmáli, snýr VSV-ANA. Hún skiptist óljóst í tvö hólf. Í vesturenda er hólf I sem er um 2x1 m að innanmáli, snýr NNV-SSA. Ógreinileg hleðsla er á milli þess og hólfs II sem er um 4x1,5 m að innanmáli, snýr VSV-ANA. Op er á milli hólfanna og op er á tóftinni í ANA-enda.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-547:006 gryfja útihús 63°54.155N 21°27.128V



Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 190 m suðvestan við bæ 001, í suðurjaðri túnsins. Leifar af útihúsinu sjást enn. Þau eru um 180 m suðvestan við bæ 001 og um 65 m suðvestan við útihús 007. Minjarnar eru á lágum hól í suðvestur-túnjaðri.



Mynd 94. Gryfja 006, horft til suðurs.

Það eina sem sést af útihúsinu er dálítil gryfja, full af grjóti. Hún er um 2,5x9 m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. Gryfjan er um 0,2 m á dýpt þar sem hún er dýpst. Ekki sést hvar dyr hafa verið inn í útihúsið eða hvort það hefur skipst fleiri en eitt hólf.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-547:007 heimild útihús 63°54.245N 21°27.041V
Samkvæmt túnakorti 1918 var útihús um 140 m suðvestan við bæ 001. Dálítil dæld er í túninu þar sem útihúsin voru, um 130 m sunnan við bæ 001.
Útihúsið var í sléttuðu, flatlendu túni, nærri suðurjaðri þess.
Ekki sést til minja um útihúsið og er líklegt að sléttað hafi verið úr því. Mögulega leynast leifar þess enn undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-547:008 *Bæjarstígur* gata leið 63°54.197N 21°27.458V
"Upp úr Leyni liggur gata upp á fjallsbrúnina. Hún heitir Bæjarstígur," segir í örnefnaskrá. Þar segir einnig: "Austan í Ásnum er skarð upp við fjallsbrúnina og heitir Nónskarð. Gata er upp Nónskarð, hestfær. Nú er búið að umturna Ásnum, ryðja þar braut upp í Búrfell, róta í því og eyðileggja." Bæjarstígur er að öllum líkindum sú leið sem liggur um Nónskarð upp á fjallsbrúnina. Gata sést neðan við miðjar hlíðar Hlíðarendafjalls, um 370 m VSV við bæ 001.
Gatan er í allbrattri brekku sem gróin en grýtt á köflum.
Gatan er mjó eða um 0,2 m á breidd. Hún er víða um 0,3 m. Gata liggur ofan túns og lækjaruppsprettna og ofan við mesta stórgrýtið sem hrunið hefur úr fjallinu. Gatan er að mest gróin en hefur að líkindum verið haldið við af sauðfé. Gatan sést ekki á Ásnum því eins og fram kemur í örnefnaskrá hefur orðið mikið rask á honum. Þessi gata hefur að líkindum legið á leið 011 að Hlíðarendaseli 020 en kann einnig að hafa verið farin í öðrum tilgangi.



Mynd 95. Bæjarstígur 008, horft til norðausturs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Hlíðarendi, 1


ÁR-547:009 *Mylla* tóft+garðlag mylla 63°54.186N 21°26.567V
"Mylla var við [Bæjar]lækinn undan Ytra-Buganefi, en það gengur fram úr klettahjallanum austan túnsins," segir



Mynd 96. Myllutóft 009, horft til norðvesturs og suðausturs.

í örnefnaskrá. Myllutóft og garðlag er um 400 m austan við bæ 001.

Myllan er í skóglendi innan sumarbústaðarlóðar. Tré og annar gróður vex allt í kringum hana og hylur hana að hluta.



Minjar eru á svæði sem er um 14x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hér er hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar. Myllutóftin A er í norðausturenda svæðisins. Hún er grjóthlaðin og einföld, er um 5,5x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Norðausturveggur sést illa og er mjög lágur. Hann stendur um 0,2 m upp úr jörðinni. Að sögn heimildamanns, Björns Bogasonar, er myllutóftin endurhlaðin að hluta, aðallega suðausturveggur. Mesta hæð veggja er um 1,5 m og sjást 6 umför af grjóthleðslu þar sem ekki hefur verið endurhlaðið. Neðst í norðvestur- og suðausturveggjum eru göt þar sem vatnið rann inn í mylluna og aftur út úr henni. Timburleifar sjást í veggjunum ofan við gatið í suðausturvegg. Frá vesturhorni tóftarinnar liggur fyrirhleðslugarður sem er um 9 m á lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er um 1 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Hann er gróinn og sést ekki í grjóthleðslur. Rof er í garðinn um 1 m suðvestan við tóftina og rennur vatn um það. Líklegt er að fleki eða einhver önnur fyrirstaða hafi verið sett í lækinn við suðvesturenda garðsins til að stöðva rennsli um mylluna þegar hún var ekki í notkun. Heimildamaður greindi frá því að lítill veggjarbútur væri við norðurhorn tóftarinnar en það sést illa fyrir gróðri. Þó má þar greina óljóst vegg sem er um 3 m langur, snýr norðvestur-suðaustur. Vatnið rann meðfram honum að suðvestanverðu og inn í mylluna.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Hlíðarendi, 1

ÁR-547:010 *Mókofi* heimild mókofi 63°54.219N 21°26.964V

"Neðan við Bæjarlæk, austantil við bæinn, og heimveginn, er móa- og mýrablettur sem heitir Nes. Þar stóð hús sem hét Mókofi. Í honum voru geymdir reiðingar, mór o.fl.," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Mókofans er nú týnd en samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar var hann fast neðan við Bæjarlækinn, nokkurn veginn miðja vegu á milli bæjar 001 og myllu 009. Samkvæmt því var kofinn um 185 m suðaustan við bæ 001 og um 210 m norðvestan við myllu 009. Ekki er útilokað að Mókofinn sé sama mannvirki og útihús 002. Á þessu svæði er þýfður lækjarbakki norðan við deiglent svæði.

Ekki sást til minja um Mókofa á vettvangi og hefur hann að líkindum verið rifinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hlíðarendi, 1;Örnefnauppdráttur Ingólfs Einarssonar

ÁR-547:011 gata leið 63°54.546N 21°28.766V




Mynd 97. Leið 011, horft til NNV.

Grónar götur að Hlíðarendaseli 020 sjást austan við Búrfell, um 1,4 km norðvestan við bæ 001. Mikið jarðvegsrask hefur orðið á milli Búrfells og Áss sem er sunnan undir Hlíðarendafjalli. Leiðinni hefur verið raskað á því svæði. Líklegt er að leið 008, Bæjarstígur, hafi m.a. legið á þessa leið.

Göturnar liggja um gróinn hraunmóa uppi á Hlíðarendafjalli. Götunum var fylgt á 550 m löngum kafla í sveig meðfram Búrfelli að vestanverðu. Þegar gata er komin norður fyrir Búrfell er komið á stikaða leið sem liggur að Hlíðarendaseli og heldur áfram að Geitafelli og sameinast þar Ólafsskarðsvegi ÁR-720:021. Leiðin hefur líklega verið stikuð eftir að vegur var gerður upp að Búrfelli í tengslum við efnistöku í því. Á þeim hluta leiðarinnar sem enn er óraskaður af umferð göngufólks sjást víðast ein til tvær mjóar götur sem eru um 0,2 m á breidd og dýpt. Göturnar eru víðast grónar.

Hættumat: hætta, vegna rasks

ÁR-547:012 *Stekkjarhóll* tóft stekkur 63°53.793N 21°28.065V





Mynd 98. Stekkjartóft og hólf undir bergvegg 012, horft til suðvesturs

"Suður og suðvestur frá Ás og Byrgisdal [024] eru klapparhólar skammt frá fjallinu. Þeir heita Stekkatúnshólar. Stærsta klöppin, og næsta götunni, heitir Stekkjarhóll, Selhóll, segir Jórunn Jónsdóttir, frá Hlíðarenda. Á kolli hans er fuglaþúfa. Sunnan í honum er stekkjarrúst," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 1,2 km suðvestan við bæ 001, inni á sumarbústaðarlóð.

Stekkurinn er suðaustan undir háum bergvegg á hæsta hólnum í Stekkatúnshólum. Trjárækt er í og við tóftina og sumarhús stendur litlu austan við það.

Minjar eru á svæði sem er um 10x9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Stekkjartóftin er í suðausturhluta svæðisins. Hún er um 6x4 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Ógreinilegt op er á tóftinni til suðausturs. Mikið af trjám vex í henni og hún er því orðin óskýr. Tóftin virðist vera einföld. Hún var líklega grjóthlaðin en hún er vel gróin. Mesta veggjahæð er um 0,5 m. Fast norðvestan við tóftina er stórt hólf suðaustan undir bergvegg. Hólfið er um 10x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólfið mjókkar verulega í norðausturenda. Suðausturveggur hólfsins er annars vegar norðvesturgafl tóftar A og hins vegar hlaðinn veggur norðaustan við tóftina. Á milli veggjarins og tóftarinnar er mjótt op inn í hólfið. Veggurinn sem hlaðinn er norðaustan við tóft er um 5 m langur og beygir lítillega til austurs. Grjóthleðslur sjást í honum en hann er nokkuð gróinn. Veggurinn er um 1,5 m á þykkt, um 1 m á hæð og sjást 3 umför. Örnefnið Selhóll bendir til þess að þarna hafi verið haft í seli en mun líklegra er að þarna hafi verið stekkur. Minjarnar og fjarlægð þeirra frá bæ styðja það.


Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Hlíðarendi, 2

ÁR-547:013 *Stefanía* tóft smalakofi 63°53.703N 21°28.169V




Mynd 99. Smalakofinn, horft til suðurs.



"Lengra til suðvesturs [en Stekkjarhóll 012] er önnur stærsta klöppin og heitir Stefanía. Uppi á henni er rúst af byrgi, sem Stefán smali byggði í hjásetunni. Sést vel fyrir rústinni af þjóðveginum,

Krýsuvíkurleið, sem liggur þar framhjá," segir í örnefnaskrá. Tóft byrgisins er um 1,35 km suðvestan við bæ 001 og um 190 m suðvestan við stekk 012.
Tóftin er á allháum og stórum hól í grónum hraun- og lyngmóa, skammt norðvestan vegar. Fuglaþúfa er á suðausturvegg tóftarinnar þar sem hóllinn er hæstur.
Tóftin er grjóthlaðin og einföld. Hún er um 1,5x2,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslur eru grónar og signar en mesta hæð er í suðurhorni. Þar er tóftin um 0,5 m á hæð og sjást 3 umför. Tóftin hallar lítillega til norðvesturs. Ekki sést skýrt op á tóftinni en mögulega var það á norðvesturvegg þar sem hleðslur eru lægstar og ógreinilegastar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hlíðarendi, 2

ÁR-547:014 *Hlíðarendahellir* tóft fjárskýli 63°53.772N 21°28.977V



"Yst undir Hellisbergi er Hellir, eða Hlíðarendahellir, ágætt fjárból. Hellirinn er sjávarhellir frá lokum ísaldar. Hefur um 40 m. langur veggur verið hlaðinn upp með slútandi berginu. Kumltótt er þar neðan við Hellirinn," segir í örnefnaskrá. Hleðsla framan við hellinn og heytóft er um 1,8 km suðvestan við bæ 001 og um 790 m austan við Fjallsendahelli 016.
Undir slútandi berginu er mikill stórgrýtishaugur sem hefur hrunið úr bergveggnum og er gróinn. Haugurinn er um 5 m á hæð og ofan á honum er hlaðinn veggur sem myndar skjól með bergveggnum. Heytóftin er svo fast suðaustan við hauginn, neðan við hann. Vegarslóði ÁR720:008 liggur fast sunnan við minjarnar.
Minjarnar eru á svæði sem er um 30x40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í lýsingunni hér á eftir verður hverri fornleif gefinn bókstafur til aðgreiningar. Hleðsla A er um 40 m löng og liggur eftir bergveggnum frá norðaustri til suðvesturs. Mesta hæð veggja innanmáls er um 1,5 m. Mest sjást 5 umför í hleðslum en þær eru víða fallnar inn í hellinn. Op er inn í fjárskýlið um 15 m suðvestan við norðausturenda. Mesta breidd skýlisins innanmáls er um 3 m. Ekki sjást merki þess að hólfaskipting hafi verið innan þess. Heytóft B er um 20 m suðaustan við hleðslu A. Hún er grjóthlaðin og einföld. Tóftin er um 4x4 m að stærð og er op á henni í





Mynd 100. Heytóft 014B og grjótröð 014C, horft til suðurs.

austurhorni. Tóftin virðist vera niðurgrafin, mesta hæð veggja er um 1 m og sjást 4 umför af hleðslu. Mikið af grjóti er hrunið inn í hana. Frá austurhorni tóftar liggur 15 m löng grjótröð C til norðurs upp í miðjar hlíðar stórgrýtishaugsins. Tilgangur hennar er óljós en ef til vill hefur verið hægt að ganga eftir henni upp í fjárskýlið til þess að forðast stórgrýtið sem er í brekkunni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hlíðarendi, 2

ÁR-547:015 varða 63°54.389N 21°26.636V

Varða er á Nátthagaöxl, um 430 m norðaustan við bæ 001.
Varðan er á suðurbrún Hlíðarendafjalls í stórgrýti.
Varðan er hlaðin á stórt bjarg en hún er sjálf um 1 m í þvermál og 1 m á hæð. Um fjögur umför af hleðslu sjást. Vegahæll er efst í vörðunni. Hún er ekki gróin og virðist ekki gömul en ekki er vitað um aldur hennar eða hlutverk. Mögulega er hún landamerkjavarða en hún er nálægt merkjum á milli Hlíðarenda og Litlalands ÁR-546 því þau eru sögð liggja um Nátthagaöxl.
Hættumat: engin hætta



Mynd 101. Varða 015, horft til suðurs.

ÁR-547:016 *Fjallsendahellir* hleðsla fjárskýli 63°53.770N 21°29.950V

"Vestan í Fjallsenda er Fjallsendahellir. Hann er hraunhellir. Inn úr opi hans eru tvennar dyr. Til hægri er sjálfur hellirinn, 1 m. til 1,7 m. hár og um 2 m. víður, gólfið er allséttt. Hlaðinn garður lokar honum fyrir fé um 10 m. fyrir innan dyr. Til vinstri er niður að fara í annan hellir, sem er að mestu hruninn, svo myndast hefur jarðfall um 4-5 m. djúpt og 8-10 m. í þvermál. Það heitir Gjögur. Úr því er skammt í hellisbotn," segir í örnefnaskrá. Hellirinn er um 2,5 km vestan við bæ 001.




Mynd 102. Fjallsendahellir 016, horft til norðausturs.

Hellirinn er í hraunmóa vestan í Fjallsenda. Stutt er upp í hellinn og framan við hann til vesturs er grasi gróið jarðfall, 2-3 m djúpt, um 5x10 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur.
Hrunið hefur úr gólfi hellisins við innganginn og ekki er hægt að komast inn í fjárskýlið til að skoða það nánar. Hlaðni garðurinn sést ekki frá innganginum því hellirinn liggur í svolítinn sveig frá suðvestri til ANA. Hellirinn virðist vera um 1,5 m á hæð og um 2 m á breidd. Gólfið er slétt en hallar lítillega til suðvesturs. Hellirinn sem er vinstra megin (norðvestan) við fjárskýlið er gríðarstór en þakið á honum er hrunið ofan í hann. Afhellir liggur úr þeim helli til norðurs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hlíðarendi, 2

ÁR-547:017 *Fjárborg* tóft fjárskýli 63°53.043N 21°30.624V



Mynd 103. Fjárborg 017, horft til norðurs.



"Fjárborg gömul er í Djúpadalshrauni, um miðja vegu milli þjóðvegarins og Djúpadals. Hún er borghlaðin, þ.e. hringlaga og veggirnir hallast lítilsháttar inn, um 3,5 til 4 m. á hæð, og um 5 m. í þvermál að innan. Dyr eru móti suðri, um 1 m. á hæð og geta tvær kindur gengið samhliða um þær. Veggirnir eru á annan metir á þykkt. Árið 1921 var hún alveg heil, en nú, 1967, er dálítið hrunið úr veggjunum á tveim stöðum, beggja vegna dyranna, aðallega að utan," segir í örnefnaskrá. Fjárborgin er um 3,7 km suðvestan við bæ 001.
Fárborgin er í fremur úfnu en grónu hrauni, skammt austan við malarnámu.
Borgin er grjóthlaðin og stendur enn að langmestu leyti. Hún er um 9 m í þvermál og um 3 m á hæð. Þykkt veggja er um 2 m. Víða hefur hrunið úr utanverðri hleðslunni; sitt hvorum megin við dyrnar inn í tóftina og til norðausturs og norðvesturs en veggirnir eru heillegir að innan. Mest sjást 18 umför af hleðslu í veggjum og er flatt, fremur þunnt hellugrjót í hleðslum. Dyr eru inn í borgina úr suðri en þær eru 1,2 m á hæð og um 0,5 m á breidd. Ekki er sýnileg hólfaskipting innan borgarinnar en inn í hana hefur hrunið dálítið af grjóti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hlíðarendi, 3

ÁR-547:018 *Steinka* varða óþekkt
"Austarlega í Sandmótum, í suðaustur frá Stefaníu [013] er vörðubrot á klöpp og kallast Steinka, enginn veit hvers vegna," segir í örnefnaskrá. Vörðubrotið fannst ekki á vettvangi og ekki reyndist unnt að staðsetja það með innan við 50 m skekkju.
Varðan var líklega í lítt grónu og sendnu hrauni nokkrum spöl sunnan við malarveg um sveitina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hlíðarendi, 3

ÁR-547:019 *Þorlákshafnarvarða* varða samgöngubót 63°53.811N 21°26.237V



Mynd 104. Þorlákshafnarvarða 019 (nær), fjær er nýleg eða endurhlaðin varða, horft til norðausturs.

"Við götuna frá Hlíðarenda til Þorlákshafnar [ÁR-720:007], en hún liggur undan Ytra-Buganefi, er allstór varða sem heitir Þorlákshafnarvarða," segir í örnefnaskrá. Nýleg varða og vörðubrot eru um 1 km suðaustan við bæ 001.
Minjarnar eru á lágu ílöngu holti sem snýr austur-vestur. Holtið er í sendnu hrauni sem er mosavaxið að hluta.
Minjarnar eru á svæði sem er um 17x1 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Í suðvesturenda er vörðubrot A sem líklega er af Þorlákshafnarvörðu. Það er um 1x0,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Það er um 1 m á hæð og sjást 3 umför af grjóthleðslu í henni. Fast sunnan við vörðubrotið er stórgrýti sem kann að hafa tilheyrt vörðunni. Hin varðan B er um 15 m norðaustan við vörðubrotið. Hún er nýleg að sjá en ekki er útilokað að þetta sé endurhlaðin Þorlákshafnarvarða. Hún er um 0,5 m á kant og er um 1,2 m á hæð. Í vörðunni sjást 7 umför af hleðslum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hlíðarendi, 3

ÁR-547:020 *Hlíðarendasel* tóftir sel 63°55.380N 21°29.226V




Mynd 106. Tóftir 020A og 020B, horft til suðvesturs.



Mynd 105. Tóft 020D, horft til norðurs.

"Á miðri leið frá Búrfelli inn að Geitafelli er Hlíðarendasel, í stefnu af Búrfelli á Hrútagil," segir í örnefnaskrá. Hlíðarendasel er um 2,8 km norðvestan við bæ 001. Stikuð leið liggur frá Búrfelli að selinu og áfram að Geitafelli og sameinast Ólafsskarðsvegi ÁR-720:021 norðaustan við það.

Selið er í kvos á milli þriggja allhárra krosssprunginna hraunhóla í mosa- og lyngivöxnum hraunmóa.



Fjórar tóftir eru á svæði sem er um 35x31 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í lýsingunni fá minjarnar bókstafi til aðgreiningar. Tóft A er í suðurhorni svæðisins. Hún er tvískipt og gróin en er að öllum líkindum grjóthlaðin. Tóftin er um 7x4,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er í suðausturenda, það er um 2x0,5 m að innanmáli, snýr suðaustur-norðvestur. Op er á hólfinu til norðausturs. Ógreinilegt op er úr hólfi I til norðvesturs í hólf II. Það er um 1x1 m að innanmáli, op er á því til norðausturs. Mesta hæð veggja er um 1 m. Fast norðvestan við tóft A er tóft B. Hún er einföld, er um 4x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á tóftinni á miðjum suðvesturvegg. Lítillega sést í grjóthleðslur í innanverðum veggjum sem eru hæstir um 1 m. Tóft C er um 14 m norðaustan við tóft B. Hún er tvískipt og grjóthlaðin en gróin. Tóftin er um 7x7 m að stærð. Hólf I er í suðausturenda tóftarinnar. Það er um 1x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því í vesturhorninu. Hólf II er um 1,5x1 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Ógreinilegt op er í vesturhorni hólfsins. Tóftin er í dálitlum halla mót suðvestri og veggir hennar eru um 1,5 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Þríhyrningslaga þúst er fast norðvestan við C og er skráð með henni. Þústin er um 3,5x3,5 m að stærð og er um 1 m á hæð. Óljóst er hvort þar leynist mannvistarleifar. Tóft D er um 15 m norðvestan við tóft B. Hún er tvískipt og grjóthlaðin, líklega stekkur. Tóftin er um 11x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hólf I er í austurhluta tóftar. Það er um 9x1,5 m að innanmáli, snýr eins og tóftin. Það mjókkar í norðurenda en op er á því í suðurenda. Hólf II er grónara en hólf I. Það er um 5x1,2 m að innanmáli, snýr norður-suður. Op er í suðurenda hólfsins. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,5 m. Um 1 m norðvestan við tóft B er dæld sem er um 4x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,4 m á dýpt, mjókkar til beggja enda. Mögulega er þetta vatnsstæði. Mitt á milli tófta B og C er mögulega lítið, hringlaga mannvirki en það kann að vera náttúrulegt. Þústin er um 1 m í þvermál og um 0,2 m á hæð. Hún er lyngi vaxin.



Mynd 107. Tóft 020C og þríhyrningslaga þúst, horft til suðausturs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hlíðarendi, 4

ÁR-547:021 varða landamerki 63°53.811N 21°25.659V

"Landamerki eru bókfærð þannig: [...] Við Litlaland: Austur miðjan Sand frá sjó til heiðar, í vörðu, sem er



Mynd 108. Varða 021, horft til vesturs



Mynd 109. Kross á klöpp austan við vörðu 021, horft til vesturs

klappaður kross í klöppina undir vörðunni [...]," segir í örnefnaskrá. Í sömu heimild segir: "Litlu sunnar [en Þrívörður 026] er enn varða sem er hornmark Hlíðarenda, Litlalands og Þorlákshafnar." Stór varða er á þessum slóðum, um 1,4 km suðaustan við bæ 001.

Varðan er á fremur lágu holti í sendnu hrauni, mosavöxnu að hluta. Dálítill skógræktarreitur er norðaustan við vörðuna í lægð milli holta.

Varðan er m 1,5 m í þvermál og um 1 m á hæð. Hún er gróin í botninn og virðist nokkuð gömul. Hleðslur eru signar en þó sjást 4 umför hleðslu. 1 m austan við vörðu er kross á klöpp. Hann virðist vera náttúrumyndun en kann að hafa verið klappaður í klöppina. Hann er um 20x20 sm að stærð.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hlíðarendi, 1,3

ÁR-547:022 þúst 63°54.268N 21°26.889V



Mynd 110. Þúst 022B, horft til norðurs



Tvær grónar grjótþústir eru í Austurtúni, um 130 m austan við bæ og um 20 m norðvestan við tóft 027.

Þústirnar eru neðarlega í grösugu túni sem hallar til suðurs. Þær er um 30 m norðan við Bæjarlækinn.

Þústirnar eru á svæði sem er um 10x10 m að stærð. Þúst A er greinilegri og er neðar (sunnar) í túninu en þúst B. Hún er um 6x7 m að stærð, snýr austur-vestur. Hún er um 0,4 m á hæð. Ekki sést í grjót í þústinni en það finnst fyrir því undir grassverði. Þúst B er fast norðaustan við þúst A. Hún er um 3x5 m að stærð, snýr norður-suður og mjókkar lítillega til suðurs. Hún er um 0,3 m á hæð. Líklegast eru ummerkin manngerð en óljóst er hvaða hlutverki þau þjónuðu.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-547:023 garðlag túngarður 63°54.256N 21°26.627V

Uppi í brekku Hlíðarendafjalls, um 340 m norðvestan við bæ 001 og suðvestan undir Nátthagaöxl er garðlag sem liggur drjúgan spöl til SSA og beygir svo til suðvesturs. Garðurinn er skráður sem túngarður því hlutverk hans var að öllum líkindum að verja Austurtúnið fyrir ágangi fjár þó að hann liggi ekki nema að hluta til meðfram túninu sjálfu.


Garðurinn liggur um stórgrýtta brekku fjallsins og áfram um gróinn hraunmóa og í túnjaðri.

Garðurinn liggur nokkurn veginn í L og afmarkar svæði sem er um 210x130 m að stærð. Hann snýr SSA-NNV. Að stærstum hluta liggur garðurinn utan túns en þar sem hann beygir til suðvesturs er hann við suðausturjaðar Austurtúnsins. Garðurinn er grjóthlaðinn. Þar sem hann byrjar í brekkum Hlíðarendafjalls er hann hlaðinn á milli og ofan á stórum björgum sem hrunið hafa úr fjallinu. Garðurinn er hæstur og breiðastur um 1 m og mest sjást 4 umför í hleðslum. Hann er víða niður fallinn.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Hlíðarendi, 1



Mynd 111. Garðlag 023, horft til SSA

ÁR-547:024 *Byrgisdalur* tóft 63°53.946N 21°27.780V





Mynd 112. Tóft 024, horft til suðvesturs

"Vestanundir Ásnum, vestur við bergið, er lítill dalur eða hvammur neðst í brekkunni. Hann heitir Byrgisdalur," segir í örnefnaskrá. Ekki sjást leifar af byrgi í Byrgisdal en þar er tóft, mögulega heytóft, um 815 m suðvestan við bæ 001.
Byrgisdalur er grösugur en jarðvegsrof er sunnan við hann. Á Ásnum sem er austan við dalinn hefur orðið mikið rask vegna vegagerðar. Gróinn hraunmói er til suðurs.
Mögulega hefur byrgi sem dalurinn dregur nafn sitt af verið á Ásnum og horfið vegna vegagerðar og efnistöku. Tóftin í Byrgisdal er um 6x7 m að stærð, snýr austur-vestur. Hún er einföld og ekki sést op á henni. Veggir eru grónir og mjóir. Hæstir eru þeir um 0,4 m. Grösugt er í Byrgisdal og upp að Glámubóli og Rjúpnadal til suðurs, þrátt fyrir uppblástur. Ekki er ótrúlegt að heyjað hafi verið á þessu svæði og því mögulegt að tóftin sé heytóft.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hlíðarendi, 1

ÁR-547:025 varða 63°54.008N 21°28.097V

Varða er uppi á brún Hlíðarendafjalls, um 970 m suðvestan við bæ 001.
Varðan er á mosagrónu klapparholti á fjallsbrún.
Varðan er um 1,5 m á kant og um 1,2 m á hæð. 6 umför af hleðslu sjást. Varðan er ekki mjög gróin og virðist vera ung eða nýlega endurhlaðin. Hlutverk vörðunnar er óþekkt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hlíðarendi, 2




Mynd 113. Varða 025, horft til suðurs.

ÁR-547:026 *Þrívörður* heimild landamerki

"Sunnar á sömu leið [milli Hlíðarenda og Þorlákshafnar ÁR-720:007] eru Þrívörður. Það eru þrjár litlar vörður, sín á hverri klöpp, og mynda þríhyrning, á hæðardragi sem heitir Alda. Þrívörður eru í mörkum milli Hlíðarenda og Litlalands," segir í örnefnaskrá. Gengið var á milli Þorlákshafnarvörðu 019 og vörðu 021 en ekki sást til Þrívarða. Nákvæm staðsetning þeirra er ekki þekkt og því ekki hægt að staðsetja þær með innan við 50 m skekkju.
Líklegt er að vörðurnar hafi verið í sendnu hrauni sunnan við veginn sem liggur um sveitina.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hlíðarendi, 3

ÁR-547:027 tóft útihús 63°54.259N 21°26.876V





Mynd 114. Tóft 027, horft til norðurs.

Tóft er í Austurtúni, um 135 m austan við bæ 001. Tóftin er í sléttuðu túni sem hallar mót suðri. Hún er neðarlega í túninu, um 15 m norðan við Bæjarlæk. Tóftin er sigin og hlaupin í púfur og því nokkuð ógreinileg. Ekkert grjót sést í veggjum. Tóftin er um 6x4 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Mesta hæð veggja er um 0,7 m og eru þeir hæstir í suðurenda tóftarinnar. Tóftin er nokkuð slétt að ofan og hólfaskipting sést ekki. Líklegt er að inngangur hafi verið á suðurgafli en hann sést ekki. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en afar líklegt er að hún hafi verið útihús af einhverju tagi.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-547:028 hleðsla 63°54.803N 21°29.876V





Mynd 115. Hleðsla 028A, horft til austurs.

Varða og hleðsla eru um 2,5 km norðvestan við bæ 001. Minjarnar eru á háum sprungnum hraunhól í mosagrónu hrauni. Minjarnar eru á svæði sem er um 15x2 m að stærð og snýr norður-suður. Hvoru mannvirki er hér gefinn bókstafur til aðgreiningar. Hleðsla A er í suðurenda svæðisins. Hún liggur í boga, er um 3x2 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er um 0,5 m á hæð og sjást 3 umför af hleðslu. Hún myndar hólf með lágum klettum á hólnum, mögulega lítið byrgi, sem er um 3x2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Um 12 m norðan við hleðslu A er varða B. Hún er um 1x0,5 m að stærð, snýr norður-suður. Hún er um 0,5 m á hæð og sjást 3 umför. Minjarnar eru að öllum líkindum fremur ungar. Mögulega eru þetta leifar af skotbyrgi frekar en smalabyrgi því það er ekki góður hagi í næsta nágrenni.
Hættumat: engin hætta


ÁR-547:029 tóft 63°53.765N 21°29.870V

Lítil tóft er hlaðin á klöpp um 2,5 km vestan við bæ og um 70 m ASA við Fjallsendahelli 016.

Tóftin er á lítilli klöpp í vesturhlíðum Fjallsenda í grónum hraunmóa. Tóftin er um 1,5 m á kant og er einföld. Veggir eru um 0,5 m á hæð og sjást 3 umför af grjóthleðslu í þeim. Þar sem klöppin er hæst er tóftin um 1,2 m á hæð. Ekkert op er á tóftinni. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin þjónaði en ekki er ósennilegt að hún sé e.k. byrgi.



Mynd 116. Tóft 029, horft til norðausturs.



Hættumat: engin hætta

ÁR-547:030 heimild traðir 63°54.240N 21°27.025V

Á ljósmynd af bænum Hlíðarenda frá því fyrir aldamótin 1900 sjást traðir milli kálgarða (sjá 001) og hellulögð gata frá Bæjarlæk að tröðunum. Þessar minjar eru skráðar saman hér.

Minjarnar voru þar sem nú er malarvegur heim að bænum, litlu suðaustan við bæinn á bæjarhól 001.

Hvorki sést til traðanna né hellulögðu götunnar. Kálgarðarnir sem voru sitt hvoru megin við traðirnar hafa að líkindum verið rifnir og malarvegur liggur nú á sama stað og hellulagða gatan og traðirnar voru áður. Mögulega er hellulögnin óröskuð undir malarveginum.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ísland Howells, 56

ÁR-547:031 garðlag vörslugarður 63°54.233N 21°27.310V

Garðlag er um 220 m vestan við bæ 001, um 40 m norðan við útihús 003.

Garðlagið er í grýttri brekku sunnan undir Hlíðarendafjalli.

Garðlagið er grjóthlaðið og afar sigið. Það er um 120 m langt og snýr norðaustur-suðvestur. Garðlagið er um 0,5 m á hæð þar sem það er hæst og um 0,5 m á breidd. Líklega er þetta garðlag leifar af vörslugarði.




Mynd 117. Garðlag 031, horft til austurs.

Hættumat: engin hætta

ÁR-547:032 tóftir útihús 63°54.206N 21°27.361V



Mynd 118. Tóftir 032, horft til suðvesturs.



Tvær tóftir eru fast norðan við túnjaðar, um 270 m vestan við bæ 001.

Tóftirnar eru á milli túns og Hlíðarendafjalls, í grasi grónum en stórgrýttum móa.

Tóftirnar eru á svæði sem er um 8x6 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Í lýsingunni hér á eftir fá tóftirnar fá bókstafi til aðgreiningar. Tóft A er allgreinileg, hún er um 6x4 m að stærð, snýr nálega norður-suður. Óljós op eru í suðurenda og í suðausturhorni. Tóftin er einföld og mesta hæð veggja er um 0,5 m. Ekki sést í grjóthleðslur en ætla má að hún sé grjóthlaðin. Fast vestan við tóftina er lítil og fremur ógreinileg tóft B. Hún er einföld, er um 4x2 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er nokkuð hlaupin í þúfur og er norðausturveggur hennar ógreinilegur. Mögulega hefur verið op inn í tóftina á þeim vegg. Tóftin er gróin og mesta veggjahæð er um 0,3 m. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftirnar gegndu en líklegt er að þær hafi verið útihús.



Mynd 119. Garðlag 033, horft til norðausturs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-547:033 garðlag túngarður 63°54.134N 21°27.160V

Tvö grjóthlaðin garðlög eru suðvestan og suðaustan við túnið sem heitir Flatir. Þó að þau séu ekki samtengd eru þau líklega hlutar af sama túngarðinum sem var utan við gamla túnið. Túnið hefur verið fært út til vesturs eftir að túnakortið var gert og hefur þá hluti garðsins verið rifinn. Garðurinn suðaustan við túnið er um 175 m sunnan við bæ 001.

Suðaustan við túnið liggur garðlagið um gróinn en hæðóttan móa á mörkum túns og hraunmóa. Suðvestan við túnið liggur garðlagið að mestu um stórgrýtta brekku Hlíðarendafjalls.

Garðarnir afmarka svæði sem er um 250x170 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Suðaustan við túnið liggur garðurinn norðaustur-suðvestur. Þar er hann siginn og er víðast um 0,3 m á hæð og um 1 m á breidd. Ekki er steinn yfir steini. Suðvestan við túnið er garðurinn nokkuð greinilegur. Hann liggur suðaustur-norðvestur og er um 0,5 m á hæð þar sem hann er hæstur og sjást 2 umför af grjóthleðslu í honum. Garðurinn er hlaðinn milli stórra bjarga í fjallshlíðinni.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-547:034 þúst 63°54.181N 21°27.125V



Mynd 120. Þúst 034, horft til norðurs.


Grjótþúst er í túninu, um 130 m suðvestan við bæ 001. Mögulegt er að þústin sé leifar af grjóthlöðnu mannvirki og er hún því skráð.

Grjótþústin er í sléttu og flatlendu túni en þýft og grýtt er undir sverði sunnan við þúst á svæði sem er um 7x5 m að stærð og snýr norður-suður.

Grjótþústin er um 5x2 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún

er um 0,3 m á hæð. Ekki er hægt að sjá skýrar útlínur mannvirkis, greina hólf eða op.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-547:035 tóft 63°54.259N 21°27.114V





Mynd 121. Tóft 035, horft til suðurs.

Grjóthlaðin tóft er um 60 m norðvestan við bæ 001. Samkvæmt Garðari Karlssyni, heimildamanni, var hún reykkofi.
Tóftin er í grýttum móa norðan við tjörn, sunnan undir Hlíðarendafjalli.
Tóftin er einföld og grjóthlaðin. Hún er um 4x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Mesta hæð veggja er 1,2 m og sjást 4 umför af grjóthleðslu í henni. Op er á tóftinni til suðurs. Veggir standa vel en aðeins er farið að hrynja úr þeim inn í tóftina. Inni í henni er líka brak úr þaki; járn og timbur.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-547:036 hleðsla brú 63°54.228N 21°27.095V
Hleðslur eru á tveimur stöðum yfir Bæjarlækinn á leið sem lá frá bæ á túnið vestan og sunnan við bæinn. Farið er yfir kvísl næst bæjarhólnum, yfir lítinn hólma og aftur yfir aðra kvísl á milli túns og hólma.
Hleðslurnar eru í lækjarfarvegi á milli bæjarhóls og túns.



Mynd 122. Hleðsla 036A, horft til norðausturs.




Mynd 123. Hleðsla 036B, horft til suðurs.

Minjarnar eru á svæði sem er um 15x6 m á stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðsla A er í suðvesturenda svæðisins. Hún er um 2 m löng, liggur norðaustur-suðvestur. Hún er um 1 m á breidd, er að mestu niðurfallin og komin undir vatn nema næst bökkunum. Þar er hún um 0,2 m á hæð. Hleðsla B er um 15 m norðaustan við hleðslu A og um 40 m suðvestan við bæ 001. Hleðsla B er mun meiri um sig en hleðsla A. Við hana sjást leifar af timburbrú. Hleðslan er um 3x1,5 m að stærð og snýr SSA-NNV. Norðaustast á svæðinu, á



bakkanum nær bæ, er stórgrýti beggja vegna við hleðsluna, um 1,5 m í hvora átt. Timburfleki er við NNV-enda stórgrýtis á bakkanum nær bæ 001. Hleðslan er sigin og rennur vatn yfir hana. Hún er hæst við bakkana um 0,5 m og sjást 2 umför af grjóthleðslu.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-547:037 hleðsla brú 63°54.251N 21°27.085V





Mynd 124. Hleðsla 037, horft til vesturs.


Stórgrýtishleðsla er yfir Bæjarlækinn, um 40 m vestan við bæ 001 og um 30 m norðan við hleðslu 036B. Hleðslan er líklega leifar af brú yfir lækinn og hefur verið farið hér yfir stystu leið að reykkofa 035 og áfram út með Hlíðarendafjalli.
Hleðslan er í Bæjarlæknum fast vestan bæjarhóls 001, sunnan undir Hlíðarendafjalli. Bakkinn beggja vegna við lækinn er nokkuð flatlendur.
Lækurinn er um 3 m á breidd á þessum stað. Við ASA-bakkann sem er nær bæ er einn stór flatur steinn sem stendur upp úr læknum. Minni steinar standa lægra eða eru undir vatni. Hleðslan er um 3x1 m að stærð og snýr VNV-ASA. Ekki stendur steinn yfir steini en stærstu steinarnir eru um 0,5 m á hæð. Á bakkanum nær fjallinu er grjóthrúga sem mögulega er úr brúnni eða öðru mannvirki á lækjarbakkanum. Hún er um 3x2 m að stærð, snýr norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-547:038 heimild brú 63°54.226N 21°27.012V
Á ljósmynd af hlaði Hlíðarenda frá því fyrir aldamótin 1900 sést hellulögð gata og brú yfir Bæjarlækinn heim að bænum. Brúin hefur að líkindum verið um 40 m suðaustan við bæ 001.
Brúin var þar sem nú er ræsi og malarvegur sem nýlega hefur verið endurbættur.
Ekki sést til minja um brúna og er líklegt að hún hafi verið rifin þegar vegur var lagður heim að bænum. Ekki er útilokað að leifar hleðslu séu undir veginum.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ísland Howells, 56

ÁR-547:039 varða samgöngubót 63°55.445N 21°29.309V
Vörðubrot er rúmum 130 m NNV við Hlíðarendasel 020 og 2,9 km norðvestan við bæ 001. Varðan var líklega vegvísir á Ólafsskarðsleið 721:051.
Krosssprungnir hraunhólar í mosa- og lyngivöxnum hraunmóa. Hraunið er sprungusvæði og Ólafsskarðsvegur þræðir á milli þeirra.
Hér er um nokkra steina á kletti. Grunnflatarmál vörðunnar er 0,5 m og hún er 0,3 m á hæð. Ekki er um greinileg umför að ræða.
Hættumat: Engin hætta

ÁR-549 Nes

1847: Bændaeign, 16 hdr. JJ, 76. 1313: Fyrst getið í máldaga, DI II, 378. 1379: Getið í Vilchinsmáldaga, DI IV, bls. 99. 1491-1518 í máldaga segir: "Kirkian j nese j Selvoge a Snothus viijc. ....kirkian nidri og hefur suo leingi verid." DI VII, bls. 48. 1508: Getið í kaupmálabréfi, þá metin á 60 hdr. DI VIII, bls. 230. 1525: Aftur getið í kaupmálabréfi: "Nes j selvogi lxxx c og þar til .xl. kugillda..." DI IX, bls. 288. 1706: "Jarðýrleiki lx og so tíundast fjórum sinnum." JÁM II, 444. 1961: Í eyði, sbr. Sunnlenskar byggðir III, bls. 487.
Túnakort 1920: Tún 9,7 ha., allt slétt. Matjurtagarðar 2794 m2. "Lýngrif til eldiviðar sem á Snjóthúsum. Þángtak til eldiviðar brúkast og, og er mjög af skorti. Rekavon er góð, en hvalrekann eigna menn Strandarkirkju. Sölvafjara misjöfn eftir því sem fært er. Fjörugös bjargleg heimamönnum. Heimræði árið um kring, en sæta þarf sjáfarfalli þá lenda skal. Engjar öngvar. Túninu grandar sandfjúk að ofan, en sjór að framan...Torfrista og stúnga verri en ill sem áður segir um Snjóthús, og er að þessu mikið mein bæði húsum og heyjum." JÁM II, bls. 445. Í Sunnlenskum byggðum segir: "Jörðin Nes er mjög landmikil en þurrlend. Efri hluti jarðarinnar er algróinn heiðargróðri en nær sjónum var fyrr á árum mikill uppblástur og sandfok; á síðari árum hefur það gróið allmikið. Fjörubeit hefur verið talin góð. Beitilandið er ógirt en stór hluti jarðarinnar liggur vel við trjáreka." Sunnlenskar byggðir III, 487.




ÁR-549:001 *Nes* bæjarhóll bústaður 63°49.482N 21°40.066V
"Bærinn stóð á Bæjarhól neðan við mitt tún. Þegar tvíbýli var í Nesi, voru bæirnir nefndir Austurnes og Vesturnes," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum segir um Austur-Nes: "Þar bjuggu Jón Jasonarson



Mynd 125. Bæjarhóll 001, horft til VNV oh brunnur austast í bæjarröðinni.

og Vilborg Gunnarsdóttir, bústýra, frá 1887-1919, síðan í eyði. Árið 1922 var fasteignamat ekki skráð." Jörðin fór í eyði árið 1961. Bærinn í Nesi stóð austarlega í túni og er bæjarhóllinn nú 40-50 m upp eða norður frá sjó. Austur- og Vesturnes hafa staðið á einum og sama bæjarhól. Í Sunnlenskum byggðum er mynd af gamla bænum í Nesi ásamt þinghúsi, sem stóð austan eða suðaustan við bæinn.
Í Nesi er stórt tún sem er ágætlega slétt, nú í órækt að hluta en slegið að hluta, norðan og norðvestan við bæinn. Tún virðist víða sandborið undir sverði.



Bæjarhóllinn er mjög stór, allt að 70 x 50 m og snýr austur-vestur en dregst heldur saman í vesturátt. Hæstur er hann vestast og þar eru miklar bæjarrústir en lækkar til austurs þar sem kirkja og kirkjugarður 002 hafa verið. Þar eru nú steinsteyptir veggir, leifar fjárhúsa og hlöðu sem voru með braggalagi. Sunnan og vestan undir bæjarrústunum hafa verið kálgarðar. Lýsingin hér á eftir snýr fyrst og fremst að bæjarrústunum vestast og hefst lýsingin nánar tiltekið á suðvesturbrún bæjarhóls. Þar verður fyrst fyrir hústóft A. Hún er grafin inn í hólinn, með grjóthlöðnum veggjum að innan og standa veggir þokkalega, allt að 1,4 m á hæð. Dyr snúa í suður og dyrakampurinn er sérlega þykkur, allt að 2 m svo að líkist meira stuttum göngum en dyraopi. Hólfið er um 3 x 2 m stórt að innanmáli og snýr norður-suður og innan veggja örlar á bárujárnsrusli. Tóft/hólf B er um 6 m norðar. Það gæti hafa verið fjárhús eða gripahús með hlöðu, snýr austur-vestur með op í vesturátt. Það skiptist í tvö hólf, vestar er hólf sem er rúmlega 4 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Inn af því annað hólf sem liggur þvert

á það, er grynnra og grónara um 3 x 1 m stórt. Hæð í fremra hólfi er rúmlega 1 m og þar eru grjóthlaðnir veggir. Fast norðan við þetta hólf eru leifar af steyptri þró utan í bæjarhólnum og mikið spýtnabrak í hrúgu þar utan við. Þróin er um 2,5 m á kant. Tæpa 10 m austur af tóft A er tóft/hólf C. Það er alveg opið til suðurs og hefur framhliðin snúið í þá áttina. Milli þess og hólfs A er sléttur flati og gróinn, mjög líklega hússtæði. C er alls 6 x 3 m stórt að innanmáli og snýr norður-suður. Það er algróið svo að grjóthleðslur sjást ekki í veggjum sem ná mest um 0,5 m hæð. Um 8 m austur af þessu hólfi er svo brunnur, að því er virðist í enda húsaraðar. Samkvæmt risskorti sem fylgir með örnefnalýsingu hefur þetta að líkindum verið Jasabrunnur. Brunnurinn hefur væntanlega verið undir þaki og enn er reft yfir grjóthleðsluna kringum brunninn. Vatn er í honum en ekki ljóst hvað hann er djúpur. Innangengt hefur verið í brunnhúsið að sunnanverðu og þar liggja 2-3 grjótþrep niður að vatnsborðinu. Veggir eru hlaðnir umhverfis nema að sunnanverðu og ná upp í allt að rúma 2 m upp fyrir vatnsborðið. Brunnhúsið er ílangt og snýr norður-suður. Það er um 2 x 1 m að innanmáli. Reft hefur verið yfir með gömlum spýtum, plötur lagðar yfir og torf. Ekki sjást fleiri heilleg mannvirki á bæjarhól en að lokum skal nefna kálgarða sem mótar fyrir sunnan og vestan undir bæjarhól. Sá sem er vestan við hólinn er tæplega 15 x 15 m stór og hlaðið um hann að norðan og vestan. Hleðslurnar eru alveg greinilegar og stæðilegar, allt að 0,6-1 m háar. Hinn garðurinn er eins og sléttur stallur sunnan undir bæjarhólnum og er vestasti hluti hans sunnan við hólf C. Hann er a.m.k. 20 metrar á kant en fjarar út til austurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Sunnlenskar byggðir III, bls. 487 og 481; Ö-Nes, 1

ÁR-549:002 heimild kirkja 63°49.493N 21°40.013V
"Fyrrum mun hafa verið kirkja í Nesi og staðið, þar sem nú er braggabygging, notuð síðast sem heygeymsla. Legsteinar komu upp, þegar grafið var fyrir þessu húsi, og munu þeir vera þarna á hlaðinu," segir í örnefnalýsingu. Kirkju í Nesi er getið í ýmsum fornum máldögum en hún var aflögð árið 1706. NES Í SELVOGI (Á) -Maríu, Magnúsi jarli, Þorláki og Katerinu (STRANDARÞING) - ALKIRKJA. [1313]: forn maldage Mariu kirkia j Nese og hins helga magnvs jarls: og ins sæla Thorlaks biskups og hinnar helgv Katerynv meyiar er [Finnr] Biarnason liet giora. a xx hvndrvd j heima lande.og tiolld vmm kirkiv. smelltann kross og annann steindann. Alltarisklædi iij. kluckur iiij. og fimta brotna. kertastikur ij. og glodarker. elldbera. lysikolv. og Alltaris mvnnlavg. skiov. og stavckvl. og handklæde tuo. og peturs skrift. ij. kyr. a og kirkia. þar skal oc syngia messv hvern dag helgan. og annann huorn ottv song. Messa skal midvikudag oc favstudag j langafostv og so alla jmbrvdaga. fiogra marka leiga skal greida presti. og senda jafnann mann j mote honvm a vetvrinn. Tijvnd liggur þar til af heima monnvm og af Biarnastyodum. og halfer lysitollar. lofadur groptur heima monnum j Nesi og fatækum monnvm. lofadar erv þar allar heimilis tijder. Sijdan gafu þau finnr og þora mariuskrifer badar. Helga gaf altarisduk glitadann. og kross steindann. þetta gafst til sijdan Halfdän kom. asavdarkugilldi. Halfdan liet bæta brotnv klucku og keipte til kalek er stendur xj avra. Jarngerdur gaf til ravtt Alltaraklædi af silki. sotdrift yfer Peturs likneski. Jtem gafv þav Halfdan og Valgerdur og Jarngerdur kross er stendur yfer kordyrvm med tueim likneskivm. Jtem gaf Jarngerdur Refvil nyiann atta alna langann; Máld DI II 378 [Þessi hluti máld eflaust eldri, Þó pq 1269]. [um árs. sjá MML SAGA III, s. 473] [Erlendr sterki er talinn hafa búið í Nesi og dó 1312. Járngerður, var Þórðardóttir Böðvarssonar og var kona Erlends en Valgerður var dóttir þeirra og hefur Halfdan sennilega verið maður hennar. Finnur var sonur Bjarnar Hamra-Finnsonar, en Þóra hét systir Bjarna og var hún kona Þormóðs í Gufunesi. Það er óvíst að það sé sama Þóra og nefnd er í máld. Sú gæti eins verið systir eða kona Finns. Finnur Bjarnarson var af sömu kynslóð og Árni biskup Þorláksson (ÁSB, 4). JÞ stingur upp á því að Helga gæti verið systir Árna bps og að hún hafi verið kona Finns en þess er ekki getið í ÁSB. en á móti því mælir Eggert Briem sem bendir á að þau hjón hefðu þá verið að öðrum og þriðja - DI II 863]
1397: XCVI. Nes. Mariukirkia j Nesi j Selvogi. oc Magnus Eyiajarls. Thorlaks biskups oc Katerine a .xxc. j heimalandi. iij. kyr oc .vj. ær. tiolld vmm frammkirkiu med dvkumm. smelltann kross oc annann kross storann yfer dyrum med Mariulykneski oc Jons postula oc tuo rodukrossa. Mariuskriptter .ij. Pieturs lykneski. kluckur .v. ij. alltaraklædi med pell oc þridia med silki. messuserkur. hofudlyn. tvo brykarklædi. þridia firir Mariu med pell oc annad med fornt liereptt. vattzkietill. stockull. kirkiu läs stortt. kiertistikur .ij. kaleikur er vegur .xij. aura. sotdriptt yfer Pietursskriptt. paxspialld. sacrarium mvnnlaug. lysikola. læstan kirkiustol. corporalis hvs silkisaumad. glodarkier. glergluggar .iij. austann a kirkiunni. glitadur alltaradvukur .ij. handklædi. Þar skal syngia hvern helgann dag midvikudaga oc fostudaga vmm langafostv oc ymbrudaga. lvka .iiij. merkur presti oc sækia hann iafnann med hesti fra weturnottum til sumars oc reida hann heim apttur. lofadur gropttur heimamonnum oc fatækum monnum j Nesi. tyund liggur þar til heimamanna oc af Biarnastodum. Hun aa j syna portionem sydann Arni heitinn kom þar oc atti jordina oc bunad aa .xxc. oc .cc. Erlingur Jonsson [sagdi] ad kirkian j Nesi skylldi eiga .vjc. j þwfulandi þar til sem hann leisti vr .ij. kugilldi .cc. vadmala .ijc. j vide. enn .xij. alnar fyrer .c. j leiguburd þar til sem leist er vr jordunni.; Máld DI IV 99
[1491-1518]: Byskups stephans maldagi. Kirkian j nese j Selvoge a Snothus viijc. eirn kalek. iij kluckur. þar liggur til eirn Bær ad halfv. og fellur nv half mork. kirkian nidri og hefur suo leingi verid. Máld DI VII, 48 [AM 263 fol, bl. 55]

8.7.1523 hafði Erlendur Þorvarðsson lögmaður fengið Skálholtskirkju Hof á Kjalarnesi í reikningsskap ýmissa kirkna, þ.á.m. Neskirkju sem "war komin ad nidurfalli" og lofaði "Erlindur at lata innstædu til neskirkiu" – DI IX, 159.
23.6.1547 kvittar Erlend Þorvarðsson lögmann "af þui misferli sem hann hefur matt brotligur vm werda. i uidskiptum þeiRa pals eyiolfssonaR i kirkiunne i nesi i seluogi." DI XI, 558.
1575: CLXXXV. Nes. Kirkian i Nese i Selvoge ä xxc. i heimalande. Jtem var i kirkiunne ein messuklæde. eitt vondtt glödarkier. iij koparpijpur. Jtem iij kluckur. kross lijtill. Máld DI XV 642
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 53, 55}
1702: Jón Jónsson bónd í Nesi [d. 1702] "Byggði hér skemmu úr kirkjutóftarrústinni frá forntíð og var að bón hans grafinn í skemmunni." SSÁ, 228 nm.
eftir 1706: Kirkja lögð niður; (PP, 95) Kirkja og kirkjugarðar hafa verið fast austan við bæ, á austurhluta bæjarhóls 001.
Grösugur bæjarhóll með miklum byggingaleifum, steypu, timbri og bárujárni. Bæjarhóllinn er hæstur vestast en




Mynd 126. Mannabein komu upp við jarðrask til norðaustan við útihúsið sem er hér til vinstri. Til hægri sjást legsteinar úr kirkjugarðinum.

tekur að lækka talsvert á þessum stað.
Engin ummerki sjást um kirkjugarðinn á yfirborði en þó er minnismerki til vitnis um hann. Það er afgirtur reitur, um 2,5 m á kant og tvöföld vírgirðing utan um hann. Innan girðingar er steinkantur og möl á bletti innan hans og liggja þar þrír legsteinar, væntanlega þeir sem komu upp þegar grafið var fyrir stóra útihúsinu sem enn sjást leifar af fast austan við þennan stað. Syðst er lítill steinn með íhöggnu krossmarki, þá ílangur steinn sem einnig er með krossmarki og hring um það. Þriðji steininnn er mjög mosavaxinn. Að öðru leyti sjást engin merki um kirkjugarðinn, hvorki leiði né kirkjurúst. Gríðarlegt rask hefur verið austast á hólnum, austan við minnismerkið vegna umræddrar byggingar. Þó er rétt að taka fram að suðaustasti og lægsti hluti hólsins er með mjög reglulegri brún þar sem örlar á grjóti á nokkrum stöðum. Ekki er útilokað að þar sé brún kirkjugarðsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Nes, 1; DI II, 378; DI IV, 99; DI VII, 48; DI IX, 159; DI XI, 558; DI XV, 642; SSÁ, 228; PP, 95

ÁR-549:003 *Austurbúð* heimild sjóbúð
"Tvær sjóbúðir munu hafa verið í hlaðinu í Austurnesi, Austurbúð og Vesturbúð, en það var fyrir minni Eyþórs [Þórðarsonar]," segir í örnefnalýsingu Ness. Nú er ekki ljóst hvar þessar sjóbúðir hafa verið en er sennilegt að það hafi verið skammt sunnan eða austan við bæjarhól 001.
Grasi gróið svæði.
Ekki sést til stakra tófta þar sem bæjarhól sleppir og raunar ekki hægt að útiloka að búðirnar hafi staðið á sjálfum hólnum 001.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Nes, 2

ÁR-549:004 þúst óþekkt 63°49.426N 21°39.689V

Mjög greinilegur og rústalegur hóll er utan túns, um 60 m austan við túngarð 008, rúma 300 m austan við bæjarhól 001.
Slétt, grasi vaxið og mjög harðlent svæði.
Ávalur og kringlóttur hóll sem grænni en umhverfið. Hóllinn er um 25 x 20 m stór, snýr norður-suður og mjókkar heldur í norðurátt. Spýtuleifar standa upp úr honum sem gætu verið leifar af sundmerki. Hann er tæplega 2 m hár en alls engar hleðslur sjást á yfirborði. Annar hóll sem er mun minni (B), varla nema um 5 m í þvermál,er 20-30 m norðar, ofan við vegarslóða sem liggur út að vita. Í honum gætu líka leynst mannvistarleifar.
Hættumat: engin hætta



Mynd 127. Þúst 004, horft til suðurs.

ÁR-549:005 *Gerði* örnefni óþekkt 63°49.435N 21°39.888V

"Fyrir framan (þ.e. sunnan) og austan Austurnes var Framtún eða Gerði," segir í örnefnalýsingu. Gerði var túnið sunnan og austan við bæjarhól 001.
Gróið tún, ekki í rækt.
Engin ummerki sjást um hleðslur eða önnur mannvirki í Gerði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nes, 1

ÁR-549:006 heimild leið 63°49.453N 21°40.095V

"Fyrir vestan götuna niður í vörina [019] hét Vesturtún, " segir í örnefnaskrá. Ekki er löng leið niður í vörina, aðeins um 30 m hér um bil beint til suðurs frá bæjarhól 001. Leiðin er sýnd á túnakorti frá 1920.
Allt er grasi vafið, vottar fyrir smálægð en ekki beinlínis götu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nes, 1: Túnakort 1920

ÁR-549:007 heimild leið 63°49.459N 21°39.916V

"Fyrir framan (þ.e. sunnan) og austan Austurnes var Framtún eða Gerði [005]. Það lá með götunni austur að vita," segir í örnefnalýsingu. Leiðin hefur væntanlega legið eins og liggur beinast við, meðfram sjávarbakkanum til austurs. Leiðin er sýnd á túnakorti frá 1920.
Grýttur sjávarkampur og sandborinn, sjór ber víða grjót langt upp á land. Grasivaxið tún er norðan hans
Engar götur sjást nú en vegarslóði liggur í átt að vita heldur norðar en sjávarbakkinn, líklega á sama stað og leiðin. Vitinn var ekki reistur fyrr en árið 1919 en væntanlega hafa leiðir manna legið lengi um þessar slóðir í ýmsum öðrum tilgangi, jafnvel allt vestur í Þorlákshöfn en þá sameinast leið 046.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nes, 2; Túnakort 1920

ÁR-549:008 garðlag túngarður 63°49.542N 21°39.700V

"Beint upp frá Þórðarkotsbrunni [ÁR-553:002] er Unhóll í merkjum milli Ness og Bjarnastaða. Hann er í eða rétt innan við túngarðinn fyrir ofan bæina," segir í örnefnalýsingu. Hér er lýst túngarði um Nestún sem nær raunar að líkindum allt vestur að fornlegum garði um Torfabæ og Þorkelsgerði, sjá ÁR-558:016.
Garðurinn liggur í jaðri gamla túnsins sem enn er grösugt en sýnilega sandfyllt undir sverði. Utantúns að austanverðu er Flagið, hálfgróið hraun með sandrofum.



Mynd 128. Túngarður 008, horft til norðvesturs.

Garðurinn er sýnilegastur austan við Nes og og á hluta norðurhliðar. Hugsanlegt er að hann hafi afmarkað svæði allt að 800 x 400 m stórt og þá einnig tún Bjarnastaða. Þetta er þó erfitt að staðfesta vegna túnasléttunar og seinni tíma rasks. Lýsingin hefst syðst og austast. Þar er garðurinn alveg greinilegur en mikill sandur hefur safnast upp að honum og víðast hvar er hann 3-4 m breið bunga sem síhækkar til austurs en þar er lóðrétt grjóthleðsla utan í bungunni, víða hrunin og aflöguð. Raunar er mögulegt að þetta yngsta byggingarstig garðsins hafi einmitt verið hlaðið utan í þessa bungu, sem hafi safnast utan í eldra byggingarstig. Að austanverðu er garðurinn allt að 1,6-1,7 m hár en að innanverðu hallar honum smám saman í fláa til vesturs. Um 80 m norðan við upptök garðsins liggur bílslóði í gegnum hann til austurs og skammt norður af honum virðist sem garðurinn sé tvöfaldur á nokkurra metra löngum kafla. Austurhlið garðsins er annars alls rúmlega 260 m löng en þá sveigir hann til norðvesturs og liggur skammt sunnan við vegarslóða. Þar er garðurinn að mestu ógróinn og grjóthlaðinn, um 0,5 m hár, liggur fyrst tæpa 70 m til norðvesturs en síðan beint í vestur en verður mjög óljós eftir um 160 m til viðbótar og virðist raunar mögulegt að vegurinn liggi á honum að hluta. Af loftmyndum sést óljós garður sem virðist hafa verið í framhaldi af þessum um 200 m vestar. Hann liggur fyrir norðan Bjarnastaði 2 og hér um bil í stefnu á Götu. Til að staðfesta þetta gætu gamlar loftmyndir komið að notum en hér verður kastað fram þeirri hugmynd að garðurinn gæti hafa legið allt frá forna garðinum (Ár-558:016) í námunda við Melbúð (Ár-557:014) og þaðan til austurs, norður fyrir bæjarhólinn í Nesi 001 og suður að sjó. Hafi svo verið hefur garðurinn verið allt að 1,5 km langur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Nes, 2

ÁR-549:009 *Nesbrunnur* hús brunnur 63°49.462N 21°40.088V
"Nesbrunnur eða Austurnesbrunnur er í Suðurtúni, beint suður af tröðunum. Hann er til enn, alltaf fullur af vatni," segir í örnefnaskrá. Nesbrunnur er í túni 20-30 m beint suður af bæjarhól 001.
Grösugt tún.
Holsteinshús var byggt yfir brunninn, væntanlega á síðari hluta 20. aldar, og er nú hálfhrunið. Þórður Sveinsson minnist þess að brunnurinn hafi verið ákaflega djúpur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nes, 2

ÁR-549:010 heimild leið
"Nesbrunnur eða Austurnesbrunnur [sjá 009] er í Suðurtúni, beint suður af tröðunum. Hann er til enn, alltaf fullur af vatni. Þaðan lágu götur til bæjanna og allra hjáleignanna," segir í örnefnalýsingu
Græn og gróin tún.
Öll tún á þessum slóðum eru vel gróin og engar götur sjást til bæja eða hjáleigna. Væntanlega er einkum átt við að götur hafi legið í Austur- og Vestur-Nes og svo til hjáleignanna þar í kring, þ.e. vestan og norðan við bæ.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nes, 2

ÁR-549:011 *Nesrétt* tóft fjárhús 63°49.448N 21°40.077V
"Í Suðurtúni er Nesrétt eða Austurvogsrétt niðri við vörina [019]. Eftir að hætt var að nota hana, var sáð í hana rófum eða kartöflum," segir í örnefnalýsingu. Niður við vörina sjást bæði tóft og réttarhleðsla við hana sem kemur heim og saman við lýsinguna. Á risskorti sem fylgir með örnefnalýsingu stendur skrifað á þessum stað "Fjárhús" og "Nesrétt".
Tóftin og gerðið eru alveg fremst á gróna hluta sjávarbakkans. Fyrir neðan eða sunnan er grýtt fjara sem fé hefur


væntanlega verið beitt í.

Alls ná réttin og fjárhústóftin yfir svæði sem er um 30 x 15 m stórt og snýr austur-vestur. Tóftin er af fjárhúsum, mjög greinileg og sýnilega ekki gömul. Hún er 13 x 6 m stór og snýr austur-vestur. Hún er langsum á sjávarkampinum og snúa dyr í vesturátt. Garði liggur eftir tóftinni endilangri, mikið til hruninn, og steypt fjárbað við vesturenda hans. Baðið er þó ekki á sjálfum garðanum heldur ofan í syðri krónni. Dyr hafa verið á vesturgafli en auk þess mótar fyrir dyrum austast á suðurvegg sem hlaðið hefur verið upp í og það ekki mjög vandlega. Veggir eru ógrónir og lítið hrundir, allt að 1,7 m háir. Réttin er samhlaðin húsinu að norðanverðu. Hún er grjóthlaðin, einföld en girðingu hefur verið bætt við hana í seinni tíð. Næst hústóftinni er op milli réttarveggjar og húsveggjar en svo tekur austurgafl réttar við og liggur 6-7 m til norðurs frá húsinu.



Mynd 129. Fjárhús 011, horft til austurs.

Þar tekur hann 90° sveigju beint í vestur. Í fyrstu er þar um 1 m hár grjótgarður á um 15-20 m löngum kafla sem



fer smálækkandi til vesturs en í framhaldinu sést lág og gróin hleðsla, líklega úr torfi, aðeins um 0,2 m há og líkist meira kálgarðshleðslu en réttarvegg. Alls er norðurhlið réttarinnar allt að 30 m löng. Þá sveigir hún til suðurs niður á sjávarkampinn 15 m framan við húsgaflinn og endar þar eftir 5-6 m. Þessi vestasti hluti réttarveggjar er óljós.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Nes, 2

ÁR-549:012 garðlag varnargarður 63°49.426N 21°39.987V

"Á sjávarkampinum var hlaðinn mikill sjóvarnargarður, og í honum var hlið niður undan bænum," segir í örnefnalýsingu. Sjóvarnargarðurinn sést enn víða meðfram kampinum, bæði austan og vestan við Nesvör 019.

Grasi gróinn sjávarkampur og býsna sléttur upp af mjög grýttri fjöru. Grjót gengur sýnilega stundum upp á garðinn og jafnvel yfir hann.

Hér verður garðinum fyrst lýst austan við fjárhús 011. Garðurinn liggur frá suðausturhorni hússins og til austurs. Reglulegur garður alveg á sjávarkampinum, sem er lágur á þessum slóðum. Hann er hruninn að mestu, um 1 m breiður mest og víðast hvar um 0,5 m hár. Hann fjarar út eftir tæpa 100 m en sést svo aftur að nýju og á loftmyndum sést að hann hefur náð alla leið að suðausturhorni túngarðs 008 sem er allt að 270 m austan við vörina. Mikið grjót hefur borist upp á sjávarkampinn þegar austar dregur. Vestan við vörina er sjóvarnargarður einnig



Mynd 130. Sjóvarnargarður 012, horft til austurs.

greinilegur, eða réttara sagt leifar af honum, víðast hvar eins og grjótdreif á sjávarkampinum. Einna greinilegastur er hann í námunda við Nesborgir 017 og þar gengur heillegur angi frá garðinum upp til norðurs vestan við borg B, um 10 m langur og sveigir svo um 90° í vesturátt nokkra metra til viðbótar. Þarna er hann heillegur og allt að rúmum 1 m á hæð. Alls má ætla að sjóvarnargarður fyrir landi Ness hafi verið a.m.k. um 600 m langur. Af lýsingum að dæma hafa einnig verið slíkir garðar fyrir landi hinna jarðanna vestar við voginn en nú víðast hvar horfnir í sjávarkamp. Ekki er hægt að segja til um hvort eitt og sama mannvirkið hefur varið alla ströndina eða hvort hver og einn ábúandi hefur hlaðið garð í sínum kampi.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Nes, 2

ÁR-549:013 *Nesnaust* heimild naust 63°49.458N 21°40.116V



Mynd 131. Hleðsla 013, horft til vesturs.


"Á sjávarkampinum var hlaðinn mikill sjóvarnargarður [012], og í honum var hlið niður undan bænum... Í kampinum næst hliðinu var Nesnaust...," segir í örnefnalýsingu. Nesnaust er að öllum líkindum horfið, enda hefur sjór gengið á land á þessum slóðum. Það var fast vestan við leiðina niður í Nesvör 019.
Sjávarkampur, alveg gróinn fram í fjöruna en þar tekur sjávargrjót við.
Mikið er af ávölu sjávargrjóti á þessum stað en engar augljósar mannvistarleifar. Hleðsla sem gæti mögulega verið leifar af nausti eða öðru mannvirki er þó um 20 m suðaustur af meintum sjóbúðaleifum, sjá 016. Sennilegt er þó að hún tilheyri gömlum sjóvarnargarði sem liggur víða í kampinum fyrir Neslandi, sjá 012.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Nes, 2

ÁR-549:014 heimild herslubyrgi 63°49.439N 21°40.067V
"Í kampinum næst hliðinu var Nesnaust og þar fyrir austan fiskbyrgin. Þau náðu að Nesvörðu, Sundvörðu [015]...," segir í örnefnalýsingu. Af lýsingu að dæma hafa byrgin verið á kampinum nálægt fjárhústóftinni 011, ef til vill neðan við hana og austur úr.
Gróinn sjávarkampur.
Engin ummerki sjást um byrgin. Sennilega hafa þau horfið vegna sjávarrofs.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Nes, 2

ÁR-549:015 *Nesvarða* heimild samgöngubót 63°49.431N 21°40.027V
"Í kampinum næst hliðinu var Nesnaust og þar fyrir austan fiskbyrgin [014]. Þau náðu að Nesvörðu, Sundvörðu, sem eitt sinn stóð á kampinum, en er nú í garði fram af Gerðinu," segir í örnefnalýsingu. Varðan er nú horfin og væntanlega er átt við að hún hafi lent undir sjóvarnargarði 012 sem enn sést á kampinum á þessum slóðum. Varðan er sýnd á risskorti sem fylgir með örnefnalýsingu. Út frá því má áætla að hún hafi verið um 70 m suður af austurenda bæjarhóls 001.
Grýttur sjávarkampur með leifum sjóvarnargarðs.
Hvorki sést tangur né tetur af vörðunni.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Nes, 2

ÁR-549:016 tóft sjóbúð 63°49.462N 21°40.120V
"Upp af vörinni eða vestar voru þrjár sjóbúðir. Sést líklega fyrir þeim enn...." segir í örnefnalýsingu. Á bls. 1 í sömu lýsingu segir: "Síðustu sjóbúðir í Nesi voru niðri á kampinum, og sér fyrir þeim enn," og er líklega átt við sama stað. Hleðslur sem væntanlega eru leifar af þessum búðum eru beint upp og vestur af vörinni 019 og rúma

40 m suðvestur af bæjarhól 001. Á risskorti sem fylgir með örnefnalýsingu eru merktar sjóbúðir og fjárhús á þessum stað og líklegt að þær hafi verið sambyggðar, jafnvel að sum hús hafi verið notuð bæði sem sjóbúðir og fjárhús.



Fremst á sjávarkampi sem er grasi vafin. 6-10 m eru frá tóftaleifunum fram að bakka en þaðan lækkar land skarpt niður í fjöruna sem er grýtt.

Minjar á þessum stað eru ákaflega brotakenndar, sennilega vegna þess að brotnað hefur framan af stærstum hluta tóftanna og eftir er einungis bakveggur á mörgum, sambyggðum húsum. Ekki er óhugsandi að framhluta minjanna hafi verið rutt út. Alls ná mannvirkjaleifarnar yfir svæði sem er um 25 x 5 m stórt og snýr austur-vestur. Gera má ráð fyrir að dyr búðanna hafi snúið að sjónum, til suðurs, en nú er erfitt að segja til um hve margar þær hafa verið eða hversu stórar. Leifarnar sem sjást eru þykkur bakveggur sem er nokkuð beinn og gróinn að norðanverðu en á suðurhliðinni sjást glompur og lægðir sem væntanlega eru leifar af norðurenda hólfa sem hafa verið í rústalengjunni. Af því sem nú sést má ætla að lengjan hafi skipst upp í að minnsta kosti 4 hólf. Austasti parturinn tekur yfir um 6 m af heildarlengd tóftarinnar og er heillegasti parturinn af henni. Hann er alls 4-5 m þykkur. Í honum miðjum er líkt og skora eða göng frá norðri til suðurs, vel hlaðin og steypt í bland. Hæð er allt að 1,8 m ef staðið er inni í skorunni. Norðan við þetta hólf eru leifar af hólfi sem hefur verið breiðara, allt að 4 m að innanmáli. Þá koma óljósar leifar tveggja hólfa norðan við miðja tóft. Í því nyrsta er mikið grjót en annars er tóftin að mestu leyti veg grasi gróin. Að lokum má geta þess að óljós hleðslubútur er um 15 m suðvestur af vesturenda tóftarinnar.



Mynd 132. Austasta hólfið í sjóbúð 016, horft til norðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Nes, 1-2

ÁR-549:017 *Nesborgir* tóftir fjárskýli 63°49.478N 21°40.302V


"Vestar á kampinum voru Nesborgir, þrjár fjárborgir. Vestasta borgin fór í flóðinu mikla 25. febr. 1925, og nú eru allar farnar, hinar fóru í síðasta flóði," segir í örnefnalýsingu. Þrátt fyrir yfirlýsingar í örnefnaskrár er enn töluvert eftir af tveimur fjárborgum á kampinum um 200 m vestur af bæjarhól 001. Engin merki sjást hins vegar um þriðju borgina.

Grösugur sjávarkampur, allt að 2 m hár bakki niður í fjöru.

Veglegar leifar af tveimur fjárborgum en ljóst að sjór étur sífellt af þeim. Borg sem hér er nefnd A er austar. Ætla má að um helmingur hennar sé farinn, þ.e. hruninn en útflött grjótdreif er á kampinum í framhaldi af veggjunum sem enn standa. Innanmál borgarinnar hefur verið um 11 m en veggjaþykkt þess hluta sem uppi stendur er á bilinu 2-3 m og þvermál að utanverðu því allt að 18 m. Hleðslan er með stalli að utanverðu sem er um 80 cm hár en annars er hleðslan, ef staðið er inni í borginni, allt að 2 m há. Hugsanlega hefur stallurinn átt að gera hleðsluna traustari en hún er úr fremur ávölu fjörugrjóti og því hætt við hruni. Hleðslur sem eftir eru standa vel þótt skarð sé í á einum stað að



Mynd 133. Fjárborgir 017, horft til austurs.



norðvestan. Mikið er af smáu grjóti í ytra byrði vesturveggja og hallar honum í fláa út á við. Borg B er um 10 m vestar og er verr farin. Hleðslur eru ógrónar úr grjóti eingöngu, mest um 1,2 m á hæð austast. Innanmál borgarinnar hefur verið um 9-10 m. Austurveggur stendur best en suðurveggur er með öllu horfinn. Norður- og norðvesturhluti eru alveg hrundir. Fast vestan við borgirnar liggur sjóvarnargarður 012 í L, fyrst til norðurs og svo beygir útskotið til vesturs. Hann er stæðilegur (allt að 1,2 m hár) og vel hlaðinn á kafla næst borginni. Alls er svæðið sem nú hefur verið lýst um 40 x 15 m stórt og snýr austur-vestur.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Nes, 2

ÁR-549:018 *Skökk* heimild lendingu 63°49.376N 21°39.727V

"Bæði Leðrin áttu ítak í fjöru, þar sem heitir Leðurbót, austan við túngarðsendann fram af Flaginu. Vestan við Leðurbót taka við klappir í fjörunni, kallaðar Nesklappir. Í þeim er vör, sem heitir Skökk, því að þar fellur sjór skakkt inn á flæði," segir í örnefnaskrá. Að líkindum hefur Skökk verið hér um bil beint niður af austurenda túngarðs 008, um 280 m suðaustur af bæjarhól 001.

Náttúruleg vör, um 20 m breið milli tveggja hleina.

Ekkert manngert er sjáanlegt á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Nes, 2

ÁR-549:019 *Nesvör* heimild lendingu 63°49.435N 21°40.154V

"Vestan [Nes]klappanna er Nesvör, u.þ.b. niður af bænum, einnig nefnd Austur-vogsvör. Heldur var Nesvörin stirð, og voru settir stokkar milli klappanna til að þurfa ekki að hafa laus tré til að setja bátana," segir í örnefnalýsingu. Vörin er hér um bil 60-70 m SSV af bæ 001, neðan og suðvestan við fjárhús og rétt 011.

Klettar og klappir ganga fram í sjó.

Engar mannvirkjaleifar sjást við vörina og ekki ljóst hvar nákvæmlega hefur verið lent.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Nes, 2

ÁR-549:020 *Þvottapyttur* heimild þvottastaður 63°49.437N 21°40.156V

"Þvottaklöpp er vestan Nesvarar, og í henni er Þvottapyttur eða Tíkarpyttur. Þar er uppspretta við sjóinn, gott vatn, og þar var þvegið," segir í örnefnalýsingu. Greinileg klöpp sem kemur heim og saman við lýsinguna er vestan Nesvarar 019, innan við 100 m suðvestur af bæjarhól 001.

Klöpp sem er hærri en umhverfið í fjörunni, laus við þarabunka sem annars skreyta fjöruna í kring.

Pollar eru víða í fjörunni, til dæmis vestan undir klöppinni en enginn lækur sjáanlegur og ekki tókst að finna ferskvatn í neinum pytti. Sjór hlýtur að flæða yfir flesta eða alla pyttina á flóði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Nes, 2

ÁR-549:021 gata traðir 63°49.509N 21°40.056V

Traðir lágu að bæjarhólnum í Nesi 001 úr norðri. Enn mótar þokkalega fyrir þeim út frá vegarslóða sem liggur um Nestún.

Grasi vaxið en sandborið tún.

Traðaleifarnar sjást vel eins og niðurgrafin gata eða renna, 1-2 m breið, en ekki er að sjá að traðarveggir hafi verið mikið upphlaðnir. Þær eru ekki þráðbeinar, sjást á rúmlega 100 m kafla.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-549:022 *Snjóhús/Snjóthús/Snjólfshús* þúst bústaður 63°49.320N 21°39.261V

Í máldaga kirkjunnar í Nesi 1491-1518 segir: "Kirkian j nese j Sevoge a Snothus viijc...." Í örnefnalýsingu segir: "Austast á kampinum var bær, sem hét Snjóhús. Bær þessi var kominn í eyði löngu fyrir minni Eyþórs. Þegar hann man eftir, voru öll hús fallin, en kálgarðar voru í tóftunum, kallaðir Halldórsgarðar." Talin meðal eyðihjáleiga í Neshverfi 1840 í sóknarlýsingu. Í neðanmálsgrein í Jarðabók Johnsen er vísað í Jarðabók Árna og Páls um dýrleika Snjóthúsa en jafnramt segir um bæinn: "...sem þegar 1803 hlýtur að hafa verið í eyði." Eini staðurinn sem virðist koma til greina sem Snjóhús er um 150 m vestan við Selvogsvita núverandi og um 700 m austur af bæjarhólnum í Nesi 001 en þar sést þústarhóll.



Mynd 134. Snjóhús 022, horft til suðausturs.

Á sjávarkampi. Grjót gengur yfir hólinn og allt um kring. Engar leifar sjást af túnstæði í kring heldur er jarðvegur nánast enginn, berar klappir og flög.

Lítill hóll en greinilegur og grænni en umhverfið. Hann er alls um 20 m í þvermál, óreglulegur og hallar dálítið mót vestri, mest um 1,5 m hár en víðast hvar er hann þó lægri. Smástallur gengur út úr hólnum til austurs, um 15 x 8 m stór frá norðri til suðurs, flatur og lægri en hóllinn, gæti veri kálgarður. Norðurbrúnin á honum er upphlaðin með fjörugrjóti sem og kanturinn á hólnum í framhaldi til norðurs og norðvesturs. Annar hugsanlegur stallur gæti hafa verið vestan til í hólnum. Þetta eru líkast til kálgarðarnir, Halldórsgarðar, sem hafa verið í notkun löngu eftir að byggðin lagðist af.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: DI VII, bls. 48; Ö-Nes, 4; SSÁ, 221; JJ, 76

ÁR-549:023 *Snjóthúsavarða* varða samgöngubót 63°49.211N 21°39.136V

Í Frásögum um fornaldarleifar 1821 segir: "Máské mætti telia Meniar-Fornaldar: Sýnishorn af þeim stóra Vördslu gardi, úr Hlídar-Vatni, allt framm ad Strönd og einlægum Túngardi þadan [sjá 027] , austur ad Snióthúsa vördu, fyrir öllum Túnum sveitarinnar ...". Í örnefnalýsingu segir: "Þar sem vitinn stendur, ganga klappir fram í sjó, og heitir þar Snjóhúsavarða. (Í skrá G.S. er ýmsar myndir nafnsins tilfærðar: Snjóthús-, Snóthús-, Snjóhús-, Snjóshús- og Snjólfshúsavarða. Eyþór man eftir vörðunni þarna; á henni var sundmerki." Snjóhúsavarða hefur, eftir því sem næst verður komist, staðið á sömu slóðum og gamli vitinn 024, jafnvel á sama stað. Á gömlu risskorti sem fylgir örnefnalýsingu er hún sýnd einmitt þar.

Klappir ganga í sjó fram.

Ekkert sést eftir af vörðunni og væntanlega hefur hún þurft að víkja þegar vitinn var reistur árið 1919.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: FF, 228; Ö-Nes, 4

ÁR-549:024 *Selvogsviti* mannvirki viti 63°49.205N 21°39.132V

"Selvogsviti var reistur fyrst framarlega á klöppunum, en síðar færður ofar, þangað sem hann stendur nú. Eldri vitinn var stálgrindarviti, en nýi vitinn er steyptur," segir í örnefnalýsingu. Á heimasíðu sveitarfélagsins Ölfuss segir: "Selvogsviti var byggður árið 1919 og endurbyggður árið 1931. Ljóshæð yfir sjó er 20 m. Árið 1919 var 15 metra há járngrind reist á Selvogstanga. Á hana var látið 3,3 metra hátt ljóshús og 200°díoptrísk1000 mm linsa og gas-ljóstæki. Inn á milli hornstoða grindarinnar var komið fyrir steinsteyptri gashylkjageymslu en efst undir svölum var skýli utan um stiga upp í ljóshúsið. Vitinn var sömu gerðar og Stokksnesviti sem reistur var árið 1922. En eftir aðeins rúm 10 ár var vitinn orðinn svo ryðbrunninn að nauðsynlegt reyndist að byggja nýjan vita. Árið 1930 var byggður 15,8 m hár vitaturn úr steinsteypu. Ári síðar voru sett á hann ljóshús, linsa og gasljóstæki járngrindarvitans og hinn nýi Selvogsviti tekinn í notkun. Árið 1987 voru veggir ljóshúss endurnýjaðir. Vitinn var raflýstur ári síðar og settur á hann radarsvari." Nú er ljós látið loga á vitanum af



Mynd 135. Selvogsviti 024, horft til suðurs.

öryggisástæðum en radíósendir efst á honum er þó það sem mestu máli skiptir nú orðið." Enn sjást leifar af gamla vitanum á klöppum sem ganga fram í sjó um 100 m suður af núverandi vita. Hann á enn örfá á eftir til að teljast lagalega séð til fornleifa (þar sem miðað er við minjar 100 ára og eldri) en leifarnar eru þó sérstæðar og merkilegar og því teknar með á fornleifaskrá.
Gróðurlausar, ósléttar hraunklappir.
Á klöppunum sést steypt plata, 20-30 cm þykk, ofan á grjóthnullungum. Hún er illa farin og töluvert brotið af. Mikið er af grjóti í steypunni en platan er alls um 3 x 2,5 m stór frá austri til vesturs. Við hana eru steyptir stöplar, þrír að austan, tveir að vestan og járnfleygur í þeim stöplum fjórum sem næstir eru hornunum sem líklegt er að horn stálgrindavitans hafi verið boltuð í.

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Nes, 4; http://www.olfus.is/gestir-og-gangandi/ahugaverdir- stadir/selvogsviti/, sótt 06.02.2013

ÁR-549:025 mannabein legstaður
Samkvæmt Þórði Sveinssyni fundust mögulegar leifar af dys vestan við Kvennagönguhól á árunum fyrir 1940. Fornagata 101 lá um á þessum slóðum. Á staðnum fundust mannabein og hnappar, líklega úr kopar. Á heimasíðu FERLIS er eftirfarandi haft eftir Þórði: "Þórður sagðist hafa hafst við í tjaldi þegar hann var yngri skammt vestan við Kvennagönguhóla [sjá 031] ásamt föður sínum og bróður. Þá hefðu þeir fundið tölur eða hnappa, sem taldar voru hafa komið upp úr dys í örfoka landi. Nú hefði sandurinn lagst yfir moldarflagið og hulið dysina. Hann vissi nokkurn veginn hvar hún væri. Hnapparnir væru enn til." Ekki var farið á staðinn sumarið 2013, enda ekki vitað nákvæmlega hvar þetta var. Þetta er þó væntanlega uppi á háheiðinni, suðaustan við Hnúka og sunnan við veginn um heiðina sem nú er nýaflagður eftir að hinn nýi Suðurstrandarvegur var tekinn í notkun.
Miklar sandöldur eru á þessum slóðum og sumstaðar lyngbörð, land almennt lítið gróið.
Heimildir: http://www.ferlir.is/?id=5992

ÁR-549:026 *Vörðubakkar* heimild
"Fyrir ofan vita [Selvogsvita] voru áður Vörðubakkar. Þar voru gömul tún, sem höfðu blásið upp; var þar áður fyrr býli [081]. Bakkar þessir eru nú horfnir," segir í örnefnalýsingu. Bakkarnir hafa væntanlega verið norður af vita en ekki er vitað hversu langt.
Á þeim slóðum er nú lítt gróið, sandfyllt hraun.
Þar sjást engar vörður og eins víst að bakkarnir hafi verið kenndir við Snjóhúsavörðuna 023.
Heimildir: Ö-Nes, 4

ÁR-549:027 garðlag varnargarður 63°49.346N 21°38.951V
Í Frásögum um fornaldarleifar 1821 segir: "Máske mætti telia Meniar-Fornaldar: Sýnishorn af þeim stóra Vórdslu Gardi, úr Hlídar-Vatni, alt framm ad Stróndog einlægum Túngardi þadan, austur ad Snióthúsa Vórdu, fyrir óllum Túnum sveitarinar/ sem óll skyldu þá hafa samfóst verid/ med læstu Hlidi ad Lógbýli hvóriu; - Eignad er verk þetta Erlendi Þorvardssyni sem Hér var Lógmadur sunnan og Austan, frá 1520, til 1554; bió léngi sin efri ár ad Stróndí Selvogi og Deidi þar 1576." "Efst í Flaginu mótar fyrir hinu forna garðlagi, sem lá fyrir ofan alla byggðina. Eystri garðsendinn lá í sjó fram austan við vitann," segir í örnefnalýsingu Ness. Í heimildum er algengt að talið sé að hið forna garðlag hafi verið eitt og óskipt en nú er ljóst að svo var ekki. Líklegt er að þessi garður hafi legið til austurs frá túngarðinum um Nestún 008, annaðhvort frá norðausturhorni hans eða kannski eilítið sunnar. Garðlagi á þessum slóðum er lýst í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903: "Aðalgarður lá fyrir ofan alla bæi í Selvogi, frá Hlíðarvatni fyrir ofan Vogsósa í landsuður að Stórhól, og aftur í austur frá Stórhól austur fyrir Nes. Sést hann enn glöggt víðast hvar. Fyrir austan Nes sér þó ekki garð austar en nú er túngarðurinn. ...án efa hefir aðalgarðurinn legið fyrir austan Snjólfshús. En hann hefir líklegast verið

færður þangað sem hann er nú, eftir að þau voru komin í eyði, og þá byggður aftur úr sama grjótinu, en sandur hulið það, sem eftir kann að hafa orðið."
Nú eru blásin flög og sandfyllt hraun norðan og austan við túnið í Nesi. Sandfok setur mjög svip sinn á landslagið.
Gengið var býsna rækilega um svæðið, bæði austan túns og austan við vitann. Það eina sem fannst eru sokknar hleðsluleifar sem koma ágætlega saman við lýsinguna en líta þó frekar út eins og girðingarundirstaða og hafa í það minnsta síðast gegnt því hlutverki. Víðast hvar er þetta einföld hleðsla en sumstaðar grjótdreif á kafi í sandi. Frekari könnun þyrfti til að ganga úr skugga um hvort hér gætu verið leifar af fornum garði undir. Byrjað var að rekja hleðsluna um 110 m suðaustan við NA-túngarðshornið og þaðan var henni fylgt um 630 m til austurs. Hún er þráðbein.



Mynd 136. Garðlag 027, horft til austurs.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: FF, bls. 228; Ö-Nes, 4; Brynjúlfur Jónsson 1903, bls. 51-52

ÁR-549:028 varða samgöngubót 63°50.158N 21°31.803V
"Alllangt austar er Háaleiti, þar sem bergið er hæst. Á því var varða, sem lengi vel var haldið við af sjómönnum úr Þorlákshöfn. Varðan var höfð fyrir mið," segir í örnefnalýsingu. Háaleiti er um 7 km austur af bænum í Nesi 001. Þangað liggur vegarslóði frá Þorlákshöfn. Háaleiti er sunnan við hann rétt um það leyti sem hann endar. Hraunklappir við sjó og þverhnípt fram af, þó ekki mjög hátt. Háaleiti gnæfir ekki yfir umhverfið en ef staðið er uppi á klettunum sést þó að þetta er hæsti punktur á stóru svæði.
Tvær vörður eru utan í Háaleiti, ein að norðvestan og önnur að norðaustan, þar sem leitið er tekið að lækka. Þær virðast klárlega hluti af vörðuðu leiðinni milli Þorlákshafnar og Selvogs (sjá 046) og ekki sennilegt að þær hafi verið sérlega áberandi frá sjó. Sennilega hefur varðan sem hér um ræðir verið uppi á leitinu en þar sjást nú engar hleðsluleifar. Þar er gamalt bílflak, nú varla meira en stýri, dekk og ryðbútar, sem hlaðið hefur verið utan um. Það var á sínum tíma haft fyrir skotbyrgi. Mikið er af lausagrjóti allt í kring - varðan gæti hafa farið í sjóinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nes, 7

ÁR-549:029 heimild stekkur 63°49.353N 21°39.168V
"Upp af vitanum er Klofhóll, sprunginn klapparhóll. Sést fyrir hleðslu við hólinn, sem gæti verið leifar af stekk eða kvíum, e.t.v frá Snjóhúsum [022]," segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er um 100 m beint upp eða NNV af vitanum, 760 m austur af bæjarhól 001. Bungumyndaður hraunhóll og er sprunga eftir honum frá austri til vesturs.
Engar hleðslur sjást nú við hólinn en nefna má að austasti hluti sprungunnar er gott aðhald frá náttúrunnar hendi. Hún er dýpst þar sem hún tekur að sveigja til suðausturs. Þetta hefði verið kjörinn staður fyrir skepnuaðhald þótt ekki sjáist glögg merki um neitt manngert.



Mynd 137. Klofhóll, horft til austurs.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nes, 5

ÁR-549:030 varða óþekkt 63°51.427N 21°35.224V




Mynd 138. Varða 030, horft til suðvesturs.

Vörðubrot er uppi á Hellisþúfu, fast norðan við bæjarrústir 033.
Hellisþúfa er kúptur og áberandi, stakstæður hraunhóll með hundaþúfu í kolli.
Talsvert mikið gróið vörðubrot. Í því er gróft grjót og stórgert og er brotið um 1,5 m í þvermál og 0,5 m hátt. Á einum steininum er lítið málmskilti, fastur punktur frá Landmælingum Íslands. Ekki er vitað um tilgang vörðunnar.
Hættumat: engin hætta

ÁR-549:031 *Kvennagönguhóll* náttúrumin leið 63°52.089N 21°32.275V
"Suður frá þjóðveginum liggja Suðurslakkar, allt að Kvennagönguhól, sem er grasi gróinn hraunhóll. Um nafnið Kvennagönguhóll eru ýmsar sagnir, sem Gísli Sigurðsson tilfærir í sinni skrá, og kannast Eyþór við þær allar:
1. Í kaþólskri tíð var kross einn mikill í landi Kaldaðarness. Konur í Selvogi gengu þá oft á hól þennan, horfðu til krossins og gerðu bæn sína.
2. Mikið útræði var í Selvogi. Þar gerði oft þau veður, að ekki var lendandi. Var þá hleypt austur í Þorlákshöfn. Tækist lendingin vel, var veifa dregin á stöng. Fóru konur úr Selvoginum á Kvennagönguhól að sjá, hvort veifa væri á lofti og menn þeirra lentir heilu og höldnu.
3. Í fyrndinni bjó tröllkona í hólnum. Hún reri nökkva sínum úr Keflavík undir bjargi. Aflann bar hún heim og gerði að honum á Kvennagönguhólaflöt. Ekki hefur annað heyrzt, en hún hafi verið Selvogsingum góður nágranni.
Stundum eru Hnúkarnir ranglega kallaðir Kvennagönguhólar, en þeir (þ. e. Hnúkarnir) sjást vel austan úr sveitum," segir í örnefnaskrá. Í Frásögnum af fornaldarleifum segir: "Kvenna-Gaungu-Hólar á Selvogs-Heidi í Árness Sýsslu þángad géngu í Papiskri Óld, aldradar og veikar Kvennpersónur úr Selvogi, til ad festa sión á Krossmarki þvi, sem upp var Fest á Kaldadar-Ness-Kyrkiu, og þókti sér batna ef séd féngu; Hólarner eru 2, skaparans, enn ei Manna verk." Uppi á Kvennagönguhól er varða, um 800 m suður frá Nesseli 032.
Hálfgrónir grjóthólar og hryggir. Í norðri og vestri er vel gróið hraun en í suðri sandar og hraun.
Hóllinn er stærsti grjóthóllinn á svæðinu og er áberandi með vörðu á toppnum. Varðan er myndarleg og sennilega ekki mjög gömul nema kannski að stofni til. Hún er um 1,2 m á hæð og er um 1 m í þvermál. Steinar eru ekki skófsettir að ráði.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Nes, 6-7; FF, 227; Sjá einnig ÞJÁ II, 56.

ÁR-549:032 *Nessel* tóftir sel 63°52.523N 21°32.253V
"Spölkorn fyrir ofan Kvennagönguhól eru aðrir hraunhólar og kringum þá grösugar flatir. Þarna var Nessel, og sést enn fyrir tóftum þess. Selið er innan sandgræðslugirðingarinnar. Nú hafa verið reist fjárhús á móti selinu (ofan vegar, í Austurlökkum)," segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1706 segir um sel frá Nesi (og er líklega átt við sama stað): "Selstaða vatnslaus sem áður segir um Snjóthús." Ef farið er eftir Krýsuvíkurvegi um 1,7 km til suðvesturs frá pípuhliðinu á mörkum Ölfuss- og Selvogshrepps og þá beygt vinkilrétt til suðausturs og farið um 180 m út af veginum, er komið að Nesseli.
Umhverfis er vel gróið hraun, mikill mosa og lyngivöxtur. Svæðið umhverfis selið er býsna grösugt. Hraunstrýtur eða klappir standa víða upp úr gróðrinum.




Tóft 032A og 32

Á þessu svæði eru fimm tóftir (032, 032A, 032B, 032C og 032D) á svæði sem er um 60 X 20 m stórt og snýr norður-suður. Tóft 032 er fremur ólöguleg og gæti helgast af því að tóftin hefur verið byggð ofan í nokkurskonar jarðsig eða hraunsprungu. Ekki er ólíklegt að hlaðið hafi verið ofan á hraunstálið til að hækka útveggina á langhliðunum eða að jarðvegsþykknun hafi orðið mikil eftir að hætt var að nota selið. Hraunveggirnir eru hæstir um 0,6 m. Norðan tóftanna er um 2 m hár klettur sem girðir tóftina af að norðanverðu. Tóftasvæðið nær frá klettinum um 16 m til suðsuðausturs og er um 12 m á breidd, á milli hraunveggjanna. Svæðið innan



Mynd 139. Tóft 032 til vinstri og tóft 032A til hægri.

hraunveggjanna er þýft en ekki eiginlegt tóftarlag að sjá utan í suðausturhorninu þar sem er tóft. Sú tóft er einföld, um 6 m NV-SA og um 3 m á breidd. Um 60 m SSV frá Nesseli, 032, er tvískipt tóft, A. Tóftin er mestmegnis hlaðin úr grjóti. Hún er um 12 X 4 m að stærð, snýr A-V á lengdina og er tvískipt. Inngangar eru sennilega á báðuð göflum, þó er sá austari meira áberandi en sá vestari. Aðeins eitt umfar grjóts er víðast hvar í veggjum en 2 - 3 vestast á suðurvegg. Leifar torfveggja sjást vestarlega á norðurvegg, við innganginn austast og austast á suðurvegg. Nokkrir steinar liggja inni í tóftinni. Tóftin er skálalaga- eða bátslaga en það þýðir að hún er breiðust um miðbikið en mjókkar til beggja enda. Hinsvegar eru ekki dyr á langhlið tóftarinnar eins og er yfirleitt á langhúsum eða skálum. Eins er það vísbending um að tóftin sé ekki mjög gömul að grjótið í veggjum er ekki sokkið í svörðinn því jarðvegur er




Tóftir C efst, B neðar og D neðst til vinstri.

töluverður á svæðinu. Grjót liggur N-S fyrir miðju húsi og hefur það sennilega verið milliveggur sem hefur skipt húsinu í 2 rými. Veggurinn er það lélegur að ekki er hægt að segja til um hvort op hafi verið á milli herbergjanna tveggja. Tóftin er harla stekkjarleg þótt staðsetningin virðist býsna einkennileg. Um 30 m SSA austan viðtóft 032 er tóft B. Hún er einföld, um um 5 X 3 m að stærð og snýr NA-SV. Um 1 m suðaustar stendur hraunstrýta upp úr sverði. Suðausturlanghlið tóftar liggur í átt að henni en fjarar út áður en að henni er komið. Op er á tóftinni fyrir miðjum norðvestur langvegg. Ekkert grjót er að sjá í tóftinni og engar innréttingar. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m. Mikill mosi og sina er í tóftinni. Um 30 m suðaustan við 032 er enn önnur tóft sem hér er nefnd 032C til aðgreiningar.Tóftin er byggð norðvestan í hraunklöpp og er um 7,5 x 5 m að stærð og snýr NV-SA. Tóftin virðist hafa verið tvískipt og annað hólfið suðaustar, nær klöppinni. Suðaustara hólfið er ívið stærra en það er eins og innveggir nái ekki útveggja á milli heldur aðeins hálfa leið. Dyraop er í norðvesturhorni. Ekkert grjót er að sjá í hleðslum sem eru hæstar um 0,7 m. Í tóftinni er mikil sina og mosi. Um 30 m sunnan við 032 og um 10 m vestan við tóft 066 er lítil tóft 032D. Tóftin er einföld, um 4 X 3 m að stærð og snýr NA-SV. Op er á tóftinni til NV. Ekkert grjót er að sjá í tóftinni en mikil sina og mosi. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Nes, 7; JÁM II, 444

ÁR-549:033 *Hellisþúfa* bæjarhóll bústaður 63°51.417N 21°35.197V



"Hellisþúfa er hraunhóll mikill í vestur frá Háaleiti og í honum Hellisþúfuhellir. Í hellinum var eitt sinn búið, og er einhver hleðsla úti fyrir. Sá mun hafa heitið Gísli, er þarna bjó," segir í örnefnalýsingu. Í ritinu Frjálsri þjóð þann 9. janúar 1960 segir frá Gísla búmanni sem helst var þekktur fyrir að reisa bæi sína fjarri alfaraleiðum. Meðal annars byggði hann fyrstur bæ austan í Hestfjalli í Grímsnesi sem við hann var kenndur og nefndist Gíslastaðir. Áður en hann kom þangað reisti hann bæ við Hellisþúfu, en áður hafði hann búið austur í Skaftafellssýslu. Þetta mun hafa verið 1847 eftir því sem næst verður komist en 1849 flytur Gísli austur í Grímsnes svo að ekki hefur búsetan verið langvinn. Orðrétt segir: Á dálitlum hnjótum á Selvogsheiði, mitt í gráu hrauni, var látið staðar numið. Þar var skýlum hrófað upp og hafizt handa um búskap. Og það var ekkert fámenni, sem ætlaði sér að lifa af stráunum, sem uxu þarna innan um hraungrýtið. Gísli búmann hafði þegar á fyrsta ári níu manns í heimili. Þetta undarlega nýbýli var ýmist nefnt Hellisþúfa eða Heiði." Hellisþúfa er vel sýnileg frá



Mynd 140. Til vinstri er hellisop 033 en til hægri sést heygarður/kálgarður þar við.

gamla þjóðveginum um Selvogsheiði. Hún er við suðausturendann á túni sem hefur verið ræktað upp við heiðarætur. Þetta er um 5,5 km norðaustur af bæjarhól í Nesi, sjá 001.
Áberandi hraunhóll, bungumyndaður og stakstæður með hundaþúfu ofan á. Stórt, ræktað tún sem nú er óslegið er norðvestan við hólinn.
Hellirinn sjálfur er raunar ekki í Hellisþúfunni heldur í litlum hól sem er fast suðaustan undir henni. Hellisopið er lágt og lítið áberandi, snýr móti vestri eða norðvestri. Framan við það er greinilega rústahóll, væntanlega leifar af bæ Gísla búmanns. Hóllinn er bungumyndaður og greinilegur og verða að teljast býsna miklar leifar eftir svo skamma búsetu, en hún varði aðeins í um 2 ár ef marka má frásögnina sem vitnað var til hér að framan.
Alls er hóllinn um 25 x 13 m stór og snýr austur-vestur. Hóllinn er hátt í 2 m hár þar sem mest er. Framhliðin hefur væntanlega snúið mót suðri. Þar, austan til í hólnum, mótar fyrir tveimur grunnum hólfum sem bæði virðast hafa opnast til suðurs. Það stærra er austar, um 5 x 3 m stórt frá norðri til suðurs en hitt er fast vestan við og heldur minna, um 3 x 2 m stórt og snýr eins. Á vesturendanum mótar fyrir lítilli þúst sem gætu verið tóftaleifar, 3-4 m í þvermál. Bakatil, norðanundir hólnum er hólf sem líkist kálgarði, um 10 x 7 m stórt frá austri til vesturs og rís mun lægra en hóllinn. Hugsanlegt er einnig að þetta sé heygarður, enda eru kálgarðar oftar mót suðri. Sú er einmitt líka raunin hér, kálgarður er sunnan við hólinn en hleðslur í honum fremur óljósar. Í honum miðjum stendur staur, hluti af raflínu sem liggur þarna austur alla heiði. Kálgarðurinn hefur verið um 22 x 18 m stór frá austri til vesturs en hleðslan sem umlykur hann er lítil um sig og lág, varla nema 0,3 m víðast hvar, líklega úr torfi. Þess má geta að allt svæðið er vel gróið og hvergi bitið af skepnum, þar sést lítið sem ekkert í grjót. Alls er því svæðið sem hér hefur verið lýst um 35 x 35 m stórt að hellinum meðtöldum. Ekki var skreiðst niður í hann en í fljótu bragði sjást ekki hleðslur, í það minnsta ekki fyrir hellisopinu. Sennilegt er að hann hafi verið hafður fyrir skepnur eða jafnvel sem geymsla. Samkvæmt handriti Konráðs Bjarnasonar var Hellisþúfa vinsæll áningarstaður.



Mynd 141. Óljós tóft 033, horft til suðvesturs.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nes, 7; "Sagan af Gísla Búmanni", bls. 4-6; Konráð Bjarnason 1993, 4

ÁR-549:034 garðlag túngarður 63°51.387N 21°35.357V
Stórt og mikið tún sem nú virðist ekki lengur slegið er norðan og norðvestan við Hellisþúfu 033. Meðfram því að sunnanverðu sjást leifar af grjótgarði.
Túnið er hátt upp í heiðarrótum, meðfram því að norðanverðu liggur gamli þjóðvegurinn austur heiðina.
Leifar af grjótgarðinum sjást meðfram suðausturlanghlið túnsins. Þetta er ógróin grjótdreif sem líklega hefur verið ýtt út, um 2 m breið og sést á a.m.k. 15-20 m kafla. Hún gæti verið sýnileg lengra til vesturs með túninu. Hafi grjótgarður girt túnið vekur það upp grun um að það hafi upphaflega verið ræktað áður en nútímalegra girðingarefni kom til sögunnar, jafnvel í tengslum við byggð við Hellisþúfu, sjá 033.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mynd 142. Garðlag 034, horft til suðvesturs.

ÁR-549:035 þúst óþekkt 63°51.376N 21°35.337V
Grjótdreif, líklega af mannavöldum, er á lágum hraunhól rúma 100 m vestur af rústum hjá Hellisþúfu, sjá 033.
Lágur hóll og lítill um sig skammt sunnan við nýræktartún.
Ekkert lag eða eiginlegar hleðslur eru sjáalegar. Suðvestast er líkt og vörðubrot úr smáu grjóti, um 0,5 m í þvermál og á hólnum líkt og grjótdreif næstum í hring, um 5 m í þvermál. Ekki er víst að grjótdreifin sé leifar af

mannvirki - hugsanlegt að grjót hafi verið tínt úr túninu og sett á þennan stað.
Hættumat: engin hætta

ÁR-549:036 *Fótalaus* áletrun landamerki 63°51.435N 21°36.669V
"Mörkin milli Ness og Bjarnastaða eru austan í [Stóra-Hásteini]. Þar við hann er klöpp, sem kölluð er Fótalaus, og var merki klappað í hana. Ókunnugt er um tildrög þessa nafns," segir í örnefnalýsingu. Hásteinar eru skammt norðan við gamla þjóðveginn, um 4 km NNA af bæjarhól 001. Sunnan í Hásteinum er gamall og hrörlegur sumarbústaður sem hægt er að aka upp að.
Há hæð, að mestu gróin, með áberandi, jarðföstum klettum í toppi.



Mynd 143. Varða 036, horft til norðvesturs.

Áletrunin fannst ekki í fyrstu tilraun. Varða er hinsvegar á merkjum, á klöpp eða lágum klettahól sem er eiginlega klofinn í tvennt austan við hæsta Hásteininn. Hún er ekki mikil um sig, 4-5 umför af hleðslum sem ná um 1,5 m hæð að klettinum meðtöldum. Steinarnir eru býsna mosavaxnir. Girðingarstaur stendur upp úr vörðubrotinu og hleðsluleifar undan girðingu, sem hefur þá verið á merkjum milli bæjanna tveggja, sjást í framhaldinu til suðurs. Ferlismönnum hefur tekist að finna áletrunina. Á heimasíðu þeirra segir: "Haldið var í Selvog. Staðnæmst var við Bjarnastaðasel. Einn FERLIRsfélaga hafði greinilega unnið heimavinnuna sína og rætt við heimamenn. Hann gekk rakleiðis að klöppinni Fótalaus suðaustan selsins og benti á stafina "LM", sem klappaðir voru þar. Upp úr klöppinni stendur landamerkjahornstaur bæjanna Ness og Bjarnastaða. Áletrunarinnar er getið í gömlum heimildum, en erfiðlega hefur gengið að finna hana þangað til nú."
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nes, 7; http://www.ferlir.is/?id=3858

ÁR-549:037 *Smalaskáli* heimild bústaður
"Aftur er farið niður undir Strákhæðir. Norður af þeim er Smalaskáli á Heimasandi. Þar var einhver hleðsla. Var talið, að þar hafði einhvern tíma verið búið," segir í örnefnalýsingu. Nú er ekki hægt að staðsetja Smalaskála svo vel sé, enda er allur sandurinn blásinn og gróðurlítill og öldur hafa færst til og frá. Strákhæðir ættu að vera nokkuð vel þekktar, enda eru þær í örnefnalýsingu Ness (bls. 5) sagðar beint fram af Hvítasandshól. Þær eru því um 2,6 km austur af bæ 001. Smalaskáli ætti að vera þar norður af en ekki tókst að staðfesta það á vettvangi.
Heimildir: Ö-Nes, 8

ÁR-549:038 *Dómhæð* örnefni þingstaður
"Vestur af Taðhól er Dómhæð. Sagt var, að þar hefðu farið fram dómar," segir í örnefnalýsingu. Taðhóll ætti að vera enn norðar en Smalaskáli 037 skv. örnefnalýsingu og því mætti giska á að hann hafi verið á bilinu 2,5-3 km norðaustur eða ANA af bæ. Ekki tókst að staðsetja hann á vettvangi. Land á þessum slóðum er allt á kafi í sandi.
Heimildir: Ö-Nes, 8

ÁR-549:039 heimild leið 63°49.633N 21°39.762V
"Frá túngarðshliði að austan lá gata upp í heiðina, upp hjá Víghólsrétt [043], upp á Klakksflatir. Tvær smávörður við götuna voru kallaðar Ljúf [098] og Leið [099], ekki vitað, hvers vegna. Ofar er klöpp, sem kallast Beð, og á henni Beðvarða [100]." Væntanlega hefur þessi gata legið út um túngarðshlið að austan og sveigt þaðan upp til norðurs. Ekki sá greinilega fyrir götu á vettvangi. Um Klakksflatir segir annars í sömu örnefnalýsingu: "Niður frá Hellisþúfu [sjá 033] er Klakkur, strýtumyndaður hóll, og í kringum hann Klakksflatir...."
Sennilega lá þessi leið áfram, um Kvennagönguhól (031) og áfram á bæi vestar í Ölfusi.

Heimildir: Ö-Nes, 7-8

ÁR-549:040 hleðsla rétt 63°51.173N 21°36.828V
Gamli þjóðvegurinn um Selvogsheiði liggur milli tveggja áberandi hóla um 500 m suðvestur af Hásteinum, sjá 036. Þar eru leifar af rétt, sem vegurinn hefur reyndar skemmt að stóru leyti. Um þessa rétt segir á heimasíðu FERLIS: "Útlit og stærð réttarinnar sést enn vel og hleðslur marka lögun hennar. Að sögn Þórðar [Sveinssonar frá Bjargi í Selvogi] var þessi rétt hlaðin af Þórðarkotsmönnum eftir 1950. Hún var notuð fyrir rúning og flutning á fé með bílum." Þótt réttin teljist ekki til fornleifa skv. lögum, enda ekki orðin 100 ára, er hún talin hér með, enda svipar henni mjög til eldri mannvirkja á þessum slóðum og hlaðin eftir gamalli hefð.
Á þessum stað liggur gamli þjóðvegurinn milli tveggja hóla. Sá nyrðri er hærri og strýtumyndaðri, með hundaþúfu á kolli.



Mynd 144. Til hægri sést norðurhluti réttarinnar en til vinsti sést vesturhlutinn.

Ekki ber mikið á leifunum af réttinni, enda eru flestar hleðslur einungis eitt umfar af stóru grjóti og rísa því lágt. Leifarnar eru nokkuð torræðar, þ.e. erfitt að gera sér í hugarlund nákvæmlega hvernig mannvirkið hefur litið út en þó virðist hér hafa verið í meginatriðum tvö fremur stór réttarhólf og svo hugsanlega smærri hólf samhlaðin þeim vestast. Meiri leifar sjást af réttinni sunnan vegar en norðan en hér hefst lýsingin að norðanverðu. Þar sést tæplega 10 m löng hleðsla liggja út frá hólnum til norðurs en fjarar þar út. Hún hefur að líkindum sveigt til suðurs eða suðausturs því hleðslur eru í framhaldinu þar sunnan vegarins. Þar er fyrst að nefna hleðslu sem liggur hér um bil samhliða þjóðveginum og hefur líklega markað suðurhlið sama hólfs og sú sem er norðan vegar og er það hólf hér nefnt A. Það gæti þá hafa verið rúmir 20 m í þvermál á báða kanta. Sunnan við það markar fyrir öðru, samhliða hólfi, B, en austurhlið þess er ekki sjáanleg. Þetta hólf er rúmlega 15 m langt og snýr austur-vestur, mjóst vestast (um 12 m) en breikkar til vesturs og er þar um 20 m breitt. Fast vestan við þetta hólf er dálítill hóll en utan í honum er hleðsla sem liggur um 5 m til vesturs en sveigir þá um 90° til norðurs rúma 5 m til viðbótar. Þar er hólf C sambyggt hleðslunni að utanverðu, þ.e. að vestan, og líkist litlum dilk, um 6 x 4 m stór og snýr austur-vestur. Op er að vestanverðu en ekki ljóst hvort það er tilkomið vegna rasks. Alls eru þessar minjar á svæði sem er um 45 x 40 m stórt og snýr norður-suður. Að lokum má geta þess að fast sunnan við vestanverða réttina er lítil, hringlaga hleðsla sem er tæpur 1 m í þvermál, aðeins eitt umfar af stóru grjóti. Gæti verið seinni tíma hleðsla.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: http://www.ferlir.is/?id=4143

ÁR-549:041 *Lambastekkur* heimild stekkur
"Vestur og upp af Grænaskjóli [066] eru Lambastekkshólar og Lambastekkur þar hjá," segir í örnefnalýsingu. Ekki tókst að hafa upp á Lambastekk - Grænaskjól fannst ekki heldur.
Allt land á þessu svæði er mikið breytt frá því sem áður var, sandöldur og rofabörð á gríðarstóru flæmi.
Heimildir: Ö-Nes, 8

ÁR-549:042 *Nesstekkur* tóft stekkur 63°50.607N 21°38.688V
"Nesstekkur var vestan við Víghólsrétt [043], en hún er austan við Stóruvörðu [ÁR-554:021], sem er ofarlega á Bjarnastaðaflötum Nesstekkur er við mörk Ness og Bjarnastaða... Við Nesstekk er Nesstekkatún." Á heimasíðu

Ferlis er sagt frá tóft sem gæti verið Nesstekkur: "Ekki er óvarlegt að ætla að Nesstekkur geti verið tvískipt tóft norðan í Fornugötu [101], örskammt vestan við gatnamótin. Sú tóft hefur ekki verið skýrð og hennar virðist ekki vera getið í örnefnaskrám. Ef þetta er Nesstekkur er hann í Neslandi, svo til alveg við mörkin." Tóft sem virðist koma heim og saman við þessa lýsingu er um 2,4 km NNA af Nesi 001, 200-300 m vestan við gamlan vegarslóða sem Þórður Sveinsson kallar Sandkallaveg, enda farinn af þeim köllum sem sóttu sand í námur. Sá vegur liggur til suðurs frá gamla veginum um Selvog sem nú er nýaflagður.
Sandfylltir hraunhólar og móabörð. Gömul gróðurbunga, nú sandalda með þunnri lyngslæðu, er fast austan við.



Mynd 145. Stekkur 042, horft til norðurs.

Falleg og heilleg grjóthlaðin tóft en hún er heldur ankannaleg þarna í auðninni þar sem varla er stingandi strá. Réttin er ferköntuð og snýr norður-suður, er um 19 x 5,5 m stór. Hún er hlaðin úr hraungrýti og standa veggir sæmilega, suðurgafl þó best, allt að 4-5 umförum og er um 0,6 m hár. Rekið hefur verið inn að norðaustan og þar er aðrekstargarður til austurs í framhaldi af norðurgafli tóftar, allt að 7-8 m langur. Tóftin er hálffull af sandi en norðan við miðbik hennar skín í berar hraunklappir í botni.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Nes, 8; http://www.ferlir.is/?id=6030


ÁR-549:043 *Víghólsrétt* heimild rétt
"Nesstekkur [042] var vestan við Víghólsrétt, en hún er austan við Stóruvörðu [554:021], sem er ofarlega á Bjarnastaðaflötum... Víghólsrétt er við Víghól, sem er svolítil hæð." Stóravarða er enn þekkt en hið sama gildir ekki um Víghólsrétt. Ekki fundust leifar af henni á vettvangi.
Heimildir: Ö-Nes, 8

ÁR-549:044 *Geitafellsrétt* tóft+garðlag rétt 63°54.865N 21°32.374V
"Austur af Hnúkum er komið á svæði, sem einu nafni er kallað Gjárnar eða Á Gjánum. Þetta svæði er milli Hnúka og Geitafells. Um það liggja gjár, sem það dregur nafn sitt af. Þær liggja allar í sömu ár, frá Geitafelli... Vestar og nær Geitafelli er Réttargjá. Við hana var áður fyrr rétt, Geitafellsrétt, austur undir Geitafelli. Það var



Mynd 146. Geitafellsrétt 044, horft til norðausturs. Myndin er af heimasíðu FERLIS.

fyrrum aðalrétt Selvogsmanna og Ölfusinga." Geitafellsrétt er rúma 11,5 km norðaustan við bæ 001 og rúma 800 m suðvestan við tóft 103. Á heimasíðu FERLIS segir: "Geitafellsrétt (Selsvallarétt) er undir Réttargjá þar sem hún rís hæst. Um er að ræða nokkra dilka og almenning. Veggirnir standa nokkuð heillegir. Þegar Geitafellsrétt var aflögð um aldamótin 1900…".
Umhverfis réttina er grasivaxið svæði. Til vesturs rís hamraveggur gjárinnar. Mosavaxið hraun er til austurs.



Réttin er 34x20 m að stærð, snýr norður-suður og er í aflíðandi halla til austurs. Hún skiptist í fimm hólf og aðrekstrargarð. Réttin er sem fyrr segir hlaðin upp við vesturvegg Réttargjár og er grjóthlaðin. Veggirnir eru 0,5-1,2 m á hæð og má sjá 3-5 umför grjóthleðslu í þeim. Lýsingin hefst nyrst, í hólfi 1. Það er 15x7 m að innanmáli og snýr norður-suður. Tvö op eru inn í hólfið, eitt til norðurs inn í hólfið en hitt til suðvesturs, yfir í hólf 2. Réttargjá afmkar hluta af vesturvegg og er bjargið um 10 m hátt. Þetta er líklega almenningurinn. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það afmarkast af hamravegg gjárinnar til vesturs, stórgrýti til austurs en hlaðnir veggir eru til suðurs. Hólfið er þríhyrningslaga, 12x6 m að stærð og snýr norður-suður. Op er sem fyr segir til austurs yfir í hólf 1 og annað til suðurs, yfir í hólf 4. Hólf 3 er sunnan við hólf 1. Það er minnst í réttinni og ekki sér móta fyrir opi þar inn. Hóflið er 7x7 m að stærð og er einnig þríhyrningslaga. Það mjókkar til vesturs. Hólf 4 er sunnan við hólf 2 og 3. Það er 14x8 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á miðri suðurhlið, annað til norðurs, yfir í hólf 2 og hið þriðja til vesturs í hólf 5. Suðurhlið hólfsins er hrunin að mestu. Hólf 5 er vestan við hólf 4. Það er undir klettavegg gjárinnar og inn á milli bjarga sem aþr eru. Hólfið er 4x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Til norðausturs frá hólfi 3 er 35 m langur aðrekstrargarður. Hann er grjóthlaðinn, 1 m á breidd og 0,3-0,6 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nes, 8-9; FERLIR http://www.ferlir.is/?id=14652

ÁR-549:045 *Víghóll* þjóðsaga aftökustaður
Í örnefnalýsingu segir: "Nesstekkur [042] var vestan við Víghólsrétt [043], en hún er austan við Stóruvörðu [Ár-554:021], sem er ofarlega á Bjarnastaðaflötum....Víghólsrétt er við Víghól, sem er svolítil hæð..." Í athugasemdum við skrána segir: "Víghóll: Dómsstaður átti að hafa verið við Víghól og farið þar fram víg eða aftökur. Víghóll er skammt frá Fornugötu [101], hún liggur dálítið ofar en réttin," segir í örnefnalýsingu. Ekki tókst að hafa uppi á Víghól og ekki heldur Víghólsrétt [043].
Allt landslag á þessum slóðum er mikið breytt frá því sem áður var, sandöldur og rofabörð á gríðarstóru svæði.
Heimildir: Ö-Nes, 8; Ö-Nes aths, 1

ÁR-549:046 *Hafnarvegur* gata leið 63°49.566N 21°39.540V



Mynd 147. Varða 046, horft til norðausturs.


Hafnarvegur hét leið sem lá úr Selvogi til Þorlákshafnar. Hann lá til austurs frá norðausturhorni túngarðs í Nesi. Þaðan liggur röð af hlöðnum vörðum. Í örnefnaskrá Þorlákshafnar sem prentuð er í Sögu Þorlákshafnar I segir: " Gata lá frá Þorlákshöfn út í Selvog. Lá hún norðan undir klapparhól, sem ber við loft frá Þorlákshól séð..." Í örnefnalýsingu segir: "Frá Nesi lá Hafnarvegur austur um Sandinn og af honum troðningur niður að vitanum. Varðaður vegur lá alveg austur að Þrívörðum, sem voru fyrir vestan Þorlákshöfn .... Þær munu nú farnar.

Vörðurnar með veginum stóðu þétt, voru 80 faðmar á milli þeirra. Í Þorlákshöfn var verzlun um skeið fyrr á tímum, en lagðist niður." Ekki fæst betur séð en þetta sé sama leið og var skráð í landi Þorlákshafnar árið 2007 og þar nefnd Selvogsgata, sjá Ár-548:074. Sú skráning var gerð næst Þorlákshöfn í tengslum við úttekt á deiliskipulagsreitum og var sá háttur hafður á að lýsa hverri vörðu sérstaklega. Hér er vesturhluta leiðarinnar lýst en ekki gafst tóm til að lýsa vörðum svo nákvæmlega.
Smáhæðótt, sandfyllt en hálfgróið hraun.
Leiðin hefur verið vörðuð og greinilegt að sumar varðanna hafa verið hlaðnar upp fyrir ekki svo löngu síðan. Þær vörður sem næstar eru Nesi eru misjafnlega stæðilegar en engin sérlega fornleg, hlaðnar úr stóru grjóti. Engin slóð sést eða vegur svo vestarlega og mun væntanlega hafa fyllst af sandi. Þessi vegur mun hafa verið vagnfær. Fjarlægð á milli þeirra fimm varða sem næstar eru túngarði var á bilinu 60-130 m. Milli Þorlákshafnar og Selvogs eru um 13 km. Vörður virðast sjást nánast alla leiðina og hafa sennilega margar verið hlaðnar upp í seinni tíð, til dæmis eru vörður utan í Háaleiti 028.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Skúli Helgason 1988, 39; Ö-Nes, 5

ÁR-549:047 þúst óþekkt 63°49.496N 21°40.371V
Hóll, þar sem líklegt er að mannvist leynist undir sverði er skammt upp frá sjó nálægt vesturmerkjum Ness, tæpa 50 m VNV af fjárborg 017B.
Gróin grund, nú utan þess túnparts sem sleginn er í Nesi. Kafagras er á þessum slóðum.
Hóllinn er um 7 x 4 m stór og snýr austur-vestur. Hann er býsna rústalegur en lágur, varla meira en 0,5 m. Engar eiginlegar hleðslur sjást þó á yfirborði og ekkert grjót. 4-5 litlir hólar eru í túninu norðvestar og vestar, á svæði sem er um 50 x 30 m stórt. Erfitt er að segja til með vissu hvort mannvistarleifar gætu leynst í einhverjum þeirra en fyrstgreindi hóllinn er langlíklegastur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Mynd 148. Þúst 047, horft til norðurs.

ÁR-549:048 *Hnúkasel* tóftir sel 63°52.636N 21°34.174V
Tóftir sem á heimasíðu Ferlismanna eru nefndar Hnúkasel eru efst í Selvogsheiði, í svonefndum Hnúkum, áberandi tindum sem þar gnæfa efst á heiðinni. Tóftirnar eru 200-300 metrum vestan við stærstu Hnúkana og þá sem eru næst gamla veginum um heiðina. Þetta er 7-8 km norðaustur af byggðinni í Selvogi. Ekki er vitað til þess að þessara tófta sé getið undir nafni í heimildum og er heitið Hnúkasel líklega nýtt af nálinni.
Lyngi- og mosavaxin heiði. Frá þessum stað er útsýni til norðurs yfir heiðina, síður til austurs og vesturs en alls ekkert niður í Selvog. Enginn lækur eða vatnsból er sjáanlegt í námunda en vatnsstæði er á botni djúprar en gróinnar rásar um 100 m norðvestur af tóftunum.
Á þessum stað er hellir í litlum hól, en auk hans að minnsta kosti þrjár tóftir og óljós smáhleðsla, allt fremur fornlegt að sjá. Alls sjást rústir og aðrar mannvistarleifar á svæði sem er um 25 x 20 m stórt og snýr norður-suður. Hér hefst lýsingin



á hellinum sjálfum, sem er nefndur A. Hann er í hraunhól sem jarðfræðilega telst einn af Hnúkunum. Hóllinn leynir á sér og hellirinn er verulega rúmgóður. Op hans snýr mót austri og þarf að stíga niður í hellinn, gólf hans



Mynd 149. Hellisop 048 A, horft til suðurs og tóft B, horft til austurs.

er um 1 m lægra en yfirborðið utan við hellinn. Hellirinn er vel manngengur og loftið bæði hátt og hvelft, mest 2,5-3 m lofthæð. Hellirinn er um það bil 12 x 6 m stór og snýr austur-vestur, fremur reglulegur en auk þess er smáskúti á vinstri hönd þegar inn er komið. Nokkrar stórar hellur liggja á hellisgólfinu, gætu hafa verið lagðar



Mynd 150. Tóftir C-D til vinstri og tóft E til hægri.

þar en mynda þó ekki augljóst form og gætu raunar hafa fallið úr hellisloftinu sem er hrjúft en sumstaðar eins og brothætt skurn hafi fallið innanúr því. Annars er gólfið moldar- eða taðgólf og ekki miklum mannvistarleifum fyrir að fara þótt einn sauðarleggur hafi fundist á vettvangi. Ekki er að sjá að kindur sæki mikið í hellinn í dag. Lítið op er í hellisþakinu að sunnanverðu og hefur verið ágætis loftgat þótt þar sé ekkert útgengi. Austan við hellisopið er tóft B, sem er á hægri hönd utan í hraunhólnum þegar stigið er út úr hellinum. Hún er sigin og algróin, aðeins sést grjót á stangli á fáeinum stöðum, og enga grænku að sjá í veggjum sem ná mest um 0,2 m hæð. Tóftin er um 7 x 4 m stór en innanmálið um 3 x 1 m norður-suður. Norðurlanghlið hennar liggur langsum utan í hólnum en dyr snúa í suðaustur. Fast utan við dyraopið er reglulegt þýfi áfast tóftinni og hugsanlegt að þar hafi verið lítið hólf, þá rúmir 2 m í þvermál að utanmáli. Tóft C er vestan við hellisopið eða á vinstri hönd þegar komið er upp úr hellinum. Hún er um 5 x 5 m stór, einföld með op til norðurs en suðurgaflinn er byggður upp við hólinn. Veggir eru signir og grónir líkt og í tóft B, mest um 0,2 m háir. Tóft D er 2-3 m beint norður af tóft C. Hún er einföld, um 6 x 4 m stór, snýr norður-suður og snúa dyr í norðurátt. Veggir eru grjótlausir og að mestu hlaupnir í þúfur, mest um 0,3 m háir. Tóft E er vestan undir klettahólnum, 2-3 m suðvestur af tóft C. Þetta er lítið, grjóthlaðið hólf með óverulegum hleðslum, um 4,5 x 2 m stórt og snýr norður-suður, engar dyr sýnilegar. Hleðslur eru alveg hrundar, varla meira en grjótdreif. Að lokum virðist óljós grjóthleðsla liggja frá þessari síðastnefndu tóft, til suðurs um 2-3 m en sveigir síðan til austurs meðfram suðurlanghlið hólsins. Þetta er einföld og gróin steinaröð og ekki allstaðar heilleg eða sannfærandi en gæti hafa myndað aflangt hólf sunnan undir hólnum sem þá hefði verið allt að 12-15 m langt og 4 m breitt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: http://www.ferlir.is/?id=4542

ÁR-549:049 gata leið 63°52.621N 21°34.061V

Miklar götur liggja um Selvogsheiðina þar sem hún rís hæst, fast sunnan undir þeim Hnúk sem er nyrstur og austastur.
Lyngmóaheiði.
Á þessum stað sjást allt að 6-8 samhliða götupaldrar frá norðri til suðurs. Hugsanlegt er að hér sé komin gömul leið í Selvog, mögulega angi úr leið yfir Hellisheiði um Þrengsli þótt ekki hafi gefist tími til að rekja göturnar lengra.
Hættumat: engin hætta



Mynd 151. Leið 049, horft til suðausturs.

ÁR-549:050 *Páls Hjáleiga* heimild bústaður
"Pals Hialeiga, fimta hjáleiga, so kölluð af þeim, er nú býr á, hefur oft skift um nöfn eftir ábúendum," segir í Jarðabók Árna og Páls 1706. Nú er ekki vitað hvar Pálshjáleiga hefur verið.
Heimildir: JÁM II, 447

ÁR-549:051 *Orms Hjáleiga* heimild bústaður
"Orms Hialeiga, sjötta hjáleiga, kend við þá er í búa," segir í Jarðabók Árna og Páls 1706. Nú er ekki vitað hvar Ormshjáleiga hefur verið.
Heimildir: JÁM II, 448


ÁR-549:052 *Stéttarkot* heimild bústaður
"Stiettarkot, sjöunda hjáleiga," segir í Jarðabók Árna og Páls 1706. Nú er ekki vitað hvar Stéttarkot hefur verið.
Heimildir: JÁM II, 448

ÁR-549:053 *Brinkahús* heimild bústaður
"Brinkahús, áttunda hjáleiga, so kölluð eftir þeim er á býr. Bygð innan xl ára og hefur skift nöfnum eftir því sem ábúendur hafa skifst," segir í Jarðabók Árna og Páls 1706. Nú er ekki vitað hvar Brinkahús hafa verið.
Heimildir: JÁM II, 448

ÁR-549:054 *Borgarkot* heimild bústaður
"Borgarkot, níunda hjáleiga, bygð fyrst innan xx ára, þar sem aldrei hafði fyrri býli verið," segir í Jarðabók Árna og Páls 1706. Nú er ekki vitað hvar Borgarkot hefur verið. Þó er ekki ósennilegt og það hafi verið á sömu slóðum og Borgarhóll 088, jafnvel sami hóll - þá beint vestan við Bartakot Ár-552:001.
Heimildir: JÁM II, 449

ÁR-549:055 *Sporakot* heimild bústaður
"Sporakot, tíunda hjáleiga afgömul," segir í Jarðabók Árna og Páls 1706. Nú er ekki vitað hvar Sporakot hefur verið.
Heimildir: JÁM II, 449

ÁR-549:056 tóft rétt 63°50.888N 21°38.750V



Rúst af gamalli rétt er austan undir Strandarhæð, um 130 m norðan við gamla þjóðveginn um Selvog. Þetta er um 2,8 km NNA af bænum í Nesi 001.

Rústin er hlaðin á töluvert uppgrónu hrauni, norðvestan við stórt, hringlaga og algróið jarðfall sem í sjálfu sér hefði verið ágætt aðhald. Norðvestan við réttina eru greinilega leifar af gamalli götu sem var rakin í átt að Strandarhæð. Það mun vera Fornagata, sjá 101.



Mynd 152. Tóft 056, horft til norðausturs.

Grjóthlaðin, einföld rétt sem er næstum því perulaga. Hún er 14 x 10 m stór en mjókkar til norðurs og er um 7 m breið nyrst. Þar ganga hleðslur út frá báðum hornunum, annars vegar um 5 m til norðvesturs og hins vegar um 10 m til norðausturs. Báðar hleðslurnar ná að götunni fornu sem sést vel á þessum stað, er um 2 m breið með moldarbotni. Ekki er að sjá að hlaðið hafi verið meðfram götunni þótt þar sé grjót á stangli. Hleðslur í réttinni eru að mestu fallnar, mest sjást 2-3 umför grjóts í vesturhliðinni og er hún um 0,3 m há. Hugsanlegt er að hlaðið hafi verið hólf sunnan við réttina, á barmi jarðfallsins en þar er allt gróið og of óljóst til að hægt sé að fullyrða um það. Ofan í jarðfallinu, sem er slétt og vel grasi gróið, eru miklar dældir á tveimur stöðum og ekki óhugsandi að þær séu mannaverk. Ekki er þekkt nafn á þessari rétt.

Hættumat: engin hætta

ÁR-549:057 *Salthóll* heimild bústaður

Salthóll er talinn meðal eyðihjáleiga í Neshverfi í sóknarlýsingu 1840. Nú er ekki vitað hvar hjáleigan hefur verið.

Heimildir: SSÁ, 221

ÁR-549:058 varða óþekkt 63°51.400N 21°31.181V



Mynd 153. Varða 058, horft til NNV.

Um 700 m vestan landamerkjagirðingar (sjá 548:093) er varða sem virðist vera stakstæð.

Umhverfis eru helluhraunshryggir, klappir og melgígar. Varðan er á sprungnum helluhraunshrygg sem snýr norður-suður. Varðan er lítil úr 2 steinum, um 0,5 m á hæð og svipuð í þvermál. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-549:059 varða óþekkt 63°52.251N 21°31.513V

Um 120 m austan við tóft 061 er varða. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þessi varða hefur verið hlaðin en möguleiki er að hún hafi átt að vísa á tóft 061.
Umhverfis eru hálfgrónar hæðir og hólar.
Varðan er á helluhraunsgúl, um 0,6 m á hæð og einnig um 0,6 m í þvermál. Varðan er gerð úr tæplega 10 steinum sem eru mosagrónir.
Hættum
at: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 154. Varða 059, horft til norðvesturs.

ÁR-549:060 varða óþekkt 63°52.181N 21°31.643V

Um 140 m sunnan við tóft 061 er varða. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þessi varða hefur verið hlaðin öðrum en til staðháttaglöggvunar. Þó er möguleiki að hún hafi átt að vísa á tóft 061.
Umhverfis eru hálfgrónar hæðir og hólar. Varðan er á sprungnu helluhraunsholti.
Varðan er samsett úr fáum fremur stórum steinum, um 0,6 m á hæð og svipuð í þvermál.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 155. Varða 060, horft til suðvesturs.

ÁR-549:061 tóft óþekkt 63°52.256N 21°31.670V

Um 120 m vestan við vörðu 059 er tóft.
Hálfgrónar hæðir og hólar eru umhverfis. Tóftin er á aflíðandi stalli í hlíð, rúma 500 m norðvestan við Kvennagönguhól 031, norðan í klapparholti.
Mannvirkið er einvörðungu hlaðið úr grjóti og er U-laga. Það er um 2,5 x 2 m stórt og snýr norður-
suður.Tóftin er opin til austurs og er mesta hleðsluhæð um 0,7 m en er um 0,4 m að jafnaði. Suðurveggur er hæstur, 4-5 umför grjóts. Norðurveggurinn er að mestu aðeins ein steinaröð. Ekki er ósennilegt að smali hafi dundað sér við að byggja þetta skýli en þó er erfitt að fullyrða nokkuð um hlutverk tóftarinnar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 156. Tóft 061, horft til suðvesturs.

ÁR-549:062 varða óþekkt 63°52.269N 21°31.689V



Mynd 157. Varða 062, horft til suðvesturs.

Um 30 m norðvestan við tóft 061 er varða. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þessi varða hefur verið hlaðin, öðrum en til staðháttaglöggvunar. Þó er möguleiki að hún hafi átt að vísa á tóft 061.
Umhverfis er hálfgróið hraun, hæðir og hólar í hlíðarbrekku. Lúpínukekkir hér og hvar og mosi. Varðan er á nokkuð háu helluhraunsholti.
Varðan er um 0,4 m á hæð og um 0,7 m í þvermál og er töluverður mosi sem grær á steinum.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-549:063 varða óþekkt 63°52.041N 21°31.904V



Mynd 158. Varða 063, horft til suðurs.

Um 300 m ASA Kvennagönguhóls er varða. Hlutverk vörðunnar er ekki ljóst en hugsanlega hefur hún átt að vísa á Kvennagönguhól, sjá 031.
Umhverfis er hálfgróið hraun, hæðir og hólar í hlíðarbrekku. Lúpínubreiður eru hér og hvar og mosi. Varðan er á sprungnum hraungúl.
Varðan er um 0,6 m á hæð og um 0,4 m í þvermál og er gerð úr 5 steinum sem standa tæpt. Hvorki eru skófir né mosa að sjá á steinum.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-549:064 varða óþekkt 63°50.865N 21°31.055V




Mynd 159. Varða 064, horft til norðurs.

Við Dimmadal, er stök varða. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þessi varða hefur verið hlaðin.
Umhverfis er hálfgróið og sendið helluhraun.
Nokkrir hrundir steinar í hnapp á um 1 fm svæði þar sem ekki stendur steinn yfir steini.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-549:065 tóft rétt 63°51.438N 21°36.701V

"Þegar komið var upp fyrir Hásteina mátti sjá hlaðið aðhald norðvestan við þá. Tóftir eru og undir hæsta Hásteini...." segir í leiðarlýsingu á heimasíðu Ferlis. Hásteinar eru fast austan við gamla þjóðveginn um Selvogsheiði, ofan við gamlan og hrörlegan sumarbústað. Þeir eru um 4,5 km norðaustur af bænum í Nesi, sjá 001.



Hásteinar eru áberandi klettar uppi á háum hól í heiðinni. Vel er gróið allt í kring.

Á þessum stað eru tvær tóftir. Vestari tóftin (A) er hlaðin vestan undir hæsta Hásteininum. Hún er einföld og mikið gróin og græn, um 6 x 4 m stór, snýr norður-suður og er með opi sunnarlega á vesturhlið. Veggirnir eru bústnir og næstum algrónir en þó nokkuð af grjóthruni sést innan veggjanna sem eru mest um 0,5 m háir. Klettaveggurinn þjónar sem austurhlið og því er tóftin aðeins hlaðin á þrjár hliðar. Tóft B er austan undir sama kletti, um 10 m austar. Hún er mun óljósari, um 6 x 3 m stór og klettaveggurinn myndar ve, sturvegginn. Engin grænka er í rústinni og líkt og einungis grunnur að hleðslum sé eftir. Hugsanlega hefur þessi tóft verið tvískipt en töluverð grjótdreif er innan veggja og erfitt að fullyrða um það. Ekki er ljóst hvar op hefur verið en garðleifar liggja út frá norðausturhorni fáeina metra til norðausturs, einungis einföld steinaröð, en gæti hafa verið



Mynd 160. Tóftir 065 A og B, horft til norðausturs.

aðrekstrargarður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: http://www.ferlir.is/?id=6030

ÁR-549:066 *Grænaskjól* heimild óþekkt

"Vestan götunnar [039 - sem lá upp á Klakksflatir sunnan við Hellisþúfu 033] er Grænaskjól. Þar er hleðsla, hefur eitthvað verið byggt," segir í örnefnalýsingu. Nú er ekki vitað hvar Grænaskjól var.

Allt þetta svæði er mikið breytt frá því sem áður var, sandöldur og rofabörð.


Heimildir: Ö-Nes, 8

ÁR-549:067 *Imphólarétt* tóft rétt 63°50.991N 21°36.666V

"Austur með þjóðveginum eru Imphólar, lágir grashólar. Þar var Imphólarétt, sem nú er farin," segir í örnefnalýsingu. Rétt sem nú er þekkt sem Imphólarétt er ennþá til. Hugsanlega hefur eitthvað skolast til við gerð örnefnaskrár eða nafnið hefur flust eða verið endurnýtt á öðrum stað. Réttin er um 360 m sunnan við rétt sem nýaflagður þjóðvegur í Selvog liggur í gegnum (sjá 040) og um 3,8 km norðaustur af Nesi 001.

Hálfgróið hraun, mjög sandfyllt á köflum. Sléttar og sæmilega grónar lágar eru norðvestan og vestan við; um





Mynd 161. Imphólarétt, horft til suðvesturs.

þær liggur gamall bílvegur sem nú er ógreinilegur og yfirgróinn á þessum slóðum.
Greinileg rétt, hlaðin norðvestan undir aflöngum hraunhrygg í smáhalla. Hlaðið er úr stóreflis hraungrýti og sést víðast hvar bara ein steinaröð. Engin gróska er í veggjum og lítur út fyrir að réttin hafi ekki verið lengi í notkun. Réttin er um 19 x 8 m stór og snýr norðaustur-suðvestur en mjókkar til norðausturs. Lítið er hlaðið austanmegin og hefur hryggurinn þar þjónað sem aðhald - aðeins sjást stöku steinar á stangli. Op er nyrst að vestanverunni. Þeim megin vottar fyrir görðum, líklega aðrekstrargörðum, bæði nyrst og vestast og er hvor um sig 8-10 m langur. Þessir garðar gætu líka hugsanlega verið leifar af öðru hólfi. Hleðslur ná mest um 0,5 m hæð og er ekkert hrun að ráði utan eða innan veggja, því ekki að sjá að hleðslur hafi verið háar. Ekki er vitað hvenær þessi rétt var í notkun en hún gæti hugsanlega verið rúningsrétt eða jafnvel stekkur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nes, 7


ÁR-549:068 *Sauðagerði* heimild bústaður
Í Jarðabók Árna og Páls 1706 er Sauðagerði talið meðal hjáleigna: "Saudagerde, fjórða hjáleiga gömul." Sauðagerði er einnig talið meðal eyðijarða í Neshverfi í sóknarlýsingu árið 1840. Nú er ekki vitað hvar hjáleigan hefur staðið.
Heimildir: JÁM II, 447; SSÁ, 221

ÁR-549:069 *Jóns hjáleiga* heimild bústaður
"Jóns Hialeiga, þriðja býli af fyrrnefndum xiii og xl álnum, hefur oft skift um nöfn og kend verið oftast við ábúendur, annars hefur hún verið að fornu kölluð Hellukot, og þriðja nafni Krokur," segir í Jarðabók Árna og Páls 1706. Nú er ekki vitað hvar hjáleigan stóð.
Heimildir: JÁM II, 446

ÁR-549:070 *Miðmorgunsvarða* heimild eyktarmark
"Austur með veginum [Hafnarvegi 046] var Miðmorgunsvarða, sem var eyktarmark frá Nesi..." segir í örnefnalýsingu. Miðmorgunsvarða hefur væntanlega verið í námunda við veginn, sem er vel varðaður, og því austur eða ANA af Nesi. Ekki fannst þó nein stök varða sem gæti hafa verið eyktarmark - má þó vera að vörðubrot leynist í einhverjum sandorpnum hólnum.
Sandfyllt hraun, lyngbörð og sandöldur.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Nes, 5

ÁR-549:071 varða óþekkt 63°52.202N 21°32.506V
Um 280 m norðvestan við Kvennagönguhól 031er stök varða. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hún hefur verið hlaðin.
Sandur og hraungúlar og -klappir á milli.
Varðan er aðeins 6 steinar, um 0,6 m á hæð og einnig um 0,6 m í þvermál.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


ÁR-549:072 tóftir óþekkt 63°52.468N 21°31.984V
Um 240 m suðaustur frá Nesseli 032 er jarðvegstorfa með tóftum á.
Umhverfis jarðvegstorfuna er hálfgróið hraun þar sem hraunstrýtur stingast upp úr sverði eða sandi.
Jarðvegstorfan er um 25 x 15 m stór og snýr norður-suður. Hún og rís 1 -1,5 m úr umhverfinu. Ógreinileg tóft er á miðri torfunni og önnur í norðvesturhorni. Tóftin í miðjunni er tæpir 8 X 4 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er tvískipt og er nyrðra hólfið alveg opið til norðurs og er töluvert stærra en syðra hólfið. Ekki er op að sjá á milli hólfanna. Um hálfan metra vestan við norðurhluta tóftar er hlaðið garðlag í vinkil; S- og vesturhliðar sem hefur verið einhverskonar aðhald. Ekkert grjót er að sjá í tóftinni og er mesta hleðsluhæð um 0,5 m. Um 2 m norðar er önnur tóft, einföld með dyraop til vesturs, á miðjum vesturvegg. Tóftin er um 5 X 3 m að stærð og snýr norður-suður og er áþekk syðri tóftinni. Mesta hleðsluhæðin er líka um 0,5 m og ekkert grjót að sjá í hleðslum. Mikil sina og mosi er í tóftunum. Syðri tóftin er harla stekkjarleg og ekki er ósennilegt að þessar tóftir standi í sambandi við Nessel 032 því fjarlægðin frá bæ, Nesi, eru rúmir 8 km. Hugsanlega gæti verið um stekk frá Nesseli 032 að ræða.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



ÁR-549:073 varða leið 63°52.639N 21°31.403V
Rétt rúma 700 m ANA af Nesseli 032 er varða. Til austurs frá þessari vörðu er á köflum regluleg vörðuröð (549-074, 076, 078) og svo verður heldur lengra á milli varða 548-102, 104, 091, 090 þótt stefnan haldist. Hugsanlega er um að ræða leið sem legið hefur nokkuð samhliða núverandi Krýsuvíkurvegi bara töluvert sunnar. Má vera að þessi varðaða leið hafi legið frá Hlíðarendabæjum vestur í Selvog og leið frá Þorlákshöfn gæti hafa sameinast leiðinni ofarlega á Hafnarsandi.
Hálfgróið hraun hvar hraunstrýtur og -klappir stingast upp úr sverði eða sandi.
Varðan er um 1,2 m á hæð og einnig um 1,2 m í þvermál og stendur á jarðföstu grettistaki.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-549:074 varða leið 63°52.691N 21°31.265V
Um 150 m í norðaustur frá vörðu 073 er önnur varða sem er hluti af vörðuröð sem liggur norðaustur-suðvestur (sjá einnig 549-073, 076, 078) og svo verður heldur lengra á milli varða 548-102, 104, 091, 090 þótt stefnan haldist. Hugsanlega er um að ræða leið sem legið hefur nokkuð samhliða núverandi Krýsuvíkurvegi bara töluvert sunnar. Má vera að þessi varðaða leið hafi legið frá Hlíðarendabæjum vestur í Selvog og leið frá Þorlákshöfn gæti hafa sameinast leiðinni ofarlega á Hafnarsandi.
Hálfgróið hraun hvar hraunstrýtur og -klappir stingast upp úr sverði eða sandi.
Varðan er myndarleg, um 1,3 m á hæð og um 1,2 m í þvermál. Steinar eru býsna stórir og skófsettir.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-549:075 hleðsla óþekkt 63°52.728N 21°31.105V
Um 150 m norðaustur frá vörðu 074 er grjóthleðsla sem líklega eru leifar af lítilli tóft.
Hálfgróið hraun hvar hraunstrýtur og -klappir stingast upp úr sverði eða sandi.
Grjóthleðslan er hringlaga og er op á henni til austurs. Grjóthringurinn er um 2 m í þvermál og rís hæst um 0,4



m. Innan hringsins grær mosi en þó virðist vera eitthvert grjót í botninum undir mosanum. Þykkt veggjanna er 0,3 - 0,4 m og er 1 - 2 umför grjóts. Ekki er grjóthrun að sjá umhverfis tóftina eða inni í henni. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þessi tóft hefur verið hlaðin.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-549:076 varða leið 63°52.738N 21°31.115V
Tæpa 20 m NNV frá hleðslu 075 er varða sem er hluti af vörðuröð sem liggur norðaustur-suðvestur (sjá einnig 549-073, 074, 078) og svo verður heldur lengra á milli varða 548-102, 104, 091, 090 þótt stefnan haldist. Hugsanlega er um að ræða leið sem legið hefur nokkuð samhliða núverandi Krýsuvíkurvegi bara töluvert sunnar. Má vera að þessi varðaða leið hafi legið frá Hlíðarendabæjum vestur í Selvog og leið frá Þorlákshöfn gæti hafa sameinast leiðinni ofarlega á Hafnarsandi.
Hálfgróið hraun hvar hraunstrýtur og -klappir stingast upp úr sverði eða sandi.
Varðan er hálfhrunin, um 0,7 m á hæð, um 0,8 m A-V og um 1,4 m N-S með hruni. Steinar eru skófsettir.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-549:077 varða leið 63°52.781N 21°31.032V
Um 100 m norðaustur frá vörðu 076 er önnur varða. Hún er talsvert norðar en þær vörður sem liggja í röð á þessum slóðum (sjá 549-073, 074, 076, 078) og virðist ekki hafa verið hluti af þeim.
Hálfgróið hraun hvar hraunstrýtur og -klappir stingast upp úr sverði eða sandi.
Um vörðubrot er að ræða sem er um 0,4 m á hæð og um 0,8 m í þvermál.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-549:078 varða leið 63°52.744N 21°30.992V
Um 80 m SSA við vörðu 077 er vörðubrot sem er hluti af vörðuröð sem liggur norðaustur-suðvestur (sjá einnig 549-073, 074, 076) og svo verður heldur lengra á milli varða 548-102, 104, 091, 090 þótt stefnan haldist. Hugsanlega er um að ræða leið sem legið hefur nokkuð samhliða núverandi Krýsuvíkurvegi bara töluvert sunnar. Má vera að þessi varðaða leið hafi legið frá Hlíðarendabæjum vestur í Selvog og leið frá Þorlákshöfn gæti hafa sameinast leiðinni ofarlega á Hafnarsandi.
Hálfgróið hraun hvar hraunstrýtur og -klappir stingast upp úr sverði eða sandi.
Hrunin varða sem er um 0,5 m á hæð og um 0,8 m í þvermál.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-549:079 *Marcusarkot* heimild bústaður
"Marcusarkot var fyrir þrettán árum bygt, hjáleiga af Snjóthúsum [022], varaði bygðin ekki fult ár og mun síðan aldrei byggjast," segir í Jarðabók Árna og Páls 1706. Ætla má að hjáleigan hafi staðið nokkur hundruð metrum austan við tún í Nesi, einhversstaðar í námunda við Snjóthús. Nú sjást engin ummerki þar í kring og ekki er vitað hvar hjáleigan hefur staðið.
Heimildir: JÁM II, 444

ÁR-549:080 *Árnahjáleiga* heimild bústaður
"Afbýlismaður í afdeildum bæ, sem kallaður var Arnahialeiga og telst xiii og xl álnir af heimajörðinni," segir í Jarðabók Árna og Páls 1706. Nú er ekki vitað hvar Árnahjáleiga hefur staðið.
Heimildir: JÁM II, 445

ÁR-549:081 heimild bústaður
"Fyrir ofan vita [Selvogsvita] voru áður Vörðubakkar [026]. Þar voru gömul tún, sem höfðu blásið upp; var þar áður fyrr býli. Bakkar þessir eru nú horfnir," segir í örnefnalýsingu. Bakkarnir hafa væntanlega verið norður af vita 024.
Þar er lítt gróið, sandfyllt hraun.
Engar leifar sem telja mætti af býli fundust á þessum slóðum. Hugsanlega gæti verið átt við sjálf Snjóthúsin 022 eða jafnvel Markúsarkot, sjá 079.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nes, 4

ÁR-549:082 *Þrívörður* heimild landamerki 63°50.371N 21°30.080V
"Landamerki Ness að austanverðu, móti Þorlákshöfn og Hlíðarenda í Ölfusi, eru þannig: Þrívörður, þrjár vörður á berginu milli Ness og Þorláks-hafnar...." segir í örnefnalýsingu. Landamerki milli Þorlákshafnar og Ness eru rúmlega 8 km austur af bæjarhól í Nesi 001. Best er að komast á staðinn með því að aka vegarslóða til vesturs frá Þorlákshöfn.
Sandorpið hraun, sandöldur en berg næst sjónum.
Engar vörður fundust sem passa við lýsinguna og virtist Þórður Sveinsson ekki muna eftir vörðum á þessum stað - öðrum en þeim sem eru við gamla Hafnarveginn, milli Selvogs og Þorlákshafnar. Ekki er girðing á merkjum nú. Örnefnið Þrívörður er líka þekkt austar, í landi Þorlákshafnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nes, 1

ÁR-549:083 hleðsla herslugarður 63°49.605N 21°39.578V



Mynd 162. Herslugarðar 083.

Norðaustan við túnið í Nesi sjást víða hleðsluleifar, hugsanlega leifar af herslugörðum. Einn slíkur sést t.d. um 150 m norðaustur af norðausturhorni túngarðs 008.
Á þessum slóðum er land lítt gróið, berar hraunklappir og sand- og moldarflög á milli.
Víða mótar fyrir garðnefnum á hraunklöppunum. Þetta eru einfaldar grjótraðir úr hraungrýti en hvergi mjög langar eða samfelldar. Alls er svæðið a.m.k. 100 x 100 m stórt og víða gætu leynst slíkar leifar í kring. Á þessum slóðum munu tjaldbúðir ameríska hersins hafa verið um skeið 1941.
Hættumat: hætta, vegna rofs

ÁR-549:084 heimild sel
Í Jarðabók Árna og Páls frá 1706 segir um selstöðu frá Snjóthúsum [022]: "Selstöðu brúkar jörðin í óskiptum úthögum, sem hún hefur saman við Nesmenn haft og brúkað ómótmælt so lángt menn minnast." Svo virðist sem Snjóthús hafi notað selstöðu á sama stað og Nesmenn, og gæti verið átt við Nessel 032.
Heimildir: JÁM II, 444

ÁR-549:085 heimild sjóbúð
"Upp af vörinni [019] eða vestar voru þrjár sjóbúðir [016]. Sést líklega fyrir þeim enn, svo og salthústóft," segir í örnefnalýsingu. Nú er ekki ljóst hvort salthústóftin hefur verið sambyggð sjóbúðunum en það er ekki ósennilegt. Engin önnur tóft sem nú sést kemur heim og saman við lýsingu á salthústóftinni.
Heimildir: Ö-Nes, 2

ÁR-549:086 *Prestskróksvarða* heimild
"Prestskrókur er milli Nesstekkjar [042] og Víghólsréttar [043]. Það er slægjublettur, og hefur prestur slegið þar einhvern tíma. Þar var Prestkróksvarða, nú dottin niður," segir í örnefnalýsingu. Tóft sem líklega er Nesstekkur var skráð nr. 042. Ekki fannst varða á þessu svæði sem passar við lýsinguna.
Endalausar sandöldur og börð, land mikið breytt frá því sem áður var.
Heimildir: Ö-Nes, 8

ÁR-549:087 *Gíslahæðarvarða* heimild
"Gíslahæð er niðri undir heiði, norðan við austustu Hnúkana, spöl frá hreppa-mörkunum. Girðingin milli heiðarinnar og Gjánna liggur um hana. Hæðin er kennd við Hjalla-Gísla (líka nefndur Óseyrar-Gísli), sem beitti þar fé frá Hlíðarenda, en þar var hann vinnumaður. Þegar hann stóð yfir fénu, gerði hann sér það til dundurs að hlaða vörðu á hæðinni. Hún er kölluð Gíslahæðarvarða," segir í örnefnalýsingu. Gíslavarða er skv. Þórði Sveinssyni töluvert langt ANA við Hnúka, og liggur girðingin um hana, líkt og lýsingin segir til um. Ekki var farið á staðinn sumarið 2012.
Heimildir: Ö-Nes, 8

ÁR-549:088 *Borgarhóll* örnefni fjárskýli
"Í Vesturtúni er Borgarhóll, stór, grasi vaxinn hóll fyrir ofan Nesborgir (017), u.þ.b. 60 faðma vestur frá bæ," segir í örnefnalýsingu. Þetta er sennilega hóll sem er vestan við Bartakot og virðist einnig hafa verið kenndur við Borgarkot (sjá 054).
Ekki er vitað um annan hól sem er líklegri.
Heimildir: Ö-Nes, 8

ÁR-549:089 varða samgöngubót 63°55.530N 21°31.161V
Varða er tæpa 800 m norðaustan við tóft 103 og 13,3 km norðaustan við bæ 001. Varðan er sunnan undir Geitafelli og var líklega vegvísir á leið 104.
Varðan er á grónum mel. Allt umhverfis er gróið svæði.
Varðan er hlaðin á lágan, jarðfastan hraunklett. Hún er uppi á lágum ás sem liggur til suðurs frá fjallinu og út í hraunið. Varðan er hrunin en sést enn vel. Hún er 1,2x1,5 m að grunnmáli og 0,3 m á hæð. Það eru 3 umför grjóthleðslu í henni en óljóst mótar fyrir hruni.
Hættumat: engin hætta

ÁR-549:090 heimild leið
"Götuslóði lá frá Nesi og í gegnum túnin að Bjarnastöðum [089], en aðalgatan til kirkju lá fyrir ofan túngarða," segir í örnefnalýsingu. Gata þessi er merkt inn á kort Ómars Smára Ármannssonar af Selvogi. Hún lá ofan við túngarða, að því er virðist í framhaldi af Hafnarvegi 046 til vesturs, meðfram Nestúni, spotta korn fyrir ofan Götu, í átt að forna garðinum sem umlykur Þorkelsgerði og Torfabæ (sjá Ár- 558:016), uppfyrir hann og svo nánast í beina stefnu á Strandarkirkju.
Þar sem gatan lá eru nú tún og athafnasvæði kringum bæi, og hafa verið megnið af 20. öld.
Ekki fundust greinilegar leifar af götunni á vettvangi - má þó vera að bútar sjáist einhversstaðar.
Heimildir: Ö-Nes, 2; Ómar Smári Ármannsson: Minjakort

ÁR-549:091 *Sigbás* heimild 63°50.206N 21°30.860V
"Austar [en Háaleiti, sjá 028] er Sigbás. Þar var eggja- og fuglatekja á bletti. Þá er komið að Þrívörðum [082]...." segir í örnefnalýsingu. Sigbás er sumsé milli Háaleitis og Þrívarða, sem voru á merkjum milli Þorlákshafnar og Ness.
Þar er berg við sjóinn og skorur, sem kalla mætti bása, á nokkrum stöðum.

Engin mannvirki fundust, enda ekki við því að búast, og ekki vitað hvenær var sigið hér síðast.
Heimildir: Ö-Nes, 7-8.

ÁR-549:092 *Járnhellar* hellir óþekkt
"Milli þessara tveggja [Ertuöldu & Bartakotsöldu] eru Járnhellar, sem svo voru nefndir. Járnhellar eru klappir, og var í þær helli, en hann fylltist af sandi. Þarna voru jafnvel rústir gamlar.....Þeir [hellarnir] eru vestar en upp af Viðarhelli..." Öldurnar eru ofan nýja Suðurstrandarvegarins, um 6 km norðaustur af bæ.
Háar sandöldur sem ná yfir mikið flæmi. Land hefur mikið breyst á þessum slóðum, er nú lítt gróið og sandur hefur hlaðist upp.
Erfitt er að átta sig á því nákvæmlega hvar öldurnar byrja. Gengið var um vesturhluta þeirra en engar rústir fundust, enda vart við því að búast þar sem allt er á kafi í sandi.
Heimildir:Ö-Nes, 5

ÁR-549:093 varða landamerki 63°50.499N 21°38.656V
Varða er um 280 m vestur af refagildru 095.
Sandfyllt hraun. Varðan er í norðurkanti lágrar hraunbrúnar.
Illa hlaðin varða og sýnist ekki gömul, stærðar hnullungar eru í henni. Hún er um 0,7 m á kant og um 0,8 m há. Varðan er í gömlu girðingarstæði og sjást girðingarræflar og undirhleðsla ásamt fúnum staurum frá henni til NNA, í stefnu á Hásteina. Hér er líklega komin merkjagirðing milli Ness og Bjarnastaða og gæti varðan verið landamerkjavarða - kannski ekki gömul þó, má jafnvel giska á að hún hafi verið hlaðin sem viðmið áður en girt var fyrir mörgum áratugum.
Hættumat: engin hætta


Mynd 163. Varða 093, horft til suðurs.

ÁR-549:094 heimild landamerki
"Hnúkar eru eldborgir á háheiðinni og eru í Neslandi. Línan milli Bjarnastaða og Ness liggur austan við þá. Hlaðnar voru vörður á merkjunum..." segir í örnefnalýsingu.
Ekki er vitað hvar umræddar vörður voru. Enn má sjá leifar af girðingu á merkjum Bjarnastaða og Ness og við hana fundust vörður á tveimur stöðum á vettvangi, sjá 036 og 093. Má vera að þær hafi verið fleiri.
Heimildir: Ö-Nes, 6

ÁR-549:095 hleðsla refagildra 63°50.508N 21°38.311V
Hleðsla, sem virðist við fyrstu sýn vera varða, er um 2,4 km norðaustur af Nesi 001, milli gamla og nýja vegarins um Selvog. Hún er vestan við slóða sem Þórður Sveinsson kallar "Sandkallaveg", en hann var lagður frá gamla þjóðveginum sem nú er nýaflagður og til suðurs, út á sandfyllt hraun.
Grýttir hraunhólar og sandöldur. Hleðslan sést ágætlega að úr fjarska þótt ekki standi hún hátt.
Sæmileg hleðsla, líkt og varða, næstum ferköntuð í grunninn, um 1 m á kant og 0,8-0,9 m á hæð og virðist ekki hafa verið mikið hærri en það. Þegar betur er að gáð sést grilla í stokk undir vörðunni og því er líklegt að hér sé komin refagildra. Hann er opin mót norðvestri, er um 0,8 m langur, 30-40 ám á kant.
Hættumat: engin hætta


Mynd 164. Refagildra 095, horft til norðurs.

ÁR-549:096 *Hafliðavarða* hleðsla óþekkt 63°52.392N 21°33.708V
"Nú hafa verið reist fjárhús á móti selinu [Nesseli 032] (ofan vegar, í Austurslökkum). Norðan þjóðvegar, hærra í heiðinni, var Hafliðavarða, sem var smalavarða, þ.e. hlaðin af smala," segir í örnefnalýsingu. Þórður Sveinsson frá Bjargi telur að varðan sé sunnan Hnúka og benti á stað á korti þar sem taldi að varðan væri, í stefnu suðaustur af Hnúkum, milli þeirra og gamla þjóðvegar.
Mosaþembur og grýttir hraunhólar á nokkrum stöðum.
Ekki fundust leifar af heillegri vörðu en nokkrir steinar eru í hrúgu þar sem hnitið var tekið. Ekki er þó víst að það séu vörðuleifar.
Heimildir: Ö-Nes, 7

ÁR-549:097 *Útvogsstekkur* heimild stekkur
"Stekkir voru þarna í röð yfir landið, austast var Nesstekkur [042], þá Bjarnastaðastekkur [ÁR-554:036] og Útvogsstekkur," segir í örnefnalýsingu. Útvogsstekkur er ekki þekktur í dag en af lýsingunni mætti ætla að hann hafi verið vestar en Bjarnastaðastekkur Ár-554:036. Þá gæti hann verið, eða hafa verið vestan við veginn sem tengdi gamla þjóðveginn, sem nú er nýaflagður, við byggðina í Selvogi. Þar heita Dalhólar. Ekki er vitað um stekkjarleifar á þeim slóðum en gætu verið horfnar í sand eða blásnar burt.
Heimildir: Ö-Nes, 8

ÁR-549:098 *Ljúf* heimild
"Tvær smávörður við götuna [039] voru kallaðar Ljúf og Leið, ekki vitað hvers vegna. Ofar er klöpp, sem kallast Beð, og á henni Beðvarða," segir í örnefnalýsingu. Ljúf er ekki þekkt í dag.
Allt land á þessu svæði, norðan og norðaustan við Nes, er sandorpið hraun, víða með miklum sandöldum.
Heimildir: Ö-Nes, 8

ÁR-549:099 *Leið* varða
"Tvær smávörður við götuna voru kallaðar Ljúf og Leið, ekki vitað hvers vegna. Ofar er klöpp, sem kallast Beð, og á henni Beðvarða," segir í örnefnalýsingu. Leið er ekki þekkt.
Allt land á þessu svæði, norðan og norðaustan við Nes, er sandorpið hraun, víða með miklum sandöldum.
Heimildir: Ö-Nes, 8


ÁR-549:100 *Beðvarða* heimild
"Tvær smávörður við götuna voru kallaðar Ljúf og Leið, ekki vitað hvers vegna. Ofar er klöpp, sem kallast Beð, og á henni Beðvarða," segir í örnefnalýsingu. Beðvarða er ekki þekkt lengur.
Allt land á þessu svæði, norðan og norðaustan við Nes, er sandorpið hraun, víða með miklum sandöldum.
Heimildir: Ö-Nes, 8

ÁR-549:101 *Fornagata* gata leið 63°50.895N 21°38.745V
"Ofar en Víghóll er Fornagata, klöpp með sprungu, sem líkist götutroðningi," segir í örnefnalýsingu. Svo virðist sem nafnið á götunni hafi færst yfir á klöppina eða öllu heldur sprunguna, sem kölluð er Götugjá. Fornagata sjálf liggur nokkurn veginn frá austri til vesturs og sést til dæmis norðan við þjóðveginn um Selvog, sem nú er nýaflagður eftir að hinn nýi Suðurstrandarvegur kom til sögunnar og var rakin á nokkrum kafla.
Gatan liggur um hálfgróið hraun.
Gatan er mjög áberandi fast norðan við réttarrúst 056, þar allt að 2 m breið og auðveldlega hægt að rekja hana góðan spöl bæði til austurs og vesturs. Réttin áðurnefnda liggur á barmi gróins jarðfalls og ef hún er rakin 20-30 m til vesturs liggur hún þar á barmi annars jarðfalls. Þar er gatan raunar líkari ruddum vegi á kafla, allt að 2 m breið og vottar fyrir hleðslum við hana. Vestar hefur hún hefur væntanlega tengst götum sem áður hafa verið skráðar þar og eru kallaðar Alfaraleið, sjá Ár-561:011. Til austurs mun gatan hafa legið neðan eða sunnan við Hellisþúfu 041, hjá Kvennagönguhól 031 og svo væntanlega hjá Ferðamannshól, en um hann segir í örnefnalýsingu: "Rétt hjá Kvennagönguhól er Ferðamannshóll, sem er niðri í sandgræðslu-girðingunni. Þar er uppblásið. Gamli ferðamannavegurinn lá með hólnum og sást austur af, er komið var að honum."
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nes, 8; http://www.ferlir.is/?id=17656

ÁR-549:102 heimild bústað
"Öldurnar voru slegnar frá Nesi og kotunum, hver hafði þar sitt stykki, en þetta var aðalslægjulandið utan túns. Vestust er Ertualda. Þá er Bartakotsalda. Á henni voru tættur, e.t.v. af býli," segir í örnefnalýsingu. Öldurnar eru ofan nýja Suðurstrandarvegarins, um 6 km norðaustur af bæ 001.
Háar sandöldur sem ná yfir mikið flæmi. Land hefur mikið breyst á þessum slóðum, er nú lítt gróið og sandur hefur hlaðist upp.
Erfitt er að átta sig á því nákvæmlega hvar öldurnar byrja. Gengið var um vesturhluta þeirra en engar rústir fundust - enda vart við því að búast þar sem allt er á kafi í sandi.
Heimildir: Ö-Nes, 5

ÁR-549:103 *Selsvellir* tóft sel 63°55.241N 21°31.879V
Tóftin á Selsvöllum er 12,7 km norðaustan við bæ 001 og rúma m norðaustan við Geitafellsrétt. Örnefnið Seljavellir er þekkt sunnan við Geitafell og má leiða líkur að þetta séu tóftir selsins eða tengist henni. Á heimasíður FERLIS segir: "Þegar komið var upp á Selsvelli var svæðið leitað mjög vel m.t.t. hugsanlegra mannvistarleifa. […] Heimildir eru um að Selsvellir hafi verið slægjuland frá Nesi, en líklegt má telja að Nes eða Strönd hafi haft þar tímabundið í seli einsog minjar þessar benda til." Leið 104 liggur fast vestan við tóftina, á milli hennar og hamraveggs Réttargjár.





Mynd 165. Tóft 103, horft til norðurs. Myndin er fengin af heimasíðu FERLIS.

Grasivaxið svæði vestan við hraunhól. Allt umhverfis er gróið hraun.
Tóftin er hlaðin vestan undir stórum hraunkletti sem afmarkar alla austurhliðina. Hún er í aflíðandi til halla til vesturs, niður frá hólnum. Tóftin er 9x4 m að stærð, grjóthlaðin og snýr norður-suður. Hún skiptist í fimm hólf og hefst lýsing þessi syðst, í hólfi 1. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1-1,1 m á hæð og má sjá átta umför af grjóthleðslu í þeim. Ekkert op sést inn í hóflið. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 3x3 m að innanmáli og opið til vesturs. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og má sjá 2 umför grjóthleðslu í þeim. Hólf 3 er norðan við hólf 1. Það er 3x2 m á stærð og snýr austur-vestur. Vesturhliðin er ógreinileg en þar var líklega op. Hólfið er ógreinilegt. Hólf 4 er norðan við hólf 3. Það er 3c2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og op var til norðurs. Það má sjá 1-2 umför grjóthleðslu í veggjunum. Óljóst mótar fyrir hólfi 5 fyrir vesta hólf 3-4. Þar sést steinaröð í grasi í aflínadi halla til vesturs. Einnig gæti verið um veggjahrun að ræða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: FERLIR http://www.ferlir.is/?id=14652

ÁR-549:104 gata leið 63°55.063N 21°32.019V



Mynd 166. Leið 104. Myndin er af heimasíðu FERLIS.

Leið sést liggja til norðurs að Geitafellsrétt 044. Hún heldur áfram til norðurs, fer vestan við tóft 103 og upp á Selsvelli sunnan við Geitafell. Þar sveigir hún til austurs og liggur neðan við fjallið og fjarar út í kindastíg. Á heimasíðu FERLIS segir: "Frá Geitafellsrétt [044] mátti þó sjá varanlegri götu, þ.e. frárekstrargötuna áleiðis að Ölfusi. Hún var allgreinileg svo til alla leiðina." Leiðin var rakin til norðurs frá Geitafellsrétt, upp á Selsvelli og allt þar til hún fjarar út þar til austurs.

Gróið hraun með hraunsprungum og grónum grasbölum. Selsvellir er grasivaxið svæði, í skjóli frá Geitafelli.


Leiðin sést bæði til suðurs og norðurs frá Geitafellsrétt. Þar liggur hún austan undir vesturvegg Réttargjár á grónu svæði. Leiðin liggur þar bæði eftir mosavöxnum hraunhellum og grónum grasbölum. Hún er 1-1,5 m á breidd en ekki sér til paldra. Hraun er í botni hennar sem og gras. Undir Geitafelli er hún ógreinilegri og líkist kindagötu. Þar fjarar hún út. Leiðin var rakin á 1,3 km löngum kafla.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: http://www.ferlir.is/?id=14652

ÁR-550 Hjáleður

1847: Dýrleika ekki getið. Hjáleiga frá Nesi. JJ, 77.
Túnakort Leðurs um 1920 [ártal vantar]: Tún 1,3 ha, allt slétt. Matjurtagarðar 421 ha.



ÁR-550:001 *Stóra-Leður* bæjarhóll bústaður 63°49.570N 21°39.812V

Dýrleika hjáleigunnar er ekki getið í Jarðatali Johnsens frá 1847. "Austast í Hátúni var Stóra-Leður. Þar sjást enn tóftir, upp við túngarðinn [549:008]," segir í örnefnalýsingu Ness ÁR-549. Í Sunnlenskum byggðum III, segir: "Stóra-Leður (Hjáleður). Þar bjuggu Jón Jónsson og Ragnheiður Þorbjörnsdóttir, bústýra, 1875-1919. Ásmundur Guðnason og Margrét Vigfúsdóttir, bústýra, 1919-1934. Síðan í eyði." Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1920. Bæjarhóllinn sem og tóftir bæjarhúsanna eru óröskuð innan heimatúns Ness, í austurhorni þess. Allt






Mynd 167. Bæjarhóll Stóra-Leðurs 001, horft til norðurs og austurs.

umhverfis Stóra-Leður eru slétt, grasivaxin tún.

Bæjarhóllinn er innan gamla heimatúns Ness ÁR-549 sem er slétt og grasivaxið. Þar fer land hækkandi til norðurs, frá fjörunni. Bæjarhóllinn á hólrima og sker sig vel úr nánasta umhverfi.




Bæjarhóllinn er 30x24 m að stærð, 1,6 m á hæð og snýr norður-suður. Tóftir bæjarhúsanna eru á hólnum og ekki sér til annarra mannvistarleifa utan þeirra. Mögulegt er að hóllinn hafi verið stærri en eldri hlutar horfið vegna túnasléttunar. Bæjartóftin er 30x20 m að stærð og snýr norður-suður. Samtals eru 11 hólf í bæjartóftunum og hefst lýsingin í norðvesturhorni bæjarhólsins, í hólfi 1. Það er 2x2 m að innanmáli og opið til vesturs. Mögulega var annað op til austurs, yfir í hólf 2, þar er veggjahrun sem gerir hleðslur óljósar. Veggirnir eru 0,4-0,6 m á hæð og 4 umför grjóthleðslu eru í þeim. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það er 5x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er líklega á austurvegg yfir í hólf 3 og sömuleiðis á þeim vestari, yfir í hólf 1, sem áður var lýst. Þetta er ógreinilegt vegna mikils gróðurs. Veggirnir eru 0,7-1,2 m á hæð og sjást 3-7 umför grjóthleðslu í þeim. Hólfið er slétt og grasivaxið að innan. Hólf 3 er austan við hólf 2. Það er 5x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Afar líklegt er að tvö hólf hafi verið hér, bein hleðsla sést sunnan við op á vesturvegg. Veggirnir eru 1-1,6 m á hæð og sjást 6-9 umför af grjóthleðslu í þeim. Mikil sina vex inni í hólfinu. Það mótar fyrir opi á vesturvegg, yfir í hólf 2. Hólf 4 er austan við hólf 3. Hólfið er líklega hey- eða húsagarður að ræða. Hólfið er 12x12 m að stærð og hvergi mótar fyrir opi. Hólfið er grasivaxið og slétt að innan. Veggirnir eru 0,3- 1 m á hæð og algrónir. Þeir eru lægri að utan, líklega vegna sands sem barst að þeim. Hólfið var ekki undir þaki. Hólf 5 er suðaustan við hólf 4. Það er 6x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er í

suðvesturhorni. Veggirnir eru 0,4-1,2 m á hæð og greina má fjögur umför grjóthleðslu í þeim. Hólf 6 er vestan við hólf 5. Það er 5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er opið til suðurs en sá hluti hólfsins er einnig óskýr sökum mikils gróðurs. Veggirnir eru 0,4-0,5 m á hæð og sjást þrjú umför grjóthleðslu þar. Hólf 7 er vestan við hólf 6. Það er 5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólfið er opið til suðurs. Veggirnir eru algrónir, einungis sést glitta í grjót í norðausturhorni. Þeir eru 0,3-0,6 m á hæð. Hólf 8 er vestan við hólf 7. Hér er um bæjargöngin að ræða. Hólfið er 6x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Þrenn op eru á hólfinu. Það er opið til suðurs, í norðvesturhorni er op inn í hólf 9 og þriðja opið er til norðurs, yfir í hólf 10. Veggirnir eru 1 m á hæð og þrenn umför grjóthleðslu eru sjáanleg. Hólf 9 er vestan við hólf 8. Það er 6x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er í norðausturhorni, yfir í hólf 8. Veggirnir eru 0,3-1,1 m á hæð. Þeir eru lægri inni í hólfinu, mögulega vegna hruns úr þaki. Fjögur umför grjóthleðslu sjást í veggjum. Hólf 10 er norðan við hólf 8. Það er 6x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er í suðvesturhorni. Veggirnir eru 1 m á hæð og sjást þrenn umför af grjóthleðslu í þeim. Hólf 11 er sunnan við öll hin hólfin og var líklega kálgarður. Það er 20x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á miðri vesturhlið og annað í norðvesturhorni, við bæjarhúsin. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og mun greinilegri vestan til í hólfinu. Að austan afmarkast hólfið af þýfðum bakka. Að utanverðu sjást 3-4 umför í veggjunum en að innan sjást 2-3 umför.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JJ, 76; Ö-Nes a, 2; Sunnlenskar byggðir III, bls. 488, Túnakort 1920

ÁR-550:002 *Litla-Leður* bæjarstæði bústaður 63°49.473N 21°39.756V



"Í Austurtúni neðst var hjáleigan Litla-Leður. Það var við hliðið, þar sem var farið austur að vita. Tóftir Litla-Leðurs hafa nú verið sléttaðar út," segir í örnefnalýsingu Ness ÁR-549. Í Sunnlenskum byggðum III, segir: "Litla-Leður (Hjáleður). Þar bjuggu síðast Filippus Guðmundsson og Guðrún Friðriksdóttir bústýra, 1888-1904. Síðan í eyði. Árið 1922 er fasteignamat ekki skráð." Litla-Leður er 150 m sunnan við Stóra-Leður 001, austarlega innan gamla heimatúns Ness. Rúmum 30 m austan við bæjarstæðið er túngarður 549:008. Ennþá mótar fyrir uppsöfnuðum mannvistarlögum á bæjarstæðinu þrátt fyrir túnasléttun. Fyrir vestan bæjarstæðið er greinileg laut í túninu.



Mynd 168. Litla-Leður 002, horft til ANA.

Bæjarstæðið er í sléttu, grasivöxnu túni, beint austan við bæjarhól Ness 549:001.

Mikið rask sökum túnasléttunar hefur átt sér stað á bæjarstæðinu. Þó mótar enn fyrir þúst og veggjabrotum. Þústin er 24x10 m að stærð, 0,3-0,5 m á hæð og snýr norður-suður. Það mótar fyrir grónum hleðslum, eða veggjabrotum, í suður- og norðurhluta þústarinnar en hvergi sést glitta í grjót eða greinileg hólf. Veggjabrotin eru 0,3-0,4 m á hæð og algróin. Í norðurenda þústarinnar eru veggjabrotin einna greinilegust. Þar er L-laga hleðsla, 8x4 m að stærð og 0,6 m á hæð. Ekki sér til annarra mannvistaleifa nærri þústinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Nes a, 2; Sunnlenskar byggðir III, 488


ÁR-550:003 heimild traðir 63°49.563N 21°39.850V
Á túnakorti frá 1920 er merktur vegur til VNV frá Stóra-Leðri 001. Ekki er vitað hvort að þetta var heimreið, traðir eða gata. Öll ummerki leiðarinnar eru horfin, líklega sökum túnasléttunar.
Þar sem vegurinn lá er slétt, grasivaxið tún í halla til suðausturs, niður af hólrima.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-551 Erta

1847: Dýrleika ekki getið. Hjáleiga frá Nesi. JJ, 77. 1840: Hjáleiga frá Nesi. SSÁ, bls. 104 "Þar bjuggu Gísli G. Scheving og Valgerður Scheving 1889-1906. Sigurður Jónsson og Guðrún Þórðardóttir 1906-1929. Síðan í eyði." Sunnlenskar byggðir III, bls. 488

Túnakort 1920: Tún 0,9 ha, allt slétt. Matjurtagarðar 1290 m2.

Túnakort Ertu ÁR-551



Byggt á túnakorti frá 1920

ÁR-551:001 *Erta* bæjarhóll bústaður 63°49.537N 21°40.077V

"Í Vesturtúni voru þrjár hjáleigur: Neðst var Bartakot [ÁR-552] í miðju túni, og Erta var ofar og austar, rétt vestan við traðirnar [ÁR-549:021]. Þessi kot hafa bæði verið sléttuð út. Þórðarkot [ÁR-553] var norðvestur af Ertu, vestur undir mörkum."segir í örnefnalýsingu Ness ÁR-549. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Þar bjuggu Gísli G. Scheving og Valgerður Scheving 1889-1906. Sigurður Jónsson og Guðrún Þórðardóttir 1906-1929. Síðan í eyði." Erta er sýnd á túnakorti frá 1920. Bæjarhóll Ertu er ennþá greinilegur en bæjartóftirnar eru horfnar. Erta er innan gamla heimatúns Ness.



Mynd 169. Bæjarhóll Ertu 001, horft til norðvesturs.

Bæjarhóllinn er í sléttu, grasivöxnu túni sem nýtt er til sláttar. Í því eru víða rústahólar, bæði frá Nesi og öðrum hjáleigum þess. Túnið er í aflíðandi halla til norðausturs.

Bæjarhóllinn er nánast hringlaga, sléttur og grasivaxinn. Hann er 20 m í þvermál, 1,5 m á hæð og sker sig úr nánasta umhverfi. Töluvert af mannvistarlögum leynist án efa ennþá undir sverði þrátt fyrir túnasléttun. Ekki er vitað hvernig bæjarhúsin snéru eða hversu stór þau voru.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Nes a, 2, Sunnlenskar byggðir III, 488, Túnakort 1920

ÁR-551:002 heimild traðir 63°49.529N 20°40.103V

Á túnakorti frá 1920 er merktur vegur til suðvesturs frá bæ 001. Ekki er vitað hvort þetta voru traðir, heimreið eða upphlaðinn vegur. Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði sökum túnasléttunar.

Slétt, grasivaxið tún er á þessum slóðum.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-551:003 þúst útihús 63°49.551N 21°40.077V

Rústahóll er rúma 20 m NNV við bæ 001. Miðað við staðsetningu hólsins er hér um útihús eða jafnvel öskuhaug frá Ertu að ræða og er innan gamla heimatúnsins þar.



Mynd 170. Þúst 003, horft til vesturs.


Slétt, grasivaxið tún er á þessum slóðum.

Hóllinn er rúmir 5 m í þvermál og sléttað hefur verið yfir hann. Hóllinn er grasivaxin og hliðar hans aflíðandi. Hann er 0,2-0,5 m á hæð og áberandi þegar að er komið. Ekki sést móta fyrir veggjum eða örðu sem gefur nánara hlutverk hans til kynna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-552 Bartakot

1847: Dýrleika ekki getið. Hjáleiga frá Nesi. JJ,77.
1706: "Bartha Hialeiga, annað býli af fyrrnefndum xiii og xl álnum, og er hún kend við nafn ábúanda; áður til forna var hún kölluð Móakot og þriðja nafn i Þriote." JÁM II, 446. 1840: Hjáleiga frá Nesi. 1918: Bartakot I fór í eyði. Sunnlenskar byggðir III, bls. 488
1922: Bartakot II fór í eyði. Sunnlenskar byggðir III, bls. 488
Túnakort 1920: Tún 2,5 ha, allt slétt. Matjurtagarðar 760 m2.



Byggt á túnakorti frá 1920

ÁR-552:001 *Bartakot* bæjarstæði bústaður 63°49.541N 21°40.231V

"Í Vesturtúni voru þrjár hjáleigur: Neðst var Bartakot í miðju túni, og Erta [ÁR-552] var ofar og austar, rétt vestan við traðirnar [ÁR-549:021]. Þessi kot hafa bæði verið sléttuð út. Þórðarkot [ÁR-553] var norðvestur af Ertu, vestur undir mörkum." segir í örnefnalýsingu Ness. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Þar bjuggu Ásmundur Guðnason og Margrét Vigfúsdóttir, bústýra, 1887-1918. Síðan í eyði." Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1920. Bæjarhóll Bartakots er varðveittur en allar tóftir eru horfnar. Bartakot er innan gamla heimatúns Ness. Á fyrrihluta 20. aldar var tvíbýli í Bartakoti og gekk annar bærinn undir nafninu Bartakot II.



Mynd 171. Bæjarhóll Bartakots 001, horft til VNV.

Bæjarhóllinn er í sléttu, grasivöxnu túni sem nýtt er til sláttar. Í því eru víða rústahólar, bæði frá Nesi og öðrum hjáleigum þess. Túnið er í aflíðandi halla til norðausturs.

Bæjarhóllinn er 16x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er hæstur til norðvesturs, 1 m á hæð, en fjarar út til annarra átta. Hvergi sést móta fyrir veggjabrotum, hólfum eða öðrum mannvistarleifum á yfirborði sökum túnasléttunar. Ekki er vitað neitt um stefnu eða lögun bæjarhúsanna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Nes a, 2; Sunnlenskar byggðir III, 488, Túnakort 1920

ÁR-552:002 heimild traðir 63°49.548N 21°39.831V

Á túnakorti frá 1920 er merktur vegur til vesturs frá bæ 001. Ekki er vitað hvort þetta voru traðir, heimreið eða upphlaðinn vegur. Leiðin er horfin sökum túnasléttunar.

Slétt, grasivaxið tún er á þessum slóðum.


Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirboði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-553 Þórðarkot

1847: Dýrleika ekki getið. Hjáleiga frá Nesi. JJ, 77. 1840: Hjáleiga frá Nesi, nýbýli sem var tekið upp 1830 skv. sóknarlýsingu. SSÁ, 218 og 221. 1962: í eyði, sbr. Sunnlenskar byggðir III, bls. 488.
Túnakort um 1920 [ártal vantar]:Tún 0,9 ha, allt slétt. Matjurtagarðar 922 m2.



Byggt á túnkorti frá 1920

ÁR-553:001 *Þórðarkot* bæjarstæði bústaður 63°49.640N 21°40.317V

"Í Vesturtúni voru þrjár hjáleigur [...] Þórðarkot var norðvestur af Ertu [ÁR-551], vestur undir mörkum. Það er nokkurn vegin uppistandandi enn," segir í örnefnalýsingu Ness ÁR-549. Í Sunnlenskum byggðum III stendur: "Þar bjuggu Guðlaugur Hannesson og Guðrún Guðmundsdóttir 1895-1911. Guðmundur V. Halldórsson og Helga Erlendsdóttir, bústýra, 1911-1962. Síðan í eyði. [...] Öll hús eru ónýt." Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1920. Öll ummerki Þórðarkots eru horfin. Þar er sumarhús, á stöplum, sem ber sama nafn. Sólpallur er umhverfis bústaðinn og greinilegt að jarðvegi var mokað upp meðfram honum. Ekki er vitað hvort að bæjarhúsunum var rutt út áður en bústaðurinn var byggður eða hvort að þær eru ennþá varðveittar að hluta undir sólpallinum. Mögulegt er að ennþá finnst mannvist undir sverði.



Mynd 172. Þórðarkot, horft til austurs.

Bæjarstæðið er ofarlega í heimatúni Ness. Heimatúnið er í halla til suðurs og var bæjarstæðið á hólbarði. Slétt, grasivaxið tún er til allra átta.

Engin ummerki bæjarstæðisins sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna byggingar


Heimildir: Ö-Nes a, 2-3, Sunnlenskar byggðir III, 488, Túnakort 1920

ÁR-553:002 *Þórðarkotsbrunnur* brunnur brunnur 63°49.619N 21°40.434V

"Suðvestur af Þórðarkoti er Þórðarkotsbrunnur í merkjum milli Ness [ÁR-549] og Bjarnastaða [ÁR-554]. Þessi brunnur var tekinn í seinni tíð í félagi við Guðnabæ (ÁR-554:006)." Brunnurinn er inni á landareign Bjarnastaða og er merkjagirðingin er 3 m austan hans. Þórðarkotsbrunnur er 100 m suðvestur frá bæ 001 og rúma 30 m SSV við fjárhús 005.

Slétt, grasivaxið tún er umhverfis brunninn.





Mynd 173. Þórðarkotsbrunnur 002, horft til suðurs.

Brunnurinn er 4 m í þvermál. Umhverfis opið er gróin hleðsla, 0,3 m á hæð. Grjót sést í suðausturhorni hennar. Opið sjálft er 1 m í þvermál og vörubretti og grjót þar yfir til varnar búfénaði. Brunnurinn er hlaðinn og lítið sem ekkert skemmdur. Hann er að minnsta kosti 4 m djúpur. Vatnshæð í brunnum í Selvogi fór eftir sjávarstöðu og þessi var líklega engin undantekning.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Nes a, 3

ÁR-553:003 gerði kálgarður 63°49.612N 21°40.286V

Kálgarður er 120 m austan við Þórðarkotsbrunn 002 og rúma 40 m suðaustan við bæ 001. Kálgarðurinn er innan girðingar umhverfis sumarbústað (Þórðarkot) á bæjarstæði Þórðarkots. Girðingin er 20 m sunnan við kálgarðinn. Slétt, grasivaxið tún er allt umhverfis kálgarðinn. Hólrimar eru víða og túnið er í aflíðandi halla til suðurs.

Kálgarðurinn er 17x12 m að stærð, einfaldur og snýr austur-vestur. Norðurhlið hans er röskuð að hluta, líklega






Mynd 174. Kálgarður 003, horft til NNA.

sökum túnasléttunar. Veggirnir eru 0,4 - 0,7 m á hæð og sést glitta í 2 - 4 umför grjóthleðslu. Veggirnir eru hærri og greinilegri að utan. Ekkert skýrt op er inn í kálgarðinn né sést móta fyrir beðum. Lítill hóll, líklega uppsöfnun á jarðvegi sökum sléttunar, er í norðvesturhorni hans.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-553:004 heimild traðir 63°49.638N 21°40.296V
Á túnakorti frá 1920 er merktur vegur til austurs frá bæ 001. Ekki er vitað hvort þetta var heimreið, gata eða upphlaðinn vegur. Öll ummerki leiðarinnar eru horfin sökum túnasléttunar.
Slétt, grasivaxið tún er á þessum slóðum.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-553:005 tóft fjárhús 63°49.638N 21°40.408V
Tæpum 80 m vestan við bæ 001 og rúmum 30 m norðaustan við Þórðarkotsbrunn 002 er tóft. Á örnefnauppdrætti Ómars Smára Ármannssonar er hún kölluð fjárhús. Þau eru við mörk Bjarnastaða ÁR-554 og afmarkar landamerkjagirðing (gaddavír) vesturhlið fjárhúsanna.



Fjárhúsin eru í sléttu, grasivöxnu túni.
Á þessum stað eru tvær tóftir á svæði sem er 32x24 m að stærð og snýr norður-suður. Á milli þeirra er gerði sem tengir þær saman. Var hverju mannvirki gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Tóft A er til austurs. Hún er 7x5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld og op er á miðjum austurvegg, ekki inn í gerðið. Veggirnir eru reisulegir, 1-1,5 m á hæð og sjást 5-6 umför grjóthleðslu í þeim. Veggirnir eru hæstir að vestan og algrónir þar. Þak var á tóftinni, bárujárn sést inni í henni og timburleifar. Tóft B er 6 m sunnan við tóft A og er fjárhús. Fjárhúsin eru 10x8 m að stærð, snúa norður-suður og eru einföld. Veggirnir eru reisulegir, 0,4-1,6 m á hæð. Þeir eru lægri að utan, líklega vegna sands sem safnast að þeim. Það eru 4-9 umför grjóthleðslu í þeim. Op er á miðri suðurhlið sem og í norðvesturhorni, inn í gerðið. Fyllt hefur verið upp í suðuropið, líklega eftir að tóftin féll úr notkun. Austurveggur tóftarinnar er fallinn niður að hluta inn í tóftina. Grjóthlaðinn garði liggur eftir tóftinni endilangri. Hann er 0,5 m á hæð og algróinn. Bárujárnsþak var yfir tóftinni og sést það ennþá ofan á veggjum og inni í tóftinni sjálfri. Túngarður C tengir tóft A og fjárhús B





Mynd 175. Tóft 005, hortft til vesturs og ANA.

saman og afmarkar lítið tún eða gerði. Hann er "bak við" tóftirnar (til vesturs og norðurs). Svæðið er 30x24 m að stærð, snýr norður-suður og er einfalt. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 0,4-1,2 m á hæð. Það má greina 4-9 umför af grjóthleðslu í þeim. Víða er gróið yfir vegginna innan í gerðinu og greinileg jarðvegssöfnun þar á stöku stað. Gerðið er einnig slétt og grasivaxið að innan. Vesturhlið þess afmarkast af gaddavírsgirðingu en afar líklegt er að þar hafi áður verið hleðsla sem vék við lagningu hennar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ómar Smári Ármannsson: Minjakort


ÁR-554 Bjarnastaðir

1847: Bændaeign, 10 hdr. JJ, 77. 1313: Bjarnastaða er getið í máldaga kirkjunnar í Nesi: Tijvnd liggur þar til af heima monnvm og af Biarnastodum. og halfer lysitollar." DI II, 378. 1397: Getið í máldaga Ness: "tyund liggur þar til heimamanna oc af Biarnastodum." DI IV, 99. 1501: Bæjarins er getið í jarðaskiptabréfi sem ritað er á Möðruvöllum 18. september. Þar er jörðin látin í skiptum ásamt fleiri jörðum á svæðinu og metin á 40 hdr. DI VII, bls. 583. 1508: Getið í kaupmálabréfi, metin á 40 hdr. DI VIII, bls. 230. 1510: Jarðarinnar getið í dómi um eignaskipti. DI VIII, bls. 322. 1706: "Jarðardýrleiki xl og so tíundast enn nú." JÁM, 449. 1960: Íbúðarhúsið á Bjarnastöðum brennur, fluttist þá ábúandinn í íbúðarhúsið í Guðnabæ." Sunnlenskar byggðir III, bls. 489.
Túnakort 1920: Tún 7,7 ha, þar af 4/5 sléttir. Matjurtagarðar 1485 m2. "Lýngrif og þángskurður brúkast til eldiviðar og er hvorutveggja af skorti. Selveiði má hjer ekki nafn gefa, þótt nokkrum sinnum hafi ábúendur slysað sel með nótum, einn eður öngvan á ári, öðruhverju eður skjaldnar. Rekavon er lítil...Sölvafjara gagnvæn heimamanna brúkun...Heimræði ár um kríng og lendíng í betra lagi af þessari sveit. Túnið fordjarfar sandur að ofan, en sjávargángur og veður að framan. Engjar eru öngvar..." JÁM II, 450 Jörðin Bjarnastaðir er nokkuð landmikil, þurrlend, en að mestu algróin. Fjörubeit er mjög góð, beitiland er ógirt. Útræði var fyrr á árum." Sunnlenskar byggðir III, bls. 489



ÁR-554:001 *Bjarnastaðir* bæjarhóll bústaður 63°49.516N 21°40.592V

"Bærinn stóð á allbreiðum hól neðanvert við mitt tún," segir í örnefnaskrá Bjarnastaða. Í Sunnlenskum Byggðum III segir: "Jörðin Bjarnastaðir er nokkuð landmikil, þurrlend, en að mestu algóin. [...] Íbúðarhúsið á Bjarnastöðum brann 1960, fluttist þá ábúandinn í íbúðarhúsið í Guðnabæ [sjá 554:006]. [...] Árið 1962 kaupið Teitur Eyjólfsson jörðina og er hún ábúendalaus síðan,". Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1920. Síðustu ummerki torfbæjarins á Bjarnastöðum sjást ennþá á bæjarhólnum og honum lítið verið raskað. Yngri útihús, byggð á 20. öld, eru öll norðaustan og vestan við bæjarhólinn. Bærinn er 50-60 m frá nýlegum sjóvarnargarði, sunnarlega innan gamla heimatúnsins.



Bæjarhóllinn er í sléttu túni, nærri fjöruborði. Túnið er grasivaxið og rústahólar eru hér og þar ásamt 20. aldar mannvirkjum.

Bæjarhóllinn er 52x38 m að stærð, 2,6 m á hæð og snýr NNV-SSA. Á honum eru tóftir bæjarhúsanna (hólf 1-7), kálgarður (hólf 8) og útihús (tóft B). Bæjarhóllinn er hæstur til norðurs, 1,5 m á hæð, og greinilegt að mikil mannvistarlög leynast undir sverði. Mögulega er þar öskuhaugur. Víða má sjá grjót í hólnum og óljóst mótar fyrir dældum. Bæjarröndin snéri mót suðri, í átt að sjó. Bæjarhúsin eru 42x18 m að stærð og bæjarhóllinn er greinilegur norðan þeirra. Kálgarðurinn er sunnan bæjarins og er ekki sambyggður þeim. Tóft B er sambyggð austurvegg kálgarðsins.

Lýsing bæjarhúsanna hefst austast í hólfi 1. Það er 5x3 m að innanmáli, einfalt og snýr austur-vestur. Op er á miðri suðurhlið sem tilheyrði bæjarröndinni. Veggirnir eru 1-1,6 m á hæð og grjóthlaðnir. Hleðslan er úr sléttu fjörugrjóti. Mest má greina 12 umför af grjóthleðslu og á stöku stað er steinsteypa á milli steina. Vestur- og hluti suðurveggsins eru teknir að hrynja. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 9x2 m að innanmáli, einfalt og snýr norður-suður. Þetta eru líklega bæjargöng. Op er á suðurhlið en jarðvegsbálkur er yfir norðurenda og síðan bæjarhóllinn enn norðar. Fjallað verður um jarðvegsbálkinn síðar í þessari lýsingu. Veggirnir eru 0,4-1,3 m á hæð og grjóthlaðnir. Mest má greina átta umför af grjóthleðslu en nokkuð er tekið að hrynja úr henni. Hólf 3 er vestan við hólf 2. Það er 7x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólfið er opið til suðurs og tilheyrði bæjarröndinni. Veggirnir eru 0,2-1 m á hæð og grjóthlaðnir. Greina má 3-6 umför af grjóthleðslu í þeim. Vestur- og norðurveggur eru raskaðir vegna hruns. Hólf 4 er vestan við hólf 3. Það er 7x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Sem fyrr er það opið til suðurs og tilheyrði bæjarröndinni. Veggirnir eru 0,2-1,2 m á hæð, mest má greina níu umför grjóthleðslu. Vesturveggurinn er horfinn, einungis grónar undirstöður hans eru eftir. Hólf 5 er vestan við hólf 4. Það er 6x6 m að innanmáli og hvergi mótar fyrir opi. Líklega var það á austurvegg, þar eru nú einungis undirstöðurnar eftir líkt og fyrr kom fram. Steinsteypa er yfir grjóthleðslum í suðurvegg en þeir eru 0,3-2,3 m á hæð. Mest má greina 10 umför af grjóthleðslu í þeim. Veggirnir eru hæstir í norðvesturhorni. Mögulega eru þetta undirstöður íbúðarhúss sem var hér. Hólf 6 er norðvestan við hólf 5. Það er 2x2 m að innanmáli og opið til vesturs. Veggirnir eru 1,2 m á hæð má greina 10 umför grjóthleðslu. Hólf 7 er norðan við hólf 6. Það er mikið raskað. Það er 3x3 m að innanmáli og opið til vesturs. Veggirnir eru 0,8-1 m á hæð og má greina sex umför af grjóthleðslu í þeim. Fyrir austan hólf 7 og norðan við hólf 1-6 eru jarðvegsbálkur og bæjarhóllinn sem fyrr var nefnt. Hóllinn afmarkast að hluta til af hleðslu til norðurs. Hún er 10 m að lengd, 0,5 m á hæð og greina má 3 umför af grjóthleðslu þar. Bálkurinn er þó mun stærri en þessi hleðsla og mannvist greinilega þar undir sverði. Dældir og veggjarbrot eru víða og greinileg uppsöfnun mannvistarlaga. Hólf 8 er fyrir sunnan og austan



Mynd 176. Bæjarhóll 001, horft til norðurs og norðvesturs.

bæjarhúsin og er grjóthlaðið garðlag, líklega kálgarður. Veggirnir eru 0,6-0,8 m á hæð. Mest má sjá 8 umför grjóthleðslu í þeim. Suðurhliðin er horfin að hluta sem og sú vestari, þar eru 20. aldar byggingar. Op er á miðri suðurhlið og annað á austurhlið, fast sunnan við útihús B. Þar lágu traðir 030 heim að bæ. Útihús B er sambyggt austurhlið hólfsins að hluta. Útihúsið er 5x3 m að stærð, einfalt og snýr norður-suður. Op er á miðri austurhlið, út á heimatúnið. Það eru 3 m löng "göng" inn í sjálft útihúsið, veggjaþykktin er slík. Veggirnir eru stæðilegir, 1,5-2 m á hæð og má greina 9 umför grjóthleðslu í þeim. Steinsteypa er einnig á stöku stað milli umfara. Bárujárn var greinilega notað í þakið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 1-2, Sunnlenskar byggðir III, 489, Túnakort 1920

ÁR-554:002 heimild túngarður 63°49.498N 21°40.463V
"Á túngarði austan Bjarnastaða var hlið", segir í örnefnaskrá Bjarnastaða. Að sögn Þórðar Sveinssonar, heimildamanns, voru hlaðnir túngarðar umhverfis alla bæi í Selvogi, þeir eru nú flestir horfnir í slétt tún. Á túnakorti frá 1920 er sýnd punktalína umhverfis heimatúnið og sýnir það að öllum líkindum legu túngarðsins. Leið 731:001 í gegnum Selvoginn lá um hliðið en öll ummerki túngarðsins eru horfin.
Slétt, grasivaxið tún er hér. Túnið er sandborið og stutt niður á grjót.
Ekki má greina túngarð Bjarnastaða á yfirborði sökum túnasléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 2, Túnakort

ÁR-554:003 *Fjóshóll* þúst fjós 63°49.541N 21°40.617V
"Vestur eða norðvestur af bæ, alveg við hann, er Fjóshóll. Það er hnöttóttur hóll, líklega gróinn klapparhóll." segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1920 er sýnt útihús um 60 m norðvestan við bæ 001 og er hér um sama staða að ræða. Fjóshóll er tæpa 60 m norðvestur af bæ 001 og útihús 027 er fast við norðvesturhorn hans, einungis 3 m eru á milli. Hóllinn er rústahóll og greinilegt að mannvist leynist undir sverði í honum.
Fjóshóll er í sléttu grasivöxnu túni. Stutt er niður á sand og grjót gegnum svörð.
Fjóshóll er 25 m í þvermál og sléttur í toppinn. Hann er rúmlega 2 m hár, grasivaxinn og sléttur. Hóllinn er hæstur að vestan og norðan, rúmlega 2 m og hliðarnar brattar. Hann fjarar út til annarra átta. Óljóst mótar fyrir dæld í SSV-horni. Greinilega er búið að ryðja út þeim tóftum sem hér voru og slétta yfir.



Mynd 177. Fjóshóll 003, horft til norðvesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 2; Túnakort 1920

ÁR-554:004 heimild brunn 63°49.485N 21°40.600V
"Tveir brunnar [sjá 005] voru á Bjarnastöðum. Eldri brunnurinn var í miðju Gerðinu [sjá 029]," segir í örnefnaskrá Bjarnastaða. Eldri brunnurinn er merktur inn á minjakort Ómars Smára Ármannssonar af Selvogi. Brunnurinn var 60 m sunnan við bæ 001 og 30 m suðvestan við brunn 005. Hann er horfinn, líklega sökum fyllingar.
Þar sem brunnurinn var er grasivaxið, sendið tún. Grjót kemur víða uppúr sverði.
Engin ummerki brunnsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 2; Ómar Smári Ármannsson: Minjakort


ÁR-554:005 brunnur brunnur 63°49.498N 21°40.577V
"Tveir brunnar voru á Bjarnastöðum. Eldri brunnurinn [sjá 004] var í miðju Gerðinu [sjá 029], en annar yngri nær bæ, alveg við traðirnar [sjá 030]." Brunnurinn er tæpum 35 m suðaustan við bæ 001 og bryggja 012 liggur til suðurs frá honum. Ofan á brunnopinu er fiskikar og vörubretti til varnar búfénaði.
Brunnurinn er í sendnu, grasivöxnu túni.
Brunnurinn er enn varðveittur og er grjóthlaðinn. Hann er 6x5 m að stærð og snýr austur-vestur á yfirborði. Brunnurinn er greinilega djúpur, band með lóði hangir úr farginu og heldur því á sínum stað. Það sjást a.m.k. 10 umför af grjóthleðslu í brunninum en það sést ekki vel ofan í hann sökum fargsins ofan á honum. Brunnopið er 1 m í þvermál. Fyrir austan brunninn 0,3 m há, bogadregin hleðsla og grjótdreif. Steypuklumpur er einnig fast sunnan við opið.



Mynd 178. Brunnur 005, horft til norðurs.

Líklega var brunnhús á þessum stað sem hefur verið rifið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 2

ÁR-554:006 *Guðnabær* bæjarhóll bústaður 63°49.662N 21°40.499V
Guðnabær er talinn hjáleiga Bjarnastaða í sóknarlýsingu 1840 en var skv. henni var bærinn nýbýli, upptekið 1826. Í JJ segir í neðanmálsgrein: "Prestur nefnir og Guðnabæ sem hjáleigu, en þar eð býla tölunni þannig að eigi ber heim við hreppstjóra, er Guðnabær hér ótalinn." "Efst við traðirnar [sjá 030] heim að Bjarnastöðum, vestan við þær, var Guðnabær, hjáleiga frá Bjarnastöðum, nú löngu komið í eyði," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Íbúðarhúsið í Guðnabæ var byggt 1949 úr holsteini." Það hús er ekki byggt á bæjarhólnum heldur austan hans, handan við traðir 030. Guðnabær virðist hafa farið í eyði 1962 þegar jörðin er seld.
Bæjarhóll Guðnabæjar er í sléttu, grasivöxnu túni. Þar umhverfis er nokkuð af hólum, líklega mest rústahólar. Þeir eru skráðir undir Bjarnastöðum sem og Beggakoti




ÁR-555.
Á svæði sem er 100x40 m að stærð og snýr norður-suður eru túngarður, bæjarhóll og þúst. Var þeim gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Bæjarhóll Guðnabæjar, er 32x28 m að stærð og snýr norður-suður og er nánast í miðju svæðisins. Á honum eru varðveittar rústir bæjarins (tóft A) sem búið var í til ársins 1949 auk útihúss (tóft B). Tóft A er steinsteyptur grunnur og veggir eru varðveitt að sunnan en til norðurs eru hlaðnir veggir, hólf og jarðvegsbálkur. Tóftin er 22x20 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í 8 hólf. Norðvestast er hólf 1 sem er 6x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hluti þaksins er ennþá uppistandandi. Veggirnir eru 1,3 m á hæð og sjást greinilega 5 umför grjóthleðslu. Þakið liggur yfir hólfinu en það er opið til



Mynd 179. Guðnabær 006, horft til austurs og NNA.

vesturs. Hólf 2 er sunnan við hólf 1. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er í suðvesturhorni. Veggirnir eru 1-2 m á hæð og sjást mest 9 umför grjóthleðslu í þeim. Bárujárn var í þaki og það hrunið inn í hólfið. Austan við þessi tvö hólf eru jarðvegsbálkur og mikil mannvist undir sverði. Hólf 3-8 tilheyra steinsteyptum húsum. Ekki var hægt að fara inn í þau öll vegna braks úr þaki og rusli sem þar hefur verið safnað saman. Hólf 3-5 voru líklega bæjarhús en hólf 6-7 útihús. Veggirnir eru ennþá uppistandandi að mestu, 1-4 m háir. Einnig sjást gluggar og dyr. Hólf 8 er hlaðið og er norðan við steinsteyptu hólfin. Það er 8x6 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er til austurs og annað á suðurvegg, yfir í fyrrnefnd hús. Veggirnir eru 1,3-1,8 m á hæð og glittir víða í grjót. Suðurveggurinn er steinsteyptur. Fyrir sunnar bæjarhúsin mótar fyrir hólfi 9. Það var líklega kálgarður. Vestur- og hluti af suðurhlið eru enn varðveitt. Hólfið er 16x12 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,2-0,6 m á hæð og mest má greina 2 umför grjóthleðslu í þeim. Lítil dæld er fast sunnan við veggina og glittir í grjót inni í henni. Tóft B er 12 m suðaustan við tóft A, fast vestan við traðir 030. Hún er 8x6 m að stærð, snýr austur-vestur og er tvískipt. Hólf 1 er norðar. Það er 5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru hlaðnir að utan en steinsteyptir að innan. Að utan eru þeir 0,6 m á hæð og glittir víða í grjót. Að innan eru veggirnir 2 m á hæð og hólfið niðurgrafið. Op er á miðri suðurhlið, yfir í hólf 2. Það hólf er 4x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er opið til suðurs. Veggirnir eru 1 m á hæð og sjást 5 umför af grjóthleðslu í þeim. Þúst C er 40 m suðvestan við tóft A. Hún er 8 m í þvermál og 0,5-0,8 m á hæð. Hún er slétt, grasivaxin en afar líklegt að mannvist leynist undir sverði og er líklegt að þarna hafi staðið útihús. Umhverfis þessar þrjár tóftir er grjóthlaðinn túngarður/landamerkjagarður. Hann sést til vesturs og suðurs og sameinast túngarði 549:008 til norðurs en hann afmarkar þá hlið. Túngarðurinn er útflattur 1-3 m á þykkt en greinilega er búið að slétta yfir hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: SSÁ, 218, 221; JJ, 77; Ö-Bjarnastaðir, 2; Sunnlenskar byggðir III, 490

ÁR-554:007 *Klöpp* bæjarhóll býli 63°49.724N 21°40.513V
Nokkru vestar en Guðnabær [006] var þurrabúð, nefnd Klöpp, stóð hún ofan garðs [549:008]," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Klöpp. Býlið hét áður Útrek en árið 1916 breytti nýi ábúandinn nafni býlisins í Klöpp. Fór í eyði 1951 og er hvorki getið í fasteignamati 1922 né 1977." Bæjarhóllinn og bæjarhúsin í Klöpp eru varðveitt tæpum 400 m norðan við bæ 001 og rúmum 100 m norðan við Guðnabæ 006. Minjarnar samanstanda af bæjarhól, bæjarhúsum, þremur stakstæðum útihúsum, kálgarði, hleðslu og mögulegum brunni. Bærinn er norðan við túngarð 549:008.



Slétt, grasivaxið tún er allt umhverfis Klöpp. Túnið er nýtt til hrossa- og sauðfjárbeitar. Í því eru lágir, náttúrulegir hólar og stakir hraunklettar.

Á svæði sem er 130x100 m og snýr norðaustur-suðvestur er tóftaþyrping. Var hverri tóft gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Bæjarhóllinn er í miðju svæðisins. Hann er 40x35 m að stærð, 1,6 m á hæð og snýr VNV-ASA. Tóft A eru bæjarhúsin sem standa á bæjarhólnum. Tóftin er 19x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Hólf 1 er vestar. Það er 9x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólfið er opið til suðurs. Veggirnir eru hlaðnir en þunnt lag af steinsteypu er á milli steinanna. Veggirnir eru 1,5-2 m að hæð. Þeir eru lægri að innan og þar má greina 8-10 umför af grjóthleðslu. Að utan eru þeir algrónir. Lag og gerð hólfsins bendir til þess að hér hafi verið



Mynd 180. Klöpp 007, tóft E til vinstri og bæjarhóllinn til hægri.

timburhús, líklega á tveimur hæðum. Hólf 2 er austar. Það er 2x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Útveggur hólfsins er bogadreginn og algróinn. Veggirnir eru 0,5 m áhæð og má greina 2-3 umför grjóthleðslu í þeim. Ekki er op inn í hólfið. Mikill munur er á gerð hólfa 1 og 2. hið síðara er með mun lægri og smærri hleðslum. Líklega var það ekki undir þaki. Tóft B er 7 m suðvestan við tóft A. Þetta er útihús sem er ennþá undir þaki. Það er 7x4 m að stærð, snýr austur-vestur og er einfalt. Dyr eru í suðausturhorni. Þær eru 0,4 m á hæð en gólfið er niðurgrafið. Lofthæð er inni í útihúsinu er um 1,5 m. Útihúsið er byggt inn í bæjarhólinn til norðurs og einungis þakið sjáanlegt frá bænum. Op er komið í þakið á einum stað. Útihús C er 20 m vestan við tóft A. Það er einnig undir þaki. Það er við vesturhlið bæjarhólsins og byggt inn í hann. Útihúsið er 4x4 m að stærð og er einfalt. Dyr eru til vesturs og eru timburstoðirnar ennþá í þeim. Dyrnar eru 0,5 m á hæð en útihúsið er niðurgrafið og ekki hægt að fara þar niður. Líklega 1-1,5 m niður á gólf. Kálgarður D er sunnan og suðvestan við tóft A. Hann er 30x30 m að stærð og skiptist í 2 hólf. Hólf 1 er austar. Það er 20x17 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hólfið liggur að bæjarhólnum og tóftunum þar til norðurs. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 0,3-0,4 m á hæð. Ekki má greina skýr umför heldur glittir í grjótið í gegnum gras. Veggirnir eru 0,5-1,5 m á breidd. Hólf 2 er vestar. Það er 13x13 m að innanmáli og eru veggir eins og í hólfi 1. Op er í suðausturhorni. Tóft E eru

fjárhús. Þau eru 19x19 m að stærð, snúa SSV-NNA og skiptast í sex hólf. Lýsingin hefst í hólfi 1 sem er nyrst. Það er 7x5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1-2 m á hæð og má greina 9 umför grjóthleðslu í þeim. Gólfið er niðurgrafið og var þetta hlaða. Op er á suðurhlið, yfir í hólf 2 og 3. Annað op var líklega í suðausturhorni, yfir í hólf 5 en grjóthrun er þar. Hólf 2 er SSV við hólf 1. Það er 9x3 m að innanmáli og snýr




Mynd 181. Garðlag 007 F til vinstri og tóft 007 E til hægri.

SSV-NNA. Op er til suðurs og annað til norðurs. Óljóst mótar fyrir þriðja opinu í norðausturhorni. Veggirnir eru 1-1,2 m á hæð og má sjá mest 4 umför grjóthleðslu í þeim. Töluvert veggjahrun er inni í hólfinu sjálfu. Hólf 3 er austan við hólf 2. Það er 11x3 m að innanmáli og snýr SSV-NNA. Op er á miðjum suðurvegg og annað á miðjum norðurvegg. Veggirnir eru 1-1,7 m á hæð og má greina 8 umför grjóthleðslu. Grjóthlaðinn garði er upp við suðurhluta austurveggjar. Hún er 0,4 m á hæð. Grjóthrun liggur yfir stórum hluta garðans. Hólf 4 er austan við hólf 3. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr SSV-NNA. Hólfið er opið til suðurs. Veggirnir eru 1,3-1,6 m á hæð og má sjá 7 umför af grjóthleðslu í þeim. Hólf 5 er norðan við hólf 6. Það er 3x3 m að innanmáli en ekki má greina op. Líklega var það til vesturs en hrun þar yfir. Veggirnir eru 0,7 m á hæð og má sjá 4 umför grjóthleðslu. Hólf 6 er austast í tóftinni. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Steinsteyptur sökkull er undir veggjum en annast eru þeir hlaðnir. Veggjahæð er 1 m og þar má greina 4 umför grjóthleðslu. Op er á austurvegg. Sigin hleðsla liggur til suðvesturs frá tóftinni. Hún er 0,2 m á hæð og eru þetta stakir steinar í röð. Ekki er vitað hvaða tilgangi hún þjónaði. Hleðsla F er 50 m vestan við fjárhús E. Hún er L-laga, 30x5 m að lengd. Hún liggur til SSV frá gaddavírsgirðingu og sveigir til austurs og endar í túni. Hleðslan er grjóthlaðin og má greina 1-2 umför af einfaldri steinaröð. Líklega var girt ofan á hleðsluna. Líklega er brunnur G tæpum 50 m ASA við bæ 001. Þar sést hringlaga upphækkun sem minnir á brunn á yfirborði. Hún er 1 m í þvermál, 0,2 m á hæð og algróin. Ekki sést op niður í brunnopið, líklega sökum fyllingar. Þúst H er fast sunnan við tóft A, innan kálgarðs D. Hún er 5x2 m að stærð, snýr austur-vestur og er 0,3 m á hæð. Þústin er grasivaxin og slétt. Á loftmynd sést túngarður sem liggur til vesturs frá fjárhúsum E, sveigir til suðurs og endar við kálgarð D. Að austan er túngarðurinn er verr varðveittur en líklega afmarkaði hann svæði sem er 160x65 m að stærð og snéri austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 2; Sunnlenskar byggðir III, bls. 490

ÁR-554:008 heimild býli


Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: " Hjáleigur hafa hjer verið þrjár [sjá 024 og 033], sem grasnautn höfðu; tvær af þeim hafa í auðn verið ix ár eður lengur, ekki var þeim tveimur nafn gefið nema af heitnum ábúendum, menn vita akki hverjir kostir á þeim voru." Hér er önnur nafnlausa hjáleigan skráð en ekki er lengur hægt að staðsetja hana enda engar þekktar upplýsingar um hvar hún var.

Heimildir: JÁM II, 451

ÁR-554:009 tóft fjárhús 63°49.619N 21°40.486V

Tóft er 80 m sunnan við Guðnabæ 006 og rúmlega 200 m norðaustan við bæ 001. Hún er merkt fjárhús á örnefnauppdrætti Ómars Smára Ármannssonar. Ekki er vitað hvort að fjárhúsin tilheyrðu Bjarnastöðum eða Guðnabæ 006. Fast vestan við fjárhúsin liggja traðir 030.





Mynd 182. Útihús 009, horft til norðurs.

Fjárhúsin eru í sléttu, grasivöxnu túni. Þau eru á náttúrulegum hólrima, vestan Þórðarkotsbrunns ÁR-553:002.

Fjárhúsin eru 16x10 m að stærð og snúa austur-vestur. Tóftin skiptist í tvö hólf. Austar er hólf 1. Það er 6x6 m að innanmáli og op er á miðjum suðurvegg. Veggirnir eru 1-1,2 m á hæð og sjást 3-7 umför grjóthleðslu í þeim. Hleðslan er tekin að hrynja í norður- og vesturvegg. Grjóthlaðin garði er meðfram austurvegg. Hann er 0,3 m á hæð og má greina 3 umför hleðslugrjóts. Hólf 2 er vestar. Það er 8x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Vesturhlið hólfsins er opin að hluta, yfir í traðir 030. Sá veggur er mikið raskaður og nánast horfin. Veggirnir eru 0,3-0,8 m á hæð og grjóthlaðnir. Það má sjá 4 umför grjóthleðslu. Þetta var líklega rétt eða aðhald og ekki undir þaki.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ómar Smári Ármannsson: Minjakort

ÁR-554:010 *Bjarnastaðarétt* hleðsla rétt 63°49.502N 21°40.702V

" [...] nokkru neðan við Borgarvik [sjá 018 og 019] er Bjarnastaðarétt eða Miðvogsrétt, neðst í Gerðinu [sjá 029] innan við sjóvarnargarðinn," segir í örnefnalýsingu Bjarnastaða. Bjarnastaðarétt var tæpum 100 m suðvestan við bæ 001 og 90 m VNV við brunn 004. Sjóvarnargarður er 30 m til suðurs frá áætlaðri staðsetningu réttarinnar.

Þar sem Bjarnastaðarétt var er nú sendið tún. Stutt er niður á grjót og stendur það víða uppúr sverði.

Neðst (syðst) og vestast í Gerðinu (sjá 029] má sjá óreglulega grjótdreif. Ekki er um skýrar hleðslur og veggi að ræða. Dreifin er einna skýrust til austurs og má með góðum vilja greina vegg. Einnig má greina grjótdreif til vesturs. Ekki er vitað af hverju réttin er horfin af yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 1-2

ÁR-554:011 hleðsla varnargarður 63°49.473N 21°40.506V

"Á sjávarkampinum niður af Bjarnastöðum, Bjarnastaðakampi, var hlaðinn sjávargarður og hlið í hann niður af tröðunum [sjá 030]." Ekki er hægt að ákveða án nánari heimilda hvort núverandi sjóvarnargarður sé hinn sami og getið er í örnefnaskrá. En greinilegt er að nýlega er búið að stækka og endurbæta sjóvarnargarðinn. Stórt sprengigrjót er komið á stórum kafla að sunnan og hvergi sjást greinilegar hleðslur. Til norðurs er grjótið smátt. Núverandi sjóvarnargarður liggur fyrir sunnan allt fjöruborð Selvogar og er rúmlega 2 km að lengd . Hann er 5 m breiður í grunninn og 2,5 m á hæð.

Grýtt fjara og strandlengja er fyrir sunnan sjóvarnargarðinn en gróin tún til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 3



Mynd 183. Varnargarður 011, horft VSV.

ÁR-554:012 *Bryggjan* hleðsla samgöngubót 63°49.491N 21°40.575V

"Garðbrot, sem lá frá bæjarhúsunum niður með sjávargötunni, var nefnt Bryggjan. Bryggjan var til að ganga eftir, því að tjörn myndaðist fyrir ofan kampinn," segir í örnefnalýsingu. Hún er sýnd á túnakorti frá 1920 og merkt sem vegur. Bryggjan liggur til suðurs frá brunni 005 og hverfur við hlið á girðingu fast norðan við sjóvarnargarð 011.

Slétt, grasivaxinn en jafnframt sendin tún eru á þessum slóðum. Grjót kemur víða uppúr sverði.

Bryggjan sést á tæplega 40 m löngum kafla og snýr NNV-SSA. Hún er grjóthlaðin, 0,3-0,4 m á hæð og 2,5 m á breidd. Hún er grasivaxin. Ekki má greinar skýrar hleðslur heldur glittir víða í grjót.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 3; Túnakort 1920



Mynd 184. Bryggjan 012, horft til suðurs.

ÁR-554:013 *Þorsteinsbúð* heimild sjóbúð 63°49.497N 21°45.579V

"Þar yzt fyrir ofan kampinn var gömul sjóbúð, Þorsteinsbúð. Tóftin af henni hefur staðið til skamms tíma og verið notuð sem kartöflugeymsla," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar Þorsteinsbúð var nákvæmlega en samkvæmt Þórði Sveinssyni, heimildamanni, var hún nærri brunni 005, ofan við Bryggju 012. Sjóbúðin var um 40 m suðaustan við bæ 001.

Hér er mögulega átt við tóft 554:001 B sem er á bæjarhólnum. Það er þó ekki hægt að staðfesta án frekari heimilda. Á þessum slóðum er slétt, grasivaxið tún. Það er sendið og víða kemur grjót uppúr sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 3

ÁR-554:014 *Markasker* heimild landamerki 63°49.473N 21°40.452V
"Fremst á mörkum Ness og Bjarnastaða er Selós við Selasker, sem er alllangt úti fram undan Neslóni. Þar upp af er flatt sker í fjörunni, Markasker, sem er á mörkum. Á það eru klappaðir stafir, LM." segir í örnefnalýsingu. Bjarnastaðafjara er grýtt á köflum og sandflákar inn á milli. Skrásetjari kom ekki auga á Markasker enda flóð þegar hann var á ferðinni. Að sögn Þórðar Sveinssonar, heimildamanns, á áletrunin ennþá að vera greinileg.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 2

ÁR-554:015 heimild sjóbúð 63°49.463N 21°40.556V
"Sjóbúðir voru austan hliðsins á kampinum," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Þórðar Sveinssonar, heimildamanns, eru sjóbúðirnar horfnar. Þar er nú mun breiðari sjóvarnargarður en áður var og efnistaka á svæðinu. Mögulega hurfu þær af þeim sökum. Hvergi mótar fyrir uppsöfnuðum mannvistarlögum á þessum slóðum. Sjóbúðin var 100 m SSA við bæ 001 og 40 m suðaustan við Gerði 029.
Norðan við sjóvarnargarðinn er grasivaxið svæði en grýtt fjara til suðurs.
Engin ummerki sjóbúðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 4

ÁR-554:016 heimild herslubyrgi 63°49.459N 21°40.617V
"Sjóbúðir [sjá 015] voru austan hliðsins á kampinum, en vestan hliðsins voru fiskbyrgi,"segir í örnefnalýsingu. Fiskibyrgin eru horfin en að sögn Þórðar Sveinssonar heimildamanns voru þau fjölmörg. Þar er nú mun breiðari sjóvarnargarður en áður var og efnistaka á svæðinu og gætu byrgin hafa vikið í þeim framkvæmdum. Hvergi mótar fyrir uppsöfnuðum mannvistarlögum á þessum slóðum. Herslubyrgin voru rúmum 100 m SSV við bæ 001 og 50 m vestan við sjóbúð 015.
Norðan við sjóvarnargarðinn er grasivaxið svæði en grýtt fjara til suðurs.
Engin ummerki fiskibyrgjanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 4

ÁR-554:017 *Bjarnastaðanaust* heimild naust 63°49.469N 21°40.485V
"Upp af vörinni [sjá 034] var Bjarnastaðanaust. Sjór hefur nú sléttað það út," segir í örnefnalýsingu. Fjaran en grýtt en inn á milli eru sléttir sandflákar. Grýttir tangar ganga út í skerjagarð sem er skammt utan fjörunnar. Naustið var 120 m suðaustan við bæ 001 og 20 m ASA við varnargarð 011, líklega nærri fjöruborði.
Engin ummerki naustsins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 4

ÁR-554:018 *Bjarnastaðaborgir* heimild fjárskýli 63°49.475N 21°40.704V
"Nokkru vestar [en Bjarnastaðalækur] stóðu Bjarnastaðaborgir, tvær fjárborgir á kampinum, en þær tók af í flóðinu mikla 25. febr. 1925," segir í örnefnalýsingu. Sjóvarnargarðurinn er 2,5 m á hæð á þessum slóðum, ofan á kampinum. Hvergi sér til hleðslu eða mannvistarleifa í fjörunni. Fjárborgirnar voru um 120 m suðvestan við bæ 001 og 50 m sunnan við rétt 010.
Norðan við sjóvarnargarðinn er grasivaxið svæði en grýtt fjara til suðurs.
Engin ummerki fjárborganna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 4

ÁR-554:019 *Borga(r)klettar* heimild rétt 63°49.444N 21°40.736V
"Lítið vik milli klappa niður af [Bjarnastaðaborgum 018] heitir Borga(r)vik, og vestur af því Borga[r]klettar. Þeir eru fram af borgunum. Þar var fjárrétt lengi," segir í örnefnalýsingu. Borgarklettar eru sýndir á örnefnauppdrætti sem fylgir örnefnaskrám. Þeir eru einnig merktir inn á örnefnauppdrátt Ómars Smára Ármannssonar. Þeir skaga út í sjó, eru nánast sker og líklega flæðir yfir þá að mestu á flóði. Klettarnir eru sléttir að ofan sökum sjógangs og ná yfir nokkuð stórt svæði. Hvergi sést glitta í hleðslu eða mannvistarleifar enda

mikill sjógangur á þessum slóðum. Réttin var um 180 m suðvestur frá bæ 001 og 60 m SSV við Bjarnastaðaborgir.
Borgarklettar eru slétt sker sem liggur til suðurs frá fjörunni. Inn í það ganga fjölmargar skorur og vik.
Engin ummerki réttarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 4; Ómar Smári Ármannsson: Minjakort

ÁR-554:020 *Litlavarða* varða samgöngubót 63°49.879N 21°40.188V
"Vestan á [Bjarnastaðaflötum] ofan við hjáleiguna Klöpp [sjá 007] var Litlavarða og Litluvörðuflöt. Eitthvað mun vera eftir af vörðunni." segir í örnefnalýsingu. Litlavarða er 750 m norðaustan við bæ 001 og um 480 m norðvestan við Guðnabæ 006. Varðan var kennileiti á leið 731:003.
Litlavarða er á sandhrygg milli tveggja hraunklappa. Gras, lyng og mosi vex þar.
Varðan er hrunin að mestu en undirstöðurnar eru greinilegar ásamt einhverjum steinum. Varðan er 2 m í þvermál og er 0,3 m á hæð. Grjóthrun úr henni er til austurs og líklega var hún áður mun hærri en hún er nú. Ekki er hægt að greina skýra grjóthleðslu en mikill sandur, lyng og gras er á milli steinanna. Þeir eru vaxnir hvítum skófum og mosa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 5



Mynd 185. Litlavarða 021, horft til NNV.

ÁR-554:021 *Digravarða* varða samgöngubót 63°50.083N 21°39.891V
"Ofar en Litlavarða [sjá 020] var önnur varða ofarlega á Flötunum, kölluð Digravarða, Stóravarða eða Austurvogsvarða. Hún var sundvarða fyrir Útvogssund. Átti hana að bera í austustu Hnúkana," segir í örnefnalýsingu. Stóravarða er tæpum 450 m norðaustan við Litluvörðu 020 og 1,2 km norðaustan við bæ 001.Timburstaurar eru austan við vörðuna og er hún fast norðan við hinn nýja Suðurstrandarveg og sést víða að.
Varðan eru á grónum hraunhól. Hóllinn er 2,5 m á hæð, sléttur og grasivaxinn í toppinn. Hraun, sandur og grasflákar eru til allra átta.
Stóravarða er 4x2 m að stærð og 0,6 m á hæð. Hún snýr VSV-ANA og afar áberandi enda sundvarða. Hleðslur sjást í öllum hliðum hennar en toppurinn er hruninn. Segja má að varðan sé "hol" að innan og sívalningslaga. Mest má greina 3 umför grjóthleðslu en víða glittir í grjót. Það er mosavaxið og með hvítum skófum.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 6


Mynd 186. Stóravarða 021, horft til NNV.

ÁR-554:022 *Bjarnastaðaból* tóftir sel 63°51.784N 21°36.141V

"Norður eða norðvestur af klöppinni Fótalaus í Neslandi er Bjarnastaðaból eða -sel. Uppi í heiðinni voru sel eða ból frá flestum bæjum," segir í örnefnalýsingu Bjarnastaða. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1706 segir: "Selstaða



langt í frá og vatnslaus sem áður segir um Nes og Snjóthús." Annarsstaðar í sömu bók segir um bæinn Götu: "Selstöðu brúkar jörðin í sama stað sem Bjarnastaðamenn, og hefur það verið tollfrí og átölulaust það lengst menn minnast." Tóftir Bjarnastaðabóls eru rúma 800 m ASA af Þorkelsgerðisbóli Ár-557:022 og um 800 m norðaustur af Hásteinum, en það eru áberandi klettar í heiðinni skammt ofan við ónýtan sumarbústað, þann eina á stóru svæði.

Fremur kennileitasnauð heiði þar sem skiptast á grjóthólar og grónar lægðir. Heiðin smáhækkar upp til norðurs. Selið er sunnan við tvískiptan grjóthól sem rís ekki hátt og er ekki mjög áberandi fyrr en að er komið.

Miklar rústir eru á Bjarnastaðabóli og líklega næst lagi að skilgreina þær sem þrjár rústaþyrpingar. Alls sjást rústir á svæði sem er rúmlega 40 x 20 m stórt og snýr norður-suður. Ekki er að sjá að ein þyrping sé augljóslega



Mynd 187. Til vinstri er tóft B séð til suðurs og til hægri er tóft A, horft til suðausturs.

eldri en önnur og vel má vera að haft hafi verið í seli frá fleiri en einum bæ á þessum stað. Mikil grænka er í öllum rústaþyrpingum. Lýsingin hefst austast en þar er þyrping A. Þar er löng og margskipt tóft sem snýr norðvestur-suðaustur. Alls er lengjan um 16 x 5 m stór. Í henni hafa hugsanlega verið fimm hólf en þau eru misgreinileg og miðhluti tóftarinnar er mikið samansiginn og hlaupinn í þúfur. Greinilegasta hólfið er suðaustast í tóftinni, um 3 x 1 m stórt og greinileg grjóthleðsla í því innanverðu, dyraop í suður. Vestan við það vottar fyrir tveimur hólfum um miðbik tóftarinnar en þar er mikið þýfi. Þó sést að á báðum hólfum hafa verið dyr í suður. Þá kemur mjög greinilegt hólf sem er um 2 x 2 m stórt að innanmáli, opið í suður og að lokum er hólf í bláenda tóftarinnar og er rof á vegg sem skilur það frá næsta hólfi suðaustan við og dyr að framanverðunni að auki. Að lokum ber að geta þess að 3-4 m sunnan við tóftalengju A er stór, jarðfastur steinn og hugsanlega hefur verið hólf milli hans og tóftarinnar, þá að líkindum sjötta hólfið sem tilheyrði þeirri þyrpingu. Þyrping B er fast vestan

við A, nánast samvaxin henni en í dálítilli kvos og af allt öðru tagi. Hún er grafin inn í brekku til norðurs, virðist samanstanda af þremur hólfum og mætti í raun líkja við agnarsmáan gangabæ. Rústin er alls um 11 x 8 m stór og snýr norður-suður. Gangaopið snýr mót suðri. Við það er fyrst á vinstri hönd hólf sem er um 3 x 1 m stórt og snýr norður-suður en dyr snúa mót austri. Mikið er af grjóthrun inn í hólfinu. Gegnt því en örlítið innar eða norðar er annað hólf á hægri hönd sem er alveg opið til vesturs, um 2 x 1 m stórt og snýr austur-vestur. Í því er einnig mikið grjót. Innst, fyrir enda ganganna er svo þriðja hólfið. Það er talsvert grafið inn í brekkuna og er dýpsti hluti þessarar tóftar, um 1 m. Hólfið snýr þvert á göngin og er um 3 x 1 m stórt. Göngin eru alls um 6-7 m löng. Frá norðausturenda tóftarinnar gengur garðlag til norðurs upp að lágri hæð sem þar er. Garðurinn er einfaldur og lágur og glittir í grjót í honum á nokkrum stöðum. Hann er alls um 8-10 m á lengd og endar upp við jarðfastan klett sem er utan í hæðinni. Ekki er ljóst hvaða tilgangi þetta lága garðlag hefur þjónað, en það virðist of lítið um sig til að geta hafa verið aðhald. Það sem hér er nefnt C er ekki beint rústaþyrping heldur hólf sem eru vestur af B en tilheyra þó þeirri þyrpingu ekki augljóslega. Þar má sjá tvö til þrjú hólf grafin inn í brekkuna sem á þessum stað gæti samanstaðið af mannvistarleifum að stóru leyti. Mikið hleðslugrjót er inni í báðum. Það eystra er líkt og byggt utan í rústahól B, 2,5 x 1 m stórt að innanmáli, allt að 1 m djúpt í austurenda. Vestan við er annað hólf fullt af grjóti, tæpir 2 x 2 m á stærð. upp og norðvestur af því er algróið hólf, líklega samtengt, grafið inn í brekkuna og algróið, um 3 x 1,5 m stórt og snýr austur-vestur. Fram eða suður af rústahól B og síðastnefndu hólfunum C er mikið og iðagrænt þýfi og þar dældir í á 2-3 stöðum en ekkert lag á því - sennilega eru þetta að einhverju leyti uppsafnaðar mannvistarleifar. Að lokum skal hér lýst kletti sem er ofan eða norðan við rústirnar. Hann er klofinn og í sprungunni á milli, sem liggur frá NA-SV, myndast ágætt aðhald, um 10 x 2-3 m stórt. Það er grösugt og iðagrænt í botni Engar mjög augljósar hleðslur en allt er grasi vafið og hefur vafalaust verið nýtt sem aðhald.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 7; JÁM II, 450 og 452

ÁR-554:023 gata leið 63°51.807N 21°36.123V

Greinileg gata liggur til norðausturs frá Bjarnastaðabóli 022.

Blásnir móar og heiðalönd.

Gatan er með hálfgrónum moldarbotni. Hún virðist meiri um sig en svo að hún sé eingöngu eftir sauðfé. Hún stefnir í átt að Hnúkum á hæsta punkti Selvogsheiðar.

Hættumat: engin hætta



Mynd 188. Gata 023, horft til norðausturs.

ÁR-554:024 *Hekla* heimild bústað

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1706 segir: " Hjáleigur hafa hjer verið þrjár, sem grasnautn höfðu; tvær af þeim hafa í auðn verið ix ár eður lengur, ekki var þeim tveimur nafn gefið nema af heitnum ábúendum, menn vita akki hverjir kostir á þeim voru [sjá 008 og 033]. Þriðja hjáleigan hjet Hekla. Hún hefur vii ár í auðn verið, og var hún þó þeirra ríkust af grasunautn."Ekki er lengur hægt að staðsetja Heklu enda engar þekktar upplýsingar um hvar hún var.

Heimildir: JÁM, 451


ÁR-554:025 heimild bústað

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1706 segir: "Tómthús hefur hjer og eitt verið með xx álna afgift, og var húsmaðurinn sjálfur eldiviðarafla með heimabónda. hann var gamalmenni , og var það fyrir guðsþakkasakir en gagnsemd að hann var fluttur." Staðsetning tómthússins er týnd.

Heimildir: JÁM, 451

ÁR-554:026 tóft fjárhús 63°49.533N 21°40.607V
Útihús er rúma 30 m norðvestan við bæ 001. Á uppdrætti sem fylgir örnefnaskrá Bjarnastaða eru húsin merkt





Mynd 189. Útihús 026, horft til NNV.

sem fjárhús en á örnefnauppdrætti Ómars Smára Ármannssonar sem hesthús. Útihúsatóftin sést enn, fast við suðausturhorn Fjóshóls 003.
Slétt, grasivaxið tún er allt umhverfis útihúsið. Hólar eru á stöku stað.
Útihúsið er 9x6 m að stærð, einfalt og snýr norður-suður. Veggirnir eru hæstir 1,5 m og má greina 5-7 umför grjóthleðslu í þeim. Hleðslan er úr ávölu fjörugrjóti. Dyr eru í suðausturhorni og jata meðfram vesturvegg. Hún er grjóthlaðin, 0,4 m á hæð og gróin. Gerð og lögun útihússins bendir til að það sé fjárhús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir 6; Ómar Smári Ármannsson: Minjakort

ÁR-554:027 heimild útihús 63°49.569N 21°40.649V
Útihús er sýnt um 110 m norðvestan við bæ 001 á túnakorti frá 1920 og tæpum 50 m norðvestan við fjós 003.
Engin ummerki útihússins eru merkjanleg á svæðinu og líklega hefur það verið sléttað í tún.
Grasivaxið tún er á þessum slóðum.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirboði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-554:028 heimild útihús 63°49.481N 21°40.318V
Útihús er merkt 265-270 m ASA við bæ 001 á túnakorti frá 1920. Það er nú komið í slétt tún og er innan landsvæði sem til heyrir Nesi ÁR-549, rétt sunnan við sjávarkampinn. Samkvæmt þessu hafa svokallaðar Nesborgir 549:017 tilheyrt Bjarnastöðum. Samkvæmt túnakortinu er um sama stað að ræða.
Grösugur sjávarkampur, allt að 2 m hár bakki niður í fjöru.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-554:029 *Gerði* hleðsla tún 63°49.478N 21°40.596V
"Túnið sunnan bæjar var kallað Framtún eða Gerði," segir í örnefnalýsingu Bjarnastaða. Gerðið er 70 m sunnan við bæ 001, milli heimatúnsins og sjávarkampsins. Bjarnastaðarétt 010 var líklega við suðvesturhorn þess en ekki er ljóst hvernig mannvirkin tengdust.
Grasivaxið tún er nú þar sem Gerðið var. Grjót kemur víða uppúr sverði og jarðvegurinn er sendinn. Lágir hólar eru til vesturs.
Grjóthlaðinn túngarður afmarkaði Gerðið. Vesturveggur sem og hluti af norðurvegg eru varðveittir, aðrar hliðar




Mynd 190. Gerði 029, horft til norðausturs og suðausturs.

má með góðum vilja rekja sem grjótdreif í grasivöxnu og sendnu túni. Ekki er hægt að ákvarða stærð Gerðisins en vesturveggurinn er 45 m langur. Hann liggur norðaustur-suðvestur og er útflattur. Til suðurs, við sjávarkampinn er hann 0,2 m hár og þar sést einnig 1 m breið grjótdreif. Til norðausturs er veggurinn 0,3 m á hæð og algróinn. Þar er hann 2 -2,5 m breiður og sveigir síðan til ANA. Þar hverfur túngarðurinn en sem fyrr segir má rekja óreglulega grjótdreif nánast að Bryggju 012. Þetta er allt fremur óskýrt og líklega búið að slétta yfir þetta að mestu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 1

ÁR-554:030 gata traðir 63°49.518N 21°40.536V


"Efst við traðirnar heim að Bjarnastöðum, vestan við þær var Guðnabær [sjá 006]," segir í örnefnalýsingu. Traðirnar lágu fast austan við Guðnabæ 006, til suðurs að bæ 001. Þær eru sýndar á túnakorti frá því um 1920 (ártal vantar). Vesturveggur traðanna afmarkaði heimatún Bjarnastaða. Túnslóði að Bjarnastöðum liggur nú þar sem traðirnar voru.
Slétt og grasivaxið tún. Það er í aflíðandi halla til suðurs.
Vesturveggur traðanna er ennþá varðveittur. Að öðru leyti eru þær komnar undir slétt tún og túnslóða. Vesturveggurinn sést allt frá Guðnabæ 006 að norðan og suður að bæ 001. Þar beygja þær til vesturs og enda við kálgarðinn. Traðarveggurinn er rúmlega 240 m langur, 1,5 m á breidd og 0,4-0,7 m á hæð. Mest sjást 7 umför grjóthleðslu í honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 1; Túnakort



Mynd 191. Traðir 030, horft til norðurs.

ÁR-554:031 tóft útihús 63°49.603N 21°40.722V

Tóft af útihúsi, líklega fjárhúsum, er rúma 80 m suðvestan við bæ 001 og 40 m suðvestan við fjárhús 555:002. Túngarður 555:009 á merkjum við Beggakot ÁR-555 er skammt norðar. Rúma 2 m til austurs frá tóftinni er kindagata.
Slétt, grasivaxið tún með hólrimum er víða.
Útihúsið er 5x5 m að stærð og er einfalt. Það er byggt inn í hólrima að norðan. Veggirnir eru algrónir og 0,4-0,5 m á hæð. Einungis glittir í grjót á stöku stað án þess að um skýrar hleðslur sé að ræða. Op er á miðjum suðurvegg og ekki sér til garða eða jötu. Tvær dældir eru til norðurs frá útihúsinu ofan á hólkimanum. Mögulega eru þær leifar eldra byggingarstigs. Báðar dældirnar eru 3x2 m að stærð og snúa austur-vestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mynd 192. Tóft 031, horft til NNV.

ÁR-554:032 tóft óþekkt 63°51.389N 21°37.419V

Um 600 m vestan við Hásteina er hóll og á hann hefur verið bundin appelsínugul bauja. Vestan undir þessum hól er tóft. Þetta er rúma 4 km norðaustur af þéttbýlinu í Selvogi.

Einsleitt heiðlendi - smáhólar og grónar lægðir skiptast á.



Mynd 193. Tóft 032, horft til suðvesturs.

Tóftin er fremur fornleg, virðist einföld og um 6 x 4 m stór og snýr norður-suður, dyr á vesturlanghlið. Veggjahæð er mest um 0,5 m og sér í grjót í veggjum á nokkrum stöðum. Sennilega hefur lítið hólf verið sambyggt henni utanvert að vestan, sunnan við dyrnar. Það er rúmlega 2 x 2 m og líklega með dyr í vestur einnig. Ekki hefur verið opið milli hólfanna. Tóftin er líklega af litlu húsi og ekki útilokað eitthvert litlu býlanna í Selvoginum hafi átt hér selstöðu um skeið. Mögulegar hleðsluleifar eru utan í næsta hól 25-30 m suðvestar en það er óljóst, aðeins grjótdreifar utan í hól sem gætu þó markað útveggi á litlu aðhaldi, um 6 x 4 m stóru.

Hættumat: engin hætta

ÁR-554:033 heimild bústað

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: " Hjáleigur hafa hjer verið þrjár [sjá 008 og 024], sem grasnautn höfðu; tvær af þeim hafa í auðn verið ix ár eður lengur, ekki var þeim tveimur nafn gefið nema af heitnum ábúendum, menn vita akki hverjir kostir á þeim voru."Hér er önnur nafnlausa hjáleigan skráð en ekki er lengur hægt að staðsetja hana enda engar þekktar upplýsingar um hvar hún var.

Heimildir: JÁM, 451

ÁR-554:034 *Bjarnastaðavör* heimild lendingu 63°49.465N 21°40.485V
"Fyrir vestan Markasker [sjá 014] og niður af hliðinu í sjóvarnargarðinum er Bjarnastaðavör eða Miðvogsvör," segir í örnefnaskrá. Vörin var 130 m suðaustan við bæ 001 og 10 m sunnan við Bjarnastaðanaust 017. Engin ummerki lendingarinnar sjást á yfirborði. Á örnefnauppdrætti Ómars Smára Ármannssonar er merkt Kjálkalón (bátalega) fyrir sunnan vörina.
Grýtt fjara með sandflákum inn á milli. Skerjagarður er fyrir utan ströndina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 3; Ómar Smári Ármannsson: Minjakort


ÁR-554:035 varða óþekkt 63°50.528N 21°38.856V
Ungleg varða er um 170 m vestur af vörðu Ár-549:093. Hér er gert ráð fyrir að varða þessi sé í Bjarnastaðalandi, enda er hún vestar en girðingarslitur sem hlýtur að vera leifar af merkjagirðingu milli Ness og Bjarnastaða.
Sandblásið hraun. Varðan sést illa úr fjarska, enda er hún hlaðin í lág.
Grýtt smáhæð. Varðan stendur fullkomlega og er allt að 1,6 m há, stærðar hnullungar í henni neðst en svo mjókkar hún upp á við. Varðan er um 0,8 m á kant neðst og virðist ungleg.
Hættumat: engin hætta



Mynd 194. Varða 035, horft til norðvesturs.

ÁR-554:036 *Bjarnastaðastekkur* tóft stekkur 63°50.507N 21°39.705V
"Stekkir voru þarna í röð yfir landið, austast var Nesstekkur [ÁR-549:042], þá Bjarnastaðastekkur og Útvogsstekkur [Ár-549:097]," segir í örnefnalýsingu Ness. Bjarnastaðastekkur er á Bjarnastaðaflötum - skammt austan við vegarspottann sem lá frá nýaflögðum þjóðvegi um Selvog og niður til suðurs, að byggðinni. Tóftin sést enn, er um 2 km norður af Bjarnastöðum 001.
Grasivaxnar lágar innan um litla hraunhóla.
Tóftin sker sig ekki mikið úr umhverfinu og til að mynda er grænka í henni lítil. Að sögn Þórðar Sveinssonar áði hann oft við stekkinn þegar hann var krakki í snúningum. Grjót var tekið úr tóftinni þegar vegurinn niður í Selvog var gerður og notað til vegagerðar. Sést það gjörla á tóftinni en hún er gróskulaus og hleðsluleifar rétt svo gægjast upp úr sverði. Innanmál tóftar er um 11 x 6 m og hún snýr norður-suður og hefur líklega verið op að sunnan þótt ekki sé það mjög greinilegt nú. Ytri veggjarbrúnir eru ógreinilegri, líkt og útlínur á lágum hól sem tóftin hefur verið grafin inn í. Sennilegt virðist að aðskilið hólf hafi verið að austanverðu í tóftinni, um 4 x 2 m að innanmáli en það er nú alveg samanfallið. Gamall vegur sem að líkindum





Mynd 195. Bjarnastaðastekkur 036, horft til suðvesturs.

var bílfær, liggur fast sunnan við tóftina og áfram til austurs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Nes, 15

ÁR-554:037 varða landamerki 63°51.971N 21°36.090V



Mynd 196. Varða 037, horft til suðurs.

Varða er á hæð rúmum 300 m ofan eða norðan við Bjarnastaðaból 022.
Mishæðótt heiði, á skiptast grjóthólar, mosaþembur og grónar lægðir.
Stakir, fúnir staurar liggja á nokkrum stöðum sunnan og norðan við vörðuna. Svo virðist sem girt hafi verið í línu á vörðuna og því líkur á því að hér sé komin landamerkjavarða - sennilega á merkjum milli Bjarnastaða og Ness. Varðan stendur fullkomlega á hraunklöpp en hleðslan er ákaflega gisin. Klöppin sjálf er um 30 cm há en varðan um 1,3 m há. Hún er tæplega 1 m í þvermál í grunninn.

ÁR-554:038 varða samgöngubót 63°50.918N 21°38.617V



Mynd 197. Varða 038, horft til norðurs.

Varða er 80-90 m vestur af vörðu 040.
Hálfgróið hraun, mosa og lyngivaxið.
Lítil varða líkt og 039 og 040, samsett úr nokkrum köntuðum hraungrýtissteinum og um 0,5 m á kant. Líklegt er að hún hafi átt að vísa á Fornugötu Ár-549:101 sem er fast við hana.
Hættumat: engin hætta

ÁR-554:039 varða samgöngubót 63°50.890N 21°38.454V



Mynd 198. Varða 039, horft til suðausturs.

Varða er 20-30 m norðan við gamla þjóðveginn um Selvog, um 1 km austar en mikil sveigja er á honum þar sem vegur liggur til suðurs, niður í Selvog.
Á lágri klapparhæð.
Stóru grjóti hefur verið hrúgað upp en ekki vandlega hlaðið. Grjótið er skófum vaxið. Varðan er rúmlega 1,5 x 1 m grunnfleti og um 0,6 m há. Einmitt á þessum slóðum hefur Fornagata Ár-549:101 legið undir gamla þjóðveginn og líklegt að varðan hafi verið við hana.
Hættumat: engin hætta

ÁR-554:040 varða samgöngubót 63°50.909N 21°38.514V

Varða er um 60 m vestur af vörðu 039.

Á lágri klapparhæð. Mosi og lyng í kring.

Nokkrir kantaðir steinar í hleðslu sem er mjög lítil um sig, um 0,5 m á kant og um 0,5 m á hæð. Sama gildir hér og um vörðu 039, að sennilega stendur hún í sambandi við Fornugötu Ár-549:101.

Hættumat: engin hætta




Mynd 199. Varða 040, horft til norðurs.

ÁR-555 Beggakot


1847: Dýrleika ekki getið. Hjáleiga frá Bjarnastöðum. JJ,77.
1840: Hjáleiga frá Bjarnastöðum. SSÁ, 218
Túnakort 1920: Tún 1,7 ha, þar af 1/4 slétt. Matjurtagarðar 612 m2.

Túnakort Beggjakots ÁR-555



Skýringar


- bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir



Byggt á túnakorti frá 1920

ÁR-555:001 *Beggakot Beggjakot* bæjarhóll bústaður 63°49.636N 21°40.657V

Í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnessýslu frá 1840 er Beggakot talin hjáleiga frá Bjarnastöðum. Í Jarðabók Johnsen frá 1847 er dýrleika ekki getið. Í Sunnlenskum byggðum III stendur: "Ábúendur: Stefán Valdason og Kristín Ólafsdóttir, bústýra, 1897-1909. Guðmundur Filipusson og Jóhanna Pétursdóttir 1909-1955. Síðan er jörðin ábúendalaus," Í örnefnalýsingu Bjarnastaða segir: "Merkin milli Götu [ÁR-556] og Bjarnastaða [ÁR-554] liggja alveg um Æsuhól. Vestast í Bjarnastaðalandi var hjáleigan Beggjakot, nú í eyði." Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1920. Beggakot er 230 m norðan við Bjarnastaði ÁR-554, um 50 m austan við landamerkin við Götu ÁR-556. Þar er gaddavírsgirðing. Bæjarhúsin eru ennþá á bæjarhólnum og útihús í heimatúninu. Stafnar bæjarins snéru til suðurs, í átt að sjó.



Bæjarhóllinn er í grasivöxnu og sléttu túni. Víða eru hólar, bæði náttúrulegir og uppsöfnuð mannvistarlög. Þeir eru skráðir hér undir öðrum númerum og í landi Bjarnastaða ÁR-554. Minjar í heimatúni Beggakots eru skráðar undir býlinu en aðrar minjar falla undir Bjarnastaði og eru þar skráðir.

Bæjarhóllinn er 34x28 m að stærð, 2 m á hæð og snýr austur-vestur. Þar eru ennþá rústir síðasta bæjarins í Beggakoti og má greina 7 hólf í þeim. Yngri steinsteypt hús eru í norðvesturhorni hólsins sem og fast norðan hans. Bæjartóftin er 22x16 að stærð og snýr austur-vestur. Lýsingin hefst vestast í bæjarhúsunum, í hólfi 1. Það er 5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er opið til suðurs, tilheyrði bæjarröndinni og var með timburþili. Veggirnir eru 0,8-1 m á hæð og sjást 4-5 umför af grjóthleðslu í þeim. Nokkuð veggjahrun er nyrst í hólfinu. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það er 9x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Þetta er bærinn sjálfur, steinsteyptur skorsteinn liggur eftir hólfinu endilöngu. Hólfið er opið til suðurs og þar sést hluti af grunni timburhússins sem þar var. Veggirnir eru 0,5-1 m á hæð og sjást með 10 umför grjóthleðslu í þeim. Hér og þar glittir í steinsteypu á milli grjótsins. Í norðausturhorni er op yfir í hólf 3. Fyrir norðan hólfið er jarðvegsbálkur og mannvist þar undir sverði. Hólf 3 er austan við hólf 2. Þetta eru bæjargöngin. Göngin eða hólfið er 10x1,5 m á stærð og snúa norður-suður. Gögnin opnast til suðurs og var þar timburþil. Á vestur- og austurhlið voru önnur op andspænis hvort öðru, yfir í hólf 2 og 5. Til norðurs opnast göngin inn í hólf 4. Veggirnir eru 1,5-1,8 m á hæð og reisulegir. Hlutar ganganna eru ennþá undir þaki og tvær þaksperrur á sínum stað. Í veggjunum má mest greina 10-15 umför af grjóthleðslum og steinsteypu á milli þeirra. Hólf 4 er norðan við hólf 3. Það er 4x4 m að innanmáli og op á suðurvegg sem fyrr var getið í lýsingu þessari. Veggirnir eru 1,6 m á hæð og mest má greina 8 umför grjóthleðslu í þeim. Hólf 5 er austan við hólf 3. Það er 5x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru nánast útflattir að innan en mun hærri að utan. Þeir eru 0,3 m háir að innan og einungis glittir í eina steinaröð. Að utan er veggja hæðin mest 1,6 m og bratt niður til allra átta. Fyrir norðan hólfið mótar óljóst fyrir hólfi 6. Þar má greina 6x6 m stóra lægð. Lág hleðsla, 0,2 m á hæð, afmarkar austurhliðina. Þar glittir í grjót á stöku stað. Hólfið var líklega ekki undir þaki. Hólf 7 er líklega kálgarður sunnan við bæjarhúsin. Það er 34x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggirnir eru grjóthlaðnir og eru hæstir 0,5 m. Nokkuð hefur hrunið úr þeim en greina má 2-3 umför af grjóthleðslu. Op er á miðjum suðurvegg og annað í




Mynd 200. Beggjakot 001, horft til norðurs.

norðvesturhorni, upp við hólf 1.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: SSÁ, 218; JJ, 77, Sunnlenskar byggðir III 489; Ö-Bjarnastaðir, 2-3; Túnakort 1920

ÁR-555:002 tóft fjárhús 63°49.613N 21°40.681V
"Tún Beggjakots lá upp með tröðunum [557:010], upp undir garð [557:014] og spöl niður fyrir bæinn. Á því standa fjárhús [sjá einnig 003, 004, 007 og 008] á nokkrum stöðum," segir í örnefnalýsingu Bjarnastaða. Fjárhúsið er 50 m suðvestan við bæ 001 og 60 m austan við brunn 005. Grjóthrúga er fast sunnan við fjárhúsin. Hún er líklega úr fjárhúsunum eða grjóti safnað þar saman við túnasléttun. Fjárhúsin eru í grasivöxnu og sléttu túni. Víða eru hólar, bæði náttúrulegir og uppsöfnuð mannvistarlög. Minjar í heimatúni Beggakots eru skráðar undir býlinu en aðrar minjar falla undir Bjarnastaði og eru þar skráðir.






Mynd 201. Útihús 002, horft til norðausturs.

Á svæði sem er 10x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur eru fjárhúsatóft og áföst þúst. Fjárhúsin eru full af grjóti og þakið hrunið niður. Sökum þess var skrásetjara ekki unnt að fara inn í tóftina. Fjárhúsin eru 7x6 m að stærð og einföld. Þau snúa norðaustur-suðvestur. Mesta veggjahæð er 1,2 m en ekki er hægt að greina skýrar grjóthleðslur. Víða glittir þó í fjörugrjót í veggjum. Bárujárnsþak var á fjárhúsunum og op er á miðjum suðvesturvegg. Fyrir norðaustan fjárhúsin eru greinilega uppsöfnuð mannvistarlög eða þúst. Þar er mögulega annað hólf eða eldra byggingarstig fjárhúsanna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 3

ÁR-555:003 tóft útihús 63°49.645N 21°40.647V
Útihús er 20 m norðaustan við bæ 001 og 70 m norðaustan við útihús 002. Milli þess og bæjarins er húsgrunnur yngri steinsteyptra útihúsa sem búið er að rífa.
Slétt, grasivaxið tún er allt umhverfis útihúsið.
Útihúsið er 6x6 m að stærð og er einfalt. Veggirnir eru 0,5-0,8 m að hæð og greinilegastir að innan. Þar sjást mest 5 umför grjóthleðslu. Op var líklega í suðvesturhorni. Þakið er fallið niður og glittir í bárujárn víða og timbur. Ytri veggirnir eru






Mynd 202. Útihús 003, horft til ANA.

grasivaxnir og fjara út til allra átta. Þar sést einungis glitta í grjót án greinilegrar hleðslu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-555:004 tóft fjárhús 63°49.664N 21°40.577V

Útihús, líklega fjárhús, er 90 m norðaustan við bæ 001 og 70 m norðaustan við fjárhús 003. Það er nyrst á hólrima, þeim hið sama og fjárhús 007 og 008 eru á.
Fjárhúsin eru í sléttu túni. Þau eru sem fyrr segir á hólrima, 0,-0,5 m háum, en hann snýr norður-suður. Greinilega er búið að slétta yfir svæðið.
Fjárhúsin eru 6x6 m að stærð og eru einföld. Dyr eru á miðjum suðurvegg en hrunið hefur í þær. Veggirnir eru 0,2-0,6 m á hæð og sjást 1-2 umför grjóthleðslu í þeim. Veggirnir eru hæstir að norðan og þar má jafnframt greina uppsöfnun mannvistar. Þar er lítil þúst, 0,4 m á hæð sem liggur upp að vegg fjárhúsanna. Ekki mótar fyrir jötu né garða í fjárhúsunum.





Mynd 203. Útihús 004, horft til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-555:005 brunnur brunnur 63°49.619N 21°40.758V

"Neðst í [Beggjakots] túninu var brunnur fyrir kotið," segir í örnefnalýsingu Bjarnastaða. Brunnurinn er tæpum 90 m suðvestan við bæ 001 og 60 m vestan við útihús 002.
Slétt, grasivaxið tún er allt umhverfis brunninn.
Brunnurinn er 4 m í þvermál. Hleðsla er meðfram brunnopinu sem er hulið með járnplötu og steinn þar yfir. Ekki var hægt að sjá niður í brunninn sem er hlaðinn. Hleðslan umhverfis brunnopið er 0,3-0,4 m á hæð og algróin. Víða glittir í steina í hleðslunni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 3



Mynd 204. Brunnur 005.

ÁR-555:006 heimild um traðir 63°49.627N 21°40.637V


Á túnakorti frá 1920 er sýndur vegur, eða traðir, sem liggur til ASA frá bæ 001. Leiðin er nú horfin, líklega sökum túnasléttunar.
Slétt, grasivaxið tún er á þessum slóðum.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirboði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-555:007 þúst fjárhús 63°49.641N 21°40.589V

Um 60 m ANA við bæ 001 og rúmum 40 m sunnan við fjárhús 004 er þúst. Ef mark er tekið af örnefnalýsingum er þetta fjárhús smbr. Eftirfarandi tilvísun: "Tún Beggjakots lá upp með tröðunum [557:010], upp undir garð

[557:014] og spöl niður fyrir bæinn. Á því standa fjárhús [sjá einnig 003, 004 og 008] á nokkrum stöðum," segir í örnefnalýsingu Bjarnastaða. Fjárhúsin eru sýnd á túnakorti frá 1920.





Mynd 205. Útihús 008, horft til norðurs.

Þústin er í sléttu túni. Hún er á hólrima, 0,-0,5 m háum, en hann liggur norður-suður. Greinilega er búið að slétta yfir svæðið.
Þústin er 15x11 m að stærð, 1 m á hæð og snýr austur-vestur. Að austan afmarkast hún af bröttum vegg. Hann er algróinn og hvergi glittir í grjót. Að ofan er þústin slétt og ekki mótar fyrir dæld eða skýrum bökkum. Þústin hækkar til vesturs og þar mótar fyrir U-laga vegg. Líklega var þar tóft eða hólf sem var 9x6 m að stærð og snéri NNA-SSV. Greinilegt að hér eru uppsöfnuð mannvistalög undir sverði og líklega fleiri en eitt byggingarstig miðað við lögun þústarinnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 3; Túnakort 1920

ÁR-555:008 þúst fjárhús 63°49.628N 21°40.591V
Þúst er á grónum hólrima 60 m austan við bæ 001 og 30 m sunnan við þúst 007. Líklega voru þetta fjárhús smbr. Eftirfarandi tilvitnun úr örnefnalýsingu Bjarnastaða: "Tún Beggjakots lá upp með tröðunum [557:010], upp undir garð [557:014] og spöl niður fyrir bæinn. Á því standa fjárhús [sjá einnig 003, 004 og 007] á nokkrum stöðum,".



Mynd 206. Útihús 008, horft til austurs.

Þústin er í sléttu túni. Hún er á hólrima, 0,3-0,5 m háum, sem snýr liggur norður-suður. Greinilega er búið að slétta yfir svæðið.
Þústin er 16x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er hæst fyrir miðju, 1 m, en fjarar út til annarra átta. Þústin er slétt, grasivaxin en grjót kemur upp úr sverði á stöku stað. Einungis mótar fyrir hleðslubroti í suðvesturhorni, annars er ekkert að sjá á yfirboði af veggjum eða hólfum. Hleðslan er 0,3 m á hæð, 1 m á lengd og má greina 2 umför af hleðslugrjóti. Líklega er búið að slétta yfir svæðið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 3

ÁR-555:009 garðlag túngarður 63°49.597N 21°40.654V
Heimatún Beggakots voru afmörkuð af Fornagarði [sjá 557:014] til norðurs, tröðum 556:010 að vestan, túngarði 554:006d að austan og svo túngarði sem hér er skráður að sunnan. Túngarðurinn hefur einnig afmarkað land Beggakots. Hann sést á túnakorti frá 1920.
Slétt, grasivaxið tún er allt umhverfis túngarðinn.
Túngarðurinn er tæplega 110 m langur og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er 0,3 m á hæð og nánast útflattur. Hann er grasivaxinn en víða glittir í grjót án þess að um skýr umför séu að ræða. Túngarðurinn var grjóthlaðinn en það er að mestu horfið, líklega var það tekið. Op er á miðjum túngarðinum, líklega var hlið þar.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920



Mynd 207. Túngarður 009, horft til vesturs.

ÁR-556 Gata

1847: Bændaeign, 5 hdr. JJ,77. 1501: Götu er getið í jarðaskiptabréfi sem ritað er á Möðruvöllum 18. september. Þar er jörðin látin í skiptum ásamt fleiri jörðum á svæðinu og metin á 10 hdr. DI VII, bls. 583. 1510: Jarðarinnar getið í dómi um eignaskipti. DI VIII, bls. 322. 1561: Getið í tylftardómi ásamt Eymu í Selvogi. DI XIII, bls. 623. 1570: Getið í skiptabréfi eftir Pál lögmann Vigfússon, metin á 10 hdr. DI XV, bls. 408.
1706: "Jarðýrleiki x." JÁM, 451. 1840: metin á 5 hdr.
Túnakort 1920: Tún 3,5 ha, þar af 1/4 slétt. Matjurtagarðar 978 m2. "Jörðin Stóra-Gata er fremur landlítil, gróin að mestu, fjörubeit góð, beitiland ógirt." Sunnlenskar byggðir III, bls. 491



Byggt á túnakorti frá 1920

ÁR-556:001 *Stóra-Gata* bæjarhóll bústaður 63°49.642N 21°40.928V

"Tveir bæir voru í götu, Stóra-Gata og Litla-Gata [sjá 002]. Stóra-Gata stóð neðarlega í túni, u.þ.b, mitt á milli landamerkja.," segir í örnefnaskrá. Mynd er af hluta gamals torfbæjar í Stóru-Götu í Sunnlenskum byggðum III. Þar sjást tvær burstir og grjóthlaðnir kampar. Um Stóru-Götu segir í sömu bók: "Íbúðarhúsið á Stóru-Götu er ónýtt og flutti fjölskyldan að Litlu-Götu árið 1959 er Runólfur flutti þaðan og keypti hús hans." Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1920. Bæjarhóllinn er óraskaður með öllu sem og tóftir síðustu bæjarhúsanna. Bæjarhóllinn er um 50 m norðan við sjóvarnargarð 554:011, ekki langt frá fjörunni. Stafnar bæjarins snéru til suðurs í átt að sjó.



Slétt, grasivaxið tún er allt umhverfis bæjarhólinn.

Bæjarhóllinn er 47x40 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er 1,8 m á hæð. Á honum eru bæjarhús A og kálgarður B til suðurs. Greinilega sést til uppsafnaðra mannvistar fyrir sunnan bæinn. Þar má greina 0,5-0,7 m háan bakka fyrir framan bæjarröndina. Til norðvesturs er einnig jarðvegsbálkur. Bæjartóftin er 44x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Lýsingin hefst í suðausturhorni bæjarhólsins, í hólfi 1. Það er 5x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Þetta var líklega stakstætt útihús. Veggirnir eru hæstir 1,3 m og má greina 4-5 umför grjóthleðslu í þeim. Hluti veggjanna eru steinsteyptir og niðurgrafnir. Þeir er raskaðir til austurs og suðurs. Ekki er skýrt op inn í hólfið. Hólf 2 er vestan við hólf 1 og austan við bæjarhúsin sjálf. Veggirnir tilheyra hólfi 1 og 3 en til suðurs eru undirstöður veggjar, 0,3 m á hæð og algrónar. Þetta var líklega húsagarður/heygarður. Hólfið er 20x10 m að innanmáli og var ekki undir þaki. Það snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,8-1,1 m á hæð og mest eru 7 umför grjóthleðslu í þeim. Op var á suðurhlið. Hólf 3 er vestan við hólf 2. Það er 4x2 m að stærð og snýr austur-vestur. Það var opið í suðvesturhorni og tilheyrði bæjarröndinni. Veggjahrun er í opinu. Veggirnir eru 0,3-0,6 m á hæð og má greina 1 umfar grjóthleðslu inni en 3 umför að utan. Mikið brak og rusl er inni í hólfinu og nánast fyllir það. Hólf 4 er vestan við hólf 3. Það er 5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er opið til suðurs. Veggirnir eru hæstir 1,2 m og sjást 8 umför af grjóthleðslu í þeim. Ekki var unnt að fara inn í hólfið sökum timburs sem þar er hrúgað. Hólf 5 er vestan við hólf 4. Þetta eru bæjargöng en búið að hlaða fyrir norðurenda þeirra. Hólfið er 6x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Inngangurinn er til suðurs og annað op í norðvesturhorni yfir í hólf 6. Veggirnir eru hæstir 1,5 m og má greina 10 umför grjóthleðslu. Hólf 6 er vestan við hólf 5. Það er 6x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,6 m háir að innanmáli en 1,7 m í utanverðum



Mynd 208. Gata 001, horft til norðurs.

suðurvegg. Það er yfir hólfinu að hluta og glittir í bárujárn ofan á veggjum. Op var sem áður segir í suðausturhorni, inn í hólf 5. Hólf 7 er vestan við hólf 6. Það er 4x4 m að innanmáli og op í suðausturhorni. Opið tilheyrði bæjarröndinni. Veggirnir eru 0,6 m á hæð og má greina 8 umför af grjóthleðslu í þeim. Hólf 8 er norðan við hólf 7. Það er 4x3 m að innanmáli og líklega opið til norðurs. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og algrónir. Líklega var hólfið ekki undir þaki. Hólf 9 er fyrir vestan hólf 7. Það er 5x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru algrónir og nánast útflattir. Þó má greina 1 umfar grjóthleðslu í suður- og vesturvegg. Ekki er vitað hvar gengið var inn í hólfið. Hólf 10 er norðan við hólf 9. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru algrónir, 0,32 m á hæð og óskýrir. Það glitti í grjót veggjum hér og þar. Ekki er hægt að greina op inn í hólfið. Hólf 11 er norðaustan við hólf 5. Það er 5x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og mest má greina 5 umför grjóthleðslu. Op var á miðri suðurhlið, yfir í hólf 5 en búið að hlaða þar fyrir. Hólf 12 er norðan við hólf 11. Það er 6x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1,5-1,8 m á hæð og mest má greina 12 umför grjóthleðslu. Ekkert op er sjáanlegt inn í hólfið. Í norðvesturhorni hólfs 2 og austan við hólf 12, er hólf 13. Það er 3x3 m að innanmáli af þýfðum bakka. Veggirnir eru algrónir og 0,3 m á hæð. Ekki mótar fyrir opi. Hólf 14 er ennþá uppistandandi. Það er austast í bæjarhólnum og var líklega útihús. Það er 4x2 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Op er á miðri austurhlið. Þakið er hrunið að mestu en þar var bárujárn. Ekki var unnt að fara inn í útihúsið af þessum sökum né áætla veggja hæð. Hólf 15 er sem fyrr segir kálgarður. Hann er sunnan við bæjarhúsin og til vesturs. Hann er 23x23 m að stærð og op er á miðri suðurhlið. Veggirnir eru grjóthlaðnir og eru 0,5 m á hæð. Greina má 4 umför grjóthleðslu í þeim. Hólf 16 er austar og var líka kálgarður. Það er nokkuð raskað og veggirnir horfnir að mestu. Það var 14x12 m að stærð og snéri norður-suður. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 0,5 m á hæð og einungis vesturhlið og hluti þeirra syðri varðveittir. Þýfi afmarkar hinar hliðarnar.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gata, 1; Sunnlenskar byggðir III, bls. 486; Túnakort 1920

ÁR-556:002 *Litla-Gata* bæjarstæði bústaður 63°49.701N 21°40.954V

"Tveir bæir voru í Götu, Stóra-Gata [sjá 001] og Litla-Gata. Stóra-Gata [001] stóð neðarlega í túni, u.þ.b, mitt á milli landamerkja, en Litla-Gata ofan og vestar, skammt frá landamerkjum Þorkelsgerðis [sjá ÁR-557], rétt við Markklett." segir í örnefnaskrá. Talið meðal eyðibýla í ytra parti Austurvogar 1840. Í Sunnlenskum byggðum





Mynd 209. Litla-Gata 002, horft til NNV.

III segir: "Býlið Litla-Gata var byggt út úr Stóru-Götu." Litla-Gata er 110 m norðvestan við bæ 001. Allt umhverfis bæinn eru bílhræ, vélarusl og gámur. Þar sem bærinn var er sýnt útihús á túnakorti frá 1920. Bærinn gengur undir nafninu Gata í dag.

Slétt, grasivaxin tún eru allt umhverfis Litlu-Götu en malarplan er til norðurs.

Lítil ummerki bæjarhóls Litlu-Götu sjást á yfirborði og mikið rask átt sér stað. Ennþá er búið í íbúðarhúsinu sem var reist árið 1954. Síðan er búið að byggja við húsið til austurs og gera malarplan framan við það. Þar voru líklega eldri bæjarhús, það glittir í hleðslur fyrir sunnan, austan og norðan 20. aldar útihúsið sem þar er. Bæjarstæðið er 28x22 m að stærð og snýr austur-vestur. Fyrir sunnan húsin eru uppsöfnuð mannvistarlög með

veggjum fast upp við núverandi útihús og hleðslu til vesturs. Uppsöfnunin er 1,5 m á hæð og grasivaxin. Það má greina 8 umför grjóthleðslu til vesturs. Ekki er hægt að útiloka að hluti mannvistarlaganna sé uppmokstur vegna framkvæmda.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Gata, 1; SSÁ, 221; Sunnlenskar byggðir III, 491, Túnakort 1920

ÁR-556:003 garðlag túngarður 63°49.686N 21°40.818V
"Ofan við tún er túngarður, kenndur við Götu," segir í örnefnalýsingu. Á túnakorti frá 1920 er túngarðurinn sýndur. Hann er horfinn að mestu í gróin tún en stuttur bútur er varðveittur fyrir norðaustan Litlu-Götu 002. Ekki er unnt að greina hvort að þetta er nákvæmlega sama útfærsla og sýnd er á túnakortinu eða hluti Fornagarðs (sjá 549:008, 558:016 og 557:014]. Rafmagnsstaur er fast við suðvesturhorn túngarðsins og rafmagnskassi fast til suðurs.
Slétt, grasivaxið tún er allt umhverfis túngarðinn.
Túngarðurinn afmarkaði svæði sem er 340x300 m og snéri norðvestur-suðaustur. Hann er grjóthlaðinn og er 35 m langur bútur ennþá varðveittur. Hann er 1-1,2 m á hæð og má sjá 2 umför grjóthleðslu í honum. Hvítar skófir eru á grjótinu. Uppsöfnun jarðvegs er beggja vegna við túngarðinn, líklega vegna áfoks. Aðrir hlutar túngarðsins eru horfnir í slétt tún.


Mynd 210. Túngarður 003, horft til norðvesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Gata, 2; Túnakort 1920

ÁR-556:004 brunnur brunnur 63°49.666N 21°40.906V
"U.þ.b. beint upp frá Stóru-Götu var brunnur bæjanna," segir í örnefnalýsingu. Brunnurinn er 50 m norðan við bæ 001 og rúma 70 m suðaustan við Litlu-Götu 002. Búið er að byggja lítið hús yfir brunninn og voru leiðslur lagðar frá honum að Litlu-Götu um miðja síðustu öld. Brunnurinn er ennþá í notkun.
Slétt, grasivaxin tún eru umhverfis brunninn.
Bárujárnskofi var reistur yfir brunninum á seinni hluta síðustu aldar. Ekki var hægt að fara inn í kofann til að skoða brunninn, hurðin er ryðguð og föst. Brunnurinn er hlaðinn og vatnshæð fer eftir flóði og fjöru að sögn Þórðar Sveinssonar, heimildamanns..
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Gata, 2

ÁR-556:005 *Miðvogsstekkur* heimild stekkur
"Milli Gjáardals og Torfdals er mjótt haft, líklega tíu metrar. Þar er Miðvogsstekkur í Götulandi," segir í örnefnalýsingu. Tvær stórar lautir, sem koma vel heim og saman við lýsinguna á Gjáardal og Torfdal, eru fast neðan við Fornugötu Ár-549:101 en norðan við gamla akveginn í Selvog sem nú hefur verið aflagður að mestu með tilkomu nýja Suðurstrandarvegar. Á vettvangi var haftið á milli ekki skoðað sérstaklega vegna misskilnings en á hinn bóginn var skoðuð tóft norðan við austari lautina en mjög nærri haftinu, sjá Ár-549:056. Þetta er rúma 3 km NNA af Götu 001. Þessi tóft gæti verið Miðvogsstekkur en þó skal ekki útilokað að önnur tóft leynist sunnar, á háhaftinu.
Heimildir: Ö-Gata, 3

ÁR-556:006 *Götubryggja* heimild leið 63°49.632N 21°40.970V
"Upp frá Kampinum liggur Götubryggja, garður, sem nær upp undir Stóru-Götu [001]. Hann var garður til að ganga á vetrum, en þá var oft tjörn fyrir ofan Kampinn," segir í örnefnalýsingu. Garðurinn er sýndur á túnakorti frá 1920 og merktur sem vegur. Götubryggja er horfin sökum túnasléttunar og engin ummerki sjáanleg.
Slétt, grasivaxið tún er á þessum slóðum.
Engin ummerki Götubryggju sjást á yfirboði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gata, 2; Túnakort 1920

ÁR-556:007 þúst óþekkt 63°50.615N 21°39.479V




Mynd 211. Þúst 013, horft til norðvesturs.

Þúst er sunnan við gamla þjóðveginn, um 2 km norðaustur af bæjarhól 001. Þetta er skammt austan við krikann þar sem vegurinn suður í Selvog liggur út frá gamla þjóðvegi, skammt frá einfaldri raflínu sem þar liggur.
Dálítill hóll við gróna lægð. Í kring skiptast á grónar lægðir og hraunhólar.
Grjóthrúga sem er um 1,5 m að grunnfleti í þvermál og um 0,3 m há. Hún sést bærilega að úr fjarska. Undir grjóthrúgunni virðist leynast regluleg hleðsla að austanverðu og nær hún örlítið út fyrir hrúgaldið. Hugsanlega hefur verið lítið mannvirki hér í upphafi, t.d. skotbyrgi eða smalakofi, en síðan verið hrúgað grjóti ofan á eftir að það hrundi.
Hættumat: engin hætta

ÁR-556:008 hús útihús 63°49.661N 21°40.755V

Fjárhús á hlöðnum grunni er 150 m norðaustan við bæ 001 og 100 m norðan við útihús 009. Fjárhúsin eru skammt vestan við traðir 010 og eru ennþá í notkun. Ekki reyndist unnt að komast inn í húsin, dyrnar voru læstar. Rúmum 10 m til vesturs eru yngri og mun stærri fjárhús byggð á 20. öld.
Slétt, grasivaxið tún er á þessum slóðum.
Fjárhúsin eru 8x6 m að utanmáli og snúa norður-suður. Stafnar hússins eru úr bárujárni að sunnan en til norðurs er það grafið inn í túnið að mestu. Þakið er einnig úr bárujárni. Op, eða dyr, eru á suðurhlið útihússins en dyrnar voru læstar og ekki farið inn. Veggir útihússins eru hlaðnir, 07-1 m á hæð. 2-4 grjóthleðslu sjást í þeim. Lofthæð útihússins er 2,5 m og líklega hefur það verið endurbyggt að hluta. Varðveislan er afar góð.






Mynd 212. Útihús 008, horft til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-556:009 tóft útihús 63°49.614N 21°40.798V

Á túnakorti frá 1920 er merkt útihús 120 m ANA við bæ 001. Þar er nú þúst og tóft. Rúmum 20 m til suðurs er sumarhús á stöplum sem er í niðurníðslu. Greinilegt er að jarðrask hefur átt sér stað en óljóst hversu mikið. Mikið brak er umhverfis útihúsið.
Slétt, grasivaxið tún er á þessum slóðum. Traðir 010 liggja fast austan við þústina.
Á svæði sem er 13x8 m stórt og snýr norður-suður er tóft og þúst. Þústin er sunnar. Þar virðist afar líklegt að uppsöfnuð mannvistarlög leynist undir sverði. Þústin er 8x4 m að stærð, 0,5 m á hæð og snýr austur-vestur. Hún nær fast að tröðum 010 til austurs. Þústin er algróin en víða glittir þó í grjót. Til norðurs frá þústinni er tóft. Hún er 9x7 m að innanmáli, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru grjóthlaðnir og 0,4-0,6 m á hæð. Steyptir stöplar sjást á nokkrum stöðum í þeim. Þeir eru í rörum og grjóthrúgur í kringum þá.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920





Mynd 213. Útihús 009, horft til austurs.

ÁR-556:010 *Göturaðir* garðlag traðir 63°49.614N 21°40.781V

"Traðir liggja niður með merkjum að austan," segir í örnefnaskrá Götu. "Sömu traðir voru að Götu [001] og Beggjakoti [ÁR-555]," segir í örnefnalýsingu Bjarnastaða.

Traðirnar lágu allt frá Fornagarði (Sjá 558:016] að norðan og niður að kampi til suðurs. Hlið var á þeim heim að báðum bæjum, Götu og Beggakoti.

Beggja vegna traðanna eru slétt tún.

Vesturveggur traðanna er ennþá varðveittur og er rúmlega 80 m langur. Eystri veggurinn er horfinn í slétt tún og þar er nú vírgirðing á merkjum. Ekki er vitað hvort að traðirnar sjálfar hafi verið upphlaðnar. Vesturveggurinn er afar siginn, einungis 0,3 m á hæð, 0,6 m á breidd og algróinn. Einungis sést glitta í eitt umfar grjóthleðslu á stöku stað og eru það fremur stórir steinar. Traðirnar liggja til suðurs frá Fornagarði og er bílslóði yfir þeim að hluta.



Mynd 214. Götutraðir 010, horft til NNV.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gata, 1; Ö-Bjarnastaðir, 2

ÁR-556:011 hleðsla útihús 63°49.652N 21°40.788V

Á túnakorti frá 1920 er sýnt útihús um 130 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 80 m NNV við útihús 009. L-laga hleðsla er 120 m vestan við bæ 001 og tilheyrði líklega útihúsinu Mikið rask er vestan við hleðsluna, þar er 2 m há moldarhrúga og mikið af hleðslugrjóti. Afar líklegt er að þetta sé úr hleðslunni. Sandflag er til norðurs frá hleðslunni. Svæðið norðan og vestan við hleðsluna er raskað vegna vinnuvéla.

Slétt, grasivaxið tún er allt umhverfis.

Hleðslan er 13x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er 0,5 m á hæð og má greina 2 umför grjóthleðslu í henni. Mikill uppsafnaður jarðvegur er "innan" í hleðslunni sem bendir til þess að þetta hafi verið opið mannvirki líkt og rétt eða kvíar.




Mynd 215. Útihús 011, horft til norðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-556:012 frásögn býli 63°49.670N 21°40.766V
Ábúendur í Götu heyrðu frá Þórarni Snorrasyni, ábúenda í Vogsósum, að bær hafi verið þar sem nú eru bárujárnsklædd fjárhús í landi Götu. Þau vissu ekkert nánar um þetta meinta býli. Það var 140 m NNA við bæ 001.
Hættumat: stórhætta, vegna byggingar

ÁR-557 Þorkelsgerði



1847: 16 hdr., kirkjueign.
1521: Jarðarinnar getið í upptalningu á erfðagóssi Vigfúsar Erlendssonar. DI VIII, bls. 798 og 805. 1532: Lesið stefnubréf og dómur yfir Páli Vigfússyni og leyfð lausn á jörðunum Þorkelsgerði, Vindási og Kirkjuvogi. DI IX, bls. 622-623. 1521: Jörðin látin upp í skuld ásamt Vindási í Selvogi og fleiri jörðum. DI X, bls. 60.
1706: Ein jörð en sundurdeildir fjórir bæir, sem nú eru kallaðir Austurbær, tíundast fyrir xii c. Midbær, tíundast fyrir viii c. Vesturpartur, tíundast fyrir v c. Torfabær, tíundast fyrir v c. Jarðardýrleiki á allri jörðinni er xxx og so tíundast jörðin öll fjórum tíundum." JÁM II, 452.
Túnakort 1920: Þorkelsgerði (austurbær): Tún 3,5 ha, allt slétt. Nátthagi 0,3 ha, þar af slétt ca 1/3. Matjurtagarðar 1770 m2. Þorkelsgerði (vesturbær): Tún 1,3 ha, alslétt, tún í Melbúð alslétt, stærð 1,2 ha. Nátthagi 0,3 ha. Matjurtagarðar 717 m2. "Lýngrif til eldiviðar er mjög að þrotum komið, en Þángtekja mjög af skorti, því margbýlið uppetur það einum kynni að nægja ríflega. Selveiði má ekki telja, þó slysast hafi selur í nót sem sagt er um Bjarnastaði. Rekavon lítil...Sölvafjara gagnvæn heimamanna brúkun og stundum betri...Skelfisksfjara næg heimamanna brúkun til beitu fyrir þyskling, brúkast annars ekki nema ýsugengd sje. Sjaldan taka hjer aðrir beitu og af líðan, en ekki rjetti það menn vita. Heimræði ár um kríng og lendíng í besta lagi í þessari sveit, en þó sund lagnsókt og þarf að sæta sjáfarföllum. Engjatak á jörðin í Arnarbælislandi í Ölvesi, þar sem heita Nautaeyrar...Hjer í mót á staðurinn skipsstöðu fyrir Þorkelsgerði, vide Arnarbæli. Túnin fordjarfar sandságángur að ofan, en sjáfargángur að framan....Engjar öngvar nema fyrtalið ítak...Viðureldi af sauð tindgast illa ut supra. Stúngulaust og ristulaust utan túngarða sem fyr segir. Vatnsból ekki nema fjöruvatn." JÁM II, 454 "Jörðin er nokkuð landmikil, þurrlend, gróin að mestu, fjörubeit sæmileg, beitiland ógirt að mestu. Útræði var áður fyrr. Áður stóð bærinn neðar í túninu, en 1942 var hann fluttur af þáverandi

ábúanda ofar í túnið, þar sem hann er nú." Sunnlenskar byggðir III, bls. 492

ÁR-557:001 *Þorkelsgerði* bæjarhóll bústaður 63°49.788N 21°41.282V
"Í Þorkelsgerði voru Austurbær og Miðbær, sem var tómthús...Þorkelsgerði stóð áður neðarlega í túni, en var fært ofar undan sjó. Gömlu bæirnir sjást enn í Kampinum, svolítið uppi í túni, en nú standa bæirnir samhliða Torfabæ, sem var ofar," segir í örnefnalýsingu. Í Jarðabók Árna og Páls 1706 segir að jörðin sé deild í fjóra bæi: Austurbæ, Miðbæ og Vesturpart og að auki Torfabæ, sem er undir sérstöku númeri í skrá þessari (sjá Ár-558:001). Ekki er vitað annað en Þorkelsgerðisbæirnir þrír (utan kannski Vesturpartur, sjá 053) hafi staðið á einum og sama bæjarhól og eru hér skráðir undir sama númeri. Bæjarstæðið er enn óspillt um 50 m neðan eða sunnan við íbúðarhúsið í Þorkelsgerði I. Í Sunnlenskum byggðum segir: "Áður stóð bærinn neðar í túninu, en 1942 var hann fluttur af þáverandi ábúanda ofar í túnið, þar sem hann er nú."
Bæjarhóllinn er neðst í túni en 60-80 m ofan við sjávarkampinn. Mikið er af uppsöfnuðu rusli kringum bæjarleifarnar.




Mynd 216. Til vinstri er yfirlit af bæjahól 001 og til hægri sést tóft A.

Stór og mikill bæjarhóll. Á austurhluta hans eru miklar leifar af húsum frá því um miðbik 20. aldar. Alls er hóllinn um 80 x 40 m stór og snýr austur-vestur. Hann er mest allt að 2-3 m hár. Girðing liggur yfir hann vestan við miðju og tilheyrir sá hluti Þorkelsgerði II - þar eru litlar veggjaleifar sýnilegar á yfirborði og flest öll mannvirki hafa verið hreinsuð burt. Hér verður fyrst lýst þeim mannvirkjum sem sjást á hólnum austanverðum og hefst lýsingin austast. Þar er á hólnum stök tóft (A) sem er með grjót- og torfhlöðnum veggjum, um 6 x 4 m stór og snýr norður-suður. Veggir standa vel, eru allt að 1,7 m háir. Beint framan við vesturlangvegg vottar fyrir sporöskjulaga hólfi sem er um 2 x 1 m stórt og hefur grjóti verið raðað á barmana hér og þar. 7-8 m VNV við tóftina er hús undir þaki (B), nánar tiltekið bárujárnsþaki, með torf- og grjóthlöðnum veggjum. Það er 8 x 5 m stórt og snýr norður-suður. Það er töluvert niðurgrafið og gæti hafa verið hlaða. Bæjarhóllinn er hæstur sunnan og suðvestan við þetta hús, 2-3 metrar en ekki útilokað að hluti af hólnum kunni að vera náttúrulegur. Vestan við hús B mótar óljóst fyrir 2-3 húsgrunnum til viðbótar og því greinilegt að þar hafi staðið fleiri hús. Beint framundan húsi B er hús með steinsteyptum veggjum, illa farið. Það er hér nefnt C. Húsið snýr þvert á hin húsin, eða austur-vestur og er með bárujárnsþaki. Það er 6 x 3-4 m stórt. Austurgafl er hlaðinn úr grjóti. Vestan við þetta hús eru tvö illa farin hús til viðbótar (D) úr timbri og bárujárni. Þessi hús eru grafin inn í hólinn að norðanverðu. Í því vestara hafa verið fjárhús, enda sést garði eftir því endilöngu, en sambyggð því að vestan er tóft (E), um 5 x 3 m stór og snýr norður-suður, suður, opin í suðurátt. Mikið af grjóti sést innan veggja og leifar af bárujárni. Um 10 m suðvestar er töluvert steypuhrúgald. Steypt plata er sunnan og suðaustan við hús C en austan við það, undir hlaðna gaflinum, eru leifar af hlaðinni stétt. 15-20 m breið slétta er langsum framan undir allri bæjarröðinni, að líkindum leifar af kálgarði. Hann er greinilegri vestan girðingarinnar sem skiptir hólnum í tvennt en þar sjást hleðslur. Vesturhluti hólsins er nánast laus við sýnileg mannvirki og þar eru engar uppistandandi húsaleifar. Þar er þó einn heillegur veggur nyrst, upp við girðinguna. Sá er grjóthlaðinn 7-8 m langur og snýr norðaustur-suðvestur. Kálgarður er greinilegur við suðurbrún hólsins vestan girðingar. Greinilegar hleðslur sjást um kálgarðinn að sunnan- og vestanverðu. Að lokum: Smáhólbunga sem er norðan við miðbik bæjarhóls gæti verið öskuhaugur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 1-2; Sunnlenskar byggðir III, 492; JÁM II, 452

ÁR-557:002 *Þorkelsgerðisbrunnur* brunnur brunnur 63°49.782N 21°41.289V

"Sunnan og framan við gamla bæinn hét Framtún eða Flötin. Í því var Þorkelsgerðisbrunnur, sem lengi vel var aðalbrunnur hverfisins... Brunnurinn er til enn, en sjór fyllir hann í flóðum," segir í örnefnalýsingu. Þorkelsgerðisbrunnur er í suðausturjaðri bæjarhólsins, um 10 m sunnan við hús sem stendur á bæjarhól og er með steyptum veggjum, sjá 001C.
Hann er inni á grösugu, afgirtu svæði. Gömul tún eru allt í kring. Upphækkuð þúst sem er 3-4 m í þvermál, grösug og um 0,3 m há. Brunnurinn er í suðvesturjaðri hennar. Ofan í honum og ofan á brunnopinu er fullt af rusli, netadræsum, timbri og gaddavír. Ekki er því hægt að skoða brunninn og ekki alveg ljóst hvort hann hefur verið fylltur upp eða hvort hleri er yfir honum undir því sem sést á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 2



Mynd 217. Þorkelsgerðisbrunnur 002.

ÁR-557:003 tóft skemma 63°49.828N 21°41.311V

Stök tóft er um 10 m ofan eða norðan við vesturenda bæjarhóls 001.
Tún fast vestan við girðinguna sem skilur milli Þorkelsgerðis I og II.
Tóftin er 6 x 4 m stór og snýr norður-suður. Hún er stæðileg, og veggir lítið farnir að hrynja, ná allt að 1,7 m hæð. Hún er með dyr á miðjum vesturgafli. Hún virðist grjóthlaðin en þó steypt upp að innan og því sýnilega ekki mjög langt síðan hún var í notkun. Þetta mun hafa verið kartöflukofi. Norðan við tóftina er ferhyrnt far, mjög reglulegt og rúmlega 2 m á kant - má vera að þar hafi verið smákofi sambyggður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mynd 218. Útihús 003.

ÁR-557:004 gerði kálgarður 63°49.881N 21°41.188V

Kálgarður er sambyggður Forngarði Ár-558:016, sem liggur um tún Torfabæjar og Þorkelsgerðis. Þessi kálgarður er um 160 m norðaustur af bæjarhól 001. Garðurinn er sambyggður garðinum innanverðum, þ.e. að sunnan- eða suðvestanverðu. Hann er fast norðan eða norðaustan við minni kálgarð, sjá 025.
Gróið land en lítil gróska, sandborið.
Kálgarðurinn er alls rúmlega 50 x 10 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Forngarðurinn gegnir hlutverki langhliðar að norðaustanverðu. Gerðið er líkast stalli sem gengur út frá garðinum en sýnilegar hleðslur ekki teljandi og sér lítið sem ekkert í grjót í þeim. Þessi kálgarður er að



Mynd 219. Kálgarður 004, horft til suðausturs.

öllum líkindum miklu yngri en forngarðurinn og sennilega 20. aldar verk.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-557:005 *Þorkelsgerðisrétt* heimild rétt
"Ofan við [Þorkelsgerðis]borgirnar [055] var Þorkelsgerðisrétt, sem einnig fór [í flóðinu mikla 25. febr. 1925]," segir í örnefnalýsingu. Réttin er horfin og ekki unnt að staðsetja hana með neinni nákvæmni.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 3

ÁR-557:006 heimild herslugarð
"Á Kampinum vestan við borgirnar [055] voru fiskgarðar og vestar upp af vörinni [041] fiskbyrgi [007]," segir í örnefnalýsingu. Af þessu má ráða að fiskgarðarnir hljóti að hafa verið austar en vörin en ekki er þó ljóst nákvæmlega hvar.
Grýttur sjávarkampur.
Garðarnir eru með öllu horfnir.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 3

ÁR-557:007 heimild herslubyrgi
"Á Kampinum vestan við borgirnar [055] voru fiskgarðar [006] og vestar upp af vörinni fiskbyrgi," segir í örnefnalýsingu. Fiskbyrgin hafa verið vestar en fiskgarðar 006 en ekki er hægt að staðsetja þau með neinni nákvæmni.
Grýttur sjávarkampur.
Ekki sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 3

ÁR-557:008 heimild herslubyrgi
"Einnig varð að bera fisk upp fyrir tún, og voru gerð fiskbyrgi í hrauninu fyrir ofan túngarð. Sést fyrir þeim enn," segir í örnefnalýsingu. Nú hefur miklu verið raskað fyrir ofan tún, m.a. í kringum veitingahúsið T-bæ. Engar minjar fundust sem komið gætu heim og saman við þessa lýsingu og sennilegt er að fiskbyrgin séu horfin. Rétt er að nefna að garðleifar, sem gætu a.m.k. að hluta til verið herslugarðar, eru skammt vestan við T-Bæ, sjá 040.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 3

ÁR-557:009 heimild varnargarður 63°49.678N 21°41.226V
Á Kampinum var hlaðinn sjóvarnargarður, og í hann var hlið, þar sem gatan [030] lá niður í vörina [041]," segir í örnefnalýsingu. Hár sjávarkampur er hér um bil allsstaðar við ströndina, bæði fyrir landi Þorkelsgerðis og annarra bæja í Selvogi.
Hár og grýttur sjávarkampur.
Sjór hefur gengið á land yfir garðinn og ekki er nein garðmynd á kampinum á þessum slóðum. Kampurinn er hár og ýtuför sjást víða í honum, hefur því efni vafalaust verið ýtt upp í kampinn, sem er um 400 m langur fyrir landi bæjarins.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 3


ÁR-557:010 *Gerði* örnefni óþekkt 63°49.699N 21°41.179V
"Fyrir ofan vörina [041] hét Gerði, sem allir þurftu yfir; þar sést enn fyrir salthúsi [054]," segir í örnefnalýsingu. Gerði er væntanlega svæði í gamla túninu sem er um 180 m ASA af bæjarhól 001.
Gróið tún, nú beitarhólf.
Engar gamla girðingar eru augljósar á þessum stað - sennilega hefur þessi skiki verið ræktaður síðar en túnið

næst bænum.
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 3

ÁR-557:011 *Sundvarða* varða samgöngubót 63°49.702N 21°41.254V
"Á Kampinum, lítið eitt vestar en vörin stóð Sundvarðan, en hún er nú horfin í Kampinn. Á henni var sundtréð, sem nú er dottið niður," segir í örnefnalýsingu. Þórarinn Snorrason telur að varðan hafi verið á svipuðum slóðum og nú er sundmerki niður við kampinn. Þetta er um 150 m SSA af bæjarhól 001.
Núverandi sundmerki er í túni fast ofan við sjávarkampinn en væntanlega hefur varðan verið heldur sunnar.
Varðan er horfin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 3

ÁR-557:012 tóft útihús 63°49.789N 21°41.093V
Heilleg tóft, hugsanlega af fjárhúsum er um 50 m ofan við Melbúð en það er í dag fjárhús úr timbri og bárujárni. Þetta er um 140 m austur af bæjarhól 001. Þessi tóft er fast utan eða austan við fornan garð Ár-558:016 sem er þó mjög óglöggur á þessum slóðum, raunar má segja að hann liggi undir suðurgafli tóftarinnar. Beitarhólf á gömlu túni og þar ganga hross. Frá þessum stað eru 200-300 m niður að sjó.
Tóftin er aflöng og einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er alls um 10 x 6 m stór. Heilleg tóft og veggir vel hlaðnir úr hraungrýti, lítið sem ekkert farnir að hrynja og ná allt að 1,6 m hæð. Tóftin gæti verið eftir útihús af einhverju tagi en þar sjást þó hvorki garði, jötur eða hlaða og er ekki útilokað að hún hafi gegnt öðru hlutverki, t.d. verið sjóbúð. Engin hólmyndun er undir rústinni eða við hana og lítil sem engin gróska í jarðvegi.






Mynd 220. Útihús 012, horft til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-557:013 *Rollubúð* þúst verbúð 63°49.675N 21°41.188V
"Upp af lendingunni [sjá 041] voru verbúðir. Næst vörinni var Rollubúð, sem var frá Austurbænum í Þorkelsgerði," segir í örnefnalýsingu. Rollubúð mun hafa verið rúma 200 m suðaustur af Þorkelsgerði 001, á sjávarkampinum eða því sem næst. Nú er ekki vitað um nákvæma staðsetningu Rollubúðar en væntanlega hefur hún verið tiltölulega skammt frá vörinni 041.
Hár sjávarkampur sem er ekkert nema grjót. Utan í honum landmegin sjást víða för eftir jarðýtu og sýnilegt að ýtt hefur verið upp grjóti til að mynda hærri kamp og varna því að sjór gangi á land.
Mikið grjót er uppi á kampinum og engin heilleg mannvirki en þó má ímynda sér að smáleifar sjáist austast í Þorkelsgerðislandi. Á þeim stað er kampurinn grónari og e.t.v. minna raskaður en í kring. Efst á honum sjást reglulegar steinaraðir sem mynda hólf, um 6 x 3 m frá austri til vesturs. Einkum eru gaflar greinilegir, eins og sokknar grjóthleðslur. Hér gæti verið komið mannvirki en þó erfitt að fullvissa sig um að það sé af Rollubúð.
Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 4



Mynd 221. Rollubúð 013, horft til austurs.

ÁR-557:014 *Melbúð* heimild verbúð 63°49.778N 21°41.111V

"Upp af lendingunni voru verbúðir. Næst vörinni var Rollubúð [013], sem var frá Austurbænum í Þorkelsgerði. Ofar stóðu Melbúð og Moldubúð samsíða. Úr þeim voru gerð fjárhús. Búðirnar stóðu fyrir ofan Kampinn, " segir í örnefnalýsingu. Nú eru til fjárhús sem ganga undir nafninu Melbúð og talið er að þau standi á svipuðum slóðum og gamla Melbúð (og þá væntanlega Moldubúð einnig) stóð áður. Þau standa inni á afgirtu stykki um 130 m austur af bæjarhól 001.



Mynd 222. Fjárhúsin eru þar sem Melbúð var áður.

Beitarhólf fyrir hross.

Stór og mikil fjárhús úr timbri og bárujárni eru nú á þessum stað. Það snúa austur-vestur og er hlaðan austast. Norðan við húsin er hóll, vaxinn njóla. Í honum er töluvert grjót sem líklega hefur verið ýtt til. Undir gætu leynst eldri byggingarleifar þótt ekki sé það alveg ljóst.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 4

ÁR-557:015 *Sólheimar* hús bústaður 63°49.716N 21°41.021V

"Fyrir ofan Moldu [014] var Tómthús, sem nefnt var Sólheimar. Það er austur undir Götumörkum og átti að fylgja Austurbænum í Þorkelsgerði [001]. Sólheimar standa að mestu enn," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum III segir: "Sólheimar voru byggðir af Brynjólfi Guðnasyni 1932, sem bjó með móður sinni, Margréti Brynjólfsdóttur, til 1939." Virðist hafa farið í eyði 1953. Sólheimar eru 100 sunnan við Bjarg 016. Tómas Sigurpálsson, heimildamaður og ábúandi í Götu, talaði um að Sólheimar hefðu verið notaðir sem samkomuhús.



Mynd 223. Sólheimar 015, horft til norðurs.

Grasivaxið tún með lágum hólum er allt umhverfis Sólheima. Svæðið tilheyrir Þorkelsgerði en er nýtt frá Götu.

Á svæði sem er 25x15 m að stærð og snýr austur-vestur er íbúðarhús og hleðslubrot. Sólheimar eru steinsteypt íbúðarhús og veggir þess ennþá uppistandandi. Þeir eru 3-3,5 m á hæð. Grunnflötur hússins er 10x6 m og snýr það norðaustur-suðvestur. Skorsteinn er inni í húsinu en allir veggir þar horfnir, líklega voru þar timburveggir. Þak hússins var úr bárujárni en það er fallið inn í húsið. Dyr eru í norðvesturhorni og gluggar á suðurhlið. Umhverfis allt húsið er 0,3-0,7 m hár bakki, líklega uppsöfnuð mannvistarlög. Rúmum 20 m fyrir austan og norðan Sólheima er hleðslubrot. Það er 10 m langt, 3-4 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Hleðslan er algróin en það glittir í grjót hér og þar. Líklega er þetta hluti af Fornagarði 558:016.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 5; Sunnlenskar byggðir III, bls. 493

ÁR-557:016 *Bjarg* hús býli 63°49.767N 21°40.988V

"Ofar og austar [en Sólheimar] er Bjarg, sem var þurrabúð frá Þorkelsgerði. Það hús var byggt upp í sumar (1980)," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum III stendur: "Bjarg var byggt 1932 af Sveini Halldórssyni, sem bjó með konu sinni, Guðbjörgu Þórðardóttur, þar til 1957. Fasteignamat 1976 ekkert." Bjarg er 60 m suðvestan við Katlabyrgi 017. Það er nýtt sem heilsárshús og umhverfis það er lítið afgirt tún, líklega nýtt að eiganda hússins. Mynd er af bænum í Sunnlenskum byggðum III.



Mynd 225. Bjarg 015 A til vinstri og útihús B til hægri.

Slétt, grasivaxið tún er allt umhverfis Bjarg.

Á svæði sem er 40x30 m og snýr norðaustur-suðvestur er íbúðarhús og tvö útihús. Var þeim gefinn sér bókstafur í lýsingu þessari. Hús A er byggt 1932 og byggt upp árið 1980. Það er bárujárnsklætt, á tveimur hæðum og með áföstum bílskúr. Húsið er farið að láta á sjá og þarfnast viðhalds. Útihús B er merkt sem fjárhús á örnefnauppdrætti Ómars Smára. Þau eru 30 m til austurs frá húsi A og sjást á fyrrnefndi mynd í Sunnlenskum byggðum II. Fjárhúsin eru 12x12 m á stærð og skiptast í tvö hólf. Hólf 1 er vestar og var þakhæðin hærri en í hólfi 2. Það er 12x4 m að innanmáli og opið til beggja enda, þar voru bárujárnsklædd timburþil. Dyr voru á vesturhlið samkvæmt ljósmyndinni en ekki er vita með þá eystri. Veggirnir eru 1-1,2 m á hæð og mest má sjá 5 umför grjóthleðslu. Jata var mögulega meðfram austurvegg en það er óljóst. Hólf 2 er austar. Það er 4x4 m að stærð og opið til suðurs líkt og hólf 1. Veggirnir eru hæstir 1,1 m og eru 4 umför grjóthleðslu í þeim. Tóft C er 10 m SSA við tóft B. Hún er einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 9x4 m að stærð og opin til norðvesturs. Veggirnir eru hæstir 1 m og má greina 4 umför grjóthleðslu. Suðurveggurinn er lægstur og gróinn að mestu.




Mynd 224. Tóft 016 C, horft til austurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 5; Sunnlenskar byggðir III, bls. 493

ÁR-557:017 *Katlabyrgi* tóft herslubyrgi 63°49.786N 21°40.923V






Mynd 226. Katlabyrgi 017, horft til SSV.

"Fyrir ofan Bjarg [016] var fiskabyrgi, nefnt Katlabyrgi," segir í örnefnaskrá. Katlabyrgi er rúmum 60 m norðaustan við Bjarg 016 og er innan landsvæðis sem Gata nýtir úr landi Þorkelsgerðis. Fyrir norðan Katlabyrgi er einföld steinaröð, líklega undir girðingu og því ekki skráð hér með.
Katlabyrgi er við norðvesturenda náttúrulegs hraunhryggs sem er algróinn. Umhverfis hrygginn eru gróin, óræktuð tún og stutt niður á hraun.
Byrgið er 4x4 m á stærð og er einfalt. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og algrónir. Þeir eru líklega grjóthlaðnir, það er greinilega stutt niður á grjót gengum grassvörðinn. Það má greina 1-2 umför af grjóthleðslu hér og þar í tóftinni. Veggirnir eru greinilegri að innan heldur en að utan. Hvergi mótar fyrir opi. Vélabrak er innan í byrginu,
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 5

ÁR-557:018 *Ormsstekkur* tóft stekkur 63°50.013N 21°40.703V

"Ormsstekkur var austarlega í Þorkelsgerðislandi, austur undir Götumörkum," segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er um tæpa 200 m suðaustur af Útvogsvörðu ÁR-558:006, rúma 600 m norðaustur af Þorkelsgerði 001.





Mynd 227. Ormsstekkur 018, horft til suðurs.

Sandfyllt hraun með stöku valllendisblettum. Mannvistarleifarnar eru í iðagrænum hól með hundaþúfu nyrst, þar sem hann rís hæst. Varða eða grjóthrúga sem líkast til er seinni tíma verk er syðst á hólnum. Ágætir valllendisblettir eru sunnan, norðan og norðaustan við.
Nokkuð áberandi valllendishóll sem rís vel yfir umhverfi sitt. Hann sker sig úr hvað varðar gróðurfar og reglulega lögun en ekkert rústalag er þó uppi á honum. Hann er vaxinn gisnu grasi og ætla má á rústaleifar séu huldar sandi og gróðri, enda er ekkert rústalag á hólnum og hann hefur hvergi reglulegar eða greinilegar brúnir. Alls er hann um 10 x 6 m stór og snýr norður-suður. Smálausagrjót gægist upp úr honum á nokkrum stöðum. Sunnan undir hólnum er óljós þúst sem gætu verið tóftaleifar. Hún snýr norðaustur-suðvestur og er lítið eitt stærri en sjálfur hóllinn. Óljóst mótar fyrir upphækkunum sem gætu verið veggir og þá hefði op snúið í suðvesturátt.
Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 8

ÁR-557:019 tóft útihús 63°49.847N 21°41.155V

Tóft af litlu útihúsi, e.t.v. hrútakofa, er á Þorkelsgerði II, um 150 m norðaustur af núverandi íbúðarhúsi og um 130 m norðaustur af bæjarhól 001.

Óslegið, grösugt svæði.

Tóftin er uppi á smáhól. Hún er tæplega 5 x 5 m að stærð, op snýr í suðvestur en líka er op á vesturvegg þar sem stykki gæti hafa fallið úr veggnum. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, mest um 0,6 m háir. Mikið gras vex innan veggja og þar sést í leifar af timbri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mynd 228. Útihús 019, horft til norðausturs.

ÁR-557:020 heimild skotbyrgi

"Austan á hæðinni er Markaklöpp, og liggur þar um markalínan milli Eimu og Þorkelsgerðis. Þar var byrgi, þar sem legið var fyrir tófu." Ekki er fyllilega ljóst hvar þetta byrgi var en gæti þó verið sama og hér er skráð númer 042 eða jafnvel sama og 047.

Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 9

ÁR-557:021 gerði tún 63°51.163N 21°39.086V

"Austan á hæðinni er Markaklöpp, og liggur þar um markalínan milli Eimu og Þorkelsgerðis... á hæðinni eru garðhleðslur. Bóndi í Þorkelsgerði ætlaði eitt sinn að gera þar tún," segir í örnefnalýsingu Þorkelsgerðis. Þetta er



Mynd 229. Gerði 021, horft til norðvesturs og norðurs.


fremur norðarlega á Strandarhæð, en hún er norðan við gamla þjóðveginn um Selvog sem hefur nýverið verið aflagður með tilkomu nýs Suðurstrandarvegar. Þetta er skammt norðan við Strandarhelli (sjá Ár-557b:007) og rúma 3 km norður af Þorkelsgerði 001.

Hálfgróin hæð með hraunhólum og -klöppum. Þótt hæðin sé hvorki há né áberandi er gott útsýni þaðan norður yfir heiðina.

Furðulegur staður og það er ekki auðsætt að hér hafi átt að rækta tún, enda hefur verið hlaðið utan um býsna stóran hraunhól sem fyllir upp í hér um bil helminginn af afgirta svæðinu. Grýtt er innan girðingar þar sem hólnum sleppir, einkum nyrst. Hlaðið hefur verið úr hraungrýti á alla kanta og er hleðslan nærri ferköntuð eða trapisulaga. Hólfið er tæplega 30 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Það er um 35 m breitt norðaustast en rúmlega 20 m breitt suðvestast. Af ummerkjum að dæma er hleðslan ekki mjög gömul, kannski frá síðari hluta

19. aldar eða upphafi þeirrar tuttugustu. Þó er hún hrunin að mestu, á stöku stað sjást þó 4-5 umför af hleðslum, mest um 0,4 m há. Sennilega tengjast þessar hleðslur Strandarhelli, þ.e. hafa verið í notkun á sama tíma, og hafi átt að rækta hér tún er ekki ósennilegt að það hafi átt að gera með áburði úr hellinum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 9

ÁR-557:022 *Þorkelsgerðisból* tóftir sel 63°51.863N 21°37.091V
"Austan við Strandhæð [Strandarhæð?] eru mikla lægðir, kallaðar Djúpudalir, og tilheyra Útvogi. Norðaustur af þeim er Þorkelsgerðisból eða -sel," segir í örnefnalýsingu Þorkelsgerðis. Þorkelsgerðisból er um 1,3 km norður af gamla þjóðveginum um Selvog, hér um bil 1 km austur af Vörðufelli og um 800 m VNV af Bjarnastaðabóli Ár-554:022. Þetta er rúma 5 km norðaustur af bæjarhól í Þorkelsgerði 001.



Seltóftirnar eru vestan í grónum grjóthól og þeim hallar dálítið mót norðvestri. Umhverfis er heiði með valllendisblettum, lyngmóum og víða rofabörðum.
Miklar tóftir sjást á bólinu, á svæði sem er alls um 30 x 15 m stórt og snýr norður-suður. Þar er rústahóll með fjögurra hólfa, íbjúgri rústalengju, A og stakri tóft norðvestan við hana, B og stök tóft uppi á hól fast sunnan við, C. Lýsingin hefst hér á rústahól A. Hóllinn er alls um 20 x 10 m stór, lítur út eins og iðagrænt þýfi en er ekki mjög hár, víðast hvar vel innan við 1 m. Á austurbrún hans er íbjúg tóft, geysifalleg og greinileg, sem snýr norður-suður og er 17 x 4-5 m stór. Í henni eru fjögur hólf sem öll hafa dyraop í vesturátt en hvergi sýnilegt að innangengt hafi verið milli hólfa. Þau hólf sem eru norðar gætu hafa verið notað lengur en hin, í það minnsta er í þeim mikið grjóthrun en sunnar eru veggir algrónir og grjótlausir. Næst nyrsta hólfið er dýpst þeirra allra en þar er veggjahæð allt að 1 m en annars víða nær 0,5 m. Öll hólfin eru á bilinu 2-3 x 1 m að innanmáli og snúa norður-suður - nema það sem er allra syðst en það er samanfallið og óljóst, um 1 m í þvermál að innanmáli. Sunnan við það en þó ótengt rústahólnum er lítil en mjög óljós tóft, um 3 x 3 m stór og snýr með op í vestur. Tóft B er á norðurenda rústahólsins, um 2 m norðaustan við tóftina en þó ótengd henni. Þetta er einföld tóft, um 6 x 5 m stór og snýr NNA-SSV og snýr því nokkurn veginn eins og nyrsta hólfið í tóftalengju A. Mikið grjót er í þessari tóft og veggjahæð allt að 1 m. Framan eða vestan við hana er grænn og sléttur stallur sem að líkindum er manngerður. Hann er litlu minni en sjálf tóftin og nær fram á brún rústahólsins. Tóft C er á hól skammt sunnan við vesturenda tóftalengju A. Hún er einföld, 6 x 4 m stór og snýr austur-vestur, dyr á suðurvegg austan við miðju. Veggir vel grónir en grjót sést í þeim innanverðum, mest um 0,4 m háir.



Mynd 230. Sel 022, horft til suðurs.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 9

ÁR-557:023 tóft rétt 63°51.905N 21°37.047V

Hleðsluleifar sjást á milli kletta rúma 70 m norðaustur af Þorkelsgerðisseli 022.

Smáklettaborg, í kring er valllent þýfi og blásnir skorningar.

Uppi á hæsta klettinum er varða, nokkrum stórum steinum hefur verið hrúgað saman. Hún er um 0,5 m há og svipuð í þvermál. Sunnan undir henni eru hleðsluleifarnar en svo illa farnar að réttara er að tala um grjótdreif af meðalstóru og fremur smáu grjóti. Dreifin er á svæði sem markast af klettum eða lágum klettabeltum á þrjá vegu en er opið til suðurs. Alls er svæðið sem hún nær yfir um 4,5 x 2 m stórt. Austan við það er um 1,7 m hár klettur en að vestan lágur klettarani. Að norðanverðu er svo kletturinn sem vörðubrotið er á. Þarna hefur líklega verið smáaðhald.



Mynd 231. Rétt 023, horft til suðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 9

ÁR-557:024 heimild kálgarð

Í örnefnalýsingu Þorkelsgerðis segir: "Í kampinum voru fyrrum kálgarðar frá hverjum bæ." Aðspurður sagðist Þórarinn Snorrason í Vogsósum ekki muna eftir kálgarði í kampinum í landi Torfabæjar.

Ekki sjást nein staðar leifar af kálgörðum í kampinum, að minnsta kosti ekki í Torfabæ eða Þorkelsgerði.

Hættumat: hætta, vegna rofs

ÁR-557:025 gerði kálgarður 63°49.866N 21°41.196V

Tóft af kálgarði er um 160 m norðaustur af bæjarhól 001.

Gróið en fremur óslétt svæði.

Garðurinn er ofan í dæld sem liggur langsum meðfram fornu garðlagi Ár-558:016. Hann er alls um 11 x 6 m stór og snýr norðvestur-suðaustur, niðurgrafinn syðst utan í smáhæð en annars hlaðinn veigalítill torfgarður í kring, 0,2-0,3 m hár. Garðurinn er fremur óreglulegur í laginu og sennilega ekki mjög gamall.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-557:026 tóft útihús 63°49.839N 21°41.137V


Leifar af tóft eru austast í landi Þorkelsgerðis I, í krika upp við fornan garð Ár-558:016 þar sem hlykkur er á honum. Þetta er um 130 m norðaustur af bæjarhól 001.

Grasi vaxin dokk.

Á þessum stað eru líkt og undirstöður byggingar sem hefur verið rifin. Grunnurinn snýr SA-NV og markast af einfaldri steinaröð, stærð er um 10 x 5 m. Mjög stór steinn er í norðvesturhorni. Leifar af timbri og bárujárni eru á norðurenda en ekki alveg víst að þær séu úr þessari byggingu - gætu hafa fokið á staðinn. Kannski hefur grjót úr byggingu á þessum stað verið tekið í fjárhúsin sem eru fast suðaustan við.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar





Mynd 232. Tóft 026, horft til vesturs.

ÁR-557:027 heimild leið

Í örnefnalýsingu Þorkelsgerðis segir: "Traðir eða götur voru milli bæjanna", og virðist þar átt við Þorkelsgerðisbæina annars vegar og Torfabæ hins vegar. Ekki sjást nú traðir eða götur milli bæja en ætla má að þær hafi einfaldlega legið beina línu á milli bæjarstæðanna, eða svo til.


Þar eru nú slétt tún sem eru beitt af hrossum.

Milli bæjanna eru varla nema 120 metrar. Hvergi sést örla á tröðum eða götum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 1

ÁR-557:028 *Gapi* hleðsla fjárskýli 63°50.971N 21°39.442V



Í sóknarlýsingu frá 1840 segir: "Í Selvogsheiði eru 3 hellrar: "Gapi, tekur 60 kindur"". Í örnefnalýsingu er talað um sama helli: "Við ferðamannaveginn sem lá vestur yfir Víðasand og til Herdísarvíkur, er hellir, sem heitir Gapi og var fjárhellir. Við Gapa er Gapastekkur. Þar var rekið að haust og vor úr Útvogi." Rétt sem kemur heim og saman við lýsinguna á Gapastekk er um 400 m suðvestur af Strandarhelli (sjá Ár-557b:007) og um 2,6 km norðaustur af bæjarhól 001.

Iðagrænn blettur fast við stakan klett eða hraungang. Í honum er hellisskúti sem opnast innundir hraunhelluna.

Falleg rétt, hlaðin framan við hellisskúta. Hellirinn opnast mót suðri og er opið býsna hátt og greinilegt, allt að 1,8 m hátt upp á efri brún hellisþaks. Hellirinn er ekki djúpur, vart meira en skúti. Ein hella hefur verið reist upp á rönd vestarlega í opinu og yfir því sjást leifar af hleðslu, austan við miðju. Réttin er sunnan við munnann, einföld og iðagrænt innan hennar, hleðslur standa þokkalega, allt að 3-4 umför af grjóti, hæð allt að 0,5 m. Hlaðið er upp á hellisþakið austanvert og líka aðeins upp á það að vestanverðu. Réttin er um 15 x 11 m stór og snýr austur-vestur. Rekið hefur verið inn að sunnan vestarlega. Þar er aðrekstrargarður sem virðist fornlegri en réttin, liggur í sveig til suður og suðvesturs frá opinu og er hátt í 20 m langur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSÁ, 214; Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 11



Mynd 233. Gapi 028, horft til norðausturs.

ÁR-557:029 varða óþekkt 63°50.415N 21°39.997V

Varða er um 1,3 km norðaustur af Þorkelsgerði 001, á brún gamla vegarins sem liggur frá gamla þjóðveginum um Selvog og til suðurs, niður í byggðina.

Mörk heiðar og láglendis, flatlendi þar sem skiptast á valllendisblettir og hraunhólar. Varðan er á kúptum hól og á honum gróðurtorfa. Þetta er lítill hóll en þó hæsti hóllinn á nokkuð stóru svæði.

Varðan er um 1,1 m há og um 0,8 m í þvermál í grunninn en mjókkar upp á við. Hún er sæmilega hlaðin úr hraungrýti og sést ágætlega að. Þó er ekki ljóst í hvaða tilgangi hún hefur verið hlaðin.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Mynd 234. Varða 029, horft til norðausturs.

ÁR-557:030 heimild leið

"Á Kampinum var hlaðinn sjávargarður [sjá 009], og í hann var hlið, þar sem gatan lá niður í vörina," segir í örnefnalýsingu. Nú sést ekki móta fyrir götunni en sennilega hefur hún legið til suðausturs frá bæjarhól.

Gróið tún.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 3

ÁR-557:031 heimild leið

"Fyrir ofan túnin og veginn út að Strandarkirkju eru Þorkelsgerðisflatir. Þær eru uppblásnar nú, einkum næst bæjunum. Gata var frá Túnhliði og í veginn upp frá bænum," segir í örnefnalýsingu. Lýsingin er óljós og ekki víst hvað er átt við en það gæti þó hafa verið götustúfur sem hefur legið frá hliði á túngarði og í Útvogsgötu, sjá 039.

Engin gata fannst sem kemur heim og saman við lýsinguna, enda er umhverfi á þessum slóðum mikið breytt vegna vega, bygginga o.fl.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 8

ÁR-557:032 gata leið 63°50.710N 21°39.803V



Mynd 235. Leið 032, horft til austurs. Varða 044 er í baksýn.

Gata liggur um Strandarhæð (eða við hana), fast við vörður 044, 045 og 046. Hugsanlegt er að vörðurnar hafi átt að vísa á leiðina. Þetta er fast norðan við staðinn þar sem vegurinn í Selvog liggur niður til suðurs frá gamla þjóðvegi, sem nú er nýlega aflagður með tilkomu Suðurstrandarvegar.
Hálfgróið land, hraun og klappir.
Gatan er fremur áberandi en ekki djúp eða mikil, eins og kindatroðningur. Ekki er ljóst hvert hún hefur legið en hugsanlega er hún angi af Fornugötu Ár-549:101.
Hættumat: engin hætta

ÁR-557:033 *Halldórstóft* heimild bústað
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1706 segir: "Halldorstopt hefur tómthús verið á Austurbæ, varaði bygðin 1 eður 2 ár, og hefur síðan í auðn legið hjer um 40 ár; menn ætla afgjaldið hafi verið xx álnir til heimabóndans, nú er það í grunn fallið og óbyggjandi." Nú er ekki vitað hvar Halldórstóft var.
Heimildir:JÁM II, 455

ÁR-557:034 varða óþekkt 63°50.412N 21°39.885V




Mynd 236. Varða 034, horft til norðausturs.

Vörðubrot er norðan við nýja Suðurstrandarveginn, 80-90 m austur af vörðu 029.
Vörðubrotið er á hraunhól.
Ekki eiginleg hleðsla heldur grjóthrúgald úr stórum hnullungum og stendur spýta upp úr þeim. Grjóthrúgaldið er lítt gróið og ekki fornlegt, rúmlega 1 m í þvermál og 0,5 m á hæð.
Hættumat: engin hætta

ÁR-557:035 tóft fjárhús 63°49.828N 21°41.130V
Tóft sem líkast til er af fjárhúsum er í landi Þorkelsgerðis II, rúma 120 m ANA af bæjarhól 001 og tæpa 100 m norður af fjárhúsum þar sem áður stóð Melbúð 014.






Mynd 237. Útihús 035, horft til norðvesturs.

Tún, nú bithagi hrossa.
Tóftin er mjög vel uppistandandi og snýr NNA-SSV og ekki langt síðan hún hefur verið undir þaki. Alls er hún tæplega 10 x 10 m stór. Veggir eru vel hlaðnir úr grjóti, lítið sem ekkert

farnir að hrynja og ná allt að 1,8 m hæð. Mikið er af rusli innan veggja og ekki sést í garða. Tóftin er tvískipt. Aðalhólfið (A) er vestar, 9 x 6 m stórt að utanmáli en lítið hólf (B) er sambyggt því syðst að austanverðu og er um 4 x 4 m að utanmáli. Bæði hólf eru opin mót SSV en ekki hefur verið innangengt á milli þeirra. Dálítið rof er komið í utanverða veggi á smærra hólfinu vegna hrossanna. Töluvert er af ýmiskonar rusli inn i tóftinni, timbri, járni og girðingarefni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-557:036 *Stokksvíkursund ytra* heimild naust
"Ytra sundið, sem siglt var inn, heitir Stokksvíkursund ytra, en Stokkvíkursund innra er milli Sveinskletts og Slampa, fyrir frama Goltanga. Settir voru fastir stokkar niður alla fjöru niður á móts við Slampa til að setja bátana á. Getur verið að sundin dragi nafn af því. Sér enn fyrir fáeinum stokkum," segir í örnefnalýsingu. Stokksvíkursund er skammt framan við vörina 041.
Ekki fundust neinar leifar af stokkum á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 4

ÁR-557:037 *Moldur* tóftir sjóbúð 63°49.697N 21°41.080V
"Austan við Melbúð tók við allmikið móasvæði milli Götu og Útvogs, sem nefnt var Molda. Síðar var það ræktað. Molda skiptist milli bæjanna og partarnir kallaðir eftir þeim. Einnig var talað um Fremri-Moldu næst Kampinum og Efri-Moldu ofar," segir í örnefnalýsingu. Moldur eru beint upp af Þorkelsgerðisvörinni 041 um 230 m austur af bæjarhól 001. Svo virðist sem Molduheitin hafi átt við túnpartana sem skipt var upp með görðum. Á korti sem Ómar Smári Ármannsson hefur dregið upp af Selvogi sjást m.a. nöfnin Austurbæjarmolda, Vesturbæjarmolda og Torfabæjarmolda. Á staðnum sjást enn túnreitir sem skipt hefur verið upp með grjótgörðum og að auki tóftir, sennilega sjóbúðir, innan þeirra á einum stað. Hér er öllu svæðinu lýst saman.
Afgirt hólf sem virðist ekki beitt nú og er allt á kafi í grasi.
Í Moldum er bæði rústahóll með yngri rústum á sem sjást vel og garðlög sem virðast vera misgömul. Alls ná minjar í Moldum yfir svæði sem er um 120 x 95 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Líklega hafa Moldur þó náð alla leið að garðlagi Ár-558:016 vestan við og þá hefur svæðið verið allt að 120 x 120 m stórt. Svæðið samanstendur af þremur hólfum sem eru öll svipuð





Mynd 238. Moldur 037, horft til norðurs.

að stærð og rústahól sem er norðarlega, milli tveggja vestustu hólfanna. Mikið og fornlegt garðlag Ár-558:016 markar svæðið að á en á því er nú girðing. Garðurinn hefur verið hlaðinn upp á kaflanum vestan við Moldur, væntanlega í tengslum við notkun á þeim, og er þar grjót í honum en annars er hann mjög siginn á þessum kafla. Lýsingin hefst annars á rústahólnum sem er um 20-30 m austan við garðlagið forna. Hóllinn er mjög greinilegur og sýnilega upphlaðin

mannvistarlög í honum, enda er hann allt að 2,5 m hár og rúmlega 30 x 30 m stór og sker sig rækilega úr umhverfinu. Þar sem hann rís hæst eru á honum tvær litlar rústir sem hér eru nefndar A og B. A er austar, hún er 5 x 4 m stór og snýr norður-suður, opið snýr í suðurátt. Grjót sést í veggjum sem eru víðast hvar um 0,5 m háir. Þessi rúst er fast upp við garð sem betur verður sagt frá á eftir, einn þeirra garða sem skipta Moldum upp í reiti. Svo virðist þó sem garðurinn, í það minnsta yngsta byggingarstig hans, hafi verið reistur á eftir tóftinni, enda liggur grjót úr honum greinilega ofan á grónum vesturvegg hennar. Tóft B er 3-4 m suðvestar, snýr eins og gæti hafa verið í notkun á sama tíma og A. Hún er heldur stærri, 6 x 5 m stór og snýr norður-suður með op í suðurátt, mikið er af timbri og öðru rusli innan veggja sem eru allt að 0,7 m háir og sést grjót í þeim innanverðum. Framanundir tóft B er býsna slétt svæði utan í hólnum og ekki útilokað að þar hafi verið kálgarður. Beggja vegna við hólinn er grösugt tún og því hefur verið skipt upp með görðum eins og áður segir. Sá vestasti (C) er sá sem liggur á milli rústanna A og B. Hann liggur úr norðri frá traðargarði 038 og yfir vesturvegg tóftar A, í átt að sjávarkampi. Hann er óverulegastur allra garðanna og mögulegt að hann sé einungis undirstaða undan girðingu. Garðurinn er þráðbeinn og alls er hægt að rekja hann um 11 m til suðvesturs, fyrst yfir rústahólinn og svo um slétta grund en þar verður hann raunar slitróttari eftir því sem sunnar dregur. Garður D liggur í nákvæmlega sömu stefnu um 35 m austar. Hann er veglegri, hefur verið grjóthlaðinn en er nú hruninn að mestu. Á honum eru girðingarleifar. Garðurinn liggur frá traðarleifum 038 og suður að sjávarkampi og er alls um 120 m langur. Þriðji garðurinn í sömu stefnu er E, rúmlega 100 m langur. Hann stefnir þó lítillega meira í suðaustur en hinir garðarnir og því er hólfið milli hans og D trapisulaga, um 34 m breitt nyrst en breikkar smám saman í suður og er allt að 47 m syðst, næst sjávarkampi. Að lokum liggur óljóst garðlag F þvert á öll hin garðlögin. Það á upptök sín skammt sunnan við rúst B og liggur um 80 m til austurs. Garðlagið er algróið og fremur óljóst og er að líkindum eldra en hinir garðarnir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 4; Ómar Smári Ármannsson: Minjakort

ÁR-557:038 hleðsla traðir 63°49.724N 21°41.121V
Leifar af tröðum um land Þorkelsgerðis má sjá ofan eða norðan við Moldur 037 og þaðan má rekja þær til vesturs, í átt að Þorkelsgerði 001. Líklega eru þetta sömu traðir og um segir í örnefnalýsingu: "Traðir fyrir kýr voru aðallega að austan, og var hlið á túngarðinum þar, rétt við hól sem nefnist Kinn. Þaðan lágu traðir heim að bæ."
Bithagi - svæði sem nú er skipt í mörg, afgirt hólf.
Garðlag afmarkar Moldusvæðið til norðurs og það hefur gegnt hlutverki syðri traðagarðs að því er virðist. Þannig hefur verið farið norðan við Moldur, væntanlega frá bæjum austar í Selvogi, til vesturs í gegnum forna garðlagið Ár-558:016. Leifar af tröðunum sjálfum eru frekar óljósar, víðast hvar ekki nema óljósar grjótdreifar sem hafa markað sín hvorn traðarvegginn. Augljósasti hlutinn er í raun hlið á forna garðlaginu. Þetta hlið er alveg greinilegt en töluvert samansigið, rúmlega 1 m breitt og er á garðinum þar sem hann liggur eftir löngum og áberandi hrygg - þannig hallar niður frá hliðinu bæði til austurs og vesturs. Leifar af tröðum sjást á 120-140 m löngum kafla.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 2

ÁR-557:039 *Suðurferðavegur* gata leið 63°50.002N 21°41.066V
Á korti Ómars Smára Ármannssonar er merktur "Suðurferðavegur" frá heimreiðinni að Þorkelsgerði og til NNA, framhjá Útvogsvörðu (sjá Ár-558:006). Innan sviga stendur: "Selvogsgata." Þetta er að líkindum sama leið og lýst er í grein Ólafs Þorvaldssonar í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1943-48 sem einum anga af leiðinni milli Selvogs og Hafnarfjarðar, Grindaskarðavegi. Hann lá samkvæmt því til norðurs í framhaldi af heimreiðinni að Þorkelsgerði, framhjá Útvogsvörðu Ár-558:006 og þaðan áfram til norðurs. Ekki fæst betur séð en þessi gata hafi líka verið kölluð Útvogsgata, þá sennilega sá hluti hennar sem næst liggur byggðinni í Selvogi. Um hana segir í örnefnalýsingu: "Útvogsgata lá frá túngarðshliði í Þorkelsgerði, upp Dalhóla og upp hjá Skála [Skáli er varða, sjá Ár-559:020], sem er rétt vestan við mörkin og því í Strandarlandi."
Fyrsta spölinn af leiðinni, þ.e. næst Þorkelsgerði, nú er akvegur upp á milli tveggja sumarbústaða sem eru norðan og norðaustan við veitingastaðinn T-Bæ.
Ekki sjást götuleifar á þeim kafla sem skoðaður var á vettvangi. Samkvæmt korti af leiðinni sem Ólafur Þorvaldsson birtir í grein sinni lá leiðin hér um bil beint til norðurs frá Þorkelsgerði, upp skarð sem er vestan

megin við Svörtubjörg og áfram til norðurs og síðar norðvesturs. Þetta mun hafa verið austasti angi leiðarinnar, sú sem lá í Selvog en leiðir skiptust uppi á fjallinu. Miðleiðin lá til Stakkavíkur og Herdísarvíkur [skráð í landi Stakkavíkur, sjá Ár-561:006] en sú þriðja til Brennisteinsfjalla, suður með Draugahlíð [hefur ekki verið skráð]. Ef loftmynd er skoðuð vandlega örlar á slóða 300-400 m vestan við afleggjarann sem liggur niður frá gamla þjóðvegi (þeim sem er nýaflagður með tilkomu Suðurstrandarvegar) og niður í Selvog. Að öðru leyti er vísað í lýsingu Ólafs Þorvaldssonar á leiðinni. Sömuleiðis er til handrit sem lýsir leiðinni vel eftir Konráð Bjarnason og nefnist "Kaupstaðarleið Selvogsmanna"

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ómar Smári Ármannsson: Minjakort; Ólafur Þorvaldsson 1949, bls. 99-101; http://www.ferlir.is/?id=6992; Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 8-9; Konráð Bjarnason 1993.

ÁR-557:040 hleðsla herslugarður 63°49.968N 21°41.322V

Um 60 m norðvestan við veitingahúsið T-bæ eru óreglulegar hleðsluleifar og líka sunnar, nær veginum sem liggur vestur að Strandarkirkju.

Hálfgróið hraunlendi.

Fyrstnefnda hleðslan er úr stóru grjóti, slitrótt og víðast hvar aðeins eitt umfar. Hún er alls rúmlega 20 m löng og snýr austur-vestur. Meiri hleðsluleifar eru um 20 m sunnar en það eru óreglulegir bútar sem vísa ekki allir eins. Í framhaldi af þeim má rekja hleðslu sem aðeins er eftir grunnurinn af, slitrótt þó, allt að 140 m til vesturs. Tilgangur með hleðslunum er óljós en einna helst hægt að giska á að þær séu leifar af herslugörðum fyrir fisk. Þó er mögulegt að austari hlutinn af hleðslunum gæti tilheyrt annars konar mannvirki - garðlagi eða jafnvel girðingarundirstöðu.



Mynd 239. Einn af herslugörðum 040, horft til suðvesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-557:041 *Þorkelsgerðisvör* mannvirki lending 63°49.663N 21°41.211V

Í örnefnalýsingu segir: "Niður af borgunum [Þorkelsgerðisborgir 055] er Borgasandur, þar sem fé var bælt oft á kvöldin, og þar fram af Borgaklettar, klettar eða klappir í fjörunni. Vestan í þessum klettum var Þorkelsgerðisvör eða Útvogsvör og upp af henni Þorkelsgerðisnaust [060]." Þetta mun hafa verið ein helsta lendingin á svæðinu, þ.e. í Útvogi. Hún er hér um bil beint niður af Melbúð 014, um 230 m suðaustur af bæjarhól 001, nálægt merkjum milli Þorkelsgerðis og Götu.

Miklar klappir ganga í sjó fram á þessum slóðum.

Siglt var upp mjóa lænu milli tveggja klappa og fiski hent upp á vestari klöppina að sögn Þórarins Snorrasonar í Vogsósum. Þar sjást enn leifar af stjóra, þ.e. ryðgaður járnstautur sem líklega hefur verið steyptur eða boraður niður i klöppina. Engin önnur ummerki eru sjáanleg.



Mynd 240. Járnstaur við lendingu 041.


Hættumat: engin hætta

ÁR-557:042 tóft smalakofi 63°50.685N 21°39.467V

Rúst af litlu byrgi er uppi á háum hól suðaustan við Strandarhæð, fast norðan við gamla þjóðveginn um Selvog og um 2,2 km norðaustur af bæjarhól 001.

Stakur og áberandi, lítill hóll, rúmlega 2 m hár en lítill um sig.





Mynd 241. Smalaskáli 042, horft til norðvesturs.

Byrgisrústin er alveg hrunin, líkt og grjótdreif með lægð í miðju, um 2 x 2 m að stærð og mest um 0,2 m há. Fastur landmælingapunktur er í lausum steini í rústinni. Stærð byrgis og staðsetning bendir til að það sé smalabyrgi.
Hættumat: engin hætta

ÁR-557:043 *Brynkastekkur* heimild stekkur 63°50.207N 21°40.655V
"Ormsstekkur [018] var austarlega í Þorkelsgerðislandi, austur undir Götumörkum. Vestar og ofar var Brynkastekkur, sem nú er kominn á kaf," segir í örnefnaskrá. Brynkastekkur virðist nú óþekktur með öllu. Leitað var vestan og ofan við Ormsstekk en engar sannfærandi tóftir fundust. Hóll sem nokkur gróska er í er þó um 200 norðan við Ormsstekk og verður hann að teljast líklegasta staðsetning stekkjarins.
Land er mjög sandborið og rofið á víxl á þessum slóðum og að líkindum er Brynkastekkur kominn á kaf í sand.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 8

ÁR-557:044 varða samgöngubót 63°50.675N 21°39.658V



Mynd 242. Varða 044, horft til norðvesturs.

Falleg og vel hlaðin varða er á klöpp 30-40 m norðan við nýaflagðan bílveg um Selvog, 2 km norðaustur af bæ.
Varðan er hlaðin á tiltölulega sléttri og gróðurlausri klöpp.
Varðan er 1,7-1,8 m há, hringlaga í grunninn en mjókkar upp. Að grunnfleti er hún um 1,5, m stór. Leifar af götu sjást fast norðvestan við vörðuna, sjá 032, og sennilega hefur hún átt að vísa á hana líkt og fleiri vörður í nágrenninu, sjá 045 og 046 Ekki er ósennilegt að þessi varða hafi verið hlaðin upp á síðustu árum eða áratugum.
Hættumat: engin hætta

ÁR-557:045 varða samgöngubót 63°50.715N 21°39.869V
Varða er um 190 m vestnorðvestan við vörðu 044.
Í hálfgrónu hrauni, fremur kennileitasnauðu.
Varðan er illa hlaðin úr stóru og köntuðu hraungrýti. Hún er um 1,1 m há og óregluleg, rúmleg 1 m í þvermál í grunninn. Hún gæti hafa átt að vísa á götu 032 sem liggur fast norðan við vörðuna, líkt og vörður 044 og 046.
Hættumat: engin hætta





Mynd 243. Varða 045 til vinstri og varða 046 til hægri.

ÁR-557:046 varða samgöngubót 63°50.754N 21°39.900V

Varða er uppi á hæð, 70-80 m norðvestur af vörðu 045.
Á hól í hálfgrónu hrauni.
Hún er illa hlaðin og stórkarlalega úr stóru grjóti, rúmlega 1 m há og allt að 1,5 m í þvermál í grunninn. Gata 032 er fast sunnan við hólinn sem varðan er á og vel mögulegt að hún hafi verið til að vísa á leiðina, líkt og vörður 044 og 045.
Hættumat: engin hætta

ÁR-557:047 tóft skotbyrgi 63°50.754N 21°39.878V

Tóft af litlu byrgi er um 25 m norðan við vörðu 046, á sömu hæð og hún.
Hæð í hálfgrónu hrauni.
Ferköntuð og regluleg, grjóthlaðin tóft sem er um 2 x 1,2 m stór og snýr norður-suður. Hlaðið er úr stóru grjóti á alla kanta og lítur út fyrir að tóftin hafi verið hæst á suðvesturhorni en þar hefur hleðsla hrunið inn á við. Veggjahæð er mest um 0,6 m, víðast um tvö umför af grjóti. Hugsanlegt er að grjót hafi verið lagt í botn byrgisins en allt er það nú mjög mosavaxið. Giska má á að hér hafi verið legið fyrir ref og mögulegt að hér sé komið byrgi sem getið er í örnefnaskrá, sjá fornleif 020.

Mynd 244. Skotbyrgi 047, horft til suðurs.

Hættumat: engin hætta

ÁR-557:048 varða óþekkt 63°50.822N 21°39.758V

Varða er um 160 m ANA af vörðu 046, rúma 2 km norðaustur af bæjarhól 001.
Hún er við endann á áberandi hraungangi sem snýr hér um bil austur-vestur. Grjóthrúga, um 0,8 m há og rúmlega 1 m í þvermál. Hugsanlega eru þetta leifar af refagildru, enda virðist vera holrými undir hrúgaldinu að hluta sem gætu verið leifar af stokk.
Hættumat: engin hætta



Mynd 245. Varða 048, horft til vesturs.

ÁR-557:049 varða óþekkt 63°50.863N 21°39.408V




Mynd 246. Varða 049, horft til norðurs.

Varða er tæpa 300 m ANA af vörðu 048, um 200 m SSA af Gapa 028. Þetta er um 2,4 km norðaustur af bæ 001.
Varðan er uppi á litlum hól, eða öllu heldur utan í honum norðvestanverðum.
Þessi varða er ólík öllum öðrum vörðum á svæðinu, bæði hvað varðar umfang og hina einkennilegu staðsetningu utan í hólnum sem hefur valdið því að hún hefur hrunið undan hallanum til suðvesturs. Varðan er alveg hrunin og skófum vaxin en ljóst að í henni hefur verið mikið grjót og hún verið stór um sig. Alls er vörðuhrúgaldið um 3 x 2 m og snýr norðvestur-suðaustur, mest um 0,5 m há. Spýtuleifar standa upp úr vörðunni á einum stað. Að umfangi minnir varðan helst á þær vörður sem hafa verið notaðar sem sundmerki í Selvogi.
Hættumat: engin hætta

ÁR-557:050 *Bjargarhellir* hellir fjárskýli 63°50.903N 21°39.363V
Fjárhellir er tæpa 500 m suðvestur af Strandarhelli Ár-557b:007, 60-80 m norðan við vörðu 049. Þetta er væntanlega Bjargarhellir sem er getið í sóknarlýsingu 1840: "Í Selvogsheiði eru 3 hellrar: Bjargarhellir, [rúmar 200 fjár]...".





Mynd 247. Bjargarhellir, horft til NNV.

Niðurfall í hraunið og opnast glufa undir hraunhelluna til norðurs og vesturs. Hellisopið er rýmst og hæst til norðurs eða norðvesturs en annars lágt til lofts.
Jarðfallið sjálft er um 10 x 6 m stórt og snýr norður-suður. Iðagrænt er ofan í því, aflíðandi brekka niður að hellisopinu. Að vestan er jarðfallið markað af hraunhellum en fornleg hleðsla virðist vera að austanverðu ofan á hraunklöppinni, 1-2 m breið, 0,3-0,4 m há, algróin og sigin. Einnig gæti hafa verið hlaðið að ofan á brún hellisþaksins vestan við jarðfallið, þar er mikið, hálfgróið lausagrjót. Smájarðföll eru suður af þessu og gætu jafnvel hafa verið notuð sem inn- eða útgönguleiðir. Aðeins var gægst inn í hellinn og virðist sem hleðsla gæti hafa skipt honum í tvennt sunnan við aðalinnganginn. Annar hellir sem opnast undir hraunhellu er 20-30 norðar, opið um 7 m langt og snýr mót norðri. Varða er á hellisþakinu en engar hleðslur sýnilegar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SSÁ, 214

ÁR-557:051 varða óþekkt 63°50.939N 21°39.389V

Leifar af vörðu eru hátt í 70 m NNV af helli 050 rúma 2 km norðaustur af bæjarhól 001.
Hálfgróið hraun.
Varðan er illa hlaðin úr stórgrýti, um 0,5 m á hæð og um 1 m í þvermál í grunninn. Varðan er hlaðin milli hella 050 og réttar við Gapa 028 og er lítt áberandi.
Hættumat: engin hætta



Mynd 248: Varða 051.

ÁR-557:052 heimild leið
"Frá brunninum [líklega Þorkelsgerðisbrunni 002] lágu götur heim að bæjunum," segir í örnefnalýsingu. Nú sjást engar götur frá brunninum, en traðir 038 stefna þó í átt að honum. Ekki er greint frá því við hvaða bæi er átt, en þó sennilega Torfabæ og Götu.
Gróin tún eru allt í kring
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 2

ÁR-557:053 *Vesturpartur* heimild býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1706 er Þorkelsgerði deilt upp i fjóra bæi: Austurbæ, Miðbæ, Vesturpart og Torfabæ (sjá Ár-558:001). Sennilega hefur bæjarkjarninn lengst af verið á bæjarhól 001 en þó vekja orð jarðabókar upp grunsemdir um að Vesturpartur gæti hafa staðið annarsstaðar en þar segir: "Bænum á Vesturparti, húsum, mönnum og kvikfje er háski búinn fyrir stórflæðum." Við núverandi aðstæður virðist skrýtið að hús vestast á bæjarhól hafi verið í meiri hættu en hús á honum miðjum eða austanverðum. Á hinn bóginn er ekki vitað um annan stað sem væri líklegra bæjarstæði fyrir Vesturpart og má vera að húsin vestast á hólnum hafi einfaldlega staðið lægra og því verið í meiri flæðihættu.
Heimildir: JÁM II, 454

ÁR-557:054 heimild skemmu
"Fyrir ofan vörina hét Gerði [010], sem allir þurftu yfir; þar sést enn fyrir salthúsi," segir í örnefnalýsingu. Þórarinn Snorrason í Vogsósum taldi að enn sæjust leifar af salthúsinu skammt fyrir ofan vörina 041. Þær fundust hins vegar ekki á vettvangi.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 3

ÁR-557:055 *Þorkelsborgir* heimild fjárskýli
"Í Kampinum voru kálgarðar frá hverjum bæ. Einnig voru þar fjárborgir, ein frá hverjum bæ. Þær voru hlaðnar til þess, að fé hefði skjól í vondum veðrum. Frá Þorkelsgerði voru tvær borgir, Þorkelsgerðisborgir, eystri og vestri. Nú eru borgirnar og garðarnir horfin, allt ein grjótdyngja. Það tók allt af í flóðinu mikla 25. febr. 1925," segir í örnefnalýsingu. Þar kemur líka fram að sjóvarnargarður Ár-
558:003 hafi verið hlaðinn úr leifunum af ýmsum mannvirkjum sem stóðu á kampinum. Þórarinn Snorrason í Vogsósum telur að borgirnar hafi verið heldur vestar en beint suður af bæ 001 og sömuleiðis að skammt hafi verið á milli þeirra.
Á þessum slóðum er hár og mikill sjávarkampur úr grjóti sem að einhverju leyti hefur verið ýtt upp og hann lagaður til með jarðýtu.
Engar leifar sjást nú af borgunum og ekki hægt að staðsetja þær með mikilli vissu.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 2-3

ÁR-557:056 þúst óþekkt 63°49.753N 21°41.178V



Mynd 249. Þúst 056, horft til norðvesturs.

Greinileg rústabunga er í túni ofan við Þorkelsgerðisvör 041 og 30-40 m suðvestur af Melbúð 014.
Gamalt tún, vel grasi gróið svæði.
Ávalur rústahóll og sléttur. Hann sker sig úr umhverfinu, er alls um 40 x 30 m stór og snýr norður-suður. Hann er allt að 1,5 m hár, sléttur og grjótlaus og ekkert rústalag er að finna á yfirborði hans en nær öruggt er að mannvistarleifar leynast undir sverði - jafnvel gæti þetta verið gamall bæjarhóll. Um 50 m sunnar er mögulega lítill rústahóll, óverulegur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-557:057 heimild nátthagi
Á túnakorti fyrir austurbæ Þorkelsgerðis frá því um 1920 er sýndur nátthagi utan túns. Nokkuð augljóst er þó að staðsetning hans miðað við tún stemmir ekki. Nú er ekki vitað hvar nátthaginn hefur verið og engin ummerki fundust sem koma heim og saman við hann.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort

ÁR-557:058 heimild nátthagi
Á túnakorti fyrir vesturbæ Þorkelsgerðis frá því um 1920 er sýndur nátthagi utan túns. Nokkuð augljóst er þó að staðsetning hans miðað við tún stemmir ekki. Nú er ekki vitað hvar nátthaginn hefur verið og engin ummerki fundust sem koma heim og saman við hann.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort

ÁR-557:059 tóft óþekkt 63°49.730N 21°40.969V
Tóft er 70 m austan við Bjarg 016 og rúma 110 m sunnan við Katlabyrgi 017. Rafmagnsstaur er 5 m norðvestan við tóftina sem er umkringd bílhræjum.
Tóftin er á grasivöxnu svæði, fast við malarveg að Litlu-Götu. Tóftin er á merkjum Þorkelsgerðis og Götu. Landið er þó nýtt frá Götu.
Tóftin er mikið röskuð og mikið hrun inni í henni að hluta. Tóftin er 10x10 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er sunnar. Það er 7x5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á miðri vesturhlið. Veggjahæð er mest 0,6 m og sjást 2 umför grjóthleðslu. Veggirnir eru grjóthlaðnir. Austurhluti hólfsins er raskaður og greinilegir veggir einungis að vestan og norðvestan. Hólf 2 er austar en er afar óskýrt vegna rasks. Það er 6x3 m að innanmáli og ekki er hægt að greina op. Hólfið er skýrast til suðurs, þar er veggjahæð 0,6 m. Að öðru leiti eru veggirnir nánast útflattir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-557:060 *Þorkelsgerðisnaust* heimild naust
Í örnefnalýsingu segir: "Niður af borgunum [Þorkelsgerðisborgir 055] er Borgasandur, þar sem fé var bælt oft á kvöldin, og þar fram af Borgaklettar, klettar eða klappir í fjörunni. Vestan í þessum klettum var Þorkelsgerðisvör [041] eða Útvogsvör og upp af henni Þorkelsgerðisnaust." Vörin er hér um bil beint niður af Melbúð 014, um 230 m suðaustur af bæjarhól 001, nálægt merkjum milli Þorkelsgerðis og Götu.
Klappir ganga fram í sjó á þessum slóðum.
Naustið er horfið en hefur væntanlega verið einhversstaðar upp af vörinni.
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu

ÁR-557:061 heimild útihús 63°49.807N 21°41.237V
Á túnakorti frá 1920 (ártal vantar) er útihús sýnt rúma 70 m norðaustan við bæ 001 á túnakorti austurbæjarins í Þorkelsgerði.
Grasivaxið tún er á þessu svæði.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-557b Eima

1847: Dýrleiki kemur ekki fram.
1501: 18.9. selur Grímur Pálsson Þorvarði Erlendssyni lögmanni Eimu 10 hdr, DI VII, 583 sbr. DI VIII, 322.
1561: 1.7.er dæmt að landskuldir þær sem gjaldast eftir Breiðabólstað, Götu og Eymu skuli Jón Marteinsson svara Þórólfi Eyjólfssyni. DI XIII, 622-23. 1596: Árið 1596 er Solveigu Jónsdóttur dæmd Eima, 10 hdr, í arf eftir Guðbjörgu Erlendsdóttur móður sína. AÍ III, 68. 1677-80: Búa 2 Jónar í Eimu Sveitarbragur Jóns Jónssonar í Nesi, SSÁ, 229.
1706: Jarðardýrleiki er X álnir og svo tíundast. Eigandi er prestekkjan Salvör Einarsdóttir á Háholti í Eystra Hrepp." JÁM II, 455. 1840 er Eima, tvíbýlisjörð talin meðal eyðibýla í ytra parti Austurvogar og á að hafa farið í eyði eftir 1750. SSA, 221. 1902: "Mest hefir sandurinn borist austur yfir ósinn er hann var lagður með ís, hefir svo borist austur og upp í heiðina fyrir suðaustan Vogsósa. Þá er sandgeirinn var kominn upp í heiðina, fór hann breikkandi suður og austur á við, og eyðilagði smám saman jarðirnar: Strönd, Vindás og Eimu með afbýlum þeirra. Dálítið er nú þar farið að gróa upp aftur." Brynjúlfur Jónsson 1903, 51
1927: Gamlar húsarústir og aðrar fornleifar á eyðibýlunum Eimu og Eimuhjáleigu friðlýstar af Matthíasi Þórðarsyni 5.5.1927. Fornleifaskrá, 78.
1706: "Landskuld er nú 1x álnir, hefur áður verið stundum lægst xl álnir, stundum undir hundrað eður yfir, eftir því se, landsdrotni og ábúendum hefur um samið, og þeir hafa komið kaupi sínu so sem jörðin hefur spilst og batnað. Landskuld betalast ýmist í fisi, vætt fyrir xx álnir, eður í peningum uppá landsvísu. Leigukúgildi er nú i, hefur fyrir 12 árum verið hálft þriðja, en því fækkað eð ekki byðist ella. Leigur betalast í fiski heima á jörðinni. JÁM II, 455
"Nokkuð landmikil jörð, þurrlend, efri hlutinn gróinn en nær sjónum uppblásinn og gróðurlítill. Eyðijörð nytjuð frá Þorkelsgerði I," segir í Sunnlenskum byggðum III, bls. 493.

ÁR-557b:001 *Eima* bæjarhóll bústaður 63°49.927N 21°41.657V
"Fyrir vestan Torfabæ [ÁR-558] var býli, sem hét Eima, komið í eyði fyrir löngu. Eima liggur undir Austurbæinn í Þorkelsgerði," segir í örnefnalýsingu. Í friðlýsingarskrá segir: "Þorkelsgerði [ÁR-557]. Gamlar húsarústir og aðrar fornleifar á eyðibýlunum Eimu og Eimuhjáleigu [sjá 002]," Þinglýst 1927. Bæjarhóll Eimu er ennþá varðveittur en allar rústir horfnar. Bæjarhóllinn er merktur með litlu skilti sem á stendur : "Eyma í eyði 1814. Eiríkur Jónsson síðasti ábúandi." Rúmir 30 m eru í sjóvarnargarð til suðurs frá bæjarhólnum. Einnig er sandfláki aðeins 10 m fyrir sunnan hólinn. Fornigarður 558:016 er 30 m til norðurs frá bæjarhólnum.



Mynd 250. Bæjarhóll Eimu, horft til vesturs.

Slétt, grasivaxið tún er umhverfis bæjarhólinn. Grýttur sandfláki er skammt til suðurs.
Bæjarhóllinn er stæðilegur og mikill umfangs. Hann er 2-2,5 m á hæð og tæplega 35 m í þvermál. Hliðar hólsins eru brattar, grasivaxnar og greinilegt að sléttað hefur verið þar yfir. Að ofan er hóllinn sléttur en það mótar fyrir beinum bökkum hér og þar. Lega þeirra er norður-suður. Bæjarhóllinn er hæstur fyrir miðju, eins er þar ein dæld. Ekki er hægt að sjá nánari hólfaskiptingu eða skipulag bygginga. Afar greinilegt er að hér er mikil mannvist undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 6; Friðlýsingarskrá, bls. 78

ÁR-557b:002 *Eimuhjáleiga* heimild bústaður 63°49.978N 21°41.664V



Mynd 251. Eimuhjáleiga, horft til norðvesturs.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1706 stendur: "Eimu hjáleiga, gamalt býli, ætla menn að hafi varðað nær 1 eður 1x ár, en þó öðruhvorju fallið í auðn lengur eður skemur í bili. Eyðilagðist til fullt í næstu fardögum. " Í örnefnalýsingu Þorkelsgerðis stendur: "Eimu [sjá 001] fylgdi Eimuhjáleiga. Tóftir hennar lentu undir veginum út að kirkjunni [Strandakirkju]." Í friðlýsingarskrá segir: "Þorkelsgerði [ÁR-557]. Gamlar húsarústir og aðrar fornleifar á eyðibýlunum Eimu [001] og Eimuhjáleigu." Þinglýst 1927. Eimuhjáleiga er tæpa 80 m NNV við bæ 001, utan Fornagarðs 558:016. Ummerki bæjarstæðisins eru horfin af yfirboði en lítið skilti merkir staðsetninguna. Á því stendur einungis "Eymuhjáleiga". Líkt og segir í örnefnalýsingu lentu tóftirnar undir vegi og restin sléttuð út. Það má greina aflíðandi til brekku til vesturs frá fyrrnefndum vegi en ekki er með vissu hægt að segja að hún tilheyri Eimuhjáleigu.
Grasivaxið hólbarð er fast sunnan við fyrrnefndan veg sem er malbikaður. Annar vegslóði liggur til suðvesturs, meðfram áætluðu bæjarstæði. Annars eru grasblettir og grýttir sandflákar allt um kring.
Engin ummerki Eimuhjáleigu sjást á yfirboði.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: JÁM II, 456; Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 7; Friðlýsingarskrá, bls. 78

ÁR-557b:003 heimild fjárhús
"Nýlega er búið að slétta út fjárhúsin [frá Eimu]," segir í örnefnaskrá Þorkelsgerðis. Í óbirtri grein eftir Konráð Bjarnason frá 1993 segir:"Þarna óx [í Hlíðardal] þá fjöljurta lággróðurinn sem ilmaði svo ljúflega þegar baggar voru ofanteknir við heykuml ærhússins að Eimu." Ekki er vitað með fullri vissu hvar fjárhúsin og ekki mótar fyrir rústahól í túninu umhverfis bæ 001. Telja verður líklegt að fjárhúsin hafi verið nærri bæ 001.
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 7; Konráð Bjarnason, 11

ÁR-557b:004 *Eimuvarir* heimild lending 63°49.666N 21°40.906V
"Eimukampur er þar niður af og Eimuvarir í fjörunni. Þar var útræði," segir í örnefnaskrá Þorkelsgerðis." Eimuvör var náttúruleg að sögn Þórðar Sveinssonar, heimildamanns. Fjaran er grýtt og þessum slóðum og sjóvarnargarður liggur ofan á kampinum. Ekki má greina vörina af þessum sökum á yfirborði.
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 7

ÁR-557b:005 heimild landamerki 63°49.990N 21°41.686V
Í landamerkjabréfi frá 1890 sem ber heitið Landamerki nr. 293 stendur: "Þaðan bein lína í vörðu, vestanvert við Eimuhjáleigu [sjá 002]." Bréfið er handskrifað og fylgir örnefnaskrá jarðarinnar. Varðan er horfin af yfirboði og gaddvírsgirðing er nú á landamerkjum milli Eimu og Strandar. Varðan var 120 m norðan við bæ 001 og 30 m NNV við Eimuhjáleigu 002.
Slétt, grasivaxið svæði er austan, vestan og norðan við landamerkjagirðinguna en vegur að Strandarkirkju til suðurs.
Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Landamerki nr. 293

ÁR-557b:006 *Gunnustekkur* heimild stekkur 63°49.955N 21°41.434V
"Ofan garðs [Fornagarðs að öllum líkindum, sjá 558:016] er Gunnustekkur á merkjum Þorkelsgerðis og Eimu," segir í örnefnalýsingu Þorkelsgerðis. Þórður Sveinsson, heimildamaður, telur að stekkurinn hafi lent undir veginum að Strandarkirkju. Gunnustekkur var 190 m austan við bæ 001 og 120 m austan við hleðslu 011. Hvergi

sést til mannvistar á þessum slóðum.
Norðan við fyrrnefndan veg eru klappir, grjót og sandar. Fyrir sunnan veginn eru grasivaxin tún.
Engin ummerki Gunnustekkjar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 8

ÁR-557b:007 *Strandarhellir* hellir fjárskýli 63°51.128N 21°39.126V
Í sóknarlýsingu frá1840 segir: "Í Selvogsheiði eru 3 hellar: a. Strandarhellir, rúmar 200 fjár..." Í örnefnalýsingu Þorkelsgerðis segir: "Í Strandarhæð, sem nú er í Eimulandi, er Strandarhellir. Það var góður fjárhellir, tók um 200 fjár." Strandarhellir er norðarlega í Strandarhæð. Hann er rúmlega 1 km norðaustur af gatnamótunum þar sem gamli þjóðvegurinn og vegurinn suður að byggðinni í Selvog mætast. Þetta er um 3 km norðaustur af Eimu 001 og rúma 3 km norðaustur af Strönd.
Stórt jarðfall í hraunhæð og opnast skútar úr því til norðurs og suðurs. Auk þess er smærra jarðfall með hellisskútum fast norðan við og að auki hleðsla vestan og sunnan við hellana.


Mynd 252. Jarðfall til norðurs í Strandarhelli 007.

Alls er svæðið tæplega 50 x 50 m stórt. Stóra jarðfallið, sem er sunnar, er alls um 17 x 15 m stórt og snýr austur-vestur. Það er algróið og iðagrænt í botni og vel djúpt, allt að 4-5 m sé staðið niðri á botninum. Í raun er aðeins ein leið vel fær niður í það, að sunnanverðu, og það í sjálfu sér vel fjárhelt. Sennilega hefur verið hlaðið fyrir uppi á brúninni að norðvestanverðu á um 15-20 m löngum kafla - þar sést mikið af grónu grjóti utan í barminum en allt gróið og ekkert lag á. Hvorugur hellanna er manngengur, enda virðist mikið efni hafa safnast fyrir inni í þeim, sauðatað. Sá syðri er varla nema smáskúti en sá nyrðri bæði djúpur og dimmur. Ekki var skreiðst langt inn í hann og ekkert vasaljós með í för en tveir angar úr hellinum teygja sig sýnilega býsna langt í norður. Ekki grillti í hleðslur en skv. uppdrætti sem Ómar Smári Ármannsson hefur gert af Strandarhelli eru dálitlar fyrirhleðslur á tveimur eða þremur stöðum innarlega í hellinum. Framan við hellisopið er jarðvegur sem hefur safnast upp að því, nú gróinn bálkur sem lokar fyrir opið að hluta. Í honum sést víða grjót og má vel vera að hlaðið hafi verið


Mynd 253. Í Strandarhelli 007.

fyrir opið að mestu leyti. Norðan við jarðfallið stóra og hellana tvo er annað jarðfall, mun minna (á að giska 10 x 5 m frá austri til vesturs) og ganga smáskútar innundir hraunhelluna frá því bæði til austurs og vesturs. Sá vestari er stærri, líklega um 20 x 5 m stór, manngengur, en hinn varla nema smáhola. Engar hleðslur sjást á þessum stað. Að lokum er hlaðið um svæði vestur og suður af hellunum. Sú hleðsla er mjög áþekk hleðslu umhverfis hól skammt norðan við (sjá fornleif Ár-557:021) og gæti hafa verið gerð á sama tíma. Hleðslan

myndar ekki óslitið gerði heldur á upptök sín í miðju hrauni um 20 m VNV af jarðfallinu stóra. Þaðan má rekja hana um 40 m til suðvesturs en þar beygir hún í suðausturátt, er slitrótt á kafla en þó hægt að rekja hana um 35 m til viðbótar og er þá komið tæpa 30 metra beint suður fyrir jarðfallið. Ætla má að héðan hafi verið hlaðið til norðurs, þ.e. ef girða hefði átt af svæði við hellana, en það er ekki greinilegt þótt algróinn grjóthryggur sé raunar á því svæði - en hann virðist náttúrverk og má vera að aldrei hafi verið lokið við hleðsluna. Hlaðið er úr hraungrýti og hleðslan nær allsstaðar hrunin en ógróin, mest um 0,2 m há. Líklegasta ástæða fyrir hleðslu á þessum stað og norðar við hólinn (sjá Ár-557:021) er sú að staðið hafi til að rækta upp túnskika með áburði úr hellunum. Ekki virðist mikill árangur hafa náðst, a.m.k. ekki ef marka má núverandi gróðurfar en lítill jarðvegur er innan beggja garða, stutt í rof og hraunklappir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSÁ, 214; Ö-Þorkelsgerði, 9; Heimasíða Ferlis http://www.ferlir.is/?id=3858

ÁR-557b:008 tóft óþekkt 63°49.937N 21°41.746V


Grjóthlaðin tóft er rúmlega 70 m vestan við bæ 001, nærri merkjum við Strönd. Til suðurs frá tóftinni er grjótdreif sem blásið hefur upp, allt heim að sjóvarnargarði sem þarna er.

Tóftin er í grasivöxnu en jafnframt sendnu túni. Grjót kemur víða í gegnum svörð.

Tóftin er 9x9 m að stærð og opin til suðvesturs. Tóftin afmarkast af grjóthleðslu sem kemur í gegnum grassvörð. Hún er einföld og veggirnir nánast útflattir. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og einungis 1 umfar af grjóti í þeim.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar





Mynd 254. Tóft 008, horft til norðausturs.

ÁR-557b:009 varða óþekkt 63°51.142N 21°39.017V

Ungleg varða er nyrst og austast á Strandarhæð, um 90 m austur af Strandarhelli 007.

Hálfgróin holt og hraun.

Ungleg varða, eða öllu heldur grjóthrúga sem er um 1,5 m í þvermál og 0,7 m há. Spýta stendur upp úr henni. Ekki er óhugsandi að þetta sé merkjavarða, ekki víst hún sé gömul þó, milli Eimu og Torfabæjar/Þorkelsgerðis.

Hættumat: engin hætta



Mynd 255. Varða 009, horft til norðausturs.

ÁR-557b:010 tóft fjárhús 63°49.866N 21°41.469V



Mynd 256. Fjárhús 010, horft til norðurs.

Fjárhústóft er beint fyrir ofan eða norðan gömul, steinsteypt fjárhús sem hafa væntanlega tilheyrt Eimu, enda eru þau fast vestan við merkjagirðingu milli Eimu og Torfabæjar. Þessi hús eru 60-80 m VSV af Torfabæ Ár-558:001.
Rafmagnsgirðing er utan um blettinn sem tóftin og húsin standa á, væntanlega svo hross fari sér ekki að voða þar.
Tóftin snýr norðaustur-suðvestur með op í suðvesturátt. Hún er alls um 8 x 4,5 m stór, með grjóthlöðnum veggjum sem ná allt að 1 m hæð. Meðfram veggjum sjást leifar af jötum með steyptum plötum ofan á en engar hlöðuleifar sjást við tóftina.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-557b:011 hleðsla útihús 63°49.931N 21°41.568V




Mynd 257. Hleðsla 011, horft til norðausturs.

Hleðsla með áfastri þúst er 70 m austan við bæ 001 og rúmlega 10 m sunnan við Fornagarð 558:016. Hleðslan er líklega leifar af útihúsi enda líklega innan gamla heimatúns Eimu.
Slétt, grasivaxið tún er allt umhverfis útihúsið.
Útihúsið samanstendur af náttúrulegri klöpp og hlöðnum veggjum. Það er 8x4 m að stærð, er einfalt og snýr austur-vestur. Suðurveggurinn er að stórum hluta náttúruleg klöpp en austurhlutinn er hlaðinn. Að norðan er útihúsið óskýrt og afmarkast nánast af þúst. Bogadregin veggur afmarkar vesturhliðina. Mest má sjá 3 umför grjóthleðslu í veggjum og hvergi mótar fyrir opi. Líklega var það á austur- eða norðurhlið. Útihúsið er nokkuð skemmt, líklega sökum túnasléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-557b:012 *Ólafarsel* tóftir sel 63°51.756N 21°38.426V

"Austan og sunnan við [Vörðu]fellið er Vörðufellshraun, smáblettur, sem runnið hefur frá fellinu. Það er ekki vel uppgróið. Í því er hiti og rýkur úr hólnum. Framan í hrauninu (þ.e. sunnan í) er Ólafarsel, er enn sér fyrir. Það tilheyrði líklega Eimu, er alveg við mörk Eimu og Strandar," segir í örnefnalýsingu Þorkelsgerðis. Ólafarsel er um 1,2 km norðnorðaustur af Strandarhæð en suðaustan undir Vörðufelli. Það er um 4,3 km norðaustur af Eimu 001.



Fallegur staður og líklega skjólgóður, gróin kvos með valllendi og grjóthólum, opin mót suðri. Skáhallt ofan við

tóft A er aflöng laut sem sennilega hefði verið gott að reka fé inn í.
Tvær snyrtilegar tóftir sjást á þessum stað á svæði sem er tæplega 40 x 10 m stórt og snýr austur-vestur.




Mynd 258. Tóft A er til vinstri og tóft B er til hægri.

Sýnilegar minjar eru einfaldar í sniðum og engin augljós merki sjást um endurbyggingar eða langa notkun. Engin grænka er í tóftaveggjum. Vestar í kvosinni er tvískipt tóft (A), alls 8 x 5 m stór og snýr austur-vestur. Vesturhólfið er heldur stærra en hitt, um 3 x 1,5 m að innanmáli. Bæði hólf eru með dyr í suðurátt en ekki sjáanlegt að innangengt hafi verið á milli þeirra. Töluvert grjót sést í veggjum, mest í millivegg. Veggjahæð er mest um 0,8 m og eru veggir vel grónir lyngi og mosa. Um 20 m austar eru leifar af hlöðnu aðhaldi (B) vestan undir kletti. Einungis sjást einfaldar steinaraðir sokknar í mosa. Tóftin er um 5 x 3 m stór að utanmáli og hugsanlega hleðsla í framhaldi af henni til suðvesturs - aðrekstrargarður - en það er nú ekki annað en grjótdreif, um 5-6 m löng. Að lokum má geta þess að við enda þessa grjótgarðs, milli rústa A og B, er þúst með sem grjót gægist víða uppúr en ekki annað að sjá en hún sé náttúruleg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 10

ÁR-557b:013 varða óþekkt 63°51.111N 21°39.106V

Varða eða einhverskonar hleðsla er 30-40 m suðaustur af Strandarhelli 007, um 3 km NA af bæjarhól 001.
Hálfgróið hraun. Varðan er utan í dálitlum hól suðvestanverðum, á hæstu bunga heiðarinnar á þessu svæði. Hóllinn sem varðan er á er vel gróinn.
Varðan hefur hrunið til suðvesturs. Hún er um 2 x 1,5 m að grunnfleti og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,5 m há mest og allt að 3-4 umför. Stærð hennar bendir til að hún gæti hafa verið sundvarða - jafnvel smalakofi en ekki mótar þó fyrir innrými undir grjótinu, sem er lítið farið að gróa.



Mynd 259. Varða 013, horft til norðausturs.

ÁR-557b:014 varða óþekkt 63°51.104N 21°39.109V




Mynd 260. Varða 014, horft til suðurs.

Varða er um 20 m sunnan við vörðu 013.
Hálfgróið hraun.
Grjóthrúga á mosavöxnum hraunhól. Hún er um 1 x 0,5 m og snýr NA-SV. Hæð mest um 0,3 m.
Hættumat: engin hætta


ÁR-557b:015 garðlag túngarður 63°49.960N 21°41.672V
Túngarður afmarkar heimatún Eimu til norðurs og vesturs. Hann sést vel skammt sunnan við veg að Strandakirkju og er afar áberandi. Hann er eflaust hluti af "Fornagarði" sem afmarkaði Selvoginn til forna.
Slétt, grasivaxið tún nýtt til hrossabeitar er sunnan við túngarðinn. Fyrir "utan" hann er gróin vegöxl.
Túngarðurinn afmarkar svæði sem er 175x40 m að stærð og liggur austur-vestur. Hann er varðveittur í tveimur hlutum sem var gefin bókstafur til aðgreiningar í þessari lýsingu. Hluti A sést á rúmlega 130 m löngum kafla sunnan við veginn að kirkjunni. Garðurinn liggur til suðausturs frá eldri malarvegi sem einnig er sunnan við kirkjuveginn. Austurhlutinn sveigir til austurs og fjarar út í grasivöxnu túni. Garðalagið er 0,3-0,5 m á hæð og grjóthlaðið. Það er 1-2 m á breidd. Hægt er aðgreina 2-4 umför af grjóthleðslu en gróið er yfir það á köflum. Annar hluti garðlagsins, hluti b, sést á mörkum við Strönd, upp frá kampinum. Sá hluti er 40 m langur og liggur NNA-SSV. Garðurinn liggur frá sjóvarnargarði í suðri og hverfur við fyrrnefndan malarveg til norðurs.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

ÁR-558 Torfabær

1847: Bændaeign, dýrleika ekki getið. JJ, 77.
1706: Í Jarðabók Árna og Páls er Torfabær talinn hluti Þorkelsgerðis. Alls var Þorkelsgerði metið á 30 hdr en: "Torfabær tíundast fyrir v." JÁM II, 452. Auk þess segir í sömu bók, bls. 455: "Hjáleigur tvær byggði hjer Torfi heitinn Ellendsson, þá er hann flutti bústað sinn af Stafnesi eður fám árum síðar, þær setti hann utangarðs af óskiftu landi, en hjelt sjálfur hús þar sem Torfabær heitir síðan; ekki var hjáleigunum nafn gefið." Af þessu að dæma hefur Torfabær ekki byggst fyrr en í tíð Torfa Erlendssonar, líkast til milli 1630 og 1640. 1821: "Sýslumadur Tofi, bygdi hér Bæ, sem kéndur er vid Nafn Hans; má þar enn siá mikil vegs ummmerki ad verid hafi stórbýli. Hann tilskickadi: ad hvór, sem ná vildi Tali vid sig, skyldi bera 3 steina ad Bæ sínum. þetta kalla Menn TORFALOG." FF, 2281840: 7 hdr. að auki hjáleigan Melborg. SSÁ, 218.
Túnakort 1920: Tún 2,1 ha, allt slétt. Nátthagar 0,6 ha, þar af 3/4 slétt. Matjurtagarðar 1114 m2 "Jörðin er fremur landlítil, gróin að mestu, fjörubeit sæmile, beitiland ógirt að mestu." Sunnlenskar byggðir III, bls. 495



ÁR-558:001 *Torfabær* bæjarstæði bústaður 63°49.880N 21°41.349V
Í Frásögum um fornaldarleifar segir: "Sonur Hanns [Erlends Þorvarðarsonar], Sýslumadur Torfi, bygdi hér Bæ, sem kéndur er vid Nafn Hans; má þar enn siá mikil vegs ummmerki ad verid hafi stórbýli - Hann tilskickadi: ad hvór, sem ná vildi Tali vid sig, skyldi bera 3 Steina ad Bæ sínum. Þetta kalla Menn TORFALÖG. sídan hafa komu Menn innleidt þá veniu t.d. ad slá 1 brínu, reka 1 hitu, leggia 3 steina í vegg, vefa 1t a 3 skaptvóf. etc. og segia þá goldin Torfalógin..." "Torfabær er vestan Þorkelsgerðis. Að sögn bjó þar Torfi lögréttumaður. Bærinn stendur uppi undir túngarði að norðan, það langt frá sjó, að hann var aldrei í hættu,"segir í örnefnalýsingu. Nú stendur nýbyggt íbúðarhús á bæjarhól Torfabæjar. Þetta er vestasta húsið sem stendur uppi í Austurvogi, hér um bil beint niður af veitingahúsinu T-Bæ.
Bærinn stendur ofarnlega í hæðóttu túni sem er bitið af hrossum.
Húsið, sem er nýlegt íbúðarhús, stendur á náttúrulegum hæðarhrygg sem snýr hér um bil austur-vestur og er að nokkru leyti grafið inn í hann. Þetta er bárujárnsklætt hús á timburklæddum, steinsteyptum sökkli. Ekki er afgerandi hólmyndun undir húsinu. Við norðurgaflinn virðist vera uppfylling en ófrágengið umrót er þar vestan

Mynd 261. Bæjarhóll 001, horft til norðausturs.

við. Í því sjást merki um mannvist: járnkekkir, smávegis beinaleifar og steypubrot. Norðaustan við húsið er áberandi hóll sem virðist ekki hafa verið raskað og hugsanlega er það meginhluti bæjarhólsins eða öskuhaugur. Vestan í honum er nú kálgarður og í jarðvegi þar sjást bein, ryðkekkir og fleiri merki um mannvist. Hóllinn er alls 1,5-2 m hár, og um 20 x 15 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Á hólnum vex kafagras. Í kaffihúsinu á T-bæ er ljósmynd af gamla Torfabænum, húsi sem mun hafa verið yfirgefið um 1960. Nýja húsið mun byggt á grunni þess og ætti því ekki að hafa valdið neinum breytingum á sjálfum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: FF, 228; Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 5

ÁR-558:002 *Mosakrókur* heimild býli 63°49.920N 21°41.439V
"Efst í norðvesturhorni túnsins er Mosakrókur, óræktarlaut vaxin mosa. Þar voru tóttir, hefur e.t.v. verið þar býli," segir í örnefnalýsingu. Mosakrókur hefur sennilega verið í námunda við réttina 018, 80-90 m norðvestur af bæ 001. Þar sjást engar rústir eða önnur ummerki.
Innan túnsins er sendinn jarðvegur en gróið en utan túns eru réttarleifarnar (sjá 018) í hálfgrónu kargaþýfi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 5

ÁR-558:003 garðlag varnargarður 63°49.806N 21°41.505V
Enn sést bútur af gömlum sjóvarnargarði niðri á kampinum tæpa 200 m suðvestur af bæjarhól 001. Í örnefnalýsingu segir: "Á kampinum er sjóvarnargarður, sem Eyþór Þórðarson hlóð m.a. úr grjótinu úr borgunum og kálgörðunum. Að sögn Gísla Sigurðssonar er garðurinn 100 metra langur, 2,5 m þykkur neðst, 1,5 metra

þykkur efst og 2 metrar á hæð. Garðinn hlóð Eyþór á einum vetri."
Grýttur og hár sjávarkampur sem hefur verið ýtt upp að einhverju leyti, a.m.k. sjást á nokkrum stöðum för eftir jarðýtutönn í útjaðri hans.
Ekki er ljóst hvort Gísli Sigurðsson lýsti garðinum eftir minni en lýsing hans gæti hafa verið ýkt að einhverju leyti og svo hefur garðurinn vafalaust látið á sjá, hrunið og rofnað af sjávar völdum síðan hún var færð í letur árið 1980. Garðurinn sést nú á um 20 m löngum kafla frá vestnorðvestri til austsuðausturs. Norðvesturendinn er nálægt merkjunum milli Torfabæjar og Eimu. Hann er allt að rúmlega 2 m hár sjávarmegin og þar hefur verið steypt upp milli steina í hleðslunni. Garðurinn er talsvert lægri landmegin og þar í suðausturendanum sést vel hvernig sjór nagar sífellt af endanum. Á garðinum er minningarskjöldur og á honum stendur: "Eyþór Þórðarson Torfabæ hlóð þennan sjógarð á árunum 1926-1934." Garðurinn telst strangt til tekið ekki til fornleifa, enda ekki orðinn 100 ára, en er engu að síður hafður með í fornleifaskráningu, enda er hann mikilvæg heimild um baráttu fólksins í Selvogi við ágang sjávar og er auki hlaðinn upp úr eldri fornleifum ef marka má örnefnalýsinguna.



Mynd 262. Varnargarður 003, horft til suðausturs.

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 5

ÁR-558:004 *Torfabæjarbrunnur* brunnur brunnur 63°49.867N 21°41.360V
"Framtún var túnið neðan bæjar kallað, og í því var Torfabæjarbrunnur. Áður en hann var gerður, var sótt í Þorkelsgerðisbrunn [Ár-557:002]," segir í örnefnalýsingu. Ennfremur segir: "Síðar tók Eyþór brunn við Torfabæ einnig." Eyþór þessi var fæddur árið 1898 og bjó í Torfabæ til 1962. Þessi brunnur er ennþá til, heill og óskemmdur. Hann er fast neðan við núverandi íbúðarhús í Torfabæ sem stendur á gamla bæjarstæðinu, sjá 001. Fjarlægð frá húsi er á bilinu 10-20 metrar.
Sléttur grasbali innan girðingar framan við húsið.
Gömlum járnpotti hefur verið hvolft yfir brunninn en undir er hann alveg heill og óskemmdur. Hann er a.m.k. 4-5 m djúpur, hringlaga og tæplega 1 m í þvermál, hliðar fallega hlaðnar úr grjóti og vatn í botni. Sennilega hefur hann verið í notkun langt fram eftir 20. öld.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 5 og 2

ÁR-558:005 heimild fjárhús
"Neðst í túni er Krókur, þar stóðu fjárhúsin," segir í örnefnalýsingu. Nú er ekki fyllilega vitað hvar Krókur er en sennilega á þetta við um útihús 012 eða 013.
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 5

ÁR-558:006 *Útvogsvarða* varða samgöngubót 63°50.110N 21°40.798V
Varða sem er kölluð Útvogsvarða, er um 4-500 m beint upp eða norður af kaffihúsinu T-bæ og tæpa 700 m norðaustur af bæjarhól í Þorkelsgerði Ár-557:001.
Áberandi grænn hóll í annars sandfylltu og mjög grýttu hrauni. Varðan er í hólfi sem er girt með rafmagnsgirðingu, nær engin beit er þar en þó ganga greinilega stundum hross á svæðinu, þar er traðk, tað og leifar af heyrúllum.



Mynd 263. Útvogsvarða 006, horft til norðausturs.

Varðan er stórt og mikið mannvirki, rúmlega 5 x 2,5 m að grunnfleti, sporöskjulaga í grunninn og vandlega hlaðin upp í allt að 1,2 m hæð. Hún hefur verið hér um bil slétt að ofanverðu en þar er óregluleg grjóthrúga uppi á miðju mannvirkinu og leifar af staurum standa þar upp úr. Sundmerkið sjálft, þríhyrnd krossviðarplata, liggur suðvestan við vörðuna, málningin farin af. Hóllinn undir vörðunni er mjög ræktarlegur en varðan er á norðurenda hans. Hann er um 15 x 7 m stór og snýr norður-suður. Ekki ósennilegt að eldri mannvirki leynist í honum. Þótt varðan hafi fyrst og fremst þjónað hlutverki sundmerkis ber að geta þess Suðurferðavegur eða Selvogsgata (sjá Ár-557:039) mun hafa legið skammt frá henni niður að túnhliði í Þorkelsgerði og því má vera að ferðamenn hafi einnig tekið mið af vörðunni. Ekki sást til leiðarinnar á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-558:007 *Stekkjarvarða* varða samgöngubót

"Við [Torfabæjar]stekkinn stendur Stekkjarvarða. Hún var mið fyrir Goltanga; átti hana að bera í Sundvörðuna á kampinum og í hæstu nípu á Björgum (Svörtubjörgum). Annarsstaðar í sömu skrá segir: "Þar nokkru ofar [en Brynkastekkur Ár-557:043] er Stekkjarvarðan, áður nefnd, mið á innra sundið." Varðan hefur því væntanlega verið norðan við Brynkastekk. Nú er ekki vitað hvar Torfabæjarstekkur var né heldur Brynkastekkur, að öðru leyti en því að hann var vestar og ofar en Ormsstekkur. Ekki sást nein augljós varða á þessu svæði.

Hólar og lægðir, land illa gróið og mikill sandur hefur fokið á.

Hugsanlega er varðan horfin í sand.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 6

ÁR-558:008 þúst útihús 63°49.838N 21°41.396V



Mynd 264. Þústir 008, horft til suðausturs.

Í túninu á Torfabæ, tæpa 100 m suðvestur af bæjarhól 001, eru tvær áberandi þústir á náttúrulegum hólrana. Ekki er ósennilegt að þar gætu leynst mannvistarleifar, t.d. leifar af útihúsum.

Nauðbitið og harðlent tún.

Hvor hóll um sig er rúmlega 5 m í þvermál og um 0,8 m á hæð. Þeir eru báðir algrónir og ekkert grjót sýnilegt á yfirborði. 10-15 m eru á milli hólanna tveggja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-558:009 áletrun landamerki 63°49.805N 21°41.504V

Merkjasteinn með áletrun er í fjörunni milli Torfabæjar og Eimu. Hann er 2 m suður og niður af hornstaur núverandi girðingar milli bæjanna og 170-180 m suðvestur af bæjarhól 001. Um hann segir í örnefnalýsingu: "Landamerki Þorkelsgerðis og Eimu voru þannig: úr fremsta Markaskeri í merktan stein (M) á kampinum við Torfabæjarsjógarðshliðið (til hægri þegar horft er til sjávar við hliðstaur)."

Stórgrýtt fjara.

Höggvið hefur verið M í fremur lítinn stein sem er 30-40 cm í þvermál. Stafurinn er grunnur en greinilegur, um 8 cm hár. Þetta er 2,5-3 m vestur af enda sjóvarnargarðs Eyþórs Þórðarsonar, sjá 003.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 4



Mynd 265. Áletrun 009.

ÁR-558:010 heimild leið 63°49.912N 21°41.266V

Traðir eru sýndar á túnakorti frá 1920. Þær lágu heim að bæ úr norðnorðaustri, væntanlega á sama stað og heimreiðin liggur nú að Torfabæ.

Engin ummerki sjást um traðirnar.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-558:011 *Melborg* tóft bústaður 63°49.886N 21°41.452V

"Fyrir vestan Torfabæ var hús, sem hét Melborg og var stundum í gríni kallað Geysir," segir í örnefnaskrá. Melborgar er getið sem hjáleigu í sóknarlýsingu frá 1840. Í sömu lýsingu segir að Melborg sé nýbýli, tekin upp 1825. Hús er sýnt á túnakorti frá 1920 á markalínu milli Torfabæjar og Eimu um 80 m vestur af bæjarhól 001. Þar er rúst sem kemur heim og saman við lýsinguna og mun vera af nefndu húsi, Melborg eða Geysi.





Mynd 266. Melborg 011, horft til suðausturs.

Gamalt tún, nú er beitt á það hrossum. Núverandi girðing milli Eimu og Torfabæjar liggur á austurgafli tóftarinnar.

Rústin er á háum hól sem er líkast til náttúrulegur að hluta. Frá honum hallar aðallega til norðurs og vesturs. Aðeins sjást veggjaundirstöður og eru mjög grónar en bitnar af hrossum. Alls er rústin um 13 x 4 m stór og snýr austur-vestur. Suðurhliðin er ógreinilegust en óljósar leifar sjást af grjótupphækkun sem gæti hafa verið

milliveggur um miðbik rústarinnar. Vesturskammhlið rústarinnar er reist ofan á fornum garði, sjá nánar 016, en svo virðist sem hann fjari út skammt suðvestan við rústina. Veggjaundirstöðurnar eru grjóthlaðnar og ná mest um 0,5 m hæð. Ekki tókst að afla frekari upplýsinga um það hversu lengi var búið í Melborg. Af ummerkjum að dæma er sennilegt að þar hafi verið íbúðarhús úr timbri, reist á grjóthlöðnum grunni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 6; SSÁ, 218 og 221; Túnakort 1920

ÁR-558:012 tóft útihús 63°49.854N 21°41.439V



Mynd 267. Þúst 012, horft til vesturs.

Útihús er sýnt á túnakorti frá 1920, 70-80 m suðvestur af bæ 001.
Snöggbitið tún, þar ganga hross.
Á þessum stað sjást rústaleifar. Húsið hefur væntanlega verið rifið og rústum jafnað út að mestu. Grjótdreif sést á væði sem er 10-15 m í þvermál. Járn gægist upp úr sverði á nokkrum stöðum en ekkert lag sést á þessum minjum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-558:013 þúst útihús 63°49.842N 21°41.445V



Mynd 268. Þúst 013, horft til vesturs.

Útihús er sýnt á túnakorti frá 1920 fast sunnan við útihús 012.
Bitið tún.
Þar er óljós rústahóll, sporöskjulaga en útflattur, alls rúmlega 15 m í þvermál. Hann er algróinn en bitinn, með smálægð í miðju sem er um 2-3 m í þvermál og markast einkum af sóleyjum sem í henni vaxa. Hóllinn er lágur, nær varla 0,5 m hæð og í honum sést grjót á stangli.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-558:014 heimild nátthagi
Á túnakorti Torfabæjar frá 1920 eru sýndir tveir nátthagar utan við túnið (sjá líka 015). Af kortinu að dæma mætti ætla að þeir hefðu verið austan túns en það fæst ekki staðist, enda tekur tún Þorkelsgerðis við þar sem Torfabæjartúni sleppir í þá áttina. Líklegast er að afstaða nátthaganna á kortinu sé ekki rétt miðað við tún. Nú er ekki vitað hvar þeir hafa verið en líklegast verður að teljast að það hafi annaðhvort verið sunnan við bæ, nálægt sjávarkampi, eða hugsanlega á sendnum svæðum einhverstaðar ofan eða norðan við túnið.
Ekkert fannst við fornleifaskráningu í Selvogi sem kemur heim og saman við nátthagana á túnakortinu.
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-558:015 heimild nátthagi
Á túnakorti Torfabæjar frá 1920 eru sýndir tveir nátthagar utan við túnið (sjá einnig 014). Af kortinu að dæma mætti ætla að þeir hefðu verið austan túns en það fæst ekki staðist, enda tekur tún Þorkelsgerðis við þar sem Torfabæjartúni sleppir í þá áttina. Líklegast er að afstaða nátthaganna á kortinu sé ekki rétt miðað við tún. Nú er ekki vitað hvar þeir hafa verið en líklegast verður að teljast að það hafi annaðhvort verið sunnan við bæ, nálægt

sjávarkampi, eða hugsanlega á sendnum svæðum einhverstaðar ofan eða norðan við túnið.
Ekkert fannst við fornleifaskráningu í Selvogi sem kemur heim og saman við nátthagana á túnakortinu.
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-558:016 garðlag túngarður 63°49.912N 21°41.430V
1821: "Máské mætti telia Meniar-Fornaldar: Sýnishorn af þeim stóra Vördslu gardi, úr Hlídar-Vatni, allt framm ad Strónd og einlægum Túngardi þadan, austur ad Snióthúsa vórdu, fyrir óllum Túnum sveitarinnar / sem óll skyldu þá hafa samfóst verid / med læstu Hlidi ad Lógbýli hvóriu; - Eignad er vrk þetta Erlendi Þorvardssyni sem Hér var Lógmadur sunnan og Austan, frá 1520, til 1554; bió léngi sin efri ár ad Strónd i Selvogi og Deidi þar 1576. … Þessum nausynlegu Túna og Vórdslu Górdum verdur hér ei vidhaldid, vegna sandfoks, sem þegar hefur eydilagt, þetta, i Fyrndinni góda og Prídilega Pláts, er þá nefndist Sæluvogur, ad sógn Manna." FF, 228
1840: "Engar fornleifar eru hér af neinu merkilegu, nema garðlag eftir stóran varnargarð frá tíð Erlendar lögmanns Þorvarðssonar, sem liggur úr Hlíðarvatni og austur að Snjóthúsavörðu, fyrir ofan alla byggðina. Var þá hagalandið milli garðs og fjalls, en tún og engjar milli garðs og sjóar, allt sjálfvarið. Mælt er, að læst hlið hafi verið fyrir hverju lögbýli, og átti hvör heimabóndi að passa sitt hlið, að ei stæði opið, og þessvegna læst, að enginn gæti opnað hliðið óforvarandis." SSÁ, 226-27
1902: "Aðalgarður lá fyrir ofan alla bæi í Selvogi, frá Hlíðarvatni fyrir ofan Vogsósa í landsuður að Stórhól, og aftur í austur frá Stórhól austur fyrir Nes. Sést hann enn glöggt víðast hvar. Fyrir austan Nes sér þó ekki garð austar en nú er túngarðurinn … Án efa hefir aðalgarðurinn legið fyrir austan Snjólfshús. En hann hefir líklegast verið færður þangað sem hann er nú, eftir að þau voru komin í eyði, og þá bygður aftur úr sama grjótinu, en sandur hulið það, sem eftir kann að hafa orðið."
"Ævagamall túngarður liggur fyrir ofan alla byggðina; hann nær alveg austur undir vita og vestur að Vogósum. Víða hefur fokið mjög að honum sandur, svo hann er nær á kafi, en þó sést hann sums staðar. Hlið voru á garðinum heim að hverjum bæ, gjarnan kennd við bæina. Sagt er að hliðin hefðu verið læst og grind í." Í örnefnalýsingu fyrir Þorkelsgerði, Torfabæ og Eimu segir: "Ævagamall túngarður liggur fyrir ofan alla byggðina; hann nær alveg austur undir vita og vestur að Vogsósum. Víða hefur fokið mjög að honum sandur, svo að hann er nær á kafi, en þó sést hann sums staðar. Hlið voru á garðinum heim að hverjum bæ, gjarnan kennd við bæina. Sagt er, að hliðin hefðu verið læst og grind í." Einnig er sagt frá garðlagi í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903: "Aðalgarður lá fyrir ofan alla bæi í Selvogi, frá Hlíðarvatni fyrir ofan Vogsósa í landsuður að Stórhól, og aftur í austur frá Stórhól austur fyrir Nes...." Leifar af þessum stórmerkilega garði eru víða sjáanlegar á svæðinu en í raun er ekki bara um einn garð að ræða heldur fleiri. Hér er skráður garður sem liggur um tún Torfabæjar og Þorkelsgerðis.
Víðast hvar liggur garðurinn umhverfis sandborin en gróin tún.



Mynd 269. Fornigarður 016, horft til vesturs og norðausturs í landi Torfabæjar.

Alls hefur garðurinn verið á að giska 850 m langur og afmarkað svæði sem nú er um 430 x 290 m stórt frá austri til vesturs. Lýsing hefst hér á merkjum milli Torfabæjar og Eimu, sunnan við Melborg 011 þar sem garðsins verður fyrst vart að vestan. Hann er fremur ógreinilegur sunnan við Melborg, virðist jafnvel sveigja að henni úr

suðvestri en það er þó ógreinilegt. Vesturveggur Melborgar hefur verið reistur ofan á garðinum en undan leifum hennar birtist garðurinn heill og mikill um sig og stefnir í norður. Hann sveigir til austurs meðfram Torfabæjartúni um 40 m norðaustan við Melborg en einmitt þar eru leifarnar af Útvogsrétt 018 við hann utanverðan og sunnan við hana gæti verið að garður Ár-557b:015 hafi gengið upp að honum. Garðurinn er gríðarmikill um sig einmitt þar sem hann sveigir til norðausturs og austurs, einkum vegna sands sem hefur safnast upp að honum. Hann er nær lóðréttur að utanverðu og sumstaðar rofinn, allt að 2 m breiður og álíka hár en að innanverðu er hann sandfylltur og mun lægri, ekki lóðréttur halli á honum heldur er hann aflíðandi frá efra toppi og skáhallt niður á jafnsléttu. Garðurinn sést meðfram veginum sem liggur út að Strandarkirkju. Þar stendur gamalt fjárhús úr bárujárni ofan á garðinum, beint sunnan við veitingastaðinn T-bæ. Það var kallað Baðhús og kindur baðaðar í því. Þar sem því sleppir er nánast komið að heimreiðum bæði að Torfabæ og Þorkelsgerði, en þær liggja samhliða yfir garðinn og ber ekki mikið á honum þar. Á hinn bóginn sést hann aftur greinilega handan þeirra, í landi Þorkelsgerðis. Þar er hann með allt öðru sniði, enda hefur hann verið endurnýttur, bæði hlaðinn upp með grjóti að utanverðu og kálgarðar reistir upp við hann að innanverðu, þ.e. að sunnan. Garðurinn er á þessum slóðum 4-5 m breiður en ytri brúnin, sem er hærri, er upphlaðin með grjóti að utan, þ.e. að norðanverðu og nær allt að 1,2 m hæð. Þaðan hallar garðinum inn á við en svolítill kantur er á honum neðst. Greinilegt er að mikill sandur hefur safnast upp að garðinum. Kálgarðar sem nú eru fremur signir, mynda líkt og stall við garðinn innanverðan og sjást fyrst um 30 m austan við heimkeyrsluna að Þorkelsgerði. Þeir eru væntanlega 20. aldar verk (sjá nánar 557:004 og 025). Garðinn má annars rekja til suðurs allt að Melbúð Ár-557:014 en þar er hann orðinn mjög óljós, nærri kaffærður af sandi. Líklegt má telja að leifar garðsins séu í háum hrygg skammt sunnar. Þó er ekki útilokað að hann hafi sveigt til suðurs heldur austar, jafnvel á svipuðum slóðum og rústahóllinn í Moldum, sjá Ár-557:016A. Að lokum skal þess getið að líklega hefur garður Ár-549:008 sem liggur norður og austur fyrir túnið í Nesi, legið út frá þessum garði til austurs skammt frá Melbúð Ár-557:014, þar sem nú standa fjárhús úr bárujárni og timbri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: FF, 228; SSÁ, 226-27; BJ 1903, 51-52; Ö-Þorkelsgerði, 1.; Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 1; Brynjólfur Jónsson 1903, bls. 51;

ÁR-558:017 þúst óþekkt 63°49.905N 21°41.261V

Áberandi þúst, líklega tóftaleifar, er fast austan við heimkeyrsluna að Torfabæ, rúma 50 m norðaustur af bæjarhól 001.

Gamalt tún, nú afgirt svæði.


Þústin er lág en vel afmörkuð, um 12 x 10 m stór og snýr norður-suður. Ekki sést í henni grjót eða greinilegar veggjaleifar en hún er afar regluleg og líklegt að mannvistarleifar leynist í henni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-558:018 *Útvogsréttir* þúst rétt 63°49.911N 21°41.451V

Í örnefnalýsingu segir: "Milli Torfabæjar og Eimu eru Útvogsréttir eða Þorkelsgerðisréttir, við túngarðinn [016] í Torfabæ. Þessar réttir eru enn notaðar. Réttin var flutt þangað eftir flóðið mikla 1925." Réttirnar teljast strangt til tekið ekki til fornleifa, enda hafa þær ekki náð 100 ára aldri. Mannvirki á staðnum eru óljós en þó verður að teljast sennilegt að það sem hér er skráð hafi tilheyrt Útvogsrétt. Þess má geta að í Mosakrók, sem virðist hafa verið á





Mynd 270. Rétt 018, horft til norðausturs.

sömu slóðum getur örnefnalýsing um gamlar rústir, hugsanlegt býli, sjá 002. Mannvirkið sem hér er lýst er í krika utan við forngarð 016, eiginlega þar sem garðlög Ár-557b:018 og 016 hafa mæst þótt þau mót séu nú býsna óljós.
Hrossabeit er nú á þessum stað.
Allar hleðsluleifar eru mjög óljósar og úr lagi gengnar, víðast hvar einfaldar grjótraðir sem ná varla 0,2 m hæð. Það sem sést er að líkindum réttarhólf sem hefur verið sambyggt utanverðum garði 016. Alls er stærð sýnilegra minja um 30 x 15 m og snýr minjasvæðið norðaustur-suðvestur. Í meginatriðum er eitt hólf sýnilegt en þó ef til vill nær lagi að tala um tvö, enda ná endar garðlaganna sem mynda mannvirkið ekki saman heldur gengur ytri garðurinn út fyrir þann innri þannig að ílangt op eða hálfgerð göng myndast mót norðaustri. Op virðist einnig hafa verið allra syðst á mannvirkinu, upp við garð 016. Þar sunnan við er kvos með nokkuð afgerandi, bogadregnum kanti að vestanverðu, um 8 m í þvermál, ekki ljóst hvort hún er náttúruleg eða leifar af réttarhólfi. Ljóst er að þessi mannvirki eru mikið úr lagi gengin og því erfitt að fullyrða nokkuð um upphaflegt útlit. Þegar rætt var við Þórð Sveinsson kom í ljós að réttin var á sínum tíma rifin og settar niður kartöflur á svæðinu. Við þetta voru margir heimamenn ósáttir og kartöflur spruttu ekki vel.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 4

ÁR-558:019 þúst óþekkt 63°49.887N 21°41.273V
Greinilegur rústahóll er í Torfabæjartúni austan heimreiðar og hátt í 30 m austan við bæjarhól 001.
Iðagrænt tún og þessi hluti óbitinn þegar þetta er ritað (júní 2006).
Rústahóllinn er fremur lágur (innan við 1 m) en þó greinilegur, um 25 m í þvermál. Ekki sjást greinileg hleðslumerki á honum eða tóftaleifar en allar líkur eru þó á að hér leynist mannvistarleifar undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-558:020 heimild fjárskýli 63°49.797N 21°41.472V
Fjárborgin frá Þorkelsgerði á að hafa verið á kampinum hér um bil miðjum neðan við bæinn. Þetta hefur verið tæpa 200 m suðvestur af bæjarhól 001.
Hár og mikill sjávarkampur, gróin að norðan en grýttur að sunnan.
Fjárborginni mun hrunið eða nánast skolað burt í ofsaveðri 1925 en í framhaldinu var hlaðinn sjóvarnargarður úr grjótinu, sjá 003.
Hættumat: hætta, vegna rofs

ÁR-558:021 heimild bústað
í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1706 segir: "Hjáleigur tvær [sjá einnig fornleif 022] byggði hjer Torfi heitinn Ellendsson, þá er hann flutti bústað sinn af Stafnesi eður fám árum síðar, þær setti hann utangarðs af óskiftu landi, en hjelt sjálfur hús þar sem Torfabær heitir síðan;... Ekki var hjáleigunum nafn gefið. Á hinni hjelst bygðin inn til næstliðinna 10 ára. Ekki geta menn undirrjettað hvað af henni galdst, en það er víst, að landsdrottinn tók afgjald." Ekkert er nú vitað um hvar hjáleigur Torfa Erlendssonar hafa staðið.
Heimildir: JÁM II, 455

ÁR-558:022 heimild bústað
í Jarðabók Árna og Páls segir: "Hjáleigur tvær [sjá einnig 021] byggði hjer Torfi heitinn Ellendsson, þá er hann flutti bústað sinn af Stafnesi eður fám árum síðar, þær setti hann utangarðs af óskiftu landi, en hjelt sjálfur hús þar sem Torfabær heitir síðan;... Ekki var hjáleigunum nafn gefið. Á hinni hjelst bygðin inn til næstliðinna 10 ára. Ekki geta menn undirrjettað hvað af henni galdst, en það er víst, að landsdrottinn tók afgjald." Ekkert er nú vitað um hvar hjáleigur Torfa Erlendssonar hafa staðið.
Heimildir: JÁM II, 455

ÁR-558:023 *Torfabæjarstekkur* heimild stekkur
"Upp af Torfabæjartúni er Torfabæjarstekkur. Eyþór man ekki eftir fráfærum, þeim var hætt fyrir aldamót," segir í örnefnalýsingu. Ekki tókst að staðsetja Torfabæjarstekk og Þórarinn Snorrason í Vogsósum kannaðist ekki við hann. Líklegast er að hann hafi annaðhvort verið þar sem nú er veitingahúsið T-bær eða á þeim slóðum eða nær túninu, jafnvel gæti Útvogsrétt 018 hafa verið reist á sama stað og hann stóð áður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 6

ÁR-558:024 *Torfabæjarborg* heimild fjárskýli
Í örnefnalýsingu segir: "Því sem næst á miðjum kampinum var stór fjárborg, Torfabæjarborg. Hún var nýjust fjárborganna. Hún fór Í flóðinum mikla 1925. Á kampinum er sjóvarnargarður [003], sem Eyþór Þórðarson hlóð..." Óvíst er hvar borgin var, en þó að líkindum í námunda við garðlag 003.
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu, 5

ÁR-559 Vogsósar

Í Jarðabók Árna og Páls 1706 segir: "Jarðdýrleiki er sagður x, en það er óvíst, því engin geldst hjer tíund af." JÁM II, 462

Ekki til túnakort. Í Jarðabók Árna og Páls 1706 segir: "Þángtekja til eldiviðar er hjer erfiðari miklu, því að oft fellur sandfjúk yfir fenginn afla, og nýju erfiði til að kosta. Silúngsveiði hefur góð verið en brúkast nú lítt, meina menn til miklu meira gagns horfa, ef betur iðkaðist....Heimræði er hjer ekkert að kalla nema í lognum og ládeyðu um vor eður sumar. Selstöðu á jörðin í Hlíðarlandi og færa menn þó vatn til selfólks brúkunar, en kvikfje er vatnað stórbágindalaust í Hlíðarlandi. Beit á jörðin í Hlíðarlandi, óvíst hvað mikla, en Hlíð aftur sölvatekju í Vogshúsafjöru. Túninu grandar sandságángur. Sami sandágángur hefur eyðilagt að mestu engiveitu þá, sem áður var gagnvæn." JÁM II, 463

ÁR-559:001 *Vogsósar* bæjarhóll bústaður 63°51.507N 21°42.718V

"Nú og um langan aldur hafa Vogósar, bærinn, staðið í Vogósatúni," segir í örnefnalýsingu. Bærinn í Vogsósum I er á gamla bæjarstæðinu, vestast í miðju túni og um 340 m NV af Vogsósum II. Búið er í húsinu þótt það sé að hluta orðið ansi laslegt.

Sléttað tún og slegið er alveg upp að bænum að norðan og sunnan. Heimkeyrslan að bæ liggur úr suðri og malarhlað er að framanverðunni. Fjárhús og hlaða úr bárujárni eru fast austan við íbúðarhúsið.



Mynd 271 Bæjarhóllinn í Vogsósum, horft í norður.

Bæjarhúsin standa á sama stað og eldri bær stóð áður. Íbúðarhúsið er austar en fjós og hlaða voru sambyggð því að vestanverðu. Þakið fauk af fjósi og hlöðu nýverið þannig að aðeins veggirnir standa eftir. Íbúðarhúsið var reist í tveimur áföngum, vesturhlutinn 1924 en sá eystri, sem snýr framhlið í suður, á 7. áratug 20. aldar. Austan íbúðarhúss er sund, um 1,5 m breitt en þá tekur við hrörleg skemma með steyptum veggjum og járnþaki. Grjóthleðslur eru meðfram útveggjum í sundinu. Austan við skemmuna stóð lambhús en nú sjást aðeins leifar af grjóthlöðnum útveggjum þess. Þegar Snorri Þórarinsson (f. 1957) var ungur var það haft fyrir hænur en hann man líka eftir að húsið væri kallað Smiðjukofi. Aftan eða norðan við leifar lambhússins er nú járnklædd skemma en þar voru áður hlaða og hesthús, hvorutveggja sambyggt lambhúsinu. Norðaustast allra húsa á bæjarstæðinu er síðan járnklædd skemma. Alls er húsalengja þessi um 30-40 m löng frá austri til vesturs. Lítill sem enginn hóll sést undir húsunum ef staðið er við þau að sunnanverðu en aftan eða norðan við er dálítill hóll, allt að 1,5 m hár, 30 m langur og 8-10 m breiður og telur Snorri Þórarinsson að í honum hafi verið heygarður aftan við íbúðarhúsið og gamla fjósið. Snorri gróf fremur grunnt dren meðfram austanverðu íbúðarhúsinu fyrir nokkrum árum og varð ekki var við mannvistarleifar. Hins vegar gróf hann brunn frammi á hlaði nýlega. Þar kom hann niður á stóra hellu á 1,1-1,2 m dýpi og gólflag, allt að 10 cm þykkt. Áður hafði hann grafið fyrir vatnsleiðslu öllu vestar og komið niður á ruslalag með fiskbeinum á um 1 m dýpi.

hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vogsósar, 1

ÁR-559:002 *Bænhúshóll* þúst bænhús 63°51.456N 21°42.652V

"Í framtúninu er Bænhúshóll, sem einnig er kallaður Lambhúshóll...," segir í örnefnaskrá. Bænhúshóll er í túni um 40 m SSA af bæ 001 og liggur heimreiðin, áður traðir 014, í austurjaðri hans. Ekki er getið um bænhús í Vogsósum í máldögum eða öðrum gömlum heimildum svo vitað sé. Hóllinn er sleginn og túnið í kringum hann sömuleiðis. Stakstæður hóll og áberandi, næstum flatur að ofan og allt að 2-3 m hár. Hóllinn er nálægt 20 m í þvermál en þó heldur ílangur NV-SA. Lágur hóll gengur út frá honum til suðurs og sömuleiðis gengur smárani frá honum til austurs sem mótar fyrir handan við heimreiðina. Ekki hafa staðið byggingar þar í minni Þórarins Snorrasonar (f. 1931). Hóllinn gæti verið náttúrulegur að stofni til en þó er lag hans og útlit þannig að þar eru greinilega upphlaðnar mannvistarleifar.



Mynd 272. Bænhúshóll 002, horft í suður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vogsósar, 1


ÁR-559:003 brunnur brunnur 63°51.498N 21°42.720V

Hlaðinn brunnur er á hlaðinu í Vogsósum I, um 5 m fram eða suður af dyrum fjóss sem nú er að hruni komið. Sléttað tún er allt í kring. Timburlok er yfir brunninum og steypt kringum opið. Brunnurinn er hlaðinn að innan úr býsna þéttu hraungrýti og a.m.k. 3-4 m djúpur. Vatn var leitt úr honum inn í bæ þar til nýlega, en nú hefur nýr brunnur verið grafinn skammt austar. Brunnurinn er um 1 m í þvermál.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-559:004 *Imbukofahóll* hleðsla býli 63°51.498N 21°42.720V

"Imbukofahóll er í Austurtúni, en þar stóð Vogsósakot. Um hólinn liggur Fornigarður [017] og norður í Hlíðarvatn," segir í örnefnalýsingu. Imbukofahóll er aflangur hóll í norðanverðu túni um 130 m NA af bæjarhól 001. Grasi gróinn klapparhóll og er slegið allt í kringum hann. Óljóst vottar fyrir tóft norðan í syðsta hluta hólsins en hún er alveg á kafi í grasi og vart hægt að tala um hleðslur í því samhengi, aðeins hvilft sem er 2-3 m í þvermál. Þetta gætu verið leifar af útihúsi. Hóllinn sjálfur er eilítið bogadreginn og í hvilftinni vestan við hann sjást hleðslur, sennilega leifar af kálgarði og þar örlar enn á rabbabara. Hóllinn sjálfur hefur skýlt garðinum að austan en hlaðið hefur verið með hliðum hans að vestan og hugsanlega sunnan en hleðslurnar eru fremur ógreinilegar, enda mikil gróska í þeim. Alls hefur garðurinn verið um 10 x 10 m stór. Frekari leifar er ekki að sjá og hóllinn virðist náttúrulegur að mestu. Ekki er líklegt að bær hefði verið reistur uppi á hólnum, frekar við hann en hvergi sjást sannfærandi ummerki um slíkt. Garðlög liggja að hólnum úr þremur áttum: Norðvestri, vestri og austri. Nánar er fjallað um þau í 009. Þá er útihústóft fast norðaustan við hólinn, sjá 005.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Vogsósar, 1

ÁR-559:005 tóft útihús 6351.568N 2142.560V

Tóft er á litlum grjóthól í túni rúma 10 m austur af norðurenda Imbukofahóls 004.
Slegið er allt í kringum hólinn.
Hóllinn er algróinn, um 10 x 6 m stór N-S og er nokkurt lausagrjót ofan á honum. Hæð hólsins er um 0,8 m. Smáhvilft er ofan í hann sunnantil og eins og smáhleðsla gangi fram úr honum til norðurs, vestan megin. Snorri Þórarinsson taldi hólinn náttúrulegan og ætlaði að slétta hann. Þegar hann gróf niður með brún hólsins kom hinsvegar í ljós greinileg hleðsla og var þá snarlega hætt við sléttun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mynd 273. Útihústóft 005, horft í austur.

ÁR-559:006 *Vogsósavað* heimild vað 63°51.442N 21°42.842V

"Þá var Vogsósavað rétt við túngarðinn [009] og eiginlega aðalvaðið," segir í örnefnalýsingu. Nú er ekki ljóst hvar nákvæmlega Vogsósavað var en þó er líklegt að það hafi verið vestur eða suðvestur af bæ 001, þar sem breidd er á ósnum hátt í 250 m suður af Vaðhól 008.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogsósar, 2

ÁR-559:007 *Réttartangi* hleðsla rétt 63°51.726N 21°42.428V

"Austan Vaðhóls [008] er Fúlavík, þar austar er Réttartangi, öðru nafni Réttarhóll vegna hóls, sem þar er," segir í örnefnalýsingu. Réttarhóll þessi er rúma 450 m norður af bæ 001. Undir honum að sunnan er stakur sumarbústaður og mun hann hafa raskað réttartóftinni að miklu leyti.
Bústaðurinn er á sléttum bala sunnan undir kúptum, grænum hól sem væntanlega er Réttarhóll.
Töluvert hefur lækkað í vatninu síðustu árin og skv. Þórarni Snorrasyni (f. 1931) var betra aðhald undir hólnum þegar hann var ungur, enda flæddi vatn upp að honum. Lítið sést nú eftir af réttinni en þó örlar á hleðsluleifum fast við norðvesturhorn girðingar umhverfis bústaðinn og hugsanlega utan í bakka fast undir hólnum, um 10 m austar. Engin leið er að átta sig á umfangi eða gerð mannvirkisins en þó má ætla að hóllinn hafi þjónað sem norðurhlið en hlaðið hafi verið fyrir, sennilega að austan- og sunnanverðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Mynd 274. Réttarstæði 007 á Réttartanga, horft í suðvestur.

ÁR-559:008 *Gamlavað* heimild um vað 6351.582N 2142.806V

"En Vaðhóll er nyrzt í Norðurtúni niður við Ós," segir í örnefnalýsingu. Ennfremur segir: "Mörg vöð eru á Ósnum, enda þótt hann sé eiginlega alls staðar fær. Nyrzt er Ósvaðið nyrðra eða Gamlavað niður undan Vaðhól."
Vaðhóll er snögggróinn, kúptur hóll um 40 m neðan við útfallið úr Hlíðarvatni.
Bakkar eru grónir og ekki sjást götur að vaðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vogsósar, 1

ÁR-559:009 *Vogósatúngarður* garðlag túngarður 6351.547N 2142.764V

"Túnið var girt Vogsósatúngarði aðeins á suðurhlið, en að austan Fornagarði [017], garði, sem getið er í máldaganum frá 1275 [...]," segir í örnefnalýsingu. Garðarnir við Vogsósatún eru býsna flóknir og nú er alls ekki augljóst að Fornigarður hafi tengst túngarði. Því er farin sú leið að skrá garðlögin umhverfis tún hér en Fornigarður er nr. 017. Í stuttu máli markar túngarður Vogsósatún að norðan, austan og sunnan og hefur sennilega einnig markað tún að vestan þótt það sé nú ógreinilegt. Að auki liggur garður frá Imbukofahól 004 til norðausturs út í Hlíðarvatn. Túnið í Vogsósum er allt sléttað og slegið.



Vogsósatúngarður 009 sýndur með rauðu, bæjarstæðið fyrir miðju korti.

Lýsingin hefst hér í norðvesturhorni túns, rúma 80 m NA af bæjarhól 001. Þar sjást leifar túngarðsins fyrst um 10 m innan/austan við núverandi vesturjaðar túnsins. Garðurinn hefur verið sléttaður að einhverju leyti og er sleginn líkt og túnið í kring. Þetta er ávalur hryggur, 6-8 m breiður og mjókkar upp á við, bendir flest til að sandur hafi safnast upp að honum beggja megin og gert hann svo ávalan. Hægt er að rekja hrygginn um 70 m til austurs að hól sem er næst vestan við Imbukofahól 004. Líkast til er það Fagurhóll sem getið er í örnefnalýsingu. Handan Fagurhóls liggur mjög áberandi hryggur í norðaustur, í átt að Imbukofahól. Hann hlýtur hann að vera manngerður að hluta, er um 2 m hár að norðanverðu en mun lægri að sunnan. Þó sjást klettar gægjast út úr hryggnum er nær dregur Imbukofahól en næst hólnum er aftur regluleg upphækkun. Austan undir Imbukofahól er um 2 m bil áður en garðurinn hefst að nýju og er það væntanlega Gamlahlið sem getið er í örnefnalýsingu: "...við Imbukofahól er Gamlahlið; þar er eitt af hliðum Fornagarðs eða austurhlið." Nú er dráttarvélaslóð gegnum hliðið. Garðurinn heldur áfram til austurs og hefur honum ekki verið raskað á þessu bili þótt hann hafi að einhverju leyti afmyndast vegna sandfoks. Hann er allt að 2 m hár að utanverðu (norðan) en suðurhliðin er meira aflíðandi, væntanlega vegna sandfoksins. Víða gægist stóreflis grjót út úr garðinum þótt hann sé að langmestu leyti gróinn. Svona heldur garðurinn áfram um 60-70 m í austur frá Gamlahliði. Þar er 2-3 m breitt op, sennilega gamalt hlið. Norðan við þetta op er svæði, nú lagt undir tún, sem áður var nefnt Nátthagi skv. Snorra Þórarinssyni. Sáð var utan við nátthagann svo að nú er þetta samfellt, slétt tún en þó er meiri grænka þar sem nátthaginn var. Stærð hans hefur verið um 80 x 40 m NV-SA af grænkunni að dæma. Ekki er ljóst hvort nátthaginn var afgirtur en það verður þó að teljast líklegt. Sunnan við téð op á túngarði örlar á tóft sem hefur verið byggð upp við hann innanverðan. Hún er einföld og algróin, um 15 x 4-5 m stór N-S og snýr opið í norðurátt. Sennilega hefur þetta verið rétt af einhverju tagi en virðist þó í stærri kantinum fyrir kvíar. Áfram heldur garðurinn og sveigir nú sífellt meira í suður. Um 100 m sunnan við réttina er önnur rétt, byggð við hann utanverðan, í slakka milli garðs og hóls sem er austar. Hún er einföld og ferköntuð, u.þ.b. 20 x 10 m stór frá norðri til suðurs og veggjahæð mest



Mynd 275. Túngarður 009 norðvestast í túni, horft í vestur.

um 0,3 m. Veggir eru algrónir. Ekki var þessi rétt í notkun í minni Þórarins Snorrasonar (f. 1931). Skammt sunnan við réttina er engu líkara en garðurinn klofni og sé tvöfaldur á kafla. Vesturendinn er stæðilegri en hverfur í túni eftir um 50 m. Austurhlutinn er lægri en heldur áfram niður til suðurs, í átt að heimreiðinni og hverfur þar skammt ofan við. Ekki er greinilegur túngarður meðfram vesturhlið túnsins sem er á bakka Óssins úr Hlíðarvatni. Þar sést þó smáhryggur núverandi túngirðingu. Þórarinn Snorrason man eftir því að hryggurinn hafi verið greinilegri og telur klárlega að þar hafi verið túngarður sem nú sé á kafi í sandi. Þá lýkur lýsingu á Vogsósatúngarði, þeim sem umlykur túnið. Frá honum liggur einnig garður til norðausturs og virðist sem sá hluti sé stundum talinn til Fornagarðs 017 þótt hann tengist honum ekki sjáanlega nú. Garður þessi liggur frá norðurenda Imbukofahóls og út að suðausturhorni Hlíðarvatns, þar sem ósinn rennur úr því. Tengsl hans við túngarðinn sjálfan eru fremur óljós vegna grósku vestan hólsins en þó virðist sennilegt að hann hafi tengst horni kálgarðsins sem lýst var með Imbukofahól 004. Garður þessi er alls um 30 m langur, ósleginn hryggur í túni. Hann hverfur þar sem túninu sleppir og sennilegt er að vatnið hafi áður náð upp að garðsendanum, enda vitað að yfirborð þess hefur lækkað á 20. öld. Vogsósatúngarður afmarkar alls svæði sem er um 270 x 250 m stórt. Með staka garðinum bætist við svæði sem markast af túngörðum að sunnan og norðan og Ósnum að vestan, alls um 150 x 80 m stórt.




Mynd 276. Garður norðan við tún, stundum talinn til Fornagarðs 017.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vogsósar, 1

ÁR-559:010 *Vogsósahjáleiga* þúst fjárhús 6351.503N 2142.630V
Leifar af fjárhústóft eru fast austan við núverandi fjárhús sem stendur austast á hlaðinu í Vogsósum I. Sennilega hafa þessi fjárhús verið reist á sama stað og Vogsósahjáleiga stóð áður en um hana segir í örnefnalýsingu: "Austurtún austan bæjarins frá tröðunum og Vogsósahjáleigu, sem stóð þar, sem gripahúsin og heimahlaðan eru nú." Hjáleigan hefur verið í byggð árið 1706 þegar Jarðabók Árna og Páls var rituð: "Wogshúsa Hiáleiga. Dýrleiki er áðurtalinn í heimajörðinni. Ábúandinn Einar Magnússon."
Tún skammt austan við hlaðið. Tóftin er af fjárhúsum sem voru í notkun vel framyfir 1980. Nú sést ekki nema þúst eftir, enda hefur hústóftin verið fyllt upp að nokkru leyti með rusli og haug úr fjárhúsunum. Norðan við tóftina er nú rúllustæði en undir henni mótar fyrir dæld í dálitlum hól, samhliða hlöðu í núverandi fjárhúsum, og gætu þetta verið leifar af heygarði. Alls er þessi meinti heygarður allt að 15 m langur A-V og 6-7 m breiður og hæð hans allt að 1,3 m en sé allt meðtalið er þústin 17 x 15 m stór, heldur lengri N-S.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vogsósar, 1; JÁM II, 463

ÁR-559:011 *Vogsósaborg* heimild fjárskýli 6351.405N 2142.314V
"Vogsósaborg var í eina tíð á Völlum upp við Fornagarð [017]. Vogsósarétt var þar seinna og Vogsósabeitarhús. Vogsósar II eru þarna nú og útihúsin," segir í örnefnalýsingu. Þessi mannvirki voru skv. Þórarni Snorrasyni þar sem nú eru útihúsin austan við Vogsósa II. Þetta er um 380 m SA af bæjarhól 001 og um 200 m utan við túngarð 009. Svæðið hefur allt verið lagt undir íbúðarhús og útihús. Ekki sjást lengur leifar af mannvirkjum á þessum stað. Þórarinn Snorrason (f. 1931) man eftir a.m.k. þremur fjárhústóftum á svæðinu og telur að húsin hafi hýst allt að 200 fjár.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vogsósar, 3

ÁR-559:012 *Hjallhólar* þúst hjallur 6351.096N 2142.679V



Mynd 277. Grjóthrúga á Hjallhólum 012, horft í vestur.

Skamkvæmt Þórarni Snorrasyni eru Hjallhólar um 770 m suður af bæjarhól 001. Það hljóta þó að vera aðrir Hjallhólar en getið er í örnefnaskrá, sjá 031. Hálfgrónir, harðlendir hólar við Ósinn, ruslahaugur er skammt austan við. Ekki sjást greinileg ummerki um hjall á hólunum en á hærri hólnum er stór, toppmynduð grjóthrúga, 3-4 m í þvermál, gróin á toppnum. Grjót hlýtur að hafa verið borið saman á hólnum og jafnvel gæti þetta verið vörðubrot.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vogsósar, 4-5

ÁR-559:013 *Kirkjuvegur* vegur leið 6351.005N 2142.372V

"Kirkjuvegur eða Prestavegur var gata kölluð frá Vogósum suður að [Strandar]kirkju," segir í örnefnalýsingu Vogsósa. Prestavegur lá hér um bil í beina línu milli Vogsósa I og Strandakirkju Ár-559b:002. Hann sést víða mjög vel, enda myndarlegt mannvirki, t.d. um 1 km suður af bæjarhól 001. Á því svæði er hann um 350 m vestan og neðan við Fornagarð 017. Ekki er vitað hvenær vegurinn var lagður en í sóknarlýsingu frá 1840 segir: "Frá Vogsósum að heimakirkjunni á Strönd eru í beinni línu eftir mælingu hr. B. Gunnlaugsens 1132 faðmar, en hann sagðist þora að fullyrða, að með smáhæðum upp og ofan og með götukrókum væri vegur þessi full 1200 faðmar." Orðalagið gæti bent til að þá hafi staðið til að leggja veginn eða í það minnsta að hugur prestsins hafi staðið til þess.

Vegurinn liggur um sandorpið hraun að mestu en nær Vogsósum I er hann kominn undir tún.

Vegurinn hefur verið ruddur og markast víða af steinaröðum beggja vegna. Hann er á bilinu 2-3 m breiður og lengdin hefur alls verið 2,5 km eða rúmlega það. Virðist sem grjóti hafi verið rutt eða það tínt úr veginum og raðað meðfram hliðum hans. Sjálfur vegurinn er sandi þakinn og sömuleiðis allt svæðið í kring. Ekki er að sjá að hann hafi verið upphlaðinn en sennilega hefur hann verið varðaður alla leið, í það minnsta eru víða við hann vörðubrot og jafnvel uppistandandi vörður. Sú eina þeirra sem er vitað til að sé nafngreind er Þuríðarvarða en um hana segir í örnefnalýsingu: "Miðhóll er þar, sem nú er suðurhliðið. Þá er Stórhóll. Hjáleigur frá Strönd eiga að hafa verið, þar sem hólarnir eru nú. Þuríðarvarða er neðan götunnar." Þuríðarvarða mun vera skammt frá Stórhól en ekki er vitað af hvaða Þuríði hún dregur nafn sitt. Vegurinn liggur gegnum garðlög á nokkrum stöðum. Prestavegur verður að teljast nokkuð merkilegt mannvirki, ekki síst vegna þess að sandurinn milli Vogsósa og Strandar er mjög greiðfær og því síður þörf á vegi þar en víða annarsstaðar. Sennilega liggur beinast við að tengja lagningu vegarins við rúm fjárráð Strandarkirkju.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Vogsósar, 2 og 3

ÁR-559:014 *Vogsósatraðir* heimild traðir 6351.442N 2142.607V

"Vogsósatraðir lágu heiman frá bæ suður í Vogsósatúngarðshlið," segir í örnefnalýsingu. Traðirnar hafa legið til suðurs þar sem heimreiðin liggur nú að Vogsósum I, utan í austanverðum Bænhúshól 002.

Malarvegur í slegnu túni. Engar leifar sjást af tröðum lengur og Þórarinn Snorrason man ekki eftir þeim. Vegalengdin frá bæjarstæði og að túngarði 009 er 120-130 m

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Vogsósar, 1

ÁR-559:015 *Eysteinsvað* heimild vað 6350.931N 2143.025V
"Niður undir Ósnum ytri var Ósvaðið syðra, sem einnig var kallað Eysteinsvað, líka Póstvaðið," segir í örnefnalýsingu. Eysteinsvað var heldur ofar en kampurinn eða um 1,2 km SSV af bæ 001. Á þessum stað er dálítil beygja á Ósnum. Að sögn Þórarins Snorrasonar var Ósinn víða fær en þessi staður var valinn vegna þess að það gat verið sandbleyta bæði ofan og neðan við við Ósinn. Vaðið var einnig kallað Póstvað, enda lá póstvegurinn þar yfir og sjást hans greinileg merki austar, sjá 024.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vogsósar, 2

ÁR-559:016 *Eiríksvarða* varða 6352.923N 2137.850V
Í sóknarlýsingu frá 1840 segir frá Eiríksvörðu: "Þó Eiríksvarða sé ekki frá forntíð, er það samt ekki ómerkilegt, að hún skuli enn nú standa óröskuð eftir so langa tíð. Hún er einhlaðin á mjög hárri fjallsbrún; 1 fet er fyrir framan hana að skörpustu brúninni. Hún er 1n faðmur að neðan, lík einhlöðnum steingarðsparti. Er so hvör steinn lagður yfir annan. Flatir og ílangir eru þeir; allir snúa endar þeirra til beggja hliða. Allir eru þeir smáir sem lítilfjörlegir utanveggs hleðslusteinar. Hún er smáaðdregin frá báðum endum, ávöl að ofan og á hæð meðalmanni neðanvert á síðu, snýr austur og vestur til endanna, en flöt við norðan og sunnan átt. Þessi Eiríkur Magnússon dó 1716 og skyldu menn setja, að hann hefði vörðuna hlaðið 6 árum fyrir afgang sinn, þá er hún búin að standa í 123 ár." Kristian Kaalund minnist á vörðuna í riti sem kom út 1873: "Hátt uppi á brattri fjallsbrún er haglega gerð varða ("Eiríksvarða") til minningar um séra Eirík Magnússon (galdramann), sem var þar eitt sinn prestur." Vörðunnar er getið í Þjóðsögum Jóns Árnasonar: "Eiríkur prestur hlóð vörðu þá sem við hann er kennd og kölluð Eiríksvarða; hún stendur fyrir ofan Hlíð á Hellisheiði. Sagði Eiríkur að ei mundi Selvogur verða rændur á meðan varða sú stæði óröskuð." Í örnefnalýsingu fyrir Selvogsafrétt segir: "Sagt er, að Eiríkur prestur á Vogsósum (1677-1716) hafi hlaðið hana til varnar gegn Tyrkjum. Eitt fet er frá Eiríksvörðu fram á brún. Sagt er, að sá, sem hreyfi vörðuna, eigi að fara fram af Björgunum." Varðan er fremst á hæsta punkti Bjarganna, 3,6 km austur af rústum Hlíðar Ár-560:001 í beinni loftlínu. Varla er hægt að samþykkja að hún standi á Hellisheiði en orðalagið verður hér látið liggja milli hluta. Björgin tróna fremst sunnan í lágu fjalli sem er fremur aflíðandi bæði að austan og vestan en snarbratt að sunnanverðu.Varðan stendur mjög framarlega og er innan við 1 m fram á snarbratta klettabrún. Hún er óvenjuleg að gerð, eins og einföld vegghleðsla, um 2 m löng, sem liggur frá austri til vesturs. Mest er hún um 1,5 m há í miðjunni en yfirlínan er bogadregin þannig að varðan er hæst í miðju en lækkar út til endanna. Stórt grjót er í grunninum en smækkar eftir því sem ofar dregur. Hún er ágætlega hlaðin en ekki loku fyrir það skotið að hún hafi eitthvað verið endurbætt í seinni tíð. Hugsanlegt er að hún hafi verið notuð sem mið frá sjó og það sé ástæðan fyrir því hversu breið hún er - þannig hefur borið meira á henni úr fjarska. Reyndar segir í örnefnalýsingu fyrir Selvogsafrétt að vestari endi Bjarganna sé mið af sjó en varðan er á Björgunum miðjum. Að lokum má geta þess að lýsingin frá 19. öld kemur ekki vel heim og saman


Mynd 279. Eiríksvarða, horft í austur. Hnúkar á Selvogsheiði í baksýn.


Mynd 278. Eiríksvarða, horft í vestur. Fjær sést í Hlíðarvatn.

við útlit vörðunnar nú, þ.e. steinarnir eru ekki flatir og ílangir. Erfitt er að leggja mat á hvort sú lýsing hefur verið gerð eftir minni eða hversu nákvæm hún hefur verið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SSÁ, 227; KK I, 60; ÞJÁ III, 505; Ö-Selvogsafréttur, 5

ÁR-559:017 *Fornigarður* garðlag vörslugarður 6351.009N 2141.919V
"Túnið var girt Vogósatúngarði [009] aðeins á suðurhlið, en að austan Fornagarði, garði sem getið er í máldaganum frá 1275 á þennan hátt: "Sex vætter aa huertt fyrer garde enn fiorar utan gardz..." (DI, II,124). Er því þarna að sjá eitthvert elzta mannvirki á landi hér...," segir í örnefnalýsingu. Fornigarður liggur til suðausturs frá Vogsósum í átt að Selvogi. Hann sést fyrst um 550 m SA af Vogsósum I (001) en tæpa 200 m SA af Vogsósum II.



Mynd 280. Fornigarður skammt sunnan túna, horft í norður.

Næst Vogsósum II liggur garðurinn um tún og hefur sennilega verið raskað að einhverju leyti. Þar er girðing ofan á honum. Þar sem túnum sleppir tekur landgræðslugirðing við og þar er sandfyllt hraun, nú með mikilli lúpínu.
Næst Vogsósum er garðurinn fremur ógreinilegur en líkist helst grjótundirstöðum sem stundum sjást undir girðingum - og það liggur einmitt ein slík á honum í túninu. Grjót gægist upp úr sverði og undir girðingunni má sumsstaðar greina hrygg og gefur hann til kynna að garðurinn sé óraskaður undir sverði og væntanlega þykku lagi af sandi. Svona heldur garðurinn áfram um 200 m til suðurs en þá tekur landgræðslugirðingin við með sandfylltu hrauni og lúpínu svo langt sem augað eygir. Þar er garðurinn vel greinilegur og var rakinn á vettvangi tæplega 1 km til suðurs. Hvarvetna hefur mikill sandur fokið upp að honum beggja vegna svo aðeins stendur efsta steinaröðin upp úr. Á nokkrum stöðum hverfur garðurinn í lúpínubreiður en er þó víðast hvar hægt að sjá hann ágætlega. Bjarni F. Einarsson gróf nýverið í garðinn skammt ofan við Stórhól. Niðurstöður hans verða hér reifaðar í stuttu máli: "Undir einum steini, ofarlega í garðinum, fannst plast....Bendir það eindregið til þess að menn hafi verið að endurhlaða eða gera við Fornagarð allt fram á 20. öld. Nokkru neðar mátti sjá greinileg skil í hleðslutækninni. Við tók mun betur hlaðinn tvöfaldur garður. Varð grjótið stæra eftir því sem neðar dró. Neðst voru í vissum tilfellum steinar meira en manntak. Heildarhæð garðsins, eins og hann leit út nú [eftir uppgröft], var 1,66 metrar...Þar af var 1,1 metrar vel hlaðinn eða hugsanlega úr upprunalegum garði...Mesta breidd hans neðst var 0,96 metrar, en yfirleitt var hún 0,80 metrar...Garðurinn mjókkaði mjög upp á við...Var hann tæplega helmingi breiðari niðri en uppi við efri brún eldri hlutans. Garðurinn hefur verið hlaðinn þannig að grjótið hefur ekki legið mjög þétt, heldur nokkuð gisið og loftað á milli." Um niðurstöður gjóskulagagreiningar segir Bjarni: Gulhvítt gjóskulag, sem lá "in situ" (á upprunalegum stað) undir garðinum reyndist að öllum líkindum vera gjóska úr Heklu frá árinum 1104. Jarðvegssniðin undir garðinum bentu einnig til þess að uppblástur á staðnum hafi hafist einhvern tímann um 1120, eða fyrir gosið mikla í sjónum úti fyrir Reykjanesi 1226.....Fornigarður er byggður einhvern tímann eftir Heklugosið 1104 og fyrir gosið mikla í sjónum úti fyrir Reykjanesi 1226, hugsanlega einhvern tímann á bilinu 1120 - 1226." Skammt suðaustan við Stórhól Ár-559b:018 liggur garðlag niður frá Fornagarði í vinkil, fyrst til vesturs en svo beint í norður (sjá Ár-559b:032).


Mynd 281. Fornigarður, horft í suður.

Áfram heldur Fornigarður en var ekki rakinn lengra á vettvangi. Á loftmynd virðist sem hann liggi í sveig og stefni niður í Selvog heldur fyrir austan Strandarkirkju.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vogsósar, 1; Bjarni F. Einarsson 2006.

ÁR-559:018 tóftir fjárskýli 6351.744N 2141.509V
Þrjár tóftir af fjárborgum eru rúmum 150 m vestan við þjóðveginn um Selvog, 1,1 km norðaustur af Vogsósum 001. Tóftirnar eru á og utan í smáhrygg í nokkuð vel grónu helluhraun. Nokkur grænka er kringum rústirnar og






Mynd 282. Ein af fjárborgum 018, horft í austur.

grösugar lægðir víða í kring.
Tóftirnar ná yfir svæði sem er alls um 25 x 25 m stórt. Allar eru þær mjög greinilegar og sennilega ekki mjög gamlar, a.m.k. ekki yngsta byggingarstigið. Nyrsta borgin, A, er á norðurenda hryggjarins. Hún er hringlaga og mikið hraungrýti sést í veggjum, bæði innan- og utanverðum. Sennilega hefur op verið í vestur. Innanmál borgarinnar er um 3 x 3 m en að utan er hún rúmir 7 m í þvermál. Veggir standa nokkuð vel og eru allt að 1 m háir. Rúmum 10 m SSA af A er önnur fjárborg, B. Hún er næstum alveg eins og sú fyrstnefnda en veggir standa þó ívið betur og eru allt að 1,2 m háir. Að utanverðu er hún um 6,5 m í þvermál en að innan um 4 m. Dyr eru greinilegar og snúa í suðvestur. Stór hella er skammt frá opinu og gæti hafa verið yfir dyrunum. Þriðja borgin, C, er um 6 m austur af B og stendur heldur neðar, á stalli utan í hryggnum og í smáhalla mót austri. Hún er rúmir 6 m í þvermál að utan og 3-4 m að innanverðu, veggjahæð mest um 0,8 m. Dyr hafa snúið í suður. Ekki er vitað hvenær fjárborgirnar voru í notkun en þær virðast ekki fornlegar og er helst að giska á að þær hafi verið í notkun á 19. öld. Reið- eða fjárgötur liggja N-S austan við holtið.
Hættumat: engin hætta

ÁR-559:019 *Vogsósastekkur* tóft stekkur 6352.205N 2141.146V




Mynd 283. Vogsósastekkur 019, horft í norðvestur.

Á örnefnakorti Stangveiðifélags Hafnarfjarðar, sem hangir uppi í veiðihúsinu Hlíð, er merktur Vogsósastekkur austan þjóðvegar um 1,8 km norðaustur af bæjarhól 001. Þar er tóft á háum hól, um 400 m austan þjóðvegar hér um bil beint austur af skilaréttinni við Hlíðarvatn. Tóftin er á háum hól í ágætlega grónu hrauni. Víða í kring eru djúp og grösug dalverpi, Stekkjardalir skv. örnefnalýsingu Hlíðar: "Selbrekkur. Á þeim stað könnuðust þeir [heimildamenn í Stakkavík] við Stekkjardældir." Tóftin er allgreinileg en innra skipulag þó nokkuð óljóst, enda veggir mikið hrundir og grónir. Ætla má að heildarstærð tóftarinnar sé um 9 x 5 m. Greinilegasti hlutinn er austast, hólf sem liggur NV-SA og er um 8 x 2 m að innanmáli. Hleðslur rísa hæst að norðvestan, allt að 0,8 m og er grjót þar í innanverðri hleðslu en tóftin lækkar og fjarar út til suðaustus. Dyr sjást ekki en gætu hafa snúið í suðvestur. Sennilega hefur verið hólf vestan til í tóftinni, 3-4 m í þvermál en það er mjög óljóst. Þetta hólf lítur frekar út eins og það hafi verið stungið niður en hlaðið. Ekkert náttúrlegt aðhald er á staðnum og liggur ekki í augum uppi að tóftin sé af stekk þótt hún gangi nú oft undir nafninu Vogsósastekkur. Hennar er ekki getið í örnefnalýsingu Vogsósa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnakort af Hlíðarvatni og nágrenni; Ö-Hlíð b, 1

ÁR-559:020 *Skáli* varða 6350.867N 2140.105V

Varða sem heitir Skáli er 2,4 km SA af bæjarhól 001. Hún er tæpum 100 m austan við þjóðveg og blasir við frá honum. Smáhóll í vel grónu hrauni.


Mynd 284. Skáli 020, horft í austur.

Varðan hefur verið býsna stór og óvenjuleg og sést vel að. Hún er alls 3 x 2 m stór N-S að grunnfleti og um 1,1 m há, hlaðin úr stóru, köntuðu hraungrýti. Þess virðist hafa verið gætt líkt og við veggjahleðslu að láta sléttar hliðar snúa út þótt víða sé nú hrunið úr hleðslum. Þannig eru hleðslurnar óvenju vandaðar. Einkennilegar hleðsluleifar eru vestan við vörðuna. Frá norðurenda hennar liggur hleðsla til suðvesturs. Þetta er einföld steinaröð og víða nokkuð sokkin en þráðbein og stefnir beint í landgræðslugirðingu handan þjóðvegar og er næstum öruggt að um er að ræða hleðslu undan girðingu sem hefur verið fjarlægð. Einkennilegri hleðsluleifar eru 4-5 m norðvestan við Skála. Þær líkjast einnig grunni að hleðslu en heldur óreglulegri en girðingaundirstaðan. Þessar hleðslur mynda form sem er nánast bátslaga, 14-15 m langt og með beinan "skut" að sunnan, 3-4 m breiðan, en oddmjótt "stefni" í norður. Aðeins sést grunnur hleðslunnar og hún virðist svipuð að gerð og girðingaundirstaðan en þó heldur sokknari í svörð.

Hættumat: engin hætta


ÁR-559:021 tóft beitarhús 6351.519N 2142.069V

Tóft, sem að sögn Þórarins Snorrasonar er af fjárhúsum, er rúma 500 m austur af bæjarhól 001 og tæpum 350 m utan við túngarð 009. Þýfður grasmói með hólum og hæðum. Tóftin er gróin en alls ekki fornleg, einföld að gerð og alls um 10 x 8,5 m stór frá NA-SV. Hún er ferköntuð og op á miðjum SV-gafli. Hvorki vottar fyrir garða eða jötum og ekki heldur hlöðu. Veggir eru allt að 2 m þykkir, hæð mest um 0,6 m. Nokkurt grjót sést í þeim en þeir eru allsstaðar rofnir niður í mold að ofanverðu. Sennilega hefur ytra og innra veggjarbyrði verið grjóthlaðið en fyllt upp milli hleðslna með mold og/eða torfi.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-559:022 tóftir óþekkt 6351.189N 2142.025V



Tóftir eru fast ofan eða austan við Fornagarð 017 rúma 800 m sunnan við bæjarhól 001. Sennilega er þetta Miðhóll en um hann segir í örnefnalýsingu: "Miðhóll er þar, sem nú er suðurhliðið [á Vogsósum II]. Þá er Stórhóll [Ár-559b-018]. Hjáleigur frá Strönd eiga að hafa verið, þar sem hólarnir eru nú." Sandorpið en nú töluvert gróið hraun 20-30 m innan við landgræðslugirðingu.

Á svæðinu eru 3 tóftir og garðlag utan um þær sem tengist Fornagarði. Alls er svæðið rúmlega 40 x 30 m stórt og snýr hér um bil N-S. Mest áberandi er lítill rústahóll (A) fast upp við Fornagarð. Þetta er sandhóll en efst í honum örlar á rúst sem væntanlega er að mestu á kafi í sandi. Rústin er um 9 x 4 m stór N-S, sennilega tvískipt og gæti suðurhlutinn hafa verið h.u.b. hringlaga. Ekki sést op milli hólfa en nyrðra hólfið er alveg opið í norður. Ekki er loku fyrir það skotið að þar sé hleðsla, komin á kaf í sand. Lúpína er fast uppvið rústina að suðaustan. Áberandi hóll er undir rústinni, rúmlega 1 m hár og gætu verið uppsafnaðar mannvistarleifar í honum. Undir hólnum að austanverðu er gerði (B), lágreist og óljóst. Gerðið er ferkantað, alls um 14 m langt og 4 m breitt A-V, hlaðið á þrjár hliðar en hóllinn lokar fyrir að vestanverðu. Ekki sést op á því. Tóft C er um 12 m NNA af A. Hún er lágreist og ógreinileg, hér um bil sporöskjulaga og um 8 m í þvermál, hugsanlega af fjárborg. Veggir eru varla annað en grjótdreifar og óljóst hvar op hefur verið. Garðlag hefur sennilega legið útfrá Fornagarði og umhverfis rústirnar, í það minnsta sést garður að norðanverðu, um 7-8 m norðan við rúst C. Yfir hann liggur landgræðslugirðing. Garðinn má rekja um 30 m í austur en þá tekur hann beygju til suðurs og er þokkalega greinilegur um 40 m til viðbótar. Þar hverfur hann í sand og lúpínu. Af stærð hins umgirta svæðis að dæma er líklegt að hér hafi verið girt um útihús frá Vogsósum en frekar hæpið að um hjáleigu sé að ræða.




Mynd 285. Tóft 022A er fyrir miðri mynd en grillir í tóft 022C lengst til vinstri. Horft í norður

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Vogsósar, 2

ÁR-559:023 *Háavarða* frásögn samgöngubót 6351.320N 2140.999V
Háavarða var við Alfaraleið Ár-561:011, um 1,3 km austur af bæ 001. Þar er nú slétt svæði í krikanum sunnan Vogsósaafleggjara en vestan þjóðvegar. Varðan er horfin, sennilega vegna vegagerðar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

ÁR-559:024 vegur leið 6350.745N 2142.833V




Mynd 286. Póstvegur 024, horft í norðvestur.

Póstvegurinn að Strönd lá frá Herdísarvík yfir brunahraun og hellur og hefur á þeim slóðum fylgt Alfaraleið (sjá Ár-561:011). Hann hefur þó klofnað frá henni, væntanlega á Víðasandi og lá yfir Ósinn neðarlega, á Eysteinsvaði eða Póstvaði 015. Póstvegurinn sést ágætlega í landgræðslugirðingu 100-200 m austan við vaðið.
Sandur sem sáð hefur verið í grasfræi og lúpínu.
Vegurinn sést ágætlega á nokkurra tuga metra kafla og vörðubrot við hann á nokkrum stöðum. Þetta er slétt slóð, 2-3 m breið og hefur sennilega verið rudd en ekki upphlaðin og ekki eru heldur hleðslur meðfram vegarköntum.
Hættumat: engin hætta

ÁR-559:025 gerði kálgarður 6351.387N 2142.477V
Á loftmynd af Vogsósum sést greinilegt gerði í túni rúma 90 m vestur af Vogsósum II og um 270 m SA af bæjarhól 001. Þetta er um 120 m utan við Vogsósatúngarð 009. Ræktað tún. Gerðið er ferkantað, um 15 x 15 m stórt. Það sýnist hafa verið sléttað að hluta þótt veggirnir séu alveg greinilegir á loftmyndinni. Líklega hefur þetta verið kál- eða kartöflugarður en var þó ekki notaður sem slíkur í æsku Þórarins Snorrasonar. Þetta var fyrsta túnið hans og heyjaði hann þar sjálfur ungur að árum handa sínum kindum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-559:026 *Vörðufellsrétt* tóft rétt 6351.984N 2138.170V



Gamla skilaréttin fyrir Selvog er uppi á Vörðufelli sem er lágt fell í Selvogsheiðinni 3,8 km austur frá Vogsósum 001. Samkvæmt örnefnalýsingu Þorkelsgerðis var hún ýmist kölluð Selvogsrétt eða Vörðufellsrétt.
Lítið og lágt fell, ágætlega flatt og gróið að ofanverðu.
Réttin er norðarlega á vesturbrún fellsins. Þetta er stór og mikil réttarrúst sem er alls um 75 x 50 m stór frá norðri til suðurs og að auki liggur aðrekstrargarður frá henni til norðausturs. Réttin sjálf skiptist í stórt gerði, almenning og dilka. Gerðið myndar nyrðri helming réttarinnar. Það er næstum óaðfinnanlega hringlaga og ekki ólíklegt að lagt hafi verið út fyrir hringnum áður en hleðsla hófst. Alls er gerðið um 45 m í þvermál og hefur verið rekið inn í það að norðaustan. Vestan við opið liggur áðurnefndur aðrekstrargarður út frá opinu og um 50 m til norðausturs. Er því ljóst að rekið hefur verið upp á fjallið að austan eða norðaustan. Op er á hringlaga gerðinu til suðurs, inn í almenning sem er um 17 m í

þvermál, næstum hringlaga en ekki jafn reglulegur og gerðið. Út frá almenningnum liggja síðan dilkar í hálfhring, alls 8 eða 9 talsins. Töluvert hefur verið lagt í hleðslu réttarinnar, mikið grjót er í veggjum og víða mjög stórt. Þeir eru að miklu leyti hrundir en standa þó á stöku stað allt að 5-6 umför af hleðslum og er veggurinn mest hátt í 1 m hár. Ekki er víst að allir dilkarnir hafi verið hlaðnir í einu, í það minnsta teygir ytra byrði tveggja eða þriggja hinna vestustu sig utar en þeirra sem austar eru. Hugsanlega hafa þeir verið byggðir síðar ellegar stækkaðir. Þórarinn Snorrason telur að réttinni hafi verið valinn staður uppi á fellinu því þar var nóg af hleðslugrjóti. Að öðru leyti hafi staðsetningin ekki verið sérlega heppileg og ekki alltaf auðvelt að reka fé upp hlíðarnar. Þessi rétt var í notkun framundir 1920. Þá hafði fyrir fáum árum verið reist girðing frá Hlíðarvatni og austur fyrir Urðarfell, m.a. til að hafa betri stjórn á búfénaði en fram að þeim tíma voru menn að missa fé inn um öll fjöll á haustin. Ný rétt var hlaðin við girðinguna og féll þá réttin á Vörðufelli fljótlega úr notkun. Réttin sem er enn í notkun austan við Hlíðarvatn var síðan reist 1953.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorkelsgerði, 9-10

ÁR-559:027 tóft beitarhús 6350.733N 2143.183V

"Hjallhólar [031] og fjárhúsin eru ofan til við Kampinn hjá Ósnum og Þanghóll, þar var þang þurrkað, sem skorið var á klöppunum," segir í örnefnaskrá.

Beitarhúsarúst er niður á sjávarbökkum 1,5 km SSV af bæjarhól 001. Þórarinn Snorrason telur að húsin hafi verið í notkun framundir 1930.





Mynd 287. Beitarhúsatóft 027, horft í austur.

Sandorpinn, snögggróinn og harðlendur sjávarbakki.

Tóftin er niðurgrafin, 13 x 4 m stór hér um bil frá austri til vesturs og er töluvert rof í henni að vestanverðu. Op snýr í austur. Hún er hálffull af sandi og hvorki sjást í henni jötur, garði eða hlaða. Svo virðist sem hólf hafi verið samsíða tóftinni að sunnanverðu en það er mjög ógreinilegt. Veggir eru grjóthlaðnir, mest um 0,8 m háir.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Vogsósar, 3

ÁR-559:028 gata leið 6351.373N 2141.812V


Greinileg gata liggur til austurs frá Vogsósum. Hún sést vel á loftmynd, fyrst þar sem túnum sleppir um 350 m austur af Vogsósum II. Gatan liggur að mestu um greiðfæra móa og sléttlendi.

Væntanlega er þetta gamla leiðin austur í Ölfus og hefur sennilega verið notuð allt þar til bílvegur var lagður um Selvoginn. Gatan er mjög greinileg og gæti hafa verið rudd því hún virðist breiðari og greinilegri en venjulegar reið- og göngugötur. Hana má auðveldlega rekja um 2,7 km til austurs en þar verður hún fremur ógreinileg skammt norðan við þjóðveg. Sunnan hans er hins vegar önnur gata sem virðist eiga upptök í byggðinni við Selvog og virðast þessar tvær sameinast skammt sunnan þjóðvegar. Í framhaldinu sést greinileg gata 200-300 m sunnan þjóðvegar sem liggur áfram til austurs.

Hættumat: engin hætta

ÁR-559:029 *Vindássel* tóftir sel 6352.092N 2137.901V

Tóftir eru í Selvogsheiði hátt í 300 m NA af Vörðufellsrétt 026. Sennilega er þetta Vindássel en þess er getið í gamalli landamerkjalýsingu: "Að austanverðu eru landamerki milli Strandarlands og Eymu þessi: Við sjó ræður markhella: M [Ár-559b:030]. Þaðan bein lína í vörðu, vestanvert við Eymuhjáleigu. Þaðan bein lína í Eymuvörðu [Ár-559b:029]. Þaðan bein lína í vörðuna á Vörðufelli [035], og þar er í mörkum hella, sem höggvið er á M. Þaðan liggja mörkin norðar yfir Eymuból [030], austan til við Vindássel, og á Gapa í Hellholt. Þaðan bein lína í Kálfahvamm, vestan í Geitafelli." Í Jarðabók Árna og Páls 1706 segir um selstöðu Vindáss: "Selstaða á heiðinni vatnslaus sem annarstaðar."



Heiðalandslag, þýfðir móar en hraun er undir.

Tóftirnar eru tvær, á svæði sem er um 30 x 10 m stórt N-S. Tóft A er sunnar. Hún sker sig úr vegna gróðurfars og er grænni en dauflit heiðin á haustdegi. Hún er tvískipt, alls um 10 x 8 m stór frá norðri til suðurs og L-laga. Nyrðra hólfið er stærra, um 8 x 6 m stórt A-V og grillir í grjót á nokkrum stöðum í veggjum. Hitt hólfið er sambyggt að sunnan, um 4 x 4 m stórt. Ætla má að op hafi verið á miðjum suðurvegg stærra hólfsins en óvíst er með dyr á því minna. Aflangur hóll gengur útfrá stærra hólfinu í austur og er hann lægri en tóftin (hún er mest um 0,6 m há). Í honum sjást tvær grunnar dældir og má vera að eldri mannvistarleifar leynist í hólnum. Stök tóft, B, er á hól rúmum 10 m norðar en tóft A. Hún er einföld, um 6 x 4 m stór A-V og snúa dyr í suðurátt. Hvergi sést í grjót í þessum rústum þótt ætla megi að það leynist undir yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Skýrsla Óbyggðanefndar, 34; JÁM II, 457

ÁR-559:030 *Eymuból* hellir sel 6352.123N 2137.797V

Eymubóls er getið í gamalli landamerkjalýsingu: "Að austanverðu eru landamerki milli Strandarlands og Eymu þessi: Við sjó ræður markhella: M [Ár-559b:030]. Þaðan bein lína í vörðu, vestanvert við Eymuhjáleigu. Þaðan bein lína í Eymuvörðu [Ár-559b:029]. Þaðan bein lína í vörðuna á Vörðufelli [Ár-559:035], og þar er í mörkum hella, sem höggvið er á M. Þaðan liggja mörkin norðar yfir Eymuból, austan til við Vindássel [029], og á Gapa í Hellholt. Þaðan bein lína í Kálfahvamm, vestan í Geitafelli." Eymuból er um 100 m austur af Vindásseli 029 og liggur markalínan milli Strandar og Eymu um það.



Mynd 288. Hellisskúti í Eymubóli 030, horft í suður.

Heiðalandslag, þýfðir móar en hraun er undir. Gaman er að koma í Eymuból, enda frekar óvenjulegur minjastaður. Um er að ræða jarðfall í hraunrás og opnast skútar inn í jarðfallið bæði til norðurs og suðurs. Alls er jarðfallið sjálft um 13 x 11 m stórt frá norðri til suðurs, hér um bil hringlaga og hefur verið hlaðið með brúnum þess á alla kanta. Hleðslurnar eru hálfgrónar en vel sést í grjót í þeim. Sennilega hefur verið gengið niður í jarðfallið austanmegin en þar er bratti minnstur vegna jarðvegstorfu sem liggur niður brúnina. Botninn er vel gróinn og frá honum rúmir 2 m upp á jafnsléttu. Ekki sjást hleðslur fyrir hellismunnunum eða inni í hellunum en þeir eru báðir manngengir. Sá nyrðri er töluvert stærri en sá syðri. Uppi á jarðfallsbrúninni að austan er rústahóll, nálægt 10 m í þvermál og sjást í honum ógreinilegar dældir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Skýrsla Óbyggðanefndar, 34

ÁR-559:031 *Hjallhólar* örnefni hjallur
"Hjallhólar og fjárhúsin [027] eru ofan til við Kampinn hjá Ósnum og Þanghóll, þar var þang þurrkað, sem skorið var á klöppunum," segir í örnefnalýsingu. Hjallhólar þessir hafa verið í námunda við áðurnefnd fjárhús, austan við Ósinn og um 1,5 km SA af bæjarhól.
Sandorpinn, snögggróinn og harðlendur sjávarbakki.
Ekki eru áberandi hólar á þessu svæði. Aðrir Hjallhólar virðast hafa verið norðar og nær bæ, sjá 012.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vogsósar, 3

ÁR-559:032 frásögn heygryfja
"Hjallhólar [031] og fjárhúsin eru ofan til við Kampinn hjá Ósnum og Þanghóll, þar var þang þurrkað, sem skorið var á klöppunum," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Þórarni Snorrasyni var súrþaratóft niðri á kampinum, ekki langt frá beitarhúsatóft 027 en þó vestar og nær Ósnum. Tóft þessi mun vera orðin mjög óskýr eða jafnvel alveg horfin, a.m.k. fannst hún ekki á vettvangi. Sandfylltir bakkar og lítið grónir. Þórarinn (f. 1931) man eftir súrþaraverkun í Vogsósum.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Vogsósar, 3

ÁR-559:033 *Baðstofuhella* heimild bústað 6350.747N 2143.274V
"Út af Víðisandi voru Löngusker og fram af Ósnum Össker. Baðstofuhella var upp við Ósinn, og segja menn, að þar hafi Vogur staðið til forna," segir í örnefnalýsingu. Baðstofuhella er austan við Ósinn þar sem hann fellur til sjávar, 80-90 m vestur af beitarhúsatóft 027 og hátt í 1,5 km SSV af bæ 001.
Baðstofuhella er klöpp sem sjór gengur yfir og enginn jarðvegur á henni.
Ekkert sést á yfirborði sem bendir til að munnmælin gætu átt við rök að styðjast en það er þó ekki útilokað, enda hefur mikið sandfok átt sér stað á svæðinu. Benda má á að víða eru til Baðstofuörnefni sem virðast þó ekki tengjast bæjarhúsum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vogsósar, 4

ÁR-559:034 varða 6351.940N 2138.218V
"Á [Vörðu]fellinu eru margar vörður hingað og þangað, Vörðufellsvörður, sem hlaðnar eru af unglingum. Það brást þeim aldrei, er þeir voru að leita að skepnum, að þeir fundu það, sem leitað var að, ef þeir settu stein í vörðu eða hlóðu nýja, Eyþór [Þórðarson f. 1898] kannast vel við þetta," segir í örnefnalýsingu Þorkelsgerðis. Þónokkrar vörður eru á Vörðufellinu, bæði austan, vestan og norðan við rétt 026 en flestar samanstanda aðeins af fáeinum steinum. Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er sagt frá þeirri trú að Eiríkur í Vogsósum hefði hlaðið vörðurnar því úr fjarska hefðu þær virst sem her manns og þannig fælt ránsmenn frá Selvogi. Af því hafi svo fjallið dregið nafn sitt. Vörðufellið er lágt fell, fremur slétt og gróið að ofan. Flestar vörðurnar eru mjög lítilfjörlegar og samanstanda aðeins af fáeinum steinum. Sú veglegasta er á syðsta odda fjallsins, en um hana liggja merkin móti Eymu (sjá 035). Önnur sæmileg varða er vestan við réttina, hlaðin úr flötum hraunhellum og sést ágætlega að. Hinar vörðurnar eru flestar sunnan og suðaustan við réttina og varla hægt að kalla þær vörður, svo lítilfjörlegar eru hleðslurnar. Óvíst er hvort þær sjást ef komið er að fjallinu úr austri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorkelsgerði, 9; ÞJÁ III, 505

ÁR-559:035 varða landamerki 6351.920N 2138.189V
Merkjavörðu á Vörðufelli er getið í gamalli landamerkjalýsingu: "Að austanverðu eru landamerki milli Strandarlands og Eymu þessi: Við sjó ræður markhella: M. Þaðan bein lína í vörðu, vestanvert við Eymuhjáleigu. Þaðan bein lína í Eymuvörðu [Ár-559b:029]. Þaðan bein lína í vörðuna á Vörðufelli, og þar er í mörkum hella, sem höggvið er á M. Þaðan liggja mörkin norðar yfir Eymuból [030], austan til við Vindássel [029], og á Gapa í Hellholt. Þaðan bein lína í Kálfahvamm, vestan í Geitafelli." Varðan sem um ræðir er syðst á Vörðufelli og sést ágætlega að.
Vörðufell er sæmilega flatt og gróið að ofanverðu.

Varðan líkist meira dys en hlaðinni vörðu, enda eins og grjóthrúga sem sjálfsagt hefur lengi verið bætt í. Hún er rúmlega 2 m há og breið um sig neðst en mjókkar dálítið upp á við. Ekki fannst hið klappaða M í hellu á staðnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Skýrsla Óbyggðanefndar, 34

ÁR-559:036 *Hofmannaflöt* heimild áfangastaður
"Kindaslóði er alveg niður í Björgin. Þar fóru kindur niður og í Stígshellra, sem eru smáskútar fyrir neðan. Fyrir þá fennti í norðanbyljum, og fé tepptist þar. Þeir eru vestarlega við Björgin. Vestan við Björg, niður undan Stígshell(r)um, er Hofmannaflöt; þar var áningarstaður," segir í örnefnalýsingu. Flöt þessi var ekki skráð á vettvangi en hefur væntanlega verið áningarstaður þegar farið var inn með fjalli í framhaldi af Hlíðargötu Ár-560:012. Víða eru grösugar flatir undir Björgunum.
Heimildir: Ö-Selvogsafrétt, 5

ÁR-559b Strönd

1238: “Gissur lét um sumarið taka upp bú Dufguss Þorleifssonar í Selvogi á Strönd og ræna þar öllu fénu en lið allt var óbirgt eftir og sáu bændur fyrir því.” Sturl, 406. [um 1275] Strendur eiga halfann hualriett til mots vid hiallamenn. huar sem rekur: Sex vætter aa huertt land fyrer garde enn fiorar utan gardz og skal reida med slijku sem rekur: fyrer utan vog eiga strendur þria hlute motz vid herdijsarvijk. j. hual: Enn j herdijsar vijkur fiorum eiga strendur tuo hlute huals huar sem rekur: fra mijgande Grof og til bergs enda eiga strendur allan reka ad helminge vid stadenn j krijsevijk: Sa er maaldage aa herdijsarvijkur fiorum ad stadur j skala hollte a halfann vidreka. allan annann enn auxar talgu vid j millum Selstada oc hellis firer austann riett til marks vid strandar land. Stadur j skalhollte oc herdijsarvijk eigu iiij vætter huals og skal vega enu fiordu med Brioske og Beine: enn þridiung i ollum ef meire kiemur. enn strandarmenn tuo hlute. Skalhollt oc krijsevijk aa halfann allann reka under fuglberge vid strandar land. millum wogs oc hellis aa strendur land iiij vætter enn ef meire er þa aa skalhollt oc krijsevijk j ollum hual. [125] Enn firer austann wog til vindass aa stadur j skaalhollte oc krijsevijk halfan tolftung I hual ef meire er enn iiij vætter. enn ecke ellegar. DI II, 124-25. 13.5.1367: kirkiann a Strond j Selvogi a xxxc. j heima jordu. landid ad Vägshvsum. hvalreka vid stadinn j Skalahollti oc kirkiuna j Krysuvijk fra Migandi grof oc austr ad Osskerium. vidreka fra Migandi grof oc til Bergsenda. alla veidi j fuglbergi .xv. kyr. gradung. hesta .ij. iiij. ær oc .xx. oc rvtur. DI III, 212. 1397: Kirkiann a .xij. kyr. vxa þrevetrann oc einn hest. … Jtem gaf Jvar bondi kirkiunni a Strond .vjc. og Halla Jonsdotter gaf .vc. ijc. oc .v. aura firir skreidar tiund. sierdeilis firir heitfiska so marger sem þeir verda. DI IV 100-101. [1446] gefur Þorvarður Loptsson Strandarkirkju 1 hdr í testamenti sitt og skipar fátækan mann til bús síns þar, þann sem Margrét kona hans vill taka svo lengi sem hún lifir – DI IV, 675-76. 3.9.1508 hafði Þorvarður Erlendsson lögmaður til kaups við Kristínu Gottskálksdóttur Strönd í Selvogi fyrir 100 hdr. – DI VIII, 230. 8.7.1523 hafði Erlendur Þorvarðsson lögmaður fengið Skálholtskirkju Hof á Kjalarnesi í reikningsskap ýmissa kirkna, þ.á.m. Strandarkirkju sem var “mioc hraurnandi Swo hun þurfti botar wid” og lofaði Erlendur að “bæta at Strandarkirkiu” – DI IX, 159. 15.12.1525 lagði Erlendur Þorvarðsson Strönd og Nes í Selvogi “med þeim jordum sem þar til liggia” til kaups við Þórunni Stulladóttur og skyldi Þórunn vera helmingakona og hafa Nes fyrir 80 hdr og 40 kúgildi “nema hun villdi sialf helldur hafa jardernar hlidarenda. breidabolstad og littllaland. allar fyrir lxxxxc.” – DI IX, 288. [1560] kveðst Jón Marteinsson ekki hafa “mejre peninga frijda medteked vegna austrond i Selvoge en vjc.” DI XIII, 556. 1575: Kirkian ä Strond i Selvoge. ä xxxc. heima Jordu. Landid ad Vogshusum. hualreka vid stadinn i Skälholltj og kirkiuna i Krijsuvijk. frä Miganda grof og austur ad Ässkerium. vidreka frä Migandagrof og til bergs enda. alla veida i Fuglberge. DI XV 641-642. 1596 er Solveigu Jónsdóttur dæmd 15 hdr í Strönd og Grími Einarssyni 45 í Strönd í arf eftir Guðbjörgu Erlendsdóttur móður Solveigar og föðurömmu Gríms – AÍ III, 68. “… eftir lát Erlends Þorvarðssonar (1576) og Guðbjargar dóttur hans (1594) mun jafnan hafa verið fleiri en einn ábúandi á Strönd. Á árunum 1677-1680 voru 7 ábúendur á Strönd [Sveitarbragur Jóns Jónssonar bónda í Nesi, SSÁ, 229-230], en um þær mundir var uppblástur farinn að eyða mjög landinu. Laust fyrir aldamótin 1700 var heimajörðin komin í eyði en búið á fornri hjáleigu frá Strönd, Sigurðarhúsum. Árið 1762 var engin ábúð á hjáleigum Strandar og allt komið í eyði.” JHA Strandarkirkja, 25. 1840: 1749 er hún (þessi jörð) með öllum sínum afbýlum öldungis eyðilögð af sandfoki, og þó þá fyrir nokkrum árum.” SSÁ, 216 . “Gamlar húsarústir og aðrar fornleifar á eyðibýlunum Strönd og Vindási, með hjáleigum” voru friðlýstar af Matthíasi Þórðarsyni 5.5.1927 – Fornleifaskrá, 78.

Í ritgerð Brynjúlfs Jónssonar frá 1902 segir: “Mest hefir sandurinn borist austur yfir ósinn er hann var lagður með ís, hefir svo borist austur og upp í heiðina fyrir suðaustan Vogsósa. … Þá er sandgeirinn var kominn upp í heiðina, fór hann breikkandi suður og austur á við, og eyðilagði smám saman jarðirnar: Strönd, Vindás og Eimu með afbýlum þeirra. Dálítið er nú þar farið að gróa upp aftur. Á Strönd gerir þó enn ýmist að gróa eða blása upp.” Brynjúlfur Jónsson 1903, 51.

"Nú síðan heimajörðin er affallin, eru þær grasnautnarleifar, sem hún brúkaði, deildar á millum eigenda þeirra, sem nú hafa í staðinn þeirra afföllnu heimajarðar reist á fætur forna hjáleigu sem nú er í lögbýlatölu komin [Sigurðarhús]." JÁM II, 458 “Afrjett hefur jörðin haft og brúkað undir Hengli so sem aðrir hjer í sveit ut supra. Munnmæli eru að jörðin hafi skógarítak átt fyrir sunnan fjall fyrir innan almenninga, þar sem enn í dag eru kallaðar Strandartorfur, þar er nú skógur eyddur og lítið hrís eftir; rök vita menn ekki hjer til nema munnmæli...Eggver hefur jörðin átt í vatnshólma þeim, sem heitir Strandarey og liggur í stöðuvatni því, er heitir Hlíðarvatn, það fer mjög til þurðar, hefur og aldrei dúntekja verið. Hvannatekju, sem í eynni var, má ekki nafn gefa." JÁM II, 460 [Nú er Strandarey horfin, komin á kaf eftir að hækkaði í vatninu.]


ÁR-559b:001 *Strönd* bæjarhóll bústaður 6350.160N 2142.264V
"Strandarhóll er rétt norðan við kirkjugarðinn. Þar stóð bærinn Strönd," segir í örnefnalýsingu. Í ritgerð Brynjúlfs Jónssonar um fornleifar í Árnessýslu 1902 segir: "Svo er að sjá af rústabungum, að á Strönd hafi upp á síðkastið verið tveir bæir; Efribær og Fremri bær. Kirkjugarðurinn og kirkjan stóð fyrir framan hlað Frambæjarins. Þó var þar sund á milli, og er sagt að þar hafi verið uppsprettulind, kölluð Sælubuna [017]." Bæjarhóllinn er norðan við Strandarkirkju og hafa kirkja og bær staðið alveg á sömu torfunni.


Mynd 289. Bæjarhóllinn á Strönd, horft í norður. Bláa húsið er notað af staðarvörðum.

Áberandi gróska er í hólnum sé miðað við hálfuppgróið sandflæmið umhverfis.
Sé allt talið saman, kirkju- og bæjarhóll, er stærðin um 90 x 70 metrar frá norðri til suðurs. Mjög greinileg upphleðsla byggingarefna er norðan við kirkjuna, grænn og ávalur hóll en ekki sjást greinilegar bæjarrústir. Honum hefur verið raskað allnokkuð, sennilega mest þegar klósettaðstaða var grafin inn í hólinn vestanverðan. Vitað er að þá var grafið gegnum mikinn öskuhaug. Árið 1950 var sett höggmynd á hólinn, Landsýn e. Gunnfríði Jónsdóttur myndhöggvara. Fánastöng er ofan á miðjum hólnum og einnig er þar minnisvarði með nöfnum nokkurra valinkunnra ábúenda. Þar skammt austar er lítil eftirmynd af torfbæ sem hefur verið lítillega grafin niður í hólinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Vogsósar, 3; BJ 1903, 51

ÁR-559b:002 *Strandarkirkja* kirkjugarður kirkja 6350.157N 2142.278V
nema munnmæli...Eggver hefur jörðin átt í vatnshólma þeim, sem heitir Strandarey og liggur í stöðuvatni því, er heitir Hlíðarvatn, það fer mjög til þurðar, hefur og aldrei dúntekja verið. Hvannatekju, sem í eynni STRÖND Í SELVOGI (Á) -Maríu, Tómasi. c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 9
var, má ekki nafn gefa. JÁM II, 460 [Nú er Strandarey horfin, komin á kaf eftir að hækkaði í vatninu.]1519: Á þeim dögum var Strandakirkja öll með blýi þakin og yfir dregin; staðurinn sjálfur mikinn part úr timbri byggður. Þótti þá varla slíkt höfuðból og Strönd var. Setbergsannáll IA IV, 55. (gæti verið ruglað saman við kirkjubyggingu 1624).
8.7.1523 hafði Erlendur Þorvarðsson lögmaður fengið Skálholtskirkju Hof á Kjalarnesi í reikningsskap ýmissa kirkna, þ.á.m. Strandarkirkju sem var "mioc hraurnandi Swo hun þurfti botar wid" og lofaði Erlendur að "bæta at Strandarkirkiu." DI IX, 159
27.9.1563: Sóknarkirkja lögð niður í Krýsuvík "een læge til Strandar kirkiu j Selvoge til kirckiu soknar sæde Krysevijk og þad kot þar hia er. Suo og gylde til Strandar kirckiu bæde tolla og tijunder og alla adra rentu suo sem adrer almenningzbæer skyllduger eru sijnum soknarkirckium ad veita" þó skyldi þar lítið húskorn Guðs vegna eftir standa DI XIV 158-159
1624: Kirkjan nýsmíðuð: fimm bitar á lopti að auk stafnbitanna, kórinn alþiljaður, lasinn predikunarstóll; öll óþiljuð undir bitana, bæði í kórnum og framkirkjunni, einninn fyrir altarinu, utan bjórþilið. Þar fyrir utan blýþak ofan yfir bjórþilið, og ofan á öllum kórnum er sagt sé blýleingja hvorumegin og ein ofan yfir mænirnum, líka svo á framkirkjunni. Vísitasía Odds Einarssonar – tekið eftir JHA Strandarkirkja, 27. sbr. Blanda I, 322.
1700: Á þessu ári og fyrirfarandi árum eyddust og í eyði lögðust þessir kirkjustaðir í Skálholtsstipti: Strönd í Selvogi af sandi … Kirkjurnar standa enn nú og í þeim heilög þjónustugjörð fram flutt. – Setbergsannáll IA IV, 162.
1700: [kirkja komin að falli og fyrirskipar Jón bp Vídalín að endurbyggja hana] JHA Strandarkirkja, 27
1736: [Hin nýja kirkja er byggð var 1735 er] mestan part úr nýjum og sterkum viðum, svo hún er nú bæði að veggjum væn og vel standandi; að því leyti betur á sig komin en hún hefir nokkurn tíma áður verið, að svo er um hana búið að utanverðu, að sandurinn geingur ekki inn í hana; hennar grundvöllur hefir og so verið hækkaður, að

hún verst langtum betur en áður fyrir sandinum að utanverðu. Vísitasía Jóns Árnasonar, eftir JHA Strandarkirkja, 27-28
1751: [kirkjan stæðileg að veggjum, en súð og grind víða fúin] Húsið stendur hér á eyðisandi, svo hér er mikið bágt að fremja guðsþjónustugerð í stormum og stórviðrum; er því mikið nauðsynlegt, hún sé flutt í annan og hentugri stað. Vísitasía Ólafs Gíslasonar, eftir JHA Strandarkirkja, 28
13.7.1751: [Kirkjan] stendur fjarlægt bæjum á eyðisandi undir einu timburþaki, hver sandur, sem í stórviðrum fýkur að kirkjunni af öllum áttum, aungvu minna foreyðir og fordjarfar bik kirkjunnar, viði og veggi en vatns ágangur, því að það fer dagvaxandi, sérdeilis á vetrartíma í snjófjúkum, að sanfannirnar leggjast upp á veggina því nær miðja. Bréf sr. Einars Jónssonar sóknarprests í Selvogsþingum til Pingel amtmanns og ólafs biskups, eftir JHA Strandarkirkja, 28 [prestur fékk leyfi til að flytja kirkjuna að Vogsósum, en af því varð ekki – JHA Strandarkirkja, 29-30]
1758, gert að kirkjunni.
1763, gert að kirkjunni
1848: Ný kirkja byggð á Strönd
1888: Ný kirkja byggð á Strönd
16.2.1907: Strandarsókn í Selvogi lögð til Arnarbælis; (PP, 93) [lög]
1968: Strandarkirkja endurbyggð
"Strandarkirkja stendur á Kirkjuhólum, eða í kirkjugarðinum," segir í örnefnalýsingu. Í grein Brynjúlfs Jónssonar frá 1902 segir: "Kirkjugarðurinn og kirkjan stóð fyrir framan hlað Frambæjarins." Kirkjan stendur á dálitlum hól beint sunnan við bæjarhólinn 001.


Mynd 290. Strandarkirkja, horft í austur.

Kirkjan er í h.u.b. miðjum kirkjugarðinum. Í kringum garðinn er hlaðinn garður sem hefur án efa verið endurbyggður oft. Bílastæði er sunnan við kirkjuna en tröppur upp að henni úr vestri.
Kirkjugarðurinn er alls rúmlega 40 x 30 m stór frá austri til vesturs. Hann hlýtur að hafa verið sléttaður, í það minnsta sést lítið sem ekkert móta fyrir gömlum leiðum. Engin tré eru í garðinum. Elstu legsteinarnir sem sjást eru vestan og norðan til við kirkjuna, alveg upp við hana. Vitað er að garðurinn hefur verið stækkaður í það minnsta einu sinni á 20. öld, þá til norðurs. Kirkjan sjálf er timburkirkja með hlöðnum grunni. Svolítil upphækkun sést við suðurlanghlið kirkjunnar. Sennilega er það gróinn sandskafl, en Þórarinn Snorrason man eftir því að sandur safnaðist gjarnan á þeim stað. Er ekki ólíklegt að sandfok hafi mjög sett svip sinn á mótun bæði kirkju- og bæjarhóls.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: DI XII, 9; IA IV, 55; DI IX, 159; JHA Strandarkirkja,27-28; IA IV, 162; PP, 93; Ö-Vogsósar, 3; BJ 1903, 51

ÁR-559b:003 garðlag túngarður 6350.276N 2142.576V
Í ritgerð sinni um fornleifar í Árnessýslu 1902 segir Brynjólfur Jónsson: "Túngarður Strandar að vestan sést gjörla ofan frá aðalgarði [sennilega Fornagarði Ár-559:017]] og til sjávarkambs..." Garðlag, sem sennilega er átt við við, liggur upp frá sjávarkampinum á Strönd um 360 m norðvestur af Strandarkirkju en 30-40 m norður af enda sjóvarnargarðs 026. Í það minnsta er þetta sá garður sem helst kemur til greina sem túngarður Strandar.
Grýttur og sendinn en snöggróinn sjávarbakki.
Garðurinn er mjög máður fremst á kampinum en verður skýr eftir um 20 m. Hann liggur í sveig, fyrst í austur en svo


Mynd 291. Túngarður 003, horft í vestur.

suðaustur. Hæstur er garðurinn í beygjunni, hátt í 0,8 m að utanverðu, 5-6 umför grjóts. Hann hefur verið ágætlega hlaðinn og er víðast 0,6-0,8 m breiður í grunninn og ytri brúnir beinar og jafnar. Girðing liggur þvert á garðinn um 100 m frá upptökum hans og á því svæði er hann býsna óljós. Garðinn má rekja í smásveig austan við girðingu en síðan hér um bil beint í austur. Þar hefur verið rutt úr honum fyrir landgræðslugirðingu. Ofan við hana er garðurinn þokkalega skýr en alveg hruninn á nokkurra metra löngum kafla en hverfur svo því sem næst á lágum grjóthrygg. Austan við hrygginn má greina slitur úr garðinum á einum stað á um 5 m löngum kafla en eftir það sjást hans engin merki, nema hleðslubrot 004 og 006 nokkru austar sem gætu hafa tilheyrt honum. Alls er garðurinn um 180 m langur og ástand hans býsna misjafnt eins og sjá má af lýsingunni. Innan garðs vestarlega er varða, hlaðin á sléttri klöpp um 15 innan við beygjuna sem er nálægt sjávarkampinum . Hún er um 1 m há, virðist ekki gömul en gæti þó hafa verið sundmerki. Nú er ekki hægt að fullyrða hvort garðurinn hefur einhverntíma náð alla leið upp í Fornagarð eða hvort Brynjúlfur rakti hann alla leið. Hitt er víst að syðsta hluta hans hefur greinilega verið haldið við fram á 20. öld og alls ekki víst að um upphaflegan túngarð frá Strönd sé að ræða.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: BJ 1903, 51

ÁR-559b:004 hleðsla 6350.268N 2142.320V
Hleðslustubbur er um 200 m norðan við Strandarkirkju 002, sennilega skammt utan gamla túnsins á Strönd þótt nú sé erfitt að átta sig á mörkum þess vegna sandfoks.
Sandorpið hraun og vex nú í því mikil lúpína. Smáhóll með vörðu er um 10 m sunnan við hleðsluna.
Hleðslan liggur NV-SA og er um 3 m löng, aðeins 1 umfar af grjóti. Mikil lúpínubreiða er suðaustan við hana og um 10 m norður af er nokkuð regluleg grjótdreif í sandblásnu flagi, um 10 m löng og 1 m breið. Tilgangur hleðslunnar er óljós en þó ekki útilokað að hér sé framhald túngarðsins, sjá 003.
Hættumat: hætta, vegna rofs

ÁR-559b:005 *Sveinagerði* gerði leikvöllur 6350.366N 2142.304V
Í sóknarlýsingu Selvogsþings 1840 segir: "Skammt frá Strandarkirkju, t.a.m. vel stóra túnlengd, er hringhlaðið garðlagsform milli 2ja berghóla, hér um bil 20 faðmar í krossþvermál innan veggja, kallað Sveinagerði. Þar er sagt að Erlendur lögmaður hafi æft sveina sína, setið sjálfur í lystihúsi á öðrum hólnum og horft á leiksæfingar þeirra." Í ritgerð Brynjúlfs Jónssonar 1902 segir: "Sveinagerði og Víghóll munu ekki bæjarnöfn. Sveinagerði er lítil girðing hjá dálitlum hól norðvestur frá túni. Er sagt að Erlendur lögmaður Þorvarðarson, sem lengi bjó á Strönd og dó 1576, hafi látið sveina sína leika í gerðinu, en setið á hólnum og horft á."


Mynd 292. Hleðsla um Sveinagerði 005, hulin gróðri.

"Sveinagerði hringlaga er suður undir kirkju...," segir í örnefnalýsingu. Sveinagerði er rétt tæpa 400 m beint norður af Strandarkirkju 002.
Nokkuð sandfyllt hraun með mosa, lúpínu og kjarri. Svæðið er mjög slétt, milli tveggja hóla og er sá nyrðri Víghóll.
Hleðslan er frekar óljós, aðallega vegna þess að lúpína og annar gróður hefur skotið rótum milli hleðslusteina þannig að þeir eru víðast hvar á kafi. Ef vel er leitað má þó finna hleðsluna og gerðið sést vel á loftmynd, ekki síst vegna gróðurskila. Það er alls um 90 x 55 m stórt og snýr h.u.b. norður-suður. Víðast hvar er hleðslan aðeins eitt umfar af grjóti. Víghóll lokar aðhaldinu að norðvestan og annar hóll að austanverðu en ekki er vitað um nafn á honum. Ekki er ljóst hvað hæft er því að Sveinagerði hafi verið e.k. leikvöllur en það er þó alls ekki útilokað.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: SSÁ, 227-28; BJ 1903, 51; Ö-Vogsósar, 3

ÁR-559b:006 hleðsla 6350.222N 2142.242V

Óverulegar hleðsluleifar sjást á lágum hól 20-30 m norður af Kirkjuhólnum 002 á Strönd.
Ógróinn hraunhóll sem snýr NA-SV. Hleðslan er um 4 m löng, aðeins eitt umfar sem liggur eftur hólnum NA-SV og sjást grjótdreifar bæði norðan og austan við. Hugsanlega eru þetta leifar af túngarði, þeim sama og hér er skráður nr. 003.
Hættumat: hætta, vegna rofs

ÁR-559b:007 *Krókur* bæjarhóll bústaður 6550.304N 2142.073V

Krókur er nefndur í Jarðabók Árna og Páls 1706: "Krokur, eytt fyrir tuttugu árum." "Þá er Víghóll og Krókshóll þarna norður af [Kirkjuhólum], en Krókur var hjáleiga frá Strönd," segir í örnefnalýsingu. Í ritgerð Brynjúlfs Jónssonar um fornleifar í Árnessþingi 1902 segir: "Af hjáleigum eru nefndar: Krókur norður á túninu, þar er enn dálítil roftorfa, Sigurðarhús [009] litlu austar og Stórhóll [018] fyrir norðan tún." Í Sveitarbrag frá 1677-80, sem birtist í sóknalýsingu Selvogsþings, er nefndur Erlendur smiður í Króki: "...enn er annar flóki, hann Erlendur smiður í Króki." Krókur er rúma 300 m norður af bæjarhól 001, norðan við hól sem er merktur með litlu skilti sem "Bakrangur" (sjá 025). Hann er nyrstur þeirra rústahóla sem eru í kringum Strandarkirkju.
Nokkuð gróið hraun þar sem töluvert er af lúpínu. Enn sést þó í ógróið hraunið á nokkrum stöðum.
Hóllinn er vel gróinn og áberandi og ekki ólíklegt að í honum séu uppsafnaðar mannvistarleifar. Hann er alls um 35 x 20 m stór og snýr h.u.b. NA-SV. Á hólnum er lítill torfbær sem á stendur "Krókur, í eyði 1686." Uppi á hólnum sjást dálitlar veggjahleðslur, sennilega tvö veggjarbrot sem mynda L, annað um 2 m langt en hitt um 3 metrar. Aðeins er um eitt umfar af hleðslum að ræða.


Mynd 293. Krókur 007, horft í norðaustur.

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: JÁM II, 461; Ö-Vogsósar, 3; BJ 1903, 51; SSÁ, 230

ÁR-559b:008 *Króksvarða* varða samgöngubót

"Króksvarða var rétt við Krókshól [007]," segir í örnefnalýsingu. Króksvarða fannst ekki á vettvangi. Hún gæti verið hrunin og rústin horfin í lúpínu.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Vogsósar, 3

ÁR-559b:009 *Sigurðarhús* bæjarhóll bústaður 6350.135N 2142.070V

Í Jarðabók Árna og Páls 1706 segir: "Sigurdarhús. Dýrleiki þessa býlis, sem nú er lögbýli kallað í staðinn fyrir Strönd, er xxi C og xv álnir..." "Sigurðarhóll var austur af kirkjunni, en þar stóðu Sigurðarhús, hjáleigan, og austar Sigurðarhúshjáleiguhóll," segir í örnefnalýsingu. " Í grein Brynjúlfs Jónssonar um fornleifar í Árnessýslu 1902 segir: "Af hjáleigum eru nefndar: Krókur [008] norður á túninu, þar er enn dálítil roftorfa, Sigurðarhús litlu austar og Stórhóll fyrir norðan tún." Rústahóll er um 120 m austan við bæjarhól 001, norðan við veginn sem liggur að Strandarkirkju.


Mynd 294. Sigurðarhús 009 horft í norður

Svæðið er innan landgræðslugirðingar, mjög sendið en þar vex nú töluvert af melgresi og lúpínu. Hraun er norðan við hólinn og innsiglingarmerki skammt vestan við.
Stór og vel gróinn hóll, alls um 40 x 15 m stór frá norðri til suðurs. Á honum er lítil eftirlíking af torfbæ og stendur þar á: "Sigurðarhús, í eyði 1735." Ekki sjást leifar af tóft eða hleðslum á hólnum en hann er nokkuð ósléttur.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: JÁM II, 458; Ö-Vogsósar, 3; BJ 1903, 51

ÁR-559b:010 *Strandarhjallur* heimild hjallur
"Strandarkampur lá fyrir landi Strandar og þar austast hjallurinn eða Strandarhjallur," segir í örnefnalýsingu. Ekki er nú vitað hvar Strandarhjallur var. Strandakampur hefur væntanlega náð að landamerkjum við Vogsósa, en nú er ekki vitað hvar þau lágu þótt giska megi á að þau hafi verið nálægt því miðja vegu milli Óssins úr Hlíðarvatni og Strandarkirkju. Á því svæði fundust ekki merki um hjall.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Vogsósar, 3

ÁR-559b:011 *Bótin* heimild lending 6350.632N 2143.166V
"Út af Víðisandi voru Löngusker og fram af Ósnum Össker. Baðstofuhella var upp við Ósinn, og segja menn, að þar hafi Vogur staðið til forna. Þá er Stórabót eða Staðarbót og ofanvert við Stórubótarkampur. Þarna var aðeins kölluð Bótin. Þar litlu austar voru varir, notaðar af hjáleigunum frá Strönd," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt þessari lýsingu gæti Bótin hafa verið um 1 km norður af Strandarkirkju, þar er breitt en grunnt vik sem gengur inn í landið. Þetta er heldur norðar en miðja vegu milli Strandarkirkju og Óssins og er ekki ljóst hvort staðurinn hefur verið í landi Strandar eða Vogsósa. Sandfylltir bakkar eru ofan við sjávarkampinn. Engin mannvirki sjást á þessum stað. Þess má geta að strandlengjan hefur breyst gríðarmikið í minni Þórarins Snorrasonar. Gróðurlendi var áður að finna við sjóinn en það er nú alveg horfið.
Heimildir: Ö-Vogsósar, 4

ÁR-559b:012 *Lambhús* bæjarhóll bústaður 6350.071N 2141.943V


Mynd 295. Lambhús 012, horft í norðvestur

Rústahóll er um 270 m austur af bæjarhól 001, ofan eða norðan við veginn sem liggur að Strandarkirkju. Væntanlega eru þetta Lambhús en um þau segir í Jarðabók Árna og Páls 1706: " [Siguðarhús] tíundast í fjóra staði, að meðreiknuðu forna afbýlinu Lambhúsum, sem heita skuli v c." Ábúandi á Lambhúsum 1706 var Marin Egilsdóttir, ekkja.
Sendið land en nokkuð tekið að gróa, enda innan landgræðslugirðingar.
Hóllinn sést vel, enda grasi vaxinn. Gras er slegið þar fyrir framan. Engin merki sjást um hleðslur á hólnum en hann er alls um 40 x 40 m stór og allt að 2 m hár. Sennlega er hann að einhverju leyti myndaður úr upphlöðnu byggingarefni og ösku. Sunnan í hólnum er búið að koma fyrir lítilli eftirlíkingu af torfbæ sem á stendur "Lambhús, í eyði 1729."

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:JÁM II, 458 og 460; Ö-Vogsósar, 4

ÁR-559b:013 *Sundvarða* varða samgöngubót
"Sundvarða hafði í eina tíð verið á Strandarkampi, og þegar hana bar í Króksvörðu [008], var Strandarsundið tekið," segir í örnefnalýsingu. Nú er ekki vitað hvar Sundvarða var, enda er kampurinn gerbreyttur og hefur sjóvarnargarðurinn verið endurhlaðinn nokkrum sinnum. Miðað við ætlaða staðsetningu á Strandarsundi verður þó að telja líklegt að hún hafi verið á strandlengjunni í námunda við kirkjuna 002.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vogsósar, 4

ÁR-559b:014 *Móhús* heimild býli
Í Jarðabók Árna og Páls 1708 er getið um hjáleigu frá Strönd: "Móhús, eytt fyrir manna minni." Nú er ekki vitað hvar Móhús voru.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: JÁM II, 461

ÁR-559b:015 *Bakrangur* heimild bústað
Í Jarðabók Árna og Páls 1708 er getið um hjáleigu frá Strönd: "Bakrangur, eytt fyrir 10 árum." Nú er ekki vitað hvar Bakrangur stóð. Þó er einn rústahólanna norðan við Strandarkirkju (sjá 025) nú merktur með eftirlíkingu af torfbæ sem á stendur "Bakrangur". Ekki er vitað hvað er til í því en þó mögulegt að um sama stað sé að ræða.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: JÁM, 461

ÁR-559b:016 *Bæjarbúð* heimild verbúð
Í Jarðabók Árna og Páls 1708 segir: "Bæjarbúð hefur hjer [á Strönd] verið vermanna búð meðan lendíngin ekki var fordjörfuð; hún kom fyrst í tíð biskupsins meistara Brynjólfs, hvort að gjöf eður kaupi honum til eignar vita menn ekki. Hitt er víst að Sr. Torfi heitinn í Gaulverjabæ, eftir það að hann erfði meistara Brynjólf, ljet brúka þessa búð og gjörði að sínum kosti..." Ekki er nú vitað hvar Bæjarbúð var.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: JÁM II, 461-2

ÁR-559b:017 *Sælubuna* þjóðsaga vatnsból 6350.154N 2142.258V
"Kirkjugarðurinn og kirkjan stóð fyrir framan hlað Frambæjarins. Þó var þar sund á milli, og er sagt að þar hafi verið uppsprettulind, kölluð Sælubuna," segir í ritgerð Brynjúlf Jónssonar um fornleifa í Árnessýslu. Sælubuna hefur því verið á milli bæjarhóls 001 og kirkju 002.
Ávalur, gróinn hóll.
Engin uppspretta er nú á þessum stað og ekki heldur hægt að sjá að sund hafi verið milli bæjar og kirkju. Vitað er að kirkjugarðurinn var færður út til norðurs á 20. öld og hefur hann þá sennilega farið yfir sundið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: BJ 1903, 51

ÁR-559b:018 *Stórhóll* heimild býli 6350.532N 2142.081V
"Miðhóll er þar, sem nú er suðurhlið. Þá er Stórhóll. Hjáleigur frá Strönd eiga að hafa verið þar sem hólarnir eru nú," segir í örnefnaskrá. 1902: "Af hjáleigum eru nefndar: Krókur [007] norður á túninu, þar er enn dálítil roftorfa, Sigurðarhús [009] litlu austar og Stórhóll fyrir norðan tún," segir í grein Brynjúlf Jónssonar um fornleifar í Gullbringu- og Árnessýslu. Stórhóll er áberandi klapparhóll um 600 m norður af bæjarhól 001. Ekki er nú ljóst hvar landamerki Vogsósa og Strandar voru en hér er gert ráð fyrir að hóllinn hafi verið í landi Strandar. Sandorpið, lúpínuvaxið hraun innan landgræðslugirðingar.
Hóllinn sjálfur er náttúrulegur og ekki sjást neinar rústir við hann. Þar eru hins vegar töluverðar leifar af garðlögum, t.d. 021, 022 og 027. Ekki er óhugsandi að rústir séu komnar á kaf í sand en þó var svæðið umhverfis hólinn gengið nokkuð rækilega.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Vogsósar, 3; BJ 1903, 51

ÁR-559b:019 heimild býli
Í grein Brynjúlfs Jónssonar um fornleifar í Árnessýslu 1902 segir: "Að vestanverðu [við Strönd] er ekkert kot nefnt. Þó hefir víst verið eitt býli þar. Það sýna girðingar. Túngarður Strandar að vestan sést gjörla ofan frá aðalgarði og til sjávarkambs [sennilega er það 003]. En nokkru vestar er annar garður, samhliða, mannvirki mikið og beinn að kalla [sennilega 021 eða 028]. En fáum föðmum vestar er lítið garðlag, bogadregið. Milli stóra garðsins og Strandartúngarðs hefir víst verið býli og átt þar tún. Mun sá bær hafa staðið skammt frá sjó.

Þar er grjótbunga, en sést þó ekki hvort rúst er. Þetta er skiljanlegt. Sandfokið kom vestan, og spillti fyrst þessu býli." Ekki fundust ummerki um bæjarstæði á svæðinu sem Brynjúlfur lýsir. Það er ekki útilokað að bær hafi staðið í nágrenninu en engin vissa er fyrir því og vel hugsanlegt að garðlögin hafi verið hlaðin í öðrum tilgangi en að vera túngarðar. Hér er tilgátan látin njóta vafans þótt frekari rökstuðning skorti.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: BJ 1903, 51

ÁR-559b:020 tóft óþekkt 6350.227N 2142.513V
Lítil rúst eða hleðsla er um 240 m vestan við bæjarhólinn á Strönd 001. Hún er um 10 m norðaustan við elsta sjóvarnargarðinn sem er vestan við Strandarkirkju en sunnan við landgræðslugirðingu. Þetta er um 50 m sunnan við leifar gamla túngarðarins á Strönd 003. Sendið svæði sem nú er tekið að gróa upp að nýju. Landgræðslugirðingin er skammt norðan við staðinn. Tóftin er hring- eða egglaga, rúmlega 2 x 2 m stór og nokkuð mosagróin. Ekkert op er sjáanlegt. Aðeins virðist um eitt umfar grjóts að ræða en þó ekki útilokað að hluti af hleðslum sé á kafi í sandi. Um miðbikið grillir í leifar af brenndu timbri og bendir það til að hleðslan sé ekki gömul og hafi jafnvel verið hlaðin til gamans sem eldstæði.
Hættumat: engin hætta


Mynd 296. Tóft 020, horft í vestur. Sjóvarnargarður í baksýn.

ÁR-559b:021 garðlag vörslugarður 6350.535N 2142.058V
Stórhóll er um 600 m norður af bæjarhól 001. Hann samanstendur af 2 hólum og er sá minni austar, klofinn í tvennt af djúpri sprungu sem liggur frá austri til vesturs. Í framhaldi af sprungunni liggur garðlag, í bilinu milli hólanna tveggja. Sandorpið hraun, nú er þar mikil lúpína, enda svæðið innan landgræðslugirðingar.
Garðurinn er grjóthlaðinn, nokkuð sandorpinn en þó greinilegur. Hann er mest 2-3 umför og um 0,3 m hár en sennilega er hann að miklu leyti hulinn sandi. Alls er hann rúmlega 30 m langur en fjarar út við austurenda stærri hólsins. Ekki er útilokað að hann hafi sveigt í suður meðfram honum því þar er grjótdreif. Við vesturrætur hólsins gengur garður áfram til vesturs og er hann skráður hér í beinu framhaldi þótt ekki séu tengsl garðanna óyggjandi - þeir halda í það minnsta nákvæmlega sömu stefnu. Víðast hvar hefur sandur safnast upp að honum beggja vegna og sést aðeins grjótdreif efst í sandhrygg. Garðinn má rekja tæpa 50 m til vesturs og virðist hann stefna nokkuð beint á vörðu sem stendur ágætlega á hraunbungu. Um 20 m austur af henni sveigir hann í suðvestur en er þar orðinn útflattur og ógreinilegur og fjarar fljótt út. Prestavegur 013 liggur gegnum garðinn. Skimað var eftir rústum í námunda við garðinn en fundust ekki. Á einum stað, austan við Prestaveg en sunnan garðsins má sjá örlítið af fiskbeinum á yfirborði í sandorpinni þúst og gætu þar verið leifar af byggingu eða sorphaug. Vestan við Prestaveg er garðurinn tvöfaldur á kafla. Þar birtist bogadreginn garður samhliða, er fyrst þétt upp við garðinn en sveigir svo fá honum í norðvestur. Hann er því bogadreginn og alls tæplega 50 m langur. Sandur hefur einnig safnast upp að honum en svo virðist sem hann hafi verið veigaminni en aðalgarðurinn. Erfitt er að gera sér í hugarlund hvaða tilgangi hann hefur átt að þjóna en þó hugsanlega verið landamerkja- eða vörslugarður.


Mynd 297. Garðlag 021, horft í vestur.

Hættumat: hætta, vegna rofs

ÁR-559b:022 garðlag vörslugarður 6350.535N 2142.058V

Garðlag liggur hér um bil austur-vestur rúma 80 m suður af Stórhól, um miðja vegu milli garðlaga 021 og 028. Austurendi garðsins er í hásuður frá Stórhól.
Sandorpið hraun, nú er þar mikil lúpína, enda svæðið innan landgræðslugirðingar.
Garðurinn er sandorpinn og sést oft ekki nema ein steinaröð efst í sandhrygg. Fyrst má rekja hann rúma 20 m til vesturs en þá hverfur hann á 20-30 m löngu bili. Eftir það birtist garðurinn að nýju og er nokkuð skýr í tæpa 50 m til viðbótar áður en hann fjarar endanlega út.
Hættumat: hætta, vegna rofs



Mynd 298. Garðlag 022, horft í suðvestur

ÁR-559b:023 *Vindáshjáleiga* þúst býli 6350.039N 2141.820V

Rústahóll er um 430 m austan við bæjarhól 001 og um 100 m norðan við veginn sem liggur að Strandarkirkju.
Sendið land en vaxið töluverðu melgresi og mosa. Norðan við er hraun og meiri lúpína.
Hóllinn er nokkurn veginn hringlaga og um 20 m í þvermál, iðagrænn og mosavaxinn. Búið er að setja eftirlíkingu af torfbæ á suðurenda hólsins. Á honum stendur: "Vindáshjáleiga, í eyði 1772."
Hættumat: hætta, vegna rofs



Mynd 299. Vindáshjáleiga 023, horft í norður.

ÁR-559b:024 *Vindás* þúst býli 6350.010N 2141.950V

Vindás stóð um 380 m suðaustan við bæjarhól 001. Bæjarstæðið er fast niður við sjóvarnargarðinn, um 50 m sunnan við veginn að Strandarkirkju. Vindáss er getið í fornbréfi um 1275: "Enn firer austann wog til vindass aa stadur j skaalhollte oc krijsevijk halfan tolftung i hual ef meire er enn iiij vætter. enn ecke ellegar." DI II, 124-25. 1677-80: Búa Jón og Hróbjartur í Vindási – Sveitarbragur Jóns Jónssonar í Nesi, SSÁ, 229. Gamlar húsarústir og aðrar fornleifar á eyðibýlunum Strönd og Vindási, með hjáleigum voru friðlýstar af Matthíasi Þórðarsyni 5.5.1927. Fornleifaskrá, 78. 1840 er Vindás, tvíbýlisjörð, talin meðal eyðibýla í ytra parti Austurvogar og á að hafa farið í eyði milli 1700 og 1750 – SSÁ, 221.



Mynd 300. Vindás 024, horft í suður.

Beggja megin við hólinn liggja vegarslóðar upp á sjóvarnargarðinn. Sendið, hálfgróið landsvæði liggur frá hólnum og upp að vegi.
Áberandi rústahóll og sést hann vel frá vegi. Hugsanlega hefur suðurhlið hans eitthvað verið raskað þegar sjóvarnargarðurinn var byggður. Hóllinn er alls tælega 35 x 20 m frá austri til vesturs og hátt í 2 m hár. Á honum er lítil eftirlíking af torfbæ sem á stendur: "Vindás, fór í eyði 1762". Uppi á hólnum vottar fyrir hleðslum, líkt og gerði sem er tæpir 20 m í þvermál. Hleðslur eru algrónar og ná varla nema 30-40 cm hæð. Sennilega eru þetta leifar af kálgarði, en Þórarinn Snorrason (f. 1931) man eftir kálgarði í Vindási á sínum yngri árum. Lítil þúst er austan megin við hólinn, hugsanlega rústaleifar. Nokkrum metrum vestan við hólinn sést þráðbein steinaröð sem liggur SV-NA, sennilega undirstaða undan girðingu.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: DI II, 124-25; SSÁ, 221 og 229; Fornleifaskrá, 78

ÁR-559b:025 þúst býli 6350.212N 2142.204V


Mynd 301. Rústahóll 025, horft í norður.

Greinilegur rústahóll er um 50 m norðan við bæjarhól 001, rétt ofan eða norðan við húsið sem staðarverðir hafa til umráða.
Landið í kring er sendið en þó verið að græða upp með lúpínu og grasi.
Hóllinn er mjög stór og áberandi, grasi vaxinn að mestu og alls um 60 x 60 m stór. Í raun er um að ræða þrjá hóla sem þó tengjast og standa í hnapp. Dæld er í hólinn sem er suðvestastur og lítur út fyrir að einhverntíma hafi verið grafið í hann. Að öðru leyti virðist staðnum lítið sem ekkert hafa verið raskað en leikvöllur með rennibraut er skammt sunnan við hólana. Á einn þeirra er búið að setja lítinn torfbæ og stendur þar "Bakrangur". Í norðurenda hólsins sést smá hleðsla, um 2 m á lengd og mest um 3 umför grjóts. Þetta gæti verið efsti hluti af vegg sem þá liggur A-V.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-559b:026 garðlag varnargarður 6350.255N 2142.531V


Mynd 302. Sjóvarnargarður 026, horft í suður.

Á sjávarkampinum í Strandarlandi er sjóvarnargarður sem hefur verið endurnýjaður tvisvar ef ekki þrisvar sinnum. Hann er sjálfsagt ekki mjög gamall en garður sem virðist tilheyra elsta stigi sjóvarnargarða á svæðinu er norðvestan við Strandarkirkju 002. Austurendi hans hverfur undir yngri sjóvarnargarð um 200 m NV af kirkjunni. Sendinn sjávarbakki. Garðinn má rekja 100 m til norðurs. Hann er varla mjög gamall en hugsanlega þó hátt í 100 ára - í það minnsta er hann greinilega eldri en tveir sjóvarnargarðar á kampinum því þeir hafa verið byggðir ofan á austurenda hans. Land vestan við garðinn er jafnhátt honum, enda hefur mikill sandur og fjörugrjót safnast að honum úr þeirri áttinni. Að austanverðu sést hleðslan hins vegar betur og þar er garðurinn vel á annan metra að hæð. Hann er greinilega vel hlaðinn og eru brúnir hans þráðbeinar. Hann hefur verið breiðastur neðst, a.m.k. 2 m, en dregist saman upp á við. Hleðslur eru nokkuð mosavaxnar.
Hættumat: engin hætta

ÁR-559b:027 garðlag vörslugarður 6350.546N 2142.170V

Garðlag, hugsanlega gamall vörslugarður, liggur til vesturs frá norðurenda Stórhóls 018.

Sandorpið hraun, sumstaðar vaxið lúpínu. Sandur hefur safnast upp að garðinum bæði að norðan og sunnan og eru aðeins efstu steinaraðirnar glöggar. Mest er garðurinn um 2 m breiður en hæðin mest um 1 m. Frá Stórhól er hægt að rekja garðinn hátt í 150 m til vesturs en þar fjarar hann út. Prestavegur 013 rýfur garðinn á einum stað, heldur vestar en fyrir miðju og einmitt þar er varða fast austan vegarins.

Hættumat: hætta, vegna rofs


ÁR-559b:028 garðlag vörslugarður 6350.430N 2142.219V

Grjóthlaðinn garður liggur niður frá garði þeim (sjá 032) sem er samsíða Fornagarði Ár-559:017, um 150 m suðaustan og sunnan við Stórhól 018.

Sandorpið hraun þar sem lúpína er farin að breiða úr sér.

Garðurinn er í svipuðu ástandi og aðrir garðar á svæðinu, að mestu sokkinn í sand svo aðeins sést efsta grjótröndin. Alls er hægt að rekja hann um 320 m til vesturs en þar fjarar hann út. Um miðbik hans er op þar sem Kirkjuvegur 013 liggur í gegn. Ekki er vitað hvert hlutverk garðsins hefur verið en þó líklegast að hann hafi verið vörslugarður af einhverju tagi.

Hættumat: hætta, vegna rofs



Mynd 303. Garðlag 028, horft í vestur

ÁR-559b:029 *Eymuvarða* varða landamerki 6350.166N 2141.341V

Í gamalli landamerkjalýsingu er getið um Eymuvörðu: "Að austanverðu eru landamerki milli Strandarlands og Eymu þessi: Við sjó ræður markhella: M [Ár-559b:030]. Þaðan bein lína í vörðu, vestanvert við Eymuhjáleigu. Þaðan bein lína í Eymuvörðu." Eymuvarða er skammt austan landgræðslugirðingar sem þó er hér um bil á mörkum Strandar og Eymu. Hún er um 750 m austan við bæjarhól Strandar 001 og um 400-500 m norðaustan við veginn heim að Strönd.

Sendið hraun. Varðan er fremur óskipuleg grjóthrúga, næstum algróin. Hún er breiðust í grunninn, 3-4 m í þvermál en mjókkar upp á við. Þar gnæfir upp úr henni staur, 2-3 m hár, og á honum gulur þríhyrningur, væntanlega sundmerki.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Skýrsla óbyggðanefndar, 34



Mynd 304. Eymuvarða 029, horft í vestur.

ÁR-559b:030 áletrun landamerki 6349.930N 2141.790V

Í gamalli landamerkjalýsingu er getið um áletrun á stein niður við sjó: "Að austanverðu eru landamerki milli Strandarlands og Eymu þessi: Við sjó ræður markhella: M." Nú liggur landgræðslugirðing um 10 m austar en markalínan er milli Eymu og Strandar. Hún liggur frá sjávarkampi og upp til norðausturs.

Klappanef gengur út í sjó hér um bil í beinu framhaldi af girðingunni. Upp frá því hækkar land fremur skarpt upp sjóvarnargarðinn.

Væntanlega hafa merkin legið um klappirnar. Þær voru gengnar í leit að áletrun en hún fannst ekki. E.t.v. er líklegra að hoggið hefði verið í klöpp ofar, þar sem sjór nær ekki til, en þar er nú sjóvarnargarðurinn, hugsanlega ofan á náttúrulegri klöpp.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Skýrsla Óbyggðanefndar, 34

ÁR-559b:031 *Kirkjustígur* heimild leið

"Eftir lægðinni milli Sigurðarhúss og Vindáss liggur Kirkjustígurinn eða Gamlivegur," segir í örnefnalýsingu. Væntanlega hefur þetta verið leiðin frá bæjunum í Selvogi, austan Strandar, og að Strandarkirkju. Nú liggur bílvegur heim að Strönd á þessum slóðum en neðan hans er einnig bílfær slóði sem gæti verið eldri bílvegur, fast norðan við Vindás 024. Sandflæmi, sumstaðar tekið að gróa upp. Ekki er ljóst hvort annar þessara vega liggur á gömlu götunum, í það minnsta sjást ekki götur í sandinum á þessum slóðum. Ef þær hefðu verið annarsstaðar má ætla að fokið hefði yfir þær fyrir margt löngu.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Vogsósar, 3

ÁR-559b:032 garðlag vörslugarður 6350.438N 2141.967V


Garður liggur í vinkil niður frá garðlagi 034 rúma 200 m SSA af Stórhól 018.

Sandorpið hraun, nú að nokkru leyti gróið lúpínu og grasi, enda innan landgræðslugirðingar.

Af legunni að dæma er garðurinn yngri en 034 þótt útlit þeirra og yfirbragð sé líkt. Hann liggur fyrst út frá honum um 50 m til vesturs en tekur þá 90° beygju í norðurátt og liggur samsíða hinum eldri. Ekki var hann rakinn langt að þessu sinni og ekki ljóst hvað hann nær langt í norður. Þá skal aftur vikið að staðnum þar sem garðurinn myndar rétt horn. Skammt innan við beygjuna mótar fyrir bogadreginni hleðslu sem gæti bent til eldra byggingastigs og að beygjan hafi upphaflega verið aflíðandi. Þá liggur um 5 m langur garðstúfur til suðurs út frá A-V garðinum rétt áður en kemur að horninu. Ekki er vitað um hlutverk garðsins en þó líklegast að hann hafi verið vörslugarður af einhverju tagi.

Hættumat: hætta, vegna rofs

ÁR-559b:033 *Strandarsel* tóftir sel 6352.830N 2137.181V




Mynd 305. Tóftir B-E í Strandarseli 033

Strandarsel, sem skv. Þórarni Snorrasyni er einnig kallað Staðarsel, er um 100 m sunnan við austurenda Svörtubjarga. Rústirnar eru 6,3 km norðaustur af Strandarkirkju og 1,5 km beint norður af Eymubóli Ár-559:0030.

Undir Björgunum eru fallegir og áberandi sléttir vellir sem skera sig úr í heiðinni. Ekkert rennandi vatn er á

svæðinu. Ljósleiðari hefur verið lagður skammt norðan



Í Strandarseli eru a.m.k. 6 tóftir á svæði sem er alls rúmlega 50 x 40 m stórt frá norðri til suðurs. Lýsingin hefst hér austast á svæðinu á tóft A. Hún er ekki mjög fornleg, tvískipt og nánast L-laga með myndarlegum veggjum, alls um 7 x 7 m stór. Eystra hólfið snýr N-S, með dyr á V-langvegg miðjum og er innanmál hennar um 2,5 x 1,5 m. Sé staðið í dyrum tóftarinnar er hitt hólfið á vinstri hönd með dyr í norður, um 2 x 1 m að innanmáli og snýr A-V. Tóftin er hæst að sunnanverðu, allt að 1 m. Tóft B er um 15 m suðvestar. Hún gæti verið sú yngsta á svæðinu, í það minnsta er áberandi mikið grjót innan veggja. Alls er tóftin um 6 x 5 m stór N-S og dyr syðst á vesturvegg, veggir geysiþykkir eða allt að 1,5-2 m. Norðan og vestan við tóftina er töluvert þýfi og bendir flest til að þar geti verið eldri leifar undir sverði. Fast sunnan við B er C, óljós tóft sem hefur sennilega verið tvískipt og alls um 6 x 3 m stór A-V. Eystra hólfið virðist hafa verið minna en það vestara en bæði hafa sjálfsagt snúið með dyr í norðurátt. Tóftin er algróin og veggir signir, mest 0,3-0,4 m háir. Um 4 m vestur af C eru tvær samhliða og næstum nákvæmlega eins tóftir utan í hól í dálitlum halla mót norðri. Hvor um sig er um 5 x 4 m stór frá norðri til suðurs og opnast báðar í norðurátt. Ekki er nema smásund á milli tófta, 10-20 cm breitt. Grjót sést í þeim báðum, ívið meira þó í vesturtóftinni. Veggjahæð er mest um 0,4 m. Síðast en ekki síst er tóft E sem er byggð utan í vestanverðan hól, sennilega kvíar, hér nefndar E. Tóftin er geysilöng, alls um 19 x 4 m frá norðvestri til suðausturs og eru dyr á NV-gafli. Hóllinn liggur með mestallri NA-langhlið og styðst tóftin að miklu leyti við hann þótt eitthvað hafi verið hlaðið utan í brekkuna. Grjót sést næstum allsstaðar í innanverðri SV-langhlið en hleðslur eru að mestu leyti hrundar og grónar. Mjög líklegt er að einhver starfsemi hafi verið í selinu eftir að Strönd fór í eyði; jafnvel má giska á að haft hafi verið í seli á þessum stað frá Vogsósum eða öðrum bæjum í Selvogi.



Mynd 306. Tóft E í Strandarseli, horft í norðvestur.

Hættumat: engin hætta


ÁR-559b:034 garðlag vörslugarður 6350.666N 2142.079V

Garðlag liggur samsíða Fornagarði Ár-559:017 austan við Stórhól 018. Garðurinn sést t.d. um 200 m NNA af Stórhól 018 en nær sjálfsagt lengra til norðurs en það. Sandorpið hraun. Garðurinn var rakinn á a.m.k. 70-80 m löngum kafla. Hann er líkum öðrum garðlögum á svæðinu, aðeins standa 1-2 steinaraðir upp úr sandhrygg sem er allt að 2-3 m breiður. Af loftmynd að dæma er garðurinn allt að 6-700 m langur, liggur fyrir austan Stórhól og sennilega gegnum Fornagarð þótt ekki sé það fullvíst.
Hættumat: hætta, vegna rofs

ÁR-560 Hlíð

Í Jarðabók Árna og Páls 1706 segir: "Jarðardýrleiki xx að sögn manna, en engin geldst hjer tíund af." JÁM II, 463

Ekki til túnakort. Í Jarðabók Árna og Páls 1706 segir: "Lyngrif til eldiviðar bjarglegt. Silúngsveiðivon er góð og hefur oft að merkilegu gagni verið. Eggver í vatnshólmum hefur að nokkru gagni verið, en fer mjög til þurðar. Sölvafjöru og grasafjöruítak á jörðin fyrir Vogshúsalandi sem áður segir, vide Vogshús. Túnunum grandar fjallsskriður og landbrot, sem Hlíðarvatn gjörir að neðan. Engjar, sem áður voru litlar með vatninu, hefur sama vatn eyðilagt." JÁM II, 464



Kort af Hlíðartúni, byggt á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

ÁR-560:001 *Hlíð* bæjarhóll bústaður 6352.643N 2142.168V


"Hlíð var fyrr góðbýli og landnámsjörð í Selvogi. Var hún um aldaraðir eign Strandakirkju og er það enn. Jörðin hefur verið í eyði nú um 60 ára skeið. Þar eru nú rústir einar. Bærinn stóð á Bæjarhól eða lágum hrygg, er lá fram í Hlíðarvatn," segir í örnefnalýsingu. Rústirnar af Hlíð eru við NA-horn Hlíðarvatns, 2,2 km norður af Vogsósum I. Bærinn fór í eyði árið 1906.



Mynd 307. Bæjarrústir í Hlíð, horft til suðvesturs. Veiðihúsið er fast við rústirnar.

Slétt grund sem nær allt frá vatnsborðinu og upp að fjallsrótum. Þjóðvegurinn liggur um túnið um 70 m norðan við bæjarrústirnar. Enn er nokkur rækt í túninu. Það er ekki slegið, ógirt og sækja kindur í það.


Veiðihús stendur á vesturenda bæjarrústanna og hefur sennilega raskað þeim að litlum hluta en miklar rústir eru á hólnum austan við húsið. Hefur bæjarröðin legið frá austri til vesturs og bærinn snúið með framhlið í suður. Alls er rústin um 35 x 20 m stór en að auki liggur garðlag frá suðurhlið hennar. Þá er bæjarhóllinn sjálfur sem rústin er á heldur stærri en hún, allt að 50 m langur A-V og 30-40 m breiður. Í meginatriðum má skipta rústinni í 5-6 hólf og eru þau öll greinileg. Fast norðaustan við veiðihúsið eru þrjú hólf sambyggð (A-C) og snúa öll dyrum mót suðri. Hvert um sig er um 7,5 m langt og rúmlega 5 m breitt að utanmáli. Á hólfi B virðast einnig hafa verið dyr á NA-horni. Um 7 m austan við þessi hólf er stórt, ferkantað hólf, D, um 12 x 12 m stórt að utanmáli og alveg opið í suður. Lítil tóft E er sambyggð hólfinu nyrst að vestanverðu, um 4 m löng og 3 m breð og snúa dyrnar í vestur. Dálítill halli er fram af hólfi D til suðurs og þar framanundir er hleðsla, sennilega af kálgarði (F) sem hefur verið um 14 m langur A-V og 5-6 m breiður. Mikið grjót sést í öllum þessum hleðslum, sérstaklega að innanverðu og þar sem mest er ná þær allt rúmlega 1 m hæð. Að auki er bæjarhóllinn undir rústunum allt að 1,5 m hár. Fast vestan við sambyggðu hólfin þrjú sem fyrst voru talin er hellulagður göngustígur upp að veiðhúsinu úr norðri. Þar vestan við vottar greinilega fyrir hleðslum fram á vatnsbakkann. Greinilegust er um 8-9 m löng hleðsla (G) sem liggur til VNV svo til beint



framan við innganginn í húsið. Samsíða henni um 2 m norðar vottar fyrir grjóthleðslu og skammt norðan við hana vottar ógreinilega fyrir hólfi (H), um 3 x 2 m stóru í krika milli göngustígs og bílastæðis. Vestan við veiðihúsið sjálft er svæði sem sennilega hefur verið talsvert raskað, þar er nú stórt útigrill og flaggstöng. Suður af hólfi C liggur síðan garðlag, I, rúma 25 m til suðurs en tekur svo 90° beygju til vesturs fram á vatnsbakkann. Líklegt er að kálgarður hafi verið innan þess. Fast austan við suðurhluta garðlagsins er dálítill hóll, J, sem gæti verið manngerður, hugsanlega öskuhaugur. Hann er 7-8 m í þvermál en frekar óreglulegur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hlíð a, 1

ÁR-560:002 *Kirkjuhóll* heimild um bænhús 6352.645N 2142.121V
"Auk Bæjarhóls eru í túninu Kirkjuhóll eða Bænhúshóll, en þar á hafa staðið bænhús í katólskri tíð," segir í örnefnalýsingu. Nú er ekki vitað hvar Bænhúshóll var. Yfirleitt voru kirkjur og bænhús í næsta nágrenni við bæjarhóla og með hliðsjón af því er helst að giska á ávalan hól í túni fast austan við bæjarhól. Óslegið tún. Hóllinn er sporöskjulaga og nokkuð ávalur en ekkert rústalag á honum, 15-20 m í þvermál. Enginn annar hóll virðist líklegri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hlíð a, 1

ÁR-560:003 tóft útihús 6352.592N 2142.106V




Mynd 308. Útihústóft 003, horft í suðvestur.

Tóft af útihúsi er syðst í Hlíðartúni, tæpa 100 m suður af bæjarhól 001.Túnjaðar. Fast sunnan við tóftirnar er kargaþýfi. Tóftin er tvískipt, alls 8 x 5 m stór og snýr A-V. Hólfin tvö eru ámóta stór en ekki opið á milli þeirra. Það eystra hefur dyr í suður en hitt er opið í suðvestur. Veggir eru algrónir og hvergi sér í grjót, mest um 1 m háir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


ÁR-560:004 *Hlíðarsel* örnefni sel 6352.224N 2141.185V
"...suður frá [Selvogs]réttunum eru Selbrekkur. Þar á að hafa verið sel frá Hlíð eða Hlíðarsel; ber þó ekki öllum saman," segir í örnefnalýsingu. Í annarri lýsingu segir: "Selbrekkur. Á þeim stað könnuðust þeir [heimildamenn í Stakkavík] við Stekkjardældir." Engar dældir eru suður frá Selvogsréttum en hins vegar eru grösugar brekkur og dældir um 300 m austur af þeim og hlýtur að vera átt við þann stað. Þetta er rétt tæpan 1 km SA af bæjarhól 001. Vel grónar og fallegar valllendisbrekkur og -dældir mót vestri og gróin grund þar niður af. Eina tóftin sem þekkt er á þessum slóðum er sú sem Þórarinn Snorrason í Vogsósum nefnir Vogsósastekk (Ár-559:019). Þess má geta að Ómar Smári Ármannsson hefur kallað aðrar tóftir Hlíðarsel, sjá 021. Sú túlkun er ekki útilokuð þótt tóftirnar teljist of langt í burtu til að passa við lýsingu örnefnaskrár.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hlíð a, 2-3; Ö-Hlíð b, 1

ÁR-560:005 tóft útihús 6352.674N 2142.136V

Tóft af útihúsi er í Hlíðartúni, 30-40 m NA af bæjarhól 001 og um 30 m suður af þjóðvegi.
Í túni. Tóftin er sunnan í dálitlum hól og að mestu leyti grafin inn í hann. Tóftin snýr SA-NV og snúa dyr í SV. Innanmál er um 4 x 2. Breiddin að utanverðu er um 4-5 m en ekki er hægt að gefa upp utanmál á lengdina. Hæð veggja er mest um 1,2 m og allnokkurt grjóthrun inni í tóftinni. Hugsanlega eru eldri mannvistarleifar í hólnum því 15-20 m norðan við tóftina lítur út fyrir að brúnir hans séu að nokkru leyti upphlaðnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mynd 309. Útihústóft 005, horft í suðvestur.



ÁR-560:006 gerði kálgarður 6352.738N 2142.093V



Mynd 310. Tóftir 006-008 illgreinilegar á ljósmynd, horft í suðvestur. Í fjarska sést veiðihúsið á gamla bæjarstæðinu 001.

Gerði, hugsanlega gamall kálgarður, er í Hlíðartúni, norðan þjóðvegar og um 180 m norður af bæjarhól 001.
Slétt grund í smáhalla mót suðri. Stórgrýti er á þessum slóðum upp við fjallið og sumsstaðar björg sem fallið hafa úr fjallinu. Gerðið er ferkantað og 12 x 12 m stórt. Op er á því austanverðu, norðan við jarðfastan klett sem hlaðið hefur verið utan í. Hleðslur eru algrónar, víðast hvar um 0,3-0,4 m háar en grjót sést í norðurhlið - að mestu jarðfast sem hefur verið látið þjóna sem norðurveggur.
Hættumat: engin hætta


ÁR-560:007 gerði kálgarður 6352.732N 2142.076V

Gerði, hugsanlega gamall kálgarður, er í Hlíðartúni, innan við 5 m suðaustur af gerði 006. Slétt grund í smáhalla mót suðri. Stórgrýti er á þessum slóðum upp við fjallið og sumsstaðar björg sem fallið hafa úr fjallinu Gerðið er um 15 x 12 m stórt frá austri til vesturs og líkt gerðinu 006. Ekki sést op á neinum útvegg en í suðausturhorni gerðisins er tóft, samhlaðin því, sjálfsagt útihús eða hugsanlega kartöflukofi. Hann er um 5 x 5 m stór, með dyr norðarlega á vesturvegg. Veggir útihússins eru mun stæðilegri en gerðisins, bæði þykkari og hæð þeirra allt að 0,7 m. Dálítil þúst er austan við gerðið, um 7 x 5 m stór N-S en ekki fullvíst að þar séu leifar af mannvirki.
Hættumat: engin hætta

ÁR-560:008 tóft útihús 6352.737N 2142.052V

Tóft af útihúsi er um 5 m NA af gerði 007. Slétt grund í smáhalla mót suðri. Stórgrýti er á þessum slóðum upp við fjallið og sumsstaðar björg sem fallið hafa úr fjallinu Tóftin er um 7 x 5 m stór frá austri til vesturs en dyr eru á suðurhlið hér um bil miðri. Veggir virðast dálítið úr lagi gengnir og því ekki gott að átta sig á innra skipulagi; þó virðist sem hún hafi verið tvískipt þannig að lítið afhýsi hafi gengið til norðurs frá aðalhúsinu. Veggir eru grónir og mest um 0,8 m háir.

Hættumat: engin hætta




ÁR-560:009 *Borgaskörð* tóft fjárskýli 6352.717N 2141.290V

"Borgaskörð voru skörð í Hlíðarfjall austarlega. Á einum stað milli þeirra var Háhamar," segir í örnefnalýsingu. Undir skörðunum er tóft sem skörðin gætu hafa dregið nafn sitt af, um 130 m austur af stekk 011. Hlíðarborg og Valgarðsborg eru sunnar, sjá 020 og 021.

Lyngmói, sumsstaðar með hraunnibbum og -hólum. Hlíðargata liggur áfram til austurs fast sunnan við tóftina.

Tóftin er í háum og gróskumiklum valllendishól sem er nokkuð áberandi og sést vel að. Hún er lítið uppbyggð en að mestu leyti grafin niður í hólinn. Hann sjálfur er nokkuð hringmyndaður en hólfið er aftur næstum ferkantað. Mögulegt er að





Mynd 311. Tóft undir Borgarskörðum, horft í suður.


byggingin hafi upphaflega verið fjárborg en síðan verið endurbyggð sem fjárhús. Að innan er tóftin rúmir 3 x 2 m frá norðri til suðurs og mikið grjót í innanverðum veggjum. Hóllinn er á hinn bóginn allt að 10 m í þvermál að ofanverðu en breiðari ef miðað væri við hólræturnar. Hann er sennilega manngerður að einhverju leyti, a.m.k. sést lausagrjót í honum utanverðum á nokkrum stöðum. Að mestu hlýtur hann þó að vera náttúrulegur, enda gnæfir stór klettur upp úr honum fast við tóftina að austan og sunnan. Að innanverðu vottar aðeins fyrir stöllum eða bálkum upp við veggina og gætu það mögulega verið jötur. Hellegasta veggjarhleðslan er að vestanverðu og sjást þar 4 umför.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hlíð a, 2

ÁR-560:010 tóft+garðlag útihús 6352.624N 2142.074V

Tóft af útihúsi er syðst í Hlíðartúni, um 70 m SA af bæjarhól 001 og um 50 m ANA af tóft 003.



Tóftin hefur verið í túnjaðri en er nú fast norðan við nýlagðan veg að litlu bílastæði sem er austur af Hjallhólma.

Tóftin er einföld, um 4 x 4 m stór, lágreist og næstum engin gróska í henni þótt hún sé algróin. Veggir eru mest um 0,5 m háir. Dyr hafa snúið í SV. Hryggur liggur frá tóftinni í SSV og einnig í NA og er síðarnefndi hlutinn greinilegri, rúmlega 1 m breiður og 0,3 m hár. Þennan hrygg má rekja um 12 m í NA en þá hverfur hann undir veginn. Hryggurinn er sennilega leifar af gömlum túngarði sem er þá einungis varðveittur einmitt á þessum stað, í það minnsta fundust ekki túngarðsleifar meðfram austan- eða norðanverðu túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-560:011 *Stekkatúnsbrekkur* tóft stekkur 6352.735N 2141.452V



Mynd 312. Stekkjartóft 011, horft í norður.

"Stekkatúnsbrekkur voru brekkur í fjallinu vestan við Háhamar, og þar hafði verið Stekkur og Stekkatún," segir í örnefnaská. Stekkjartóft er einmitt á þessum stað, undir Hlíðarfjalli um 600 m ANA af bæjarhól 001. Smákvos í lyngmóa sem víða er grasi gróinn. Hraunnibbur stingast upp úr hér og þar og talsvert er um stórgrýti. Hraunhólar eru suðaustan við stekkinn. Varla er hægt að segja að túnblettur sé kringum stekkinn. Ljómandi falleg tóft, byggð utan í jarðfasta kletta. Hún er tvískipt og L-laga, alls um 9 x 8 m stór. Rekið hefur verið inn að sunnanverðu í dálitla rétt sem er um 7 x 5 m stór frá norðri til suðurs að utanmáli. Klettarnir mynda norðurgafl réttarinnar. Úr henni er svo op til vesturs, nyrst við klettana, í heldur þrengri kró sem er rúmlega 4 x 3 m stór frá austri til vesturs. Mikið grjót sést í innanverðum veggjum sem eru mest um 1 m háir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hlíð a, 4

ÁR-560:012 *Hlíðargata* gata leið 6352.738N 2141.742V

"Hlíðargata lá frá Hlíð austur og inn með fjallinu," segir í örnefnaskrá. Gatan sést enn vel austan túns, t.d. um 390 m austur af bæ 001 en einnig fast við stekkjartóft 011. Grónar valllendiskvosir eru næst fjallinu en síðan tekur við lyngmói í gömlu hrauni. Greinilegur kindatroðningur liggur til austurs inn með fjallinu og sést vel víðast hvar. Sennilega eru það leifar af gömlu Hlíðargötunni. Að sögn Þórarins Snorrasonar var ekki fært með hesta upp Hlíðarskarðið (sjá 019) og því oft farið inn með fjallinu og síðan til norðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hlíð a, 4

ÁR-560:013 tóft bússtaður 6352.691N 2142.336V

"Ofan Malarinnar eru rústirnar, en þar segja fróðir menn og konur, að bærinn hafi staðið, eftir færslu úr Hjalltanga," segir í örnefnalýsingu. Rústir sem koma heim og saman við þessa lýsingu eru ofan við Mölina, en það er malarborin strönd skammt vestur af bæjarhól 001. Rústirnar eru um 150 m NV af bæ 001. Grasgeiri milli fjallshlíðar og vatns, nærri vesturjaðri túns. Núverandi þjóðvegur er um 30 m norðan við rústirnar.



Talsvert miklar rústir sem líta þó ekki út eins og venjulegar bæjarrústir - líkjast fremur útihúsum með sambyggðu gerði sem gæti verið kálgarður. Alls eru rústirnar um 25 m langar A-V og breiddin mest austast, um 15 m. Svæðinu má skipta í fernt. Nyrst og austast er nokkuð regluleg tóft , A, sem minnir á útihús, um 7,5 x 5 m stór N-S og snýr op í suðurátt. Önnur tóft, B, er sambyggð henni að sunnan, of óregluleg til að vera hústóft enda er austurveggur sveigður útá við. Líklega hefur þetta verið aðhald af einhverju tagi og er það um 9 x 8 m stórt N-S, með op í suður og einnig í norður, beint inn í tóft A. Hólf C er sambyggt B að vestanverðu. Þetta er gerði, hátt í 15 m langt A-V og um 8 m breitt. Engin hleðsla er að sunnanverðu, en þar tekur Mölin við beint fram af. Hleðslan um gerðið er heldur lægri en í tóftunum, hæð um 30 sm en breidd allt að 1 m. Að lokum er hólf (D) innan gerðisins syðst, heldur austar en fyrir miðju og er það sennilega síðar til komin en það. Hólfið er um 4 x 4 m stórt, nokkuð niðurgrafið og með dyr í suðurátt, veggjahæð um 1 m. Klettur sem sennilega er upprunninn í fjallinu ofan við er fast vestan við það.



Mynd 313. Tóft 013, horft í suðaustur. Veiðhúsið á gamla bæjarstæðinu í Hlíð í baksýn.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hlíð a, 2

ÁR-560:014 *Hjalltangi* þjóðsaga bússtaður 6352.564N 2142.209V

"Tangi eða hólmi er út í vatninu fram undan bænum; Hjalltangi eða Hjallhólmi er hann nefndur. Þar á bærinn að hafa staðið upphaflega," segir í örnefnalýsingu. Umræddur staður er nú tangi og gengur hann í sveig út í vatnið um 150 m suðvestur af bæ 001. Hólminn er ágætlega gróinn en í honum eru nokkrir hraunhólar, sumir klofnir eftir endilöngu með sprungum. Alls er hólminn um 80 x 50 m stór NV-SA. Ekkert bendir til að þar sé gamalt



Mynd 314. Hleðsla í Hjalltanga 014, horft í austur.

bæjarstæði og gróðurþekjan varla svo þykk að miklar mannvistarleifar geti leynst undir yfirborði. Þó er tanginn ekki laus við fornleifar, enda bendir nafnið í það minnsta til að þar hafi verið hjallur. Nyrst í tanganum, milli tveggja hraunhóla, er frekar óljós tóft eða hleðsla, eiginlega króklaga, opin í norður, um 4 x 2 m stór N-S. Aðeins sér í grjót í hleðslum efst en annars eru þær grónar, mest um 80 sm háar að utan en dýpt innan veggja er sáralítil, um 0,1 m. Frá vesturenda tóftarinnar gengur hrunin grjóthleðsla upp á hól til vesturs, hátt í 10 m löng. Neðan eða norðan undir tóftinni er hvilft sem gengur fram að vatnsborði og efst í henni er mikið grjót sem gætu líka verið hleðsluleifar. Þórarinn Snorrason telur að rétt hafi verið í hólmanum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hlíð a, 2

ÁR-560:015 *Slóðin efri* heimild leið
"Slóðir tvær liggja eftir Brekkum og eru nefndar Slóðin neðri og Slóðin efri," segir í örnefnalýsingu. Slóðir þessar hafa væntanlega verið götur utan í skriðunum norðan við Hlíðarvatn.
Snarbrattar skriður í fjallinu og liggur nú þjóðvegurinn neðst í þeim.
Engar slóðir sjást lengur. Ætla má að þær hafi verið hluti af sömu leið, þ.e. milli Hlíðar og Stakkavíkur eða áfram vestur, í átt að Herdísarvík.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hlíð a, 3

ÁR-560:016 heimild brú 6352.282N 2141.690V
"Þar fyrir sunnan [Hjalltanga] skerast inn í landið vikin þrjú. Þar er fyrst Kristrúnarvik, og þá Girðingarvik, sem er nýlegt nafn, og þá vik með mörgum nöfnum, Vondavik, Forarvik og Moldarvik. Í viki þessu var venjulega kafhlaup af for, og því eru nöfnin. Gerð hafði verið brú með grjóti yfir vikið, og var að því nokkur bót," segir í örnefnalýsingu. Vondavik er smávik í Hlíðarvatni um 60 m NV af núverandi Hlíðarrétt sem er úr timbri og reist á 6. áratug 20. aldar. Áður var vatnsborðið hærra og þá náði vikið mun innar í landið og sjást þess enn merki, þ.e. mikið moldarflag sem teygir sig töluvert langt austur fyrir þjóðveg. Samkvæmt Þórarni Snorrasyni var brúin örskammt vestan við núverandi þjóðveg í stefnu norðaustur af réttinni.
Gróin kvos. Brúin er nú alveg horfin en Þórarinn Snorrason man vel eftir henni. Brúin var grjóthlaðin og ekki sérlega vandað mannvirki. Hún var á aðalleiðinni milli Hlíðar og Vogsósa.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hlíð a, 2

ÁR-560:017 *Gamlavör* heimild uppsátur 6352.119N 2142.012V
"Utan við Hlíðareyjartanga var Gamlavör, uppsátur fyrir báta frá Hlíð," segir í örnefnaskrá. Hlíðareyjartangi er nú hólmi, sá stærsti í öllu vatninu. Hann er skammt norðan við Marknes, sem er á merkjum Hlíðar og Vogsósa, rúma 800 m suður af bæjarhól 001.
Litlar víkur eru bæði norðan og sunnan við hólmann.
Samkvæmt lýsingunni var vörin utan við tangann og líklegt að "út" sé hér sama og suður. Sunnan við tangann eru mörg lítil vik og gæti uppsátur vel hafa verið í einhverju þeirra. Ekki sjást nein ummerki á staðnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hlíð a, 3; Ö-Hlíðarvatn, 4

ÁR-560:018 *Kirkjugata* gata leið 6352.584N 2141.999V
"Kirkjugata lá frá Hlíð suður með vatninu um Vondavik að Vogósum og áfram suður að Strandarkirkju [sjá Prestaveg Ár-559:013]," segir í örnefnalýsingu. Gatan hefur legið meðfram vatninu austanverðu, frá norðri til suðurs. Þokkalega mótar fyrir götu skammt utan túns, um 170 m SSA af bæjarhól 001.
Þýfður mói. Gatan er lítt áberandi, líkust kindagötu og aldrei virðist hafa verið ruddur eða lagður vegur milli Hlíðar og Vogsósa, eins og raunin er frá Vogsósum heim að Strönd.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hlíð a, 4

ÁR-560:019 *Hlíðarvegur* gata leið 6352.731N 2142.009V

Gata, sumsstaðar nefnd Hlíðarvegur, lá upp Hlíðarskarð, sem er í fjallinu norðaustur af bæjarstæðinu í Hlíð. Sagt er frá leiðinni í örnefnalýsingu Selvogsafréttar: "Upp úr Hlíðarskarði liggur Hlíðarskarðsstígur og er kallaður Hlíðarvegur, göngumannavegur er kemur upp á fjallið. Þetta er þó enginn vegur, aðeins vörður á vegleysu.....Göngumannavegur var upp með Hlíðarbæ og með honum vörður, sem standa enn, en þeim er ekki haldið við lengur. Vörðurnar byrja í Hlíðarskarði, liggja inn Langhóla, inn með Vestri-
Hvalhnúk, þar til komið er að norðurhorninu. Þá er brunablettur og sléttarhellur og vörður á þeim alla leið í Kerlingarskarð. Stakkavíkurvegur og Hlíðarvegur eru samhliða nokkuð og koma saman við Selvogsveginn við girðingarhlið, þegar komið er fram hjá Litla-Kóngsfelli." Ennfremur segir: "Neðanvert við Ásana, við vörðu-veginn, sameinast Hlíðarvegur Stakkavíkurvegi [Ár-561:006]."

Skarðið er bratt og grýtt. Þegar skarðinu sleppti lá gatan áfram, hér um bil beint í norður en sveigði síðan meira í vestur og sameinaðist Stakkavíkurvegi langt uppi á fjalli. Ekki var farið upp Hlíðarskarð með hesta og var gatan af þeim sökum oft nefnd Gönguleið skv. Þórarni Snorrasyni. Hún var vörðuð þegar komið var upp á fjallið. Eiginleg gata sést ekki í sjálfu skarðinu en á loftmynd virðist votta fyrir götu uppi á fjallsbrúninni.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Selvogsafrétt, 3

ÁR-560:020 *Hlíðarborg* tóft fjárskýli 6352.646N 2140.082V

Hlíðarborg er fjárborg úti í hrauninu 1,7 km austan bæjarhóls 001. Hún er um 150 m norðan við girðingu sem liggur frá skilaréttinni við Hlíðarvatn og austur fyrir Urðarfell.

Borgin er byggð vestan í hraunhól, sem er klofinn eftir endilöngu, og þjónar hraunið sem austurveggur. Umhverfis er hálfgróið hraun og sumstaðar valllendisblettir. Borgin sjálf er nokkurn veginn hringlaga, alls um 13 x 14-15 m að stærð. Veggir eru allir hrundir og mikið grjót í þeim, einna minnst þó að norðanverðu og þar er hleðslan best gróin. Ekki sjást dyr á borginni. Mannvirkið er mjög óvenjulegt að því leyti að tóft, sennilega af fjárhúsi, er inni í borginni og fyllir út í hana að mestu, alls um 6 x 5 m stór frá NA-SV. Sennilega er hún yngri en borgin og heldur meiri gróska er í veggjum hennar en borgarinnar. Hleðsla er fyrir húsdyrum, um 3 umför af stórum og þykkum hellum og er það að heita má eina heillega hleðslan í tóftinni. Hlaðið hefur verið frá norðausturhluta hústóftarinnar að klettinum sem er austar og er hleðslan um 3-4 m löng. Hvorki sést garði né jötur í fjárhúsinu og ekki hlaða heldur. Hleðsluhæð er mest á bilinu 0,5-0,7 m.






Mynd 315. Hlíðarborg 020, horft í suðvestur.

Hættumat: engin hætta

ÁR-560:021 *Valgarðsborg* tóftir sel 6352.520N 2139.876V

Tóftir eru tæpa 300 m suður af Hlíðarborg 020, á allgrösugum bletti vestan í klettahól. Sennilega eru þær nálægt





Mynd 316. Tóft A, horft í austur

mörkum móti Vogsósum en þau liggja úr Nefjavörðu 023 austur í Hellholt. Umhverfis er hálfgróið hraun og sumstaðar valllendisblettir. Milli Hlíðarborgar og umræddra tófta liggur girðing allt frá skilarétt við Hlíðarvatn og austur fyrir Urðarfell. Tóftirnar eru a.m.k. þrjár og ná yfir svæði sem er rúmlega 30 x 30 m stórt. Nyrst er greinileg en vallgróin tóft, A, dálítið grafin inn í brekkuna. Hún er einföld, um 7 x 5 m stór frá norðri til suðurs og dyr heldur sunnar en fyrir miðjum vesturvegg. Dýpt nemur allt að rúmum 1 m. Nokkrar dældir eru norðan og norðvestan við tóftina og gætu þar leynst fleiri mannvirki eða útbyggingar. Um 8 m austar, uppi á hól, er hleðsla, B, sem gæti verið yngri, sennilega refagildra. Þetta er grunnur að hlöðnu hólfi sem er um 1,5 x 0,8 m stórt NA-SV og snýr op í SV. Hleðslan er aðeins eitt umfar og um 0,2 m há. Um 10 m suður af tóft A er mjög útflött tóft, C, og óljós. Hún gæti verið u.þ.b. 8 x 6 m stór NV-SA og snúa dyr sennilega í SV. Minni gróska er í þessari tóft en í A. Í fjórða lagi er tóft, D, sennilega af fjárborg sem hefur verið nefnd Valgarðsborg. Hún er um 20 m austur af tóft C og eiginlega austan í hólnum. Þetta er hringmynduð, grjóthlaðin upphækkun, um 7 x 6 m og snýr N-S, mest um 1,4 m há að sunnan. Hún er slétt og gróin að ofanverðu og engin dæld í henni. Að utanverðu er hún ógróin og grjóthrúga á henni suðaustan til. Þessara tófta er hvergi getið að öðru leyti en því að síðastnefnda tóftin mun hafa verið nefnd Valgarðsborg. Ómar Smári Ármannsson skrifaði BA-ritgerð um sel á Reykjanesskaga og nefnir þennan stað "Hlíðarsel" þótt ekki séu öruggar heimildir fyrir því, sjá einnig 004

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ómar Smári Ármannsson 2006, 163


ÁR-560:022 hellir fjárskýli 6352.629N 2140.916V

Fjárhellir er úti í hrauni, hér um bil 350 m SA af tóft 009 undir Borgarskörðum og um 1 km austur af bæjarhól 001. Hann er um miðja vegu milli Hlíðarfjalls og girðingar sem liggur frá Hlíðarvatni og austur fyrir Urðarfell. Hálfbert hraun. Hellisopið snýr mót norðaustri. Það er einfaldlega skúti, fyrst nánast beint niður og svo innundir hraunhelluna til suðvesturs. Laglega hefur verið hlaðið um munnann á allar hliðar en þó er hægt að komast að honum úr austri. Hleðslan er úr hraungrýti og myndar hólf sem er hér um bil ferkantað og um 4,5 x 3 m að stærð SV-NA. Hleðslan er hæst að suðvestan, allt að tæpur 1 metri. Lítil varða



Mynd 317. Fjárhellir 022 í rigningarsudda, horft í suður.

er á hleðslunni að suðvestan og að auki liggur einföld hleðsla um 3 m til suðvesturs frá hólfinu. Ekki var farið niður í hellinn en hann sýnist manngengur.
Hættumat: engin hætta




ÁR-560:023 *Nefjavarða* varða landamerki 6352.310N 2140.264V
Nefjavarða er á merkjum milli Hlíðar og Vogsósa. Hún er austur í heiðinni 1,7 km ASA af Hlíð 001 en um 630 m suður af Hlíðarborg 020. Um hana segir í örnefnalýsingu Vogsósa: "Landamerki milli Vogsósa og Hlíðar: Marknes við Hlíðarvatn, þaðan í Nefjavörðu á Rofunum, þaðan í Kálfsgil, sem er milli Urðarfellanna, þaðan í Kóngsfellið litla, þaðan í Kóngsfellið stóra." Varðan stendur á grjóthól. Fremur einkennileg varða, ef vörðu skyldi kalla. Þetta er um 1 m löng hleðsla frá austri til vesturs, 3-4 umför af grjóti, og ganga smá hleðslustubbar út frá henni til endanna. Örnefnalýsingu Hlíðar ber ekki alveg saman við lýsingu Vogsósa um hver merkin eru í Rofunum en þar segir: "Landamerki milli Hlíðar og Vogsósa eru þessi: Marknes við Hlíðarvatn, þaðan í Nefjaþúfu á Nefjum í Rofunum..." Skammt suðvestan við Nefjavörðu er einkennileg, kúpumynduð þúfa á lágum kletti og vel hugsanlegt að það sé umrædd Nefjaþúfa. Varla skeikar nema 30-40 metrum.


Mynd 318. Nefjavarða, hundurinn Bjarmi í forgrunni. Horft í vestur.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vogsósar, 4; Ö-Hlíð a, 4

ÁR-560:024 heimild mógrafir
Í örnefnalýsingu Selvogsafréttar segir: "Austan við Litla-Urðarfell eru Merarbrekkur. Fyrir innan (norðan) Stóra-Urðarfell er lægð, sem kölluð er Móvatnsstæði. Snarhallar af fellinu ofan í það. Þar var smáblettur, þar sem var mótak frá Hlíð. Það var eini mórinn, sem til var í Selvogi, en hann var lélegur."
Heimildir:Ö-Selvogsafrétt, 5-6

ÁR-560:025 tóft útihús 6352.593N 2142.102V
Útihústóft er syðst í Hlíðartúni, um 6 m austur af tóft 003. Túnjaðar. Fast sunnan við tóftina er rýrt kargaþýfi. Tóftin er einföld, alls 5 x 4 m stór NA-SV og eru dyr á norðausturhorni. Hún er reist utan í lágan bakka sem liggur NA-SV og ekki er útilokað að þar séu leifar túngarðs, nánar lýst í 003. Ætla má að þessi tóft og 003 séu jafngamlar, í það minnsta er ástand þeirra mjög svipað. Þó eru veggir heldur lægri eða mest um 0,6 m. Örlítið lausagrjót sést innan veggja en engar heillegar grjóthleðslur.




Hættumat: engin hætta

ÁR-561 Stakkavík

"Jarðardýrleiki x að sögn, en engin geldst hjer tíund af." JÁM II, 464.

Ekki til túnakort. Í Jarðabók Árna og Páls 1706 segir: "Lýngrif brúkast til eldiviðar bjarglegt. Rifhrís og til eldiviðar brúkast og peningi til bjargar í heyskorti....Eggver í Hlíðarvatnshólnum má ekki telja...Rekavon í besta lagi af þessari sveit þá inná voginn líður, og fylgir hún kirkjunni og proprietariis. Sölvafjara bjargvæn heimamönnum og so fjörugrös. Heimræði má hjer valla telja, því bærinn liggur lángt frá sjó, þó hefur það fyrir fám árum reynt verið, og til gagns komið sumar og vetur. Túnin brýtur Hlíðarvatn. Engi litlu betur, en um Hlíð segir. Torfrista og stúnga so sem lökust er hún í þessari sveit, nema miður se fyrir grjótum." JÁM II, 465-466




Kort af Stakkavíkurtúni, byggt á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

ÁR-561:001 *Stakkavík* bæjarstæði bústaður 6352.288N 2144.518V



Mynd 319. Steypuleifar á bæjarstæðinu í Stakkavík, horft í suður.

"Stakkavík hefur um aldabil verið í eigu Strandarkirkju; er nú í eyði. Stakkavíkurhúsið stendur á tanga er liggur fram í Hlíðarvatn," segir í örnefnalýsingu. Nú er gamalt veiðihús í niðurníðslu rétt vestan við síðasta bæjarstæðið í Stakkavík. Bærinn stóð á túnræmu sem afmarkast af túngarði 002 í norðri og nokkuð bröttum hraunkambi í suðri. Þar fyrir neðan er Hlíðarvatn. Túnið er óslétt og töluvert af hrauni stendur upp úr. Trúlega hefur þetta ekki þótt gott tún.



Stakkavíkurbærinn stóð fremst á hraunkambinum norðan megin við Hlíðarvatn. Um 50 m norðar er túngarður sem liggur austur-vestur (sjá nr. 002). Húsin voru þrjú, íbúðarhús, heyhlaða og skemma sambyggt því. Alls er bæjarstæðið um 16 x 16 m stórt. Húsið sem var framar á hraunkambinum hefur verið steypt, 8x7 m á stærð og veggirnir um 25 cm þykkir. Veggirnir hafa fallið út á við nema vesturveggurinn sem hefur hrunið inn í grunninn. Í grunninum má sjá leifar af eldavél og ef til vill sést þar einnig í steyptan skorstein. Grunnurinn á húsinu er mosa og grasi gróinn. Vestan megin við húsið hefur verið steyptur pallur/stétt um 2x2 m og um 0,5 m há. Virðist hún hafa verið í sömu hæð og gólfflötur hússins og ef til vill var inngangurinn í húsið þar. Ætla má að húsið hafi verið hvítmálað þar sem leifar af málningunni sjást á steypunni. Við húsið er lítil hella og á henni platti sem á stendur. „Stakkavík í eyði 1943. síðasti ábúandi Kristmundur Þorláksson". Norðan við húsið er eitthvað sem virðist vera upphlaðin tóft, ferningslaga, um 5x5 m á stærð. Trúlega eru þetta leifar af skemmunni. Hún er nánast algróin og svo virðist sem fyllt hafi verið upp í hana. Á stöku stað sést í hleðslurnar að utanverðu. Heyhlaðan er 9x7 m á stærð. Veggirnir eru um 1 m á hæð og 1 m á breidd. Allir eru þeir vel hlaðnir nema suðurveggurinn sem ekki sést og ef til vill hefur verið op þar. Veggirnir eru mosa og grasi grónir og þá sérstaklega að utanverðu. Tóftin er algróin að innaN og engar leifar af milliveggjum eru sjáanlegir. Leifar af norðurvegg íbúðahússins eru inn í tóftinni. Mikil gróska er í bæjarstæðinu en ekki teljandi bæjarhóll, enda ekki víst að nokkur mannvirki hafi staðið þarna fyrr en eftir miðja 19. öld.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Stakkavík a, 1

ÁR-561:002 *Stakkavíkurtúngarður* garðlag túngarður 6352.298N 2144.505V

"Stakkavíkurtúngarður er lágur grjótgarður ofan við túnið," segir í örnefnalýsingu. Garðurinn sést t.d. um 25 m norðan við bæjarstæði 001. Farið er niður að veiðihúsinu Stakkavík sem er í niðurníðslu. Þar fyrir neðan er Heimaréttin samföst túngarði og má þaðan rekja hann. Túngarðurinn skilur að úfið, mosa- og lyngivaxið hraun og heimatúnið við Stakkavík. Túnið er óslétt og grasið nokkuð hátt. Túngarðurinn er vel greinilegur norðan við túnið en að sunnan markast það af Hlíðarvatni. Alls er túngarðurinn tæplega 150 m langur en túnið er alls um 150 x 40 m stórt frá austri til vesturs. Hann er nokkuð beinn en á einstaka stað hefur hraunið verið notað sem hluti af túngarðinum. Mesta hæð garðsins er um 1 m eða um 6 umför af hleðslum. Hann er mosavaxinn og sums staðar hefur hrunið aðeins úr honum. Að öðru leyti



Mynd 320. Heimaréttin er sambyggð túngarði 002, horft í suður.



Mynd 321. Túngarður 002, horft í NNV. Bæjarstæði 001 er hér um bil fyrir miðri mynd.


stendur hann mjög vel. Upp við túngarðinn, norðan megin á móti bæjarstæði 001, er sporöskjulaga hleðsla sem gengur út úr garðinum. Sennilega hefur það verið einhvers konar rétt. Hún er 9 metrar á lengd og 6 metrar á breidd og er nokkuð heilleg. Það er op á henni austan megin og hún er full af járnarusli. Túngarðurinn er best varðveittur austanmegin en hann er þó alltaf vel sýnilegur. Vestast sjást þó aðeins um tvö umför af hleðslum. Vestan við túngarðinn er Heimaréttin. Heimaréttin er nánast áföst túngarðinum og líklega hluti af honum. Hún er um 20x15 m, einföld, og sjást op eða rof á tveimur stöðum: Annars vegar við norðvesturhornið og þar liggur vegslóði ofan í réttina og hitt við suðaustur hornið. Þar sem réttin er hæst eru hleðslur um 2 m á hæð og um 1 m á breidd. Norðurhlið hennar er nokkuð hrunin og það gæti verið vegna þess að norðan við réttina, alveg upp við hana, stendur gamla veiðihúsið Stakkahlíð sem er í niðurníðslu. Réttin er algróin að innan. Kálgarðar eru samfastir túngarði að vestanverðu en þeir fá hér sérnúmer, sjá 029.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Stakkavík a, 1

ÁR-561:003 *Vörin* heimild lending 6352.300N 2144.581V


Mynd 322. Vörin 003, horft í suðaustur.

"Dalurinn er hvammur vestan til við húsið. Vörin liggur undan Dalnum. Bryggjan liggur þar fram í vatnið," segir í örnefnalýsingu. Um 55 m vestan við bæjarhól 001 eru leifar af bryggju niður við Hlíðarvatn. Hvammurinn er við vesturenda túngarðsins 002. Hvammurinn er grasi gróinn og nokkuð sléttur og alveg gróinn niður að vatnsborðinu. Túngarður 002 er fyrir norðurenda hvammsins.
Í vörinni virðast vera leifar af bryggju, grjótdreif sem nær út í vatnið, en engar aðrar mannvistarleifar eru sjáanlegar. Samkvæmt Eggerti Kristmundssyni voru hleðslur í vörinni til að auðvelda bátunum að leggja að.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Stakkavík a, 1

ÁR-561:004 tóft útihús 6352.307N 2144.592V



"Tættur standa á hrauninu ofan Dalsins, og eru þar lambhús, hesthús og Heimaréttin [sjá 002]," segir í örnefnalýsingu. Um 70 m vestur af bæjarstæði 001 eru tvær tóftir. Þær standa sunnan við túngarðinn og Heimaréttina, nær Hlíðarvatni og eru því í túninu. Um 4 m eru á milli þeirra og er tóft 004 vestar. Samkvæmt Eggerti Kristmundssyni hurfu lambhús og hesthús undir veiðihúsið eldra í Stakkavík (sjá 010) og því eru þessar tóftir sennilega af öðrum húsum. Hraunið er grasi gróið og lílega hefur verið sléttað úr því eða rutt á þessum stað, það er í heimatúninu. Smá brekka er fyrir framan útihúsið sem liggur niður að vatninu.
Tóftin er um 4x4 m að stærð, einföld og mesta hæð hennar er um 1,5 m. Breidd veggjanna er um 1 m. Veggirnir eru nokkuð heillegir fyrir utan suðurvegginn sem er ekki til staðar. Líklega hefur verið timburþil á tóftinni þar. Norðausturhorn tóftarinnar er aðeins farið að hrynja út á


Mynd 323. Útihústóft 004, horft í norður. Veiðihús í baksýn.

við. Tóftin er grasi og mosa gróin og algróin að innan fyrir utan nokkra steina sem eru þar í botni tóftarinnar. Þeir koma ef til vill úr þaki hennar. Steinarnir í hleðslunni eru sumir nokkuð stórir.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Stakkavík a, 1

ÁR-561:005 *Gálgaklettar* örnefni aftökustaður 6352.333N 2144.739V
"Á vinstri hönd við [Stakkavíkur]götuna eru klettar tveir, kallaðir Gálgaklettar," segir í örnefnalýsingu. "Gálgaklettar. Hefi ekki heyrt neina sögn um þá," segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Gálgaklettar eru tveir hraunklettar um 210 m suðvestur af bæjarstæði 001 í hraunjaðrinum ofan við Hlíðarvatn. Þeir eru rúma 50 m beint í norður frá rúst 030 sem er á tanga úti í Hlíðarvatni. Hraunið er allt um kring, gróið og óslétt. Klettarnir eru fremst á hraunjaðrinum og sjást nokkuð vel. Engar minjar sjást á staðnum. Hraunklettarnir eru um 2 m á hæð og nokkuð þunnir og flatir. Upp á þeim sem er austar er hundaþúfa. Á milli klettanna er um 1 m breitt bil.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Stakkavík a, 1; Ö-Stakkavík b, 1


Mynd 324. Gálgaklettar 005, horft í suður.

ÁR-561:006 *Stakkavíkurstígur* gata leið 6352.319N 2144.251V
"Stakkavíkurstígur lá heiman frá húsi, austur yfir hraunið að Botnaviki, um Flötina upp um Lyngskjöld í Selstíg. Stígur þessi var kaupstaðarleið Stakkvíkinga til Hafnarfjarðar og Reykjavíkur," segir í örnefnalýsingu. Um 220 m norðaustur af bæjarstæði 001 má greina stíg. Hann liggur gengum hraunið upp að staðnum þar sem nýja veiðihúsið Stakkavík er. Hann virðist vera töluvert niðurgrafinn. Þessi leið var einnig nefnd ýmist Stakkavíkurvegur, Selstígur (þá á leið í selið 026/027) eða Selskarðsstígur, enda lá hann um Selskarð í fjallinu fyrir ofan bæ: "Austar en [Nátthagastígur] er svo Selskarð, og þar um liggur Selskarðsstígur og síðar norður fjallið." Í örnefnaskrá fyrir Selvogsafrétt segir um þessa leið: "Milli Selvogs og Hafnarfjarðar var níu til tíu tíma gangur með lest; mátti ríða leiðina á fjórum tímum, ef nýbúið var að ryðja, en til þess varð að halda vel áfram."

Mosagróið og úfið hraun. Réttarnefið 038 er austan við og Fjárborgin 021 er norðan við. Stígurinn er ekki mjög greinilegur við túnið. Ef til vill er hann nýrri og tengist veiðimönnunum en hann er trúlega þó á svipuðum stað og sá eldri samkvæmt lýsingunni. Í framhaldinu lá síðan Selstígur upp fjallið, austan við hraunfossinn sem er í fjallinu beint ofan við bæ. Þar sést greinileg gata í sneiðing upp bratta brekkuna í sikk sakk og gæti það vel verið Selstígurinn gamli. Þegar upp á fjallsbrún er komið sést girðing þvert á leiðina en yfir hana er búið að smíða stiga. Í framhaldinu má síðan nokkuð auðveldlega rekja Selstíginn við hraunjaðarinn. Þetta er víðast hvar einföld gata, dálítið niðurgrafin sumstaðar en allvel gróin. Ekki er að sjá að hún hafi verið rudd eða vörðuð á þessu svæði. Norðar lá leiðin m.a. um Grindaskörð og mun þar vörðuð svonefndum Skarðahraunsvörðum. Ekki var farið svo langt á vettvangi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Stakkavík a, 1 og 8; Ö-Selvogsafrétt, 2


ÁR-561:007 *Mölvíkurvarir* heimild lending 6351.891N 2146.817V
"Þá voru hraundrangar þar austur af, síðan tók við vík allbreið, kölluð Mölvík, með Mölvíkurkampi. Austast í henni voru klappir, og var þar kallað Varir eða Mölvíkurvarir," segir í örnefnalýsingu. Varirnar eru austast í Mölvík, um 2 km VSV af Stakkavíkurbænum 001.
Klappir ganga í sjó fram en vestar er Mölvíkin með gríðarmagni af upphlöðnu, lábörðu sjávargrjóti á kampinum. Engar minjar sjást við varirnar. Eggert Kristmundsson (f. 1919) telur að Færeyingar hafi lent hér til að sækja ís og snjó (væntanlega til að frysta beitu/afla) en það var fyrir hans tíð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Stakkavík a, 2

ÁR-561:008 *Mölvíkurbúð* tóftir sjóbúð 6352.008N 2147.112V



Mynd 325. Mölvíkurbúð í forgrunni, horft í suður.

"Búðarrúst er austur af Tjörninni, Mölvíkurbúð, frá þeim tímum er útræði var úr Mölvíkurvörum; þar er og Mölvíkurfiskabyrgi." Mölvík er um 2,2 km vestur af bæjarstæði 001, niður við sjóinn og er þá komið nálægt merkjum móti Herdísarvík. Farið er niður afleggjara nánast mitt á milli Stakkavíkur og Herdísarvíkur. Hann er ekki mjög greinilegur og breytist í göngustíg þegar nær dregur sjónum. Göngustígurinn liggur niður að Mölvíkurtjörn og rústin er austan megin við hana, uppi á smá hraunkambi. Víkin skerst ekki mikið inn í landið en sker sig úr, því þar eru ógrynni af "möl" eða lábörðu sjávargrjóti sem hefur hlaðist upp á sjávarkampinum og gengið langt upp á land. Úfið hraunið og sjávarkampur mætast uppaf víkinni svo að þar er næstum ekkert undirlendi. Töluvert er af rekavið upp af víkinni.



Tóftin, sem sennilega er af sjóbúð, er gróin en sæmilega greinileg, ferköntuð og um 7 x 5 m stór N-S, opin í suður. Rekaviður hefur kastast upp að henni þótt 150-200 m séu í sjóinn þegar þetta er ritað. Austurveggur er sérstaklega greinilegur en norðurgafl að mestu myndaður úr náttúrulegum klettum. Vesturhlið er fremur máð og ógreinileg. Mikill rekaviður og annað rusl er í dældum bæði vestan og austan við tóftina. Ekki er óhugsandi að annað hólf hafi verið að vestanverðu en lent undir spýtnabraki. Um 15 m vestar er ólöguleg rúst sem gæti verið umrætt Mölvíkurbyrgi. Vafamál er raunar hvort hún getur verið manngerð að öllu leyti því sumt grjótið er risavaxið. Ekki sjást eiginlegar hleðslur en þó hlýtur mannshöndin að hafa komið nærri, enda er rústin of regluleg til að geta verið náttúrumyndun. Hún er 6-7 m í þvermál, hrúgaldsleg og sporöskjulaga en þó eyða í miðju. Dyr sjást ekki. Alls er rústasvæðið þá um 27 x 10 m stórt frá austri til vesturs.

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Stakkavík a, 2

ÁR-561:009 heimild sjóbúð 6351.956N 2146.835V

Í lýsingu á fiskimiðum úti fyrir Selvogi segir: "Tangar eru fyrir vestan Draugagjá. Þar hefur líklega verið góð lending, og þar sjást búðatóftir, en sumar hafa farið á kaf í hraun. Þar fyrir vestan tekur Mölvík við." Hér virðist átt við svæðið upp af Mölvíkurvörum, sjá 007. Hraun og sjávarkampur með miklu, upphlöðnu grjóti mætast á þessum slóðum og því er undirlendi næstum ekkert. Gengið var um svæðið en engar tóftir fundust aðrar en Mölvíkurbúð/Mölvíkurbyrgi, sjá 008. Ekki er útilokað að þær hafi farið undir hraun, sjávarkamp eða rekavið og annað rusl sem mikið er af upp af Mölvík.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fiskimið, 3

ÁR-561:010 heimild útihús 6352.323N 2144.610V

"Tættur standa á hrauninu ofan Dalsins og eru þar lambhús, hesthús og heimaréttin," segir í örnefnalýsingu. Nú stendur gamla veiðihúsið Stakkavík á staðnum, þar sem áður voru rústir lambhúss og hesthúss. Gróið hraunið er allt um kring nema sunnan megin en þar er Heimaréttin 002. Vegur liggur að veiðihúsinu úr vestri. Engar leifar sjást af rústunum, enda er búið að byggja ofan á þær.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Stakkavík a, 1;

ÁR-561:011 *Alfaraleið* gata leið 6351.943N 2146.018V

"Milli sjávar og Hlíðarvatns, þar vestur af, liggur klapparhraun mikið og slétt, kallast Hellur. Um Hellur liggja gamlar reiðgötur, enda var þarna um hinn gamla alfaraveg að ræða... Gata þessi er ekki eins glögg og hin neðri, en aftur á móti er hún vörðuð Helluvörðum allt austur á Víðisand," segir í örnefnalýsingu Stakkavíkur. Til er önnur lýsing sem segir frá ýmsum leiðum í nágrenni við Selvog. Þar er þessi leið kölluð Alfaraleið. Hún lá frá Vogsósum, yfir Ósinn á Vogsósavaði og síðan um Víðisand. Þar sem honum sleppir var farið um Hellur svonefndar og var þá hægt að fara bæði efri og neðri leið, og var sú neðri talin eldri, enda sennilega torfær í seinni tíð. Hún hverfur nánast í hraun skammt austan við Mölvík en sú efri stefnir meira í norðaustur, fyrst yfir fremur slétt hraun en svo um troðning yfir yngra hraun sem stundum er kallað Bruninn. Þá taka við Mölvíkurklappir, beint upp af Mölvík en vestan við þær er komið yfir í Herdísarvíkurland. Sá hluti leiðarinnar sem var skráður á vettvangi er vestan við Víðasand, Hellurnar svonefndu og einnig Mölvíkurklappir. Í Hellunum sjást bæði merki um efri og neðri leiðina.



Mynd 326. Alfaraleið (Neðri leið) sést sem rás í hrauninu. Horft í VNV.



Mynd 328. Efri leið liggur m.a. um Mölvíkurklappir. Þjóðvegurinn er skammt ofan við, horft í vestur.



Mynd 327. Vegur hefur verið ruddur gegnum Brunann austan við Mölvíkurklappir. Horft í austur.

Leiðin liggur um fremur slétt helluhraun. Bílfær vegur liggur niður til suðurs rúmlega 1 km vestur af Stakkavíkurtúni. Þegar komið er nálægt sjávarkampinum eru Hellurnar á vinstri hönd og sjást götur í þeim fast við veginn, í stefnu á tvö vörðubrot. Þetta er efri leiðin. Hún er fremur óljós í fyrstu en sést þó sem stígur í helluhrauninu. Þegar nær dregur vörðunum verður hún skýrari en verður aftur óljós á kafla á milli þeirra en fjarlægð milli varða er um 120 m. Annars er hægt að rekja þennan stíg um 400 m til VNV. Má ætla að það hafi þurft talsverða umferð járnaðra hesta til að slíta hrauninu svo mjög, enda lítur gatan helst út fyrir að hafa verið meitluð í hraunið með verkfærum, víðast um 30 cm breið og allt að 5-7 cm djúp. Um 400 m VNV af upptökum verður gatan ógreinileg en aftur sést stígur í grónu landi uppundir Brunanum og virðist hafa legið meðfram honum til norðurs, vestan við upphlaðinn vegarspotta 039. Skammt norðar sveigir svo gatan nánast beint í vestur, um troðning gegnum Brunann sem hlýtur að hafa verið ruddur því hraunið er annars úfið mjög. Troðningur þessi er 2-3 m breiður, gróinn í botni en nokkuð hlykkjóttur. Bruninn er sennilega um 400 m breiður en þar sem honum sleppir tekur aftur við eldra helluhraun, Mölvíkurklappir. Þar sést aftur gata í hrauninu og er hún mjög greinileg á 30-40 m kafla en fjarar út heldur vestar en um miðjar klappir. Er þá komið út undir merki móti Herdísarvík. Þar tekur aftur við yngra hraun og úfnara og sést þar troðningur í átt að Herdísarvíkurbænum. Þá er komið að neðri leiðinni um Hellur. Hún sést

um 150 m suðvestan við vestari vörðuna á efri leiðinni og þaðan má rekja hana rúma 500 m til vesturs, ofan í kvos sem liggur A-V ofan við sjávarkamp. Þessi gata er víðast hvar dýpri og greinilegri en efri leiðin og allt að 10-15 cm djúp þar sem mest er. Í kvosinni er mikið af rekavið og rusli sem sjór hefur borið á land. Þar sem henni sleppir er gatan orðin ógreinileg en þó má sjá grunnan stíg sem liggur áfram til vesturs nokkurn spöl, uns komið er að úfnu hrauni sem er ekki greiðfært nema varkárum göngumönnum og sennilega alveg ófært hrossum. Þá hefur götunum um Hellur verið lýst. Leiðir voru ekki raktar á vettvangi á Víðasandi. Þess má geta að póstvegurinn í átt að Strönd hefur væntanlega fylgt þessari leið, þá hinni efri, en ekki sáust þó vörður við hana nema þær tvær sem áður var getið og eru suðvestan við Hlíðarvatn. Póstvegurinn lá þó ekki yfir Ósinn á Vogsósavaði Ár-559:006 heldur Eysteinsvaði Ár-559:015 sem er töluvert neðar. Póstvegurinn er skráður nr. Ár-559:024. Þess má geta að þegar komið hefur verið yfir Brunann á austurleið virðist slóð hafa legið áfram beint í austur, heim að Stakkavík.



Mynd 329. Gatan er mjög djúp á köflum (Neðri leið), hér allt að 10-15 cm. Horft í VNV.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stakkavík a, 3, 4; Ö-Stakkavíkur-, Herdísarvíkur-, Hlíðarvegur og Alfaraleið, 3-4

ÁR-561:012 *Vaðið* örnefni vað 6352.026N 2144.706V

"Innar, það er norðar [en Flathólmi], er svo tangi, sem kallast Vaðið, en milli Vaðs og Flatatanga er vik inn og heitir Vaðvik; þar hefur stígur eða gata legið upp," segir í örnefnalýsingu. Þórarinn Snorrason í Vogsósum telur að Vaðið sé dálítill tangi sem gengur norður í Hlíðarvatn hér um bil gegnt Stakkavíkurbænum.

Gróinn tangi sem gengur fram í vatnið. Sennilegt er að menn hafi stytt sér leið þarna yfir vatnið til að þurfa ekki að krækja vestur fyrir vatn, jafnvel þegar það var grynnra en nú er. Á loftmynd sést að grynningar eru í vatninu á svæðinu milli tangans og Stakkavíkurtúns. Fjarlægðin yfir er rúmir 400 m. Þess má geta að í svörum Eggerts Kristmundssonar við spurningum Örnefnastofnunar 1982 segir: "Guðrúnartangi [líka nefndur Gunnutangi] er vestan við Guðrúnarvik. Nöfn þessu urðu þannig til, að eitt sinn stóð þar kona nokkur að nafni Guðrún Guðmundsdóttir frá Þórðargerði í Selvogi. Stóð hún þarna á tanganum hóaði, gólaði og kallaði. Var hún að biðja Kristmund Þorlákssson, að ferja sig yfir að Stakkavík, sem hann og gerði." Þetta gæti bent til að hefð hafi verið fyrir því að stytta sér leið yfir vatnið á þessum slóðum, enda er Guðrúnartangi skammt frá Vaðinu ef marka má örnefnalýsingu. Þó kemur Eggert ennfremur með tilgátu: "Vaðið mun upphaflega hafa verið á milli gamla bæjarins og aðaltúnsins; þar hafði verið vatnslæna, sem vaða varð yfir."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stakkavík a, 4; Ö-Stakkavík b, 2

ÁR-561:013 *Nátthagi* heimild nátthaga 6352.480N 2145.513V

"Vestar og uppi undir fjallsrótunum eru ýmis örnefni, eins og Stóriskógur og þar austur af Flatiskógur. Náði hann allt austur að Nátthaga, sem aftur á móti liggur allt að Háahrauni," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir Eggert Kristmundsson: "Nátthagi ekki notaður í tíð núlifandi manna. Ekki sést fyrir görðum. Nátthagaskarð er upp af Nátthaga." Nátthagi hefur verið um 900 m NNV af yngsta Stakkavíkurbænum 001. Þar liggur nú bílslóði til norðurs frá þjóðvegi í litla kvos undir hraunbrúninni sem virðist vinsæll áningarstaður ferðamanna.

Nokkuð sléttar flatir vestan undir hárri hraunbrún. Vestar er lágt kjarr.

Ekki sjást merki um hleðslur eða önnur mannvirki á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stakkavík a, 4; Ö-Stakkavík b, 3

ÁR-561:014 *Bæjarhólmi* heimild bústaður 6352.192N 2144.582V

"Á þessu vatnsviki (?), sem nú er Gamlatúnið eru þrír hólmar, Hólmarnir. Fyrst er Hólminn syðsti, sem einnig kallast Bæjarhólmi, því þar stóð Stakkavíkurbærinn gamli í eina tíð," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar er eftirfarandi haft eftir Eggerti Kristmundssyni: "Faðir móður minnar, Láru Sch. Gísladóttir, bjó lengst af sínum búskap í Selvogi, síðast allmörg ár í Stakkavík. Síðan bjó móðir mín ásamt manni sínum, Kristmundi Þorlákssyni, í Stakkavík í 28 ár, flutti þaðan 1942. Hún telur, að það muni vera 160-170 ár, síðan gamla túnið fór undir vatn. Í grein Brynjúlfs Jónssonar um fornleifar í Árnessþingi 1902 segir: "Selvogur hefur, eins og kunnugt er, orðið fyrir miklum sandágangi, bæði að austan og vestan. Að vestan hefir sandurinn borizt með útsynningum utan af Víðasandi, austur yfir Ósinn. Og um leið hefir hann grynt ósinn og við það hækkað vatnið í Hlíðarvatni, svo það hefir brotið burt gamla túnið í Stakkavík, sem var fyrir neðan brekkuna. Stóð bærinn þar fram yfir 1850. Nú er rúst hans lítill hólmi." Nokkrir hólmar eru úti í vatninu sunnan við bæ og mun Bæjarhólmi vera einn þeirra þótt ekki hafi hann verið staðsettur nákvæmlega á vettvangi. Ekki var farið út í neinn hólmanna en frá landi séð virðist enginn þeirra líklegri en annar fyrir bæjarstæði, þ.e. alls engar rústir sjást eða áberandi rústahólar.



Mynd 330. Hólmar sunnan við túnið í Stakkavík, sennilega er einn þeirra Bæjarhólmi. Horft í suður.

Allir hólmarnir eru vel grónir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stakkavík a, 5; ;Ö-Stakkavík b, 2; BJ 1903, 50-51

ÁR-561:015 *Gamlavörin* heimild lending 6352.295N 2144.407V

"Austan við tangann, sem húsið stendur á, var lítið vik og þar í Gamlavörin," segir í örnefnalýsingu. Gamlavörin hefur verið um 90 m suðaustur af bæjarstæði 001, við austurenda heimatúnsins og túngarðsins 002.

Lítil vík, grasi og mosa gróin. Hlíðarvatn er sunnanmegin en annars er hraun allt um kring. Hraunið er gróið og úfið. Engin merki sjást um mannvirki á þessum stað, nema Naustið 016.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stakkavík a, 5


ÁR-561:016 *Naustið* tóft naust 6352.301N 2144.409V

"Austan við tangann, sem húsið stendur á, var lítið vik og þar í Gamlavörin [015]. Ofanvert við hana var smábyrgi, kallað Naustið. Þar hafði bátur verið geymdur," segir í örnefnalýsingu.

Naustið er um 90 m suðaustur af bæjarstæði 001, við austurenda heimatúnsins og túngarðsins 002 í lítilli vík, um 6 m frá vatnsborðinu eins og það er nú.



Mynd 331. Naust 016, horft í norður.




Víkin er grasi og mosa gróin. Hlíðarvatn er sunnan megin en annars er hraun allt um kring. Hraunið er gróið og úfið Naustið er 11x4 m stórt frá norðri til suðurs með op út að Hlíðarvatni, til suðurs. Naustrústin er einföld, mjókkar til norðurs og þar er breiddin 3 m. Veggirnir eru um 1 m á breidd og 0,5 m á hæð. Rústin er töluvert gróin mosa og grasi. Grjótið í hleðslunni eru nokkuð stórt og rústin er grasi gróin að innan eins og öll víkin. Veggirnir hafa haldið sér nokkuð vel en norðurveggurinn virðist standa best.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Stakkavík a, 5

ÁR-561:017 *Stöðulnef* örnefni kvíar 6352.310N 2144.186V
"Stöðulnef var gengt tanganum...," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir Eggert Kristmundsson: "Stöðulnefið. Ekki veit ég, hvort stöðull hefur verið á því, ekki heldur hvort kýr eða ær hafi verið mjólkaðar þar eða annars staðar. Hafi fráfærur verið í Stakkavík, þá veit ég ekki, hvenær þær hafa verið lagðar niður." Um 280 m norðaustan við bæjarstæði 001 á nesi sem gengur út í Hlíðarvatn. Réttarnefið 038 er austan við og nesið sem bæjarstæði 001 er á vestanmegin. Nýja veiðihúsið Stakkavík er norðaustan við nefið.
Hraunið er mosa og grasi gróið og úfið. Það nær alveg fram að vatnsborði Hlíðarvatns.
Engar minjar sjást á staðnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Stakkavík a, 5; Ö-Stakkavík b, 3

ÁR-561:018 *Gamlistígur* heimild leið
"Stöðulnef [017] var gengt tanganum, og þar mátti sjá stíg er lá niður í vatnið, Gamlastíg," segir í örnefnalýsingu. Ekki sést glöggur stígur á þessum slóðum nú en hafi hann legið út í vatnið má gera því skóna að hann hafi legið um Gamlatún [sjá 014] sem nú er komið undir vatn.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Stakkavík a, 5

ÁR-561:019 *Vatnsgarður* heimild varnargarður
"Úti í vatninu mátti sjá móta fyrir garðlagi, sem kallast Vatnsgarður, ef til vill verið túngarður Gamlatúns [014] eða varnargarður fyrir ágangi vatnsins," segir í örnefnalýsingu. Ekki sáust leifar af þessum garði á vettvangi og gæti hann verið alveg horfinn vegna vatnagangs.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Stakkavík a, 5

ÁR-561:020 *Gamlaréttin* tóft rétt 6352.369N 2143.956V
"Austur af Stöðulnefi [017] var svo Réttarnes og þar á Gamlaréttin, og sést þar móta fyrir veggjum," segir í örnefnalýsingu. Réttin er um 480 m suðaustan við bæjarstæði 001 á nesi sem gengur út í Hlíðarvatn, austan við




Mynd 332. Gamlaréttin 020, horft í vestur.

nýja veiðihúsið Stakkavík. Nesið er grasi vaxið og nokkuð slétt. Yfir það, um 40 m vestar, liggur garðlag 038.

Réttin er einföld, 16 x 8 m á stærð og snýr austur-vestur, með lítið op norðarlega á vesturhlið. Hún mjókkar til vesturs og þar er breiddin ekki nema 6 m. Mesta breidd veggja er 1 m og mesta hæð um 1,2 m. Veggirnir eru aðeins farnir að hrynja en standa þó nokkuð vel, sérstaklega norður- og austurveggur. Réttin stendur alveg fram á hraunbakkanum við vatnið og brekka er niður að vatninu. Réttin er gróin að innan og land er þar mjög slétt.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Stakkavík a, 5

ÁR-561:021 *Fjárborgin* tóft+garðlag fjárskýli 6352.469N 2144.502V
"Þegar kom upp á Háahraun, var þar fyrst fyrir neðan þjóðveginn Fjárborgin..," segir í örnefnalýsingu. "Fjárborgin stendur enn," segir í svörum við spurningum Örnefnstofnunar. Fjárborgin er um 330 m norður af bæjarstæði 001 og um 150 m vestan frá vegi sem liggur frá þjóðveginum niður að nýrra veiðihúsinu sem heitir Stakkavík. Hraunið er mjög mikið gróið nosa, lyngi og kjarri. Það er þó töluvert úfið. Fjárborgin stendur upp á smá hæð og er nokkuð greinileg frá veginum. Fjárborgin er 11 m í þvermál og nánast hringlaga. Veggir hennar eru um 1,5 m á breidd en vegghæðin um 1,7 m og mest 8 umför af hleðslum. Hún er mjög vel hlaðin og lítið farin að hrynja. Steinarnir í hleðslunni eru miðlungsstórir og svolítið mosagrónir. Hleðslan er mjög falleg og heilleg. Hlaðið gerði er við borgina að sunnan og vestanverðu, alls um 40 x 30 m stórt frá austri til vesturs. Veggjabreiddin er mest um 1,2 m og hæðin um 1,1 m. Veggurinn er vel hlaðinn og ekki mikið farinn að hrynja. Hann er mosavaxinn og steinarnir eru miðlungsstórir í hleðslunni. Svæðið innan í er grasi gróið og nokkuð þýft. Borið var á túnið og það slegið samkvæmt Eggerti Kristmundssyni. Fjárborgin var hlaðin langt fyrir hans minni en hugsanlega er gerðið yngra.


Mynd 333. Fjárborgin 021, horft í vestur.




Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Stakkavík a, 5; Ö-Stakkavík b, 4

ÁR-561:022 *Álfakirkja* örnefni 6352.468N 2144.474V
"Þegar kom upp á Háahraun, var þar fyrst fyrir neðan þjóðveginn Fjárborgin [021] og litlu austar Álfakirkja, hóll mikill og sérkennilegur...," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnstofnunar um kirkjuna segir: "Álfakirkja.... Hefi ekki heyrt neinar sagnir um hana frá gamalli tíð. En þá er við bræður vorum ungir strákar, þá var það, að Gísli bróðir minn tók sig til og smíðaði kross úr tré og reisti hann á Álfakirkjunni. Nóttina á eftir dreymdi Gísla, að hann væri staddur úti. Sá hann þá stóran hóp af fólki. Bar þar mest á einum manni, sem hafði höfuð og herðar yfir hitt fólkið. Kemur hann til Gísla og segir við hann, [að] ef hann eigi framar við kirkjuna, þá verði hann drepinn. Krossinn var því fjarlægður. Síðan hefir Gísli ekki orðið var við neitt, hvorki í vöku né svefni, í sambandi við Álfakirkjuna." Álfakirkja er um 330 m norður af bæjarstæði 001 og rúma 100 m vestur af veginum sem liggur niður að nýrra veiðihúsinu sem heitir Stakkavík. Hraunið er gróið mosa og lyngi og mjög óslétt. Um 20 m vestar er Fjárborgin 021. Hóllinn er að mestu gróinn mosa, lyngi og kjarri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Stakkavík a, 7; Ö-Stakkavík b, 4

ÁR-561:023 tóft beitarhús 6352.587N 2143.733V



Mynd 334. Beitarhúsatóft 023, horft í suður. Hlíðarvatn í baksýn.




"Þá kom lægð í hraunið upp af Botnaviki, er hét Flöt. Þá komu Höfðar, og þar voru fjárhúsin, lágu upp frá Austurnesi," segir í örnefnalýsingu. Fjárhústóftin er um 850 m norðaustur af bæjarstæði 001 og um 100 m suður af þjóðveginum. Hún er uppi á miðjum Höfðanum, nánast beint í norður frá syðsta tanga Austurness. Tóftin sést frá þjóðveginum. Svæðið er þakið hrauni sem er gróið kjarri, lyngi og mosa. Smá grasblettur er í kringum tóftina, sérstaklega sunnan megin. Tóftin er 14 x 8 m á stærð, einföld og snýr N-S. Hún er mikið gróin og þá sérstaklega að utanverðu. Að innan sést töluvert í hleðsluna sem er að hrynja. Mesta hæð veggja er 1,2 m og mesta breidd veggja um 1,5 m. Um 1 m breitt op er á fjárhúsinu á suðurveggnum. Tóftin er mosa og grasi gróin að innan. Ekki sjást merki um garða, jötur eða hlöðu.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Stakkavík a, 7

ÁR-561:024 tóftir óþekkt 6353.533N 2143.720V



Tvær tóftir eru 50-60 m VSV af tóftum Stakkavíkursels yngra 026.

Allvel grónir hraunhólar, mikill mosi.

Báðar tóftirnar eru grjóthlaðnar og gæti sú eystri verði eldri því meiri mosi er þar í hleðslum. Það er alls ekki augljóst að þær standi í beinu sambandi við selið en mögulega tengjast þær seinni tíma starfsemi, e.t.v. refaveiðum. Eystri tóftin, A, er um 4 x 2 m stór frá austri til vesturs, opin í vesturátt. Hún líkist meira upphlöðnum stalli en eiginlegu húsi, enda sléttfull af mosa þannig að næstum sést eingöngu í ytra byrði á hleðslum. Mest sjást 2-3 umför, hæð um 0,4 m. Hin tóftin, B, er um 20 m vestar en á milli A og B er vörðurúst. B er um 3 x 3 m að stærð, grjóthlaðin og snúa dyr í norður. Veggjahleðslur eru ekki mjög vandaðar, 3-4 umför og 0,5 m á hæð mest.

Hættumat: engin hætta




Mynd 335. Tóft 024A, horft í austur og tóft 024B, horft í suður.

ÁR-561:025 *Nátthagastígur* heimild leið 6352.666N 2145.365V
"Vestan til við hraunfossinn liggur svo Nátthagastígur upp á fjallið," segir í örnefnalýsingu. Náttahagastígur hefur legið upp fjallshlíðina fyrir ofan Nátthaga 013. Þar er uppgengt á fjallið vestan við hraunfoss sem flætt hefur fram af fjallinu. Stakkavíkurvegur/Stakkavíkurstígur 006 liggur upp austan við sama foss. Kverkin þar sem stígurinn hefur legið er að mestu gróin og sést ekki móta fyrir greinilegum stíg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Stakkavík a, 8

ÁR-561:026 *Stakkavíkursel* tóftir sel 6353.542N 2143.639V
Í Jarðabók Árna og Páls segir frá selstöðu frá Stakkavík: "Selstöðu á jörðin yfrið erfiða, so valla er hestum fært á fjöll upp, þarf og vatn til að flytja, nema votviðri gangi því meiri, og er hún fyrir þessara ókosta sakir í margt ár ekki brúkuð." "Selstígur heitir upp á fjallinu; liggur hann í Stakkavíkursel, sem er þar norðar á fjallinu," segir í örnefnalýsingu. Selrústir eru uppi á fjallinu, um 300 m austan við Stakkavíkurveg og um 2,4 km NNA af bæjarhól 001. Farið er upp á fjallið eftir Selskarðsstíg eða Stakkavíkurvegi 006 sem er austan við hraunfossinn beint upp af Stakkavíkurtúni. Þegar komið er upp á fjallið er haldið í norður og eftir um 15-20 mínútna gang sést stór varða í norðaustri. Tóftirnar eru 60-70 m suðvestan við hana. Þýfð kvos milli hraunhóla. Ekkert vatnsból er sjáanlegt í nágrenninu.



Mynd 336. Hellir A í Stakkavíkurseli, horft í suður.


Mynd 337. Tóft 026B í Stakkavíkurseli, horft í norðvestur.



Alls er rústasvæðið um 20 x 16 m stórt frá norðri til suðurs. Á miðju svæðinu er lítill hellir í hraunhól og tóftir bæði norðan, norðaustan og vestan við hann. Hellirinn sjálfur, A, er tæplega manngengur, u.þ.b. 10 x 6 m stór frá austri til vesturs og bogadreginn. Hellismunninn snýr í norður. Ekki sjást hleðslur inni í honum en hellisgólfið er grýtt. Framan við hellismunnann að vestan er grjóthlaðin, einföld tóft B, um 7 x 3 m stór og snýr N-S, með op í suður upp við hraunhólinn. Líklegt er að þetta hafi verið kvíar eða einhverskonar aðhald. Töluvert grjót sést í veggjum sem þó eru alveg hrundir og grónir að miklu leyti, mest um 0,3 m háir. Litlar tóftaþyrpingar eru bæði suðvestan og norðaustan við hraunhólinn. Sú fyrrnefnda, C, er fast sunnan við tóft B. Hún er tvískipt með veglegum veggjum sem eru allt að 0,8 m háir, alls um 10 x 6 m stór frá norðri til suðurs. Hólfin eru ámóta stór og liggja heldur skáhállt hvort á annað þannig að milli þeirra að vestan myndast smávinkill. Syðra hólfið snýr þannig SV-NA, með op í SA en hið nyrðra snýr SA-NV og er opið

í SA-átt. Veggir tóftarinnar eru algrónir og hafa haldið lagi sínu ágætlega. Að lokum er tóft D norðaustan við hólinn og beint austan við tóft B. Hún virðist einnig vera tvískipt, alls um 7 x 5 m stór A-V. Eystra hólfið er þó mun greinilegra, 5 x 3 m stórt N-S og er op á miðjum austurvegg, hleðsluhæð mest um 0,5 m. Vestara hólfið er sigið og ógreinilegt en virðist þó hafa haft op að sunnanverðu. Grjóthleðsla sem er mjög úr lagi gengin er utan í henni að vestan en að öðru leyti sér ekki í grjót í þessum rústum. Ómar Smári Ármannsson hefur skoðað þessar selrústir og nefnir þær Stakkavíkursel yngra. Samkvæmt honum eru aðrar selrústir suðvestar, sjá 027.



Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM II, 466; Ö-Stakkavík b,5; Ómar Smári Ármannsson 2007, 160-161

ÁR-561:027 tóftir sel 6553.483N 2144.004V

Samkvæmt Ómari Smára Ármannssyni eru seltóftir við Stakkavíkurveg, rúma 300 m vestsuðvestur af Stakkavíkurseli 026. Ekki var farið á staðinn á vettvangi. Í BA-ritgerð Ómars um selstöður á Reykjanesskaga segir: "Þegar komið var áleiðis upp í selið frá Brekkunum sást í fallegan gamlan stekk utan í þeim og tóftir skammt neðar, rétt við Stakkavíkurselsstíginn. Tóftirnar eru nær grónar og að mestu jarðlægar. Stekkurinn sést þó vel í hlíðinni. Sel þetta verður nefnt Stakkavíkurselið eldra." Nánari lýsing eða uppdráttur er ekki til af tóftunum og ekki ljóst hvað þær eru margar eða hvernig þær líta út.

Heimildir: Ö-Stakkavík a, 8; Ómar Smári Ármannsson 2007, 160-161



Mynd 338. Tóft 028, horft í norðvestur.

ÁR-561:028 tóft útihús

Um 60 m vestur af bæjarstæði 001 eru tvær tóftir. Þær eru sunnan við túngarðinn og heimaréttina 002, nær Hlíðarvatni. Um 4 m eru á milli þeirra og sú tóft sem hér er skráð er austar. Þær eru sunnan við túngarðinn 002 og suðaustan við Heimaréttina, nær Hlíðarvatni. Hraunið er grasi gróið og líklega er búið að slétta töluvert úr því á þessum stað, það er í heimatúninu. Rétt austar er lítil vík, Dalurinn. Tóftin er um 4,5x4 m á stærð, einföld og mesta hæð veggja er 1,6 m og en veggjabreidd um 1,5 m. Veggir eru grjóthlaðnir og einnig hefur verið steypt á milli steinanna. Þakið hefur að hluta til hrunið ofan í tóftina og í það hefur verið notað bárujárn. Op er á tóftinni á austurhliðinni miðri um 0,7 m breitt. Tóftin er mikið gróin en á nokkrum stöðum sést í hleðsluna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Ár-561:029 garðlag kálgarður 6352.312N 2144.613V

Um 90 m vestan við bæjarstæði 001, nánast fast við heimaréttina 002, eru nokkur samhliða gerði utan við túngarð. Þau eru fremst á vatnsbakkanum, í lægð suðvestan við gamla veiðihúsið Stakkavík. Þarna voru upphaflega fjárréttir sem síðan var breytt í kartöflugarða þegar jarðvegur var orðinn nægur skv. Eggert Kristmundssyni. Bakkinn er grasi gróinn niður að Hlíðarvatni. Út í vatninu fyrir framan garðana er töluvert af hólmum. Hraunkamburinn er við norðurhlið garðanna og því hafa



Mynd 339. Kálgarðar 029, horft í VNV.


þeir væntanlega verið skjólsælir. Garðarnir eru þrír, samtengdir og liggja frá austri til vesturs. Í norðausturhorni þess austasta er tóft, 6 x 5 m á stærð, gæti hafa verið kartöflukofi. Alls ná mannvirki þessi yfir svæði sem er um 30 x 15 m stórt A-V. Veggir tóftarinnar eru mest 1,2 m á hæð og nokkuð heillegir. Suðurveggur hennar er hruninn og ekki sést hvar hefur verið op á henni þótt ekki sé ólíklegt það hafi verið í suður. Hinir veggir standa nokkuð vel og þá sérstaklega norðanmegin. Svo virðist sem hlaðið hafi verið undir suðurbakkann til að gera botninn sléttari. Garðarnir samanstanda af þremur hólfum sem eru svipuð að stærð, algróin grasi að innan. Op eru milli þeirra og að auki er op á austasta hólfinu, sunnan við tóftina. Mesta hæð veggja er um 1,7 m og mesta breidd þeirra um 1,5 m. Norðurveggurinn í vestasta hólfinu er töluvert hruninn inn á við.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Ár-561:030 tóft óþekkt 6352.315N 2144.735V
Um 180 m vestan við bæjarstæði 001 er rúst út á litlum tanga sem gengur út í Hlíðarvatn. Farið er til vesturs fram hjá kálgörðunum 029, gengið meðfram vatninu til vesturs og út á fyrsta tangann sem gengur út í það. Þar út á er rústin. Tanginn er lyngi- og mosa gróinn niður að vatnsbakkanum. Hólmar eru sunnanmegin við tangann út í vatninu. Tanginn er ekki stór en nokkuð flatur Rústin er um 4x4 m, einföld og aðeins sjást tveir veggir hennar, suður- og austurveggir. Mesta breidd veggja er 1 m. Aðeins sést í 1-2 umför af hleðslum. Grjótið er nokkuð stórt og þá sérstaklega suðvestanmegin. Steinarnir eru mosagrónir að hluta og tóftin er mosa og lyngi gróin að innan. Ekki er vitað um hlutverk en útfrá staðsetningu mætti giska á að tóftin tengdist fiskverkun.
Hættumat: hætta, vegna rofs

ÁR-561:031 tóft hrútakofi 6352.317N 2144.557V




Mynd 340. Tóft 031, horft í norður.



Um 60 m norðvestan við bæjarstæði 001 er tóft. Hún er upp af Hvamminum, vestan við bæjarstæðið ofan og norðan megin við túngarðinn 002. Samkvæmt Eggerti Kristmundssyni er tóft þessi af hrútakofa. Hraunið er gróið og nokkuð úfið. Tóftin er 5 x 4 m að stærð, einföld og snýr suðaustur-norðvestur með op á suðausturhliðinni sem er um 1 m á breidd. Tóftin er um 1,4 m á hæð og þykkt veggjanna er um 1 m. Hún er gróin að utan en full af rusli að innan. Veggirnir virðast lítið farnir að hrynja og engar leifar sjást af þakinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-561:032 tóft óþekkt 6352.316N 2144.526V

Um 50 m beint norður af bæjarstæði 001 er rúst. Hún er út í hrauninu norðan við túngarðinn 001. Hraunið er gróið og nokkuð úfið. Tóftin er 11 x 5 m stór og snýr nokkurn veginn norður-suður. Hraundrangar/klettar hafa á nokkrum stöðum verið notaðir í




Mynd 341. Tóft 032, horft í norður.

hleðsluna. Hleðsluhæðin er mest 1,2 m og mesta breidd veggja er 1 m. Tóftin er tvískipt, stærra hólfið er ferningslaga, 7x5 m, og er norðar. Minna hólfið er um 5x5 m stórt með bogadregnum vegg sunnan megin. Op er inn í það hólf á vesturhliðinni en stærra hólfið á austurhliðinni. Norðurveggur tóftarinnar stendur best. Tóftin er mosavaxin og gróin að innan. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi tóft hefur gegnt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-561:033 gerði kálgarður 6352.363N 2144.718V


Mynd 342. Gerði 033, horft í suðvestur.

Um 210 m norðvestan við bæjarstæði 001 er grjóthlaðið gerði. Það er um 100 m vestan við Veiðihúsið Stakkavík (eldra), um 5 m sunnan við veginn þegar keyrt er niður að veiðihúsinu.

Hraunið er nokkuð gróið en samt frekar óslétt. Sunnan við garðinn eru tveir aðrir minni garðar.

Gerðið er 22x13 m á stærð og snýr norður-suður. Suðurendi þes er mjórri eða um 6 m, það er garðurinn mjókkar til suðurs austanmegin. Mesta hæð hleðslunnar er 0,6 m og þykkt veggjanna er frá 0,5-1,0 m. Garðurinn er ekki mikið farinn að hrynja. Innan kálgarðsins er jörð nokkuð slétt og hefur sjálfsagt verið sléttuð. Gerðið var notað sem kálgarður og hlaðið var í kringum hann til að búa til skjól.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-561:034 gerði kálgarður 6352.354N 2144.755V


Um 230 m suðvestur af bæjarstæði 001 er hlaðið gerði. Það er 1 m suðvestur af gerði 033 og um 15 m norðan við Gálgaklettinn 005. Vegurinn niður að Veiðihúsinu Stakkavík, því eldra, er norðan við gerðið og Hlíðarvatn er sunnan við það. Þetta var kálgarður.

Hraunið er nokkuð gróið af lyngi og mosa. Það er úfið og erfitt yfirferðar.

Gerðið er nánast ferkantað, 12x6 m á stærð. Það snýr SA-NV en þrengist til suðausturs. Það er lítið hrunið fyrir utan




Mynd 343. Gerði 034, horft í vestur.



eystri hluta suðurveggjar. Ekkert sjáanlegt op er á garðinum. Hleðslan er mosavaxin að hluta og jörðin er gróin mosa og lyngi. Steinarnir er sumir nokkuð stórir.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-561:035 gerði kálgarður 6352.345N 2144.738V
Um 210 m suðvestan við bæjarstæði 001 er ferhyrnt gerði. Hann er sunnan við veginn sem liggur niður að Veiðihúsinu Stakkavík, því eldra, 10 m frá gerði 033 og norðaustan við Gálgaklettinn 005. Garðurinn er í hraunjaðrinum ofan Hlíðarvatn. Hraunið er nokkuð gróið mosa og lyngi. Gamla veiðihúsið í Stakkavík er nánast beint í austur frá garðinum. Allt um kring er hraun. Gerðið er 9x3 m á stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru um 0,4 m á breidd og mesta hæð þeirra ern um 0,4 m. Þeir virðast ekkki hafa hrunið neitt af ráði og ekkert op er sjáanlegt á þeim. Jörðin er gróin grasi, mosa og lyngi og er slétt að mestu leyti.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-561:036 gerði kálgarður 6352.398N 2144.977V






Mynd 344. Gerði 036, horft í austur.

Um 430 m norðvestur af bæjarstæði 001 er gerði. Það er um 2 m sunnan við veginn sem liggur niður að veiðihúsinu Stakkavík, því eldra. Hraunið er úfið og nokkuð gróið mosa og lyngi. Suðurhlið garðsins snýr í átt að Hlíðarvatni. Gerðið er 20x11 m á stærð. Veggirnir eru um 0,5 m á breidd þar sem þeir eru breiðastir og um 0,7 m á hæð eða allt upp í 7 umför. Gerðið er aðeins farinn að hrynja og þá mest vesturhliðin sem töluvert sést á. Jörðin er nokkuð slétt og gróin mosa og lyngi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-561:037 gerði kálgarður 6352.397N 2145.013V



Um 450 m norðvestur af bæjarstæði 001 er gerði og mun hafa verið kálgarður skv. Eggert Kristmundssyni. Það er um 3 m sunnan við veginn sem liggur niður að veiðihúsinu Stakkavík, því eldra. Hraunið er nokkuð gróið og þó sést í töluvert af sandi. Gerðið er 16x10 m á stærð frá austri til vesturs, veggirnir um 0,5 m á þykkt og 0,6 m á hæð. Austur- og suðurhlið eru nokkuð heillegar en af vesturhliðinni sést aðeins eitt umfar af hleðslu. Á norðurhliðinni er eyða vestanmegin. Gerðið er mjög sandblásið. Jörð innan veggja er nokkuð slétt og gróin mosa og lyngi en þó ekki eins slétt og gróin og garðar 033, 034, 035 og 036.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mynd 345. Gerði 037, horft í vestur.

ÁR-561:038 *Réttarnef* garðlag vörslugarður 6352.367N 2144.033V



Mynd 346. Garðlag 038 á Réttarnefi, horft í suður.


Garðlag er á Réttarnefi, um 450 m suðaustan við bæjastæði 001, á nesi sem gengur út í Hlíðarvatn. Þetta er austan við veiðihúsið Stakkavík, hið nýrra. Nesið er grasi vaxið og nokkuð slétt.

Garðurinn er um 55 m langur, liggur þvert yfir Réttarnefið og girðir það þannig af. Hann er um 1 m á breidd og nokkuð greinilegur alla leið. Norðurhliðin, sú ytri, er greinilegri en sú syðri. Vegslóði liggur í gengum garðinn um 10 m frá suðurendanum. Eins liggur kindagata í gegnum hann um 5 m frá norðurendanum. Garðurinn er mosa og grasi gróinn og virðist vera nokkuð sokkinn. Hann var notaður með gömlu réttinni 020 á sínum tíma samkvæmt Eggerti Kristmundssyni en hún er á nefinu, innan garðs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-561:039 vegur leið 6352.185N 2146.565V

Menjar um vegagerð sjást fast austan undir brunahrauni 170-200 m sunnan við þjóðveg, 1,5 km vestan við Stakkavík.



Mynd 347. Vegur 039.

Ágætlega greiðfært eldra hraun er undir úfnun brunanum sem er allt að 4-5 m hár. Á þessum stað er upphlaðinn vegarspotti sem liggur NV-SA og tilgangur með honum fremur óljós. Hann er um 25 m langur og 4 m breiður með upphlöðnum köntum og púkkaður með grjóti, alveg mosavaxinn. Vegurinn liggur yfir lægð en hraunhólar eru beggja megin við. Við hvorugan endann sjást vegir í framhaldi af hleðslunni og ekki er hraunið sérlega ógreiðfært ofan í dældinni. Alfaraleið 011 eða kvísl úr henni lá þó undir hraunbrúninni um 10 m vestan við og hlýtur þessi vegur að hafa átt að auðvelda ferðir milli Herdísarvíkur og Vogsósa.

Hættumat: engin hætta

ÁR-561:040 heimild býli
Í Jarðabók Árna og Páls 1706 segir: "Afbýli hefur hjer að fornu verið, það var kallað fjórðúngur jarðarinnar og naut afbýlismaðurinn kosta jarðarinnar pro qvoto." Ekki er nú vitað hvar afbýli þetta hefur verið og ekki er getið um hjáleigu frá Stakkavík í seinni tíma heimildum.
Heimildir: JÁM II, 466

ÁR-720 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Ölfushreppi

ÁR-720:003 vegur leið 63°54.767N 21°22.583V



Mynd 348. Leið 003, horft til austurs.

"Austan og norðan við túnið [á Hrauni ÁR541], gömlu grjótgarðana, lá allfjölfarin gata, og frá norðvesturhorni túnsins lá hún vestur Hraunsheiði, upp á Hlíðarbæi og áfram útúr," segir í örnefnalýsingu Hrauns. Leiðin sést í landi Breiðabólsstaðar ÁR-544 og Hrauns og var vörðuð að hluta.
Gróið hraun er allt umhvefis veginn. Þar vex mosi, lyng og víðitré. Klappir, hraunklettar og moldarflög eru víða.
Vegurinn sést á 2,6 km löngum kafla og hlykkjast austur-vestur. Vegurinn er auðrakinn. Hann liggur í grónu hrauni og er ruddur vagnvegur. Að sögn Hrafnkels Karlssonar, heimildamanns, var grjót sett í botn vegsins og víða eru þar einnig náttúrulegar hraunhellur. Hann er 2-3 m á breidd og 0,2 m á dýpt. Mold og grjót er í botni vegarins

Heimildir: Ö-Hraun, 4

ÁR-720:004 gata leið 63°55.004N 21°24.570V



Mynd 349. Leið 004, horft til austurs.

"Yfir Ás [í landi Breiðabólsstaða] liggur gata upp hlíðina, alfaraleið milli Austurbæjanna og Litlalands. Við hana var varða sem hét Brúsavarða. Hana bar við loft frá Litlalandi. Hún fannst ekki sumarið 1968," segir í örnefnalýsingu. Leiðin liggur sem fyrr segir á milli gömlu bæjarstæðanna í landi beggja jarðanna. Hún sést í landi þeirra beggja, uppi á fyrrnefndum Ás, á milli ræktaðra túna.
Leiðin liggur í grónu heiðlendi. Hraungrýti og -klettar koma víða uppúr sverði og stórir moldarflákar eru víða.
Austurhlíðar Ássins, í landi Breiðabólstaðar eru vaxnar lyngi, grasi og mosa. Leiðin er auðrakin til vesturs frá heimatúni Breiðabólstaðar, upp Ásinn, og sést á 500-600 m löngum kafla. Þar hverfur hún á köflum í stóra moldarfláka. Leiðin liggur ofarlega, þvert yfir Ásinn, undir Gránubrekku. Hún er 0,5-1 m á breidd og 0,30,5 m á dýpt. Mold er í botni hennar en gras sést víða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 3

ÁR-720:005 vegur leið 63°55.026N 21°22.079V

"Dálítinn spöl suðaustur frá Grenjahólum [í landi Breiðabólsstaða ÁR-544] er önnur klapparhæð, nokkru hærri. Hún heitir Dagmálahæð. Vestsuðvestan við hana er önnur klöpp, lægri og minni. Hún heitir Litla-Dagmálahæð. Á milli Dagmálahæðanna er gata, engjavegur frá Austur-Hlíðarbæjunum í Nauteyrar, og að Hrauni ÁR-541," segir í örnefnalýsingu. Veginn er ennþá hægt að rekja og hann varðveittur að mestu utan grasivaxinna túna næst bæjunum.

Gróið hraun, aðallega mosi, lyng og víðitegundir, eru á þessum slóðum. Inn á milli eru hraunhólar, -klappir og steinar.
Vegurinn er ruddur og lega hans greinileg. Hann er 2-3 m á breidd, 0,3 m á dýpt og sést á um 1,4 km löngum kafla. Leiðin hlykkjast ASA-VNV á milli Breiðabólsstaðar og Hrauns. Víða er mold í botni vegsins, hraunklappir eða mosi. Ekki sést til paldra. Vegurinn var líklega vagnfær, hann er það sléttur í botninn og vel



Mynd 350. Vegur 005, horft til vesturs. Til hægri má sjá vörður B og C.

ruddur. . Í landi Breiðabólstaðar eru þrár vörður sjáanlegar við leiðina. Á Litlu-Dagmálahæð er lítið vörðubrot, varða A, við veginn. Hún er 1 m í þvermál og hrunin. Enn má þó greina 2 umför af grjóthleðslu. Stæðileg varða, varða B, er uppi á hraunhellu um 60-80 m sunnan við sjálfa leiðina nokkuð vestar. Hún er 1,4 m á hæð, 1,5 m í þvermál og er nokkuð ferköntuð. Hún mjókkar eftir því sem ofar dregur og greina má 4 umför af grjóthleðslu í henni. Grjótið er vaxið skófum og mosa. Tæpum 2 m til suðurs en minna vörðubrot eða hrunin varða C. Þar er lítil steinahrúga án þess að um skýra hleðslu sé að ræða. Vegurinn sameinast leið 720:003 í landi Hrauns.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Breiðabólsstaður, 7

ÁR-720:007 *Þorlákshafnarvegur* heimild leið 63°53.817N 21°26.211V
"Vestalega af Litlalandsheiði liggur Þorlákshafnarvegur út af Þjóðveginum beint til Þorlákshafnar," segir í örnefnaskrá Litlalands. "Við götuna frá Hlíðarenda til Þorlákshafnar, en hún liggur undan Ytra-Buganefi er allstór varða sem heitir Þorlákshafnarvarða [ÁR-547:019]," segir í örnefnaskrá Hlíðarenda. Leiðin var skoðuð við Þorlákshafnarvörðu, um 1 km suðaustan við bæ 001.
Leiðin lá að miklu leyti yfir sendið hraun sem er mosavaxið á köflum.
Ekki sjást skýr ummerki um leiðina við vörðuna en þó virðist grjóti hafa verið rutt úr götu við holtið sem varðan stendur á. Leiðin sést líklega ekki vegna uppblásturs og vegna þess að sandur safnast í göturnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Litlaland, 3; Ö-Hlíðarendi, 3

ÁR-720:008 heimild leið 63°53.936N 21°27.843V
"Milli Áss og Stekkatúnshóla [í landi Hlíðarenda ÁR-547] er lægð sem heitir Ferðamannaskarð. Þar liggur gamla gatan út með berginu, og áfram út í Selvog," segir í örnefnaskrá Hlíðarenda. Frá Ferðamannaskarði sem er um 800 m suðvestan við Hlíðarenda ÁR-547:001 er vegarslóði sem liggur að sumarhúsi en heldur svo áfram út með Hlíðarendafjalli í átt að Selvogi til suðvesturs.
Leiðin liggur um gróinn hraunmóa.
Vegarslóðinn sem sést hefur að öllum líkindum verið ruddur með vélum til þess að gera hann bílfæran. Hann er um 2 m á breidd og dýpstur um 0,4 m. Ekki sjást eldri götur á leiðinni eða önnur samgöngumannvirki. Leiðinni var fylgt á um 850 m löngum kafla.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hlíðarendi, 2

ÁR-731 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Selvogshreppi

ÁR-731:001 heimild leið 63°49.590N 21°40.583V
Á túngarði austan Bjarnastaða var hlið, og lá þar um kirkjugatan frá Nesi og vestur um hjá Bjarnastöðum, Kirkjugatan lá neðan við Harðhaus og ofan við Mosaflöt og Víðavöll," segir í örnefnalýsingu Bjarnastaða. "Götuslóði lá frá Nesi og í gegnum túnin að Bjarnastöðum, en aðalgatan til kirkju [sjá 090] lá fyrir ofan túngarða," segir í örnefnalýsingu Ness. Þessi neðri leið virðist hafa legið nokkurn veginn samhliða leið 549:090 en neðar eða sunnar, um tún bæjanna. Hér er henni lýst af korti sem Ómar Smári Ármannsson hefur dregið upp af Selvogi. Gatan hefur legið frá Nesi, norðan við Bjarnastaði og Stóru-Götu, fyrir norðan Þorkelsgerði en sunnan við Eimu og Vindás og þaðan upp í átt að Strandarkirkju Að sögn Þórðar Sveinssonar, heimildamanns, var þetta ein helsta samgönguleið íbúa innan Selvogs áður fyrr.
Á þessum slóðum eru nú tún, vegir, tjaldstæði og byggingar af öllum stærðum og gerðum.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 2; Ö-Nes, 2; Ómar Smári Ármannsson: Minjakort

ÁR-731:002 gata leið 63°53.447N 21°39.543V
"Hér verdur gert frumrit eða uppkast af lýsingu á kaupstaðarleið Selvogsmanna frá Torfabæjarhliði um Grindarskörð til Hafnarfjarðar. Þetta var gamla lestamannaleiðin um aldir og allt fram undir 1940 á meðan henni var haldið við með ruðningi sem sýsluvegi. […] Hestalest Þorkelsgerðismanna lagði upp frá heimreiðartröðum austur í Moldu og þar norður og vestur með túngörðum, uns hún beygði á götuna upp Flögin á móts við áðurnefnt hlið. […] Gatan er vel rudd og eftir tæpan stundarfjórðung er lestin komin á móts við Útvogsvörðu á hægri hönd. (…) liggur gatan nokkurn spöl eftir sandeyðingum, þar til hún nær grasflötum neðan Dalhólalágar. En rétt þar áður á vinstri hönd fórum við framhjá vörðubroti á lágum hól, Hrossbeinavörðu. […] Lestargatan úr Útvogi, er við fylgjum upp iúr Dalhólalág, liggur fast að Útvogsskála, þykkhlaðinni ferkantaðri vörðu[…] Frá Útvogsskála lá lestargatan eftir snögggrónum vallargróðri, er náði inn að Kökuhól, en vestan við hann lá gatan inn á Rof með stefnu á Katlahraun, vestan Urðarfella. Ekki var löng leið frá Útvogsskála að Kökuhól, en rétt áður en við höfum ná til hans förum við yfir þjóðleiðina fornu úr Ölfusi framhjá Vogsósum til Útnesja. […] en á leiðinni út að Vogsósum blasir við Háavarða. Suðvestur af henni eru Töturdalir […] í norður frá Háuvörðu tekur við lækkandi heiði, er liggur að klapparhólum allgrónum neðanvert. Þetta eru Borgarhólar […] í norðvestur frá Borgarhólum er skammt að vinalegum norðausturbakka Hlíðarvatns með grasgefinni Hlíðarey skammt frá landi. Þaðan er skammt að Hlíðarfjalli með Hlíðarskarði og Borgarskörðum austar en Urð, Selshöfða og Selsstíg i vesturátt. […] Við erum nú komnir drjúgan spöl framhjá Kökuhól inn í heiðina […] og verða þar fyrst fyrir Eimuhellhæðir, […] Frá lestagötu okkar nokkru fyrir vestan þær liggur gömul gata í átt að þeim og milli þeirra. Þetta er gamla réttargatan til Vörðufells og Girðingarrétta. […] Við fylgjum réttargötunni, sem liggur í norðausturátt. (…) þar finnum við kaupstaðarlestina á för sinni í átt til Flatarhóla, en áður en hún nær til þeirra verður hún að fara enn um sinn eftir krókóttri skorninga- og klifóttri hestagötu, Innri rofa. […] Flatarhólum sem eru þrír og liggur gatan milli þeirra með þeim hætti að tveir eru á hægri hönd, einn á vinstri, vestanmegin. Er nú örstutt inn að girðingarhliði er skilur að heimalönd og afrétt. (…) Utan girðingar lítum við fyrst til vinstri handar vestur með Hlíðarbrekkum og áður nefndum skörðum þeirra, allt til Hlíðarskarðs upp af bænum Hlíð, en það var hin kjörna vetrarleið Selvogsmanna til Grindarskarða, enda skemmri og vel vörðuð sunnan og norðan Hvalhnjúks Vestari og lá að Kerlingaskarði austan við Draugahlíðar. En vestan Urðar undir Hlíðarfjalli lá vegur Herdísarvíkur- og Stakkavíkurmanna eftir Selstíg upp samnefndan höfða upp á Stakkavíkurfjall. […] Við hverfum nú aftur austur til lestarinnar í för sinni eftir hinu gamla fjölgróna Katlatrauni sem kemur niður austanvert af Hlíðarfjallsbrekkum og verður að Katlabrekkum í halla sínum. […] er kaupstaðarlestin komin upp hallan á móts við efri öxl Hlíðardals […] lestargatan beygir til norðvesturs í át til Litla-Leirdals. […] Hestagatan frá Urðarfellum til Litla-Leirdals liggur yfir einskonar hraunmóa, ávallt vel
rudd á tímum lestarmannaferða. […] Gatan uppúr dalnum liggur eftir lágbrekkuhalla og sveigist brátt í norðvestur yfir hraunmóa með grasdrögum hér og þar, einnig með klifum sem voru á tímum lestarferðanna

þannig gerðar að þær yrðu hestum sem best frærar. […] þar til komið er að Hvalskarði sem er allskörp klauf milli Hvalhnjúks Eystri og Vestri. […] og endar í rúmri góðgötu á hálsinum upp af skarðsgilinu og liggur þaðan örstutta leið ofan í suðurhluta Stóra-Leirdals sem liggur fast upp að Hvalhnjúk Eystri. […] Hestar lestarinnar verða léttari i spori niður í grasvöll dalsins, enda hefðarlöggiltur áningarstaður á hinni löngu lestarleið yfir Grindarskörð. […] Var nú haldið norður eftir [..] tók við vesturjaðar Heiðarinnar Háu […] Lestargatan milli skarða var allgóður lestarvegur með árlegu viðhaldi á ruðningi á árum áður, einnig í skorningunum milli hrauns og hlíðar er Grafningar nefndust, […] Hér verður vegferð lestarinnar í vesturátt til Grindarskarða en hið einkar fallega hringlaga fell Litla-Kóngs 6 hægri hönd. […] Ekki var nú lestarferð löng vestur að uppgöngu austanmegin Kerlingaskarðs. En rétt austan við uppgönguna förum við yfir örmjóa apalhrauntungu er runnið hefur niður í Skarðahraun. Þar standa Tvívörður við vegferð og frá þeim í beina linu eru hinar vel hlöðnu vetrarvegsvörður í stefnu á vesturenda Hvalhnjúks Vestri. Þær höfðu þann kost að út sérhverri þeirra stóð steinn í átt þeirrar næstu sem var mikið öryggi þegar hin svarta þoka lá yfir Skarðahrauni sem oft var. Nefndust steinar þessir Vegvísir. Vestan við apalhrauntunguna lá vegurinn upp í Kerlingarskarð í allsnörpum halla, vel ruddur á tímum lestarferðanna sem og vegurinn yfir nefnda hrauntungu. […] Þá verður að minnast þess að hér skárust saman í sömu uppgöngu á Kerlingarskarð, eystri leið eftir Katlahrauni og Vestri leið upp
Selstíg frá Herdísarvik og Stakkavík." Lýsingunni er ekki haldið áfram, enda komin út úr sveitafélaginu. Litlu er við þetta að bæta og leiðin er vinsæl til göngu af ferðamönnum. Leiðin á frá Selvogi er um 25 km löng og má rekja hana allt frá byggð enn í dag. Stakkavíkurstígur 561:006 og Hlíðarvegur 560:019 sameinuðust leiðinni við Kerlingaskarð.
Leiðin er sýnd á Atlaskortum og lýst í ferða- og göngubókum allt til dagsins í dag. Hún liggur yrir blásið svæði fyrir norðan byggð í Selvogi, yfir hraun, heiðar og fjöll.
Leiðin er ennþá farið af ferðafólki. Hún er stikuð að hluta og vörður eru á henni. Leiðin var ekki öll gengin af skársetjurum.
Heimildir: Kaupstaðarferð Selvogsmanna, 1-18

ÁR-731:003 *Bjarnastaðavegur* heimild leið
"Austan við hana (Dalhólalág) lá Bjarnastaðarvegur í ett til sýsluvegar upp Selvogsheiði til Ölfuss. Þar á hægri hönd austur af Dalhólalág var Bjarnastaðastekkur, enn uppi standandi að hleðslu á æskuárum mínum." segir í óbirtu handriti Konráðs Bjarnasonar. Leiðin lá líklega á svipuðum slóðum og eldri akvegurinn sem var notaður þar til Suðurstrandarvegur tók við. Það er nú blásið hraun og engin ummerki hennar sjáanleg.

ÁR-731:004 *Fornugötur* heimild leið 63°50.113N 21°39.738V
"All nokkru austur af Bjargarhelli, eru sandkenndar grasflatir, er tóku við í suðvestur af Hásteinaflagi og sveigjast til suðvesturs, sem snögggróið valllendi vestan við hið mikla sandflæmi til austurs. Þar i sandjaðri eru Fornugötur, er liggja niður að Digruvörðu [021 og framhjá henni til Nes og túngarðshliða Bjarnastaða." segir í óbirtu handriti Konráðs Bjarnasonar. Í örnefnaskrá Bjarnastaða segir: " Við túngarðshlið Bjarnastaða byrjaði leiðin suður og lá upp á heiðina," Litla-Varða 554:020 er að öllum líkindum vegvísir á þessari leið.
Uppblásinn sandur er þar sem leiðin lá.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: Konráð Bjarnason, 2; Ö-Bjarnastaða, 4

4. Fornleifar og byggð í Selvogi

Hér verður upphaf og -þróun byggðar í gamla Selvogshreppi skoðuð. Kaflinn byggir á kafla Hildar Gestsdóttur og Orra Vésteinssonar um byggðarþróun á sama svæði úr skýrslu Fornleifastofnunar um svæðisskráningu fornleifa í Ölfus- og Selvogshreppi.[3] Ekki verður fjallað sérstaklega um jarðirnar sem skráðar voru í Ölfushreppi að þessu sinni en þeim verða gerð skil í sambærilegum kafla í áfangaskýrslu II sem áætlað er að komi út árið 2015.

Selvogshreppur er vestast í Árnessýslu. Sveitin er ekki landmikil og raðaðist byggðin öll eftir sjávarsíðunni en skammt er til fjalls þar fyrir ofan. Hlíðarvatn er nánast í miðri sveitinni og úr því fellur Vogsós til sjávar. Ósinn og Hlíðarvatn skiptu vesturhluta Selvogsins í tvennt. Yst, fyrir norðan Hlíðarvatn, er Herdísarvík en vatnið eru Hlíð og Stakkavík. Vogsósar eru við fyrrnefndan ós, austan við vatnið[4]. Þar fyrir austan er aðalbyggðin í Selvogi og var henni skipt í tvennt, Austurvog sem var fyrir austan kirkjuna og Vesturvog, fyrir vestan kirkju. Á báðum svæðunum var þyrping af bæjum í sameiginlegu túni. Bæirnir skiptust í nokkrar þyrpingar eða„hverfi“. Strönd og hjáleigur töldust til *Strandarhverfis*, Þorkelsgerði ásamt hjáleigum kallaðist *Útvogur*, Bjarnastaðir ásamt hjáleigum og Götu kallast *Miðvogur* og Nes ásamt hjáleigum kallast *Austurvogur*[5]. Stærstur hluti hreppsins er gróinn heiðar- og lynggróðri en við sjóinn er jarðvegur sendinn og uppblásinn. Uppblástur hefur sett mark sitt á svæðið í gegnum aldirnar og lagði stóran hluta sveitarinnar í eyði fyrr á öldum.[6]

Til að setja niðurstöður fornleifaskráningar í fræðilegt samhengi er nauðsynlegt að hafa hugmynd um sögu byggðar á því svæði sem er til rannsóknar. Byggðasaga er einn sá grunnur sem áætlanir um frekari rannsóknir, t.d. uppgrefti, ættu að byggja á. Vitneskja um sögu byggðar eykur líkur á að rannsóknarefni fornleifafræðinga séu mótuð og þar af leiðandi fáist markvissari niðurstöður. Aðferðin sem hér beitt er til þess að skoða þróun byggðar er að skoða fyrst landnám í Selvogi eins og sagt er frá því í Landnámabók og reyna á grunni þess og staðsetningu kumla, kirkna og annarra fornleifa að geta sér til um hvaða jarðir byggðust fyrst á svæðinu. Kuml eru sjálfstæð heimild um byggð fyrir árið 1000 en staðsetning kirkna og bænhúsa gefur einnig vísbendingu um forna byggð þar sem hvort tveggja er yfirleitt talið reist mjög skömmu eftir kristnitöku. Nærtækasta skýringin á miklum fjölda guðshúsa á fyrri

[3] Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson, Fornleifaskráning í Ölfushreppi II. 1999
[4] SB III, 473-474
[5] Ö-Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu; Ö-Bjarnastaðir, 1; Ö-Nes, 1
[6] SB III, 473

öldum er að þau hafi upphaflega verið byggð í heimagrafreitum sem hafa verið við flesta bæi eins og kumlateigar í heiðni. Sé svo má nota bænhús eða kirkju sem vísbendingu um að viðkomandi bær hafi verið kominn í byggð á fyrri hluta 11. aldar. Jarðir þar sem kirkjur og bænhús hafa verið, eru að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfðu slík hús og er því oft freistandi að álykta að minniháttar jarðir þar sem ekki hafa verið bænhús kunni að vera seinna til komnar, eða hafi að minnsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar.

Erfitt er að spá í upphaf byggðar í Selvogi vegna hinna miklu landspjalla sem þar hafa orðið síðustu aldir en samkvæmt tiltækum vísbendingum mætti ætla að elsti bæirinn í hreppnum sé Nes. Í Landnámu segir: „Þórir haustmyrkur nam Selvog og Krýsuvík, en Heggur, sonur hans, bjó að Vogi.“[7] Munnmæli herma að Þórir hafi búið í Hlíð en synir hans tveir í Nesi.[8] Einn þekktur minjastaður frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar er þekktur í Selvogi en það er Fornigarður (sjá 549:007, 027, 558:016 og 559:017). Elstu heimildir um garðinn eru frá 1275 og fornleifarannsókn sem gerð var á honum 2003 sýnir að hann var byggður á árunum 1104-1226.[9] Fornigarður liggur allt frá Hlíðarvatni og austur fyrir Nes og var um 7 km langur. Ekki er vitað um eitt einasta kuml á svæðinu og verður því lítið sagt um fyrstu byggð út frá þeim.

Á 11. öld reistu efnaðri bændur og höfðingjar kirkjur og bænhús á jörðum sínum og má af dreifingu slíkra húsa fá nokkra hugmynd um skipulag byggðar á þeim tíma. Sóknarkirkjur á skráningarsvæðinu voru á Nesi og Strönd en engar heimildir geta bænhúss fyrir utan örnefnið Bænhúshóll (sjá 559:002 og 560:002) sem bæði er þekkt á Vogsósi og Hlíð. Í kringum Hlíðarvatn og í Herdísarvík eru svo stakar meðaljarðir sem sennilega hafa byggst ívið seinna en býli í Strandar- og Neshverfum.

Næsta lítið er vitað um byggð í Ölfusi eða Selvogi á síðmiðöldum. Nokkrar jarðir í Selvogi og í vestanverðu Ölfusi koma oft við sögu í skjölum á 15. og 16 öld. Segja má að 16. öldin hafi verið einskonar blómaskeið Selvogsins. Þá bjuggu þar stórhöfðingjar áratugum saman og mjög mikið fer fyrir útgerð Skálholtsbiskupa frá Þorlákshöfn, Selvogi og Herdísarvík í skjölum frá þessum tíma. Lítilsháttar verslun var í Þorlákshöfn á 16. öld og þar hefur verið stöðug verslun frá seinni hluta 18. aldar, í tengslum við öfluga útgerð, en byggð í Selvogi fór hinsvegar mjög hnignandi í kjölfar 17. aldar. Þar eyddist land vegna sandfoks, tún Strandar og nærliggjandi jarða voru smátt og smátt beinlínis kaffærð í sandi og var öll byggð

[7] Hildur Gestdóttir og Orri Vésteinsson, 1999.
[8] SB III, 473
[9] Bjarni F. Einarsson. 2006. „Garður er granna sættir.“ *Árnesingur* VII, bls. 205-230

eydd í Strandarhverfi um 1750.[10] Á 18. og 19. öld eru nokkur býli byggð í kringum Nes, Bjarnastaði og Þorkelsgerði en búseta á þeim flestum stutt, einungis nokkur ár eða áratugir. Þeirra er flestra getið í ritheimildum. Á 20. öld dróst byggðin enn meira saman og nú er svokomið að einungis er búið á þremur bæjum í Selvogi, Vogsósum, Þorkelsgerði og Götu. Nokkrar aðrar jarðir eru nýttar til beitar og sláttar, bæði af eigendum þeirra og ábúendum þeirra jarða sem enn eru í byggð.

Bæjarhólar, bæjarstæði og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Almenna reglan er sú að oftast standa bæir á svipuðum stað öldum saman, jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar, og myndast þá bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingaleifum og mannvistarlögum. Hólarnir verða til úr gólflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og mikilla og fjölbreytilegra fornminja að vænta. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld en brýnt er að koma í veg fyrir að bæjarhólar verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steypuhús með djúpum kjöllurum verið byggð á þeim og skemmt þá að talsverðu leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætanlegt eða raunhæft sé að friða þá fyrir frekara raski, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á þeim. Mikilverðastir eru þó bæjarhólar þar sem ekki hefur byggt á síðustu áratugum eða þeir orðið fyrir raski.

Á skráningarsvæðinu var skráður 21 bæjarhóll á jafnmörgum lögbýlum. Hér teljast til lögbýla allir þeir bæir sem skilgreindir eru sem slíkir í Jarðatali Johnsens frá 1847 en að auki eru Strönd og Eima talin lögbýli en búsetusaga þeirra er þekkt allt fram á 18. öld. Bæjarhólarnir eru í misjöfnu ástandi. Algengt er að þeim hafi verið raskað á síðustu áratugum þótt hluti hólanna sé gjarnan eftir óskaddaður. Ný íbúðarhús standa á nokkrum þeirra, sumum hefur verið raskað við túnasléttun og útihús hafa verið byggð á enn öðrum. Nokkrir bæjarhólar eru óraskaðir vegna tilfærslu á bæjahúsum og breyttra landbúnaðarhátta.

Einungis einn bæjarhóll á skráningarsvæðinu virðist alveg horfinn en það er bæjarhóll Þórðarkots 553:001. Í Þórðarkoti var byggður sumarbústaður með sólpalli og geymslu undir

[10] Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson, 1999.

og virðist bæjarhóllinn alveg hafa verið eyðilagður í þeim framkvæmdum, í það minnsta sjást engin ummerki uppsafnaðra manvistarlaga við sumarbústaðinn. Á öðrum jörðum á skráningarsvæðinu var ástand bæjarhólanna betra, þó að víðast hafi einhverjar framkvæmdir átt sér stað á þeim. Átta bæjarhólum hafði verið raskað að hluta, á Efri– og Ytri-Grímslæk 539:001 og 540:01, Vindheimum 545:001, Nesi 549:001, Þorkelsgerði 557:001, Torfabæ 558:001, Vogsósum 559:001 og Stakkavík 561:001. Á þessum jörðum hefur bæjarhólum verið raskað með byggingu yngri húsa eða þeir sléttaðir út að hluta þó enn megi greina veggjarbrot og húsgrunna. Einhver þeirra húsa sem byggð voru á bæjarhólunum eru með kjallara sem grafnir eru djúpt í hólinn en slíkar framkvæmdir hafa yfirleitt raskað mannvistarlögum talsvert. Í flestum tilvikum má þó enn greina uppsöfnun/bæjarhól og víða eru án efa talsverðar mannvistarleifar undir sverði enda sjaldnast nokkrar vísbendingar um að bæirnir hafi staðið annars staðar.

Númer	Sérheiti	Í byggð	Ástand
ÁR-539:001	Efri-Grímslækur	Getið í kaupbréfi 1542	Bæjarhóllinn sést að hluta. Núverandi byggingar á jörðinni eru byggðar á hólnum og hafa raskað honum.
ÁR-540:001	Ytri-Grímslækur/Syðri-Grímslækur	Getið í kaupbréfi 1542	Á bæjarhólnum eru leifar hlaðinna og steyptra húsa. Kálgarður og útihús eru einnig á hólnum.
ÁR-544:001	Breiðabólsstaður	Getið í Vilchinsmáldaga 1397	Bæjarhóllinn sést ennþá en hann var sléttaður að hluta og öllum húsum rutt út.
ÁR-545:001	Vindheimar	Jarðatal Johnsen 1847	Bæjarhóllinn sést að hluta. Öll hús hafa verið rifin og sléttað yfir svæðið.
ÁR-546:001	Litlaland	Getið í kaupbréfi 1542	Bæjarhóllinn sést ennþá en hann var sléttaður að hluta og öllum húsum rutt út.
ÁR-547:001	Hlíðarendi	Getið í bréfi 1400	Bæjarhóllinn sést ennþá en hann var sléttaður að hluta en öllum húsum hefur verið rutt út.
ÁR-549:001	Nes	Máldagi Neskirkju frá 1313	Á bæjarhólnum eru leifar hlaðinna og steyptra húsa . Bæjarhóllinn er stór og mikill umfangs.
ÁR-550:001	Stóra-Leður	Jarðatal Johnsen 1847	Á bæjarhólnum eru tóftir bæjar og kálgarðs.
ÁR-551:001	Erta	Sýslu- og sóknarlýsingar í Árnessýslu 1840	Bæjarhóllinn sést enn en hefur verið sléttaður út að hluta.
ÁR-552:001	Bartakot/Móakot	JÁM II 1706	Bæjarhóllinn sést enn en hefur verið sléttaður út að hluta.
ÁR-553:001	Þórðarkot	Sýslu- og sóknarlýsingar í Árnessýslu 1840	Horfinn. Á bæjarstæðinu er sumarbústaður.
ÁR-554:001	Bjarnastaðir	Máldagi Neskirkju frá 1313	Bæjarhóllinn óraskaður. Á honum eru tóftir bæjarhúsa og kálgarðs.
ÁR-555:001	Beggakot/Beggjakot	Sýslu- og sóknarlýsingar í Árnessýslu 1840	Bæjarhóllinn er ennþá varðveittur. Á honum eru tóftir bæjarhúsa og kálgarðs.
ÁR-556:001	Stóra-Gata	Jarðaskiptabréf frá 1501	Bæjarhóllinn er ennþá varðveittur. Á honum eru tóftir bæjarhúsa og kálgarðs.
ÁR-557:001	Þorkelsgerði	Erfðabréf 1521	Á bæjarhólnum eru leifar hlaðinna og steinsteyptra útihúsa. Hluta af húsunum hefur verið rutt út.
ÁR-557b:001	Eima	Sölubréf jarðarinnar frá 1501	Stór og mikill bæjarhóll. Öllum tóftum á honum hefur verið rutt út.
ÁR-558:001	Torfabær	JÁM II 1706	Bæjarhóllinn sést ennþá en 20. aldar byggingar eru á hluta hans.
ÁR-559:001	Vogsósar	JÁM II 1706	Bæjarhóllinn sést ennþá en 20. aldar byggingar eru á hluta hans.
ÁR-559b:001	Strönd	Kirknaskrá Páls um 1200	Bæjarhóllinn er óraskaður en tóftir eru horfnar.
ÁR-560:001	Hlíð	JÁM II 1706	Bæjarhóllinn er óraskaður og tóftir á honum.
ÁR-561:001	Stakkavík	JÁM II 1706	Bæjarhóllinn er óraskaður og leifar síðasta íbúðarhússins og skemmu eru á honum.

Tafla 1. Skráð lögbýli

Samtals voru skráðir 13 bæjarhólar sem voru óraskaðir eða höfðu orðið fyrir litlu raski. Bæirnir á Breiðabólsstað 544:001, Litlalandi 546:001, Bjarnastöðum 554:001 og í Götu 555:001 voru fluttir á 20. öld, af gömlu bæjarhólunum. Öllum eldri húsum var rutt út á Breiðabólsstað og Litlalandi en eftir eru lítt raskaðir, sléttir og grasivaxnir hólar. Bæjarhólarnir á Bjarnastöðum og Götu eru með öllu óraskaðir og á þeim eru tóftir bæjarhúsa, útihúsa og kálgarðar. Átta bæir eru eyði á skráningarsvæðinu og hafa bæjarhólarnir í öllum tilfellum verið sléttaðir út að hluta. Þetta eru Hlíðarendi 547:001, Stóra Leður 550:001, Erta 551:001, Bartakot 552:001, Beggakot 555:001, Eima 557b:001. Strönd 559b:001 og Hlíð 560:001. Á þessum bæjarhólum hefur öllum húsum verið rutt út og sléttað yfir hólana að hluta, nema í Beggakoti og Hlíð, þar eru enn tóftir og kálgarðar á bæjarhólum.

Á skráningarsvæðinu voru þekkt 53 býli á 13 jörðum. Býlin voru misstöndug, sum voru hjáleigur en önnur tómthús eða þurrabúðir. Flest býlanna hafa byggst innan landamerkja jarðarinnar Ness eða samtals 16 þekkt býli/hjáleigur. Tíu þekktar hjáleigur eru á Strönd og sex á Bjarnastöðum. Færri býli eru á öðrum jörðum. Flest býlanna eru þekkt úr rituðum heimildum en í mörgum tilfellum er staðsetning þeirra óþekkt. Búseta á flestum þeirra virðist hafa varað stutt og ekki ólíklegt að einhver býlanna hafi byggst á bæjarstæðum eldri bústaða. En frekari heimildir þar til að staðfesta það.

Samtala	Sérheiti	Fyrst byggð/í eyði	Ástand
ÁR-539:025	Steina Hjáleiga	1680-1690/1690-1695	Óþekkt
ÁR-544:040	Skriða	17. öld/17.öld	Óþekkt
ÁR-546:020		Um 1660/ um 1663	Óþekkt
ÁR-549:022	Snjóhús/Snjóthús/Snjólfshús	Fyrir 1600/fyrir 1803	Hleðslur signar
ÁR-549:033	Hellisþúfa	1847/1849	Hleðslur standa
ÁR-549:037	Smalaskáli	Óþekkt	Óþekkt
ÁR-549:050	Páls Hjáleiga	Fyrir 1706/óþekkt	Óþekkt
ÁR-549:051	Orms Hjáleiga	Fyrir 1706/óþekkt	Óþekkt
ÁR-549:052	Stéttarkot	Fyrir 1706/óþekkt	Óþekkt
ÁR-549:053	Brinkahús	Eftir 1690/óþekkt	Óþekkt
ÁR-549:054	Borgarkot	um 1690/óþekkt	Óþekkt
ÁR-549:055	Sporakot	Óþekkt/óþekkt	Óþekkt
ÁR-549:057	Salthóll	Fyrir 1706/fyrir 1840	Óþekkt
ÁR-549:068	Sauðagerði	Óþekkt/fyrir 1840	Óþekkt
ÁR-549:069	Jóns hjáleiga	Fyrir 1706/óþekkt	Óþekkt
ÁR-549:079	Marcusarkot	1693/1693	Óþekkt
ÁR-549:080	Árnahjáleiga	Fyrir 1706/óþekkt	Óþekkt
ÁR-549:081		Óþekkt/óþekkt	Ekki sést til fornleifar
ÁR-549:102		Óþekkt/óþekkt	Óþekkt
ÁR-550:002	Litla-Leður	Eftir 1840/1904	Hleðslur útflattar

ÁR-554:006	Guðnabær	1826/1962	Sést til
ÁR-554:007	Klöpp	1891/1951	Sést til
ÁR-554:008		Óþekkt/um 1700	Óþekkt
ÁR-554:024	Hekla	Óþekkt/ um 1700	Óþekkt
ÁR-554:025		Fyrir 1706/óþekkt	Óþekkt
ÁR-554:033		Fyrir 1706/óþekkt	Óþekkt
ÁR-556:002	Litla-Gata	Eftir 1706/fyrir 1840	Sést til
ÁR-556:012		Óþekkt/óþekkt	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557:015	Sólheimar	1932/1953	Sést til
ÁR-557:016	Bjarg	1932/1957	Hleðslur standa grónar
ÁR-557:033	Halldórstóft	Um 1670/um 1672	Óþekkt
ÁR-557:053	Vesturpartur	Fyrir 1706/óþekkt	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557b:002	Eimuhjáleiga	Óþekkt/ um 1706	Ekki sést til fornleifar
ÁR-558:002	Mosakrókur	Óþekkt/óþekkt	Ekki sést til fornleifar
ÁR-558:011	Melborg/Geysir	1825/eftir 1840	Hleðslur standa grónar
ÁR-558:021		Á 17. öld/ á 17. Öld	Ekki sést til fornleifar
ÁR-558:022		Á 17. öld/ um 1700	Ekki sést til fornleifar
ÁR-559:004	Imbukofahóll/Vogsósakot	Óþekkt/óþekkt	Hleðslur standa grónar
ÁR-559:033	Baðstofuhella	Óþekkt/óþekkt	Ekki sést til fornleifar
ÁR-559b:007	Krókur	Fyrir 1677/1686	Hleðslur signar
ÁR-559b:009	Sigurðarhús	Óþekkt/1735	Sést til
ÁR-559b:012	Lambhús	Óþekkt/1729	Sést til
ÁR-559b:014	Móhús	óþekkt/fyrir 1706	Ekki sést til fornleifar
ÁR-559b:015	Bakrangur	óþekkt/1696	Ekki sést til fornleifar
ÁR-559b:018	Stórhóll	óþekkt/óþekkt	Ekki sést til fornleifar
ÁR-559b:019		Óþekkt/óþekkt	Ekki sést til fornleifar
ÁR-559b:023	Vindáshjáleiga	Óþekkt/1772	Óþekkt
ÁR-559b:024	Vindás	Fyrir 1275/1700-1750	Sést til
ÁR-559b:025		Óþekkt/óþekkt	Sést til
ÁR-560:013		Óþekkt/óþekkt	Hleðslur standa grónar
ÁR-560:014	Hjalltangi	Óþekkt/óþekkt	Hleðslur signar
ÁR-561:014	Bæjarhólmi	Óþekkt/ um 1850	Ekki sést til fornleifar
ÁR-561:040		Óþekkt/fyrir 1706	Óþekkt

Tafla 2. Skráð býli

Af býlunum 53 sjást á 17 stöðum (32% tilfella) enn ummerki bæjarhóla eða uppsöfnun mannvistarlaga. Á Klöpp 554:007 er mikill bæjarhóll með bæjar- og útihústóftum og kálgarði. Bæjarhóllinn er óvenju stór sé tekið mið af stuttri búsetu á bænum og gæti bent til þess að þar hafi verið búseta áður, á fyrri öldum. Eins er greinilegur bæjarhóll með tóftum í Guðnabæ 554:006, í Melborg 558:001 og ónefndum bæjum 560:013 og 014 svo einhver dæmi séu tekin. Á 11 stöðum sjást ummerki um uppsöfnun mannvistarlaga en engar tóftir eru sjáanlegar á yfirborði. Þetta eru Snjóthús 549:022, Hellisþúfa 549:033, Litla-Leður 550:002, Imbukofahóll 559:004, Vindás 559b:024, ónefnt býli 559b:025, Krókur 559b:007 og Lambhús 559b:009.

Einungis einu býli hefur verið raskað vegna bygginga á 20. öld en það er Litla-Gata 554:002. Þar hafa byggingar verið reistar á hluta bæjarhólsins en uppsöfnun mannvistar er greinileg syðst í hólnum. Á Sólheimum 557:015 og Bjargi 557:016 eru steinsteypt hús sem voru byggð á fyrri hluta 20. aldar en ekki eru heimildir um eldri búsetu þar.

Kirkjur, bænhús, kuml og legstaðir

Þrjár kirkjujarðir eru meðal þeirra sem skráðar voru, Strönd 559b:002, Nes 549:002 og Breiðabólsstaður 554:002. Kirkjunnar á Strönd er fyrst getið í kirknaskrá Páls frá því um 1200 og er hún sú eina sem enn í notkun. Strandakirkja er þjóðfræg kirkja og hefur um aldur verið á henni sú trú að gott væri að heita á kirkjuna þegar erfiðleikar blöstu við. Af þeim sökum var Strandakrikja en auðugasta kirkja landsins um langt skeið og er mögulega enn. Núverandi kirkja er byggð 1888. Hún var endurvígð eftir endurbætur árið 1968 og enn endurbætt og endurvígð 1996. Umhverfi kirkjunnar er allt til mikillar fyrirmyndar. Kirkjan er í h.u.b. miðjum kirkjugarðinum. Í kringum hann er hlaðinn garður sem hefur án efa verið endurbyggður oft. Bílastæði er sunnan við kirkjuna en tröppur upp að henni úr vestri. Neskirkju er fyrst getið í máldaga 1313 en hún var aflögð 1706. Engin ummerki kirkjunnar sjást á yfirborði en minnisvarði er á kirkjustæðinu. Breiðabólsstaðarkirkju er fyrst getið í máldaga frá 1397 og yngsti máldagi kirkjunnar er frá 1575 en hvorki er vitað hvenær hún var aflögð né hvar hún stóð og ekki hafa fundist mannabein í jörð sem geta gefið vísbendingu um staðsetningu hennar. Þó verður að telja verður líklegt að kirkjan hafi verið nærri bænum.

Ekki eru til ritaðar heimildir um bænhús á skráningarsvæðinu en örnefni bera þeim mögulega vitni á þremur stöðum. *Bænhúshóll* er þekkt örnefni bæði í Vogsósum 559:002 og Hlíð 560:002, nærri bæjunum. Örnefnið *Kirkjuhólar* 540:002 er þekkt á Ytri-Grímslæk nálægt landamerkjum við Hraun ÁR-541, nokkuð frá bæjunum. Minjastaðurinn hefur hins vegar horfin í vegagerð, líklega um miðja 20. öld. Áhugavert er að skoða þetta örnefni í tengslum við annað örnefni á sömu slóðum, Krossmóa. Þar átti að hafa verið helgur kross á milli bæjanna á Efri- og Ytri-Grímslæk. Samkvæmt rituðum heimildum hét fólk á krossinn á kaþólskum tíma.

Ekkert kuml hefur fundist á skráningarsvæðinu en möguleg dys fannst vestan við svokallaða Kvennagönguhóla 549:031 rétt fyrir 1940. Þar fundust tölur og hnappar sem blásið höfðu upp og gætu bent til þess að þarna hefði verið grafinn maður í heiðni, en ekki er þó getið um beinafund í tengslum við uppblásturinn.

Útihús, tún- og kálgarðar

Mikið af minjastöðum er yfirleitt að finna í gömlu heimatúnum bæjanna. Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru skepnuhús helstu byggingar á hverri jörð. Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á skráningarsvæðinu til að dreifa áburði. Útihús eru stærsti minjaflokkurinn á skráningarsvæðinu en þau eru jafnframt sá flokkur fornra mannvirkja sem einna verst hefur orðið úti við jarðabætur á 20. öld. Flest slík hús voru fyrir sauðfé en lítið af fjósum og hesthúsum. Fjós hafa sennilega verið hluti af bæjarhúsunum á flestum bæjum eins og meginþorri smiðja og skemma á skráningarsvæðinu. Hlöður urðu ekki algengar á Íslandi fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun 20. aldar og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við skepnuhús þótt ekki séu glöggar heimildir um þetta. Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum gjarnan myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús, en síðan þá hefur þeim fækkað meira en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu víða verið byggð ofan í eldri útihúsarústir og stórar byggingar oft tekið við hlutverki margra minni húsa.

Á skráningarsvæðinu voru skráð 73 útihús sem verður að teljast lítið sé tekið mið af hinum mikla fjölda bæja og býla sem þar er að finna. Heimildir um útihúsin koma úr ýmsum áttum en einna þyngst vega túnakort sem gerð voru í sveitum landsins í upphafi 20. aldar á vegum Búnaðarsambandsins. Slík kort voru gerð í Selvogs- og Ölfushreppi árið 1920 og sýna flest eða öll útihús sem voru á svæðinu á þeim tíma. Af útihúsunum 73 eru 52 (71%) sem ekki er vitað um nákvæmt hlutverk. Þetta háa hlutfall af óþekktum útihúsum stafar eflaust af því að mörg þeirra voru sléttuð út fyrir löngu og erfitt er nú orðið að finna heimildamenn sem muna eftir þeim. Útihús með óþekkt hlutverk voru skráð á 16 lögbýlum. Flest eru þau á Hlíðarenda og í Hlíð, eða sjö á hvorum bæ. Af þessum óþekktu útihúsum eru tóftir, þústir og rústahólar á 38 stöðum, eða á 73% minjastaðanna. Það er óvenju hátt hlutfall í samanburði við önnur svæði sem skráð hafa verið á Suðurlandi og eru gömul útihús almennt í hópi þeirra minja sem hvað verst hafa orðið úti í framkvæmdum á 20. öld.

Samtala	Sérheiti	Ástand
ÁR-539:007		Ekki sést til fornleifar
ÁR-540:003		Ekki sést til fornleifar
ÁR-540:004		Ekki sést til fornleifar
ÁR-540:008	Holtshús	Ekki sést til fornleifar

Samtala	Sérheiti	Ástand
ÁR-540:009	Jaðarskofi	Ekki sést til fornleifar
ÁR-540:016		Hleðslur signar
ÁR-544:003		Hleðslur signar
ÁR-544:004		Ekki sést til fornleifar
ÁR-544:007	Bergmál	Hleðslur útflattar
ÁR-544:011		Hleðslur signar
ÁR-544:056		Hleðslur signar
ÁR-545:002		Hleðslur standa grónar
ÁR-545:003		Ekki sést til fornleifar
ÁR-546:002		Hleðslur signar
ÁR-546:003		Sést til
ÁR-546:004		kki sést til fornleifar
ÁR-546:032		Hleðslur signar
ÁR-547:002		Ekki sést til fornleifar
ÁR-547:003		Sést til
ÁR-547:005		Hleðslur signar
ÁR-547:006		Sést til
ÁR-547:007		Ekki sést til fornleifar
ÁR-547:027		Hleðslur signar
ÁR-547:032		Hleðslur signar
ÁR-551:003		Sést til
ÁR-554:027		Ekki sést til fornleifar
ÁR-554:028		Ekki sést til fornleifar
ÁR-554:031		Hleðslur signar
ÁR-555:003		Hleðslur signar
ÁR-556:008		Undir þaki
ÁR-556:009		Hleðslur signar
ÁR-556:011		Hleðslur signar
ÁR-557:012		Hleðslur standa
ÁR-557:019		Hleðslur standa grónar
ÁR-557:026		Hleðslur signar
ÁR-557:061		Óþekkt
ÁR557b:011		Hleðslur útflattar
ÁR-558:008		Sést til
ÁR-558:012		Hleðslur signar
ÁR-558:013		Hleðslur signar
ÁR-559:004	Imbukofahóll/Vogsósakot	Hleðslur standa grónar
ÁR-559:005		Hleðslur standa grónar
ÁR-560:003		Hleðslur signar
ÁR-560:005		Hleðslur standa grónar
ÁR-560:007		Hleðslur standa grónar
ÁR-560:008		Hleðslur standa grónar
ÁR-560:010		Hleðslur signar
ÁR-560:013		Hleðslur standa grónar
ÁR-560:025		Hleðslur standa grónar

Samtala	Sérheiti	Ástand
ÁR-561:004		Hleðslur standa grónar
ÁR-561:010		Ekki sést til fornleifar
ÁR-561:028		Hleðslur standa grónar

Tafla 3. Útihús með óþekkt hlutverk

Nákvæmt hlutverk 22 útihúsa er þekkt. Þau voru skráð á níu lögbýlum og flest þeirra voru fjárhús, alls 10 talsins. Fimm útihúsanna eru á Efri-Grímslæk ÁR-539, fjögur á Beggastöðum ÁR-555 en færri á öðrum jörðum.

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-539:002		Hesthús	Undir þaki
ÁR-539:004		Lambhús	Ekki sést til fornleifar
ÁR-539:008	Hjallshóll/Hjallhóll	Hjallur	Hleðslur signar
ÁR-539:011	Upphús	Hesthús/fjárhús	Ekki sést til fornleifar
ÁR-539:024	Sauðhústjörn	Fjárhús	Hleðslur útflattar
ÁR-540:005		Fjárhús	Hleðslur standa grónar
ÁR-540:010	Fjóshóll	Fjós	Ekki sést til fornleifar
ÁR-544:006	Hjallhóll	Hjallur	Hleðslur signar
ÁR-544:012	Nýikofi	Hrútakofi	Ekki sést til fornleifar
ÁR-544:018	Presthús	Fjárhús	Ekki sést til fornleifar
ÁR-547:004		Fjárhús	Hleðslur standa grónar
ÁR-554:003	Fjóshóll	Fjós	Sést til
ÁR-554:026		Fjárhús	Hleðslur standa grónar
ÁR-555:002		Fjárhús	Hleðslur signar
ÁR-555:004		Fjárhús	Hleðslur signar
ÁR-555:007		Fjárhús	Hleðslur útflattar
ÁR-555:008		Fjárhús	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557:003		Skemma	Hleðslur standa
ÁR-557:054		Skemma	Ekki sést til fornleifar
ÁR-558:005		Fjárhús	Ekki sést til fornleifar
ÁR-561:031		Hrútakofi	Hleðslur standa grónar

Tafla 4. Útihús með þekkt hlutverk

Lítið er vitað um staðsetningu fjósa á skráningarsvæðinu en líklegt er að þau hafi víða verið sambyggð bæ eins og vísbendingar eru um annars staðar frá á landinu. Þar voru fjós víða inni í bæ eða fast við hann og hlöður áfastar eða í námunda við fjósin. Einungis eru þekktar heimildir um tvö fjós á svæðinu, á Ytri-Grímslæk og Bjarnastöðum en tóftir þeirra eru ekki varðveittar. Á tveimur stöðum (á Breiðabólsstað 544:006 og Efri-Grímslæk 539:008) voru hjallar í heimatúni en á hvorugum staðnum sjást lengur ummerki um þá. Tveir hrútakofar voru skráðir á svæðinu, á Breiðabólsstað 544:012 og í Stakkavík 561:031 og eru tóftir þeirra beggja enn varðveittar. Lambhús 539:004 var á Efri-Grímslæk. Það er eina lambhúsið sem vitað er um á svæðinu en öll ummerki þess eru horfin. Tvö hesthús voru jafnframt skráð, bæði

á Efri-Grímslæk. Hesthús 539:011 er horfið en hitt hesthúsið, 539:002, er ennþá undir þaki og er líklega ekki fornt.

Menn hafa hlaðið túngarða um tún sín frá örófi alda. Mikill kippur kom í túngarðahleðslu á 19. öld og var hún hluti af túnabótum sem áttu sér stað á þessum tíma. Hartnær engin gömul tún lögbýla eru eftir ósnortin á skráningarsvæðinu, bæði vegna túnasléttunar og uppblásturs. Samtals voru skráðir 16 túngarðar á 14 jörðum. Flestir þeirra eru sýndir á túnakortunum frá 1920. Ummerki þeirra allra sjást enn fyrir utan túngarð 554:002 á Bjarnastöðum sem er horfinn. Hafa ber í huga að eflaust voru fleiri túngarðar í Selvoginum sem búið er að slétta út og samkvæmt Þórði Sveinssyni, heimildamanni, voru hlaðnir túngarðar umhverfis öll tún.

Samtala	Ástand
ÁR-539:003	Hleðslur signar
ÁR-540:006	Hleðslur signar
ÁR-544:005	Hleðslur signar
ÁR-546:025	Hleðslur signar
ÁR-547:023	Hleðslur signar
ÁR-547:033	Hleðslur signar
ÁR-549:008	Hleðslur standa grónar
ÁR-549:034	Hleðslur signar
ÁR-554:002	Ekki sést til fornleifar
ÁR-555:009	Hleðslur útflattar
ÁR-556:003	Hleðslur standa grónar
ÁR-557b:015	Hleðslur signar
ÁR-558:016	Hleðslur signar
ÁR-559:009	Hleðslur standa grónar
ÁR-559b:003	Hleðslur standa
ÁR-561:002	Hleðslur standa

Tafla 5. Túngarðar

Túngarður 546:025 er enn að stórum hluta greinilegur umhverfis gamla heimatún Litlalands. Hið sama má segja um túngarð Beggakots 555:009, sem enn má sjá móta fyrir í túninu þrátt fyrir sléttað hafi verið yfir hann. Allir túngarðarnir eru úr torfi og grjóti. En ekki er hægt að tala um túngarða án þess að minnast á hinn fræga Fornagarð sem áður var minnst á. Hann afmakaði byggðina í Selvogunum og sést ennþá á 7 km löngu svæði. Í raun er Fornigarður garðlagakerfi fremur en einn, stakur garður. Fornigarður var skráður undir númerunum 549:007, 027, 558:016 og 559:017.

Skráðir voru 27 kálgarðar á 15 lögbýlum. Heimildir um flesta garðanna eru túnakortin frá árinu 1920. Í Stakkavík voru skráðir sex kálgarðar, fjórir í Þorkelsgerði en færri á öðrum jörðum. Ummerki um alla þekkta kálgarða sjást, fyrir utan kálgarða 539:001, 557:024 og 546:001. Flestir

kálgarðarnir sem enn sjást eru einföld, grjóthlaðin og ferhyrnd gerði, gjarnan á eða í námunda við bæjarhólana. Í sumum tilvikum eru þeir sambyggðir bæjarhúsunum.

Samtala	Ástand
ÁR-539:001	Ekki sést til fornleifar
ÁR-540:001	Sést til
ÁR-546:001	Ekki sést til fornleifar
ÁR-546:028	Hleðslur signar
ÁR-547:001	Sést til
ÁR-549:001	Sést til
ÁR-549:022	Hleðslur signar
ÁR-550:001	Sést til
ÁR-553:003	Hleðslur standa grónar
ÁR-554:001	Sést til
ÁR-554:007	Sést til
ÁR-555:001	Sést til
ÁR-556:001	Sést til
ÁR-557:001	Sést til
ÁR-557:004	Hleðslur signar
ÁR-557:024	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557:025	Hleðslur standa grónar
ÁR-558:001	Sést til
ÁR-559:025	Hleðslur signar
ÁR-560:006	Hleðslur signar
ÁR-560:007	Hleðslur standa grónar
Ár-561:029	Hleðslur standa
ÁR-561:033	Hleðslur standa
ÁR-561:034	Hleðslur standa
ÁR-561:035	Hleðslur standa
ÁR-561:036	Hleðslur standa
ÁR-561:037	Hleðslur standa

Tafla 6. Kálgarðar

Fjórir kálgarðar eru afar vel varðveittir og skipulag þeirra sést að mestu leiti. Þetta eru kálgarðar 550:001, 554:001 og 007, 555:001 og 556:001. Þeir eru allir sunnan við bæjarhúsin og bæjarhlaðið á milli. Kálgarðarnir skiptast allir í tvö hólf og veggirnir grjóthlaðnir að mestu. Kálgarður 556:001 er í Götu. Innan hans eru tveir brunnar og upphlaðnar „brú“ niður sjávarkampinn.

Brunnar

Annar minjaflokkur innan gömlu heimatúnanna eru brunnar en þeir eru ekki sýndir á fyrrnefndum túnakortum. Í Selvoginum var ekki gott aðgengi að fersku vatni og brunnar

nánast við hvern bæ. Sumir brunnanna tilheyrðu fleiri en einum bæ. Samtals voru skráðir 13 brunnar á 10 jörðum. Brunnarnir eru um margt merkilegar minjar og voru flestir notaðir langt fram á 20. öld og brunnur 556:004 er enn í notkun en þar er rafdæla. Vatnshæð í brunnunum fylgdi sjávarmáli og flestir eru þeir djúpir. Færri brunnar voru á skráningarsvæðinu í Ölfushreppi og má líklega tengja það betra aðgengi að fersku vatni.

Samtala	Sérheiti	Ástand
ÁR-539:020		Ekki sést til fornleifar
ÁR-546:007	Bæjarbrunnur	Ekki sést til fornleifar
ÁR-546:008	Fjósabrunnur	Ekki sést til fornleifar
ÁR-549:001		Sést til
ÁR-549:009	Nesbrunnur/Austurnesbrunnur	Sést til
ÁR-553:002	Þórðarkotsbrunnur	Hleðslur standa
ÁR-554:004		Ekki sést til fornleifar
ÁR-554:005		Hleðslur standa
ÁR-555:005		Sést til
ÁR-556:004		Sést til
ÁR-557:002	Þorkelsgerðisbrunnur	Hleðslur standa
ÁR-558:004	Torfabæjarbrunnur	Sést til
ÁR-559:003		Hleðslur standa

Tafla 7. Brunnar

Ummerki um fjóra brunna eru alveg horfin, líklega vegna fyllingar. Aðrir brunnar sjást enn þó yfirleittt sé búið að byrgja þá vegna slysahættu. Brunnur 549:001 er í bæjarröndinni í Nesi. Hann sést ennþá og eru þrep niður að vatnsborðinu.

Kvíar og stekkir

Kvíar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkirnir og oftast í eða við túnjaðar. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur var stundum aðeins um ákveðinn stað að ræða þar sem ær voru mjaltaðar og sumstaðar voru færikvíar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á þessa öld. Hugtakið stöðull er stundum notað um kvíar sem ær voru mjólkaðar í en oftast er það þó notað um stað eða réttir þar sem kýr voru mjólkaðar á sumrum. Ætla má að þær hafi verið á mörgum af bæjunum á skráningarsvæðinu. Líklegasta ástæðan fyrir því að þeirra er ekki getið nema á fáum jörðum gæti verið sú að færikvíar voru mikið algengari í seinni tíð og hafa sennilega ekki staðið á sama stað nema nokkur ár í einu en auk þess má gera ráð fyrir að margar kvíar hafi horfið við túnastækkun, þar sem þær voru oft við jaðar túna.

Einungis voru skráðar þrjár kvíar á skráningarsvæðinu. Hraunkvíar 539:019 eru ennþá varðveittar á Efri-Grímslæk um 650 m frá bæ. Þar er grjóthlaðin tóft, 8x8 m að stærð, hlaðin undir gróna hraunbrún. Nýleg tóft er landi Breiðabólsstaðar, þar sem Stöðull 544:008 var og ekki er

útilokað að ummerki stöðulsins sjást enn þar undir ungu tóftinn. Stöðulnef 561:017 er þekkt í landi Stakkavíkur en ekki sér til tófta þar.

Stekkir eru yfirleitt einfaldar girðingar með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið/við annan enda þar sem fært var frá. Sumstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki sem voru slegnir. Samtals voru skráðir 21 stekkur á 13 lögbýlum á skráningarsvæðinu. Staðsetning fjögurra þeirra er óþekkt (Torfabæjarstekkur 558:023, Brynkastekkur 557:043, Lambastekkur 549:041 og Útvogsstekkur 549:097) og ummerki um sjö eru horfin. Samtals sjást ummerki um 47% stekkjanna.

Samtala	Sérheiti	Ástand
ÁR-539:013	Stekkatúnstjörn	Hleðslur signar
ÁR-539:018	Vörðustekkur	Ekki sést til fornleifar
ÁR-540:013	Eiríksstekkatún	Ekki sést til fornleifar
ÁR-540:014	Ásastekkur	Ekki sést til fornleifar
ÁR-544:022	Stekkjardalur	Hleðslur signar
ÁR-544:034	Steingríms gamlastekkatún	Ekki sést til fornleifar
ÁR-544:037	Stekkjatún	Hleðslur signar
ÁR-546:005	Litlalandsstekkatún/Stekkatún	Hleðslur signar
ÁR-547:012	Stekkjarhóll/Selhóll	Hleðslur signar
ÁR-549:029		Ekki sést til fornleifar
ÁR-549:041	Lambastekkur	Ekki sést til fornleifar
ÁR-549:042	Nesstekkur	Hleðslur standa
ÁR-549:097	Útvogsstekkur	Óþekkt
ÁR-554:036	Bjarnastaðastekkur	Hleðslur signar
ÁR-556:005	Miðvogsstekkur	Óþekkt
ÁR-557:018	Ormsstekkur	Hleðslur signar
ÁR-557:043	Brynkastekkur	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557b:006	Gunnustekkur	Ekki sést til fornleifar
ÁR-558:023	Torfabæjarstekkur	Ekki sést til fornleifar
ÁR-559:019	Vogsósastekkur	Hleðslur signar
ÁR-560:011	Stekkatúnsbrekkur	Hleðslur standa grónar

Tafla 8. Stekkir

Lag og gerð stekkjanna var af ýmsum toga. Einungis tveir minjastaðir eru með dæmigerðum stekkjartóftum, Stekkjardalur 544:022 og Stekkatúnsbrekkur 560:011. Þar eru tvískiptar, grjóthlaðnar tóftir undir jarðföstum klettum. Þar sem annars staðar sést til tófta er um réttir, fjárhús eða garðlög að ræða. Flestir stekkjanna voru á bilinu 450 til 1,2 km fjarlægð frá bæ, á heiðinni fyrir ofan byggðina. Þrír stekkir í Selvoginum skera sig úr hvað þetta varðar og eru í yfir 2 km fjarlægð frá bæjunum. Það eru Bjarnastaðastekkur 544:036, Nesstekkur 549:042 og Miðvogsstekkur 566:005.

Sel, beitarhús, fjárskýli og réttir

Í úthögum og beitilandi eru fjölbreyttar minjar. Flestar þeirra tengjast sauðfjárrækt s.s. beitarhús, stekkir, réttir, vörslugarðar, fjárborgir og smalakofar. Hér fyrir neðan verður fjallað nánar um þessa flokka.

Beitarhús eru fjárhús í úthögum fjarri bæ, sem nýtt voru til útbeitar á vetrum. Sel eru bústaðir í úthögum eða inn til fjalla sem voru notaðir um sumar til að nýta beit og jafnvel slægjur. Oft er erfitt að skera úr um hvort um sel eða beitarhús eru að ræða en selbyggingar voru oft notaðar sem beitarhús á vetrum. Þess er sjaldnast getið hve lengi haft var í seli, en oftast var seljabúskap hætt snemma á 19. öld. Seljarústir eru yfirleitt skráðar á stærri jörðum, kirkjujörðum og stærri býlum sem eiga land til fjalla eða afrétta. Aðeins voru þekkt fjögur beitarhús á skráningarsvæðinu en skráður var talsverður fjöldi selja, eða 18 slík mannvirki og hefst því umfjöllunin hér á þeim. Ummerki allra seljanna sjást ummerki fyrir utan Hlíðarsel 560:004. Meirihluti seljanna er við hraunhóla, stóra kletta og hellisskúta þar sem var eflaust hentugt að geyma mjólk. Það vekur hins vegar athygli að það heyrir til undantekninga að gott aðgengi að ferksvatni sé þekkt nærri seljunum.

Samtala	Sérheiti	Ástand
ÁR-544:020	Breiðabólsstaðarsel II	Hleðslur signar
ÁR-544:028	Breiðabólsstaðarsel	Hleðslur signar
ÁR-544:041	Þorlákshafnarsel/Hafnarsel	Hleðslur standa grónar
ÁR-546:019	Litlalandssel	Hleðslur signar
ÁR-547:020	Hlíðarendasel	Hleðslur signar
ÁR-549:032	Nessel	Hleðslur útflattar
ÁR-549:048	Hnúkasel	Hleðslur signar
ÁR-549:103	Seljavellir	Hleðslur signar
ÁR-554:022	Bjarnastaðaból/Bjarnastaðasel	Hleðslur standa grónar
ÁR-557:022	Þorkelsgerðisból/Þorkelsgerðissel	Hleðslur standa grónar
ÁR-557b:012	Ólafarsel	Hleðslur standa grónar
ÁR-559:029	Vindássel	Hleðslur signar
ÁR-559:030	Eymuból	Hleðslur signar
ÁR-559b:033	Strandarsel/Staðarsel	Hleðslur standa grónar
ÁR-560:004	Hlíðarsel/Stekkjardældir	Ekki sést til fornleifar
ÁR-560:021	Valgarðsborg	Hleðslur signar
ÁR-561:026	Stakkavíkursel/Stakkavíkursel "yngra"	Hleðslur signar
ÁR-561:027	Stakkavíkursel "eldra"	Hleðslur signar

Tafla 9. Sel

Þrjú sel voru skráð í Nesi og á Breiðabólstað en færri á öðrum jörðum. Tvær eða fleiri jarðir deildu sömu selstöðu á nokkrum stöðum og enn aðrar jarðir létu land undir selstöðu í

staðinn fyrir skipsuppsátur annars staðar. Flest selin bera þekkt nöfn og oftast vitað hvaða bæjum þau tilheyrðu. Þó eru þrjú þeirra „óþekkt“ ef svo má að orði komast, þ.e. Hnúkasel 549:048, tóft 549:103 á Seljavöllum og sel 554:020. Flest seljanna samanstanda af þremur eða fleiri rústum, helli eða skúta og eru umfangsmikil. Nokkur seljanna skera sig þó úr hvað umfang varðar. Litlalandssel 546:019 samanstendur af þremur tóftum, tveim óljósum þústum og vörðu og ná minjarnar yfir svæði sem er er 90x40 m að stærð. Sprunginn hraunhóll er þar hluti af húsakosti en allar tóftirnar eru signar og ógreinilegar. Bjarnastaðasel 544:022 er umfangsmikið en það var einnig nýtt frá Götu. Þar eru þrjár miklar rústaþyrpingar á svæði sem er 40x20 m á stærð. Eymuból 559:030 er í náttúrulegu jarðfalli og þar ofan í eru jafnframt tveir hellisskútar sem nýttir voru. Þar eru ekki tóftir en hlaðið er meðfram öllum brúnum. Sel 544:020 er í landi Breiðabólsstaðar, norðan við Krossfjöll. Ekki er getið um selið í örnefnaskrá eða öðrum rituðum heimildum svo vitað sé en Ómar Smári Ármannsson, nefnir þær Breiðabólsstaðarsel II. Óvíst er þó hvort að selið sé frá þeim bæ eða hafi verið nýtt af annarri jörð. Þar má sjá sjö signar tóftir á 100 x 40 m stóru svæði. Sumar tóftirnar eru byggðar upp við hraunbrún en aðrar eru stakstæðar. Miðað við umfang minjanna er með ólíkindum að vitneskja um þær hafi fallið í gleymsku þar til á allra síðustu árum.

Beitarhúsin eru sem fyrr segir einungis fjögur talsins og eru þau öll vel greinileg enn. Tvö þeirra eru í Vogsósum, 559:021 og 027. Þau eru ekki fornleg og beitarhús 027 var nýtt fram til 1930. Beitarhús 546:009 eru í Litlandi. Þar eru tvær tóftir uppi á hraunbrún. Ekki sér til jötu, garða né hlöðu í þeim. Í Stakkavík eru beitarhús 561:023 og eru þau vel varðveitt.

Fjárskýli eru hvers kyns skjól eða afdrep fyrir sauðfénað, þ.m.t. fjárborgir. Fjárskýli er yfirleitt að finna í úthögum og tengjast vetrarbeit sauðfjár. Þau eru þó ekki einvörðungu í úthögum á skráningarsvæðinu, heldur einnig rétt utan við gömlu heimatúnin nærri bæjunum. Í Selvoginum eru t.d. víða fjárborgir á sjávarkampinum sem nýttar voru við fjörubeit, utan gömlu heimatúnanna. Flest fjárskýlanna eru hringhlaðnar fjárborgir eða náttúrulegir hellar sem hlaðið var fyrir. Hellarnir eru allir í úthögum, fjarri bæjunum. Alls voru skráð 21 fjárskýli á skráningarsvæðinu. Ummerki um fimm þeirra eru horfin og staðsetning tveggja er óþekkt. Þrjár fjárborgir voru skráðar í Hlíðarenda, Þorkelsgerði og Hlíð en færri á öðrum jörðum.

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-539:017	Borgarhóll	Fjárskýli	Hleðslur signar
ÁR-544:024	Ingjaldsborg	fjárskýli/fjárhús	Hleðslur signar
ÁR-544:035	Breiðabólsstaðarborg	Fjárskýli	Hleðslur signar
ÁR-547:014	Hlíðarendahellir	Fjárskýli/hlaða	Hleðslur signar
ÁR-547:016	Fjallsendahellir	Fjárskýli	Ekki sést til fornleifar
ÁR-547:017	Fjárborg	Fjárskýli	Hleðslur standa

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-549:017	Nesborgir	Fjárskýli	Hleðslur standa
ÁR-549:088	Borgarhóll	Fjárskýli	Óþekkt
ÁR-554:018	Bjarnastaðaborgir	Fjárskýli	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557:028	Gapi/Gapahellir/Gapastekkur	fFárskýli/stekkur	Hleðslur standa grónar
ÁR-557:050	Bjargarhellir	Fjárskýli	Sést til
ÁR-557:055	Þorkelsborgir	Fjárskýli	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557b:007	Strandarhellir	Fjárskýli	Hleðslur signar
ÁR-558:020		Fjárskýli	Ekki sést til fornleifar
ÁR-558:024	Torfabæjarborg	Fjárskýli	Óþekkt
ÁR-559:011	Vogsósaborg/Vogsósarétt	Fjárskýli/fjárhús	Ekki sést til fornleifar
ÁR-559:018		Fjárskýli	Hleðslur standa grónar
ÁR-560:009	Borgaskörð	Fjárskýli	Hleðslur standa
ÁR-560:020	Hlíðarborg	Fjárskýli/beitarhús	Hleðslur standa grónar
ÁR-560:022		Fjárskýli	Hleðslur standa
ÁR-561:021	Fjárborgin	Fjárskýli	Hleðslur standa

Tafla 10. Fjárskýli

Ingjaldsborg 544:024 er á Breiðabólsstað. Þar voru þrjár eða fjórar borgir fyrir ofan "hlíðina" norðvestan við bæinn. Fjárborgunum var raskað í upphafi 20. aldar þegar fjárhús voru byggð ofan í og yfir þær. Enn má þó sjá tóftirnar, undir fjárhúsunum, á stóru svæði. Breiðabólsstaðarborg 544:035 er fyrir austan samnefndan bæ, í uppblásnu og sendnu hrauni. Fjárborgin er uppi á sprungnum hraunhól sem sker sig frá nánasta umhverfi sökum mikillar grænku. Þessir tveir staðir sýna vel hvernig beitinni var stjórnað, bæði uppi á fjalli og niðri á sandi. Sem fyrr segir voru hellar nýttir sem fjárskýli í úthögum. Gapi 557:028 er í landi Þorkelsgerðis. Þar er hlaðin rétt fyrir framan helli og hleðsla meðfram opinu. Hlíðarendahellir 547:14 er annað dæmi um fjárskýli. Þar er 40 m löng hleðsla meðfram hellisgjögri og stakstæð hlöðutóft.

Aðhöld til að hemja skepnur, önnur en fjárskýli, gæsaréttir, hrossaborgir, kvíar og stekkir eru flokkuð sem *réttir* í fornleifaskráningu. Réttir eru aðallega notaðar til að geyma skepnur tímabundið (t.d. í rekstri), draga sundur og/eða til að fást við þær, t.d rýja, mjalta eða gelda. Alls voru skráðar 18 réttir af ýmsum stærðum og gerðum á níu lögbýlum innan skráningarsvæðisins. Flestar þeirra eru í Nesi, alls sjö, en færri á hinum jörðunum. Af þeim eru þrjár horfnar eða staðsetning þeirra óþekkt.

Númer	Sérheiti	Ástand
ÁR-539:026		Hleðslur standa grónar
ÁR-540:019		Hleðslur standa grónar
ÁR-544:010	Ólafsvörður	Hleðslur signar
ÁR-549:011	Nesrétt/Austurvogsrétt	Hleðslur standa

ÁR-549:040		Hleðslur signar
ÁR-549:043	Víghólsrétt	Óþekkt
ÁR-549:044	Geitafellsrétt	Hleðslur signar
ÁR-549:056		Hleðslur signar
ÁR-549:065		Hleðslur signar
ÁR-549:067	Imphólarétt	Hleðslur signar
ÁR-554:010	Bjarnastaðarétt/Miðvogsrétt	Hleðslur útflattar
ÁR-554:019	Borga(r)klettar	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557:005	Þorkelsgerðisrétt	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557:023		Hleðslur signar
ÁR-558:018	Útvogsréttir/Þorkelsgerðisréttir	Hleðslur signar
ÁR-559:007	Réttartangi	Sést til
ÁR-559:026	Vörðufellsrétt/Selvogsrétt	Hleðslur standa grónar
ÁR-561:020	Gamlaréttin/Réttarnes	Hleðslur standa

Tafla 11. Réttir

Tvær réttir voru skilaréttir. Geitafellsrétt 549:044 er gömul skilarétt Selvogs- og Ölfushrepps. Réttin er hlaðin upp við hamravegg Réttargjáar og er í aflíðandi halla til austurs. Hún er 35x20 m að stærð og skiptist í fimm dilka. Aðrekstrargarður liggur að réttinni úr norðaustri og er réttin afar fallegur minjastaður. Vörðufellsrétt eða Selvogsrétt 559:026 var skilarétt fyrir Selvoginn. Hún tók við af Geitafellsrétt um aldamótin 1900 og notuð fram undir 1920. Réttin er grjóthlaðin, 75x50 m að stærð og skiptist í 8-9 dilka. Réttin er uppi á Vörðufelli og var það ein helsta ástæða þess að hætt var að nota hana, staðsetningin þótti óhentug og hún erfið til innrekstrar.

Alls voru skráðar 11 réttir sem má flokka sem „heimaréttir“. Þær eru bæði innan gömlu heimatúnanna og utan þeirra. Nokkrar réttanna eru sambyggðar túngörðum sem afmörkuðu túnin. Sem dæmi um slíkar réttir eru Ólafsvörður 544:010 og Bjarnastaðarétt 554:010. Einnig voru skráðar fimm réttir á heiðum, í 2-4 km fjarlægð frá bæjunum. Þær eru misjafnar að stærð og gerð en líklega tengdar sauðfjárbeit.

Mótekja og torfrista

Aðeins voru fimm minjastaðir skráðir sem tengjast mótekju og torfristu. Mógrafir 544:30 eru innst (nyrst) í Torfdal í landi Breiðabólsstaðar. Þar er svokölluð *Mómýri* og má enn greina mógrafir þar. Nokkuð sunnar í Torfdal eru móstæði 544:051 þar sem mórinn var þurrkaður. Örnefnið *Torfdalur* bendir einnig til að þarna hafi verið torfrista. Mógrafir voru einnig í Bugamýri 546:010, skammt frá heimatúni Litlalands. Þær eru horfnar og hafa líklega verið fylltar. Á Hlíðarenda var Mókofi 547:010 þar sem mór var þurrkaður en ekki er vitað hvar

mórinn var tekinn. Í sjálfum Selvoginum eru einungis þekktar einar mógrafir, Móvatnsstæði 560:024. Mógrafirnar eru rúmum 8 km norðan við byggðina, uppi á afrétti.

Einn torfristustaður, Torfhóll 539:012 er skráður á Efri-Grímslæk. Hóllinn er innan heimatúnsins en ekki er vitað hvar torfið var rist.

Garðlög

Þau garðlög sem skráð voru, fyrir utan landamerkja- og túngarða, voru vörslu- og varnargarðar. Samtals voru skráð 19 garðlög á 11 lögbýlum og voru sjö þeirra á Strönd.

Samtala	Hlutverk	Ástand
ÁR-540:011	Óþekkt	Hleðslur signar
ÁR-544:053	Vörslugarður	Hleðslur útflattar
ÁR-546:022	Vörslugarður	Hleðslur signar
ÁR-547:031	Vörslugarður	Hleðslur signar
ÁR-549:012	Varnargarður	Hleðslur signar
ÁR-549:027	Varnargarður	Hleðslur útflattar
ÁR-554:011	Varnargarður	Sést til
ÁR-557:009	Varnargarður	Ekki sést til fornleifar
ÁR-558:003	Varnargarður	Hleðslur standa
ÁR-559:017	Vörslugarður	Hleðslur signar
ÁR-559b:021	Vörslugarður	Hleðslur signar
ÁR-559b:022	Vörslugarður	Hleðslur signar
ÁR-559b:026	Varnargarður	Hleðslur standa
ÁR-559b:027	Vörslugarður	Hleðslur signar
ÁR-559b:028	Vörslugarður	Hleðslur signar
ÁR-559b:032	Vörslugarður	Hleðslur signar
ÁR-559b:034	Vörslugarður	Óþekkt
ÁR-561:019	Varnargarður	Ekki sést til fornleifar
ÁR-561:038	Vörslugarður	Hleðslur signar

Tafla 12. Garðlög

Hlutverk garðlags 540:011 er óþekkt. Það er nærri merkjum Ytri-Grímslækjar og Hrauns ÁR-541 og er grjóthlaðið. Fimm garðanna sem skráðir voru eru sjóvarnargarðar (549:012, 554:011, 557:019, 558:003 og 559b:026). Sjóvarnargarðar eru meðfram allri strandlengju Selvogsins og eru þeir líklega frá ýmsum tímum, sá yngsti er einungis nokkurra ára gamall.

Önnur garðlög sem skráð voru flokkast sem vörslugarðar. Einna mestur þeirra er Fornigarður sem lá allt frá Hlíðarvatni og austur fyrir Nes ÁR-549 og var fjallað um hér framar í skýrslunni.

Minjar tengdar sjósókn

Fornleifar sem bera vitni um sjósókn og sjávarútvegs voru nokkuð algengar á skráningarsvæðinu. Eins og gefur að skilja voru þær flestar við fjörur eða nærri sjó og mikið af þeim hefur eðli málsins samkvæmt horfið eða raskast vegna ágangs sjávar. Alls voru skráðir 36 minjastaðir sem allir tengjast sjósókn, á átta lögbýlum. Í Þorkelsgerði voru staðirnir 11 talsins, níu í Nesi en færri á öðrum jörðum.

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-549:014		Herslubyrgi	Ekki sést til fornleifar
ÁR-554:016		Herslubyrgi	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557:007		Herslubyrgi	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557:008		Herslubyrgi	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557:017	Katlabyrgi	Herslubyrgi	Hleðslur signar
ÁR-549:083		Herslugarður	Hleðslur signar
ÁR-557:006		Herslugarður	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557:040		Herslugarður	Hleðslur signar
ÁR-549:024	Selvogsviti	Viti	Sést til
ÁR-557:013	Rollubúð	Verbúð	Hleðslur signar
ÁR-557:014	Melbúð/Moldubúð	Verbúð	Ekki sést til fornleifar
ÁR-559b:016	Bæjarbúð	Verbúð	Ekki sést til fornleifar
ÁR-560:017	Gamlavör	Uppsátur	Ekki sést til fornleifar
ÁR-549:003	Austurbúð	Sjóbúð	Ekki sést til fornleifar
ÁR-549:016		Sjóbúð	Hleðslur standa grónar
ÁR-549:085		Sjóbúð	Ekki sést til fornleifar
ÁR-554:013	Þorsteinsbúð	Sjóbúð	Ekki sést til fornleifar
ÁR-554:015		Sjóbúð	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557:037	Moldur	Sjóbúð	Hleðslur standa grónar
ÁR-561:008	Mölvíkurbúð/-byrgi	Sjóbúð	Hleðslur standa grónar
ÁR-561:008		Sjóbúð	Ekki sést til fornleifar
ÁR-549:013	Nesnaust	Naust	Ekki sést til fornleifar
ÁR-554:017	Bjarnastaðanaust	Naust	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557:036	Stokksvíkursund ytra	Naust	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557:060	Þorkelsgerðisnaust	Naust	Ekki sést til fornleifar
ÁR-561:016	Naustið	Naust	Hleðslur standa grónar
ÁR-549:018	Skökk	Lending	Ekki sést til fornleifar
ÁR-549:019	Nesvör/Austur-vogsvör	Lending	Ekki sést til fornleifar
ÁR-554:034	Bjarnastaðavör	Lending	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557:041	Þorkelsgerðisvör/Útvogsvör	Lending	Sést til
ÁR-557b:004	Eimuvarir	Lending	Ekki sést til fornleifar
ÁR-559b:011	Bótin	Lending	Ekki sést til fornleifar
ÁR-561:003	Vörin	Lending	Ekki sést til fornleifar
ÁR-561:007	Mölvíkurvarir	Lending	Ekki sést til fornleifar
ÁR-561:015	Gamlavörin	Lending	Ekki sést til fornleifar

ÁR-559:032		Heygryfja	Ekki sést til fornleifar

Tafla 13. Minjar tengdar sjósókn.

Stærsti minjaflokkurinn eru lendingar en níu slíkar voru skráðar. Flestar lendingar voru í landi Stakkavíkur (þrjár talsins) en færri eru skráðar á öðrum lögbýlum. Hjáleigur áttu oftast lendingu í landi heimajarða sinna. Aðeins var hægt að greina mannaverk á einni lendingu, í Þorkelsgerðisvör/Útvogsvör 554:041 þar sem ryðgaður járnstautur er boraður er í klöpp.

Fimm naust og eitt uppsátur eru þekkt á skráningarsvæðinu. Þau eru öll horfin fyrir utan Naustið 561:016. Það er við Hlíðarvatn, er 11x4 m að stærð og mjókkar til norðurs. Naustið er opið að Hlíðarvatni.

Annar minjaflokkur sem tengist sjósókn eru svokallaðar sjóbúðir. Átta slíkar búðir voru skráðar en ummerki sjóbúðar 549:016 í Nesi er sú eina sem enn sést. Landbrot hefur hins vegar höggvið nokkuð skarð í tóftina en á svæðinu sjást brotakenndar hleðsluleifar á 25x5 m stóru svæði og ætla má að tóftin hafi skipst í fjögur hólf.

Herslugarðar og –byrgi voru notuð til þess að þurrka fisk. Á skráningarsvæðinu voru átta herslugarðar og –byrgi og sáust ummerki þriggja. Katlabyrgi 557:017 í landi Þorkelsgerðis er herslubyrgi sem er 4x4 m að stærð og er það grjóthlaðið. Líklega var ekki þak á byrginu þó erfitt sé að segja það með vissu. Herslugarður 557:040 er einnig í landi Þorkelsgerðis. Þar eru slitróttar grjóthleðslur. Í Nesi sjást víða slitróttar hleðslur á afmörkuðu svæði og voru þær skráðar saman voru undir númerinu 549:083. Stærð þeirra og lögun bendir helst til að þær hafi verið herslugarðar og minna þær talsvert á herslugarð 557:040.

Einungis þrjár verbúðir voru skráðar sem verður að teljast lítill fjöldi miðað við umfang útræðis í Selvogi að vetrarlagi. Ummerki tveggja verbúðanna eru horfnar en óverulegar leifar þeirrar þriðju, líklega Rollubúðar 557:013 sjást enn. Þar er mikil grjótdreif og óreglulegir veggjabútar.

Samgönguminjar

Bæði í Ölfus- og Selvogshreppi voru margar þjóðleiðir og fjölmargar samgönguminjar eru ennþá greinilegar. Samtals voru skráðir 113 minjastaðir tengdir samgöngum, m.a. götur, vegir, traðir, vörður, vöð og brýr.

Samtals voru skráðar 55 leiðir á svæðinu. Til aðgreiningar voru leiðirnar flokkaðar gróflega í þrjá flokka: leiðir innan jarða, leiðir innan sveitar og þjóðleiðir.

Leiðir innan jarða eru fjölbreyttar. Þetta eru leiðir út á engjar, milli húsa eða götur sem sjást á stuttum kafla og ekki er hægt að rekja lengra. Það liggur í augum uppi að þær leiðir

sem nú eru þekktar eru aðeins lítill hluti af þeim leiðum sem farnar voru innan jarða og heimildir um leiðir hafa glatast í tímans rás. Alls voru skráðar 14 leiðir innan jarða. Sem dæmi þær má nefna Sneiðgötu 544:014, leið 546:031 og Götubryggju 556:006.

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-544:014	Sneiðgata	Leið innan jarðar	Sést til
ÁR-544:043		Þjóðleið	Sést til
ÁR-544:044	Tæpistígur	Þjóðleið	Ekki sést til fornleifar
ÁR-544:054		Leið innan jarðar	Sést til
ÁR-544:055		Þjóðeið	Sést til
ÁR-546:015		Leið innan jarðar	Sést til
ÁR-546:018	Heyklif	Þjóðleið	Sést til
ÁR-546:031		Leið innan jarðar	Sést til
ÁR-546:036		Þjóðleið	Sést til
ÁR-547:008	Bæjarstígur	Leið innan jarðar	Sést til
ÁR-547:011		Leið innan jarðar	Sést til
ÁR-549:006		Leið innan jarðar	Ekki sést til fornleifar
ÁR-549:007		Leið innan jarðar	Ekki sést til fornleifar
ÁR-549:010		Leið milli bæja	Ekki sést til fornleifar
ÁR-549:031	Kvennagönguhóll	Þjóðleið	Hleðslur standa
ÁR-549:039		Leið innan jarðar	Óþekkt
ÁR-549:046	Hafnarvegur	Þjóðleið	Sést til
ÁR-549:049		Þjóðleið	Sést til
ÁR-549:073		Þjóðleið	Hleðslur standa
ÁR-549:074		Þjóðleið	Hleðslur standa
ÁR-549:076		Þjóðleið	Hleðslur standa grónar
ÁR-549:077		Þjóðleið	Hleðslur signar
ÁR-549:078		Þjóðleið	Hleðslur signar
ÁR-549:090		Leið milli bæja	Ekki sést til fornleifar
ÁR-549:101	Fornagata	Þjóðleið	Sést til
ÁR-549:104		Þjóðleið	Sést til
ÁR-554:023		Þjóðleið	Sést til
ÁR-556:006	Götubryggja	Leið innan jarðar	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557:027		Leið milli bæja	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557:030		Leið innan jarðar	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557:031		Leið innan jarðar	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557:032		Þjóðleið	Sést til
ÁR-557:039	Suðurferðavegur/Grindaskarðavegur/Útvogsgata	Þjóðleið	Sést til
ÁR-557:052		Leið milli bæja	Ekki sést til fornleifar
ÁR-559:013	Kirkjuvegur/Prestavegur	Leið milli bæja	Hleðslur standa
ÁR-559:024		Þjóðleið	Sést til
ÁR-559:028		Þjóðeið	Sést til
ÁR-559b:031	Kirkjustígur/Gamlivegur	Leið milli bæja	Ekki sést til fornleifar
ÁR-560:012	Hlíðargata	Leið innan jarðar	Sést til
ÁR-560:015	Slóðin efri	Þjóðeið	Ekki sést til fornleifar

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-560:018	Kirkjugata	Leið milli bæja	Sést til
ÁR-560:019	Hlíðarvegur/Gönguleið	Þjóðleið	Sést til
ÁR-561:006	Stakkavíkurstígur	Þjóðleið	Sést til
ÁR-561:011	Alfaraleið	Þjóðleið	Sést til
ÁR-561:018	Gamlistígur	Leið innan jarðar	Ekki sést til fornleifar
ÁR-561:025	Nátthagastígur	Þjóðleið	Ekki sést til fornleifar
ÁR-561:039		Leið milli bæja	Hleðslur standa grónar
ÁR-720:003		Þjóðleið	Sést til
ÁR-720:004		Leið milli bæja	Sést til
ÁR-720:005		Leið milli bæja	Sést til
ÁR-720:007	Þorlákshafnarvegur	Þjóðleið	Ekki sést til fornleifar
ÁR-720:008		Þjóðleið	Ekki sést til fornleifar
ÁR-731:001		Leið milli bæja	Ekki sést til fornleifar
ÁR-731:002		Þjóðleið	Sést til
ÁR-731:003	Bjarnastaðavegur	Þjóðleið	Ekki sést til fornleifar
ÁR-731:004	Fornugötur	Þjóðleið	Ekki sést til fornleifar

Tafla 14. Leiðir á skráningarsvæðinu.

Tíu leiðir á milli jarða voru skráðar. Þær voru í flestum tilvikum um leiðir á milli bæja eða staða innan sveitar. Dæmi um þetta eru leið 557:027 sem lá á milli Þorkelsgerðis og Torfabæjar og Kirkjugata 560:018 sem lá frá Hlíð að Strandakirkju. Líkt og með leiðir innan jarða er ljóst að margar af þeim leiðum sem áður voru farnar milli bæja eða staða í sveitum eru nú gleymdar og týndar. Myndin sem þekktar leiðir gefa af samgöngumynstri svæðisins er því brotakennd.

Alls voru skráðar 31 þjóðleiðir á skráningarsvæðinu sem verður að teljast fremur mikið. Samgöngur í Selvoginn voru erfiðar og sveitin þótti afskekkt. Akfær bílvegur var ekki lagður fyrr en um miðja 20. öld og þjóðleiðirnar nýttar fram undir það. Hér verður ekki fjallað um þeir leiðir sem eru uppi á afrétti Ölfusinga, það bíður betri tíma. En á afrétti Selvogshrepps eru þekkar fjölmargar þjóðleiðir, líkt og Grindarskörð 731:002, Hlíðarvegur 560:012 og Þorlákshafnarvegur 720:007.[11] Ummerki um flestar leiðirnar sjást enn og ástand þeirra er æði misjafnt. Sumar leiðirnar voru ruddir vagnvegir, aðrar eru varðaðar hestagötur, nokkrir paldrar sjást víða í mörgum og enn aðrar eru klappaðar í hraun á köflum.

Samtals voru skráðar 16 heimreiðar sem merktar höfðu verið inn á túnakort frá 1920. Heimreiðarnar voru í flestum tilvikum horfnar vegna sléttunar, vegagerðar eða annars rasks en þó mátti enn sjá móta fyrir þeim á fimm stöðum. Traðirnar á Vindheimum 545:004 sjást enn að hluta sem upphlaðinn, vagnfær vegur. Traðir 549:021 á Nesi eru niðurgrafin renna í sléttu túni. Ekki er að sjá sem þar hafi verið upphlaðnir veggir. Traðir 554:030 lágu að

[11] Hafa ber í huga að einhverjar þjóðleiðir gætu verið tvískráðar. Skráningarsvæðið var skráð á mismunandi tíma og t.d. sama leiðin skráð 2007 og 2012, á mismunandi jörðum.

Bjarnastöðum. Vesturveggur þeirra er enn varðveittur en aðrir hlutar komnir í slétt tún og undir veg. Götutraðir 556:010 lágu bæði að Götu og Beggakoti, á merkjum jarðanna. Vesturveggur traðanna sést enn þrátt fyrir að sléttað hafi verið yfir hann og víða glittir í grjót. Traðir 557:038 eru austan við bæinn í Þorkelsgerði. Þær voru aðallega fyrir kýr, þegar þær voru reknar til beitar í gegnum heimatún bæjanna. Óljós grjótdreif ber traðarveggjunum nú merki.

Samtala	ástand
ÁR-550:003	Ekki sést til fornleifar
ÁR-551:002	Ekki sést til fornleifar
ÁR-552:002	Ekki sést til fornleifar
ÁR-553:004	Ekki sést til fornleifar
ÁR-539:022	Ekki sést til fornleifar
ÁR-540:018	Ekki sést til fornleifar
ÁR-545:004	Sést til
ÁR-546:024	Ekki sést til fornleifar
ÁR-547:030	Ekki sést til fornleifar
ÁR-549:021	Sést til
ÁR-554:030	Sést til
ÁR-555:006	Ekki sést til fornleifar
ÁR-556:010	Hleðslur signar
ÁR-557:038	Hleðslur signar
ÁR-558:010	Ekki sést til fornleifar
ÁR-559:014	Ekki sést til fornleifar

Tafla 15. Traðir

Nokkrar brýr og vöð voru skráð en ekki eru þau mörg enda lítið um vatnsföll á skráningarsvæðinu. Vöðin voru sex og brýrnar sjö, á fjórum lögbýlum. Yfirleitt sáust lítil sem engin ummerki um vöðin en þekkt vöð voru gjarnan á þjóðleiðum eða á leiðum milli bæja.

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-544:015	Beljuvað	Vað	Ekki sést til fornleifar
ÁR-544:016	Meravað	Vað	Ekki sést til fornleifar
ÁR-546:017	Helluvað	Vað	Ekki sést til fornleifar
ÁR-559:006	Vogsósavað	Vað	Ekki sést til fornleifar
ÁR-559:008	Gamlavað/Ósvaðið nyrðra	Vað	Ekki sést til fornleifar
ÁR-559:015	Eysteinsvað/Póstvað	Vað	Ekki sést til fornleifar
ÁR-561:012	Vaðið	Vað	Ekki sést til fornleifar
ÁR-539:021	Brúarauga	Brú	Ekki sést til fornleifar
ÁR-554:012	Bryggjan	Brú	Hleðslur standa grónar
ÁR-546:014	Steinbogi	Brú	Ekki sést til fornleifar
ÁR-547:036		Brú	Hleðslur signar
ÁR-547:037		Brú	Sést til

ÁR-547:038		Brú	Ekki sést til fornleifar
ÁR-560:016		Brú	Ekki sést til fornleifar

Tafla 16. Vöð og brýr

Brýrnar voru flestar á leiðum innan heimatúna eða í jaðri þeirra. Þær eru allar horfnar fyrir utan grjóthleðslur 547:036 og 037 í bæjarlæk Hlíðarenda og Bryggjuna 544:012 í landi Bjarnastaða. Þar sést grjóthlaðin garður sem gengið var á yfir tjörn.

Fjölmargar vörður eru innan skráningarsvæðisins. Vörður geta gegnt margvíslegum hlutverkum, t.d. verið landamerki, eyktarmark eða markað leið. Flestar af þeim vörðum sem skráðar voru að þessu sinni hafa verið hlaðnar til samgöngubóta. Alls voru skráðar 22 vörður á átta lögbýlum sem töldust hafa það hlutverk. Flestar þeirra eru nærri þekktum leiðum eða voru sundvörður. Af þeim eru fimm í landi Breiðabólsstaðar og fimm á Bjarnastöðum en færri á hinum jörðunum.

Samtala	Sérheiti	Ástand
ÁR-544:023	Bræðraborg	Hleðslur standa grónar
ÁR-544:036	Þrívörður	Ekki sést til fornleifar
ÁR-544:038	Grjótavarða	Hleðslur standa
ÁR-544:048		Hleðslur signar
ÁR-544:052		Hleðslur standa
ÁR-547:019	Þorlákshafnarvarða	Hleðslur signar
ÁR-549:015	Nesvarða/Sundvarða	Ekki sést til fornleifar
ÁR-549:023	Snjóthúsavarða/Snjóhúsavarða	Ekki sést til fornleifar
ÁR-549:028		Ekki sést til fornleifar
ÁR-554:020	Litlavarða	Hleðslur signar
ÁR-554:021	Digravarða/Stóravarða/Austurvogsvarða	Hleðslur signar
ÁR-554:038		Hleðslur standa
ÁR-554:039		Hleðslur standa
ÁR-554:040		Hleðslur standa
ÁR-557:011	Sundvarða	Ekki sést til fornleifar
ÁR-557:044		Hleðslur standa
ÁR-557:045		Hleðslur standa
ÁR-557:046		Hleðslur standa
ÁR-558:006	Útvogsvarða	Hleðslur standa
ÁR-558:007	Stekkjarvarða	Ekki sést til fornleifar
ÁR-559:023	Háavarða	Ekki sést til fornleifar
ÁR-559b:008	Króksvarða	Ekki sést til fornleifar
ÁR-559b:013	Sundvarða	Ekki sést til fornleifar

Tafla 17. Vörður

Níu vörður eru horfnar eða staðsetning þeirra týnd. Af þeim vörðum sem enn sjást er Bræðraborg 544:023 á Breiðabólsstað einna merkust. Þar voru áður tvær stórar, grjóthlaðnar vörður en önnur er nú hrunin. Sú sem enn stendur er 2x2 m að grunnfleti, 1,4 m á hæð og

strýtulaga. Toppur hennar er hruninn. Bræðraborg er uppi á hlíðinni norðvestan við bæinn og frá henni er afar víðsýnt til allra átta. Vörðurnar voru mögulega vegvísar á leið 720:004, sem liggur neðar í hlíðinni eða að Ingjaldsborg 544:024 sem er norðar. Digravarða 554:021 er fast við Suðurstrandarveg. Hún var bæði vegvísir á Fornugötu 731:004 og er sundvarða fyrir Útvogssund. Varðan er efst á 2-3 m háum hraunhól og sést víða að.

Landamerki

Samtala	Sérheiti	Tegund	Ástand
ÁR-539:023		Áletrun	Ekki sést til fornleifar
ÁR-540:017		Áletrun	Ekki sést til fornleifar
ÁR-544:050	Vörðuás	Varða	Ekki sést til fornleifar
ÁR-546:021		Varða	Óþekkt
ÁR-547:021		Varða	Hleðslur signar
ÁR-547:026	Þrívörður	Varða	Ekki sést til fornleifar
ÁR-549:036	Fótalaus	Áletrun	Hleðslur standa
ÁR-549:082	Þrívörður	Varða	Ekki sést til fornleifar
ÁR-549:093		Varða	Hleðslur standa
ÁR-549:094		Varða	Ekki sést til fornleifar
ÁR-554:014	Markasker	Áletrun	Ekki sést til fornleifar
ÁR-554:037		Varða	Sést til
ÁR-557b:005		Aarða	Ekki sést til fornleifar
ÁR-558:009		Áletrun	Sést til
ÁR-559:035		Varða	Hleðslur standa
ÁR-559b:029	Eymuvarða	Varða	Hleðslur standa grónar
ÁR-559b:030		Áletrun	Ekki sést til fornleifar
ÁR-560:023	Nefjavarða	Varða	Hleðslur signar
ÁR-546:027	Nátthagaöxl	Nátthagi	Ekki sést til fornleifar
ÁR-544:039	Hálffaravarða	Varða	Hleðslur signar
ÁR-555:009		Garðlag	Hleðslur útflattar

Tafla 18. Landamerki

Aðrar minjar

Þær ríflega 400 fornleifar sem voru skráðar í fyrstu tveimur áföngum skráningar auk hinna 200 sem áður voru skráðar í Sveitarfélaginu Ölfusi hafa mismunandi hlutverk eins og kaflarnir að framan gefa til kynna. Auk stærstu minjaflokkana sem þegar hefur verið fjallað sérstaklega fundust margvíslegar aðrar minjar á svæðinu. M.a. voru skráðir tveir aftökustaðir (Víghóll 549:045 og Gálgaklettar 561:005), tvær myllur (544:032 og 547:009), tveir smalaskálar (547:013 og 557:042), einn þingstaður (549:038) og fjórar áveitur (539:014, 544:014, 017 og 546:016).

5. Niðurstöður


Um dreifingu minjastaða gildir sú meginregla að flestar fornleifar eru í heimatúnum, í og við bæi. Því fækkar fornleifum eftir því sem fjær dregur frá bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar; ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að hartnær ekkert lifi eftir af þeim fornleifum voru sýnilegar heim við bæi í upphafi 20. aldar. Af þessum sökum er algengt að um eða meira en helmingur fornminja á hverri jörð (að meðaltali) sé horfinn af yfirborði. Brýnt er að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu fornleifa nærri byggð á svæðinu.

Ástand fornleifa var metið á vettvangi og skiptist það í sex flokka:

a) Ekki sést til fornleifar. Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt.
b) Hleðslur signar. Hleðslur hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og gjarnan hlaupnar í púfur. Hleðsluhæð 20-80 cm en getur verið hærri þar sem rústir eru afmyndaðar af stórþýfi.
c) Hleðslur standa grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróið yfir grjót í veggjum og gólfi. Hleðsluhæð 80-150 cm.
d) Hleðslur standa. Þök hrunin en hleðslur standa enn þannig að greina má einstök umför af torfi/grjóti. Hleðsluhæð 150 cm +.
e) Undir þaki. Húsið er enn undir þaki. Miðað er við að þakið sé allt uppistandandi.
f) Sést til fornleifar. Þar sem ekki er um eiginlega tóft að ræða en leifarnar sjást hinsvegar, t.d. mógrafir, áletranir og lendingar.


Skífurit 1 sýnir ástand minjastaða innan skráningarsvæðisins. Á skráningarsvæðinu er nærri þriðjungur minjastaða horfnir af yfirborði en þótt hlutfallið sé hátt er það ívið lægra en á þeim svæðum sem skráð hafa verið á Suðurlandi á undanförnum árum og kemur þar mögulega einangrun Selvogsins, lélegar samgöngur og tilfærsla á bæjarstæðum helst til greina sem ástæða þess.[12]

[12] Sjá t.d. Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010 og Kristborg Þórsdóttir, 2010




Skífurit 1

Þar sem ekki sást til fornleifa var metið hvaða ástæður lágu að baki því að minjarnar voru horfnar af yfirborði. Oft, eða í um helmingi tilfella var reyndar ekki hægt að ákvarða slíkt með nokkurri vissu en um 15% minjanna hafði horfið við túnasléttun og um 9% minjastaða hafa horfið vegna vegagerðar. Skífurit 2 sýnir flokkun minjaspjalla á þeim minjastöðum þar sem ekki sást til fornleifa á yfirborði.



Skífurit 2

Hættumat var einnig unnið á vettvangi. Hættustigin eru þrjú eins og greint var frá í kafla II, engin hætta, hætta og stórhætta. Skífurit 3 sýnir hættumat fornleifanna innan skráningarsvæðisins. Rétt tæpur helmingur fornleifanna taldist í einhverri hættu en um 5% í stórhættu. Flestar fornleifarnar eru í hættu vegna ábúðar, eða í rúmlega 31% tilvika. Aðrir hættuvaldar eru vegna rofs í tæplega 10% tilvika og framkvæmda í rúmlega 7% tilfella. Þær minjar sem teljast í stórhættu eru það yfirleitt vegna framkvæmda, trjáræktar eða uppblásturs.



Skífurit 3

Friðlýstar fornminjar innan skráningarsvæðisins eru þrjár talsins. Árið 1927 voru allar gamlar húsarústir í landi Vogsósa og aðrar fornleifar á Strönd og Vindási sem og hjáleigur friðlýstar af þáverandi þjóðminjaverði, Matthíasi Þórðarsyni. Sama gilti um Eimu og Eimuhjáleigu sem friðlýstar voru sama ár. Hvergi annarsstaðar á Íslandi hefur verið friðlýst svo stórt, því sem næst samfellt svæði. Árið 1976 var svo Þorlákshafnarsel 544:040, undir Votabergi, friðlýst af Þór Magnússyni, þáverandi þjóðminjaverði. Á öllum þessum stöðum sér til töluverðra minja. Bæjarhóll Strandar og fleiri býla þar í heimatúninu eru varðveitt. Þar má segja að sé óraskað menningarlandslag frá 18. öld sem hvarf í og undir sand. Greinilegt er að gríðarlega mikilar minjar eru á því svæði. Hið sama má segja um Eimu, þar er gríðarmikill bæjarhóll í sléttu túni. Ekki sér til útihúsa þar né tófta. Eimuhjáleiga er hins vegar komin undir malbikaðan veg, heim að Strandarkirkju, og ekkert sér til hennar. Í Þorlákshafnarseli má sjá tvær tóftir, skammt frá núverandi Þrengslavegi. Ekki er friðlýsingarskilti á neinum þessara staða. Í Selvogi eru hinsvegar lítil skilti á flestum ef ekki öllum bæjarhólum í Strandarhverfi.

Þar kemur fram heitir bæjarins og árið sem þeir féllu úr byggð. Líklega er um einkaframtak að ræða í þeim tilfellum.

Minni háttar fornleifarannsóknir hafa verið gerðar á nokkrum stöðum innan skráningarsvæðisins. Brynjúlfur Jónsson, fornfræðingur, heimsótti Selvog á ferðum sínum um Árnessýslu sumarið 1902.[13] Í grein hans um ferðalagið sem birtist í Árbók hins íslenzka fornleifafélags ári síðar fjallar hann aðallega um sandfokið á svæðinu og áhrif þess á hina fornu byggð og telur upp nöfn sem enn þekkjast á rústahólum í landi Strandar. Þá fjallar hann um Fornagarð og önnur garðlög vestan við hann og telur þau vísbendingu um að byggð hafi verið milli Strandar og Vogsósa. Á árunum 2000-2003 gerði Bjarni F. Einarsson fornleifakönnun vegna fyrirhugaðs Suðurstrandarvegar. Þá skráði hann nokkrar fornleifar sem talið var að kynnu að lenda í hættu vegna vegagerðar m.a. í landi Strandar, Vogsósa og Stakkavíkur.[14] Auk þess gróf hann skurð í gegnum Fornagarð (Ár 559:017), sem liggur frá Hlíðarvatni og til suðurs að byggðinni við Selvog, og komst að því að hann hefur verið reistur milli 1104 og 1226.[15]

Erfitt er að gera upp á milli minjastaða þegar kemur að því að gera tillögur um hvaða minjastaðir gætu hentað til kynningar og/eða rannsóknar og hvaða staðir hafa óvenjugott minjagildi. Það skal því ítrekað að allar minjar eru jafnar fyrir lögum, þær eru friðhelgar og þeim má ekki raska án leyfis Minjastofnunar Íslands. Af fornleifum á skráningarsvæðinu sem taldar voru hafa sérlega gott verndunar-, rannsóknar- og eða kynningargildi má nefna:

- Byggðin í Selvogi afmarkaðist af Fornagarði (sjá hér neðar). Bæjarhólar í Selvoginum eru flestir mjög vel varðveittir og ljóst að í þeim leynist mikill fróðleikur um sögu liðinna alda. Sem dæmi um vel varðveitta bæjahóla má nefna Stóru-Götu 556:001, Bjarnastaði 554:001, Nes 549:001 og Beggakot 555:001. Afar heildstæðar minjar og búsetuskipulag er þar að finna innan heimatúnanna og Selvogurinn sem heild er afar áhugavert rannsóknarefni. Einnig eru þar yngri íbúðararhús (s.s. Guðnabæ 554:007) sem hafa varðveislugildi. Sem heild hefur Selvogurinn hefur mikið rannsóknar-, kynningar- og varðveislugildi.

- **Fornigarður** er með merkilegri minjum á skráningarsvæðinu. Elstu heimildir um garðinn eru frá 1275 og fornleifarannsókn sem gerð var á honum 2003 sýnir að hann

[13] Brynjúlfur Jónsson. 1903. „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1903*, bls. 31-51.
[14] Bjarni F. Einarsson. 2003. Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs Suðurstrandarvegar frá Þorlákshöfn að Grindavík og náma tengdum honum. Reykjavík, 2003.
[15] Bjarni F. Einarsson. 2006. „Garður er granna sættir.“ *Árnesingur* VII, bls. 205-230.

var byggður á árunum 1104-1226. Fornigarður liggur allt frá Hlíðarvatni og austur fyrir Nes og var um 7 km langur. Hann sést á löngum köflum innan skráningarsvæðisins og greinilegt að í raun er ekki um eitt garðlag að ræða heldur flókið kerfi garða. Fornigarður hefur mikið varðveislu- og rannsóknargildi.

- **Klöpp/Útrek 554:007** var þurrabúð í landi Bjarnastaða, fyrir utan Fornagarð og sambyggðu tún hinna bæjanna. Ekki er vitað hvenær búseta hófst þar en líklega var það á 18.-19. öld. Ennþá má sjá tóftir bæjarins á bæjarhólnum, nokkur útihús og kálgarð. Bæjarhóllinn er mikill umfangs og gæti verið vísbending um að á svæðinu hafi verið búið á öldum áður þó heimildir séu ekki þekktar um það. Afar fáar, ef nokkrar þurrabúðir hafa varðveist á skráningarsvæðinu. Býlið hefur mikið varðveislu- og rannsóknargildi.

- **Grindarskörð 731:002** er gömul kaupstaðarleið Selvogsmanna, yfir til Hafnarfjarðar. Leiðin sést enn vel enda í notkun fram undir 1940 og er vörðuð að mestu. Leiðin er kjörin dagleið þrátt fyrir að vera eilítið torsótt. Leiðin fer upp í 400 m hæð og lítið sem ekkert ferskvatn er að finna í námunda við hana. Leiðin tæplega 25 km löng og mikið af fallegum stöðum og minjum í nágrenni hennar. Stakkavíkurstígur 561:006 og Hlíðarvegur 560:019 sameinuðust leiðinni við svokallað Kerlingaskarð. Hið mikla samgöngukerfi sem er ofan við byggðina í Selvoginum felur í sér mikla möguleika. Þekktar þjóðleiðir liggja þar, leiðir að seljum, að fjárskýlum o.s.frv. og vel mætti kynna einhverjar þeirra fyrir útivistarfólki og áhugamönnum um minjar og sögu. Grindarskörð er dæmi um leið sem gæti vel hentað til kynningar.

- **Geitafellsrétt 549:044** er gömul skilarétt fyrir Ölfus- og Selvogshrepp. Réttin er hlaðin upp við hamrastál, ofan í hraungjá og er sjónrænn og skemmtilegur minjastaður. Réttin hefur varðveislu- og kynningargildi og væri tilvalin áningarstaður á gönguleið svo dæmi sé tekið.

- **Selvogsviti 549:024** var reistur 1919, örlítið nær sjónum er núverandi viti sem var byggður 1931. Ummerki eldri vitans sjást ennþá, m.a. steinsteypt plata og járn. Þótt staðurinn eigi enn nokkur ár eftir til að teljast til fornleifa samkvæmt laganna skilningi er hann skemmtilegur og sérstæður minjastaður og hann hefur mikið varðveislugildi.

- **Ingjaldsborg 544:024**, í landi Breiðabólsstaðar er gott dæmi um hvernig byggingar voru gjarnan endurnýttar eins og hægt var á árum áður. Þar voru áður a.m.k. þrjár

grjóthlaðnar fjárborgir en árið 1912 voru byggð fjárhús úr torfi og grjót yfir hluta þeirra og efniviður fjárborganna líklega notaður í verkið. Fjárborgirnar sjást enn að nokkru leyti og greinilega má sjá hvernig fjárhúsin hafa raskað þeim að talsverðu leyti. Afar víðsýnt er frá tóftunum og fallegt um að litast. Staðurinn hefur mikið varðveislu- og kynningargildi.

- Selstaða margra bæja á skráningarsvæðinu er þekkt. Sel eru stórmerkilegar minjar um forna búskaparhætti og hvað fólk lagði á sig til lífsbjargar. **Breiðabólsstaðarsel 544:028 og Litlalandssel 546:019** eru fallegir og afar sjónrænir minjastaðir í hinum forna Ölfushreppi. Bæði selin eru hlaðin við berg, tóftirnar eru greinilegar og sýna glöggt hvernig búsetufyrirkomulagið var þar. Auðvelt er að ganga á milli seljanna og hægleg stika fallega gönguleið þar á milli. Í Selvoginum eru einnig fallegar selstöður og aðgengi að þeim gott. Við gamla þjóveginn fyrir innan Hlíðarenda eru m.a. **Nessel 549:032** og **Bjarnastaðasel 544:022**. Selin hafa mikið rannsóknar- og varðveislugildi.

- Á milli Þorlákshafnar og Selvogs liggur **Hafnargata 549:046**. Leiðin er vörðuð alla leið og er um 13 km löng. Hún er auðveld en áhugaverð gönguleið sem vel mætti kynna fyrir almenningi. Fleiri leiðir liggja á þessum slóðum, líkt og **Fornugötur 731:004** sem lágu frá Selvoginum að svokölluðum Hlíðarbæjum. Allar umræddar leiðir hafa talsvert kynningargildi.

- **Hellisþúfa 549:033** var einungis í byggð um skamma hríð á 19. öld. Staðsetning þess er einkennileg upp í heiðarbrún og má segja að býlið hafi verið í jaðri samfélagsins í mörgum skilningi. Eini ábúandi Hellisþúfu hét Gísli Guðmundsson en hann bjó einnig um skamma hríð á öðrum byggðarjaðri, austan í Hestfjalli í Grímsnesi og eru þær rústir eru einnig varðveittar. Rústirnar hafa umtalsvert varðveislu- og kynningargildi og þær mætti m.a. nota til að miðla upplýsingum um búskaparhætti fyrri alda og sömuleiðis líf fólks í jaðri samfélagsins á fyrri öldum.

- **Krossmói 540:007** og **Kvennagönguhólar 549:031** eru örnefni sem tengjast kaþólskum tíma á Íslandi og eru forn. Um krossinn á Grímslæk (jörðinni síðar skipt í Efri- og Ytri-Grímsstaði) er t.d. getið í Íslensku fornbréfasafni og margar sagnir tengjast Kvennagönguhólum. Í báðum tilvikum er um að ræða örnefni sem tengjast ferðalögum á fyrri öldum, átrúnaði og áheitum og þótt ekki sjáist áþreifanlegar fornleifar á þessum stöðum hafa þeir gott varðveislu- og kynningargildi.

- Á nokkrum stöðum á úttektarsvæðinu voru skráðar minjar sem eru góð dæmi um hvernig menn nýttu sér náttúruverktil bygginga eins og hægt var. Dæmi um þetta er t.d. **Gapi 557:028**. Þar er hellisgjögur með hlaðinni rétt fyrir framan sem einnig var nýtt sem stekkur. **Strandarhellir 557b:007** er áþekkt annað dæmi. Þar er jarðfall sem er um 50x50 m að stærð. Þar eru hellisskútar og óljósar hleðsluleifar. Staðirnir hafa mikið varðveislu- og rannsóknargildi.

Kynning fornleifa fyrir almenningi er skammt á veg komin á Íslandi og liggja þar ónýttir miklir möguleikar. Sveitarfélagið Ölfus er þar ekki undanskilið. Íslendingar eru tengdari sögu lands síns en margar aðrar þjóðir og mjög margir hafa áhuga á sögu og fornleifafræði. Kynning á fornleifum og sögu getur aukið mjög á gildi útivistar og oft má flétta saman kynningu á gönguleiðum og fornleifafræðslu. Það þarf ekki að vera flókin né dýr framkvæmd, t.d. geta skilti með merkingum og upplýsingum um tóftir og aðra minjastaði skilað miklum fróðleik á einfaldan hátt. Þegar skipulögð eru útivistarsvæði, þá er sjálfsagt að reyna að nýta þær auðlindir sem fyrir eru og fornleifastaðir geta verið afar spennandi og upplýsandi fyrir skólafólk eða ferðamenn, jafnt innlenda sem útlenda, að skoða. Til þess að það sé hægt þarf ekki annað en að skrá staðinn á vettvangi, merkja hann svo fólk viti hvert að eigi að fara og gera upplýsingar um hlutverk og gildi minjanna aðgengilegt á einn eða annan hátt, t.d. með prentuðum bæklingum eða skiltum á staðnum.

Heimildaskrá:

AÍ: *Alþingisbækur Íslands* I-XVII, Reykjavík 1912-1990.

Arnór Sigurjónsson (1958). „Hefting sandfoks fyrir 1907.“ *Sandgræðslan*, bls. 146-162. Búnaðarfélag Íslands og Sandgræðsla ríkisins.

Ágúst Ólafur Georgsson (1990). *Friðlýsingarskrá: Fornleifaskrá: skrá um friðlýstar fornleifar.* Þjóðminjasafn Íslands: Reykjavík.

Birna Lárusdóttir (2007). *Aðalskráning fornleifa á jörðum kirkjunnar í Selvogi: Strönd, Vogsósar, Hlíð og Stakkavík.* FS362-07141. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.

Birna Lárusdóttir (2008). *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra rannsóknaborana við Litla-Meitil og Gráuhnúka*. FS363-07161. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.

Bjarni F. Einarsson (2003). *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs Suðurstrandarvegar frá Þorlákshöfn að Grindavík og náma tengdum honum*. Fornleifafræðistofan: Reykjavík.

Bjarni F. Einarsson (2006). „Garður er granna sættir.“ *Árnesingur* VII, bls. 205-230.

Brynjúlfur Jónsson (1903). “Rannsóknir í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902.” *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1902*. Hið íslenzka fornleifafélag; Reykjavík, bls. 51-52.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn*, I-XVI bindi. (1853-1976). Hið íslenzka bókmenntafélag. Kaupmannahöfn/Reykjavík.

FF*: Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*, Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Reykjavík.

Frank Ponzi (2004). *Ísland Howells*. Brennholtsútgáfan, Mosfellsbæ.

Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson (1999). *Fornleifaskráning í Ölfushreppi II. Svæðisskráning í Selvogs- og Ölfushreppi*. FS084-99012. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.

ÍF: *Íslenzk fornrit* XII, Reykjavík 1923-1932. (Ísafold: Reykjavík). 1874-1929.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* (1918-1921). Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Jón Hnefill Aðalsteinsson (1993). *Strandarkirkja. Helgistaður við haf.* Háskólaútgáfan: Reykjavík.

JJ: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. (1847). Gefið út af J.Johnsen. Kaupmannahöfn.

KK: Kristian Kålund (1984). *Íslenzkir sögustaðir* I. *Sunnlendingafjórðungur.* Haraldur Matthíasson þýddi. Reykjavík.

Kristborg Þórsdóttir (ritstj.) (2010). *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla II. II. BINDI.* Ritstjóri: Kristborg Þórsdóttir. FS446-06192. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.

Kristborg Þórsdóttir (2011). *Deili- og aðalskráning fornleifa á Hlíðarenda í Ölfusi*. FS459-11061. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.

Lög um menningarminjar. http://www.althingi.is/lagas/141a/2012080.html sótt 29.08.2013

Ólafur Þorvaldsson (1949). "Fornar leiðir milli Krýsuvíkur og Hafnarfjarðar." *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1943-1948*. Hið íslenska Fornleifafélag; Reykjavík, bls. 99-101.

Ólafur Þorvaldsson (1951). *Harðsporar*. Reykjavík.

Ómar Smári Ármannsson (2007). *Sel og selstöður á Reykjanesskaganum – vestan Esju*. BA-ritgerð í fornleifafræði við Háskóla Íslands.

PP: Sveinn Níelsson (1949). *Prestatal og prófasta á Íslandi*. Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2010). *Fornleifaskráning í Flóahreppi. Áfangaskýrsla I.* FS444-07171. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.

"Sagan af Gísla Búmanni." *Frjáls þjóð*. 9. árg., 1. tbl., bls. 4,6.

Skýrsla óbyggðanefndar: Úrskurður Óbyggðanefndar. Mál nr. 6/2004: Ölfus. Óbyggðanefnd, 31. maí 2006.

Skúli Helgason (1988). *Saga Þorlákshafnar I.* Örn og Örlygur: Reykjavík

SSÁ: *Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfdán Jónsson*. (1979). Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir III (1983). Búnaðarsamband Suðurlands: Selfoss.

Uggi Ævarsson (2007). *Deiliskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Hafnarsandi við Þorlákshöfn*. FS369-07231. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.

ÞJÁ II: *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I-VI*, safnað hefur Jón Árnason, Reykjavík 1954-1961.

Óútgefnar heimildir:

Ferlir (2014). www.ferlir.is – ýmislegt, t.d. eftirfarandi:

- Djúpudalaborg - Nessel - Hellisþúfa – Fótalaus – Imphólarétt. http://www.ferlir.is/?id=4143 sótt 29.08.2013
- Fornagata – Stakkavíkurgata. http://www.ferlir.is/?id=17656 sótt 29.08.2013
- Grindaskarðavegur – Kaldá. http://www.ferlir.is/?id=6992 sótt 29.08.2013

- Götugjá-Réttargjá-Strandargjá-Selsvallasel. http://www.ferlir.is/?id=14652 sótt 29.08.2013
- Mannvirki í seljum. http://www.ferlir.is/?id=4542 sótt 29.08.2013
- Selvogur - ofan garðs og neðan. http://www.ferlir.is/?id=5992 sótt 29.08.2013
- Víghólsrétt - Nesstekkur - Bjarnastaðastekkur – Útvogsstekkur. http://www.ferlir.is/?id=6030 sótt 29.08.2013

IE-Örnefnauppdráttur: Hjallahverfi, Grímslækir, Hraun. Ingólfur Einarsson. 1969. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur. Hlíðarendi, Litlaland: Ingólfur Einarsson. 1969. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IE-Örnefnauppdráttur. Vindheimar, Breiðabólsstaður, Litlaland: Ingólfur Einarsson. 1968. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Konráð Bjarnason (1993). Kaupstaðarleið Selvogsmanna.

Landamerki nr. 293-295. Stofnun Árna Magnússonar, Örnefnasafn.

Ómar Smári Ármannsson: Minjakort. Handteiknaður uppdráttur Ómars af jörðum í Selvogi, örnefnum og minjum Túnakort í Selvogshreppi, ártal vantar. Þjóðskjalasafn Íslands.

Sveitarfélagið Ölfus. http://www.olfus.is/gestir-og-gangandi/ahugaverdir-stadir/selvogsviti/ sótt 06.02.2013

Túnakort: Túnakort í Ölfusi og Selvogi frá 1918-1920. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Bjarnastaðir: Örnefni á Bjarnastöðum. Gísli Sigurðsson skráði með hliðsjón af upplýsingum Eyþórs Þórðarsonar, 1980. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Breiðabólsstaður: Örnefni í Vindheimum og á Breiðabólsstað. Eiríkur Einarsson skráði, 1968. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Fiskimið: Fiskimið. Gísli Sigurðsson skráði með hliðsjón af upplýsingum frá Eyþóri Þórðarsyni 1981. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Gata: Örnefni í Götu. Gísli Sigurðsson skráði með hliðsjón af upplýsingum Eyþórs Þórðarsonar, 1980. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Grímslækir: Örnefni í Grímslæk. Eiríkur Einarsson skráði, 1968. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hlíð a: Örnefni í Hlíð. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hlíð b: Örnefni í Hlíð, viðbætur. Sigurjón Sigurðsson skráði, 1983. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hlíðarendi: Örnefnaskrá Hlíðarenda, Eiríkur Einarsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hlíðarvatn: Hlíðarvatn. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Litlaland: Örnefni í Litlalandi. Eiríkur Einarsson skráði, 1968. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Nes a: Örnefni í Nesi. Gísli Sigurðsson skráði með hliðsjón af upplýsingum Eyþórs Þórðarsonar, 1980-1981. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Nes b: Örnefni í Nesi, athugasemd. Eyþór Þórðarson skráði, 1981. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Selvogsafrétt: Selvogsafrétt. Jónína Hafsteinsdóttir skráði, heimildamaður Eyþór Þórðarson. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Stakkavík a: Örnefni í Stakkavík. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Stakkavík b: Örnefni í Stakkavík, svör við spurningum. Sigurjón Sigurðsson skráði, 1982. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Stakkavíkur-, Herdísarvíkur-, Hlíðarvegur og Alfaraleið: Stakkavíkur-, Herdísarvíkur-, Hlíðarvegur og Alfaraleið. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Vogsósar: Örnefni í Vogósum. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Þorkelsgerði: Örnefni í Þorkelsgerði með Torfabæ og Eimu Gísli Sigurðsson skráði með hliðsjón af upplýsingum Eyþórs Þórðarsonar, 1980. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn:

Björn Bogason f. 28. júní 1938. Veitti upplýsingar um Hlíðarenda.

Eggert Kristmundsson f. 17. febrúar 1919. Veitti upplýsingar um Stakkavík.

Eric Guðmundsson veitti upplýsingar um Breiðabólsstað og Vindheima.

Garðar Karlsson f. 28. janúar 1928. Veitti upplýsingar um Hlíðarenda.

Gunnar Konráðsson f. 4. júlí 1928. Veitti upplýsingar um Efri- og Ytri-Grímslæk.

Hrafnkell Karlsson f. 10. júlí 1949. Veitti upplýsingar um Ytri-Grímslæk og Breiðabólsstað.

Jenný Dagbjört Erlingsdóttir f. 12. desember 1964. Veitti upplýsingar um Litlaland.

Ómar Smári Ármannsson f. 20. ágúst 1954. Veitti upplýsingar um afréttarland Selvogs.

Óskar Þór Óskarssson f. 9. ágúst 1954. Veitti upplýsingar um Ytri-Grímslæk.

Sigrún Sigurðardóttir f. 1. mars 1952. Veitti upplýsingar um Yti-Grímslæk.

Snorri Þórarinsson f. 29. júní 1957. Veitti upplýsingar um Vogsósa.

Tómas Sigurpálsson f. Fyrir Þorkelsgerði.

Þórður Sveinsson f. 3. janúar 1930. Veitti upplýsingar um Nes, Bjarnastaði, Götu, Eimu, Torfabæ og afréttarland Selvogs.

Þórarinn Snorrason f. 8. ágúst 1931. Veitti upplýsingar um Þorkelsgerði, Torfabæ, Vogsósa, Strönd, Hlíð og Stakkavík.

Viðauki I: Hnitaskrá í ISN93

Samtala	*northings*	*eastings*
539001	386411.06	382527.95
539002	386410.27	382679.23
539003	386482.06	382788.11
539004	386346.16	382587.91
539005	386326.24	382596.79
539006	386355.24	382877.85
539007	386409.48	382645.11
539008	386273.98	382630.32
539009	386377.53	382712.17
539010	386406.72	382583.38
539011	386424.66	382713.75
539012	386433.74	382641.56
539013	386562.93	382579.63
539014	386458.39	382640.57
539015	386309.68	382613.16
539016	386596.26	382578.84
539017	386252.08	382704.08
539018	386167.47	382674.1
539019	385768.07	382573.91
539020	385453.28	382659.31
539020B	385486.02	382660.69
539021	386459.18	382521.64
539022	386407.9	382560.5
539023	386380.68	383206.44
539024	386513.62	382774.89
539024b	386518.75	382788.11
539025	386576.93	382810.39
539026	386345.38	382715.13
540001	386349.72	382351.43
540002	386197.25	382145.32
540003	386229.8	382275.49
540004	386245.38	382236.24
540005	386269.64	382147.88
540006	386369.64	382244.33
540007	386372.99	382431.7
540008	386241.24	382341.96
540009	386404.74	382329.73
540010	386388.57	382274.11
540011	386316.97	382049.85
540012	385267.49	382575.68
540013	385889.17	382259.52
540014	386180.68	382365.23
540015	385451.7	382539
540016	386358	382266.22
540017	386306.52	382040.78
540018	386230.98	382357.15
540019	386258.2	382302.32
544001	382450.97	381892.86
544001	382450.97	381892.86
544003	382233.42	381784.18
544004	382459.05	381794.43
544005A	382560.83	382079.24
544005B	382177.4	381830.92

544006	382492.39	381900.35
544007	382434.2	381801.54
544008	382667.33	382076.09
544009	382451.36	381750.65
544010	382171.68	381828.16
544011	382195.35	381754.4
544012	382452.35	381936.05
544013	382316.06	381958.73
544014	382384.5	381926.98
544015	382484.5	381879.25
544016	382494.16	381816.72
544017	382458.07	381735.66
544018	382224.54	381663.47
544019	382096.34	381384.58
544020A	380576.44	385167.95
544020B	380569.93	385167.16
544020C	380559.68	385169.72
544020D	380580.98	385187.08
544020E	380587.69	385227.51
544020F	380590.45	385231.85
544020G	380584.14	385259.86
544021	382183.71	380609.64
544022	381811.73	381182.02
544023	381831.45	381575.7
544024A	381648.61	381567.81
544024B	381640.72	381565.25
544024C	381635.99	381562.68
544024D	381621.79	381554.99
544025	382361.62	382174.11
544026	381882.73	382259.52
544027	381313.12	382418.09
544028A	380141.54	383671.33
544028B	380137	383661.86
544029	379974.28	383537.6
544030	381886.87	383555.55
544031	381991.61	383452.2
544032	382650.57	381994.83
544033	382808.55	382029.93
544034	382978.97	382163.07
544035	383396.32	382169.97
544036	383836.74	381043.56
544037	383090.99	381544.73
544038	384442.25	380573.94
544039	382415.27	379814.98
544041	379989.08	387452.32
544041B	379933.65	387411.5
544042	382641.5	382032.69
544044	380049.23	387693.54
544045	380095.39	387557.84
544045	380095.39	387557.84
544047	383866.72	382414.74
544048	382280.56	383810.38
544049	382147.42	381867.21
544050	382114.48	380332.92
544051A	382035.59	383262.06
544051B	382028.09	383237.8
544052	382165.57	383178.83
544053	380482.56	383323.2
544054	380156.13	383652.98
544055	381039.55	383209.2
544056	382248.6	381787.53
545001	382562.6	381942.56

545002	382478.38	381963.27
545003	382587.45	381803.9
545004	382612.31	381993.45
546001	380840.94	380705.1
546002	380754.74	380784
546003	380865.39	380673.74
546004	380957.11	380731.53
546005A	381226.53	380986.36
546005B	381224.36	380973.34
546005C	381208.38	380985.38
546006	380739.36	380639.62
546007	380745.08	380613.78
546008	380856.71	380700.17
546009	380883.54	380467.04
546009B	380877.62	380499.59
546010	380704.25	380470
546012	381137.77	380523.45
546013	381350.79	380548.7
546014	380944.29	380557.57
546015	380939.75	380595.05
546016	380679.2	380352.05
546017	380688.47	380373.16
546018	380634.82	380325.43
546019A	379524.98	382232.69
546019B	379507.23	382234.07
546019C	379519.46	382232.49
546019D	379480.41	382255.18
546019E	379494.02	382249.85
546019F	379510.58	382267.01
546019G	379553.58	382254.19
546022	380157.91	380198.21
546023	380186.11	380141.41
546024	380864.41	380704.71
546025A	380919.63	380676.11
546025B	380949.22	380788.73
546026	381935.59	380503.53
546027	380131.68	380640.81
546028	380848.43	380875.52
546029	381935.2	380525.03
546030	380745.67	380328.98
546031	379569.75	382208.04
546032	380742.52	380788.73
546033	380386.7	381354.8
546034A	380414.91	381275.11
546034B	380418.46	381269.39
546035	380401.1	381172.35
546036	380023.2	381097.01
547001	379691.05	380156.79
547002	379744.11	380105.31
547003	379480.6	380104.13
547004	379481.2	380046.34
547005	379505.85	379980.66
547006	379613.94	379993.68
547007	379670.34	380027.01
547008	379347.08	380082.24
547009	380075.27	380033.12
547010	379878.43	380102.16
547011	378302.91	380770.98
547012	378821.44	379351.28
547013	378729.73	379187.58
547014A1	378073.92	379342.01
54701 4A2	378031.52	379323.27

547014B	378066.63	379309.07
547015	380032.67	380412.8
547016	377277.49	379369.62
547017	376672.57	378041.05
547019	380317.67	379326.82
547019B	380333.45	379331.16
547020A	377987.93	382333.87
547020B	377986.15	382339.4
547020C	378005.48	382352.61
547020D	377971.16	382354.78
547021	380790.84	379309.07
547022	379817.48	380195.65
547023	380031.29	380164.48
547024	379065.82	379625.64
547025	378810.99	379751.28
547027	379827.54	380178.29
547028A	377414.17	381283.79
547028B	377411.61	381296.22
547029	377342.57	379356.21
547030	379704.27	380148.7
547031	379470.94	380143.38
547032	379426.96	380095.45
547033	379586.13	379956.01
547033B	379267.2	380051.27
547034	379618.47	380041.01
547035	379633.07	380186.18
547036A	379645.89	380127.99
547036B	379654.96	380143.77
547037	379655.75	380171.39
547038	379713.54	380120.89
547039	377924.62	382458.33

549001	368666.79	371746.29
549002	368711.17	371765.42
549004	368972.11	371629.52
549004B	368971.52	371673.51
549005	368809.59	371653.59
549006	368641.54	371694.41
549007	368788.29	371698.95
549008	368971.91	371845.5
549009	368647.66	371710.98
549011	368655.55	371683.57
549012	368727.14	371639.78
549012b	368543.32	371731.3
549013	368624.19	371703.88
549014	368663.04	371667.98
549015	368694.8	371650.23
549016	368621.03	371711.57
549017A	368473.7	371746.68
549017B	368450.03	371750.03
549018	368936.8	371538.99
549019	368591.25	371662.86
549020	368590.26	371666.8
549021	368677.05	371796.58
549022	369314.71	371418.28
549023	369408.59	371211.58
549024	369411.75	371199.35
549027	369570.52	371455.96
549028	375493.1	372723.19
549029	369393.8	371475.48
549030	372785.85	375192.97
549031	375250.7	376324.71
549032	375301.19	377129.03

549032A	375290.74	377071.05
549032B	375306.91	377103
549032C	375317.76	377105.36
549032D	375297.05	377101.03
549033	372807.35	375174.23
549034	372673.82	375122.56
549035	372689.6	375102.64
549036	371602.24	375255.69
549039	368928.32	372016.7
549040	371452.34	374775.82
549042	369884.52	373788.07
549044	375376.53	381481.23
549046A	369104.85	371883.96
549046B	369167.17	371898.35
549046C	369229.9	371914.53
549046D	369362.24	371935.63
549046E	369476.44	371950.62
549047	368418.27	371783.76
549048A	373736.72	377402.6
549048B	373737.71	377398.65
549048C	373734.35	377404.37
549048D	373736.33	377409.9
549048E	373726.86	377403.19
549049	373828.24	377371.24
549056	369855.92	374311.73
549058	376095.26	375009.74
549059	375886.78	376600.05
549060	375774.75	376474.8
549061	375758.58	376614.64
549062	375743.79	376639.1
549063	375550.69	376222.15
549064	376158.97	374012.12
549065a	371576.4	375262.6
549065B	371585.28	375260.43
549067	371570.68	374431.84
549071	375069.64	376541.86
549072	375516.57	377017.2
549073	376005.52	377317
549074	376122.48	377408.32
549075	376255.81	377472.81
549076	376248.12	377490.57
549077	376319.12	377567.88
549078	376349.3	377497.07
549082	376921.28	373063.03
549083	369076.84	371958.51
549090	376417.34	382676.08
549091	376270.01	372781.38
549093	369902.07	373585.7
549095	370185.7	373590.83
549096	374100.03	376933.77
549101	369860.46	374324.94
549103	375809.27	382162.87
549104	375681.66	381837.04
550001	368873.49	371870.74
550002	368920.63	371720.45
550003	368850.61	371889.68
551001	368662.65	371848.65
551002	368640.56	371835.24
551003	368663.24	371874.69
552001	368536.81	371863.05
552002	368525.96	371858.91
553001	368474.29	372049.04

553002	368376.26	372013.93
553003	368497.17	371995.39
553004	368490.86	372044.51
553005	368399.34	372048.45
554001	368238.99	371828.14
554002	368187.11	371895.4
554003	368220.25	371874.69
554004	368229.32	371770.55
554005	368249.44	371794.61
554006	368326.16	372096.38
554006B	368302.89	372060.29
554006C	368334.65	372076.06
554007a	368319.85	372210.78
554007b	368304.86	372207.03
554007c	368290.66	372214.72
554007e	368367.98	372263.24
554007f	368323.4	372292.23
554007g	368277.05	372188.29
554009	368333.26	372015.12
554010	368146.88	371806.64
554011	368305.45	371746.29
554012	368250.62	371781.99
554013	368248.06	371791.65
554014	368349.63	371742.54
554015	368263.84	371728.14
554016	368213.35	371722.42
554017	368322.81	371738
554018	368143.92	371755.16
554019	368114.92	371698.75
554020	368597.95	372488.68
554021	368857.32	372855.54
554022A	372061.6	375886.45
554022B	372055.88	375902.23
554022C	372055.68	375911.11
554023	372078.56	375929.45
554026	368227.35	371860.49
554027	368195.99	371928.53
554028	368460.48	371753.58
554029	368232.08	371757.33
554030	368284.55	371830.31
554031	368138.99	371993.62
554032a	370984.7	375197.11
554032b	370960.83	375174.83
554035	369740.93	373647.44
554036	369043.31	373636.79
554037	372117.62	376232.4
554038	369966.57	374363.2
554039	370098.32	374305.81
554040	370050.39	374343.28
555001	368194.41	372052.99
555002	368173.31	372010.58
555003	368203.68	372070.15
555004	368262.65	372103.09
555005	368110.59	372025.57
555006	368210.19	372035.43
555007	368250.43	372061.27
555008	368248.26	372035.63
556001	367972.72	372073.7
556002	367956.55	372184.54
556003	368066.21	372151.21
556003B	367957.93	372227.74
556004	367992.44	372117.29

556006	367937.41	372057.13
556007	369237	373830.47
556008	368116.31	372102.49
556009	368077.25	372017.88
556010	368090.86	372016.7
556011	368088.5	372086.71
556012	368107.82	372119.46
557001	367694.42	372357.91
557002	367688.31	372346.28
557003	367673.32	372432.67
557004	367779.03	372526.94
557009	367731.7	372150.22
557010	367771.74	372189.28
557011	367710.59	372196.38
557012	367849.64	372352
557013	367762.47	372144.11
557014	367833.47	372332.86
557015	367902.7	372214.92
557016A	367933.67	372308.21
557016B	367960.88	372297.95
557016C	367954.57	372287.7
557017	367988.3	372341.15
557018	368186.32	372754.36
557019	367803.29	372462.64
557021	369601.68	374834.6
557022A	371289.82	376064.36
557022B	371285.48	376077.37
557022C	371287.26	376054.1
557023	371329.46	376140.88
557025	367771.14	372499.13
557026	367817.1	372446.67
557027A	369566.38	374770.1
557027A	369566.38	374770.1
557028	369294.98	374489.43
557029	368797.16	373476.24
557032	368979.01	374017.06
557034	368888.28	373467.16
557035	367822.43	372427.14
557037A	367852.8	372180.8
557037B	367841.95	372182.77
557037C	367830.91	372163.04
557037D	367862.27	372141.35
557037E	367881	372107.03
557037F	367892.05	372126.75
557038	367821.44	372232.67
557039	367941.75	372224.98
557040	367675.68	372692.82
557041	367742.94	372122.81
557042	369252.77	373960.05
557043	368241.16	373112.93
557044	369095.38	373947.83
557045	368925.17	374029.28
557046	368903.27	374102.26
557047	368920.63	374100.88
557048	369024.77	374223.36
557049	369314.51	374288.06
557050A	369354.75	374359.85
557050B	369338.97	374399.1
557051	369335.61	374427.7
557056	367776.67	372288.68
557061	367732.68	372390.85
557097	367675.29	372692.03

557B001	367397.97	372628.72
557B002	367396	372723.19
557B004	367399.16	372544.3
557B005	367379.24	372746.27
557B006	367582.39	372672.5
557b007b	369562.24	374792.78
557b007c	369545.87	374799.49
557B008	367325.39	372649.03
557b009	369656.71	374792.39
557b010	367546.89	372508.4
557B011	367471.54	372632.27
557B012a	370188.66	375911.89
557B012b	370210.94	375891.38
557b013	369581.37	374737.95
557b014	369578.02	374724.54
557b015	367388.11	372690.06
558001	367646.89	372531.28
558002	367575.88	372608.01
558003	367513.16	372398.94
558004	367636.43	372505.84
558006	368116.9	372938.38
558008A	367604.87	372454.56
558008B	367616.31	372440.36
558009	367513.16	372396.37
558010	367717.1	372587.1
558011	367562.47	372545.48
558012	367570.75	372484.74
558013	367564.84	372462.84
558016	367582.39	372592.43
558016 c	368228.34	372151.01
558016 d	368164.43	372171.33
558016_ 3	368249.04	372146.08
558016A	367625.98	372607.61
558016B	367806.25	372484.74
558017	367720.45	372574.48
558018	367565.43	372591.64
558019	367709.21	372541.14
558020	367539.2	372379.81
559001	366653.81	375599.28
559002	366704.1	375501.84
559003	366651.24	375582.51
559004	366758.34	375685.27
559005	366787.93	375706.77
559006	366546.9	375482.91
559007	366908.63	375995.72
559008	366588.13	375741.09
559010	366725.99	375588.82
559011	366976.88	375395.93
559012	366653.61	374834.6
559013	366897.39	374653.93
559014	366739.41	375473.44
559015	366356.38	374540.12
559016	370752.55	378057.22
559017	367082.79	375245.63
559019	367995.6	376820.16
559020	368744.11	374318.83
559021	367186.54	375598.68
559023	368002.7	375225.32
559024	366498.78	374188.85
559025	366841.77	375367.92
559026	370416.07	376325.69
559027	366211.41	374178.79

559028	367385.15	375317.43
559030	370731.64	376572.83
559033	366138.23	374206.6
559033a	371290.81	377864.33
559034	370373.27	376246.01
559035	370394.96	376209.33
55909A	366619.49	375674.03
55918A	367662.86	375995.72
55918B	367672.53	375980.14
55918C	367684.75	375985.66
55922A	367196.2	374984.3
55922B	367196.2	375004.61
55929a	370644.47	376517.21
55929B	370643.09	376542.06
559b001	366918.69	373082.36
559b002	366906.86	373076.24
559b003	366671.95	373308.59
559b004	366881.61	373285.31
559b005	366902.13	373465.59
559b006	366941.97	373197.15
559b007	367086.54	373342.71
559b009	367170.76	372906.03
559b011	366217.13	373990.03
559b012	367075.5	373029.7
559b017	366923.43	373070.72
559b018	367098.18	373765.98
559b020	366720.27	373215.1
559b021	367117.31	373771.5
559b021b	366958.93	373743.49
559b022	367109.81	373682.74
559b023	367273.32	372841.93
559b024	367164.65	372793.41
559b025	366971.95	373175.85
559b026	366707.26	373267.36
559b027	367026.78	373795.76
559b028	367132.69	373620.61
559b029	367675.68	373061.06
559b030	367289.1	372638.58
559b032	367169.38	373588.07
559B032b	367110.01	374014.49
559b033b	371262.4	377853.87
559b033c	371260.83	377838.69
559b033d	371251.95	377842.83
560001	367195.02	377688.39
560002	367232.89	377689.97
560003	367241.57	377590.76
560004	367965.82	376875.78
560005	367223.62	377745.2
560006	367263.26	377861.37
560007	367276.68	377850.52
560008	367297.19	377858.61
560009	367918.87	377795.29
560010	367269.97	377650.33
560011	367788.11	377834.35
560012	367550.64	377849.34
560013	367060.9	377782.47
560014	367154.98	377542.44
560016	367556.95	377001.03
560017	367280.62	376710.89
560018	367327.76	377572.22
560019	367331.51	377846.77
560020	368901.7	377620.74

560022	368218.28	377618.77
560023	368726.75	377003.79
560024	369483.54	380213.4
560025	367244.92	377592.73
56021A	369060.87	377380.11
56021B	369069.74	377377.15
56021C	369057.12	377361.77
56021D	369084.14	377347.18
561001	365242.39	377111.68
561002	365254.62	377130.22
561003	365191.9	377136.53
561004	365183.62	377149.35
561005	365065.47	377203.19
561006	365463.69	377160.98
561006	365890.31	377947.36
561007	363328.62	376457.25
561008	363096.08	376684.86
561009	363318.95	376579.54
561010	365170.01	377180.71
561011	364530.57	376445.42
561011 c	363038.29	377030.81
561011a	363986.99	376525.49
561011b	364223.67	376531.61
561013	364443.79	377503.98
561014	365182.83	376935.94
561015	365333.91	377121.14
561016	365332.73	377133.17
561017	365515.96	377142.05
561020	365709.05	377242.25
561021	365270	377447.17
561022	365293.67	377444.81
561023	365909.44	377640.07
561024a	366018.31	379386.59
561025	364579.88	377844.21
561026	366062.69	379408.87
561027	365759.34	379312.23
561028	365192.49	377147.97
561029	365166.85	377160.39
561030	365067.44	377170.65
561031	365213.4	377166.7
561032	365238.64	377165.13
561033	365084.8	377257.83
561034	365054.03	377243.03
561035	365067.44	377226.07
561036	364876.13	377332.38
561037	364846.15	377331.79
561038	365670.39	377241.26
561039	363558.79	376994.32
720003a	383373.63	380987.55
720003b	383370.08	380996.62
720003c	382418.42	380599.39
720004	381765.57	381488.72
720005A	383803.61	381452.63
720007	380339.17	379336.69
720008	379013.16	379610.65
731001	368251.81	371965.22
731002	369405.83	379089.75
731004	368985.52	372907.02

Viðauki II: Örnefnakort Ingólfs Einarssonar

HJALLAHVERFI
GRÍMSLÆKIR
HRAUN

Helztu heimildarmenn:

Hjallahverfi
Þórður J. Símonarson, f. 6/7 1891 á Bjarnastöðum, ólst þar upp, bjó þar til 1963. Forfeður hans bjuggu þar. – Hermann Eyjólfsson, f. 1/7 1893 í Króki. Ólst upp á Grímslæk, býr í Gerðakoti. Sæmundur B. Þórðarson, f. 3/11 1904. Ólst upp á Bjarnastöðum, var þar fram á fullorðins ár. – Sigurður Steindórsson, f. 5/2 1888. Bjó lengi á Hjalla.

Grímslækir
Konráð Einarsson, f. 21/11 1898 á Efri-Grímslæk, ólst þar upp, bjó þar til 1966. – Ólafur, Kristinn og Sigurbjörg, systkini Konráðs, öll alin þar upp, vel kunnug. – Guðjón Eyjólfsson, f. 21/1 1898 á Ytri-Grímslæk, ólst þar upp, býr þar.

Hraun
Böðvar Magnússon, f. 19/12 1901 á Hrauni. Ólst þar upp, var þar lengi, er þar vel kunnugur. – Halldór Magnússon, f. 23/8 1893 þar. Ólst þar upp. Bjó á Vindheimum um 30 ár. – Karl Þorlaksson, f. 20/1 1915 á Hrauni, ólst þar upp, býr þar.

Forfeður þeirra Grímslækja- og Hraunsmanna hafa búið á þessum bæjum í marga ættliði.

Örnefnasöfnun:
Eiríkur Einarsson

Lauslegt riss eftir AMS-kortblaði 1612 I:
Ingólfur Einarsson

1968

Skammstafanir:
He = Heimatún
Ki = Klettadyngja
Kú = Kúaklauf
Li = Litlaloft
Ns = Nýjastekkatún
Sk = Steinbogakriki
Sm = Smalabúaklettar
St = Stóraloft

0 500 1000 m
(Ónákvæmt)

HLÍÐARENDI
LITLALAND

Helztu heimildarmenn:

Hlíðarendi

Arndís Jónsdóttir f. 15/2 1894 á Hlíðarenda. Ólst þar upp og var þar fram til 1915. Faðir hennar bjó þar frá um 1880. – Árni J. Einarsson f. 23/7 1902, var þar smali nokkur ár kring um 1920. – Sæmundur E. Ólafsson f. 7/4 1899, var þar smali upp úr 1920.

Litlaland


Arndís Jónsdóttir frá Hlíðarenda. – Árni J. Einarsson frá þóroddsstöðum. – Sæmundur E. Ólafsson frá Breiðabólsstað. – Sigrún Einarsdóttir frá þóroddsstöðum f. 30/8 1903, var nokkur ár á Litlalandi, þá á fermingaraldri.

Örnefnasöfnun:
Hersúlur Einarsson

Lauslegt riss eftir AMS-kortblaði 1612 I:
Ingólfur Einarsson

1969

0 500 1000 m
(ónákvæmt)



VINDHEIMAR
BREIÐABÓLSSTAÐUR
LITLALAND

Helztu heimildarmenn:

Vindheimar og Breiðabólsstaður

Sæmundur E. Ólafsson f. 7/4 1899, á Breiðabólsstað. Ólst þar upp og var þar og á Vindheimum lengi, einnig nokkuð á Hlíðarenda. Hann er vel kunnugur og glöggur á örnefnin. Faðir hans, afi og langafi bjuggu á Hlíðarbæjunum. Aðalheimildarmaður. Lítið eitt aðrar heimildir, m.a. Sigrún Einarsdóttir f. 30/8 1903. Ólst upp á Breiðabólsstað fram undir fermingu. Var eftir það nokkur ár á Litlalandi. Halldór Magnússon f. 23/8 1893 á Hrauni. Bjó á Vindheimum um 30 ár.

Litlaland

Arndís Jónsdóttir f. 15/2 1894 á Hlíðarenda. Ólst þar upp. Sæmundur E. Ólafsson, áður talinn. Sigrún Einarsdóttir, áður talin. – Árni J. Einarsson f. 23/7 1902, var nokkur ár smali á Hlíðarenda.

Örnefnasöfnun:

Eiríkur Einarsson

Lauslegt riss eftir AMS-kortblaði 1612 I:


Ingólfur Einarsson

1968


Viðauki III: Minjakort


Við kortagerð voru notaðar loftmyndir frá Loftmyndum ehf.


Yfirlitskort: Minjastaðir á skráningarsvæðinu





Minjakort: Efri- og Ytri-Grímslækur
539023
539006
539025
539003
539024
539017
539026
539011
539018
539020
539020B
539014
539008
539005
539010
539013
539016
540012
539019
539022
540015
539021
540007
540014
540018
540009
540019
540003
540010
540013
540006
540005
540002
540017
540011
0
200
400
metrar
N


Minjakort: Breiðabólstaður og Vindheimar
N
544048
544030
544031
544055
544051
544052
544027
544047
544026
544025
544034
544035
544008
544033
544013
544049
544015
544016
544004
544017
544018
544024
544023
720004
544037
720005A
544019
544022
544036
720003b
544021
720003c
544038
544050
544039
0
500
1000
metrar


Minjakort: Breiðabólstaður II
N
544044
544045
544041
544041B
544020G
544020C
544048
544028
544029
544030
544031
544053
544055
544051
544052
0
500
1000
metrar


Minjakort: Litlaland
N
546019
546031
546033
546034B
546035
546036
546005
546028
546027
546015
546014
546012
546013
546026
546029
546009B
546009
546010
546017
546018
546030
546022
546023
0
350
700
metrar

Kort 1: Fornleifar í heimatúnum Hlíðarenda



Kort 2: Fornleifar utan heimatúna Hlíðarenda

547020A-D

547028A-B

547011

547015

Sjá Kort 1

547025

547024

720008

547029

547016

547014A-B

547014B

547012

547019A-B

720007

547021

547013

547017

0 500 1.000

metrar

Minjastaðir


Leiðir


Garðlög



Minjakort: Nes, Stóra-Leður, Erta, Bartakot og Þórðarkot
N
553005
553002
Þórðarkot
549039
549083
549046E
549046D
549046C
549046B
549046A
Bartakot
Erta
Stóra-Leður
549008
549017A
549012b
549013
549011
549020
549019
549015
549012
Nes
549004B
549004
549018
549029
549027
549022
549023
549024
0
150
300
metrar


Minjakort: Bjarnastaðir, Gata, Þorkelsgerði, Torfabær og Eima
N
557043
559b029
558006
557018
557B005
557B002
557b015
557097
557B006
557B008
Eima
559b030
557B001
557B011
558002
Torfabær
557B004
557b010
557004
557025
558016B
557019
557026
557035
558009
557012
557014
Þorkelsgerði
557017
557016A
557016C
557056
554007f
554007e
557038
557015
554007
557011
557037
557037C
557009
557013
557037D
557041
556003
558016
556013
Beggakot
554006
554006C
554006B
Gata
555005
555008
554009
556010
554031
731001
Bjarnastaðir
554010
554018
554029
554014
554017
554016
554015
554019
0
150
300
metrar



Minjakort: Selvogsheiði I
56021
560023
560004
559019
559030
55929a
55929B
559026
559034
559035
557023
557022
557B012b
557B012a
559023
549065a
549065B
554032b
554032a
557021
557b007
557b009
557b013
557b014
549040
557028
557051
557050B
557050A
559020
554038
554040
549101
554039
549056
557049
557048
549067
557046
557047
557045
557032
557044
557042
556007
549042
554036
554035
549093
549095
557029
557034
557043
558006
731004
554021
557018
554020
554031
0
500
1000
metrar


Minjakort: Selvogsheiði II
N
560024
731002
559016
559b033
560020
56021
560023
559030
55929a
55929B
559026
559034
559035
554037
557023
557022
557B012b
557B012a
554023
554022A
554022C
549065a
549065B
554032b
554032a
549034
549035
557021
557b007
557b009
557b013
557b014
549040
0
500
1000
metrar
557028
557051
557050A
557050B
554038
554040
549067



Minjakort: Selvogsheiði III
N
549090
547039
549103
549104
549044
547028
547016
547029
559016
559b033
547017
549048
549049
549076
549077
549075
549078
549074
549073
549032A
549032
549072
549096
559030
559029B
549071
549062
549059
549060
549031
549063
554037
557023
557022
554023
554022C
549065a
549065B
549033
549030
549058
549040
549067
549064
549082
549028
549091
metrar
0
1000
2000




Kort 1: Dreifing minja og landamerki á skráningarsvæðinu. Fornleifar sýndar með gulum punktum, garðlög með rauðum línum og landamerki með rauðum punktalínum. Landamerki dregin upp án ábyrgðar með hliðsjón af aðalskipulagi Ölfuss frá Landmótun.



Kort 2: Vogsósar




Kort 3: Strönd. Garðlög eru sýnd með rauðum línum, útlínur rústahóla voru mældar upp á vettvangi og eru sýndar hér með grænum lit.


N
561026
560008
560007
560006
560019
560012
560011
560009
560013
560005
560002
Hlíð
560001
560010
560003
560025
560014
560018
560022
560020
560021
560023
Hlíðarvatn
560016
560004
559019
560017
5590
55903
559026
559034
559035
0
0,5
1
km


Kort 4: Hlíð




Kort 5: Stakkavík, tún og nágrenni. Túngarður sýndur með grænu.



Kort 6: Stakkavík, öll jörðin. Grænu línurnar eru götur í svonefndum Hellum annars vegar og Mölvíkurklöppun hins vegar.



Kort 7: Minjar í Selvogsheiði



Kort 9: Helstu götur og leiðir á skráningarsvæðinu. Grænu línurnar sýna rásir eftir götur í helluhrauni sem voru raktar á vettvangi. Heilar línur tákna götur sem vitað er að sjást en punktalínur eru tilgátur um legu leiða.